# Ú R S K U R Ð U R
# Ó B Y G G Ð A N E F N D A R

**Mál nr. 1/2014**

**Landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár**

ÓBYGGÐANEFND

**11. október 2016**

## EFNISYFIRLIT


**1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD ... 5**
**2 MÁLSMEÐFERÐ ... 5**
2.1 Hlutverk óbyggðanefndar ... 5
2.2 Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, að undanskildum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli (svæði 8 vestur), tekin til umfjöllunar. ... 5
2.3 Lýstar kröfur og kynning ... 6
2.4 Mál nr. 1/2014, landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár. ... 7
**3 KRÖFUGERÐ ... 9**
3.1 Kröfur íslenska ríkisins ... 9
3.2 Kröfur Borgarbyggðar vegna Fjalllendis Hraunhrepps ... 10
3.3 Kröfur Borgarbyggðar vegna Fjalllendis Álftaneshrepps ... 11
3.4 Kröfur Borgarbyggðar vegna Fjalllendis Borgarhrepps ... 11
3.5 Kröfur Borgarbyggðar vegna Beilárheiðar ... 12
3.6 Kröfur Borgarbyggðar vegna Staðartungu ... 13
3.7 Kröfur Guðmundar F. Geirssonar vegna Ytri-Hrafnabjarga í Dalasýslu ... 13
**4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN ... 14**
4.1 Inngangur ... 14
4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar ... 14
4.3 Vettvangsferð ... 15
4.4 Skýrslutökur ... 15
**5 SAGA LANDSVÆÐA ... 15**
5.1 Landnám ... 16
5.2 Afréttir og afréttarnot ... 17
5.3 Fjalllendi Hraunhrepps ... 33
5.3.1 Aðliggjandi og tengd svæði ... 70
5.3.1.1 Hítardalur ... 70
5.3.1.2 Hróbjargarstaðir og Hítardalsvellir ... 71
5.3.1.3 Selárdalur ... 72
5.3.1.4 Ytri- og Fremri - Hrafnabjörg ... 72
5.3.1.5 Ytri – Hraundalur ... 73
5.3.1.6 Svarfhóll ... 74
5.3.1.7 Múlasel ... 74
5.3.1.8 Helgastaðir ... 75
5.3.1.9 Staðarhraun ... 76
5.3.1.10 Afréttur Álftaneshrepps ... 78
5.4 Fjalllendi Álftaneshrepps ... 78
5.4.1 Langavatnsdalur ... 81
5.4.1.1 Heimildir um byggð á Langavatnsdal ... 95
5.4.1.2 Kvígindisdalur og Hafurstaðir ... 101
5.4.2 Aðliggjandi og tengd svæði ... 110
5.4.2.1 Ytri - Hrafnabjörg ... 110
5.4.2.2 Ytri – Hraundalur ... 110
5.4.2.3 Syðri – Hraundalur ... 111
5.4.2.4 Grímsstaðir ... 112
5.4.2.5 Fjalllendi Hraunhrepps ... 112
5.4.2.6 Fjalllendi Borgarhrepps ... 113
5.4.2.7 Staðartunga ... 113
5.5 Fjalllendi Borgarhrepps ... 113

5.5.1 Hróbjargardalur og vesturhluti Fossdals ........ 117
5.5.2 Víðidalur ........ 132
5.5.3 Langavatnsdalur ........ 144
5.5.3.1 Heimildir um byggð á Langavatnsdal ........ 160
5.5.4 Aðliggjandi og tengd svæði ........ 228
5.5.4.1 Ytri-Hrafnabjörg ........ 228
5.5.4.2 Vífilsdalur ........ 229
5.5.4.3 Hvassafell ........ 230
5.5.4.4 Hraunsnef ........ 231
5.5.4.5 Brekka ........ 232
5.5.4.6 Hreðavatn ........ 232
5.5.4.7 Grísartunga ........ 233
5.5.4.8 Fjalllendi Álftaneshrepps ........ 233
5.5.4.9 Beilárheiði ........ 233
5.5.4.10 Staðartunga ........ 233
5.6 Beilárheiði ........ 233
5.6.1 Aðliggjandi og tengd svæði ........ 268
5.6.1.1 Grísartunga ........ 268
5.6.1.2 Múlakot ........ 270
5.6.1.3 Jafnaskarð ........ 270
5.6.1.4 Hreðavatn ........ 271
5.6.1.5 Fjalllendi Borgarhrepps ........ 271
5.6.1.6 Stafholtskirkja ........ 271
5.7 Staðartunga ........ 272
5.7.1 Aðliggjandi og tengd svæði ........ 294
5.7.1.1 Grísartunga ........ 294
5.7.1.2 Fjalllendi Álftaneshrepps ........ 296
5.7.1.3 Grímsstaðir ........ 297
5.7.1.4 Grenjar ........ 297
5.7.1.5 Litla-fjall ........ 298
5.7.1.6 Valbjarnarvellir I ........ 298
**6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR ........ 301**
6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði ........ 301
6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar ........ 301
6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum ........ 301
6.2 Landnám ........ 302
6.3 Fjalllendi Hraunhrepps ........ 302
6.3.1 Inngangur ........ 302
6.3.2 Sjónarmið aðila ........ 303
6.3.3 Niðurstaða ........ 305
6.3.3.1 Land norðan og vestan vatnaskila suðaustan Hítardals ........ 322
6.3.3.2 Land suðaustan vatnaskila suðaustan Hítardals ........ 332
6.4 Fjalllendi Álftaneshrepps ........ 341
6.4.1 Inngangur ........ 341
6.4.2 Sjónarmið aðila ........ 342
6.4.3 Niðurstaða ........ 344
6.4.3.1 Heimildir Hítardalskirkju og Staðarhraunskirkju um afrétt á Langavatnsdal ........ 353
6.4.3.2 Heimildir um afrétt annarra jarða á Langavatnsdal ........ 356

6.4.3.3 Heimildir um eignarréttindi Akrakirkju og Hjörseyjarkirkju á Hafursstöðum (Hafrastöðum), Kvígindisdal og Sandnesi (Sandvatnsnesi)...359
6.4.3.4 Aðrar heimildir um byggð á Langavatnsdal ................................363
6.4.3.5 Forsendur og niðurstaða ..............................................................365
6.5 Fjalllendi Borgarhrepps ..............................................................377
6.5.1 Inngangur ..............................................................377
6.5.2 Sjónarmið aðila ..............................................................377
6.5.3 Niðurstaða ..............................................................380
6.5.3.1 Hróbjargardalur og vesturhluti Fossdals......................................394
6.5.3.2 Víðidalur..............................................................400
6.5.3.2.1 Austurhluti Víðidals ..............................................................401
6.5.3.2.2 Vesturhluti Víðidals ..............................................................406
6.5.3.2.3 Niðurstaða ..............................................................410
6.5.3.3 Austurhluti Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum..410
6.5.3.3.1 Heimildir Hítardalskirkju um afrétt á Langavatnsdal ..............411
6.5.3.3.2 Heimildir um afrétt annarra jarða á austurhluta Langavatnsdals..............................................................414
6.5.3.3.3 Heimildir um réttindi Galtarholts í Réttarmúla og á Beilárvöllum ..............................................................418
6.5.3.3.4 Heimildir um eignarhald á hólmum í Langavatni ....................419
6.5.3.3.5 Heimildir um byggð á austurhluta Langavatnsdals..................421
6.5.3.3.6 Forsendur og niðurstaða ..............................................................427
6.5.3.4 Mjóidalur og vesturhluti Sátudals................................................435
6.6 Beilárheiði..............................................................438
6.6.1 Inngangur ..............................................................438
6.6.2 Sjónarmið aðila ..............................................................439
6.6.3 Niðurstaða ..............................................................441
6.7 Staðartunga ..............................................................455
6.7.1 Inngangur ..............................................................455
6.7.2 Sjónarmið aðila ..............................................................455
6.7.3 Niðurstaða ..............................................................457
6.8 Um málskostnað..............................................................467
**7 ÚRSKURÐARORÐ ..............................................................468**

**VIÐAUKI**

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum. Svæði 1–8 norður.

**FYLGISKJÖL**

I. Kort

II. Aðilaskrá

III. Skjalaskrá

# 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Þriðjudaginn 11. október 2016 er tekið fyrir mál nr. 1/2014, landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár, og í því kveðinn upp svohljóðandi

**ÚRSKURÐUR**

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður óbyggðanefndar, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon varaformaður og Hulda Árnadóttir.

Aðilar máls eru[1]:
Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.
(Andri Árnason hrl.)
Sveitarfélagið Borgarbyggð vegna fjalllendis Hraunhrepps (Hítardalsfjalllendis), Fjalllendis Álftaneshrepps (Álftaneshreppslands), Fjalllendis Borgarhrepps (Borgarhreppslands), Staðartungu og Beilárheiðar.
Guðmundur Freyr Geirsson vegna Ytri-Hrafnabjarga.
(Friðbjörn E. Garðarsson hrl.)

# 2 MÁLSMEÐFERÐ

## 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

## 2.2 Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, að undanskildum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli (svæði 8 vestur), tekin til umfjöllunar.

Með bréfi, dagsettu 21. febrúar 2008, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar svæði 8, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið níunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, tók til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar,

[1] Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II).

Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps vestan Blöndu, Húnaþings vestra, Borgarbyggðar (fyrir utan fyrrum Kolbeinsstaðahrepp), Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar. Með bréfi til fjármálaráðherra, dags. 28. október 2008, tilkynnti óbyggðanefnd að ákveðið hefði verið, að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, að skipta svæði 8 í tvennt. Landsvæði það sem til umfjöllunar er eftir þessa breytingu er nefnt Mýra- og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli (8B eða 8 vestur). Ákveðið var að fyrrum Kolbeinsstaðahreppur skyldi tilheyra svæði 9. Var sú ákvörðun tekin í kjölfar álits sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 10. október 2008. Norðurhluti hins upprunalega svæðis nefnist Norðvesturland (svæði 8A eða norður), og voru úrskurðir kveðnir upp á því svæði 19. desember 2014.

Landsvæðið Mýra- og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi ásamt Langjökli afmarkast svo:

Að norðvestan- og norðanverðu afmarkast svæðið af sveitarfélagamörkum Borgarbyggðar gagnvart austurmörkum fyrrum Kolbeinsstaðahrepps, Dalabyggð, Húnaþingi vestra og Húnavatnshreppi þar til komið er að jaðri Langjökuls. Að austan afmarkast svæðið af austur- og suðurjaðri Langjökuls þar til komið er að suðausturmörkum Borgarbyggðar. Þaðan er þeim mörkum fylgt þar til kemur að austurmörkum Hvalfjarðarsveitar sem svo er fylgt til suðvesturs og vesturs að hafi. Að vestanverðu afmarkast svæðið af hafi.

Fjármála- og efnahagsráðherra var upphaflega veittur frestur til 31. maí 2013 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á þessu svæði, væri um slíkar kröfur að ræða. Kröfulýsingafrestur fjármála- og efnahagsráðherra var fyrst framlengdur til 31. júlí 2013, síðar til 15. október sama ár og svo til 1. desember 2013. Að lokum var veittur frestur til 10. desember 2013, og með því orðið við rökstuddum beiðnum íslenska ríkisins um fresti, að teknu tilliti til stöðu gagnaöflunar vegna svæðisins.

Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Borgarbyggðar, Skorradalshrepps, Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

### 2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu bárust óbyggðanefnd þann 10. desember 2013. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 18. desember 2013, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 20. mars 2014. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var síðar framlengdur til 16. apríl 2014.

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum sýslumanna á Akranesi, Borgarnesi og Búðardal, auk sveitarfélaga á kröfusvæðum og á heimasíðu óbyggðanefndar. Þá var málið kynnt í fjölmiðlum.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumanna á Akranesi, Borgarnesi og Búðardal, frá 5. maí til og með 5. júní 2014, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 12. júní 2014. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, skrifstofu óbyggðanefndar og heimasíðu óbyggðanefndar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdarfrests.

Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, lagði fram kröfulýsingar um þjóðlendur á svæðinu í einum hluta. Á móti bárust 27 kröfulýsingar ýmissa aðila, sem sumar sköruðust eða náðu til fleiri en eins landsvæðis.

### 2.4 Mál nr. 1/2014, landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár.

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í fimm mál, þ.e. mál nr. 1/2014, landsvæði milli Hítarvatns og Fossdalsár; mál nr. 2/2014, hluti fyrrum Norðurárdalshrepps; mál nr. 3/2014, Hvítársíða, Þverárhlíð og Norðurárdalur; mál nr. 4/2014, Arnarvatnsheiði, Geitland og Langjökull og mál nr. 5/2014, fyrrum Lundarreykjadalshreppur og hluti fyrrum Hálsahrepps.

Mál nr. 1/2014 var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila þann 5. maí 2014. Farið var yfir forsögu meðferðar svæðis 8B og stöðu kynningar krafna aðila. Gerð var grein fyrir skiptingu svæðisins í mál og því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Karl Axelsson formaður, Allan V. Magnússon varaformaður og Hulda Árnadóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl til upplýsinga fyrir lögmenn, ásamt skjalaskrá, og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir tiltekin atriði af sinni hálfu og gera athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á landsvæði á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Farið var yfir væntanlegt fyrirkomulag aðalmeðferðar í málinu. Loks var íslenska ríkinu veittur frestur til að skila greinargerð í málinu.

Við aðra fyrirtöku málsins, 5. júní 2014, var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar. Við sama tækifæri var öðrum málsaðilum veittur frestur til skila á greinargerðum.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 8. júlí 2014, voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu málsmeðferðar vegna kynningar heildarkrafna. Gagnaðilum íslenska ríkisins var veittur umbeðinn viðbótarfrestur til að skila greinargerðum. Að lokum var farið yfir tilhögun fyrirhugaðrar aðalmeðferðar.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 14. ágúst 2014, voru lagðar fram greinargerðir gagnaðila íslenska ríkisins. Einnig voru lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti. Gerð var grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar.

Sá hluti aðalmeðferðar er snýr að vettvangsferð fór fram 25. ágúst 2014 en um hana vísast nánar til kafla 4.3.

Við fimmtu fyrirtöku málsins, 29. september 2014, var gerð grein fyrir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar og farið yfir sjónarmið lögmanna varðandi gagnöflun, sáttarferli og aðalmeðferð.

Við sjöttu fyrirtöku málsins, 14. október 2014, var látið reyna á sættir aðila að frumkvæði óbyggðanefndar, sbr. 15. gr. laga nr. 58/1998. Óskað var eftir afstöðu lögmanna aðila til þess hvort grundvöllur væri til að sætta málin að einhverju eða öllu leyti. Var lögmönnum boðið að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum. Ekki reyndist grundvöllur til sátta að svo stöddu. Farið var yfir stöðu gagnaöflunar óbyggðanefndar.

Við sjöundu fyrirtöku málsins, 7. nóvember 2014, tilkynnti lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins að vegna þeirra lagfæringa sem gerðar höfðu verið á kröfulínum, væri lokið aðild eigenda Helgastaða, Svarfhóls og fjalllendis Ytri-Hraundals og Syðri-Hraundals að málinu. Farið var yfir fyrirkomulag þess hluta aðalmeðferðar er sneri að skýrslutökum og málflutningi og frekari gögn voru lögð fram.

Sá hluti aðalmeðferðar er snýr að skýrslutökum og málflutningi fór fram 10. nóvember 2014. Fundað var á Hótel Hamri í Borgarnesi. Vísast nánar um það til kafla 4.4. Var málið tekið til úrskurðar að málflutningi loknum.

Málið var endurupptekið 29. ágúst 2016 og lögð fram ný gögn. Þau höfðu áður verið kynnt lögmönnum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Engar athugasemdir komu fram og ekki var talin þörf á endurflutningi málsins. Fyrir endurupptökuna hafði lögmaður íslenska ríkisins komið á framfæri leiðréttingu á texta þess hluta kröfulýsingar ríkisins er snýr að Beilárheiði. Snéri sú breyting að lagfæringu á texta kröfugerðarinnar en ekki var aukið við kröfurnar með henni. Í ljósi vatnafarsgagna frá Veðurstofu Íslands voru lögmenn upplýstir um breytta afmörkun svæðis 8B gagnvart svæði 9A til samræmis við legu vatnaskilanna að því leyti sem vatnaskilin liggja innan norðurmarkanna. Um er að ræða smávægilega tilfærslu lína.

Að því leyti sem vatnaskilin ná út fyrir afmörkun svæðisins var aftur á móti ákveðið að svæðismörkunum skyldi haldið óbreyttum, enda væri ekki hægt að stækka ágreiningssvæði á þessu stigi málsmeðferðar. Farið var yfir ósamræmi milli kröfulína málsaðila sunnan við norðausturhorn fjalllendis Hraunhrepps, milli Smjörhnjúks og Tröllakirkju. Einnig var farið yfir ósamræmi milli kröfulína málsaðila vegna landskika við norðurmörk fjalllendis Borgarhrepps, inn af Víðidal. Lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins óskaði eftir því að kröfulínur umbjóðenda hans yrðu færðar til samræmis við legu vatnaskilanna að því leyti sem þau liggja innan afmörkunar svæðis 8B hjá óbyggðanefnd. Lögmenn íslenska ríkisins gerðu ekki athugasemdir við þessar breytingar. Var málið svo tekið til úrskurðar að nýju.

Málið var endurupptekið að nýju þann 5. október 2016 og lögð voru fram ný gögn. Afmörkun svæðis 8B var breytt til samræmis við það hvernig gagnaðili íslenska ríkisins staðsetur kröfupunkt vegna Sauðahryggs á kröfulínu sinni, þ.e. punkt nr. 19 vegna Fjalllendis Álftaneshrepps og punkt nr. 4 vegna Fjalllendis Borgarhrepps. Um er að ræða smávægilega tilfærslu lína. Þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins var færð til samræmis þessa. Ákveðið var að lögmenn fengju færi á að kynna sér ný gögn sem komið hefðu fram í málinu áður en afstaða yrði tekin til þess hvort málin yrðu endurflutt.

Loks var málið tekið fyrir föstudaginn, 7. október 2016. Þar kom fram að lögmenn teldu ekki þörf á endurflutningi. Var málið því tekið til úrskurðar að nýju.

# 3 KRÖFUGERÐ[2]

## 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda. Af hálfu íslenska ríkisins er kröfum í málinu lýst í einu lagi án aðgreiningar í svæði, sem skiptist niður í smærri ágreiningssvæði á grundvelli kröfugerða gagnaðila íslenska ríkisins, eins og nánar er lýst hér á eftir. Nánar tiltekið er kröfulínum íslenska ríkisins lýst á eftirfarandi hátt:

> Upphafspunktur er við sýslumörk Hnappadalssýslu og Mýrasýslu, frá Hítará undan miðju Valfelli (1) bein lína austur yfir dalinn og eftir gjánni sem er neðan Svörtutinda suðvestan Þorsteinstungudals (733m) (2); þaðan ráða hæstu brúnir Þorsteinstungudals að sunnan og í hæsta hnúkinn norðvestur af Háleiksvatni (3); þaðan ráða hæstu eggjar suðvestur í Dagmálafjallshyrnu (4). Úr Dagmálafjallshyrnu bein lína í Háheiðarkoll (5), úr Háheiðarkolli beina

[2] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Undir rekstri málsin var því komið á framfæri vegna Svarfhóls, Fjalllendis Ytri-Hraundals og Syðri-Hraundals að áskilinn væri réttur til að koma að kröfum vegna umræddra svæða, færi svo að íslenska ríkið leiðrétti ekki kröfur sem að mati eigenda umræddra jarða næðu inn fyrir mörk þeirra. Við 7. fyrirtöku málsins tilkynnti lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins að vegna lagfæringa sem hefðu verið gerðar á kröfulínum íslenska ríkisins væri aðild eigenda umræddra jarða að málinu lokið.

línu í Grjótárós (6). Þaðan bein lína yfir Grjótárdal fast við Grjótárvatn neðanvert (7), um Rauðhálsa og yfir í múlabrún hinumegin (8), þaðan ráða hæstu brúnir inní Álftaskörð (9). Úr Álftaskörðum um norðurbrún Jafnadals og í Hrafnagil (10), það ræður svo í Sandvatn (11), en úr gilinu þar sem það kemur í vatnið bein lína í suðurhorn Lambafells (12). Úr suðurhorni Lambafells bein lína í Skarðsheiðarvað á Langá (13). Þá er Langá fylgt þar til Gljúfurá rennur í hana (14). Gljúfurá er fylgt í svonefndan Nautakrók (15), þá er Kliflæk fylgt í Seltjörn (16), þá ræður lækur eða lækjarfarvegur frá Seltjörn norður í Langavatn (17). Þá ræður Langavatn í hól einstakan sem er vestanvert við vaðið á Beilá (18), þvínæst sjónhending úr hólnum í klif eitt auðkennilegt sem vegur liggur eftir fyrir norðan Brúnavatn (19), því næst Staðarhnúksbringu og Bárðarfjallsbrúnin suður að Litluá (20), Litluá er svo fylgt í Vikravatn (21), úr Vikravatni er Skammá fylgt þar til hún rennur í Fossdalsá/Fossá (22). Fossdalsá/Fossá er fylgt í Sátugil (23), úr Sátugili í hæstu drög á Sátudal (24) að sýslumörkum við Dalasýslu (að afmörkun kröfusvæðis í norðri) (25). Að norðan er miðað við afmörkun kröfusvæðis frá síðastnefndum punkti að upphafspunkti í miðju Valfelli (1).

## 3.2 Kröfur Borgarbyggðar vegna Fjalllendis Hraunhrepps

Þess er krafist að viðurkennt verði að sveitarfélagið Borgarbyggð eigi beinan eignarrétt að svæðinu í samræmi við merkjalýsingu framlagðs landamerkjabréfs svæðisins auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða og landsvæða, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja:

> Úr punkti í Hítará á móts við mitt Valfell (pt. 1) þaðan eftir Hítará að Klifssandi (pt. 2) þaðan eftir sýslu- og sveitarfélagamörkum á tind Smjörhnjúks (pt. 3). Þaðan suður á móti sameignarlandi Fremri- og Ytri-Hrafnabjarga í Dalabyggð á vatnaskilum (pt. 4) í tjörn í Mjóadalsdrögum (pt. 5) þaðan eftir vatnaskilum í Tröllakirkju (pt. 6) og í tind Tröllakirkju (pt. 7). Þaðan á móti fjalllendi Álftaneshrepps á vatnaskilum suðvestan Tröllakirkju (pt. 8) og á móti Þrengslum (pt. 9) að Þórarinsdals á við Þrengsli (pt. 10) þaðan er ánni fylgt að Tröllkonugili (pt. 11) og þaðan í norðanvert Háleiksvatn (pt. 12) og þaðan í Grjótá við Háleiksvatn (pt. 13) og eftir ánni þar til hún rennur í Grjótárvatn (pt. 14) úr Grjótárvatni (pt. 15) beina línu í vatnaskil í Álftaskörðum (pt. 16) Þaðan liggja merkin á móti Fjalllendi Ytri-Hraundals á vatnaskilum sunnan Álftaskarða (pt. 17) allt þar til komið er að vatnaskilum norðaustan Tindaborgar (pt. 18). Þaðan á móti Svarfhóli þangað sem Grjótá fellur úr Grjótárvatni (pt. 19) og þaðan á móti Helgastöðum beina línu í Háheiðarkoll (pt. 20) og þaðan beina línu í Dagmálafjallshyrnu (pt. 21). Þaðan á móti landi Hítaardals á vatnaskilum á við Stefningardal í austanverða Svörtutindagjá (pt. 22) þaðan er gjánni fylgt í hana vestanverða (pt. 23) og þaðan beina línu að upphafspunkti.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur Sveitarfélagsins Borgarbyggðar að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

### 3.3 Kröfur Borgarbyggðar vegna Fjalllendis Álftaneshrepps

Þess er krafist að viðurkennt verði að sveitarfélagið Borgarbyggð eigi beinan eignarrétt að svæðinu í samræmi við merkjalýsingu framlagðs landamerkjabréfs svæðisins auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða og landsvæða, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja:

> Úr efsta tindi Tröllakirkju (pt. 1) á móti fjalllendi Hraunhrepps á vatnaskilum suðvestan Tröllakirkju (pt. 2) og á móti Þrengslum (pt. 3) að Þórarinsdals á við Þrengsli (pt. 4) þaðan er ánni fylgt að Tröllkonugili (pt. 5) og þaðan í norðanvert Háleiksvatn (pt. 6) og þaðan í Grjótá við Háleiksvatn (pt. 7) og eftir ánni þar til hún rennur í Grjótárvatn (pt. 8) úr Grjótárvatni (pt. 9) beina línu í vatnaskil í Álftaskörðum (pt. 10) Þaðan liggja merkin á móti Syðri-Hraundal í Hrafnagil (pt. 11) og eftir gilinu á meðan endist (pt. 12) þaðan í Sandvatn á móts við Hrafnagil (pt. 13) og þaðan í suðurhorn Lambafells (pt. 14). Þaðan á móti Grímsstöðum í Skarðsheiðarvað á Langá (pt. 15) og þaðan á móti Staðartungu eftir Langá að þeim stað sem hún fellur úr Langavatni (pt. 16). Þaðan á móti Borgarhreppslandi yfir vatnið og að þeim stað sem Langavatnsdals á fellur í vatnið (pt. 17) og þaðan er ánni fylgt þangað til Mjóadalsá fellur í hana (pt. 18) og eftir Mjóadalsá upp á Sauðahrygg (pt. 19) og þaðan á móti sameignarlandi Fremri- og Ytri-Hrafnabjarga í Dalabyggð eftir vatnaskilum á Fossamúla í upphafspunkt.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur Sveitarfélagsins Borgarbyggðar að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

### 3.4 Kröfur Borgarbyggðar vegna Fjalllendis Borgarhrepps

Þess er krafist að viðurkennt verði að sveitarfélagið Borgarbyggð eigi beinan eignarrétt að svæðinu í samræmi við merkjalýsingu framlagðs landamerkjabréfs

svæðisins auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða og landsvæða, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja:

> Frá þeim stað þar sem Langá fellur úr Langavatni (pt.1) á móti Álftaneshreppslandi yfir vatnið og að þeim stað sem Langavatnsdals á fellur í vatnið (pt. 2) og þaðan er ánni fylgt þangað til Mjóadalsá fellur í hana (pt. 3) og eftir Mjóadalsá upp á Sauðahrygg (pt. 4) og þaðan á móti sameignarlandi Fremri- og Ytri-Hrafnabjarga í Dalabyggð eftir vatnaskilum á Víðimúla (pt. 5) og vatnaskilum sunnan Hrútaborgar (pt. 6) og í punkt norðaustan Hrútagilsdraga (pt. 7). Þaðan á móti landi Vífilsdals í Dalabyggð á vatnaskilum á Rangárdalsbrúnum (pt. 8) og áfram á vatnaskilum (pt. 9 og 10) að vatnaskilum á Borgarhraunseggjum (pt. 11) og áfram á vatnaskilum norðan Sátudals (pt. 12). Þaðan á móti fjalllendi Munaðarness í drög Sátudalsdrög (pt. 13) í Hærrifossa í Fossdalsá (pt. 14) og þaðan ræður Fossdalsá á móti sameignarlandi Hvassafells I og II, Hraunsnefi, Brekku, Hreðavatni og síðan Beilá á móti Beilárheiði (pt. 15) allt að s.k. Merkjahól (pt. 16) og þaðan ræður Beilá áfram á móti Grísartungu að Lækjarfarvegi við Langavatn (pt. 17) sem ræður merkjum að upphafspunkti.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur Sveitarfélagsins Borgarbyggðar að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

### 3.5 Kröfur Borgarbyggðar vegna Beilárheiðar

Þess er krafist að viðurkennt verði að sveitarfélagið Borgarbyggð eigi beinan eignarrétt að svæðinu í samræmi við merkjalýsingu framlagðs landamerkjabréfs svæðisins auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða og landsvæða, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja:

> Á móti landi Grísartungu frá Merkjahól við Beilá (pt. 1) að Klifi (pt. 2) þaðan eftir Bárðarfjallsbrúnum (pt. 3-4) að Litluá (pt. 5) á móti Múlakoti er Litluá fylgt að Ketilgili (pt. 6) og svo áfram móti Jafnaskarði og Hreðavatni ráða Skammá og Fossdalsá að ármótum við Beilá (pt. 7) og þaðan ræður Beilá að upphafspunkti.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur Sveitarfélagsins Borgarbyggðar að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

### 3.6 Kröfur Borgarbyggðar vegna Staðartungu

Þess er krafist að viðurkennt verði að sveitarfélagið Borgarbyggð eigi beinan eignarrétt að svæðinu í samræmi við merkjalýsingu framlagðs landamerkjabréfs svæðisins auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða og landsvæða, þ.e. allt land innan eftirtalinna merkja:

> Á móti landi Grísartungu frá Merkjahól við Beilá (pt. 1) í lækjarfarveg við Langavatn (pt. 2) og þaðan í farveg lækjar milli Langavatns og Seltjarnar (pt. 3) og þaðan í lækjarfarveg norðan Seltjarnar (pt. 4) og í Seltjörn (pt. 5) þaðan í Gljúfurá við Kliflæk (pt. 6). Þaðan liggja merkin á móti Valbjarnarvöllum um Gljúfurá (pt. 7-9) uns komið er að Merkjafljóti (pt. 10). Þaðan liggja merkin móti Litla-Fjalli með Gljúfurá (pt. 11 -12) uns komið er að hólma milli Langár og Gljúfurár (pt. 13) Þaðan á móti Grenjum uns komið er að Skarðsheiðarvaði á Langá (pt. 14). Þaðan ræður Langá móti fjalllendi Álftaneshrepps þangað sem hún fellur úr Langavatni (pt. 15). Þaðan ræður á móti Borgarhreppslandi Lækjarfarvegur við Langavatn að upphafspunkti.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur Sveitarfélagsins Borgarbyggðar að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

### 3.7 Kröfur Guðmundar F. Geirssonar vegna Ytri-Hrafnabjarga í Dalasýslu

Þess er krafist að viðurkennt verði að eigandi Ytri-Hrafnabjarga eigi rétt til beitar og hefðbundinna afréttarnota í Langavatnsdal, hvort tveggja í Álftaneshreppslandi og Borgarneshreppslandi.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

# 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

## 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1−15 ásamt undirskjölum eða samtals 524 skjöl, auk 22 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

## 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmönnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar, sagnfræðings, Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmenn um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni, skjal nr. 2. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

## 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins mánudaginn 25. ágúst 2014 í fylgd með lögmönnum aðila og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt voru með í för fulltrúar frá Þjóðskjalasafni Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Ekið var frá Borgarnesi, í góðu skyggni, eftir vegi nr. 54 (Snæfellsnesvegur) og að vegi nr. 539 (Hítardalsvegur) áleiðis að Hítarvatni. Numið var staðar við afréttargirðingu við Valfell og lega þjóðlendukröfulínu skoðuð. Staðsetning Svörtutinda og Dagmálafjalls var einnig skoðuð. Ekið var inn dalinn og austur fyrir fjallið Hólma að Hítarvatni og litið inn í Þórarinsdal og Þorsteinstungudal. Ekið var vestur fyrir Hólma að Hítarvatni þar sem Hítará rennur úr því og litið yfir kröfusvæðið og legu þjóðlendukröfulínu íslenska ríkisins í ágætu skyggni. Ekið var til baka inn á veg nr. 54 og norður veg nr. 535 (Grímsstaðavegur) og inn að Sandvatni í litlu skyggni. Litið var yfir Staðartungu og sást til Álftaskarða og lega þjóðlendukröfulínu ríkisins á milli punkta nr. 9−16 skoðuð. Ekið var áfram til norðurs og farið yfir Langavatnsmúla í slæmu skyggni og komið niður í Langavatnsdal þar sem sást áleiðis inn Hafradal og Langavatnsdal sem er víður dalur með flóa og mýrum og vel gróinn. Ekinn var slóði til suðurs, vestur undir Réttarmúla austan við Langavatn. Þaðan sást yfir á Staðartungu og Beilárheiði. Farið var eftir vegi nr. 553 (Langavatnsvegur) niður á veg nr. 1 (Hringvegur) hjá Svignaskarði og í Baulu þar sem ferð lauk.

## 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Sigurjón Jóhannsson, bóndi á Valbjarnarvöllum; Árni Guðmundsson frá Beilanda; Jóhannes Magnús Þórðarson, Krossnesi; Svanur Pálsson, Álftártungu, og Finnbogi Leifsson, Hítardal.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

# 5 SAGA LANDSVÆÐA

Hér verður í fyrstu greint frá elstu ritheimildum um landnám á svæði því sem til umfjöllunar er. Því næst verða raktar heimildir um einstök landsvæði sem þjóðlendukröfur íslenska ríkisins í máli þessu ná til, að því leyti sem þær fjalla um afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Þar á eftir verður fjallað um jarðir og önnur landsvæði sem tengjast ágreiningssvæðunum vegna legu sinnar eða réttinda. Er þar að mestu fylgt tímaröð.

## 5.1 Landnám

Um landnám í Hítardal segir í Landnámu:

> Þórhaddr, son Steins mjǫksiglanda Vígbjóðssonar, Bǫðmóðssonar ór búlkarúmi, hann nam Hítardal til Grjótár et syðra, en et ytra til Kaldár ok á milli Hítár og Kaldár til sjóvar;
>
> fyrir sunnan og fyrir norðan allt milli Hvítár og Kaldár til sjávar.[3]

Um landnám í Langavatnsdal segir í Sturlubók Landnámu:

> Bersi goðlauss hét maðr, son Bálka Blæingssonar ór Hrútafirði; hann nam Langavatnsdal allan ok bjó þar. Hans systir var Geirbjorg, er átti Þorgeirr í Tungufelli; þeira son var Vélifr enn gamli. Bersli goðlauss fékk Þórdísar, dóttur Þórhadds ór Hítardal, ok tók með henni Hólmslond; þeirra son var Arngeirr, faðir Bjarnar Hítdælakappa.[4]

Í Hauksbók Landnámu segir einnig:

> Bálki hét maðr, son Blæings Sótasonar af Sótanesi; hann barðis á mót Haraldi konungi í Hafrsfirði; hann fór því til Íslands oK nam Hrútafjorð allan og bjó í Bæ. Hans son var Bersi goðlauss, er nam Langavatnsdal ok bjó á Torfhvalastoðum.[5]

Hraundals er getið í Landnámu. Þar segir:

> Steinólfr hét maðr, er nam Hraundal hvárntveggja allt til Grjótár at leyfi Skalla-Gríms; hann var faðir Þorleifs, er Hraundælir eru frá komnir.[6]

Í Sturlubók Landnámu segir um landnám í Vífilsdal í Dölum:

> Vífill hét leysingi Auðar; hann spurði þess Auði, hví hon gaf honum øngvan bústað sem oðrum monnum. Hon kvað þat eigi skipta, kvað hann þarf gofgan mundu þykkja, sem hann væri. Honum gaf hon Vífilsdal; þar bjó hann ok átti deilur við Horð.[7]

Grísartungu og Grímsdals er getið í Landnámu. Þar segir:

> Gríss ok Grímr hétu leysingjar Skalla-Gríms; þeim gaf hann lond uppi við fjöll, Grísi Grísartungu, en Grími Grímsdal.[8]

Jafnaskarðs og Hreðavatns er getið í Landnámu. Þar segir:

> Karl nam Karlsdal upp frá Hreðuvatni ok bjó undir Karlsfelli; hann átti land ofan til Jafnaskarðs til móts við Grím.[9]

Í *Landið og landnáma* segir um Karlsdal:

---

[3] Skjal nr. 4(111).
[4] Skjal nr. 4(111).
[5] Skjal nr. 4(111).
[6] Skjal nr. 4(111).
[7] *Íslenzk fornrit* I, Íslendingabók-Landnámabók, fyrri hluti, (1968), bls. 141.
[8] Skjal nr. 4(111).
[9] Skjal nr. 4(111).

> Karlsfell og Karlsdalur þekkjast nú ekki, en talið er víst, að dalurinn sé Fannárdalur. Neðan og vestan við hann er strýtumyndað fjall, Vikrafell, hæst á þessum slóðum. Væri eigi ólíklegt, að það væri Karlsfell.[10]

## 5.2 Afréttir og afréttarnot

Í sóknarlýsingu Hítardalssóknar, eftir séra Þorstein Hjálmarsen, frá árinu 1840 segir m.a.:

> Ad 32. *Afréttar*- eður upprekstursland brúka Hraunhreppsbúendur allir í Mýrasýslu á *Hítardalsfjalli*, kirkjunnar eign, móti borgun til Hítardalsstaðarhaldara að fornri venju og draga fé sitt í Hítardalsrétt sem er þar skammt fyrir vestan túnið; er henni sífellt við haldið og hún upphlaðin með dilkum af staðarhaldaranum.[11]

Í sóknalýsingu Borgar- og Álftanessókna, eftir séra Pál Guðmundsson á Borg, frá árinu 1840 segir m.a.:

> AD 32. *Afréttarlönd* eru hér sem almenningur brúkar: Langivatnsdalur með til liggjandi fjöllum og afdölum; hafa þar upprekstur bæði Álftanes- og Borgarhreppur sem leita hvör til sinnar réttar. Heitir sú Hraundalsrétt sem Álftaneshrepp tilheyrir, en hin Þinghólsrétt sem tilheyrir Borgarhrepp og eru báðar haldnar; sú síðarnefnda fimmtudaginn, hin föstudaginn 21 viku af sumri.[12]

Í sóknalýsingu Stafholts- og Hjarðarholtssókna, eftir séra Ólaf Pálsson, frá árinu 1853 segir m.a.:

> 8. ‹*Dalir.*› Á bak við Múla þá sem eru nefndir í 2. gr. og norðan megin Gljúfurár liggur heiðlendi lágt upp að Langavatni og byrjar þá *Langivatnsdalur* þegar vatnið tekur við og nær frá suðri til norðurs allt að Sópandaskarði er vötnum hallar til Dalasýslu. Vestanvert að dal þessum liggur Langavatnsmúli (syðst), Hafradalslok og Fossmúli (nyrst), austanvert Réttamúli (syðst), og Borgarhraunseggjar. Fyrir dalbotninum er Víðimúli. Út úr Langavatnsdal að vestan liggja afdalirnir *Hafradalur* milli Hafradalsloks og Fossmúla, og fyrir norðan Fossmúla Fossdalur inní Dalafjöll. Fyrir austan Réttarmúla liggur Hróbjargardalur (Róðsbjargardalur) og er að austanverðu við hann Moldarmúli. Fyrir austan þennan múla liggur *Fossdalur* en aðeins þessi (hin nyrðri) hlið hans liggur til Stafholtsskóknar. Á milli bæjanna Múlakots og Grísatungu liggur *Grímsdalur*; að vestanverðu við hann er heiðlendið Beilárheiði, að austan Múlakotsmúli.
>
> […]

---

[10] Skjal nr. 4(16).
[11] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 149.
[12] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 91.

31. Selstöður eiga þar ekki bæir að fráteknu Galtarholti sem á selland á Beilárvöllum austanvert við Langavatn, en það er aðeins notað til haustbeitar fyrir sauðfé. Frá Stafholti er og notuð selstaða í kirkjunnar landi Staðartungu, vestur frá Grísatungu. Frá Valbjarnarvöllum og Stórafjalli hafa og verið sel í heimalöndum , en hvernig þau eru lögð niður vita menn ekki.

32. *Afréttarlönd*. Bæir þeir allir sem eru milli Norðurár og Gljúfurár [eiga afrétt] í *Bjarnadal*, sem mestur er Stafholtskirkju land, en lítið eitt almenningur. Þar er og upprekstur nokkurra bæja í Norðurárdal. Bæirnir vestan Gljúfurár eiga afrétt á *Langavatnsdal*.

[...]

38. *Eyðijarðir* má telja: Borg[13] og *Hafursstaði* sem tjást verið hafa á Langavatnsdal […].[14]

Í sóknalýsingu Borgar- og Álftanessókna, eftir séra Þorkel Eyjólfsson á Borg, frá árinu 1873 segir m.a.:

32. gr. ‹*Afréttarlönd.*› Álftanessóknarmenn eiga Álfthreppingaafrétt inn á fjöllum sameiginlega með öðrum Álfthreppingum og sækja Hraundsalsrétt. En Borgarsóknarmenn eiga með öðrum Borghreppingum afrétt inná Langavatnsdal og Beilárheiði og sækja Þinghólsrétt.[15]

Í „reglugjörð um notkun afrjetta, rjettir, fjallskil, o.fl. í Mýrasýslu“, sem samþykkt var á fundi amtráðsins í Vesturumdæminu 11.−13. júlí 1878, er m.a. fjallað um leitarmörk. Þar segir m.a:

33. gr.

Þessi rjett [Þinghólsrjett] tilheyrir öllum jörðum í Borgarhreppi og skal því leita til hennar öll heimalönd tjeðra jarða og öll fjall-lönd þau, sem þar að liggja allt að löndum Dalamanna.

[…]

36. gr.

Þessi rjett [Hraundalsrjett] tilheyrir öllum jörðum í Álptanesshreppi, og skal leita til hennar öll heimalönd theðra jarða og öll fjall-lönd þau, er þar að liggja, allt að löndum Dalamanna og afrjettum hraunhreppinga að vestan, og Borghreppinga að sunnan.

[…]

39. gr.

[13] Þar var nýbýli fyrir tæpum mannsaldri síðan, en lagðist niður af örbirgð.
[14] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 68.
[15] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 114.

Þessi rjett [Hítardalsrjett] tilheyrir öllum jörðum í Hraunhreppi, og skal til hennar leita öll heimalönd tjeðra jarða og öll fjall-lönd þau, sem þar að liggja, allt að löndum Dalamanna að norðan. [16]

Í „reglugjörð fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar" frá 1892 er m.a. fjallað um skilgreiningu landssvæða og leitarmörk. Þar segir m.a:

4. gr.

Greining lands er þessi:

1. *Heimalönd.* Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni og er hvergi sundur skorið af annari landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aptur skipta i tvennt:

*a. Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hjer með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.

*b. Útlenda* kallast hjer sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fje, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af ábúanda þeirrar jarðar, en mörgum öðrum. Þetta á að einu við um landmiklar jarðari, er liggja við afrjett.

*2. Kirkjufjalllönd.*Svo nefnast hjer heiðarlönd eða fjalllönd, er kirkjur eiga og eru með ákveðnum ummerkjum, og geta sakir afstöðu eða annars eigi talizt heimalönd.

*3. Fjalllönd*, sem eru einstakra eign, en að öðru leyti eins ástatt með og kirkjufjalllönd.

*4. Fjarlenda* er sá hluti af landareign jarðar, er liggur innan í annara jarða heimalöndum.

*6. Afrjettur* er beitarland á heiðum eða fjöllum, eign eins eða fleiri hreppa.

[…]

55. gr.

*Borgarhreppsrjett* (nú kennd við Þinghól) til heyrir öllum jörðum í Borgarhreppi og skal leita til hennar í öllum leitum öll heimalönd þeirra jarða og fjalllönd þau, er þar liggja, allt að löndum Dalamanna.

[…]

56. gr.

*Álptaneshreppsrjett* (nú hjá Hraundal) til heyrir öllum jörðum í Álptaneshreppi, og skal leita til hennar öll heimalönd tjeðra jarða og öll

[16] Skjal nr. 4(105).

fjalllönd þau, er þar að liggja, allt að löndum Dalamanna og afrjettarlöndum Hraunhreppinga að vestan og Borghreppinga að sunnan.

[…]

57. gr.

*Hraunhreppsrjett* (nú hjá Hítardal) til heyrir öllum jörðum í Hraunhreppi, og skal til hennar leita í öllum leitum öll heimalönd þeirra jarða og fjalllönd, er þar liggja, allt að löndum Dalamanna að norðan.

[…][17]

Með bréfi dagsettu þann 29. desember árið 1919, óskaði Stjórnarráð Íslands eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem talin væru til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis.[18]

Svar sýslumanns Dalasýslu, dagsett 4. september 1920, vegna fyrirspurnar Stjórnarráðsins hljóðar svo:

> Til svars yðar heiðvirða brjefi dags. 29. des. f.á. skal þess getið að jeg hefi spurst fyrir um afrjettarlönd og almenninga hjá öllum hreppstjórum sýslunnar og samkvæmt yfirlýsingum þeirra eru engir almenningar hjer í sýslu eða afrjettarlönd sem ekki heyra lögbýli til.[19]

Svar sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, dagsett 8. júlí 1920, vegna fyrirspurnar um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hljóðar svo:

> Stjórnarráðið hefir, með brjefi dags. 29. des. f.á., beðið mig um upplýsingar um þau svæði hjer í sýslu, sem talin eru almenningar, svo og um afrjettarlönd.
>
> Jeg leyfi mjer, allra virðingarfyllst, að senda hinu háa stjórnarráði skýrslur þær er hingað hafa borist frá hreppstjórunum, en skýrslurnar frá Hraun- Álftanes- og Skorradalshreppum hefi jeg krafið hreppstjórana um og vænti að geta sent þær áður en lang líður.[20]

Svar hreppstjórans í Borgarhreppi, dagsett 26. janúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hljóðar svo:

> Með bréfi dags. 9 þ.m. hafið þér, herra sýslumaður, beðið mig um upplýsingar um „Almenninga svo og um afréttarlönd, sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða nú tilheyra nokkru lögbýli“, samkv. bréfi stjórnarráðsins, dags. 29. des. 1919.
>
> Upplýsingar þær, er ég get gefið um þetta, eru í fáum orðum þessar: Afréttarlönd þau, er hreppurinn notar nú, er Beilárheiði með hálfum

[17] Skjal nr. 4(110).
[18] Skjal nr. 4(2).
[19] Skjal nr. 4(123).
[20] Skjal nr. 4(3).

Grímsdal, Fossadalur hálfur og Hróbjargardalur allur. Land þetta var keypt var keypt af Stafholtskirkju til handa hreppnum fyrir mörgum árum síðan, og er hans eign nú. Þá er Langivatnsdalur hálfur ásamt fjalli austanvert við hann. Þetta land mun að flestu eða öllu leyti hafa einnig verið keypt til hreppsins, enda metið sem hluti af öllum jörðum í hreppnum í síðasta jarðamati og áður skoðað sem hluti jarðanna. Innan af Langavatnsdal er Víðidalur, keyptur hálfur síðastliðið ár, af Hörðudalshreppi í Dalasýslu, til handa hreppnum. Ekkert af löndum þessum hefur verið skoðað almenningar, heldur afréttarlönd.

Ennfremur hefur hreppurinn á leigu land, er nefnist Staðartunga og er eign Stafholtskirkju.

Önnur lönd en þau, er að ofan greinir, geta ekki komið hér til greina, að því er snertir Borgarhrepp. Önnur fjalllönd tilheyra einstökum jörðum og eru einstakra manna eign.

Virðingarfyllst

Jóhann Magnússon[21]

Svar hreppstjórans í Stafholtstungnahreppi, dagsett 8. febrúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hljóðar svo:

Til svars brjefi yðar herra sýslumaður d.s. 9. janúar n.l. læt jeg eigi hjá lýða að svara, þjér óskið upplýsinga um, hvort nokkrir almenningar sjeu hjer í hreppi sem ekki sje eign sjerstakra manna eða jarða og læt jeg yður hjer með vita að mjer er ekki kunnugt um að svo sje, hvorki í landi eða vatni. Það var að vísu hjer í Norðurá dálítill partur sem kallaður var Almenningur og ímsir dróu á hann, en þegar Sturlugar keiftu jarðirnar sem áttu þar lönd að, tóku þeir veiðina í sínar höndur um leið og hefur enginn neitt í móti því mælt síðan, mjer vitandi.

Þetta gefst yður hjer með til vitundar

Virðingarfyllst

Hreppstjórinn í Stafholtstungnahr.

Hjarðarholti 8. Febr. 1920

Jón Jónasson[22]

Svar hreppstjórans í Álftaneshreppi, dagsett 28. júlí 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hljóðar svo:

Bréf yðar dagsett 8. júlí s.l. hefi ég meðtekið. Leggið þér þar fyrir mig að senda yður skýrslu um almenninga og afréttarlönd. Veit ég ekki hvernig sú skýrsla ætti að vera þar, sem ég hefi ekkert skýrsluform. En um afréttarland

[21] Skjal nr. 4(4).
[22] Skjal nr. 4(5).

Álftaneshrepps veit ég það eitt, að það liggur að afréttarlandi hraunhrepps að vestan, Dalsmanna að norðan og Borghreppinga að austan.

Ekki veit ég til að neinn einstaklingur eigi tilkall til þessarar landspildu, hvorki vatns eða annars, utan séra Einar Friðgeirsson á Borg, sem telur sig eiga veiðirétt í parti af Langá, Langavatni og nokkrum parti af Langavatnsdalsá, sem rennur í Langavatn á Langavatnsdal.

Þessi umsögn mín kann að vera ófullnægjandi, verð ég því að biðja yður hr. sýslumaður að gjöra svo vel og benda mér á form fyrir skýrslu þessa.

Virðingarfyllst[23]

Svar hreppstjórans í Hraunhreppi, dagsett 31. júlí 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns um almenninga og afréttarlönd í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hljóðar svo:

Út af brjefum yðar, herra sýslumaður, dags. 9. janúar þ.á. og 8. þ.m. skal hjer með frá skýrt, að hjer í hreppi eru ekki til – að því er jeg frekast hefi til spurt – afrjettur eða nein önnur landspilda nje landsnotarjettindi, er eigi hafi að fornu og nýju tilheyrt einhverju lögbýli í hreppnum.

Virðingarfyllst

Pétur Þórðarson[24]

Í 33. gr. fjallskilareglugjörðar fyrir Mýrasýslu, dags. 2. júní 1921, er mörkum leitarsvæða lýst. Þar segir m.a.:

[…]

4. *Þinghólsrjett.* Leitarsvæði er: Öll afrjettarlönd og heimalönd tilheyrandi Borgarhreppi og Borgarneshreppi.

[…]

5. *Hraundalsrjett* Leitarsvæði er: Öll afrjettarlönd og heimalönd tilheyrandi Álftaneshreppi, svo og alt Ytra-Hraundalsland og Svarfhólsmúli í Hraunhreppi.

[…]

6. Hítardalsrjett. Leitarvæði er: Leitarsvæði er: Öll afrjettarlönd og heimalönd í Hraunhreppi, að undanskildu Ytra-Hraundalslandi og Svarfhólsmúla.[25]

Í 33. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu nr. 175/1952 er mörkum leitarsvæða lýst. Þar segir m.a.:

[…]

3. **Skarðsrétt.** Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Borgarhreppi og Borgarneshreppi.

[…]

[23] Skjal nr. 4(6).
[24] Skjal nr. 4(7).
[25] Skjal nr. 4(104).

4. **Hraundalsrétt.** Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Álftaneshreppi, svo og fjallland Ytra-Hraundals.

[…]

5. **Hítardalsrétt.** Leitarvæði er: Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd í Hraunhreppi, að undanskildu fjalllendi Ytri Hraundals.[26]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1953 segir m.a. í kafla um Borgarhrepp:

Langavatnsdalur er upprekstrarland Borghreppinga. [...] Langavatnsdalur er víðlendur og grösugur norðan vatns. Slægjulönd eru þar góð, og hefur þangað verið leitað til slægna, þegar grasleysisár hafa verið í byggð niðri. Síðast var það sumarið 1918. Inn frá Langavatnsdal ganga minni dalir, og er helztur þeirra Víðidalur. Drög hans ná norður undir Vífilsdal. Hafradalur gengur í vestur, og er örskammt milli dalbotnsins og botns Þórarinsdals, er liggur austur frá Hítarvatni.

[...]

Nautaganga var jafnan á Langavatnsdal og stóðhrossaganga. [27]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1953 segir m.a. í kafla um Hraunhrepp:

Inn frá Staðarhrauni er Hítardalur. Ekki er mér fullljóst, hvar dalurinn byrjar. Hefi ég talið, að hann nái jafnlangt fram að vestan og Fagraskógarfjall, en að austan suður móts við Múlaselsmúla.

[...]

Tveir bæir vor áður í dalnum sjálfum, innan Hítardals, og eru báðir komnir í auðn. Vestan árinnar, í Hnappadalssýslu, vor *Hróbjargarstaðir*. Fóru þeir í auðn fyrir rúmum 30 árum. *Hólmur*, sem hefur staðið undir kollgrónu móbergsfelli inn við Hítarvatn, var bær Bjarnar Hítdælakappa, en hefur farið mjög snemma í eyði. Annað bú hafði Björn *á Völlum* (áður oft nefndir Hítardalsvellir), vestan Hítarár gegnt Hítardal. Sá bær fór í eyði nokkru eftir síðustu aldamót. Sumarfagurt er inn hjá Hólmi. Hefur bærinn staðið fast vestan undir Hólminum, sem er 344 metra hátt fell, og stendur það þvert fyrir dalnum við efri ósa Hítarár. Í Hólmi er steinsteyptur leitamannaskáli, en lítið sést þar til gamalla tótta. Handan árinnar eru Hvítingshjallar. Hítarvatn er silungsvatn gott, og hefur verið þar á vatninu fuglalíf mikið, en minkur eytt því mjög. Svartbaksvarp er þar töluvert, hvannagróður í hólmum þess og blómgrasastóð. Upp frá norðurenda vatnsins eru eyrar og grundir sléttar, er litlar silungsár eða lækir renna fram um. Í hallanum upp frá sléttunni sjást rústir Tjaldbrekku, heiðarbýlis, sem byggð hélzt á í 60 ár samfleytt (fram um 1890) á síðustu öld. Þar var hinn mesti ágangur af upprekstarfénaði Hraunhreppinga.

[...]

[26] Skjal nr. 4(33).
[27] *Árbók Ferðafélags* Íslands (1953), bls. 74 - 75.

> Stærstur dala þeirra, er ganga austur í fjöllin frá Hítarvatni, er Þórarinsdalur, upp frá landsuðurhorni þess. Hann er grösugur ofan hraunsins, sem er í dalsmynninu. Gegnt honum austan fjalls er Hafradalur, er gengur í norðvestur frá Langavatnsdal. Er skammt milli dalbotnanna. Daladrög Þórarinsdals liggja langt suður með Langavatnsmúla vestan hans. Í *Foxufelli* austan Hítarvatns, sem er móbergsfjall, er Bjarnarhellir.[28]

Í 33. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu nr. 377/1975 er mörkum leitarsvæða lýst. Þar segir m.a.:

> […]
>
> 3. **Skarðsrétt.** Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Borgarhreppi og Borgarneshreppi.
>
> […]
>
> 4. **Hraundalsrétt.** Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Álftaneshreppi, svo og fjallland Ytra-Hraundals.
>
> […]
>
> 5. **Hítardalsrétt.** Leitarvæði er: Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd í Hraunhreppi, að undanskildu fjalllendi Ytri Hraundals.[29]

Að skipan dómsmálaráðuneytisins sendi sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu svar um afréttarmálefni, fjallskil o.fl, dags. 13. nóvember 1985. Í svari hans var eingöngu vísað í þær afréttarskrár sem embættið hefði undir höndum en um var að ræða annars vegar afréttarskrá um afréttarlönd í Mýrasýslu, ódags. og hins vegar skrá um afrétt Lunddæla og Andkílinga innan Lundarreykjadalshrepps eftir Ingimund Ásgeirsson, dags. 1. júní 1980.[30]

> AFRÉTTARLÖND í Mýrasýslu.
>
> ---------------------------------------
>
> Í fjallaskilareglugerð Mýrasýslu útg. 29/8. 1975 33. gr., er gerð grein fyrir þeim leitarsvæðum, sem leituð eru til hinna ýmsu safnrétta í sýslunni. Er þar talað óbeint um afréttarlönd, er leituð séu til réttanna, hverrar um sig, án þess að gerð sé nánari grein fyrir þessum svæðum, staðsetningu þeirra eða kenninöfnum. Skal nú leitast við að bæta nokkuð úr þessu, og verður um leið höfð til hliðsjón af áðurnefndri 33. grein reglugerðarinnar um röð leitarsvæða, til að auðvelda samanburð.
>
> [...]
>
> 3. <u>Brekkurétt</u>. – Norðurárdalshreppur á engin sérstök afréttarlönd, önnur en þá hlutdeild, sem hann á í afrétti Þverárréttar. Á leitarsvæði Brekkuréttar á Stafholtskirkja landsvæði milli Vesturdala og Bjarnardals, svokallaðan Múla

[28] *Árbók Ferðafélags* Íslands (1953), bls. 95 - 96.
[29] Skjal nr. 4(34).
[30] Skjal nr. 4(13).

(Staðarmúla og Brekkumúla). Beggja megin við þetta svæði, hið efra, munu leitarmörk vera óglögg og nálgast það, að verið geti um "einskis manns land" að ræða, bæði norðaustur og norðvestur af kirkjulandi Stafholtskirkju, því sem nefnt hefur verið, en sunnan sýslumarka móti Dalasýslu.

Yztatunga Stafholtstungna á réttarsókn til Brekkuréttar, en ekki er upplýst hvort fé þaðan er sérstaklega rekið í "Múlana".

4. Skarðsrétt. – Leitarsvæði hennar eru afréttarlönd, eign Borgarhrepps, sem eru 1) Staðartunga öll sunnan Langavatns, frá Langá að vestan og Gljúfurá að sunnan. 2) Langavatnsdalur, austan vatns og Langavatnsdalsár, að Mjóadalsá. Þá norðan Mjódalsár að mörkum Dalasýslu á Sópandaskarði. Að norðan ráða svo mörk Dalasýslu, uns við taka að austan lönd jarða í Norðurárdal. Er til um þetta gömul merkjaskrá, án dagsetningar og undirskriftar, en með áritun sr. Einars Friðgeirssonar á Borg, um að hún sé gerð af Jóhannesi fyr á Gufuá. Samkv. þessari skrá liggja mörkin "eins og vötnum hallar suður svonefnt Sléttafjall alt að fyrstu upptökum Sátudalsár sem er upp af Fossdal, þá ræður Sátudalsá ofan fyrir hærri fossa svonefnda, svo Fossdalsá eptir að þær koma saman alt til Skammár. Svo ræður Skammá í Vikravatn, þá Vikravatn að Lambafelli. Þaðan eru landamerki eptir Grímsdal alt að landamerkjum Grísatungu, svo ráða þau merkjum vestur að Beilárósi".

Ennfremur á Borgarhreppur jörðina Tandrasel, sem hreppurinn notar fyrir afréttarland.

5. Hraundalsrétt. – Álftaneshreppur á afréttarland á innanverðum Hraundal og á Langavatnsdal, vestan vatns og áa, samhliða leitarmörkum Borgarhrepps að austan. Er óvíst að leitarsvæði Álfthreppinga nái að sýslumörkum Dalasýslu að norðan, því svo virðist sem lönd Hraunhrepps og Borgarhrepps nái saman á Mjóadal. En afréttarlönd Álftaneshrepps liggja að afréttarlöndum Hraunhrepps allt suður að Álftaskörðum við Grjótárdal. – Að sunnan afmarkast afrettarlönd Álftaneshrepps af heimalöndum jarðanna Ytri-Hraundals í Hraunhreppi og Syðri-Hraundals í Álftaneshreppi.

6. Hítardalsrétt. – Hraunhreppur á afréttarlönd á Hítardal innanverðum, að vestan móti löndum Kolbeinsstaðahrepps frá Klifssandi, inn Vatnshlíðareggjar að mörkum Dalasýslu. Þá ráða mörk Dalasýslu eins og vötnum hallar til Þröskuldardals að norðanvestan og svo austur svonefndan Svínbjúg til Mjódals. Að austan ráða leitarmörk Álftaneshrepps að því er virðist eins og vötnum hallar á hálendinu frá Tröllakirkju, fyrir botn Þórarinsdals og austan Háleiksvatn til Grjótárdals.

Að öðru leiti liggja afréttarlönd Hraunhrepps að heimalöndum í Hraunhreppi.[31]

[31] Skjal nr. 4(13).

Þann 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum á Íslandi bréf og spurðist fyrir um upprekstrarrétt og afrétti sveitarfélaga o.fl. þar að lútandi. Óskað var upplýsinga um eftirfarandi:

> 1. Eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstrarrétt í einhvern afrétt?
>
> 2. Hvað nefnist sá afréttur?
>
> 3. Hvar liggja mörk hans?
>
> 4. Eiga íbúar annarra sveitarfélga upprekstrarrétt í sama afrétt?
>
> 5. Hvaða svetiarfélög eru það?
>
> 6. Hafa sveitarfélögin komið sér saman um, til hvaða sveitarfélags afrétturinn skuli teljast?[32]

Svar oddvita Hraunhrepps, dagsett 11. mars 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt hljóðar svo:

> Svar við bréfi ráðuneytisins dags. 20. febr. 1989 varðandi afrétti.
>
> 1. sp. svar, já
>
> 2. sp. svar: Afréttur Hraunhrepps.
>
> 3. sp. svar: Sjá meðf. ljósrit af landamerkjabréfi fyrir
>
> afréttarlandi Hraunhrepps.
>
> 4. sp. svar: nei
>
> F.h. hreppsnefndar hraunhrepps.
>
> Guðmundur Brynjúlfsson.[33]

Svar bæjarstjóra Borgarnesbæjar, dagsett 24. maí 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt hljóðar svo:

> Borgarnesbær hefur rétt á að reka 300 fjár á afrétti Borgarhrepps samkvæmt samningi á milli sveitarfélaganna frá 13. apríl 1917.
>
> Hreppsnefnd Borgarhrepps leggur á fjallskil og hefur með höndum umsjón afréttarins en Borgarnesbær greiðir fjallskil og/eða leggur til vinnuframlag á hverju ári.
>
> Virðingarfyllst
>
> Óli Jón Gunnarsson
>
> bæjarstjóri.[34]

Svar oddvita Borgarhrepps, dagsett 6. nóvember 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstrarrétt hljóðar svo:

> Sp. 1. Já

---

[32] Skjal nr. 4(8).
[33] Skjal nr. 4(11).
[34] Skjal nr. 4(9).

" 2. Borgarhreppsafréttur

" 3. Eins og meðfylgjandi kort sýnir. Dregin hefur verið rauð breið lína umkverfis afréttarlandið.

Afréttarlandið er í eigu Borgarhrepps að undanskildu landi Grísatungu, sem er í eigu ríkisins, en Borgarhreppur hefur landið á leigu.

" 4. Já

" 5. Borgarnesbær hefur upprekstrarrétt fyrir þrjú hundruð fjár, sem er frá þeim tíma, er þrjár jarðir er voru í Borgarhreppi, voru sameinaðar Borgarneshreppi.

" 6. Ekki hefur verið ágreiningur milli Borgarnesbæjar og Borgarhrepps þar um.

Hins vegar hefur Borgarhreppsafréttur verið talin til Stafholtstungnahrepps, og er það ósk hreppsnefndar Borgarhrepps, að félagsmálaráðuneytið skeri úr því álitaefni.

F.h. hreppsnefndar Borgarhrepps

Sigurjón Jóhannsson

Oddviti Borgarhrepps[35]

Í 32. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Mýrasýslu, nr. 360/1992, er mörkum leitarsvæða lýst. Þar segir m.a.:

[…]

4. *Skarðsrétt*. Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Borgarhreppi og Borgarneshreppi.

[…]

5. *Grímsstaðarétt.* Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og ehimalönd tilheyrandi Álftaneshreppi, svo og fjalllendi Ytri-Hraundals.

[…]

6. *Hítardalsrétt.* Leitarvæði er: Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd í Hraunhreppi, að undanskildu fjalllendi Ytri Hraundals.[36]

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar* III frá árinu 1993 segir eftirfarandi um afrétt Hraunhreppinga:

*Afréttur Hraunhreppinga*

Afréttur Hraunhreppinga er fjalllendið upp af byggðinni, umhverfis Hítarvatn að austan og sunnan þess að Háleiksvatni (Háleggsvatni) og Grjótárvatni. Í grófum dráttum eru útmörk hans þessi [...].

[35] Skjal nr. 4(10).
[36] Skjal nr. 4(97).

Að vestan eru merki á móti jörðunum Hróbjargarstöðum í Hítardal, Heggsstöðum og Hafursstöðum í Hnappadal. Hítará ræður merkjum frá Valfelli að Klifssandi, þá eru merki í norðausturbrúnir Klifssands. Síðan eru þau á hæstu brúnum fjallgarðsins eins og vötnum hallar, um Geirhnúk í suðurhorn Hvolafjalls.

Þá taka við merki á móti jörðunum Selárdal, Ytri-Hrafnabjörgum og Fremri-Hrafnabjörgum í Hörðudalshreppi í Dalasýslu, sem eru norðan afréttarins. Merkin eru frá suðurhorni Hvolafjalls um há fjallgarðinn eins og vötnum hallar í Smjörhnúka, þar sem þau beygja til suðurs í Tröllakirkju.

Að austan liggur afréttur Hraunhreppinga að afréttarlandi Álfthreppinga. Merki milli afréttanna liggja frá Tröllakirkju suður fjallgarðinn, sunnan við Smjörhnúk, síðan um botn Þórarinsdals í norðausturhorn Háleiksvatns. Þá ræður vatnið að ósi Grjótár og síðan Grjótá og Grjótárvatn. Úr austurenda Grjótárvatns eru merkin til austurs í Álftaskörð.

Að sunnan og vestan eru merki á móti heimalöndum Svarfhóls, Helgastaða og Hítardals. Merkin liggja frá Álftaskörðum í norðurbrún Svarfhólsmúla gegnt Rauðhálsum. Þaðan þvert yfir Grjótárdal, um Rauðhálsa, rétt sunnan suðurenda Grjótárvatns, í Háheiðarkoll og þaðan í Dagmálafjallshyrnu. Þaðan ráða hæstu eggjar norðaustur í hæsta hnúkinn norðvestur af Háleiksvatni og þaðan í hæstu bungu suðvestan Þorsteinstungudals. Þaðan eru merki í gjá, Fjártapagjá, sem er neðan Svörtutinda, og síðan ræður gjáin og bein lína frá henni yfir þveran Hítardalinn í Hítará undan miðju Valfelli.

[...]

Nokkur hlunnindi af veiði fylgja afréttinum, og er þar fyrst og fremst um að ræða veiði í Hítarvatni, sem er gott veiðivatn. Laxveiðivon er einnig í Hítará fyrir landi afréttarins, eftir að fiskvegur var byggður við Kattarfoss hjá Grettisbæli.

Háleiksvatn og Grjótárvatn hafa verið fisklaus, en unnið hefur verið að því að koma fiski í Grjótárvatn, en ósýnt er um, hvern árangur það ber.

Hraunhreppur keypti fjalllendi Hítardals af Kirkjujarðasjóði árið 1919.[37]

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar* III frá árinu 1993 segir eftirfarandi um afrétt Borgarhrepps:

*Afréttur Borgarhrepps*

Afréttur Borgarhrepps er norðan marka hreppsins, í Stafholtstungnahreppi, en hann er um 18 km löng og 6 km breið landspilda, sem hreppurinn á og nýtir til sumarbeitar. Syðst er Staðartunga, norður af Merkjafljóti í Gljúfurá. Staðartunga er allmikið landsvæði milli Gljúfurár í suðri og Langavatns í

[37] *Byggðir Borgarfjarðar III*, Mýrasýsla og Borgarnes, bls. 389 – 393. Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1993.

norðri. Að vestan takmarkast hún af Langá, en að austan mætir hún landi Grísartungu um Seldal, sem er lægðarslakki eða grunnt dalverpi vestan við Staðarhnúk. Staðartungan er hálendisbunga, og er hæsti hluti hennar um 330 m y.s., röskum 100 hærra en vatnsborð Langavatns. Landið er hvergi mjög bratt og hallar nokkurn veginn jafnt til allra átta. Neðan til er það vel gróið, og skiptast þar á lyngmóar og grasgeirar, en hið efra eru lítt grónir melar. Í seldal er nokkurt votlendi, brokmýrar og smá tjarnir.

Áður átti Stafholtskirkja Staðartungu en Svignaskarð „Víðidal hálfan allan“, eins og segi í gömlum skjölum, en Víðidalur er innst á afréttinum. Með samningi dagsettum 20. mars 1937 milli þáverandi eiganda Svignaskarðs, Guðmundar Daníelssonar, og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins höfðu þessir aðilar makaskipti á eignum, þannig eignaðist Guðmundur Staðartunguna. Guðmundur leigði síðan Borgarhreppi Staðartungu sem afrétt og gaf hreppunum hana jafnframt eftir sinn dag.

Austan Seldals tekur við land eyðibýlisins Grísartungu. Grísartunga fór í eyði árið 1937. Jarðeignadeild ríkisins á jörðina, og hefur hún um mörk undangengin ár leigt Borgarhreppi landið til upprekstrar. Land Grísartungu er töluvert mikið að flatarmál. Að norðan nær það til Langavatns og Beylár á skömmum kafla við vatnið. Að norðaustan eru landamerki á móti hinum eiginlega Borghreppingaafrétti um Beylá og línu frá henni norðanvert við Brúnavatn í Litluá í Grímsdal. Þá eru merki um Litluá að ármótum hennar og Gljúfurár.

[…]

Þar norður af er Langavatn, sem er um 5 $km^2$ að stærð, en það myndaðist, er hraun féll niður Kvígindisdal á afrétti Álftaneshrepps og hefti framrás vatna framan við dalinn. Þar fellur nú Langá úr vatninu. Tvær ár falla í Langavatn. Beylá fellur í það suðaustanvert, en upptök hennar eru í Suðurdölum, sem síður getur. Hún fellur að hluta í þröngum farvegi, en næst Langavatni kvíslast hún um flatlenda Beylárvellina. Áin getur orðið að stórfljóti í vatnavöxtum.

Langavatnsdalsá fellur um Langavatnsdal í Langavatn norðanvert. Í hana falla nokkrar ár, Hafradalsá, Fossdalsá og Mjóadalsá úr vestri, en Víðidalsá og fjölmargir lækir úr austri. Víðidalsá kemur úr Víðidal, sem gengur norðaustur úr Langavatnsdal. Dalir þessir eru umgirtir háum fjöllum. Vestan Víðidals er Víðimúli (673 m) en austan hans Borgarhraunseggjar, sem eru tignarlegur fjallgarður (713 m y.s.) með hamrabeltum og hrikalegum giljum. Suður af Borgarhraunseggjum lækkar landið verulega. Þar heitir Réttamúlí (512 m), og liggur hann með Langavatni austanverðu.

Austan Borgarhraunseggja eru svonefndir Suðurdalir. Hróbjargardalur er vestastur og næstur Borgarhraunseggjum, síðan Mjóidalur, en Moldarmúli (714 m) á milli þeirra. Syðstur er Sátudalur, sem er grunnt dalverpi. Sátudalsmúli (729 m) liggur á milli Mjóadals og Sátudals. Austan Sátudals er

Sáta (741 m), útvörður afréttarins í austri, en hún sést víða að úr Borgarfjarðarhéraði.

Í mynni Sátudals fellur á í háum og fögrum fossi fram af stuðlabergshömrum. Nokkru neðar sameinast áin Mjóadalsá, sem einnig prýðist fossum skammt ofan ármótanna. Þar suður af tekur við víður og grösugur dalur, Fossdalur, og dregur áin þar nafn af honum og nefnist Fossdalsá. Syðst í dalnum er Vikravatn, allstórt vatn norðan undir Vikrafelli (539 m). Úr Vikravatni fellur Skammá í Fossdalsá, sem sameinast Hróbjargardalsá nokkru neðar og heitir Beylá þaðan í frá, en hún fellur í Langavatn, eins og áður var lýst.

Á milli Beylár og Vikrafells er Beylárheiði (382 m). Á milli hennar og Staðarhnúks er votlendissvæði með mörgum tjörnum. Suður af Beylárheiði er Bárðarfjall (352 m). Á milli Beylárheiðar og Vikrafjalls og austan Bárðarfjalls liggur Grímsdalur. Um hann fellur Litlaá til suðurs í Gljúfurá sunnan undir Bárðarfjalli. Þar er eyðibýlið Grísartunga sunnan í Bárðarfjalli. Í Grímsdal eru þrjú gil, sem bera nöfn. Nyrst þeirra og mest er Lambafellsgil sunnan undir Lambafelli, sem er ávöl hæð (374 m) suðvestan við Vikravatn. Sunnar eru Arnarholtsgil og Ketilsgil.

Sunnan undir Réttamúla við Langavatn er fjallhús Borghreppinga. Áður höfðu leitarmenn náttstað í Tjaldbrekkum, sem eru á mótum Langavatnsdals og Víðidals.[…]

Mörk afréttarins með Staðartungu eru sem hér segir: Frá ármótum Langár og Gljúfurár ræður Langá og síðan Langavatn og þá Langavatnsdalsá, þar til Mjóadalsá fellur í hana. Mjóadalsá ræður síðan merkjum upp að Sauðahrygg. Þaðan eru merki sjónhending upp á hæstu trumbuna á Víðimúla. Þaðan eftir háeggjum yfir efstu drög Víðidals, síðan eins og vötnum hallar frá há fjalli suður á hæstu drög í Sátudal. Þá ræður Sátugil niður í Fossdal, þá Fossá niður að Skammá, síðan Skammá í Vikravatn og Vikravatn að Lambafelli. Frá Vikravatni í Litluá ræður lautin milli Vikrafells og Lambafells. Þá ræður Litlaá, þar til hún fellur í Gljúfurá, og úr því Gljúfurá upp að ármótum móti Langá.

[…][38]

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar* III frá árinu 1993 segir eftirfarandi um afrétt Álftaneshrepps:

*Afréttur Áfltaneshrepps*

Afrétturinn er nokkuð víðáttumikið fjalllendi upp af sveitinni til norðausturs, og nær hann allt inn á mörk Mýra- og Dalasýslna. Aðliggjandi afréttir eru fjalllendi Borgarhrepps, Hörðudalshrepps (Dalasýslu) og Hraunhrepps.

[38] *Byggðir Borgarfjarðar III*, Mýrasýsla og Borgarnes, bls. 380 – 383. Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1993.

Mörk afréttarins eru samkvæmt landamerkjabók Mýrasýslu, svo sem hér fer á eftir.

Móti löndum Dalamanna: Merkin byrja á Sauðahrygg, sem er klettahryggur fast við Mjóadalsá við austurhornið á Fossmúla, og liggja eftir hryggnum og hæstu brúnum Fossmúla alla leið að norðurhorni Oks (Tröllakirkju).

Móti löndum Hraunhreppinga: Úr Tröllakirkju (Oki hjá Álfthreppingum), suðaustan Smjörhnjúks (hjá Þórarinsdal), nálægt þrengslum Þórarinsdalsbotna, suðaustan við Moldarmúla, vestan við sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni og í austurhornið á vatninu, þá ræður vatnið og úr því Grjótá austan Kúfuasands niður í Grjótárvatn. Úr suðausturhorni vatnsins beina línu í Álftaskörð.

Móti Ytri-Hraundal og Syðri-Hraundal: Úr Álftaskörðum um norðurbrún Jafnadals og í Hrafnagil, það ræður svo í Sandvatn, en úr gilinu, þar sem það kemur í vatnið, bein lína í suðurhorn Lambfells.

Móti Grímsstöðum: Úr suðurhorni Lambafells bein lína í Skarðsheiðarvað á Langá.

Móti löndum Borghreppinga: Frá Skarðsheiðarvaði ræður Langá inn í Langavatn, þaðan ræður vatnið eisn og það nær lengst inn á Langavatnsdal. Þaðan ræður Langavatnsdalsá að gljúfrum Mjóadalsár, og þaðan ræður Mjóadalsá að fyrrnefndum Sauðahrygg.

Árið 1929 bætti hreppurinn við afréttarlandið, þegar hann seldi jörðina Ytri-Hraundal í Hraunhreppi, þá var allt fjalllendi jarðarinnar tekið undan í kaupsamningi og gert að afrétti.

[…]

Árið 1930 bætti hreppurinn við afréttinn öllu fjalllendi jarðarinnar Syðri-Hraundals, sem er eignarjörð hreppsins. Gerðist það samkvæmt byggingarbréfi fyrir jörðinni frá árinu 1926, en þar segir: „Fjallland jarðarinnar skal tekið undan jörðinni árið 1930 og gjört að afrétti frá sama tíma“.

[...]

Afréttarlandið nær að sýslumörkum Mýra- og Dalasýslna eins og áður segir. Beitargildi telst vera í meðallagi gott. Landið skiptist í nokkra dali, víðast með háum fjallshryggjum á milli með bröttum hlíðum og klettabeltum.

Helstu dalir eru: Langavatnsdalur, er hann stærsti dalurinn með mikið, gróið flatlendi. Innst á Langavatnsdal ganga tveir krappir þverdalir til vesturs. Sá innri er Fossdalur við Fossmúla og framar Hafradalur. Hár klettahryggur er á milli þessara dala, sem kallast Trumba, þar sem hann er hæstur. Fram af Trumbu fer hryggurinn lækkandi, og heitir þar Kattarhryggur. Er gott graslendi í lághlíðum þessara dala.

Sunnan við Hafradal er Langavatnsmúli, sem er nokkuð víðáttumikið fjalllendi, vel gróið. Nær hann að Langavatnsdal og með fram Langavatni niður undir vatnsenda. Vestan Langavatnsmúla er Kvígindisdalur. Þar er mikið hraun og frekar rýrt gróðurlendi. Fyrir botni dalsins er krappur móbergshryggur með lausum sandskriðum, og kallast þessi hryggur Sandur. Handan við Sandinn er botn Þórarinsdals.

Frá mynni Kvígindisdals, framan við hraunið, tekur við gróið fjalllendi með fram Langá til suðvesturs að Sandvatni. Heitir það Sandvatnsnes. Vestan við Sandvatn tekur við hraun, sem er samfellt fram allan Hraundal. Innst á Hraundal til norðurs eru tveir opnir dalir, vel grónir, sem heita Slýdalir. Upp frá þeim liggja tveir smádalir upp í fjallið. Sá innri heitir Mjóidalur en sá neðri Jafnidalur.

Frá Kvígindisdal til vesturs, samhliða Sandvatnsnesi, Slýdölum og Hraundal, er samfelldur, nokkuð breiður og hár fjallgarður, sem nær allt fram á brúnir Svarfhólsmúla. Hæstu fjallhnúkar þar eru Gjafi (752 m y.s.), innarlega á móts við Kvígindisdal, og nokkru innar tveir hnúkar saman (748 m y.s.), sem kallast Grashnúkar (Smjörhnúkar). Fjalllendi þetta er víða gróðurlítið, mikið af klettaköstum og melum, þar til kemur á móts við dalinn Hraundal neðarlega. Þar lækkar fjallið næst dalnum, og kallast það Selfjall. Það er vel gróið og gott beitiland.

Innanvert við Álftaskörð að norðanverðu er Grjótárdalur, tilheyrir hann Álftaneshrepp að sunnanverðu við Grjótá, innanvert við Grjótárvatn. Er þar grasgefið flatlendi frá vatninu nokkuð inn með ánni og hlíðin þar upp af nokkuð vel gróin, en þegar innar kemur á dalinn, hækkar landið og gróður fer minnkandi.

Hraundalur er að mestu undirlagður af hrauni, þó eru tvö svæði vel gróin valllendisgróðri, sem ganga inn í hraunið frá hlíðinni að norðanverðu. Þessi svæði kallast Neðri- og Innrivellir.

Hlíðin að sunnanverðu í dalnum er nokkuð vel gróin, og heitir hún Sitursstaðahlíð. Þegar upp á múlann kemur taka við klettaköst og melar með mýrarsundum á milli.

Nýting afréttar og fjallskil

[...]

Eigendur og ábúendur allra bújarða í hreppnum eiga upprekstrarrétt á afrétt fyrir sauðfé og hross að svo miklu leyti, sem það takmarkast ekki af hreppsnefnd samkvæmt heimildum, sem hún hefur þar um eftir lögum.

[…]

Veiðirétt í afrétti eiga þeir sömu og upprekstrarrétt eiga. Veiðiréttur í Langavatni er röskur einn þriðji hluti á móti Borghreppingum, veiðiréttur í Langá er frá vesturbakkanum. Í Sandvatni og Slýdalstjörn á Álftaneshreppur

allan veiðirétt. Veiði þessi er nú leigð á félagslegum grunni, önnur en veiði í Sandvatni, sem er ekki leigð.[39]

## 5.3 Fjalllendi Hraunhrepps

Í máldögum Staðarhraunskirkju, frá 1185, 1354, 1397, 1439 og 1491-1518, er ekki fjallað um tengsl kirkjunnar við svæðið.[40]

Í máldaga Hítardalskirkju, árið 1354 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> HijtarDalur.
>
> Allra heilagra kyrkia j Hitardal a heimalannd allt med gognnum oc giædum. knarrarnes. tungufell. alftá. saura lannd. vollu. molldbrecku. midskog. ysta skog. Bruarhraun. haga. hraunsmula. Setuhraun. Onndurdtt nes. hellu lond ij. Reka a gomlu eýre. afreit j Lanngavatnnsdal. letorfnna skvrd j hofstada lannd. a x hesta. laxaveidi ad helmijnngi j hafsfiardara. Huolzeýiar halfar.[41]

Í Vilchinsmáldaga fyrir Hítardalskirkju frá árinu 1397 segir:

> Hitardalur.
>
> Allra heilagra kirkia j Hitardal a heimaland allt med gógnum oc giædumm. Knararnes. Tungufell. Alftta. Saura lannd. Wollu. Molldbrecku. Midskog. Ysta skog. Bruarhraun. Haga. Hraunsmvla. Setahraun. Ondurtnes. Helluland ij. reka halfann a gomlu eyri. afriett j Langavatsdal. letorfnaskurd j Hofstada land a x hesta. laxveidi ad helmingi i Hafsfiardara. Hualseyar halfar.[42]

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Hítardal, frá því um 1570 segir um eignir kirkjunnar:

> Allra heilagra kirkia i Hijtärdal ä heimaland alltt. reka hälffann ä Gømlueyre. affriett i Langavatzdal. Lietorffnaskurd i Hoffstada land ä .x. hesta. Laxveide ad helminge i Haffiardarä. Hualzeyiar hälffar med øllum giædum.
>
> Jtem allann reka ä Vigdijsarstødum.
>
> Jtem ä kirkian thessar jarder. [Hrobiargarstade.[4]) Helgastade. leigd fyrer .c. [Suarbholl leigd fyrer .c. Altarland. leigd fyrer c.[1]) [Saurar. landskylld Lxxx. alner. Krossnes leigd fyrir c. Knaranes. leigd fyrer .c. setahraun. leigd fyrer .vij. ærgillde. Hraunsmule. leigd fyrer .x. aura. Litlu skogar leigd fyrer c. [... Skogar leigd fyrer c. Molldbrecka leigd fyrer c. Veller leigd fyrer c.[3]) Hage leigd fyrer .Lxxx. alner.
>
> Jtem Aundverdanes attägillde (!)[4]) Hella leigd fyrer iijc.[5])
>
> Jtem .ij. eydikot. Arnarstapi og Gielldingaeyiar.

---

[39] *Byggðir Borgarfjarðar III*, Mýrasýsla og Borgarnes, bls. 384 – 389. Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1993.
[40] Skjöl nr. 2(54), 2(55), 2(56), 2(57) og 2(58)
[41] Skjal nr. 2(60).
[42] Skjal nr. 2(61).

Jtem ä kirkian .vj.[6]! og .xx. kyr v og .xx.[7]) äsaudar kugillde.

[...][43]

Þann 19. september 1642 vísiteraði Brynjólfur biskup Sveinsson Hítardal. Þar segir:

> [19. september 1642] Allraheilagrakyrckia I Hijtardal ä heimaland alltt med gógnum og giædum til þeirra landamerkia er Biskupinn oskar aff Sera Þordi Jonssyni ad vottud Sendist til Skalholltts Innan 12 manada ad eign edur heffdarhalldi sem og Jardanna allra, hun ä reka halfann ä gómlu eyri afriett I Langavatsdal fyrer alltt sitt gielldfie helldur Hijtardalsskrä [fyrer-Hijtardalskrä, úti á spássíu] lietorfnaskurd I Hofstadaland a 10 hesta. Laxveidi ad helmijngi I Haffiardar ä. Hualseyar halfar 30 hndr. med óllum giædum. Item allann reka ä Vigdijsarstódum. Þessar Jarder Hröbiargarstadi landsk. 1 hndr. Helgastadi landsk. 1 hndr. [strikað yfir: Svarfholl] Nu 7 ærg. Svarfhöll Landsk. 1 hndr. Alptarland landsk. 1 hndr. og 5 aurar, fyrri 1 hndr. Saurar landsk. 80 alner Krossnes landsk. 1 hndr. Nu 7 ærg. Knararnes landsk. 1 ½ hndr. og 10 vætter sólva (ef heim er flutt ad Sógn, 12 ella) Brüarhraun landsk. 1 hndr., Nu 7 ærg. Setuhraun landsk. 6 ½ ærg. Hraunsmüli landsk. 10 aurar Litlu skogar landsk. [strikað yfir: 5] 1 hndr. Nu 7 ærg. Midskögar landsk. fyrrum 8 ærg. Nu 1 hndr. Hagi landsk. 80 alner Nu 10tiju alner Molldbrecka landsk. 7 ærg. Item Aundverdarnes landsk. 8 ærg. Hella landsk. 3 hndr. Nu midur Arnarstapa og Gielldijngaeyar optast eydikot.[44]

Þann 1. september 1658 vísiteraði Brynjólfur biskup Sveinsson Staðarhraunskirkju. Í vísitasíunni eru merkjum Staðarhrauns og Hítardals lýst. Þar segir:

> Anno 1658 1 Septembris visiterud Mariu kyrkia under Hraune
>
> [...]
>
> Landamerke stadarens effter lysingu S. Jöns heitens Jönssonar sem leinge hiellt Þennan Stad og logfestu S. Halldörs Jönssonar Þar effter þesse tilgreind i millum Stadarhrauns og Hitardal rædur lækur sa sem rennur vti Kelldnä fyrer nordan allann Grensäs og nedan Valaskeid þadan rædur sionhending I þann einstaka stein sem upp under Mulanum stendur og so uppä Mulann Þar sem hann er hæstur þä rædur siönhending nordur I Þann störa Stein sem Stendur ä hlödum I ofanverdum hrisdal sem menn nu kalla Hettudal vr Steinenum rædur Siönhendjng I Häheyde vr häheyde räda hædstu fiallz eggiar framm effter ä millum Hitardals og griötärdals hvorn ad Stadarhraun ä. Sidan rædur ad Sunnann millum Stadarhrauns og Svarfhöls griötä framan undan Raudhalsum og heim i Bruarkletta, Þadan rædur Siönhending ofan i fuglstapa Þann sem nidur ä Hrauns nefenu Stendur fyrer sunnan Stadarhrauns Steck vr þeim fuglstapa siönhending ofan i Hnuka, Þadan rædur Hnuka lækur ofan i

[43] Skjal nr. 2(59).
[44] Skjal nr. 2(119) a-b.

> Melsä, Þä rædur Melsä ad nedan mille Bruarfoss og Stadarhrauns allt vti Kelldna sidan rædur Kelldnä ad vestann mille Stadarhrauns og Haga nordur i Lækiarösenn sem framm I hana kemur næst fyrer ofan gre<n>säs sem i fyrstu var nefnt, og hier effter tilseiger Biskupenn s. Halldore ad hallda medan ecke koma ónnur Sterkare Skiól er þessare lysing og lógfestu hrinde.[45]

Í prófastsvísitasíu kirkjunnar að Hítardal frá 17. maí 1694, segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Sama dag visiterud Allrah. kirkia ad Hÿtardal. Hün a heimaland allt med gógnum og giædum effter Maldógum Biskupanna. Reka halfann a Gómlu Eyre. Afriett I Längavatnsdal firer allt Sitt gielld fie Effter þui Sem gietur I visitatione Anno 1642. Huar vænst er ad þad I tak Sie Skriffad effter Hytardals Skrä. Lie torfna Skurd I HoffStadaLand a x Hesta. Lags veide ad helmynge I Hafffiardarä. Huals Eÿar halffar xxx hndr. Med ollum giædum. Item Allan Reka a Vigdÿsarstódum.[46]

Þann 20. september árið 1676 vísiteraði Þórður biskup Þorláksson Hítardal. Í vísitasíunni segir um eignir kirkjunnar:

> 20 septembris [1676] Allra heilagra kÿrkia i Hÿtardal ä Heimaland allt med gógnum og giædum Reka hälfann a Gomlueyre / Afrett i Längavatnsdal fyrer allt Sitt Gelldfie, effter þui Sem I Visitatiubok M. Brynjölfs er Skrifad effter Hytardals Skrä, Lietorfnaskurd i Hofstadaland ä 10 hesta, Laxveidi ad Helminge i Haffiardar ä, Hualseyar halfar 30 hndr. Med ollum giædum, item allann reka ä Vigdysarstódum.[47]

Í ódagsettri lögfestu fyrir Hítardal, sem þinglesin er 1697, segir m.a.:

> Eg Jon Halldórsson Lögfeste hér j dag minn Veitingar Stad Hýtardals stad, med allre Sinni Heimalands eign og giædum, Selförum og Itökum, nefnelega, gelldfiár afrett á LangaVatsdal, lietorfnaskurd I Hofstada landi a x hesta, Laxveydi ad Helfninge j Haffjardará, öllum reka á Vigdysarstödum, hálfum á Gömlu Eyre, og ollum reka fyrir öllum Hýtardal[s] kyrkju jördum eftir Visitatiu bók Hra Gysla Jónssonar Einkum Lögfeste eg allan Dalinn Hýtardal, nordan af Biug og iafngegnt bádum fiallaendum I nedanverdum Dalnum Þar med allar Hlýdir fjallanna og afdali tveim meigin Svo Lángt sem Vötnum hallar ad ádurnefndum dal. [...] Lögfeste eg tún og tödur Eyngiar og akra, Lýng og Skóga Hollt og Haga Vötn og Veidistade til fialls og fiöru Sem her greindum Hýtárdals kyrkju löndum og Landzeign filgt hafa og fylgia eiga ad réttu til þeirra ytstu ummerkja er adrir menn eiga i móte, fyrerbyd eg hverjum manne hedan af i ad Vinna edur Sier ad nýta, beyta edur brúka med olöglegum gelldpeninga upprekstrum I Hytardals kyrkiu land nema mitt sie lof edur Leyfe til ad vitni frömra manna er ord min heyra.

[45] Skjal nr. 2(133) a-b.
[46] Skjal nr. 2(172) a-b.
[47] Skjal nr. 2(120) a-b.

Þesse framanskrifud Lögfesta var uppplesen ad Hytardals kyrkju þann fyrsta Sunnudag eftir trinitatis af Sra Jóni Haldórssyni hvöriu til Stadfestu eru vor underskrifud nöfn, Sama stad og dag Sem fyrr Seiger Anno 1697.[48]

Á manntalsþingi að Lækjarbug þann 19. apríl 1699 var upplesin lögfesta fyrir Hítardal, Hróbjargarstaði, Helgastaði, Velli, Haga, Svarfhól og hálfar Hvalseyjar. Í lögfestunni segir:

Eg Jón Halldórsson Lógfesti hér í Dag minn Veitingarstad Hytardal med allri hans Heimalands Eign, Selförum og Hytardals kyrkju Itókum, nefnilega Gjeldfjár Afrétt á Langavatnsdal, Létorfnaskurdi í Hofstada Landi á tíu Hesta, Laxveidi ad hélfmíngi í Haffjardará, Reka óllum á Vigdysastódum, en hálfum á Gómlueyri, eirnin óllum Reka fyrir óllum Hytardals kyrkjujórdum. Nefnilega lógfesti eg allan dalin Hÿtardal nordan af Bjúg og jafngégnt bádum fjallaendum í nedanverdum sama Dal, þarmed allar Hlýdir Fjallanna og Afdali alla tveimmegin svo lángt sem vótnum hallar ad ádurnefndum dal; (Innan hvörra Takmarka ad eru eirninn tilteknar Landaeignir Hróbjargastada, Vallna og Helgastada Hÿtardals kyrkjujarda). Sómuleidis lógfesti eg Jórdina Haga Hytardals kyrkjueign, liggjandi í Hraun Repp og Stadarhrauns kyrkjusókn, med allri sinni Landzeign, sem er allt Landid á milli Hýtarár og Kvarnár, þar sem hún rennur fyrir sunnan allann Hagahólma, nedan frá því er greindar Ár mætast fyrir nedan Hagabæ og allt upp ad Hÿtardals Heimalandi. Hjer ad auki Lógfesti eg alla Jórdina Svarfhól, Hÿtardals kyrkjueign og svo liggjandi í Hraunhrepp og til Stadarhrauns ad kyrkjusókn med óllu hennar Heimalandi til ytstu Ummerkja, sem eru nefniliga þessi: á millum Svarfhóls og Ytrihraundals: I fyrstu skal ráda sú stóra Þúfa sem á framanverðum Svarfholsmula - edur biarginu – stendur, og á fjall upp, úr sagdri þúfu í þann Múla sem í nordur veit, og kalladur er Mýrdalsmúli. En þad nedra undan Fiallinu sjónhending úr fyrrnefndri Þúfu í þann krínglótta mel, sem er í Mýrinni, og Sjónhendíng úr Melnum í Læk þann, sem kalladur er Landamerkjalækur, þar hann sig samantekur úr Mýrinni austan til vid Svarfhólsmela,.

[...]

Lógfesti eg fyrrnefndz Hÿtardals Stadar og hérgreindra hans Jarda, Akra og Tódur, Eingjar og Úthaga Lýng og Skóga, Hollt og Haga, Vötn og Veidistadi og allar Landznytjar til fjallz og Fjöru, þær greindri Hytardals kyrkju Heimalandzeign og Lóndum fylgja eiga og fylgt hafa ad réttu til ytstu merkja, er adrir menn eiga í móti; fyrirbýd eg hvórjum manni hédan af í ad vinna, edur sér ad nýta, hvórt helldur vera kann med ólögligum gjelldnauta, gjeldfjár edur Lambaupprekstrum í optnefndri Hýtardals kyrkju Landseign, edur naudsynjalausri og skadvænligri Umgeingne, Usla og Rótagrefftri í Kyrkjunnareign í Hvalseÿum, nema mitt sé lof edur leyfi til, ad vitni gófugs

[48] Skjal nr. 2(42) a-b.

Valdzmannsins Jóns Sigurdssonar og allra Erligra Þíngmanna er nú min Ord heyra. – [49]

Þann 27. ágúst 1702 vísiteraði Jón biskup Vídalín kirkjuna í Hítardal. Þar segir:

Anno ut supra d. 27 Augusti [1702] visiterud Allra Heilagra kirkia ad Hÿtardal Hun a Heimaland allt med gógnumm og giædumm Reka halfann ä Gomlueÿre afriett i Langavatnzdal firer allt sitt gielld fie effter þvj sem i visitatiubok M. Briniolfs er skrifad effter Hÿtardalz skrä lietorfna skurd i Hofstada land ä 10 hesta Laxveide ad Helmijnge i Haffiardar ä, Hvalzeijar halfar 30 hndr. med óllum giædum item allann Reka a Vigdijsarstódum. [...].[50]

Í umfjöllun um Hítardal í Hraunhreppi í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 1709, segir:

[...]

Silúngsveiðiðvon í Hítarvatni, Hítará og smálækjum er ekki örvænt, en brúkast lítt og ei að gagni.

Eggversvon af svartbak í Hraunskerjum í Hítarvatni meinast vera, brúkast ei fyrir fjarska og erfiðis sakir.

[...]

Afrjett á Lángavatnsdal fyrir alt sitt geldfje.

[...]

Hólmur, fornt eyðiból í staðarins landi. Þar eru sýnileg byggíngarmerki, og á þeim brúkar staðarhaldarinn venjulega selstöðu, og þótt túnstæði sje mjög spilt, mætti hjer aftur byggja, þó því eins að heimastaðurinn nyti nokkurs hluta landsins eður hefði þar selstöðu, sem heitir Þórarinsdalur, og mjög erfið fyrir fjarska sakir við heimastaðinn.[51]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 1709, er m.a. vísað til Hítardalsfjalla í köflum um Mel, Álftá, Hrafnkelsstaði, Hamra, Ánastaði, og Hundastapa (Andarstapa). Þar segir um Mel:

Upprekstur á Grjótárdal fyrir góðvilja í Staðarhraunsland, en til Hítardals geldur ábúandi v fiska virði fyrir átroðníng síns fjár um rjettartímann, ut suðra um Hraundal syðra.[52]

Um Álftá segir:

---

[49] Skjal nr. 2(36), samanber einni skjal nr. 2(43) a-b.
[50] Skjal nr. 2(123) a-b.
[51] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 459–460.
[52] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 419.

Afrjett brúkar jörðin frí á Hítardalsfjöll og geldur rjettartoll ut supra.[53]

Um Hrafnkelsstaði segir:

Upprekstur brúkar jörðin ýmist á Hítardalsfjöll eður Lángavatnsmúla tollfrí, en gjalda rjettartoll til Hraundals eður Hítardals ut supra.[54]

Um Hamra segir:

Upprekstur á Hítardalsfjöll frí, en gjalda þó rjettartoll ut supra.[55]

Um Ánastaði segir:

Upprekstur á Hítardalsfjöll ut supra.[56]

Um Hundastapa, sem nokkrir kölluðu þá Andarstapa, segir:

Upprekstur ut supra á Hítardalsfjöll.[57]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 1709, yfir Hraunhrepp í Mýrasýslu er eftirfarandi fært til bókar:

Iterum nota Nota [önnur athugasemd]. Yfir alla þessa sveit, Hraunhrepp, að hún á öngvan afrjett. En um lángan tíma hefur sveitin öll rekið geldfje sitt á sumur í Staðarhraunsland og Hítardalsland, gengur so fjeð á sumur í högum, meir Hítardals en Staðarhrauns. Fáir biðja leyfis, hinir reka í ofdirfð eður óþakklæti, so sem venja er ákomin, gánga síðan að fjársafni sínu og rjetta í Hítardalslandi, gjalda þá sumir staðarhaldaranum að Hítardal lambsfóður eður fjórðúngsvirði í rjettartolls nafni, en margir alls ekki; en til Staðarhrauns fáir eður öngvir. Líða þó staðirnir báðir og jörðin Helgastaðir af þessu geldfje og fjallgöngumönnum merkilegan og skaðvænan átroðning.[58]

Í kafla um Staðarhraun í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 er meðal annars umfjöllun um Múlasel. Þar segir m. a.:

**Mulasel**, öðru nafni Mulakot, bygt í heimalandi staðarins á annari selstöðu en fyrr var getið, fyrir 15 árum. Ekki hafði þar fyrri bygd verið.

[…]

[53] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 420.
[54] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 422.
[55] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 422.
[56] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 424.
[57] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 425.
[58] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 461.

> Ekki er aldeilis misgreiníngarlaust um landamerki millum Staðarhrauns og Hítardals jarðar Helgastaða; þó hafa menn ekki haldið því til laga og brúka hverutveggi [svo] so sem nábúa samgöngur.[59]

Lögfesta fyrir Hítardal, Völlum, Hróbjargastöðum, Helgastöðum, Haga, Svarfhóli, Hvalseyum hálfum og Fíflholtum hálfum var þinglesin á manntalsþingi 3. maí 1710. Þar segir:

> Eg Jon prestur Halldorsson Lögfesti hier i dag minn Veitingarstad Hytardal med allri sinni heimalands eign Selförum Afriettum og Hýtardals kyrkiu Itökum nefnilega gielldfiár afriett á Lángavatnsdal, Lietorfnaskurde í Hofstada Landi á tiju hesta Laxveidi ad helmínge i Haffjardará, Reka öllum á Vigdysarstödum enn hálfum ad Gömlu Eyre eirninn öllum Reka fyrir öllum Hytardals kyrkju Jördum. Nefnilega Lögfesti eg allan dalinn Hytardal nordan af Biúg og jafngegnt bádum fialla endum í nedanverdum sama dal, þar med allar hlýdir fjallanna og afdali alla tveim meigin so lángt sem vötnum hallar ad adurnefndum dal innan hvörra takmarka ad eru eirnin tilteknar Landaeignir Hróbiargastada Vallna, og Helgastada, Hytardals Kyrkiujarda. [...] Jördina Svarfhól Hytardals Kyrkiu eign og svo liggiandi i Hraunhrepp og til Stadarhrauns ad Kyrkiusókn med öllu þeirrar Jardar heimalandi til ytstu ummerkia, sem eru nefnilega þessi a millum Svarfhóls og ytra Hraundals. I fyrstu skal ráda sú stóra Þúfa, sem á framanverdum Svarfhóls múla eur biarginu stendur og á fjallid upp úr sagdri þúfu. Siónhending í þann múla sem i nordur veit, og kalladur er Mýrdalsmúli. En þad nedra under fiallinu Sionhending úr fyrrnefndri þúfu í þann kringlótta mel sem er í mýrinni, og Siónhending úr melnum í Læk þann sem kalladur er Landamerkialækur þar hann sig samantekur úr mýrinni austan til vid Svarfhólsmúla, sýdan rædur Lækur sá fram í Melsá. Enn ad nordan verdu rædur Grjótá allt ofan ad Bruarklettunum, þadan rædur Siónhendíng í þúfuna fyrir sunnan Stadarhrauns Steck, þadan i Hnúkana, sydan i Hniukalæk, þá rædur Hnúkalækur allt ofan í Melsá sýdan rædur Melsá uppefter þar til Landamerkialækurinn kiemur framm í hana á móts vid Bóndahvamm. [...]
>
> Lögfesti eg fyrrnefnds Hýtardals stadar og straxgreindra Jarda akra og tödur, eyngiar og úthaga, Lýng og Skóga, hollt og haga, votn og Veidistadi og allar Landsnytiar til fialls og fjöru þær greindum Stad og Jördum fylgia eiga og fylgt hafa ad riettu, til ytstu ummerkia, er adrir menn eiga í móti. Fyrirbýd eg hverium manni hjedan af i ad vinna edur sier ad nýta nema mitt sie lof edur leyfi til.
>
> Sömuleidis fyrirbýd eg ollum bændum og búföstum mönnum í Hraunhrepp allan gieldnauta, gielldfiár, og Lamba upprekstur i Hýtardals kyrkiu land, edur nær Hytardals kyrkiu landi, en lög leyfa, um lögfest Land, ásamt usla, beit edur átrödningi í hvörn helst máta vera kann í því landi án

[59] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 456.

myns leyfis nema þeir í Hraunhrepp géti Lögliga bevýsad, ad þeir eigi med riéttu afriett edr gelldpeninga upprekstur í greindu Hytardals kyrkiu heimalandi ad vitni göfugs Valdsmannsins Jóns Sigurdssonar og allra Erligra manna er nú ord myn heyra.

Þesse Lögfesta var upplesen af Eruverdugum Prófastenum Sr Jóni Halldórssyni d. 3de May 1710 á Lækiarbugs Manntals þynge Þyngsöfnudenum áheyrande, og fram kom Eingen sá þad sama sinn mote mællte, til merkis underskrifud nöfn loco ut supra.[60]

Lögfesta fyrir Hítardal var lesin upp á manntalsþingi að Kaldárbakka þann 4. júní 1712, þar segir:

f, fyrir Hÿtardal, Helgastödum, Völlum, Hrobjargastödum, Molldbrecku, Sydre og Ytriskógum, Hraunsmúla, Brúarhrauni og Setahrauni 1712.

Eg Jón Haldórsson Lögfesti hér í dag minn Veitingarstad Hÿtardals Stad, med allri sinne Heimalands Eign og gjædum, Selförum og Itökum, nefniliga Gjeldfjár Afrétt á Lángavatnsdal, Ljetorfnaskurdi í Hofstada Lande á týu Hesta. Laxveide ad Helmínge í Haffjardará, Reka óllum á Vigdýsastódum enn hálfum á Gómlueyri, eirninn óllum Reka fyrer óllum Hÿtardals kyrkjuJórdum. - Nefnilega lógfesti eg allann dalinn Hÿtardal nordann af Bjúg og jafngégnt bádum Fiallaendum í nedanverdum sama dal, þar med allar Hlýdar Fjallanna, og Afdali alla tveimmeigenn so lángt sem Vótnum hallar ad ádurnefndum dal innan hvörra Takmarka ad eru tilteknar Landaeignir Hrobjargastada, Vallna og Helgastada Hÿtardals kyrkjujarda, og þared sumer búendur hafa á næstlidnum Sumrum Lómb sín og Gjeldfje á Kalldadal eda í Hróbjargastada búfiárhögum effterskiled, búendum á straxnefndum Hróbjargastódum og Vóllum til stórs Skada og búmissu, þá beidist eg vinsamlega, ad firnefnder búendur hér í Sveit sem so gjört hafa, afleggi þá óvenju, enn reki fie sitt i midiann Afrétt effter Lógbokarinnar ordum so eg neidest ei til frekari úrræda ad taka í gjegn slýkum óskilum. Sómuleides Lógfeste eg þessar Hytardals kyrkju Jardir, liggjandi i Kolbeinsstada Hrepp, Moldbrecku, Sydriskóga, Ytriskóga, Hraunsmúla og Brúarhraun, med óllum þeirra Jarda Heimalóndum til ydstu Ummerkja nefnilega ad Hÿtará rædur ofanfrá Grettirsbæli og þar til Reidarlækur rennur fram í hana, sídan rædur Reidarlækur allt á móts vid Krossstein þadan Sjónhendíng í Krossstein, úr Krosssteine i Vegghamraborger þadan aptur i Gardenn vid Hrauntjörn, þadan í Tóftavatn, þadan aptur í Grástein, sem stendur fyrir sunnan Kaldá, úr Grástein aptur Sjónhendíng í Kalldá, sídan rædur Kalldá til Fjalls efftir Kalldadal, allt ad sínum Upptókum, þar til er Vótnum hallar ad firrnefndum Hÿtardal. –

Lógfeste eg fyrrnefnds Hÿtardals Stadar og hérgreindra Hytardals kyrkju Jarda, akra og Tódur, Eingar og Úthaga, Líng og Skóga, Vótn og Veidistadi,

[60] Skjal nr. 2(44) a-b.

Hollt og Haga og allar Landsnytjar til Fjalls og Fjóru, þær greindum Stad og hérnefndum Jórdum fylgja eiga og fylgt hafa ad réttu ad fornu og nýu til greindra Ummerkja er adrir Menn eiga í móti. Fyrirbýd eg hverjum Manni hiedan af í ad vinna edur sérad nýta nema mitt se lof edur leife til, og af því mér kémur til Eyrna ad Gudmundur Jónsson búandi á Kalldarbacka beiti og brúki Hraunsmúla Land bædi um Sumar og vetur umfram þad Skógarhógg sem Kalldarbacka Ábúendur brúkad hafa og brúka í Hraunsmúlalandi, í stadinn fyrir Penínga beit í Kalldarbacka landi í stadinn firir Peníngabeit i Kalldárbacka Landi, enn meinest þó vid nefndri penínga beit Hraunsmúla Ábúandans edur reke til ógreida. Þá firerbýd eg hérmed straxnefndum Gudmundi Jónssyni undir fullar Lagasektir, sem vid kunna ad liggja, alla þá Peningabeit, Rekstur, Usla og Átrodning á Hraunsmúla landi, sem hann gétur ei lógliga bevýsad ad Kaldarbacka med réttu tilheyre, enn firrnefndur Skilmáli um Hrýstakid firer nedann Kaldá, istadinn firer Hraunsmúla ábúanda beit i Kalldárbacka Landi, stendur af mér óraskadur í allann máta. Sómuleides fyrerbýd eg offtneffndum Gudmunde Jónssyne ad taka af ódrum mónnum hesta edur Gjeldfie, edur leifa nockurn Gjeldfjár Upprekstur á Kalldadal nema svo hirdi og vakti effter Lógum ad ei gióre Skada og Átrodníng fyrrnefndum Hÿtardals kyrkiu Jarda Lóndum, sem næst liggja. Þessa mýna lógfestu vitna eg til Virduglegs Valdsmannsins Vigfusar Arnasonar og allra erlegra manna er ord mýn heira.[61]

Í vísitasíu Hítardalskirkju frá 13. október 1724, segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hitardalur

Allra heilagra kyrkia ad Hytardal, A heimaland Allt med gógnum og giædum, Reka halfann a GómluEire, Afriett ij Langavatnsdal fyrer allt sitt gielldfe, efter þvi sem ij Visitatiu Mag: Brinjölfs er skrifad efter Hytardals Skrä, Lietorfna Skurd ij Hofstadaland a 10 hesta, Laxveide ad helminge ij Haffiardar ä, HvalsEyar Halfar 30 hndr. med óllum giædum, Item Allann Reka A Vigdysarstódum; Þessar Jarder a Kirkiann

[...]

Þessu óllu til Merkis og meire stadfestu eru Undirskrifud Nófn ad Skälhollte d. 13 Octobris Anno 1724.

[...].[62]

Í lögfestu fyrir „Hýtardal, Hróbiargastoðum, Völlum, Haga, Helgastöðum, Svarfhóli og hálfum Hvalseyum“ sem þinglýst var 23. apríl 1731 segir:

Eg Jon prestur Halldorsson Lögfeste hier i Dag minn Veiting<arstad> Hÿtardal med allre sinne Heimalandseign, Selförum afriettum og Hytardalskyrkiu Itökum Nefnelega Gielldfiar afriett á Lángavatnsdal

[61] Skjöl nr. 2(37) og 2(88) a-b.
[62] Skjal nr. 2(124) a-b.

lietorfnaskurde i Hofstada lande á týu Hesta Laxveide ad helminge í Haffiardará reka ollum á Vigdýsarstödum enn hálfum á Gömlu Eire eirnen öllum reka fyrer öllum Hytardalskyrkiu Jördum.

Nefnelega Lögfeste eg allann dalinn Hytardal nordan af Biúg og Jafngiegnt bádum fiallaendum í nedanverdum sama dal, þar med allar hlyder fiallanna og afdale alla tveim meigen svo lángt sem vötnum hallar ad ádurnefndum dal, innan hvörra takmarka ad eru eirnen tilteknar Landa eigner Hrobiargastada, Vallna, og Helgastada, Hytardals kyrkiujarda, Sömuleides [...] Eirnen Lögfeste eg [eg, ofan línu] alla Jördena Svarfhól, Hytardals Kyrkiu eign, og so liggiande í Hraunhrepp og til Stadarhraubns ad Kyrkiusókn med öllu þeirrar Jardar Heimalande til ytstu ummerkia sem eru nefnelega þesse á millum Svarfhóls og Ytrahraundals, I fyrstu skal ráda sú stóra Þúfa sem á framanverdum Svarfholsmúla edur Bjargenu stendur og á fialled upp úr sagdre þúfu siónhending í þann Múla sem í nordur Veit og kalladur er Myrdalsmule, enn þad nedra under fiallenu, siónhendíng úr fyrrnefndre þúfu í þann Krínglótta mel sem er í Myrenne og siónhendíng úr Melnum í Læk þann sem kalladur er Landamerkialækur þar hann sig saman tekur úr Myrenne austan til vid Svarfhólsmúla sídan [-an, ofan línu] rædur sá lækur fram í Melsá, - en ad nordanverdu rædur Griótá allt ofan ad Brúarklettunum, þadann rædur siónhendíng í Þúfuna fyrer sunnan Stadarhraunssteck, þadan i Hnúkana sídan í Hnúkalæk, þa rædur Hnúkalækur allt ofan ad Melsá, sidan rædur Melsá uppefter þar til landamerkialækurenn kiemur fram í hana á móts vid Bóndahraun, hier med fyrerbýd eg bæde Johanne Sveinssyne á Mel ad beita brúka edur yrkia hier efter Svarfhóls landeign fyrer ofan melsá, edur nockurn ólöglegann penínga rekstur um hana ad hafa, sem og Svarfhóls ábúendum þettad an minnar Vitundar liá lýda edur leifa, þad sú lýdan sem þar hefur híngad til vered fyrer litla edur nærre sem öngva borgun, verdi ej ad átölulausre hefd og ískylldu. [...]– Lögfeste eg fyrrnefnds Hytardals stadar og straxgreindra jarda, akra og tödur eyngiar og úthaga, Líng og Skóga hollt og haga, Vötn og Veidestade og allar Lands Nytiar til fialls og fiöru þar greindum stad og Jördum fylgia eiga og fylgt hafa ad riettu til Ytstu ummerkia er adrer menn eiga í móte fyrer býd eg hvörium manne hiedan af j ad vinna edur sier ad nýta nema mitt sie lof edur leyfe til. – Ad vitne Virduglegs valldsmannsins Sigurdar Högnasonar og annara erlegra manna sem ord mín heira. Til merkis mitt nafn hier under med eigen hende. Jón Halldórsson.[63]

Í lögfestu fyrir Hítardal, Helgastöðum, Völlum, Hróbjargarstöðum og Hagaskógi frá árinu 1733 segir:

Eg Jon prestur Halldorsson Lögfeste hier I dag minn Veitingar Stad Hytardal, med allre hanns Heimalands Eign, og Hytardals Kyrkiu Itökum nefnelega gielldfiár afriett á Lángavatnsdal Lietorfnaskurde i Hofstadalande [...]

[63] Skjöl nr. 2(45) a-b og 2(170) a-b.

> Lögfeste eg allan dalinn Hytardal, nordan af Biúg og Jafngegnt bádum fialla endum I nedanverdum sama dal, þar med allar hlyder fiallanna og afdale alla, tveimmeiginn, so Lángt sem vötnum hallar ad ádurnefndum dal, (innan hvörra takmarka ad eru eirnen takmarkadar Landaeigner Hrobiargastada, Vallna, og Helgastada, Hytardalskyrkiu Jarda.) Lögfeste eg tödur og Eingar, Hollt og haga, Lýng og Skóga, Votn og veidestade og allar Landsnytiar til Lands og Vatns, sem straxgreindre Hytardals heima lands eign og Jördum fylgia eiga, og fylgt hafa med riettu til Ydstu ummerkia þeirra er adrer munu eiga í móte. Fyrerbyd eg hvörium manne hiedan af í ad vinna edur sier ad nýta beita edur brúka, nema mitt se lof edur leife til. Og sierilage fyrerbyd eg öllum, alla olöglega og Skadvænlega Skógaryrkiu og brúkun bæde j ádursagdre Hytardal Stadar Landeign sem og i Hytardals kyrkiu Jardarennar Haga Landeign edur I Haga Skóge, hvört heldur vera kann med raft vidar högge kolgiörd edur Heystake, nema þeim sem þar til hafa mitt tilteked lof edur leife; [...][64]

Í prófastsvísitasíu kirkjunnar að Hítardal frá 31. maí 1737, segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Hun (Kyrkiann) a Heimaland allr med gógnum og giædum reka hälfann a gómlu Eyre, afriett I Längavatnsdal fyrer allt sitt gieldfe effter þvi sem i Visitatiu Bök M. Brinjolfs er skrifad effter Hytardals Skrä, lie-Torfnaskurd i Hofstadaland a 10. Hesta, Laxveide ad helminge i Haffiardarä. Hvals Eyar hälfar 30 hndr, med óllumm giædum. Item allann reka a Vigdÿsarstódum.[65]

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, frá 1752-1757, segir m.a. um Hólm við Hítarvatn:

> Hólmur er lítið rautt fjall, sem rís upp í miðjum Hítardal. Í kringum fjallsræturnar eru fagrar engjar. Þar stóð í fornöld samnefndur bær.[66]

Í vísitasíu fyri Hítardal frá 27. maí 1759 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Hÿtardalur
>
> Dag 27 Maji [1759] Visiterud Kyrkiann ad Hytardal. Hun ä Heimaland allt med Gógnum og Giædum Reka halfann ä Gómlu Eyre, Afrett i LängaVatnsDal fyrer allt sitt gielldfe, effter þvi sem I Visitatiu Mag. Brinjolfs er skrifad, effter Hytardals Skrä. Lietorfna Skurd i hofsstada Land a 10 hesta Laxveide ad helminge i Haffiardarä. Hvals Eyar halfar 30 hndr., med ollum giædum, Item allann Reka ä Vigdÿsarstódum.
>
> Þessar jarder ä Kyrkiann
>
> [...].[67]

---

[64] Skjal nr. 2(89) a-b.
[65] Skjal nr. 2(176) a-b.
[66] *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*, I. Reykjavík 1943, bls. 56.

Í lögfestu fyrir Hítardal frá 9. apríl 1776, segir:

> Eg underskrifadur Lögfeste hier minn Veitíngar Stad Hytardals Stad, med allre sinne Heima Lands Eign, og giædum Selförum og Itökum. Enn eynkum Lögfeste eg allann dalinn Hytardal nordan af Biúg og Jafngegnt bádum Fiallaendum I nedanverdum Dalnum, Þar med allar hlýdar fiallanna og afdale Tveymmeigenn, so lángt sem vötnum hallar ad ádurgreindum Dal firerbiódande eynum og sérhvörium. Þetta áminsta Landz Pláts, ad beyta, brúka edur sier I nokkurn máta ad nyt[a] nema eg þeim þad leife. Sömuleides Lögfeste eg Hytardalskyrkiu Jörd Haga Liggiande I Stadarhrauns kyrkiu Sókn, enn sierdeyleslega Lögfeste eg allan Haga Skóg og firerbýd hvörium manne I hönum ad vinna edur höggva, nýta sier edur brúka nema mitt sie lof edur leyfe til. Bid eg þienustusamlega ædla hr. Syslumanninn Sr. Halldor Þorgrymsson þessa mína Lögfestu openberlega ad upplesa edur upplesa láta firer Riettenum á Smidiu hóls- samt Lækiarbugs-Manntalsþýngum og ad þad sama giört hafe vered med sinne uppaskrift hier ad nedann attestera, Hytardal d. 9da Aprilis 1776. Halldor Finnsson[68]

Lögfestan var þinglesin á manntalsþingum 11. og 13. apríl og 4. maí 1776.

Í lögfestu fyrir „Hýtardal og Haga, Laxveidi og Reka 1782“ frá 3. júní 1782 og þinglesin er samdægurs, segir:

> Eg Undirskrifadur Logfesti hier med minn Veitíngar stad Hýtardals stad, med allri sinni heima-land-eign og giædum, selförum og Jtökum. En einkum lögfeste eg allann Dalinn Hítardal, nordan af Biúg, og jafngegnt bádum fiallaendum í nedanverdum Dalnum, þar med allar hlydir fiallanna og afdali tveimmeigin, so lángt sem vötnum hallar ad adurgreindum Dal. Fyrir bjódandi einum og sierhverjum, þetta áminsta landspláts ad beita, brúka, edur sier i nockurn máta nýta: nema eg þeim þad leifi.
>
> Sömuleidis lögfesti eg Hýtardals kyrkiu eign allann Haga skóg og firerbýd hvörjum manni í hönum vinna edur höggva edur sier hagnýta án míns leifis. Enn sier i lagi lögfeste eg hálfa laxveidi í Haffiardará; Öll þau vogrek sem á gömlu eyri uppdrýfa og i fölge þess allra nádugasta Tracats af 4de May 1780, [...] art. tilheira kyrkju edur Beneficerudu gótsi, item allan hálfanreka á áminstri gömlueyri, Sömuleidis allan Reka i Vigdýsarstödum, sem liggur fyrir Stórahrauns eingium og landi, sudur undir Vidarhólma og svo siónhendíng fram til sióar sem skiemst er. Fyrirbýd eg einum og sierhvörium þessi kyrkjunnar Jtök og hlunnindi á nockurnveg ad nýta sier edur brúka, nema mitt sie lof edur leifi þar til, liggiandi vid fullar laga sektir, ef nockur hier á móti giörer an míns samþickis. – Hýtardal 3. Júnii 1782. Halldor Finnsson.

[67] Skjal nr. 2(126) a-b.
[68] Skjal nr. 2(90) a-b.

Upplesin fyrer manntalsþings Retti á Kaldárbacka d. 3ie Junij 1782. P. Axelson, Brandur Brandsson, Einar Eireksson.[69]

Í vísitasíu Hítardalskirkju frá 23. ágúst 1783 er gerð grein fyrir jarðeignum kirkjunnar. Þar segir:

Hýtardalur

Anno 1783 dag 23 Augusti visiterade Biskupenn Hannes Finnsson Kyrkiuna ad Hytardal. Hún á Heimaland alt med gögnumm og giædumm, Reka hálfann a gömlu Eyre, item allann Reka á Vigdisarstödum, umm hvörn nu framm vísast original Contract og Samníngur Stadarhalldarans Profastsens Sr Haldórs Finnssonar, og Sýslumannsens Sr. Haldors Jacobssonar vegna Kolbeinsstda kyrkiu af 6 Junii 1783, effter hvöriumm 1. Kyrkiunne i Hytardal tilheyrer Vigdisastada Reke allur sem Stórahrauns Land og Eingiar rada ad ofann verdu. Siónhending i Sióenn austur ad gömlu Eyre. 2. Frá sonefndumm Vidarhólma og sudur úr eiga bádar Kyrkiunnar jafnann Reka, þó er þess ad giæta ad nefndur Hólme fylger ecke Vigdisastada reka heldur er sameign Kyrknanna. 3. Hvad áhærer Vogrek á gömlu eyrar Skifftereka heyra þau til Hytardals Kyrkiu ad öllu Leite bæde effter gamalle Hefd og Kongl. placate af 4 Maji 1778 [leiðrétt úr: 1780]. Hvör Contract af Hr. Stifftamtmannenumm Thodal og Biskupe Hannese Finnssyne samþykt og stadfest er d. 16. Jul: þ.á.

Þessar Jarder á Kyrkiann: Hrobiargarstade, Helgastade, Velle, Svarfhól, Alfta á, Saura, Krossnes, Knararnes, Brúarhraun, Setuhraun, Hraunsmúla, Litluskóga, Midskóga, Haga, Moldbrecku, Öndverdarnes, Hellu, Arnarstapa og Gieldingaeyar. Enn framar á hún Afrett i Lángavatnsdal fyrer allt sitt Geldfe, Letorfna Skurd i Hofstadaland á 10 Hesta, Laxveide ad Helmínge i Haffiardará, og Hvalseyar hálfar, 30 hndr. med öllumm giædumm.[...].[70]

Í lögfestu fyrir Hítardal frá 26. mars 1790 segir um eignir kirkjunnar:

Eg underskrifadur Lögfeste hier med minn Veitingar Stad, Hytardals Stad med allre sinne heima lands Eygn og giædum, Selförum, og Itökum, En einkum Lögfeste eg allann dalinn Hytardal Nordan af Biúg og Jafngegnt bádum Fialla endum I nedanverdum Dalnum, Þar med allar Hlyder Fiallanna og afdal tveimmeigen so langt sem vötnum hallar ad adurgreind[um] Dal; Fyrerbjódande einum og sierhvörium þetta áminsta [l]andspláts, ad beyta, brúka, edur sier í nockurn máta nýta, nema eg þeim þad leife, Enn mitt leyfe fá ey þar til, neme þeir sem til betalings fyrer Átrodning og Hagbeit Peníngsins hier [i] Dalnum um Sumartýmann, taka af mier Fódur um Vetrar tým[a]nn. Giöre nockur í móte þessare minni Lögfestu og beite Pening sínunm á áminnstann Dal án minnar vitundar og Samþickes, þá legg eg vid þær frekustu lagasektir. [...]

[69] Skjal nr. 2(91) a-b.
[70] Skjal nr. 2(130) a-b.

23. Ditto sama, um somu Jörd nokkud fáordari af 1795 (innfærist ecki).[71]

Lögfestan var þinglesin á manntalsþingum 7. 8. 10. og 12. apríl 1790.[72]

Á manntalsþingi að Smiðjuhóli þann 9. apríl 1795 var upplesin lögfesta fyrir Hítardalskirkjueignum en inntaks lögfestunnar er ekki getið og hefur hún ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar og Þjóðaskjalasafns Íslands:

3°Upplesenn logfesta fyrir Hytardals Benef(icium).[...][73]

Þann 8. júní 1795 óskar séra Halldór Finnsson, prófastur í Hítardal, eftir úrskurði stiftamtmanns um réttartolla. Þar segir:

Pro Memoria!

Jafnvel þó þad sie gömul og Lögleg Venia, ad Búfaster Menn í Hraunhrepp hafe Arlega haft upprekstur, bæde fyrer Lömb sín og eldra Géldfie, híngad á Hytardals fiall, og Láted þad gánga þar frá fardögum edur Jónsmessu, þar til þeir hafa dreiged þad hier í Hytardals Riett þá 20 Vikur eru af Sumre, og golded so Réttartoll efter Fjármegne, ey eynasta efter Dilka og greida, heldur og Hagbeit og ágángs síns áminnsts fés; Samt Vildu þó nockrer Bændur gánga frá þeirre Veniu, þá soddan Upprekstur hafde ey í mörg ár brúkadur vered, vegna þess Fólk miste flest allt fé sitt first í Fiárkládanum, og sídan þá nockud var fared ad lifna, í fiárfellirnum 1784 og svo ókunnugir vóru þeir því hvad ádur vered hefdu ad allfáir vissu 1789 þá upprekstur biriadist fyrer alvöru híngad á Fiall, hvor Dilkur til hefde heirt þei[rre] edur þeirre Jördu, vildu því flester brúka þá Dilka sem nærster voru Lögriettunne: Þetta hvörutveggia ordsakade, ad Eg dag 15da September 1790 hlaut skriflega ad begiera af Hr Syslumann[inum] Gudmunde Ketilssyne, sem efter mínum tilmælum var þá ná[læg]ur hier í HytardalsRiett, ad hann vilde 1° Álíta þá Dilka, sem nefndre Riett tilheira, og fastsetia, hvörr Dilkur hvörre Jördu skylde tilheira, líka under eins seigia, hvört hier efter skylde Dilkum fiölga. 2° Úrskurda hvad miked hvör erin herefter gialda skylde í Rettatoll efter fiármegne; Enn gaf under eins til kinna, ad eg, efter billegheitum, og í tillite til gamallrar Veniu, hefde, sídan Rietter biriudu hier á ní, uppástadid, ad þeir sem ættu 20 edur 30 fiár hier í Rettum, yngra edur eldra, skyldu betala Lambsfódur, enn [enn, ofan línu; strikað yfir: og] þeir sem ættu 60 fiár og þar yfir, 2 Lambsfódur, og þeir sem ættu [60-ættu, úti á spássíu] 80 Gemling, efter gamallre veni[u] enn eyngen framar utan þeir sem ættu 1 ½ hndr. hier á fialle, og þ[ar] yfer, skyldu betala ásamt Gemling Lambsfódur. – Hvört þetta mitt paastand være riett, beidde eg Velnefndan Hra Syslumannad úrskurda, hvad hann og áminnstan Dag giörde hér í Hytardals Réttum, so sem hans uppáskrift á minn Memorial Ljósast síner: af hvörutveggia filgia Copier merktar A. Med þetta lietu Sveitar menn sier nægia, og vid þad hefur staded, þar til á sidsthölldnu Manntalsþýnge ad Lækiarbug þann 11ta Apr: þ.a., þá

[71] Skjal nr. 2(92) a-b.
[72] Skjal nr. 2(192) a-b, 2(193) a-b, 2(194) a-b og 2(195) a-b.
[73] Skjal nr. 2(203) a-b.

nockrer Sveitar bændur (af hvörium sumer vóru ey farner ad reisa bú, 1790 enn nockrer þeirra, sem þá vóru búande, áttu næsta fáar Saudkindur ad reka á Fiall) inn gáfu edur framlögdu og upplesa lietu skriflegt Skial af 4d s.m., í hvöriu (sem medfilgiande Copia, merkt B best sýner) allt synest hvad móte ödru, því first skrökva þeir uppá minn capellan og fullmegtugann, ad hann hafi uppsett þessa afriettar og Riettartolls heimtu, en géta ey um hvör Rettartollur nu sie, edur hafe vered, í Hytardals Rett heimtur; sýdan hreint afseigia ad gialda hærre Rettartoll, enn þeir siálfer tiltaka edur ákvarda en skióta þó aftur til úrlausnar: Þad má eg ráda af þessu þeirra Skrife, sem þeir álikte edur hald[a] ad venia med afrettar- og Rettartolla heimtu, bæde sé og eygnad vera hin sama, hvört sem þad land sem í er reked, tilheire allre Sveitenne ellegar einum Vissum Stad edur manne, hvad framar mun eiga ad tilreiknast þeirra ókunnugleika, í því sem Lögin bióda, og þar á bigdre veniu, helldur en íllgyrne. –

Þær mörgu elldre og yngre Lögfestur fyrer Hytardal tileinka honum allan dalen nordan af Biúg og iafngegnt bádum fiallaendum í nedanverdum dalnum, þar med allar Hlydar fiallanna og Afdale tveimmeigen, so langt sem vötnum hallar ad ádurgreindum Dal. Þegar bændur reka naut sín híngad á fiall, þá þeckia þeir þad fyrer Hytardals Land, og vilia fegner betala 1 al. edur 2 fiska firer hvört Nautanna aldurs ár, eins og gömul venia hefur tilvered, enn þó sú þeirra giöre margfaldlega meire skada (þar því verdur ey vared ástundum ad gánga hier í tíma og Eingium, so fólk hlýtur oftlega, bæde um Túna- og Eingia-slátt ad gánga frá verke sínu til ad reka þad) þá vilia þeir hvörke efter lögum nie veniu, edur billegheitum betala nockud bæde firer þess ágáng heima hier og á Fiallenu, hvört eynasta er Hagbeitar Land firer Stadarins Peníng, því um Vetur og Sumar gánga þar Hestar, líka um Sumartíman gieldneite og gieldfé, eirnen þá first tækefære gefst um Sumarmál allt til vorkrossmessu, ær, og sídan á haust til Jóla; heldur en þar og stundum sleiged, þegar vedurátt ei hindrar, vegna þess Slægiuleises, sem hier er heima.

Þegar allt þetta er adgiætt, synist mér ei betur, enn aminnst bændanna Skrif bere þeim liósast vitne um, bæde hvad bligdunarlauser þeir eru í því ad frambera Skriflega firer sitt Yfervald Openber Ósannende; Líka óbilleger í því ad vilia ey betala hvad þeir (ad minne meiníngu) eru skylduger. So sem þad er Lángt frá mier, ad eg vilie af nockrum heimta, edur heimta láta þad, sem þeir eru ey skylduger ad svara, svo veit eg og mína Skyldu í því, ad siá til efter frekasta megne, ad halda vid hefd og magt þvi, sem þessu mier allranádugast tiltrú halda vid hefd og magt þvi, sem þessu mier allranádugast tiltrúudu Prestakalle tilheirer, so hvörke þad nie míner efterkomendur í því líde Skada firer mína þögn, undanndrátt edur Dugnadarleise; Enn til ad umflya sem leingst laga Sókner, innflý eg med so vaxed mál til ydar Hávelborenheita alþektu Revise i undergefne begierande af Ydar hávelborenheita vil[ied] náduglega Úrskurda:

1° Hvört sá Réttartollur, sem minn fir áminnste Memorial af 15 September 1790 umgétur, og Hra Sýslumannsins þar uppáskrifadur úrskurdur, skyldar bændur til ad betala strider í nockurn máta á móte Lögum edur billegheitum, og ef ey er so, hvort bændum á þá ey til haldast þennan toll tregdulaust ad betala, firer þad fé sem þeir hier á Fiall reka.

2° Ef bændurner under hvörra Nöfnum uppsett er ádur umgeted Skrif af 4. Apr: þ.a. reka annarstadar á fiall Lömb sin og géldfé, so helmíngur Sveitarennar hafe hier upp rekstur og afriett, enn helmíngur ey, hvör þeim á edur má þad lídast, af þeim sem eyga ad hafa tilsión med soddan upprekstre ásamt annad þar ad lútande.

Hér uppá óska eg ad meiga fá sem first ydar Hávelborenheita náduga Resolution.

Hytardal d. 8d Júnii 1795. – í undergefne Halldor Finnsson[74]

Í sáttarboði séra Björns Benediktssonar til bænda í Hraunhreppi, frá 16. september 1795, varðandi afrétt og upprekstartoll segir:

Þad er heirum kunnugt, ad firer næsthöldnum Manntals Þíngs Rétte ad Lækiarbug þann 11ta Aprilis þ.á. var upplesen Lögfesta af 8da S.M. under nafne mins Hra Principals Prófasts Sra Halldors Finnssonar ad Hytardal; med hvörre Lögfestu, Lögfest er allt Hytardals Stadar Heimaland, framan af Biúg, epter sem Hytardalur rædur jafngegnt bádum FiallaEndum í nedanverdum Dalnum, og þar med aller afdaler er liggia, sem Vötnum hallar, ad nefndum Dal, so hvörium Einum var þar med firerbodid án Leifes Þetta lands Pláss ad beita edur brúka; Enn under eins var avísad ad soddann Leife feinge ej utan þeir sem betala átrodníng, og hagbeit síns Peníngs, sem í þessu lande gánge, um Sumartímann; og seinast eru Lagdar vid frekustu Lagasekter, ef giört være á móte þessare Lögfestu. Samt dirfast þo efterskrifader, þessarar Sveitar Innbúendur Gudmundur Biarnason, Sigurdur Olafsson, Jon Erlendsson, Eigill Eigilsson, Eyólfur Erlendsson, Jón Jónsson, Gisle Bardarson, Jon Thorarensen, Jón Gissursson, Olafur Jónsson, Eyríkur Sigurdsson, Jón Þordarson, Jón Jónsson, Eggert Þorvardsson, Hrómundur Jónsson, ad láta strax efter firer sama Rette upp lesa Láta Skrif Daterad Laxarhollte þann 4da Aprilis þ.á. hvar greinder bændur, skulda mig firer uppsetning á Afréttar og Réttartolls heimtu hier í Hytardal til Hraunhrepps bænda, án þess þeir vildu nockud adgiæta firer fram, míns Hra Principals Prófasts Sra Halldors Finnssonar Skrif af 15da Septs: 1790 til Héradsins Sýslumanns Velædla Hra G. Ketilssonar sem og hanns úrskurdar þar uppá af Sama dato, af 2er Prestum og morgum hellstu Sveitar bændum underskrifadann, er hvört um sig fríar mig frá þessara hér ad ofan á Nafn nefndu gódu bænda raungu Sakargift. Med þessu ádurgreindu Skrife sínu, dirfast bændurner allan afrettar og Rettartoll til Hytardals ad afseigia; utan einasta Lambsfódur firer hvörn Dylk, eins og

[74] Skjöl nr. 2(40) a-b og 2(166) a-b.

ofanskrifad Hytardals land være Almenníngur allre Sveitenne tilheirande og eingen Jörd ætte þad sierílage. – Enn nú fremur Vogudu sier marger af nefndum bændum ad reka láta fé sitt og Jafnvel sumer naut sín híngad til Fialls í Sumar án leifes. Þar nú hier áminnster bændur haf<a> allt hiernefndt, þó gangstædt Lögum, adhafst er ej 5 [5, ofan línu] an[000] án umtals lídast; þá setst þeim í Siálfs vald (til ad firerbiggia sem leingst Lagasókner) hvört heldur þeir vilia nú strax Forlíkun hafa og Skriflega lofa so vel nú sem framveiges, tregdlaust betala afrettar og Rettartoll híngad til Hytardals efter sem bæde áminnst Hra Prófastsinns Skrif og Hra Syslumannsins úrskurdur, þar uppá tilskilur firer allt þad Fie þeirra sem hier geimgur á Fialle um Sumartímann, ellegar eg med Stefnu innkalla þá firer rett, til ad mæta firer lagasektum er þeir hafa sier bakad, med framan greindre adferd sinne. Hér uppá hefur hvör og einn bænda þessara siálfur skrifa, edur skrifa láta sitt fullkomed Svar, hvört hann vill í þessu gánga frá edur til.

Hytardal d. 16de September 1795. Biörn Benedictsson

Framanskrifad Forlykunar tilbod, antökum vid og lofum ad betala efter því sem þad áskier Hytardal d. 17 Sept. 1795.

Eiólfur Erlendsson, Gisle Bardarson, Jón Jónsson, Hrómundur Jónsson, Jón Þorarensson.

Eg underskrifadur lofa ad betala efter því sem Löglegt er, firer þær kindur sem eg hef til Fialls reked, enn ei geing eg mote þvi sem eg er búinn ad skrifa Eigill Eigilsson.

Eg underskrifadur skora mig eij undan ad bitala efter gamallre veniu á þad fé sem eg dreg í Hytardal, Gudmundur Biarnason.[75]

Þann 27. október 1795 kvað stiftamtmaður upp úrskurð í umræddri deilu um upprekstrartolla. Þar segir:

Resolution

Den Hiitardals Beneficium fra arildstid tilkommende Rettighed, af gjeldfæe Drift fra Hraun repp paa bemældte Præstekald tilhörende afret eller Fjeldstrækning bör uforandret fremdeles vedblive; og tilkommer Vedkommende derfor at betale til Beneficiarius paa Hiitardal det samme, som til hans formænd i kaldet beviislig ydet og betalt været haver, uden afkortning eller modsigelse.

Vidöe den 27de Oct. 1795. O.Stephensen.[76]

[75] Skjal nr. 2(291)
[76] Skjöl nr. 2(40) a-b og 2(166) a-b.

Í lögfestu fyrir „Hytardal, Hrobiargast., Völlum, Helgastödum, Moldbrecku, Sydri og Ytriskógum, Hraunsmúla og Bruarhrauni 1797“ frá 3. apríl 1797, og þinglesin sama dag, segir:

> I krafte míns byggíngarbréfs fyrir Hytardals Stadar og kyrkiu Itökum og Eignum öllum Lögfeste eg underskrifadur hér med Hytardals Stadar Heimaland allt nordan af Biúg og jafngegnt bádum Fialla Endum í nedanverdum Hytardal, þar med allar Hlyder Fiallanna og afdale tveimmeigen, so Lángt sem Vötnum hallar ad ádurgreindum Dal, innanum hvörra takmarka ad liggia Kyrkiu Jardernar: Hrobiargastader, Veller og Helgastader. – Lögfeste eg under sömu grein þessar (nefndar Hytardals kyrkiu) Jarder Liggiande i Kolbeinsstadahrepp, Moldbrecku, Sydri Skóga, Ytriskóga, Hraunsmúla og Brúarhraun, med öllum þeirra Jarda Heimalöndum til ytstu ummerkia, sem efter Hytardals Prestakalls Skiölum, eru þesse: Nefnelega; ad Hýtará rædur ofann frá Grettirsbæle og þar til Reídarlækur rennur framm í hana sídan rædur Reidarlækur allt á móts vid Krossstein, Þadan Siónhending í Krosstein, úr honum sydan í Vegghamraborger, þadan aftur í Gardinn vid Hrauntiörn þadan í Tóftavatn, þadan aftur í Grástein sem stendur fyrir Sunnan Kaldá, úr Grásteini aftur Siónhendíng í Kaldá sýdan rædur Kaldá upp til Fialls efter Kaldárdal, allt ad sínum upptökumm; þar til er Vötnum hallar ad fyrrnefndum Hytardal. – Lögfeste eg hérnefnds Hytardals Stadar og Kyrkiu Jarda Akra og Tödur, Eingiar og Uthaga, Vötn og Veidestade, Hraun, Hollt og Haga og allar Landsnytiar þær greindum Stad og Jördum fylgja eiga, og fylgt hafa, ad réttu, ad fornu og níju tilgreindra Takmarka er adrer menn eiga í mótr. – Fyrerbýd eg hvörium, nefnd Pláss ad beita edur brúka, ellegar í ad vinna, utan mitt sie Lof edur Leife til hvar under og skilen er géldfiárbeit Kolbeinsstada Hrepps Innbúenda á Sumrum; Enn ej firerbýdst hér med, þad Skógarhögg edur Hrístak sem Hytardals Prestakalls gömul Skiöl um géta, og ábúendur Kaldárbacka einlægt haft hafa firer nedan Kaldá í Hraunsmúla Lande, á móte Hraunsmúla ábúenda beit í Kaldárbacka Lande. Dirfest nockur fram veiges móte þessare minne Lögfestu giöra, legg eg vid þá sidvanalegu Fimtarstefnu og frekustu Laga Sekter, efter málavöxtum. – Hytardal d. 3di Aprilis 1797. Biörn Benedictsson.
>
> Upplesed fyrer manntalsþíngs Rétte, ad Kalldárbacka þann 3dia April 1797. Testerar G. Ketilsson.[77]

Á manntalsþingi að Kaldárbakka, þann 18. apríl 1803, var upplesið byggingarleyfi prestsins í Hítardal til að upptaka nýbýli á Breiðodda í Hítardal. Inntaks leyfisins er ekki getið og hefur það ekki fundist við kerfisbundna leit óbyggðanefndar og Þjóðskjalasafns Íslands. Í þinglýsingunni segir:

[77] Skjöl nr. 2(93), 2(292) a-b og 2(196) a-b.

Anno 1803 þann 18da Aprilis ad Kaldarbacka i Kolbeinstada hrepp settu manntals þ(in)ge voru effterskrifader dánumenn til þ(in)gvitna útnefnder [...]. Voru so:

[...]

5° Upplesed byggingarleyfe Prestsens i Hytardal til Jlluga Biarnasonar og Sigurdar Sigurdssonar ad upptaka nýbýle á Breidodda á Hytardal dat. 19. Jan. 1803.

[...][78]

Í skráningu Hítardals í jarðamati Mýrasýslu frá 1804 segir:

En afrett haves hvor paa kan indtages Lam og Beder om Sommeren fra adskillige Jorder i Bogden i mod Jntægt 5rd (omkostninger med faarefolder fraregnet) som er imod en koe.

[...]

De Öde hialejer Hrauntun og Holmur ere her under indbefattede, de bruges til græsgang om Sommeren, og den sidste afgiver noget lidet höe.[79]

Í skráningu Staðarhrauns í jarðamati Mýrasýslu frá 1804 segir:

En afret haves, Griotaaedal kaldet, hvor af ikke er nogen Jndtægt da der ikke drives faar hen, uden fra hiemmegaarden med hialeje; dog gaae disse deri mængde fra de nærgrændsende afretter, og især den ved Hitardal anförte, som sættes vel fuld.[80]

Á manntalsþingi að Lækjarbug þann 20. júní 1810, er upplesið skjal frá prestinum á Hítardal. Í dómabók Mýrasýslu segir:

[...]

3° Upplesid skial frá prestinum Sr. B. Benedictssyni á Hítardal, dagsett 19. Junii þ. á. hvarí hann uppbídur til ábúdar tvo edur þriá parta af ábýlisjördu hans Hitardal, vegna þeirra í skialinu tilteknu ordsaka, var hér einginn er giæfi sig ad því Tilbodi. 4° annad Ditto af sama dato, frá sama manni, hvarí hann géfur til kynna vanmátt sinn til leita giörsamlega efftir lagaskyldu, edur med því í hreppstióranna Jnstruxi 31. art. tiltekna skilyrdi, allt Hýtardals afréttarland, edur ad géta einsamall stadid allann þann kostnad, sem þar af flýtur, skyldi þetta giöra so óyggjandi væri, og ávarpar Sveitarmenn, um ad vera því til þessa ad nockru leiti siálfir styrkjandi.

Actum ut supra.

[...][81]

[78] Skjal nr. 2(197) a-b.
[79] Skjal nr. 2(33).
[80] Skjal nr. 2(33).
[81] Skjal nr. 2(190) a-b.

Á manntalsþingi að Kaldárbakka þann 21. júní 1810, var upplesið skjal frá prestinum í Hítardal, „það sama sem á Lækjarbugsþingstað, og vildi engin að því ganga.“ Þ.e. skjal um uppboð á pörtum Hítardals til ábúðar. Innihalds skjalsins er ekki getið en í þinglýsingunni segir:

> Anno 1810 þann 21. Junii setti Sysslumadur P. Ottesen reglulegt manntalsþíng i Nærveru Amtmannsins yfir vestur amtinu hr. St. Stephensen, ad Kaldárbacka [...] hvar:
>
> [...]
>
> 3° Upplesid skial frá Prestinum Sr. Byrni i Hítardal, þad sama sem á Lækiarbugsþíngstad, og vilde einginn ad því gánga.
>
> [...][82]

Í prófastsvísitasíu kirkjunnar að Hítardal þann 15. desember 1812, kemur fram að prestur Hítardalskirkju hafið gefi til kynna nýbýlaupptekningu á Langavatnsdal. Þar segir:

> A vidkomandi Stödum hefir Presturinn síra Björn géfid til kÿnna Níbíla Uppteknígu a Hitardals kyrkju tilheirandi Afrettarlandi a Lángavatnsdal, en til datum eckert áreidanlegt [áreidanlegt, ofan línu] Svar ödlast.[83]

Á manntalsþingi að Kaldábakka þann 9. apríl 1813, var þinglesin lögfesta fyrir Hítardalskirkjueignum. Inntak lögfestunnar kemur ekki fram en þinglýsingin hljóðar svo:

> 2° Lesin lögfesta Prestsins Sira B. Benedictssonar fyrir Hýtardalskyrkju eignum öllum og Jtökum efftir þeim landa merkjumm semm greind lögfesta tilgreinir, hún dagsett 9[da] apr. þ.á.
>
> [...][84]

Á manntalsþingi að Lækjarbug þann 3. júlí 1813, var þinglesin lögfesta fyrir Hítardalskirkjueignum. Inntak lögfestunnar kemur ekki fram en þinglýsingin hljóðar svo:

> Ár 1813 þ. 3. Jul. setti Syslum(aður) P. Ottesen reglulegt manntalsþing ad Lækjarbug og útnefndi til þíngvotta 4 hérundirskrifada Dánumenn, hvar:
>
> [...]
>
> enn framar lögfesta Sr. Björns í Hýtardal, fyrir Hýtardals kirkju Eignum.
>
> [...][85]

[82] Skjal nr. 2(191) a-b.
[83] Skjal nr. 2(180) a-b.
[84] Skjal nr. 2(187).
[85] Skjal nr. 2(188) a-b.

Í prófastsvísitasíu Hítardalskirkju frá 4. janúar 1814, er fjallað um eignarhald á Langavatnsdal. Þar segir m.a.:

> Húsid er í öllu sama Ástandi sem nærsta Visitatia gétur um, beheldur ogso öllum sínum Eigindómi utan sem innan Stocks ad undanteknu Afrettar Landi á Langavatnsdal, sem fyri nærverandi tíd [tíd, ofan línu] er bÿgdt, þo Stadarhalldarans Sira B. Benedictssonar Leÿfis of Samþÿckis.[86]

Á manntalsþingi að Kaldárbakka þann 24. júní 1823, var þinglesin lögfesta fyrir Hítardal en inntak lögfestunnar var ekki tiltekið. Þar segir:

> Ár 1823 þann 24. Junii setti sysslumadur P. Ottesen reglulegt manntalsþing ad Kaldárbacka þíngstad og qvaddi til þingvotta 4ra undirskrifada dánumenn. Fyrir þessum Rétti frammfóru:
>
> [...]
>
> 6. Lesinn lögfesta Prestsins Sira Biörns Benedictssonar á Hýtárdal fyrir nefnds kyrkjustadar heimajörd, og þarí tilnefndra kyrkjujarda; hvarí hann lögfestir þessara jarda eignir og Jtök öll, til lands og vatns, innan þar tiltekinna ummmerkja. Lögfestan dat. 24. Junii 1823.
>
> actum ut supra.[87]

Í vísitasíu fyrir Hítardal, frá 10. ágúst 1831, eru taldar upp eignir kirkjunnar. Þar segir:

> Hýtardalur
>
> Anno 1831 d. 10 Augusti visiterade biskupinn yfir Islandi Steingrímur Jónsson Riddari af Dannebrogen kirkjuna ad Hýtardal. – Hún á Heimland allt med gögnum og gjædum; Reka hálfan á Gömlu-eyri, item allann Reka á Vigdýsarstödum um hvörn til er Contract og Samníngur fyrrverande Stadarhaldara, Prófastsins sáluga Sr Haldórs Finnssonar og Sýslumannsins sál. Haldórs Jacobssonar, vegna Kolbeinstada kirkju 6 Junii 1783, stadfest [strikað yfir: af þá, og röð orðanna: stadfest og samþyckt leiðrétt með tölustöfum ofan línu] og samþyckt þann 16 Julii s.a. – Þessar Jarder á kirkjan: Hróbjargarstadi, Helgastadi, Velli, Svarfhól, Alfta á, Saura, Krossnes, Knararnes, Brúarhraun, Setuhraun, Hraunsmúla, Litluskóga, Midskóga, Haga, Moldbrecku, Øndverdarnes, Hellu, Arnarstapa og Géldingaeyar. – En framar á hún Afrétt á Lángavatnsdal fyrir allt sitt Géldfé – Ljetorfnaskurd í Hofstada Land á 10 Hesta; Laxveide ad Helmíngi í Haffjardará og Hvalseyar hálfar 30 hndr. med öllum gjædum.[...].[88]

---

[86] Skjal nr. 2(181) a-b.
[87] Skjal nr. 2(186) a-b.
[88] Skjal nr. 2(132) a-c.

Í lögfestu fyrir „Hytardals Landareign, samt fyrir Moldbrekku, Sydri- og Ytriskógum, Hraunmúla og Bruarhraun, Litlahraun med reka etc. af 1832.“ segir:

> Eg Thorsteinn Erlendsson Hjalmarsen, af Hans Majestat Konungi Fridriki þeim Sjötta allranadugast collationeradur prestur til Hytardals Safnadar lögfesti hjer i dag minn Veitingarstad Hýtardal med [öll]um hans heimalands gögnum og gjædum og selförum og Hyta[r]dals kyrkju itökum og eignum, nefniliga: gjeldfjár afrett á Lángavatnsdal, ljetorfnaskurd i Hofstada landi á 10 hesta Laxveidi ad helfmíngi í Haffjardará, hálfum Hvalseyum, og öllum reka á Vigdýsastödum, en hálfum á Gömlueyri, sama öllum vogrekum þar; eirnin öllum reka fyrir ödrum Hýtardals kyrkjujördum. Eg lögfesti nefnilega: allan dalinn Hytardal, nordan af Biúg og jafngégnt badum fjallaendum i nedanverdum sama dal, þar med allar hlídir fjallanna og afdali tveim megin, svo langt sem vötnum hallar ad ádurnefndum dal, fyrirbjódandi einum og sérhvörjum þetta áminsta landspláts ad beita, brúka, edur sjer í nokkurn máta hagnýta, nema eg þad leyfi, en mitt leyfi til upprekstурs á Hýtardals fjall fá ei nema þeir, sem tregdulaust borga vilja mér fyrir átrodníng og hagbeit peníngsins um sumartímann ad fornri venju. Innan þessara lögfestu ummerkja eru einnig takmarkadar landar eignir Hróbjargastada, Vallna og Helgastada, Hytardals kyrkjujarda. Og þared mér er til vitneskju komid, ad sumir hvörjir búendur tilliggjandi sveitar hafi nærstlidin sumur eptirskilid géldfé sitt og einkum lömb á Kaldadal, eda nálægt Hróbjargastada búfjárhögum, búendum á Hróbjargastödum og Völlum til skada og búmissu, svo beidist eg vinsamliga, ad þeir menn er svo gjört hafa, afleggi þá skadsamligu óvenju, en reki sitt géldfé og lömb í midjan afrétt eptir Lögbókarinnar ordum, svo eg neydist ei, til frekari úrræda ad taka á móti slíkum óskilum.
>
> Sömuleidis lögfesti eg þessar Hýtardals kyrkjujardir, liggjandi i Kolbeinstada hrepp: Moldbrekku, Sydriskóga, Ytriskóga, Hraunsmúla og Brúarhraun med öllum þeirra jarda heimalöndum og eignum til ytstu ummerkja þeirra er adrir eiga í móti, nl. ad Hýtará rædur ofan frá Grettirsbæli og þar til Reydarlækur rennur fram í hana, sídan rædur Reydarlækur allt á móts vid Krossstein, þadan sjónhending í Krossstein, úr Krosssteini í Vegghamraborgir, Þadan aptur í gardinn vid Hrauntjörn, þadan í Tóptavatn, þadan aptur í Grástein, sem stendur fyrir sunnan Kaldá, sídan rædur Kaldá upp til fjalls eptir Kaldadal, allt ad sínum upptökum, þar til Vötnum hallar ad fyrrnefndum Hýtardal.
>
> I sömu grein lögfesti eg alla jördina Setahraun eda Litlahraun, Hýtardals kyrkjujörd, liggjandi í Kolbeinstada hrepp og kyrkjusókn med öllum þeirrar jardar gögnum og gjædum til ytstu ummerkja, sem eptir gömlum Skjölum eru þessi: Milli Stórahrauns og Litlahrauns, eptir midjum Tvísteina ál framan ad og upp í Stakkholtsstein, sem stendur í Bakka fyrri ofan Stakksholt, úr þeim steini uppí dygru Vörduna á folldunum, sem einstök er og nedst, úr þeirri vördu í 2r efri Vördur, úr þeim tvívördum í lítid Vördukorn þar ofar á foldunum, Þadan og í Brungardsnefid, sem er vid Eldborgargötu, en á

fitjunum rædur Lækurinn. En á milli Snorrastada og Litlahrauns eru þessi merki: úr Ædarkletti í Arnarklett úr hönum uppí Hraunid í Fuglstapaþúfu og svo sjónhendíng í hellu stóra, sem kallast Kerling, þadan uppí Arnkinnargeilar, og svo nordur í Eldborgargötu.

I sama máta lögfesti ég hér med Hytardals kyrkju reka á Vigdýsastödum, sem Stórahrauns land og eingjar ráda, ad sunnanverdu sjónhendíngu í sjóinn austar ad Gömlueyri. Eirnegin lögfesti eg hérmed, uppá Hýtardals kykju vegna, hálfan reka á Gömlueyri móts vid Kolbeinstada kyrkju, frá svonefndum Vidarhólma, allt sudur ad ál þeim er liggur í sjónum um fjöru milli Gömlueyrar og Brateyrarodda. – Ennfremur lögfesti eg öll vogrek á Gömlueyri og Vigdýsastödum, hvör ad öllu leiti tilheyra Hýtardals kyrkju, bædi eptir gamallri hefd, konúngligu Placati af 4d Mai 1778, einum Contract af 6 Juni 1783 stadfestum af Stiftsyfirvöldum þann 16da Juli s.a. samt Stiftsyfirvaldanna bréfi til Proprietarius Kolbeinsstadakyrkju af 14d oct. 1830 og 1 fer. (Sjá ad framan bls. 84).[89]

Í lögfestu fyrir Hítardal, Hróbjargastaði, Velli, Moldbrekku, Skógana, Hraunsmúla, Brúarhraun og Litlahraun m.m. frá 12. júní 1832 segir:

Eg Thorsteinn Erlendsson Hiálmarsen, af Hans Majestet Konúngi Fridriki þeim Sjötta allra nádugast collationeradur Sóknarprests til Hytardals Safnadar; - lögfesti hjer í dag minn Veitíngastad Hýtardal med allri hans heimalandseign, gjædum og selförum og Hýtardalskyrkju ítökum og eignum, nefniliga: Géldfjár afrétt á Lángavatnsdal, ljetorfnaskurdi í Hofstada landi á tíu hesta, [...] Eg lögfesti nefnilega allann dalin Hýtardal nordan af Bjúg og jafngégnt bádum fjallaendum í nedan verdum sama dal, þar med allar hlýdir fjallanna, og afdali tveim megen, svo lángt, sem vötnum hallar ad ádurgreindum [greindum, ofan línu; strikað yfir: nefndum] dal, fyrirbjódandi einum og sérhvörjum þetta áminnsta landspláts ad beita, brúka, eda sér í nokkurn máta hagnýta, nema ég þad leyfi, en mitt leyfi til upprekstrar á Hýtardalsfjall fá ei, nema þeir, sem tregdulaust borga vilja mér fyrir átrodníng og hagbeyt peníngsins um sumartímann ad fornri venju. Innan þessrar lögfestu ummerkja eru einnig takmarkadar landareignir Hróbjargastada, Vallna og Helgastada, Hýtardals kyrkjujarda. Og þared mér er til vitneskju komid, ad sumir hvjörir búendur tilligjandi sveytar, hafi nærstliden sumur eptirskilid gjeldfé sitt og einkum lömb, á Kaldadal, eda nálægt Hróbjargastada búfjárhögum, búendum á Hróbjargastödum og Völlum til skada og búmissu, svo beidist eg vinsamlega, ad þeir menn, er svo gjört hafa, afleggi þá skadsamligu óvenju, en reki sitt géldfé og lömb i midjan afrétt, eptir lögbókarinnar ordum, svo eg neydist ei til frekari úrræda ad taka á móti slíkum óskilum.

Sömuleidis lögfesti eg þessar Hytardals kyrkju jardir, liggjandi í Kolbeinsstadahrepp: Moldbrekku, Sydriskóga, Ytriskóga, Hraunsmúla og

[89] Skjal nr. 2(169) a-b.

Brúarhraun, med öllum þeirra jarda heimalöndum og eignum til ytstu ummerkja, sem adrir menn eiga í móti, nl. ad Hýtará rædur ofan frá Grettisbæli og þar til Reydarlækur rennur fram í hana, sídan rædur Reidarlækur allt á móts vid Krossstein, þadan sjónhending í Krossstein, úr Krosssteini í Vegghamraborgir, þadan aptur í gardinn vid Hrauntjörn, þadan í Toptavatn, þadan aptur í Grástein, sem stendur fyrir sunnan Kaldá, sídan rædur Kalldá upp til fjalls eptir Kalldadal, allt ad sínum upptökum, þar til ad vötnum hallar ad fyrrnefndum Hýtardal.

[...]

Lögfesti eg fyrrnefnds Hýtardals stadar og hérgreindra Hytardals kyrkjujarda og eignir og tödur, eingjar og úthaga, lýng og skóga, vötn og veidistadi, holt og haga, og allar nytjar til fjalls og fjöru, þær greindum Stad og jördum fylgt hafa og fylgja eiga ad réttu, fyrirbýd eg hvörjum manni hédan af, utan mitt sé lof eda leyfi til, þessi pláts innan tédra takmarka ad yrkja, brúka, beita eda til nokkurs afraksturs eda ágóda notka, hvört heldur snertir veidiskap, eda hvad annad, sem er móti þessari minni Lögfestu – hvör bygd er á fornum og nýrri gyldandi [strikað yfir: lögum] skjölum, eldri og nýrri óuppátöludum lögfestum, opt ítrekudum frá 1695 til vorra tíma; - En breyti nokkur móti þessari minni lögfestu, legg eg þar vid þær frekustu sektir, sem lög mér leyfa, og eptir sem þá þörf krefur; og vilji nokkur lögfestu þessa uppátala, hafi hann gjört þad í tækann tíma uppá lögligann máta, ella gyldi þessi mín lögfesta sem óuppátölud, eptir lögum. Þessu til stadfestu er mitt undirskrifad nafn og hjáþrykt Signet.[90]

Lögfestan var þinglesin á manntalsþingum 12. og 13. júní 1832.

Í skýrslu um Hítardalsprestakalls „Inntekta og Utgifta Astand“ frá 22. mars 1839 segir:

N° 44. Skyrsla um Hytardals Prestakalls Inntekta og Utgifta Astand, sem fyrifannst, eptir Medaltali fyrir fleiri ár, vid arsbyrjun 1839.

Hytardalur, Beneficium, hvörs dyrleiki ekki er tilgreindur í hinni harmonisku Jardabók af 1760.

[...]

Útslæur eru litlar nálægt og þær litlu, sem verid hafa nú stórskémdar af leirrennsli og vatnságángi; En þær slæur, sem fyrr meir brúkadar hafa verid á fjalli fram, eru ad miklu leiti afteknar af stórum grjótskridum, og þaradauki er heyskapur þar mjög ördugur, mann- og hestafrekur, þar ei verda nema tvær heyferdir, vegna vegalengdar, farnar á dag, þegar best geingur, og ekki nema smávölur fluttar fyrir íllu brunahrauni á leidinni. Sumarhagar nálægt, eru litlir

[90] Skjöl nr. 2(38) a-b og 2(94) a-b.

þó gódir, en i stærstu fjærlægd á fjalli fram eru þeir nægir og gódir, og verdur þar á vori og hausti ad hafa allann saudpening sinn.

[...]

En til hlunninda þessara er lángt, ördugt, mannfrekt og kostnadarsamt. Vart verdur einnig vid nokkurn silúng í Hytárvatni á fjalli fram á haustum, en svarar ekki ómaki og kostnadi, ad sæta því. Vetrarríki er mikid, svo kvikpeníngi verdur burt ad koma í Fódur og geymslu, sem stórum rírir inntektina. Kolavidarskógur er svo eyddur, fúinn og fyrir sandfoki fallinn og meir og meir fallandi, ad naumliga verdur til kola gjört til heimilis brúkunar; torf-reidíngarista og móskurdur er einginn; heimaland Stadarins, eins og margra kyrkjujarda, liggja undir átrodníngi og beit géldpenings annara manna á sumrum, þared, eptir gamallri venju, allir Hraunhreppíngar hafa á Hytardals Fjall allann upprekstur og Réttir vid Túnid, er af Stadarhaldaranum hjer eiga ad hladast, móti Lambseldi af eigendum eptir tiltölu, hvad sára tregt geingur ad fá hjá sumum, og svarar því ekki ómaki, kostnadi og átrodningi.

[...]

2. Hjáleigur. Hraunkot og Hólmar, bádar óbygdar nú, hafa svo verid leingur enn i 100 ár, og munu ætíd óbygdar verda, enda er mér ókunnugt um þeirra dýrleika eda afgjaldshæd, sem fyrrmeir verid hefir eda verda ætti

[...]

Vid þessa mína skýrslu leggst sem Fylgiskjöl, I. Lögfestur a-p incl. II., önnur skjöl og vitnisburðir A-D, allt til upplysingar þessari skýrslu, undir 18d þ.m. verificerud og forsiglud.

Ad þessi framan- og ofanskrifada Skyrsla eda Specification yfir Hytardals Prestakalls Inntekta og útgifta Status sé rétt eptir minni betstu sannfæríngu, vitna eg med hönd og Signeti. Hytardal, þann 22n Marts 1839. Th. Hialmarsson (L.S.) Prestur fyrir Hytardal og Prófastur í Myra Sýslu.[91]

Í sóknarlýsingu Hítardalssóknar, eftir séra Þorstein Hjálmarsen, frá árinu 1840 segir m.a.:

Ad 31. *Selstöður* hafa verið frá óminniligri tíð frá *Moldbrekku* á eyrum fyrir sunnan *Þórarinsdalsá* niður undan *Þorsteinstungudal*, örskot fyrir framan *Fossabjörg*, og sjást þar enn lítt merkjanlig tóftastæði. Í landsuður frá þessu er sagt að sel hafi verið frá *Brúarhrauni* í mynni nefnds dals og vita menn ei nær eða af hvörjum orsökum þessar selstöður hafi niðurlagðar verið. Ennþá einar selstöðutóftir frá *Hítardal* eru undir *Smjörhnúk* í mynni *Þórarinsdals* fyrir vestan ána hvör selstaða er niðurlögð hér um bil fyrir 30 árum síðan og er mér sagt það hafi skeð vegna óspektar kinda þar og örðugrar smalamennsku. 2[r] selstöður frá *Ytri-skógum* vóru á *Kaldadal* að sunnanverðu, önnur í *Selskarði* en hin fram með fjallinu í svonefndum *Selmóum*.

[91] Skjal nr. 2(46).

[...]

Ad 32. *Afréttar*- eður uppreksturslandbrúka Hraunhreppsbúendur allir í Mýrasýslu á *Hítardalsfjalli*, kirkjunnar eign, móti borgun til Hítardalsstaðarhaldara að fornri venju og draga fé sitt í Hítardalsrétt sem er þar skammt fyrir vestan túnið; er henni sífellt við haldið og hún upphlaðin með dilkum af staðarhaldaranum.[92]

Í eignarlýsingu Hítardalskirkju og Staðar frá árinu 1842, og þinglesin 16. apríl 1842, segir:

Ekki einasta máldagar tileinka Hytardals kirkju og Beneficio, auk annars fleira, allann dalinn Hytardal, nordan af Bjúg og jafngégnt bádum fjallaendum í nedanverdum sama dal, med öllum sínum afdölum, heldur einnig votta þad sama margar biskupa visitatiur frá 1575 til 1831, óhnekkt skjöl og lögfestur frá 1697 til 1832, hvör takmörk þannig nákvæmar tiltakast, ad þau byrjast i Þraungvaskardi sunnantil á Háheidi, svo eptir Raudafelli í Hlódastein, þadan eptir múlanum og i Steinsholt, sídan i Grástein i Jllaás svo í Grástein i Grensás, þadan i nónnefid, og svo rædur Kvarná ad Þíngmannahól, sídaneptir Ferdamannagötu vestur til Hytarár, og svo rædur árin ad Bretalæk svo eptir hönum í Bretatjörn, þadan í Kjalvararstein, úr honum í Jngustríp, þadan í Vegghamraborgir, svo í Kolaásshöfudid nedra i vestur, þadan nordur i Kríngluborg, svo sjónhendíng i læk, sem rennur undir hraunoddann, sá lækur rædur i Dammagötu, svo eptir henni í Kaldá, sem rædur til sinna upptaka í Hrossalægdum, svo rædur fjallgardur, allt ad upphafliga umgétnum takmörkum í Þraungvaskardi.

Allt þad land, sem liggur innan hértédra takmarka er ómótmælanliga Hytardals kyrkju og stadarland, án þess eg viti ad nokkur jörd sem ekki er Hýtardals kyrkjujörð eigi þartil nokkurt löggrundad tilkall eda Jtölurétt, nema hvad Beneficiarii hafa leyft Hraunhrepps búendum upprekstur gjeldfjár þeirra og lamba hjer á fjall, þeim ad segja er þess beiddist og borga vildu þann beitar- og réttartoll, sem árið 1790 uppkvedinn var og samþyktur 15. Sept. s. a. af sýslumanni sál. G. Ketilsyni, en stadfestur af stiftamtmanni sál. O. Stephensen undir 27da Oct. 1795, þannig: ad þeir sem ættu 20 eda 30 fjár hjer í réttum, yngra eda eldra, gjalda skyldu lambsfódur; en þeir sem ættu 60 fjár og þaryfir 2 lambsfódur, og þeir sem ættu 80 gembling, ad gamallri venju, og eingin framar, utan þeir sem eiga 1½ hndr. hér á fjalli og þaryfir, skyldu betala ásamt gémbling lambsfódur. – Á þetta finn eg þörf vinsamligast ad hafa minnt nokkra af mínum hreppsbrædrum, þared svo sýnist, sem margir þeirra hafi þá meiningu ad Hytardals fjallland sje annadhvört almenníngur edur sveytinni tilheyrandi upprekstrarland, af hvörju Hytardals stadarhaldari, hvör sem er eda verdur, eigi ekki önnur not ad hafa enn frí upprekstur fyrir sjálfann sig, átrodníng af öllum upprekstrarpeníngnum, þann skylduskatt ad

[92] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 149.

upphlada óadfinnanliga fjárréttina, ásamt hennar dylkum, samt grenjaleita umkostnad, ogsvo ákúrur og slettur jafnvel, ef þetta tvennt sídstnefnda ekki þykir skéd vera uppá óadfinnanligasta máta m.m., hvaraf þad kémur, ad svo fáir sem eingvir beidast leyfirs til uppreksturs, einginn fráskýrir hvörsu margt hann upprekid hafi, einstaka madur hefir rekid á Grjótardal, hvadan lömbin med jarminum eru ódar komin (~~her heim á kvíar~~) híngad í kvíféd.

[...]

Hytardal, þann 15da April 1842. Æruskyldugast Th.Hjálmarsen.

Upplesid og prótócollerad fyrir manntalsþíngsréttinum ad Alptatungu, þann 16. April 1842. testerar Fredr. Lund.[93]

Í dómabók Mýrasýslu er eftirfarandi fært til bókar vegna eignarlýsingarinnar:

[...]

7. Var lesin lögfesta, hvarmed hr. prófastur Hialmarsen lögfestir allan Hýtárdal og áminnir Hraunhreppinga um ad gialda skilvíslega afréttartoll eptir tédann dal samkvæmt ádurgerdum lögligum samníngum, og úrskurdum. dat. 15. Apr. 1842.

[...][94]

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 fyrir Staðarhraunskirkju segir um Grjótárdal:

Staðurinn á fjallland, sem heitir Grjótárdalur, og hafa þar verið nokkrar slægjur, sem þó eigi geta komið að notum.[95]

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 fyrir Hítardal segir m.a.:

Sumarhagar eru litlir, en góðir, í nánd, en í miklum fjarska fram á fjalli eru þeir nægir og góðir, og verður að hafa þar sauðpening um haust og vor.[96]

Í umfjölluninni um Hítardal í *Jarðatali Johnsens* kemur jafnframt fram að Tjaldbrekka sé hjáleiga frá Hítardal. Þetta er elsta heimild þar sem Tjaldbrekku er getið.

Í lögfestu fyrir Hítardal, Hvaleyjum hálfum, Hróbjargarstöðum, Völlum, Tjaldbrekku, Helgastödum, Haga, Svarfhóli, Moldbrekku, Sydriskóga, Ytriskóga, Hraunsmúla og Brúarhrauni m.m. sem dagsett er 6. júní 1849, og þinglesin sama dag segir m.a.:

N° 49. Lögfesta fyrir Hytardal, Hvaleyjum hálfum, Hróbjargastödum, Völlum, Tjaldbrekku, Helgastödum, Haga, Svarfhóli, Moldbrekku, Sydriskóga, Ytriskóga, Hraunsmúla og Brúarhraun m.m.

---

93 Skjal nr. 2(47).
94 Skjal nr. 2(200) a-b.
95 Skjal nr. 2(52).
96 Skjal nr. 2(52).

Eg Thorsteinn Erlendsson Hialmarsen, Soknarprestur til Hytardals Safnadar, og Prófastur fyrir Mýrasýslu Prófastsdæmi, lögfesti hér í dag minn veitíngarstad Hýtardal med allri hans heimalands eign selförum, afréttum, og Hytardals kyrkju ítökum, nefnilega: Géldpenings Afrétt á Lángavatnsdal fyrri allt sitt géldfé, Túngufell, Ljetorfnaskurd í Hofstada landi á tíu hesta, Laxveidi ad helfmíngi í Haffjardará, reka allan á Vigdýsastödum og hálfann á Gömlueyri og allann Vogreka á sömu, einnig allann reka fyrir ödrum Hytardals Kyrkjujördum. Eg lögfesti einnig Hvalseyar hálfar, med tilheyrandi þeirra hálfum reka, selveidi, eggja- og dúntekju, lunda- og kofnaveidi og med hlunnindum og fjörugögnum, til jafnadarskipta vid eignarmenn hims helfmíngs í straxnefndum eyum.

Eg lögfesti nefnilega allann dalinn Hytardal, nordan af Bjúg, og jafngégnt bádum fjallaendum í nedanverdum sama dal, þar med allar hlýdir fjallanna, og afdali alla tveim megin, svo lángt, sem vötnum hallar ad ofannefndum dal, innan hvörra takmarka ad eru einnin tilteknar Landaeignir Hróbjargastada, Vallna, Tjaldbrekku og Helgastada, Hytardals Kyrkjujarda; - sömuleidis lögfesti eg Hytardals kyrk<ju>jörd Haga, liggjandi í Hraunhrepp og Stadarhrauns kyrkjusókn, med allri hennar Landaeign, sem er allt landid milli Hytarár og Kvarnár edur Keldnaár, þar sem hún rennur fyrir sunnan allann Hagahólma, og svo nedan frá því, er greindar ár mætast fyrir nedan Haga bæ, og allt upp ad Hytardals heimalandi; Einnin lögfesti eg alla Jördena Svarfhól, Hytardals kyrkjueign, ogsvo liggiandi í Hraunhrepp og í Stadarhrauns kyrkjusokn, med öllu þeirrar jardar heimalandi til ytstu ummerkia, sem eru þessi: á millum Svarfhóls og Ytrihraundals: í fyrstu rædur sú stóra Þúfa sem á framanverdum Svarfhólsmúla eda Bjarginu stendur og fjallid upp úr sagdri þúfu, sjónhendíng í þann Múla, sem í nordur veit, og kalladur er Myrdalsmúli, en þad nedra undir Fjallinu, sjónhendíng úr fyrrnefndri Þúfu, í þann kringlótta mel, sem er í Mýrinni, og sjónhendíng úr melnum í læk þann, er kalladur er Landamerkjalækur, þar hann sig samantekur úr mýrinni, austan til vid Svarfhóls mela, sídan rædur sá lækur fram í Melsá. En ad nordan verdu rædur Grjótá, allt ofan ad Brúarklettunum, þadan rædur sjónhendíng í þúfuna fyrir sunnan Stadarhraunsstekk, Þadan í Hnúkana, sídan í Hnúkalæk, þá rædur Hnúkalækur allt ofan ad Melsá, sídan rædur Melsá uppeptir, þar til Landamerkjalækurinn kémur fram í hana, á móts vid Bóndahvamm.

Einnig lögfesti eg eptirnefndar Hytardals kyrkjujardir, í Kolbeinsstada hrepp liggjandi: Moldbrekku, Sydriskóga, Ytriskóga, Hraunsmúla og Brúarhraun, med öllum þeirra jarda heimalöndum, gjædum og ítökum til ytstu ummerkja, sem eru: ad Hýtará rædur ofan frá Grettirsbæli, og þar til Reidarlækur rennur fram í hana, sídan rædur Reidalækur allt á móts vid Krossstein þadan sjónhending í Krossstein, úr honum í Vegghamraborgir, þadan aptur í Gardinn vid Hrauntjörn, þadann í Tóftavatn, þadan aptur í Grástein, sem stendur fyrir sunnan Kaldá, sídan rædur Kaldá upp til fjalls,

eptir Kaldadal, allt ad sínum upptökum, þar til er Vötnum hallar ad fyrrnefndum Hytardal.

Lögfesti eg fyrrnefnds Hytardals stadar- og kyrkju- og hérgreindra Hytardals kyrkjujarda lönd, tödur, eingjar og úthaga, lýng og skóga, vötn og veidistadi, hollt og haga, og allar landsnytjar til fjalls og fjöru, þær greindum stad og hérnefndum jördum fylgt hafa og fylgja eiga med réttu, til tédra ummerkja er adrir menn eiga í móti; fyrerbýd eg hverjum manni hjedan af í ad vinna, edur sér ad hagnýta, nema mitt sje lof eda leyfi til; sömuleidis fyrirbýd eg Hraunhrepps búum allann géldnauta, gjeldfjár og lambauppprekstur í Hytardalskyrkjuland eda nær Hytardalskyrkjulandi, enn lög leyfa um lögfest land, samt usla, beit eda átrodning, á hvörn helst máta sem vera kynni, án míns leyfis, nema þeir treysti sér lögliga ad sanna, ad máldagar helgi þeim rétt gégn kyrkjunni til afrettar og géldpeníngs uppreksturs í hennar landi; En þeim einum leyfi eg geldfjár [geldfjár, ofan línu] upprekstur á Hytardalsfjall, sem svo forsvaranliga reka, að ei hverfi ódara tilbaka, og olli tjóni og usla hér á túni og eingjum og búmissu; hvad þó í sinni tíd hefir mjög svo vidgengist, samt sjái mér réttilega sann fyrir beyt, réttahledslu og átrodníng, og fylgja fögrum eptirdæmum þeirra mörgu gódfúsu búenda þessa hrepps, sem líka í þessu skyni eiga inniligt þakklæti mitt skilid.

Ad lokum áminnast og advarast búendur í Kolbeinsstada hrepp alvarliga um, ad reka ekki svo géldfé sitt og lömb á Kaldadal, ad þad gjöri búmissu og tjón búendum á Hróbjargastödum, Völlum, samt undir Skóga fjalli, svo ekki verdi gripid til óþægiligari úrræda.

Framan- og ofanskrifudu til frekari stadfestu, er mitt undirskrifad nafn og hjáþrykt Signet.

Hytardal, þann 6ta Juni 1849.

Th.Hialmarssen (LS)

Lesid fyrir Manntalsþingsrétti á Lækjarbug, dag 6ta Juni 1849 vitnar Jón Pétursson. Lesid fyrir manntalsþíngsrétti a Kaldarbakka dag 8da Juni 1849[97]; sídan ritad í Mýra og Hnappadals Sýslu kaupbréfabók bl. 101-102-103 vitnar Jón Petursson.

Borgun fyrir upplestur á 2 stödum 72 s.

Borgun fyrir upplestur bókan 24 Ríkisbdl.S.[98]

Við þinglestur lögfestunnar er bókað í dómabók Mýrasýslur um mótmæli prestsins að Staðarhrauni. Í dómabókinni segir:

3[ia] Lesin lögfesta prófasts Th. Hjálmarsens af 6[ta] júní 1849 fyrir Hítardalskirkjujörðinni. Presturinn Sveinbjörn Sveinbjörnsson kvaðst

[97] Skjal nr. 2(48).
[98] Skjal nr. 2(48).

mótmæla lögfestu þessari að svo miklu leiti, sem hún væri gagnstæð lögfestu sinni fyrir Staðarhrauni þeirri í fyrra.[99]

Í jarðamati Mýrasýslu frá árinu 1849-50, kemur fram að Hítardalur sé prestssetur og er bújörðin talin fram með fjalllandi og hjáleigunni Tjaldbrekku. Þetta metið á 1400 ríkisbankadala en engin grein er gerð fyrir mati á hverju fyrir sig og engin nánari grein gerð fyrir því fjalllendi sem kirkjunni er eignað. Þar segir:

Hítardalur, prestsetur, bújörðin með fjallandi, og hjáleigunni Tjaldbrekku[100]

Í bréfi Th. E. Hjálmarsens prófasts í Hítardal til „Det kongelige Ministerium for Kirkevæsenet" dags. 18. des. 1854, kemur fram að Tjaldbrekka hafi verið byggð árið 1839 sem hjáleiga í heimalandi Hítardalskirkju: „som hjalege, der er opfört paa kirkens hjemmemark."[101]

Í eignarlýsingu Hítardalskirkju- og stadar frá 23. maí 1857 er fjallað um rekstur fjár á fjall. Þar segir:

„Adrir sem reka hér á fjall, reka sumir alltof skammt, svo ad sugulömb eru ad vörmu spori komin hér heim á kvíar, og ásamt med géldfénu gjöra allt vorid og sumarid usla á túni og eingjum rugl á búsmala og mikla búmissu, ad eg ekki tali um þá skadvænligu óvenju, sem einstaka menn úr nidursveytinni þau seinni árinn hafa leyft sér, nl. á vorin ad hleypa géldfé sínu rétt upp fyrir sjálfa Grjóta, og jafnvel þótt leingra reki, skilja smáhópa eptir hér og hvar úr géldfjár – eins og lambarekstrum, skeyttíngarlausir um þann skada, sem öll þessi adferd ollir uppbæabúendum, einkanliga á Haga, Múlaseli, Helgastödum og Hýtardal, - og loksins, þótt þvínær allir, seinni árin, hafi sýnt mér hana fyrir beyt og réttarvidhald, svo er þad þó ekki eptir þeim fjáreignar jöfnudi, sem ad framan er tilgreindur, og líka er á sumum ad merkja, ad þessi kvöd sje ófyrirsynju, og gjalda hana því med tregdu, - þótt eg ekki finni þad hjá mér, ad eg heimti þad af mönnum, sem þeim ekki beri ad borga. – Þess vegna vildi eg hjermed vinsamliga til þess mælast af þeim, sem þekkja kynnu einhvörja sína líkingu í þessum speigli, ad þeir láti sér þad ad varnadi verda, eda þá hér greiniliga yfirlýsi ástædum þeim, sem þeir hafa, fyrir misánægju sinni yfir tédri kvöd, svo eg viti, hvörsu eg þurfi, í því tilliti, mér ad hegda, svo ad fyrer mitt hyrduleysi og þögn, mínir Eptirmenn í þessu mér allranádugast, fyrirtrúada braudi missi ekki sitt réttvísa tilkall, í þessu tilliti.

En undireins votta eg mitt inniligt þakklæti þeim valinkunnu, heydrudu Sveytarbrædrum mínum, sem gódfúsliga, ad fyrra bragdi og ónefnt hafa sjed mér sann í þessu efni, hvörra eru flestir, sumir framyfir fjármegn, og sumir med edallundadri gjafmildi, og hvörra hrósi væri verdugt á lopti ad halda, ödrum til góds eptirdæmis.

Hytardal, þann 23ia Mai 1857. Th.E.Hialmarsen

---

[99] Skjal nr. 2(184).
[100] Skja nr. 2(95).
[101] Skjal nr. 2(41).

Lesid fyrir Manntalsþíngsrétti ad Lækjarbug þann 25ta Mai 1857. Vitnar B. Thorarensen

Presturinn Sra Sveinbjörn Sveinbjörnsson á Stadarhrauni protesterar á móti skjali þessu, hvad vidvíkur takmörkum milli Múlasels og Helgastada, og sömuleidis hvad því vidvíkur, ad lömb med jarminum séu rekin á Grjótardal.

Hreppstjórinn í Hraunhrepp Helgi Helgason mótmælir skjali þessu, fyrir hreppsins hönd, hvad upphækkun fjártollsins snertir, eptir samþyktinni 1795.

Rétt afskrifad eptir þíngbók Mýra- og Hnappadals Sýslu vitnar B.Thorarensen.[102]

Í dómabók Mýrasýslu er fært til bókar manntalsþing þann 25. maí 1857, þar segir m. a.:

Ár 1857 þann 25[ta] Mai var reglulegt manntalsþing sett að Lækjarbug í Hraunhrepp og setið af þeim reglulega sýslumanni í Mýra- og Hnappadalssýslu ...

[...]

8. Lesið bréf prófasts Hjálmarsens í Hýtardal dagsett 23. Mai 1857 fyrir Hytardalsafréttarlandi.

[...]

að N° 8. Presturinn, s(é)ra Sveinbjörn Sveinbjörnsson á Staðarhrauni protesterar móti skjali þessu hvað viðvíkur takmörkum millum Múlasels og Helgastaða og sömuleiðis hvað því viðvíkur að lömb með jarminum séu rekin á Grjótárdal.

[...]

að N° 8. Hreppstjórinn í Hraunhrepp, Helgi Helgason mótmælir skjali þessu fyrir hreppsins hönd, hvað upphækkun fjártollsins ~~gjldir~~ snertir eptir samþyktinni frá 1795.

[...][103]

Innhialdi skjalanna er ekki getið frekar í dómabókinni.

Á manntalsþingi fyrir Hraunhrepp að Lækjarbug þann 4. júlí 1885 var þinglesið bréf prestsins á Staðarhrauni um upprekstrartolla. Í dómabók Mýrasýslu var eftirfarandi fært til bókar:

[...]

7. Var birt brjef Sr. Jónasar Guðmundssonar á Stadarhrauni 20 f. m. [um] upprekstrartoll; kváðust búendur vilja greiða 5 aura í upprekstrartoll fyrir hverja þá kind, sem óvilhallir dómkvaddir menn álitu að hefði næga og góða sumarhaga í afrjett í Hitardalslandi eða ef Tjaldbrekka yrði logð niður.

[102] Skjal nr. 2(168) a-b.
[103] Skjal nr. 2(189) a-b.

[...][104]

Þann 31. maí 1893 tók Hraunreppur Tjaldbrekku og fjallland Hítardals á leigu. Leigusamningurinn hljóðar svo:

Hítardals- og Staðarhraunskirkjujarðir

[...]

III. Tjaldbrekka og fjall-land Hítardals (12 + 18 hdr.)

Stefán Jónsson, prestur að Staðarhrauni,

Gjöri kunnugt, að ég byggi og heimila sveitarfélginu í Hraunhreppi í Mýrasýslu: 1. Hítardalshjáleiguna Tjaldbrekku og 2. Fjallland Hítardals, sem ekki er áður öðrum leigt og sem ákveðið er 18 hundruð að dýrleika, með skilmálum þeim, er hér segir:

1. Í eftirgjald eftir Tjaldbrekku greiðist árlega 33 – þrjátíu og þrjár – krónur, annaðhvort í peningum, innskrift eða þá í góðum og gildum landaurum eftir því verðlagi, sem sett er á aura þessa í verðlagsskránni.

2. Í eftirgjald eftir fjalllandið greiðist ár hvert 80 kr. á sama hátt og til er tekið í 1. grein.

3. Allt eftirgjaldið, samtals 113 – eitt hundrað og þrettán kr. greiðist mér eigi síðar en um veturnætur ár hvert.

4. ....................

5. Ekki þarf hreppurinn að halda við húsum þeim, sem nú eru á Tjaldbrekku, né annast um áburð á túnið. Kúgildi fylgja engin.

6. .... því með þessu byggingarbréfi fær hreppurinn engin önnur réttindi yfir fjalllandinu en beit handa sauðfénaði sínum og hrosspeningi. ........

7. Sjálfum skal mér heimilt að hafa upprekstur á fjalllandið ókeypis fyrir sauðfénað minn og hross .........

8.-10. ..........

Staðarhrauni 31. maí 1893. Stefán Jónsson

Undirskrifuð hreppsnefnd Hraunhrepps gengur hérmeð fyrir hönd hreppsins að framanskrifuðum skilmálum og skuldbindur sig til að halda þá í öllum greinum.

Jón Jónsson Helgi Guðmundsson Guðmundur Jónsson Bjarni Valdason[105]

Í Fasteignamati Mýrasýslu 1916 er kafli um „Afréttarland, með eyðijörðinni Tjaldbrekku“. Þar stendur:

Hítardals afrjettarland, þar meðtalið land, eyðijarðarinnar Tjaldbrekku liggur innaf heimalandi jarðarinnar, Hítárdal, land þettað er víðáttumikið og grösugt,

[104] Skjal nr. 2(198) a-b.
[105] Skjal nr. 2(135) a-b.

og gott til sumargöngu fyrir afrjettarfjenað, þar sem þettað er kyrkjufjallaland, frá Hítárdal, hefir Hraunhreppur leigt það, og nofært það í stað afrjettar, og borgað árgjald af því kr. 113,00.

Mat: kr. 2300,00.[106]

Í kafla um Hítardal í Fasteignamati Mýrasýslu 1916 segir m.a.:

Beitilandið er mjög gott fyrir allar skepnur, víðlent, skjólgott, þurlent en vetrarríki mikiðm og smalamenska erfið, eins og á flestum þeim jörðum, er til fjalls liggja. – hættur litlar, og nóg fjalllendi fyrir heimilins afréttarfénað.[107]

Þann 27. júní 1919 tilkynnti ráðherra Íslands sölu á afréttarlandinu fjalllendi Hítardals og afsalaði og seldi fyrrgreint land fyrir hönd landssjóðsins til hreppsnefndar Hraunhrepps í Mýrasýslu, með svohljóðandi bréfi:

R á ð h e r r a Í s l a n d s

kunngjörir: Að með því að hreppsnefnd Hraunhrepps í Mýrasýslu fyrir hönd tjeðs hrepps hefir leitað kaups á afrjettarlandinu, fjalllendi Hítárdals, er hreppurinn hefir haft á leigu, og með því að hlutaðeigandi sýslunefnd hefir eigi haft neitt við sölu greinds fjalllendis að athuga, og með því að loks allra fyrirmæla laga nr. 50, 16. nóvbr. 1907, um sölu kirkjujarða, hefir verið gætt, þá sel jeg og afsala samkvæmt þeirri heimild, sem mjer er gefin í nefndum lögum, fyrir landssjóðsins hönd, nefndum hreppi, Hraunhreppi í Mýrasýslu, greint fjalllendi Hítárdals, sem er 30.o hundr. að nýju mati, til afnota sem afrjettarland með öllum gögnum og gæðum. Þó eru undanskildir námar, sem eru í jörðu, sem og fossar, er þar kunna að vera. Einnig er undanskilið varp og veiði í Hítárvatni og í ám þeim, sem í það renna og úr því.

Kaupverðið er 3000 – þrjú þúsund- krónur, og með því að kaupandi hefir greitt í Kirkjujarðasóð 1/10 hluta þes með 300 – þrjú hundruð – krónum, og gefið út veðskuldabréf fyrir eftirstöðvunum, þá segi jeg hann rjettan eiganda að ofannefndri jörð frá fardögum þ.á., og ber honum að svara eftirleiðis af hinni seldu eign tíund og öðrum lögboðnum gjöldum til hins opinbera sem af örðum bændaeignum í landsmerkjum hins selda lands tekur seljandi enga ábyrgð. Kaupandi haldi kaupi sínu til haga, en seljandi svarar til lagariftingar. Kaupanda ber að láta þinglýsa afsalsbrjefi þessu svo fljótt sem unt er.

Til staðfestu undir mína hönd og embættisinnsigli.

Reykjavík, 27. júní 1919.

Jón Magnússon.[108]

Bréfið var þinglesið þann 4. júní 1921.

[106] Skjal nr. 2(34).
[107] Skjal nr. 2(34).
[108] Skjöl nr. 4(116) og 8(3).

Landamerkjabréf Hítardals í Hraunhreppi var gert í júní 1923 og því var þinglýst 21. júní 1924. Þar segir:

> 1. Móti afrjettarlandi Hraunhrepps:
>
> Frá Hítará undan miðju Valfelli bein lína austur yfir dalinn og eftir gjánni sem er neðan Svörtutinda og úr henni sama lína í hæstu bungu suðvestan Þorsteinstungudal (733m); þaðan ráða hæstu brúnir dalsins (Þorst.t.dals) að sunnan og í hæsta hnúkinn norðvestur af Háleiksvatni; þaðan ráða hæstu eggjar suðvestur í Dagmálafjallshyrnu.
>
> 2. Móti Helgastöðum:
>
> Úr Dagmálafjallshyrnu bein lína í stein á vestri brún Sljettaskarðs, þaðan beint í ytri vörðuna á Skútás, þaðan bein lína í lítinn klettstapa norðan Stekkjargil, þaðan beint vestur yfir tunguna þar sem Sandalækur kemur í Fljótalækinn, þaðan beint yfir hraunið í miðjan Stórhól þaðan í miðjan Grjóthól við Stígaveg.
>
> 3. Móti Staðarhrauni (=Haga):
>
> Úr miðjum Grjóthól bein lína í vörðu við Hítará, norðan Kattarfoss.
>
> 4. Móti Völlum og Hróbjargarstöðum (Eyðijarðir)
>
> Þar ræður Hítará merkjum frá síðastnefndri vörðu alt inn á móts við miðju Valfells, sem er fast við ána að norðvestan.[109]

Landamerkjabréfið var samþykkt fyrir hönd hreppsnefndar Hraunhrepps, Staðarhrauns, Helgastaða, Hítardals, Hróbjargarstaða og Valla.

Landamerkjabréf fyrir afréttarlandi Hraunhrepps í Mýrasýslu var ritað 19. júní 1923 og þinglesið 21. júní 1924. Þar segir:

> 1. Móti löndum Dalamanna:
>
> Úr Tröllakirkju svo sem vötn deila og í miðja tjörn þá sem er í Mjóadalsdrögum, þaðan eins og vötnum hallar austan og norðan að Austurárdal, svo og eins og Bustarhryggur og hæstu Svínbjúgsleyti deila vötnum alla leið eftir hæðstu brúnum Þröskuldardals að Selárdalssneis. Þaðan um Þröskulda, Helgufell, Hvolaskarð til Hvolafjalls eins og vötnum hallar að Þröskuldardal. Aðalstefnur merkja þessara eru: Hánorður frá Tröllakirkju að Smjörhnúk; þá norðvestur og vestur frá hnúknum (Bustarhrygg) á Svínbjúg vestan miðju; þá aftur norðvestur og norður að Selásdalssneis, þaðan í boga norðvestur, vestur og suðvestur kringum Þrökuldadal í suðurhorn Hvolafjalls.
>
> Hörðudalshreppi 19. júní 1923.
>
> Fyrir hönd eigenda Ytri-Hrafnabjarga
>
> Finnur Þorsteinsson
>
> Guðmundur Guðmundsson (eiganda Selárdals)

[109] Skjal nr. 2(9).

Jósef Jónasson Fremri-Hrafnabjörgum

Helgi Guðmundsson (hreppstjóri)

Pjetur Þórðarson frá Hjörsey

fyrir hreppsnefnd Hraunhrepps.

2. Móti löndum Álfthreppinga:

Úr Tröllakirkju (=Ok hjá Álfthreppingum) suðaustur Smjörhnúk – við Þórarinsdal – nálægt Þrengslum Þórarinsdalsbotna, suðaustan við Moldarmúla, vestan við sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni og í austurhornið á vatninu; þá ræður vatnið og úr því Grjótá austan Kúfusand niður í Grjótarvatn. Úr suðaustur horni vatnsins bein lína í Álftaskörð.

Staddur að Hítardal 20. júní 1923.

Fyrir hönd Álfthreppinga Hallgrímur Níelsson frá Grímsstöðum

Samþykkur fyrir Hraunhrepp Pjetur Þórðarson

3. Móti löndum Hnappdælinga.

Frá suðurhorni Hvolafjalls um Geirhnúks suðvestur eins og vötnum hallar að Snjódölum og Vatnshlíð austan við Rögnamúla og eins og vötnum hallar að Klifsdal og þaðan um norðaustur brúnir Klifsands í Hítará, þaðan ræður áin merkjum niður á móts við miðju Valfells.

Ofanrituðu eru samþykkir:

Í júlímánuði 1923.

Albert Guðmundsson Heggstöðum

Þórður Gíslason Mýrdal, umráðamaður Hróbjargarstaða

Guðmundur Magnússon Hafursstöðum.

4. Móti Hítardal, Helgastöðum, Múlseli og Svarfhóli:

Frá Hítará undan miðju Valfelli bein lína austur yfir dalinn og eftir gjánni sem er neðan Svörtutinda suðvestan Þorsteinstungudal (733 m) þaðan ráða hæðstu brúnir sunnan dalsins í hæðsta hnúkinn norðvestur af Háleiksvatni; þaðan ráða hæstu eggjar suðvestur í Dagmálafjallshyrnu. Úr Dagmálafjallshyrnu bein lína í Háheiðarkoll, þaðan bein lína yfir Grjótárdal fast við Grjótárvatn neðanvert, um Rauðhálsa og yfir í múlabrún hinumegin, þaðan ráða hæstu brúnir inní Álftaskörð. Ítök eiga á Grjótárdal: Múlaselslægju- blett í Ófæruflóa og Staðarhraun allar aðrar slægjur á Grjótárdal.

Í júlímánuði 1923, samþykkir

Pjetur Þórðarson hreppstjóri, fyrir hönd hreppsnefndar Hraunhrepps og umráðamaður Múlasels.

Stefán Jónsson prestur á Staðarhrauni

Guðjón Guðmundsson eigandi Svarfhóls

Samþykkur fyrir Helgastaði: Ingimundur Einarsson

Finnbogi Helgason eigandi Hítardals.[110]

Árið 1928 óskaði hreppsnefnd Hraunhrepps eftir því við dóms- og kirkjumála-ráðuneytið að fá Hítarvatn keypt. Beiðnin hljóðar svo:

Hreppsnefnd Hraunhrepps

Hrafnkelsstöðum 8. júlí 1928

Þá hreppsfélagið hér kaupir Hítardalsafréttarland ásamt fjallabýlinu Tjaldbrekku sem hvortveggja tilheyrði Staðarhraunsprestakalli. Hítarvatn sem liggur í miðju afréttarlandinu var tekið undan þá selt var, af þáverandi presti Staðarhrauns. Á fjölmennum hreppsfundi hér var í einu hljóði skorað á hreppsnefndina að beita sér fyrir því að fá nefnt Hítarvatn keypt fyrir hreppsins hönd. Og leyfi ég mér hér með að snúa mér til hins háa dóms- og kirkjumálaráðuneytis með beiðni um að hreppsfélag Hraunhrepps fái keyft Hítarvatn á næstkomandi vori. Þess skal getið að Hítarvatn er nú í leiguábúð bóndans á Staðarhrauni til næstkomandi fardaga.

Virðingarfylst

Guðbr. Sigurðsson oddviti.[111]

Þann 24. júlí 1928 óskaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið eftir umsögn biskups um erindi Hraunhrepps vegna kaupa á Hítarvatni.[112]

Þann 21. ágúst 1929 skrifaði biskup bréf til sóknarprests Staðarhraunsprestakalls um sölu „Hítárvatns“. Bréfið hljóðar svo:

Sóknarpr. í Staðarhraunsprestakalli s.d. [21. ágúst 1929]

Sala Hítárvatns

Hjer med sendi jeg yður, herra sóknarprestur, til umsagnar erindi hreppsnefndaroddvita Hraunshrepps dags. 8. júlí f.á. þar sem farið er fram á að hið opinbera selji hreppsfjélaginu Hítárvatn, sem undanskilið var þegar Hítardalsafrjettarland ásamt fjallabýlinu Tjaldbrekku var selt hreppsfjelaginu árið 1919.

Þess er óskað að þjer látið uppi álit yðar um hve miklu nemi hlunnindi þau, er vatni þessu fylgja fyrir prestinn á Staðarhrauni (silungsveiði og svartbaks eggtaka) og hverjar kröfur, þjer sem beneficiarius munduð gera til skaðabóta árlega, ef vatnið með hlunnindum yrði selt hreppsfjelaginu, meðan núverandi heimatekjumat er í fullu gildi.

Bið jeg yður með umsögn yðar að endursenda mjer brjef hreppsnefndar og væri mjer þökk á að svar yðar bærist mjer hið fyrsta.[113]

---

[110] Skjal nr. 2(10).
[111] Skjal nr. 2(49).
[112] Skjal nr. 2(298).
[113] Skjal nr. 2(297) a-b.

Þann 26. september 1929 ritaði Þorsteinn Ástráðsson sóknarprestur á Staðarhrauni biskupi Íslands bréf. Þar segir:

> Út af beiðni hreppsnefndarinnar hjer um að fá keypt Hítárvatn hafið þjer, herra biskup, í brjefi frá 21. f.m. óskað upplýsinga um hve miklu nemi hlunnindi af tjeðu vatni. Jeg hefi grenslast nokkuð eftir því og telst svo til, að s.l. fardagaár hafi veiðst þar ca. 1000 silungar, 400-500 egg fengist, og um 20 svartbaksungar náðst. Virðist því hjer vera um allveruleg hlunnindi að ræða. Og hvað sölu á vatni þessu snertir, vil jeg fyrir mitt leyti leggja þar eindregið á móti, enda er mjer alls ekki kunnugt um að hreppsfjelaginu hjer sje nein minsta nauðsyn á að eignast vatn þetta.
>
> Brjef hreppsnefndar endursendist hjer með –
>
> Staðarhrauni 26. sept. 1929.
>
> Virðingarfylst
>
> Þorst. Ástráðsson[114]

Þann 8. nóvember 1929 ritaði biskupinn yfir Íslandi bréf til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins varðandi beiðni hreppsfélags Hraunhrepps um að kaupa Hítardalsvatn. Þar segir.

> Með bréfi dags. 24. júlí f.á. hefir hið háa ráðuneyti sent mér til umsagnar erindi frá hreppsnefnd Hraunhrepps dags. 8. s.m. þess efnis, að ráðuneytið vildi selja hreppnum Hítardalsvatn í Hítardals-afréttarlandi, sem á sínum tíma var ásamt eyðibýlinu Tjaldbrekku selt hreppsfélaginu.
>
> Viðvíkjandi beiðni þessari get ég upplýst, að þegar afréttarlandið árið 1919 var selt hreppsfélagi Hraunhrepps sem beitiland fyrir skepnur hreppsbúa, þótti ekki ástæða til að selja vatnið með, sem um langt skeið hafði eins og afréttarlandið tilheyrt Staðarhraunsprestakalli, vegna þeirra hlunninda, sem því fylgja fyrir prestinn, en þau hlunnindi eru aðallega silungsveiði í vatninu og svartbaks-eggtekja. Eftir upplýsingum frá sóknarpresti í bréfi því er hérmeð fylgir hafa síðastliðið fardagaár veiðst þar nál. 1000 silungar, 400-500 svartbaksegg verið hirt og um 20 svartbaksungar náðst. Hefir þetta verið talið til mikilla búhæginda fyrir prestinn. Þó er mér um megn að tilgreina hverju þessi hlunnindi mundu nema, ef metin væru til peningaverðs, því að þau eru hvergi talin sérstaklega í þeim matsgjörðum, sem ég hefi í mínum vörslum. Sala þessara hlunninda yrði þó nokkur skerðing hlunninda þeirra, sem prestakallinu fylgja. Þegar því sóknarpresturinn leggur jafn eindregið á móti því að vatnið verði selt og hinsvegar verður ekki séð, að það geti skift miklu fyrir hreppsfélagið að eignast vatnið, finn ég enga ástæðu til að mæla með beiðni hreppstjórans.[115]

Á spássíu bréfsins er eftirfarandi handskrifað:

---

[114] Skjal nr. 2(49).
[115] Skjal nr. 2(49).

> Samþ. að selja hreppnum, með þeirri kvöð, að aldrei megi það seljast öðrum en ríkinu og þá við sama verði og það er keypt.[116]

Þann 23. júlí 1953 tilkynnir kirkjumálaráðherra um að Hraunhreppur hafi leyst til sín varp í hólmum Hítarvatns og veiðiréttindi í vatninu og ám þeim sem í það og úr því renna fyrir því landsvæði er hreppnum var selt 27.7.1919. Í tilkynningunni, sem móttekin var til þinglýsingar 11. september 1953, segir:

> K i r k j u m á l a r á ð h e r r a
>
> Gjörir Kunnugt: Að Hraunhreppur í Mýrasýslu hefir samkvæmt 3. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 112, 1941, og að fengnu samþykki atvinnumálaráðuneytisins og veiðimálanefndar, leyst til sín varp í hólmum Hítarvatns og veiðiréttindi í vatninu og ám þeim sem í það og úr því renna, fyrir landsvæði því, er hreppnum var selt með kaup- og afsalsbréfi, dags. 27. júlí 1919, en réttindi þessi voru undan skilin í nefndum kaupum.
>
> Matsverð eigna þessara, kr. 6,800.00, samkvæmt matsgerð, dags. 8. júlí 1953, hefir Hraunhreppur í Mýrasýslu þegar greitt, og er hann því löglegur eigandi að framangreindum varp- og veiðiréttindum frá dagsetningu þessa bréfs að telja.
>
> Kirkjumálaráðuneytið, 23. Júlí 1953
>
> Hermann Jónasson[117]

Fjallað er um Tjaldbrekku í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar*, III. bindi, frá árinu 1993. Þar segir:

> **TJALDBREKKA.** Árið 1840 reistu Sigurður Jónsson og Hólmfríður Eiríksdóttir nýbýli í fjalllendi Hítardals við norðurenda Hítarvatns og nefndu Tjaldbrekku. Bjuggu þau þar í 25 ár, og var Sigurður þá um tíma hreppstjóri í Hraunhreppi. Búið var á Tjaldbrekku samfellt til 1891 að fardagaárinu 1889–1890 undanskildu. Síðustu ábúendur voru Sigmundur Guðmundsson og Guðný Guðmundsdóttir.[118]

### 5.3.1 Aðliggjandi og tengd svæði

#### 5.3.1.1 Hítardalur

Kirkjunnar í Hítardal er getið í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, frá því um 1200.[119]

Landamerkjabréf Hróbjargarstaða og Hítardalsvalla var útbúið 7. febrúar. Þar segir m.a.:

---

[116] Skjal nr. 2(49).
[117] Skjöl nr. 4(117) og 8(4).
[118] *Byggðir Borgarfjarðar III*, Mýrasýsla og Borgarnes, bls. 327. Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1993.
[119] Skjal nr. 2(221).

> a, Hróbjargarstaða: milli Hítardals að sunnan ræður Hítará, en að norðan Klyfssandur upp í Klyfsborg, úr Klifsborg ræður sjónhending eftir eggjum ofan í Hrosshyrnu eða hnúk neðan til við Hrossadal, þaðan sjónhending í merkjatörn. Milli Hítardalsvalla ræður sjónhending úr Selborgarhrauni ofan í Hítará.
>
> b, Hítardalsvalla: milli Hítardals ræður Hítará ofan að Grettisbæli, milli Hítardalsvalla og Moldbrekku ræður Grettisbæli. Milli Skóganna og Moldbrekku eins og áður greinir.
>
> Staðarhrauni 7. Febrúar 1885
>
> Jónas Guðmundsson [120]

Landamerkjabréf Hítardals í Hraunhreppi var ritað í júní 1923 og því var þinglýst 21. júní 1924. Þar segir:

> 1. Móti afrjettarlandi Hraunhrepps:
>
> Frá Hítará undan miðju Valfelli bein lína austur yfir dalinn og eftir gjánni sem er neðan Svörtutinda og úr henni sama lína í hæstu bungu suðvestan Þorsteinstungudal (733m); þaðan ráða hæstu brúnir dalsins (Þorst.t.dals) að sunnan og í hæsta hnúkinn norðvestur af Háleiksvatni; þaðan ráða hæstu eggjar suðvestur í Dagmálafjallshyrnu.
>
> 2. Móti Helgastöðum:
>
> Úr Dagmálafjallshyrnu bein lína í stein á vestri brún Sljettaskarðs, þaðan beint í ytri vörðuna á Skútás, þaðan bein lína í lítinn klettstapa norðan Stekkjargil, þaðan beint vestur yfir tunguna þar sem Sandalækur kemur í Fljótalækinn, þaðan beint yfir hraunið í miðjan Stórhól þaðan í miðjan Grjóthól við Stígaveg.
>
> 3. Móti Staðarhrauni (=Haga):
>
> Úr miðjum Grjóthól bein lína í vörðu við Hítárá, norðan Kattarfoss.
>
> 4. Móti Völlum og Hróbjargarstöðum (Eyðijarðir)
>
> Þar ræður Hítará merkjum frá síðastnefndri vörðu alt inn á móts við miðju Valfells, sem er fast við ána að norðvestan. [121]

Landamerkjabréfið var samþykkt fyrir hönd hreppsnefndar Hraunhrepps, Staðarhrauns, Helgastaða, Hítardals, Hróbjargarstaða og Valla.

### 5.3.1.2 Hróbjargarstaðir og Hítardalsvellir

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Hítardalskirkju, frá því um 1570 kemur fram að Hróbjargarstaðir séu þá í eigu Hítardalskirkju.[122]

---

[120] Skjal nr. 2(5).
[121] Skjal nr. 2(9).
[122] Skjal nr. 2(59).

Í skráningu á Hróbjargarstöðum í jarðamati Mýrasýslu 1849-50, segir að Hróbjargarstaðir séu Hítardalskirkjukirkjueign, metin á 227 ríkisbankadali.[123]

Landamerkjabréf Hróbjargarstaða og Hítardalsvalla var útbúið 7. febrúar 1885:

> a, Hróbjargarstaða: milli Hítardals að sunnan ræður Hítará, en að norðan Klyfssandur upp í Klyfsborg, úr Klifsborg ræður sjónhending eftir eggjum ofan í Hrosshyrnu eða hnúk neðan til við Hrossadal, þaðan sjónhending í merkjatörn. Milli Hítardalsvalla ræður sjónhending úr Selborgarhrauni ofan í Hítará.
>
> b, Hítardalsvalla: milli Hítardals ræður Hítará ofan að Grettisbæli, milli Hítardalsvalla og Moldbrekku ræður Grettisbæli. Milli Skóganna og Moldbrekku eins og áður greinir.
>
> Staðarhrauni 7. Febrúar 1885
>
> Jónas Guðmundsson [124]

#### 5.3.1.3 Selárdalur

Landamerkjabréf fyrir Selárdal í Hörðudal var gert í maí 1883 og var því þinglýst 19. maí 1884:

> Frá veginumá Svínbjúgstún austur bjúgsbrúnina að gili því, sem er á miðri bjúgsbrúninni og rennur þar suður af bjúgunum, þaðan eins og vötnum hallar inn á Bustarhrygg eptir Bustarhryggnum í armótin Bustarár og Botnsár, þar sem þær falla í eitt, þaðan eptir því sem áin rennur ofan að hólmanum sem fjarrjettin stendur á, og eptir gamla árfarveginum, sem er undir rjettinni þaðan eptir því sem áin rennur ofan að Hafradalsármótum. Frá áður greindum vegi á Svínbjúgsbrún vestur Þröskuldardalsbrún, svo eins og vötnum hallar inn á Selardalssneis, af henni inn á Gautastaðasneis, þaðan sjónhending ofan að Hafradalsár upptökum syðst á Dýadal og eptir því sem áin rennur ofan að áðurgreindum ármótum Hafradalsár og Skraumu.[125]

Landamerkjabréfið var undirritað af hálfu Selárdals, Gunnarsstaða og Hóls.

#### 5.3.1.4 Ytri- og Fremri - Hrafnabjörg

Landamerkjabréf fyrir Ytri- og Fremri Hrafnabjörg í Hörðudal var útbúið 18. maí 1883 og var því þinglýst 28. maí s. á. Þar segir m.a.:

> Landamerki milli Hlíðar og Hrafnabjarga í klett með krossi fyrir ofan Markgróf, þaðan sjónhendingu ofan í Hörðudalsá í Hrafnalá vestanverðu við Seljalandsbæinn; úr fyrrnefndum klelli upp til Kornamúlagils, sem gilið ræður að vörðu þeirri, er stendur á vestari gilbarminum á klöpp með krossi, þaðan sjónhendingu í vörðu á há Grjóthálsi, og það (sic) vestur á Vatnshól og þaðan

[123] Skjal nr. 2(95).
[124] Skjal nr. 2(5).
[125] Skjal nr. 2(4).

vestur í Tvívörðuhól, þaðan sjónhending sunnan til við Lambaborg í Vörðu, er stendur ofan til við klettabrún, þaðan sjónhending í Leirgróf, sem hún fellur í Hörðudalsá, þaðan ræður Hörðudalsá landamerkjum upp til móts við miðja Markgróf. Innan þessara takmarka á Seljaland engjapart fremst á Hrafnabjargaengjum ofan að rúst, er stendur á árbakkanum, þaðan þvert upp í sýkið uppundir Fremri-Hrafnabjargatún. Fjallland sem Hrafnabjörg eiga, er sem hjer greinir: fyrst úr tjörninni vestanverðri á Mjóadalsdrögum, þaðan Mjóadal allan báðu megin suður í Hrútagil, eptir Hrútagili upp í Hrútaborg, ofan á Einhamra, úr Einhömrum ofan í Langá, sem Langá ræður ofan að Hundagili, eftir fyrrnefndu gili upp á hæstu brún, eptir fjallseggjum suður á Þórulind, þaðan eptir háeggjum syðst á Urðarmúla, þaðan í fyrrnefnda tjörn á vestanverðum Mjóadalsdrögum. Eptir máldaga Hrafnabjarga af anno 1393 tuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal. Innan þessara takmarka í fjalllandinu á Laugarvatnsdal á Seljaland sambeit við Hrafnabjargabændum eptir jarðarmegni.[126]

Landamerkjabréfið var undirritað af hálfu hálfra Ytri-Hrafnabjarga, Fremri-Hrafnabjarga, hálfrar Þorgeirsstaðahlíðar, Hlíðar og meirihluta Snóksdalseignar.

#### 5.3.1.5 Ytri – Hraundalur

Landamerkjabréf Ytri-Hraundals í Hraunhreppi var útbúið í september 1883 og því var þinglýst 3. júlí 1889. Þar segir m.a.:

1. Millum Hraundals og Svarfhóls frá Álftaskörðum, eftir brúnum, ofan á miðjum mýrhnúk af honum sjónhending í Landamerkjagil, á múlabrúninni. Síðan sjónhending í læk þann sem rennur gegnum melana, vestur undan gömlu fjárhústóftunum svo ræður sá lækur ofan í Melsá. –

2. Millum Hraundals og Mels – frá Melsá þar sem lækur í hana rennur, neðanvert við miðjan bóndahvamm sjónhending suður í klett á hraunbarðinu, með klöppuðum + á, þaðan sjónhendingu í vörðu, hjá stíg sem liggur ofan hraunið, svo ofan í stígamótin.

3. Millum Hraundals og Álftá, sjónhending úr stígamótum í Arnarklett.

4. Millum Haundalanna úr fyrrnefndum Álftaskörðum (skarðið), sjónhending í landamerkjaskriðu norðanvert við Þrætuflóa, á neðri Slídal úr skriðunni, sjónhending yfir Þrætuflóa (~~á neðri Slídal úr skriðunni sjónhending yfir Þrætuflóa~~) í hraunsnef með klöppuðum krossi á, þaðan ræður Slídalsá ofan að fossinum fyrir sunnan rauðhálsa. Svo úr fossinum sjónhending í lítið hraunbarð innarlega á innri völlunum. Þar er klappaður + í klett. Svo eftir sömu sjónhendingu í hól með vörðu á neðan- vert við vellina. Þaðan beint í vörðu í miðju hrauninu útnorður undan Seltóftunum, þaðan beint í Kjaraklett,

[126] Skjal nr. 2(27).

svo ofan hraunið til hádegishóls, austan til við alfaraveginn millum bæjanna, úr þessum hól sjónhending í Grjóthól, eftir sömu línu í Arnarklett.[127]

Landamerkjabréfið var undirritað af hálfu Ytri-Hraundals, Syðra-Hraundals, Staðarhrauns og Mels.

#### 5.3.1.6 Svarfhóll

Landamerkjabréf Svarfhóls í Hraunhreppi var gert 8. desember 1883 og því var þinglýst 3. júlí 1884. Þar segir m.a.:

1. Milli Svarfhóls og Ytrihraundals: Í fyrstu ræður stór þúfa, sem á framanverðum Svarfhólsmúla eða á bjarginu stendur og á fjallið upp úr sagðri þúfu, sjónhending í þann Múla, sem í norður veit og kallaður er Mýrdalsmúli, en þaðan neðra undir fjallinu, sjónhending úr fyrnefndri þúfu í þann kringlótta mel, sem er í Mýrinni, og sjónhending úr Mýrinni í læk þann, sem kallaður er landamerkjalækur, þar hann sig saman tekur úr Mýrinni austan til við Svarfhólsmúla, síðan ræður sá lækur fram í Melsá.

2. Milli Svarfhóls og Múlasels. Grjótá skiftir löndum frá Grjótárvatni og niður að svonefndum Brúarklettum.

3. Milli Svarfhóls og Staðarhrauns ræður sjónhending í vörðu fyrir sunnan Staðarhraunsstekk; úr þeirri vörðu ræður sjónhending í Hnjúkana, því næst í Hnúkalæk, þá ræður Hnúkalækur allt ofaní Melsá.

4. Milli Svarfhóls og Mels ræður Melsá þar til fyrnefndur landamerkjalækur kemur fram í hana.[128]

Landamerkjabréfið var samþykkt af hálfu Ytri-Hraundals, Múlasels, Staðarhrauns og Mels.

#### 5.3.1.7 Múlasel

Landamerkjabréf Múlasels í Hraunhreppi var endursamið og samþykkt í júlí 1923 og var því þinglýst 21. júní 1924. Þar segir m.a.:

1. Móti Helgastöðum:

Tálmi ræður merkjum frá því að Grjótá fellur í hann upp á móts við Nónnef, þaðan beint í Grástein á Grensás, þaðan bein lína um stóran stein skamt frá múlanum upp í hámúlann – Múlaselsmúla –, þaðan eftir hæsta hrygg múlans norð austur í Háheiðarkoll.

2. Móti afrjettarlandi Hraunhrepps:

Úr Háheiðarkolli bein lína í Grjótásós, þar sem áin hefir upptök úr vatninu.

3. Móti Svarfhóli og Staðarhrauni: þar ræður Grjótá frá því að hún fellur úr Grjótárvatni uns hún fellur í Tálma. Múlasel á slægnaítak á innanverðum Grjótárdal í Ofanflóa.[129]

[127] Skjal nr. 2(23).
[128] Skjal nr. 2(20).

Landamerkjabréfið var undirritað af hálfu Múlasels, afréttarlandsins, Staðarhrauns, Svarfhóls og Helgastaða.

#### 5.3.1.8 Helgastaðir

Í maí 1921 seldi ráðherra íslands Helgastaði. Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu af landamerkjaskrá Hítardals og Helgastaða frá 1. ágúst 1885 hefur fylgt drögum að afsalsbréfinu sem dagsett eru 17. maí 1921.[130] Í útskriftinni segir eftirfarandi:

> Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu.
>
> N° 79.
>
> Landamerki Hítardals
>
> [...]
>
> 2. Að austanverðu í Hítardal liggur landeign Hítardalskirkjujarðarinnar Helgastaða og eru landamerki Hítardals móts við Helgastaði þessi: úr Dagmálafjallsbrún í stein með + klöppuðum á, sem stendur á vestari brún Sljettaskarðs, þaðan sjónhending í ytri vörðuna á Skútás (með +) þaðan sjónhending í lítinn klettstapa (með +) fyrir norðan stekkjargilið, þaðan beint yfir tunguna, þar sem Sandalækurinn kemur í Fljótalækinn; þaðan beint yfir hraunið í Stórhól; úr miðjum Stórhól í miðjan Grjóthól við Stigaveg, því næst ræður Stigavegur suður í Tálma.
>
> [...]
>
> Landamerki Helgastaða
>
> 1. Að norðan og austan þau sem áður eru talin að sjeu merki móts við Hítardal.
>
> 2. Að sunnan eru merki móts við Múlasel eftir hámúlanum í stóran stein hjá veginum undir múlanum með + á; þaðan beint í Grástein á Grensá; þaðan beint í Nónnef, svo ræður Tálmi út að Stigavegi.
>
> 3. Að austan ráða fjallabrúnir að vestan frá Grjótárdal talið.[131]
>
> Jónas Guðmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið að Staðarhrauni, 1. ágúst 1885. Bréfið var samþykkt af Guðmundi Guðmundssyni, Einari Guðmundssyni ábúanda á Dunki, Kristjáni Sigurðssyni eiganda Álfatraða, Kristjáni Kristjánssyni eiganda að Selárdal. Það var síðan lesið á manntalsþingi að Lækjarbug 5. júlí 1886.

Landamerkjabréf fyrir Helgastöðum fannst ekki við kerfisbundna leit í hinum endurgerðu Landamerkjabókum sýslunnar frá 1923–1924.

---

[129] Skjal nr. 2(18).
[130] Skjal nr. 2(80).
[131] Skjöl nr. 2(80) og 2(199) a-b.

### 5.3.1.9 Staðarhraun

Í máldagabréfi Tanna og Hallfríðar, um gjafir til kirkju undir Hrauni (Staðarhrauni), sem ársett er 1120, segir m.a. eftirfarandi:

> Vndir Raune.
>
> Þau tanne ok hallfriþr hafa gefit til kirkiu vnder raune land þat halft meþ ollom lands nytiom.[132]

Kirkjunnar undir Hrauni (Staðarhraunskirkju), er getið í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, frá því um 1200.[133]

Í vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar fyrir Staðarhraunskirkju, frá 1. september 1658, segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Anno 1658 1 Septembris visiterud Mariu kyrkia under Hraune
>
> [...]
>
> Landamerke stadarens effter lysingu S. Jöns heitens Jönssonar sem leinge hiellt Þennan Stad og logfestu S. Halldörs Jönssonar Þar effter þesse tilgreind i millum Stadarhrauns og Hitardal rædur lækur sa sem rennur vti Kelldnä fyrer nordan allann Grensäs og nedan Valaskeid þadan rædur sionhending I þann einstaka stein sem upp under Mulanum stendur og so uppä Mulann Þar sem hann er hæstur þä rædur siönhending nordur I Þann störa Stein sem Stendur ä hlödum I ofanverdum hrisdal sem menn nu kalla Hettudal vr Steinenum rædur Siönhendjng I Häheyde vr häheyde räda hædstu fiallz eggiar framm effter ä millum Hitardals og griötärdals hvorn ad Stadarhraun ä. Sidan rædur ad Sunnann millum Stadarhrauns og Svarfhöls griötä framan undan Raudhalsum og heim i Bruarkletta, Þadan rædur Siönhending ofan i fuglstapa Þann sem nidur ä Hrauns nefenu Stendur fyrer sunnan Stadarhrauns Steck vr þeim fuglstapa siönhending ofan i Hnuka, Þadan rædur Hnuka lækur ofan i Melsä, Þä rædur Melsä ad nedan mille Bruarfoss og Stadarhrauns allt vti Kelldna sidan rædur Kelldnä ad vestann mille Stadarhrauns og Haga nordur i Lækiarösenn sem framm I hana kemur næst fyrer ofan gre<n>säs sem i fyrstu var nefnt, og hier effter tilseiger Biskupenn s. Halldore ad hallda medan ecke koma ónnur Sterkare Skiól er þessare lysing og lógfestu hrinde.[134]

Í kafla um Staðarhraun í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 er meðal annars umfjöllun um Múlasel. Þar segir m. a.:

> **Mulasel**, öðru nafni Mulakot, bygt í heimalandi staðarins á annari selstöðu en fyrr var getið, fyrir 15 árum. Ekki hafði þar fyrri bygd verið.
>
> […]

[132] Skjal nr. 2(220).
[133] Skjal nr. 2(221).
[134] Skjal nr. 2(133) a-b.

> Ekki er aldeilis misgreiníngarlaust um landamerki millum Staðarhrauns og Hítardals jarðar Helgastaða; þó hafa menn ekki haldið því til laga og brúka hverutveggi [svo] so sem nábúa samgöngur.[135]

Í jarðamati Mýrasýslu frá 1804 kemur fram að Staðarhraunskirkja eigi afrétt á Grjótárdal en enginn reki í hana nema heimajörðin. Afréttin verði þó fyrir miklum átroðningi frá nærliggjandi svæðum.[136]

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 segir að Staðarhraunskirkja eigi Grjótárdal:

> Staðurinn á fjallland, sem heitir Grjótárdalur, og hafa þar verið nokkrar slægjur, sem þó eigi geta komið að notum.[137]

Í jarðamati Mýrasýslu frá árinu 1849-50, kemur fram að jörðin Staðarhraun sé prestssetur, metin á 468 ríkisbankadali.[138]

Landamerkjabréf fyrir Staðarhraun var gert 22. janúar 1923 og það þinglesið 15. júní sama ár. Þar segir:

> Landamerki
>
> fyrir Staðarhrauni ásamt Haga eru þessi:
>
> Á móti Svarfhóli ræður merkjum sjónhending frá Brúar-klettum við Grjótá í vörðu fyrir sunnan Staðarhraunsstekk. Þaðan ræður sjónhending í Hnúkana og því næst Hnúkalækur ofan í Melsá.
>
> Á móti Brúarfosslandi ræður Melsá merkjum frá Hnúkalækjar-mynni og þar til hún fellur í Tálma. Þaðan ræður Tálmi þar til hann fellur í Hítará. Úr því ræður Hítará á móti landi þeirra jarða, er hjer skulu taldar:
>
> 1. á móti Brúarhrauni upp að Bretalæk,
>
> 2. á móti Moldbrekku frá Bretalæk upp á móts við Grettisbæli
>
> 3. á móti Vallnalandi frá Grettisbæli og þar til ofan til við Kattarfoss.
>
> Þá ræður merkjum móti Hítardalslandi sjónhending úr vörðu við Hítará í miðjan Grjóthól við Stigaveg. Þá ræður merkjum á móts við Helgastaðalandi Stigavegur frá Grjóthól að Tálma, en síðan Támi þar til er Grjótá fellur í hann.
>
> Loks eru merkin milli Staðarhrauns og Múlasels. Þar ræður Grjótá frá því er hún fellur í Tálma og upp á móts við Brúarkletta sem fyr getur.
>
> Staðarhrauni 22. janúar 1923
>
> Stefán Jónsson[139]

Landamerkjabréfið var undirritað af hálfu Svarfhóls, Brúarfoss, Brúarhrauns, Helgastaða, Hítardals og Múlasels.

---

[135] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 456.
[136] Skjal nr. 2(33).
[137] Skjal nr. 2(52).
[138] Skjal nr. 2(95).
[139] Skjal nr. 2(19).

### 5.3.1.10 Afréttur Álftaneshrepps

Sjá kafla nr. 5.4.

## 5.4 Fjalllendi Álftaneshrepps

Í sóknalýsingu Borgar- og Álftanessókna, eftir séra Pál Guðmundsson á Borg, frá árinu 1840 segir m.a.:

> AD 32. *Afréttarlönd* eru hér sem almenningur brúkar: Langivatnsdalur með til liggjandi fjöllum og afdölum; hafa þar upprekstur bæði Álftanes- og Borgarhreppur sem leita hvör til sinnar réttar..[140]

Í sóknalýsingu séra Þorkels Eyjólfssonar á Borg fyrir Borgar- og Álftanessóknir frá árinu 1873 segir eftirfarandi:

> 32. gr. *Afréttarlönd*. Álftanessóknarmenn eiga Álfthreppingaafrétt inn á fjöllum sameiginlega með öðrum Álfthreppingum og sækja Hraundalsrétt. En Borgarsóknarmenn eiga með öðrum Borghreppingum afrétt inná Langavatnsdal og Beilárheiði og sækja Þinghólsrétt.[141]

Landamerkjabréf fjalllendis Álftaneshrepps í Mýrasýslu var samþykkt 20. júní 1923 og var þinglesið 21. júní 1924. Þar segir:

> 1. Móti löndum Dalamanna:
>
> Merkin byrja á Sauðahrygg – sem er Klettahryggur fast við Mjóadalsá við austurhornið á Fossmúla – og liggja eftir hryggnum og hæstu brúnum Fossmúla allaleið að norður-horni Oks (=Tröllakirkju).
>
> Þessu eru samþykkir:
>
> Staddir að Hóli í Harðadal 19. júní 1923.
>
> Jósef Jónasson Hrafnabjörgum Fremri
>
> Fyrir hönd Ytri-Hrafnabjarga
>
> Finnur Þorsteinsson
>
> 2. Móti löndum Hraunhreppinga:
>
> Úr Tröllakirkju (Oki hjá Álfthreppingum) suðaustan Smjörhnúk – hjá Þórarinsdal – nálægt Þrengslum Þórarinsdalsbotna, suðaustan við Moldarmúla, vestanvið sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni og í austurhornið á vatninu; þá ræður vatnið og úr því Grjótá austan Kúfusand niður í Grjótárvatn. Úr suðausturhorni vatnsins bein lína í Álftaskörð.
>
> 3. Móti Ytri-Hraundal og Syðri-Hraundal:

[140] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 91.
[141] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 114.

> Úr Álftaskörðum um norðurbrúan Jafnadals og í Hrafnagil; það ræður svo í Sandvatn, en úr gilinu þar sem það kemur í vatnið bein lína í suðurhorn Lambafells.
>
> 4. Móti Grímsstöðum:
>
> Úr suðurhorni Lambafells bein lína í Skarðsheiðarvað á Langá.
>
> 5. Móti löndum Borghreppinga:
>
> Frá Skarðsheiðarvaði ræður Langá inní Langavatn. Þaðan ræður vatnið eins og það nær lengst inná Langavatnsdal, þaðan ræður Langvatnsdalsá að gljúfrum, Mjóadalsár og þaðan ræður Mjóadalsá að fyrstnefndum Sauðahrygg.[142]

Síðari hluti landamerkjabréfsins var undirritaður fyrir hönd Hraunhrepps, Álftaneshrepps og Borgarhrepps.

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar* III frá árinu 1993 segir eftirfarandi um afrétt Álftaneshrepps:

> *Afréttur Áfltaneshrepps*
>
> Afrétturinn er nokkuð víðáttumikið fjalllendi upp af sveitinni til norðausturs, og nær hann allt inn á mörk Mýra- og Dalasýslna. Aðliggjandi afréttir eru fjalllendi Borgarhrepps, Hörðudalshrepps (Dalasýslu) og Hraunhrepps.
>
> Mörk afréttarins eru samkvæmt landamerkjabók Mýrasýslu, svo sem hér fer á eftir.
>
> Móti löndum Dalamanna: Merkin byrja á Sauðahrygg, sem er klettahryggur fast við Mjóadalsá við austurhornið á Fossmúla, og liggja eftir hryggnum og hæstu brúnum Fossmúla alla leið að norðurhorni Oks (Tröllakirkju).
>
> Móti löndum Hraunhreppinga: Úr Tröllakirkju (Oki hjá Álfthreppingum), suðaustan Smjörhnjúks (hjá Þórarinsdal), nálægt þrengslum Þórarinsdalsbotna, suðaustan við Moldarmúla, vestan við sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni og í austurhornið á vatninu, þá ræður vatnið og úr því Grjótá austan Kúfuasands niður í Grjótárvatn. Úr suðausturhorni vatnsins beina línu í Álftaskörð.
>
> Móti Ytri-Hraundal og Syðri-Hraundal: Úr Álftaskörðum um norðurbrún Jafnadals og í Hrafnagil, það ræður svo í Sandvatn, en úr gilinu, þar sem það kemur í vatnið, bein lína í suðurhorn Lambfells.
>
> Móti Grímsstöðum: Úr suðurhorni Lambafells bein lína í Skarðsheiðarvað á Langá.
>
> Móti löndum Borghreppinga: Frá Skarðsheiðarvaði ræður Langá inn í Langavatn, þaðan ræður vatnið eisn og það nær lengst inn á Langavatnsdal. Þaðan ræður Langavatnsdalsá að gljúfrum Mjóadalsár, og þaðan ræður Mjóadalsá að fyrrnefndum Sauðahrygg.

[142] Skjal nr. 2(12).

[...]

Afréttarlandið nær að sýslumörkum Mýra- og Dalasýslna eins og áður segir. Beitargildi telst vera í meðallagi gott. Landið skiptist í nokkra dali, víðast með háum fjallshryggjum á milli með bröttum hlíðum og klettabeltum.

Helstu dalir eru: Langavatnsdalur, er hann stærsti dalurinn með mikið, gróið flatlendi. Innst á Langavatnsdal ganga tveir krappir þverdalir til vesturs. Sá innri er Fossdalur við Fossmúla og framar Hafradalur. Hár klettahryggur er á milli þessara dala, sem kallast Trumba, þar sem hann er hæstur. Fram af Trumbu fer hryggurinn lækkandi, og heitir þar Kattarhryggur. Er gott graslendi í lághlíðum þessara dala.

Sunnan við Hafradal er Langavatnsmúli, sem er nokkuð víðáttumikið fjalllendi, vel gróið. Nær hann að Langavatnsdal og með fram Langavatni niður undir vatnsenda. Vestan Langavatnsmúla er Kvígindisdalur. Þar er mikið hraun og frekar rýrt gróðurlendi. Fyrir botni dalsins er krappur móbergshryggur með lausum sandskriðum, og kallast þessi hryggur Sandur. Handan við Sandinn er botn Þórarinsdals.

Frá mynni Kvígindisdals, framan við hraunið, tekur við gróið fjalllendi með fram Langá til suðvesturs að Sandvatni. Heitir það Sandvatnsnes. Vestan við Sandvatn tekur við hraun, sem er samfellt fram allan Hraundal. Innst á Hraundal til norðurs eru tveir opnir dalir, vel grónir, sem heita Slýdalir. Upp frá þeim liggja tveir smádalir upp í fjallið. Sá innri heitir Mjóidalur en sá neðri Jafnidalur.

Frá Kvígindisdal til vesturs, samhliða Sandvatnsnesi, Slýdölum og Hraundal, er samfelldur, nokkuð breiður og hár fjallgarður, sem nær allt fram á brúnir Svarfhólsmúla. Hæstu fjallhnúkar þar eru Gjafi (752 m y.s.), innarlega á móts við Kvígindisdal, og nokkru innar tveir hnúkar saman (748 m y.s.), sem kallast Grashnúkar (Smjörhnúkar). Fjalllendi þetta er víða gróðurlítið, mikið af klettaköstum og melum, þar til kemur á móts við dalinn Hraundal neðarlega. Þar lækkar fjallið næst dalnum, og kallast það Selfjall. Það er vel gróið og gott beitiland.

Innanvert við Álftaskörð að norðanverðu er Grjótárdalur, tilheyrir hann Álftaneshrepp að sunnanverðu við Grjótá, innanvert við Grjótárvatn. Er þar grasgefið flatlendi frá vatninu nokkuð inn með ánni og hlíðin þar upp af nokkuð vel gróin, en þegar innar kemur á dalinn, hækkar landið og gróður fer minnkandi.

Hraundalur er að mestu undirlagður af hrauni, þó eru tvö svæði vel gróin valllendisgróðri, sem ganga inn í hraunið frá hlíðinni að norðanverðu. Þessi svæði kallast Neðri- og Innrivellir.

Hlíðin að sunnanverðu í dalnum er nokkuð vel gróin, og heitir hún Situfsstaðahlíð. Þegar upp á múlann kemur taka við klettaköst og melar með mýrarsundum á milli.

Eigendur og ábúendur allra bújarða í hreppnum eiga upprekstrarrétt á afrétt fyrir sauðfé og hross að svo miklu leyti, sem það takmarkast ekki af hreppsnefnd samkvæmt heimildum, sem hún hefur þar um eftir lögum.

[…]

Veiðirétt í afrétti eiga þeir sömu og upprekstrarrétt eiga. Veiðiréttur í Langavatni er röskur einn þriðji hluti á móti Borghreppingum, veiðiréttur í Langá er frá vesturbakkanum. Í Sandvatni og Slýdalstjörn á Álftaneshreppur allan veiðirétt. Veiði þessi er nú leigð á félagslegum grunni, önnur en veiði í Sandvatni, sem er ekki leigð.[143]

### 5.4.1 Langavatnsdalur

Í máldaga Þorláks biskups Þórhallssonar fyrir kirkju undir Hrauni (Staðarhrauni) frá árinu 1185, segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hraune.

Mario kirkia vndir raune a heima land oc annat at forse [Brúarfossi] meþ ollom gæþom. [...] afreitr j langa vatzdal notum [nautum] ollom. oc lia eigi oþrom.[144]

Í máldaga Hítardalskirkju frá árinu 1354 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

HijtarDalur.

Allra heilagra kyrkia j Hitardal a heimalannd allt med gognnum oc giædum. knarrarnes. tungufell. alftá. saura lannd. vollu. molldbrecku. midskog. ysta skog. Bruarhraun. haga. hraunsmula. Setuhraun. Onndurdtt nes. hellu lond ij. Reka a gomlu eýre. afreit j Lanngavatnnsdal. letorfnna skvrd j hofstada lannd. a x hesta. laxaveidi ad helmijnngi j hafsfiardara. Huolzeýiar halfar.[145]

Í máldaga Gyrðis biskups Ívarssonar fyrir kirkju undir Hrauni (Staðarhrauni) frá árinu 1354 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Stadarhraun.

Mariu kirkia vnndir rauni a heima lannd allt.

[...]

Fimm hunndrad jnnann gätta oc lannd j eydi vnndir brvarforsi.[146]

---

[143] *Byggðir Borgarfjarðar III*, Mýrasýsla og Borgarnes, bls. 384 – 389. Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1993.
[144] Skjal nr. 2(54).
[145] Skjal nr. 2(60).
[146] Skjal nr. 2(55).

Þann 31. desember 1393 var jörðin Hrafnabjörg í Hörðudal seld með tilgreindum landamerkjum. Í kaupbréfinu segir m. a.:

> [...]
>
> Miouadal allan so sem vatnsfôll deila vr tiorninne midre til motz vid hitdæla badum megin ofan i sópandaskard. Tuttugu gelldfiar kugilldabeit i Langavatnzdal.
>
> [...][147]

Í Vilchinsmáldaga fyrir Hítardalskirkju frá árinu 1397 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Hitardalur.
>
> Allra heilagra kirkia j Hitardal a heimaland allt med gógnum oc giædumm. Knararnes. Tungufell. Alftta. Saura lannd. Wollu. Molldbrecku. Midskog. Ysta skog. Bruarhraun. Haga. Hraunsmvla. Setahraun. Ondurtnes. Helluland ij. reka halfann a gomlu eyri. afriett j Langavatsdal. letorfnaskurd j Hofstada land a x hesta. laxveidi ad helmingi i Hafsfiardara. Hualseyar halfar.[148]

Í máldaga Staðarhraunskirkju, sem talinn er frá árabilinu 1491-1518, segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Mariu kyrkia vnder Hraune a heimaland og annad ad Fossi med øllum giædum. Afriettur í Langavatnsdal naut ollum og lia ei odrum.[149]

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Hítardalskirkju frá því um 1570 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Hijtardalur.
>
> Allra heilagra kirkia i Hijtárdal á heimaland alltt. reka hálffann á Gømlueyre. affriett i Langavatzdal. Lietorffnaskurd i Hoffstada land á .x. hesta. Laxveide ad helminge i Haffiardará. Hualzeyiar hálffar med øllum giædum.
>
> Jtem allann reka á Vigdijsarstødum.
>
> Jtem á kirkian thessar jarder. Hrobiargarstade.Helgastade. leigd fyrer .c. Suarbholl leigd fyrer .c. Altarland. leigd fyrer c.Saurar. landskylld Lxxx. alner. Krossnes leigd fyrir c. Knaranes. leigd fyrer .ij$^{c}$ og .x. vætter sølua. Bruarhraun. leigd fyrer .c. Setahraun. leigd fyrer .vij. ærgillde. Hraunsmule. leigd fyrer .x. aura. Litlu skogar leigd fyrer c. skogar leigd fyrer c. Molldbrecka leigd fyrer c. Veller leigd fyrer c.Hage leigd fyrer .Lxxx. alner.
>
> Jtem Aundverdanes attágillde [svo] Hella leigd fyrer
>
> iij$^{c}$.
>
> Jtem .ij. eydikot. Arnarstapi og Gielldingaeyiar. [...]

[147] Skjal nr. 2(294).
[148] Skjal nr. 2(64).
[149] Skjal nr. 2(58).

Jtem á kirkian alleina reka fyrer aullum sijnum jørdum.[150]

Í vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar fyrir Hítardalskirkju frá 19. september 1642 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> [19. september 1642] Allraheilagrakyrckia I Hijtardal ä heimaland alltt med gógnum og giædum til þeirra landamerkia er Biskupinn oskar aff Sera Þordi Jonssyni ad vottud Sendist til Skalholltts Innan 12 manada ad eign edur heffdarhalldi sem og Jardanna allra, hun ä reka halfann ä gómlu eyri afriett I Langavatsdal fyrer alltt sitt giellidfie helldur Hijtardalsskrä [fyrer-Hijtardalskrä, úti á spássíu] lietorfnaskurd I Hofstadaland a 10 hesta [...][151]

Í vísitasíu Þórðar biskups Þorlákssonar fyrir Hítardalskirkju frá 20. september árið 1676 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> 20 septembris [1676] Allra heilagra kÿrkia i Hÿtardal ä Heimaland allt med gógnum og giædum Reka hälfann a Gomlueyre / Afrett i Längavatnsdal fyrer allt Sitt Gelldfie, effter þui Sem I Visitatiubok M. Brynjölfs er Skrifad effter Hytardals Skrä, Lietorfnaskurd i Hofstadaland ä 10 hesta, [...][152]

Í ódagsettri lögfestu séra Jóns Halldórssonar fyrir Hítardalskirkju, sem þinglesin var 1697, segir m.a.:

> Eg Jón Halldórsson lögfeste her j dag minn veitingar stad Hýtardals stad, med allre sinne heimalands eign og giædum, selförum og Jtökum, nefnelega, geldfiár afrett á Langavatnsdal, lietorfnaskurd J Hofstada landi [...].[153]

Í prófastsvísitasíu Hítardalskirkju frá 17. maí 1694 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Sama dag visiterud Allrah. kirkia ad Hÿtardal. Hün a heimaland allt med gógnum og giædum effter Maldógum Biskupanna. Reka halfann a Gómlu Eyre. Afriett I Längavatnsdal firer allt Sitt gielld fie Effter þui Sem gietur I visitatione Anno 1642. Huar vænst er ad þad I tak Sie Skriffad effter Hytardals Skrä. Lie torfna Skurd I HoffStadaLand a x Hesta. Lags veide ad helmynge I Hafffiardarä. Huals Eÿar halffar xxx hndr. Med ollum giædum. Item Allan Reka a Vigdÿsarstódum.[154]

Í lögfestu séra Jóns Halldórssonar fyrir Hítardalskirkju, sem var þinglesin á manntalsþingi að Lækjarbug þann 19. apríl 1699, segir m.a.:

> Eg Jón Halldórsson Lógfesti hér í Dag minn Veitingarstad Hytardal med allri hans Heimalands Eign, Selförum og Hytardals kyrkju Itókum, nefnilega Gjeldfjár Afrétt á Langavatnsdal, Létorfnaskurdi í Hofstada [...][155]

[150] Skjal nr. 2(59).
[151] Skjal nr. 2(119) a-b.
[152] Skjal nr. 2(120) a-b.
[153] Skjal nr. 2(42).
[154] Skjal nr. 2(172) a-b.
[155] Skjöl nr. 2(36) og 2(43) a-b.

Í vísitasíu Jóns biskups Vídalíns fyrir Hítardalskirkju frá 27. ágúst 1702 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Anno ut supra d. 27 Augusti [1702] visiterud Allra Heilagra kirkia ad Hÿtardal Hun a Heimaland allt med gógnumm og giædumm Reka halfann ä Gomlueÿre afriett i Langavatnzdal firer allt sitt gielld fie effter þvj sem i visitatiubok M. Briniolfs er skrifad effter Hÿtardalz skrä lietorfna skurd i Hofstada land ä 10 hesta[...].[156]
>
> Skrifad vitna eg til Nærstaddra Dänemanna, sem ord Mijn heira.[157]

Í umfjöllun um Borgarhrepp í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 er að finna umfjöllun um Langavatnsdal. Þar segir m.a.:

> Lángevatns Dalur heitir eyðipláts í fjöllum þeim, er liggja ámillum Mýrasveita og Breiðafjarðardala. Það er almenn sögn og fyrir satt haldið, að í þessum dal hafi að fornu bygð verið og lítil sveit. Kemur mönnum ekki saman um tölu bæjanna, hvað margir verið hafi. Þrír eru nefndir. Borg, sem verið skuli hafa kirkjustaður. Vatnsende annar, og skuli sjást á báðum þessum bygðarmerki forn. Þriðja Hafurstaðir. Ekki sjást þar girðíngar. Fleiri bæi kunna menn ei að nefna. Þessi sveit skal eyðilagst hafa í plágunni miklu, þá hjer var pest á landinu Anno 1400. Hefur síðan aldrei bygst, og er ómögulegt að byggja fyrir vetrarríki. Er það nú brúkað fyrir afréttarland á sumur, sem fyr segir. En öngvu að síður eru vissum kirkjum eignuð ítök á þessum Lángavatnsdal í vissum takmörkum, sem síðar mun getið verða. En ekki vita menn, að eftir þau ítök hafi tollar goldist fyrir beit afrjettarpeníngsins, heldur hefur beitin lángvarandi haldist og brúkuð verið í óþakklæti tollfrí, af þessari sveit að sunnanverðu, en Álftanesshrepp að vestan, í þessum Lángavatnsdal.[158]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* er Langavatnsdalur tekinn sem dæmi um eyðisveit. Þar segir:

> Eyðisveitir, hvar eru (sem Hrafnkelsdalur, Langavatnsdalur, Krossárdalur, ut puto, nescio an Hvinverjadalir).[159]

Í athugasemd Árna Magnússonar í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* kemur fram að Langavatnsdalur sé almenningur. Þar segir:

> 43. Það sem hér er skrifað um Langavatnsdalseign, er í bland órétt undi<r>éttað og þarf því að corrigerast [þ.e. leiðréttast], nefnilega um ítök í dalinn. Hann er almenningur so nær sem Hafrastaðir.[160]

[156] Skjal nr. 2(123) a-b.
[157] Skjöl nr. 2(141) a-b og 2(164) a-b.
[158] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 379.
[159] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, XIII. Fylgiskjöl. Reykjavík, 1990, bls. 42.
[160] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, XIII. Fylgiskjöl. Reykjavík, 1990, bls. 483.

Í umfjöllun um Hraunhrepp í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 segir eftirfarandi í umfjöllun um Akra:

> Kirkjan á eftir sínum máldögum hálfan Kvíindisdal á móts við Hjörtseyjarkirkju.
>
> Enn á hún eyðiból nokkurt, það er heitir H a f r a s t a ð i r, og menn ætla sje á Hafradal, sem gengur út af eyðilandinu Lángavatnsdal. [Það vill þá vera það, sem í Borgarhrepp eru skrifaðir H a f u r s s t a ð i r]. Af hverugu þessu síðastnefndu landsplátsi hafa nú Akramenn gagn um lángar stundir.[161]

Í umfjöllun um Hraunhrepp í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 segir eftirfarandi í kafla um Hítardal:

> Afrjett á Lángavatnsdal fyrir alt sitt geldfje.[162]

Í umfjöllun um Álftaneshrepp í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 segir eftirfarandi í kafla um Hvítstaði:

> Afrjett brúkar þessi jörð, so sem aðrar í sveitinni, fyrir geldfje og lömb, og stundum fyrir naut og hesta vestantil á Lángavatnsdal, tollfrí um lángan aldur. En fyrir átroðníng, sem þetta afrjettarfje gjörir í Hraundalslandi syðra, er venja, að hvör maður gjaldi til bóndans í Hraundal v fiska virði árlega, sá sem þetta afrjettarfje á. Fyrir 4 árum var þessi rjett eður upprekstur eki brúkuð um nokkur ár sökum harðinda og grasleysis.[163]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* eru eftirfarandi jarðir í Álftaneshreppi sagðar eiga afrétt á Langavatnsdal með sama hætti og Hvítstaðir: Háihóll, Valshamar, Urriðaá, Langárfoss, Smiðjuhólskot, Leirulækur, Lambastaðir, Miðhús, Suðurbær, Litlibær, Álftanes, Sandhús, Straumfjörður, Knararnes, Vogalækur, Hofstaðir, Krossnes, Álftárós, Þurrholt, Álftárbakki, Arnarstapi, Álftártunga, Grímsstaðir og Syðri-Hraundalur.[164]

Nánar tiltekið segir um þetta í umfjöllun *Jarðabókarinnar* um Syðri-Hraundal:

> Afrjett ut supra, og er fje úr þessari afrett rekið alt í þessarar jarðar land að Hraundalsrjett, og fyrir þann átroðning, sem rjettarfjeð og hestar fólksins, sem þángað sækir, gjöra í landinu, geldur hver bóndi, sem fje rekur til rjettarinnar, eitt v fiska virði, vide Hvítstaði supra.[165]

---

[161] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 441.
[162] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 459.
[163] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 382.
[164] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 380-417.
[165] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 417.

Um afréttarnot hjáleigna Álftaness, sem þá voru Tangi, Einarsneskot, Kvíslhöfði, Fornasel og Sandhús, segir eftirfarandi:

> Afrjett og haga brúka hjáleigurnar óskift, so sem hvör þarf af heimajarðarinnar landi, og afrjett á Lánga Vatnsdal ut supra.[166]

Þann 3. maí 1710 var þinglesin á manntalsþingi að Lækjarbug lögfesta séra Jóns Halldórssonar fyrir Hítardalskirkju. Þar segir:

> Eg Jon prestur Halldorsson Lögfesti hier i dag minn Veitingarstad Hytardal med allri sinni heimalands eign Selförum Afriettum og Hýtardals kyrkiu Itökum nefnilega gielldfiár afriett á Lángavatnsdal, [...]
>
> Lögfesti eg fyrrnefnds Hýtardals stadar og straxgreindra Jarda akra og tödur, eyngiar og úthaga, Lýng og Skóga, hollt og haga, votn og Veidistadi og allar Landsnytiar til fialls og fjöru þær greindum Stad og Jördum fylgia eiga og fylgt hafa ad riettu, til ytstu ummerkia, er adrir menn eiga í móti. Fyrirbýd eg hverium manni hjedan af i ad vinna edur sier ad nýta nema mitt sie lof edur leyfi til.
>
> [...]
>
> Þesse Lögfesta var upplesen af Eruverdugum Prófastenum Sr Jóni Halldórssyni d. 3de May 1710 á Lækiarbugs Manntals þynge Þyngsöfnudenum áheyrande, og fram kom Eingen sá þad sama sinn mote mællte, til merkis underskrifud nöfn loco ut supra.[167]

Lögfesta fyrir Hítardal var lesin upp á manntalsþingi að Kaldárbakka þann 4. júní 1712, þar segir:

> f, fyrir Hÿtardal, Helgastödum, Völlum, Hrobjargastödum, Molldbrecku, Sydre og Ytriskógum, Hraunsmúla, Brúarhrauni og Setahrauni 1712.
>
> Eg Jón Haldórsson Lögfesti hér í dag minn Veitingarstad Hÿtardals Stad, med allri sinne Heimalands Eign og gjædum, Selförum og Itökum, nefniliga Gjeldfjár Afrétt á Lángavatnsdal
>
> [...]
>
> Lógfeste eg fyrrnefnds Hÿtardals Stadar og hérgreindra Hytardals kyrkju Jarda, akra og Tódur, Eingar og Úthaga, Líng og Skóga, Vótn og Veidistadi, Hollt og Haga og allar Landsnytjar til Fjalls og Fjóru, þær greindum Stad og hérnefndum Jórdum fylgja eiga og fylgt hafa ad réttu ad fornu og nýu til greindra[168]

Í vísitasíu Hítardalskirkju frá 13. október 1724, segir m.a. um eignir kirkjunnar:

---

[166] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 396-399.
[167] Skjal nr. 2(44) a-b.
[168] Skjöl nr. 2(37) og 2(88) a-b.

Hitardalur

Allra heilagra kyrkia ad Hytardal, A heimaland Allt med gógnum og giædum, Reka halfann a GómluEire, Afriett ij Langavatnsdal fyrer allt sitt gielldfe, efter þvi sem ij Visitatiu Mag: Brinjölfs er skrifad efter Hytardals Skrä, Lietorfna Skurd ij Hofstadaland a 10 hesta,

[...][169]

Þann 23. apríl 1731 var þinglesin lögfesta séra Jóns Halldórssonar fyrir Hítardalskirkju. Þar segir:

Eg Jon prestur Halldorsson Lögfeste hier i Dag minn Veiting<arstad> Hÿtardal med allre sinne Heimalandseign, Selförum afriettum og Hytardalskyrkiu Itökum Nefnelega Gielldfiar afriett á Lángavatnsdal lietorfnaskurde i Hofstada lande á tÿ́u Hesta

[...]

Lögfeste eg fyrrnefnds Hytardals stadar og straxgreindra jarda, akra og tödur eyngiar og úthaga, Líng og Skóga hollt og haga, Vötn og Veidestade og allar Lands Nytiar til fialls og fiöru þar greindum stad og Jördum fylgia eiga og fylgt hafa ad riettu til Ytstu ummerkia er adrer menn eiga í móte fyrer býd eg hvörium manne hiedan af j ad vinna edur sier ad nýta nema mitt sie lof edur leyfe til. – Ad vitne Virduglegs valldsmannsins Sigurdar Högnasonar og annara erlegra manna sem ord mín heira. Til merkis mitt nafn hier under med eigen hende. Jón Halldórsson.[170]

Í ódagsettri lögfestu séra Jóns Halldórssonar fyrir Hítardalskirkju frá árinu 1733 segir m.a.:

Eg Jon prestur Halldorsson Lögfeste hier I dag minn Veitingar Stad Hytardal, med allre hanns Heimalands Eign, og Hytardals Kyrkiu Itökum nefnelega gielldfiár afriett á Lángavatnsdal Lietorfnaskurde i Hofstadalande [...][171]

Í prófastsvísitasíu Hítardalskirkju frá 31. maí 1737 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hun (Kyrkiann) a Heimaland allr med gógnum og giædum reka hälfann a gómlu Eyre, afriett I Längavatnsdal fyrer allt sitt gieldfe effter þvi sem i Visitatiu Bök M. Brinjolfs er skrifad effter Hytardals Skrä, [...].[172]

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, frá árunum 1752-1757, segir m.a. eftirfarandi um Langavatnsdal:

Nú á tímum er Langavatnsdalur ágætis afréttur. Til forna var þarna kirkjusókn með fjölda bæja. Byggðin lagðist í eyði í plágu þeirri, sem geisaði á Íslandi

[169] Skjal nr. 2(124) a-b.
[170] Skjal rn. 2(45) a-b.
[171] Skjal nr. 2(89) a-b.
[172] Skjal nr. 2(176) a-b.

1402-1404 og kölluð er *svarti dauði*. [...] Það gegnir furðu, að svo fagurt hérað skyldi ekki byggjast upp á ný, þó að nágrannabændurinir kysu heldur að nota það sem ókeypis afrétt fyrir búsmala sinn. Þegar við fórum um Langavatnsdal sumarið 1754, sáum við hin fornu tún standa þar í fullum blóma, rétt eins og þau hefðu notið árlegrar umhirðu og áburðar. Árið 1255 var dóttir prestsins í Langavatnsdal talin ein auðugastur kvenkostur á öllu Vesturlandi, og biðlaðis Þorgils skarði til hennar, en hann var af ætt Sturlunga og umboðsmaður Hákonar konungs.[173]

Í vísitasíu Hítardalskirkju frá 27. maí 1759 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hÿtardalur

Dag 27 Maji [1759] Visiterud Kyrkiann ad Hytardal. Hun ä Heimaland allt med Gógnum og Giædum Reka halfann ä Gómlu Eyre, Afrett i LängaVatnsDal fyrer allt sitt gielldfe, effter þvi sem I Visitatiu Mag. Brinjolfs er skrifad, effter Hytardals Skrä.

[...].[174]

Á árunum 1770-1771 var Landsnefndinni fyrri falið að kanna m.a. Langavatnsdal með tilliti til viðreisnar eyðibyggða.[175]

Í svari Þorgríms Sigurðssonar sýslumanns í Mýrasýslu til Landsnefndarinnar, frá árinu 1770, er dalurinn nefndur „Eyde Plátz“ og fram kemur að hann sé nýttur sem „Almennings Afriett“:

Eyde Jarder eru hier eingar edur þær sem nytsamlegt synest ad útbygdar sieu framar enn eru. Ad visu er hier eitt Eyde Plátz, sem fyrer nockrumm Hundrud Árumm skal hafa byggt vered, kallad *Lángevatnsdalur*, ummkringdur ummhverfes af Fiöllumm, sem nú synest ej helldur byggelegur, þar bæde er af Ám og Fiallskridumm fordiarfadur. Efter hönumm miög so endelaungumm liggur Vatn eitt, kallad *Langavatn*, hvors ádur er geted, og meinast i þvj Meingd af Silunge. Hefur þetta Plátz brúkast fyrer Almennings Afriett og til þess hellst hentugt, einkumm fyrer Saudfie, þá til var, þar Landslagenu hagar þannenn.[176]

Þann 3. júní 1782 lögfesti séra Halldór Finnsson eignir Hítardalskirkju. Lögfestan var þinglesin samdægurs og þar segir m.a.:

Eg Undirskrifadur Logfesti hier med minn Veitíngar stad Hýtardals stad, med allri sinni heima-land-eign og giædum, selförum og Jtökum. En einkum lögfeste eg allann Dalinn Hítardal, nordan af Biúg, og jafngegnt bádum fiallaendum í nedanverdum Dalnum, þar med allar hlydir fiallanna og afdali tveimmeigin, so lángt sem vötnum hallar ad adurgreindum Dal. Fyrir

[173] *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*, I. bls. 177.
[174] Skjal nr. 2(126) a-b.
[175] *Landsnefndinn 1770–1771* I. bindi. Bergsteinn Jónsson sá um útgáfu, Rvk 1958, bls. 13.
[176] *Landsnefndin 1770–1771*. II. bindi. Bergsteinn Jónsson sá um útgáfu, Rvk 1961, bls. 161-162.

bjódandi einum og sierhverjum, þetta áminsta landspláts ad beita, brúka, edur sier i nockurn máta nýta: nema eg þeim þad leifi.

[...]

Fyrirbýd eg einum og sierhvörium þessi kyrkjunnar Jtök og hlunnindi á nockurnveg ad nýta sier edur brúka, nema mitt sie lof edur leifi þar til, liggiandi vid fullar laga sektir, ef nockur hier á móti giörer an míns samþickis. – Hýtardal 3. Júnii 1782. Halldor Finnsson.

Upplesin fyrer manntalsþings Retti á Kaldárbacka d. 3ie Junij 1782. P. Axelson, Brandur Brandsson, Einar Eireksson.[177]

Í vísitasíu Hítardalskirkju frá 23. ágúst 1783 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hýtardalur

Hún á Heimaland alt med gögnumm og giædumm,

[...]

Þessar Jarder á Kyrkiann: Hrobiargarstade, Helgastade, Velle, Svarfhól, Alfta á, Saura, Krossnes, Knararnes, Brúarhraun, Setuhraun, Hraunsmúla, Litluskóga, Midskóga, Haga, Moldbrecku, Öndverdarnes, Hellu, Arnarstapa og Gieldingaeyar. Enn framar á hún Afrett i Lángavatnsdal fyrer allt sitt Geldfe, Letorfna Skurd i Hofstadaland á 10 Hesta, Laxveide ad Helmínge i Haffiardará, og Hvalseyar hálfar, 30 hndr. med öllumm giædumm.[...].[178]

O.Stephensen.[179]

Þann 26. mars 1790 voru lögfestar eignir Hítardalskirkju. Í lögfestunni segir m.a.:

Eg underskrifadur Lögfeste hier med minn Veitingar Stad, Hytardals Stad med allre sinne heima lands Eygn og giædum, Selförum, og Itökum, En einkum Lögfeste eg allann dalinn Hytardal Nordan af Biúg og Jafngegnt bádum Fialla endum I nedanverdum Dalnum, Þar med allar Hlyder Fiallanna og afdal tveimmeigen so langt sem vötnum hallar ad adurgreind[um] Dal; Fyrerbjódande einum og sierhvörium þetta áminsta [l]andspláts, ad beyta, brúka, edur sier í nockurn máta nýta, nema eg þeim þad leife, Enn mitt leyfe fá ey þar til, neme þeir sem til betalings fyrer Átrodning og Hagbeit Peníngsins hier [i] Dalnum um Sumartýmann, taka af mier Fódur um Vetrar tým[a]nn. Giöre nockur í móte þessare minni Lögfestu og beite Pening sínunm á áminnstann Dal án minnar vitundar og Samþickes, þá legg eg vid þær frekustu lagasektir.

[...]

[177] Skjal nr. 2(91) a-b.
[178] Skjal nr. 2(130) a-b.
[179] Skjal nr. 2(267) a-b.

23. Ditto sama, um somu Jörd nokkud fáordari af 1795 (innfærist ecki).[180]

Lögfestan var þinglesin á manntalsþingum 7. 8. 12 og 12. apríl 1790.

Í umfjöllum um Hítardal í jarðamati Mýrasýslu frá 1804 segir m.a.:

En afrett haves hvor paa kan indtages Lam og Beder om Sommeren fra adskillige Jorder i Bogden i mod Jntægt 5[rd] (omkostninger med faarefolder fraregnet) som er imod en koe.[181]

Í prófastsvísitasíu Hítardalskirkju frá 14. nóvember 1810 er m.a. fjallað um útmælingu fyrir nýbýli á Langavatnsdal. Þar segir:

Þess ber ad minnast: Ad eftir Stadarhalldarans Sra B: Benedictssonar undirréttíngu, hefir ófyrirsynju vered utmælt út Níbíla upptekníngar Bonda fra Alptanesi Jorundi Olafssyni Hitardals kyrkju Eign Afrettar Land fyrir Stadarins Geldpening [Stadarins Geldpening, orðaröð leiðrétt með tölustöfum ofan línu] a sokolludum Langavatnsdal, hvert Land velnefndur Presturinn alitur Hitardals Beneficiario fÿrir nærverandi sem eftir-Tíd aldeilis omissandi, hvar Fyrir honum tilsegist a tilhlydil. Stodum ad anmælda Þenna Misfánga og eftir Skylldu sinni hafa naqvæma Tilsion yfir, ad hverki þetta edur annad gangi undann kyrkjunni; Ad ödruleiti beheldur hun sinum Eigindomi utann sem innann stocks.[182]

Í prófastsvísitasíu Hítardalskirkju frá 15. desember 1812 er m.a. fjallað um nýbýli á Langavatnsdal. Þar segir:

A vidkomandi Stödum hefir Presturinn síra Björn géfid til kÿnna Níbíla Upptekníngu a Hitardals kyrkju tilheirandi Afrettarlandi a Lángavatnsdal, en til datum eckert áreidanlegt [áreidanlegt, ofan línu] Svar ödlast.[183]

Í prófastsvísitasíu Hítardalskirkju frá 4. janúar 1814 er minnst á byggð á Langavatnsdal. Þar segir:

Húsid er í öllu sama Ástandi sem nærsta Visitatia gétur um, beheldur ogso öllum sínum Eigindómi utan sem innan Stocks ad undanteknu Afrettar Landi á Langavatnsdal, sem fyri nærverandi tíd [tíd, ofan línu] er bÿgdt, þo [án] Stadarhalldarans Sira B. Benedictssonar Leÿfis of Samþÿckis.[184]

Í vísitasíu Hítardalskirkju frá 10. ágúst 1831 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hýtardalur

Anno 1831 d. 10 Augusti visiterade biskupinn yfir Islandi Steingrímur Jónsson Riddari af Dannebrogen kirkjuna ad Hýtardal. – Hún á Heimland allt med gögnum og gjædum; [...]

---

[180] Skjal nr. 2(92) a-b.
[181] Skjal nr. 2(33).
[182] Skjal nr. 2(179) a-b og 2(252) a-b.
[183] Skjal nr. 2(180) a-b.
[184] Skjal nr.2(181) a-b.

> En framar á hún Afrétt á Lángavatnsdal fyrir allt sitt Géldfé – Ljetorfnaskurd í Hofstada Land á 10 Hesta; [...].[185]

Í ódagsettri lögfestu fyrir Hítardalskirkju frá 1832 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> [...] lögfesti hjer i dag minn Veitingarstad Hýtardal med [öll]um hans heimalands gögnum og gjædum og selförum og Hyta[r]dals kyrkju itökum og eignum, nefniliga: gjeldfjár afrett á Lángavatnsdal, ljetorfnaskurd i Hofstada landi á 10 hesta
>
> [...][186]

Þann 12. júní 1832 voru lögfestar eignir Hítardalskirkju. Þar segir m.a.:

> [...]- lögfesti hjer í dag minn Veitíngastad Hýtardal med allri hans heimalandseign, gjædum og selförum og Hýtardalskyrkju ítökum og eignum, nefniliga: Géldfjár afrétt á Lángavatnsdal, ljetorfnaskurdi í Hofstada landi á tíu hesta, [...]
>
> Lögfesti eg fyrrnefnds Hýtardals stadar og hérgreindra Hytardals kyrkjujarda og eignir og tödur, eingjar og úthaga, lýng og skóga, vötn og veidistadi, holt og haga, og allar nytjar til fjalls og fjöru, þær greindum Stad og jördum fylgt hafa og fylgja eiga ad réttu, fyrirbýd eg hvörjum manni hédan af, utan mitt sé lof eda leyfi til, þessi pláts innan tédra takmarka ad yrkja, brúka, beita eda til nokkurs afraksturs eda ágóda notka, hvört heldur snertir veidiskap, eda hvad annad, sem er móti þessari minni Lögfestu – hvör bygd er á fornum og nýrri gyldandi [strikað yfir: lögum] skjölum, eldri og nýrri óuppátöludum lögfestum, opt ítrekudum frá 1695 til vorra tíma; - En breyti nokkur móti þessari minni lögfestu, legg eg þar vid þær frekustu sektir, sem lög mér leyfa, og eptir sem þá þörf krefur; og vilji nokkur lögfestu þessa uppátala, hafi hann gjört þad í tækann tíma uppá lögligann máta, ella gyldi þessi mín lögfesta sem óuppátölud, eptir lögum. Þessu til stadfestu er mitt undirskrifad nafn og hjáþrykt Signet.[187]

Lögfestan var þinglesin á manntalsþingum 12. og 13. júní 1832.

Í sóknalýsingu Borgar- og Álftanessókna, eftir Pál Guðmundsson á Borg, frá árinu 1840 segir:

> Ad 31. *Selstöður*. Öngvir bæir í Borgarþingum eiga selstöðu utan Knararnes, það á selstöðu í Álftáróslandi sem fyrir nokkrum mannsöldrum er aflögð og ekki notuð, en hvörsvegna vita menn ei.
>
> Ad 32. *Afréttarlönd* eru hér sem almenningur brúkar: Langivatnsdalur með til liggjandi fjöllum og afdölum; hafa þar upprekstur bæði Álftanes- og Borgarhreppur sem leita hvör til sinnar réttar. Heitir sú Hraundalsrétt sem

[185] Skjal nr. 2(132) a-c.
[186] Skjal nr. 2(169) a-b.
[187] Skjal nr. 2(94) a-b.

Álftaneshrepp tilheyrir, en hin Þinghólsrétt sem tilheyrir Borgarhrepp og eru báðar haldnar; sú síðarnefnda fimmtudaginn, hin föstudaginn 21 viku af sumri.[188]

Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 fyrir Staðarhraunskirkju segir um Grjótárdal:

Staðurinn á fjallland, sem heitir Grjótárdalur, og hafa þar verið nokkrar slægjur, sem þó eigi geta komið að notum.[189]

Þann 6. júní 1849 voru lögfestar eignir Hítardalskirkju. Í lögfestunni segir m.a.:

Eg Thorsteinn Erlendsson Hialmarsen, Soknarprestur til Hytardals Safnadar, og Prófastur fyrir Mýrasýslu Prófastsdæmi, lögfest hér í dag minn veitíngarstad Hýtardal med allri hans heimalands eign selförum, afréttum, og Hytardals kyrkju ítökum, nefnilega: Géldpenings Afrétt á Lángavatnsdal fyrri allt sitt géldfé, Túngufell […].[190]

Lögfestan var þinglesin sama 6. og 8. júní 1849.

Í sóknalýsingu Stafholts- og Hjarðarholtssókna, eftir séra Ólaf Pálsson í Stafholti, frá árinu 1853 segir:

8. ‹*Dalir.*› Á bak við Múla þá sem eru nefndir í 2. gr. og norðan megin Gljúfurár liggur heiðlendi lágt upp að Langavatni og byrjar þá *Langivatnsdalur* þegar vatnið tekur við og nær frá suðri til norðurs allt að Sópandaskarði er vötnum hallar til Dalasýslu. Vestanvert að dal þessum liggur Langavatnsmúli (syðst), Hafradalslok og Fossmúli (nyrst), austanvert Réttamúli (syðst), og Borgarhraunseggjar. Fyrir dalbotninum er Víðimúli. Út úr Langavatnsdal að vestan liggja afdalirnir *Hafradalur* milli Hafradalsloks og Fossmúla, og fyrir norðan Fossmúla Fossdalur inní Dalafjöll. Fyrir austan Réttarmúla liggur Hróbjargardalur (Róðsbjargardalur) og er að austanverðu við hann Moldarmúli. Fyrir austan þennan múla liggur *Fossdalur* en aðeins þessi (hin nyrðri) hlið hans liggur til Stafholtsskóknar. Á milli bæjanna Múlakots og Grísatungu liggur *Grímsdalur*; að vestanverðu við hann er heiðlendið Beilárheiði, að austan Múlakotsmúli.

[…]

32. *Afréttarlönd*. Bæir þeir allir sem eru milli Norðurár og Gljúfurár [eiga afrétt] í *Bjarnadal*, sem mestur er Stafholtskirkju land, en lítið eitt almenningur. Þar er og upprekstur nokkurra bæja í Norðurárdal. Bæirnir vestan Gljúfurár eiga afrétt á *Langavatnsdal*. [191]

[188] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 91.
[189] Skjal nr. 2(52).
[190] Skjal nr. 2(48).
[191] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 68.

Um afréttarlönd Hörðdælinga í Dalasýslu segir séra Vigfús Reykdal í Miðdalaþingum í sóknalýsingu sinni frá árinu 1855:

> Hörðdælingar hafa haft upprekstur innanvert á Langavatnsdal, sem er almenningur. Hörðdælingar hafa rétt í Seljalandi og rétta mánudaginn í 21. viku sumars; til hennar leita og allir Borghreppingar úr Mýrasýslu.[192]

Í sóknalýsingu Borgar- og Álftanessókna, eftir séra Þorkel Eyjólfsson á Borg, frá árinu 1873 segir eftirfarandi:

> 32. gr. *Afréttarlönd*. Álftanessóknarmenn eiga Álfthreppingaafrétt inn á fjöllum sameiginlega með öðrum Álfthreppingum og sækja Hraundalsrétt. En Borgarsóknarmenn eiga með öðrum Borghreppingum afrétt inná Langavatnsdal og Beilárheiði og sækja Þinghólsrétt.[193]

Þann 25. júlí 1890 var gerð úttekt á Staðarhraunskirkju. Þar segir m.a.:

> Árið 1890, 25. júlí var prófasturinn í Mýraprófastsdæmi Magnús Andrjesson staddur að Staðarhrauni, til þess eptir fyrirskipun biskupsins yfir Íslandi í brjefi 27. f.m., að láta taka út Staðarhraunsprestakall og kirkju af fráfarandi presti sjera Jónasi Guðmundssyni, sem 2. f.m. var veitt lausn í náð frá prests embætti.
>
> [...]
>
> Auk kirkjujarða þessara á prestakallið þessi ítök og hlunnindi: (sjá á næstu bls.)
>
> [...]
>
> 3. Hálfa laxveiði í allri Haffjarðará.
>
> 4. Upprekstur í Langavatnsdal.
>
> 5. Skipsuppsátur á Sandi.[194]

Landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps var staðfest 2. nóvember 1920 og því var þinglýst 25. júní 1923. Þar er merkjum afréttarlandsins lýst og bréfið undirritað um samþykki vegna aðliggjandi landsvæða, þ. á m. Ytri-Hrafnabjarga. Við undirritun sína skrifaði Hjörtur Sigurðsson eiganda Ytri-Hrafnabjarga eftirfarandi athugasemd:

> Samþykkur framanskrifuðum landamerkjum að öðru leyti en því að Hrafnabjörg eiga samkvæmt Hrafnabjarga máldagatuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal.

Vegna þessa ritaði Jóhann Magnússon, f.h. hreppsnefndar Borgarhrepps, eftirfarandi athugasemd í bréfið:

---

[192] Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1855, (2003)*, bls. 36.
[193] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873, (2005), bls. 114.
[194] Skjal nr. 2(134) a-b.

> Ath. Hrafnabjargamáldagi getur ekki um hvoru megin á Langavatnsdal ítak Hrafnabjarga er. Ítakið er því sennilega á öllum dalnum beggja megin, eða aðeins að vestanverðu.[195]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1953 er fjallað um dali í Mýrasýslu. Þar segir m.a.:

> [...] Innan Grísatungu er Grímsdalur og gengur inn norður í fjallgarðinn vestan Vikrafells. Hróbjargardalur er þar nokkru norðar. Þaðan falla vötn til Langavats.
>
> Langivatnsdalur er þar litlu vestar. Er það mikill dalur og víður. Norður frá honum gengur Víðidalur. Þrír smádalir ganga vestur frá honum: Mjóidalur nyrst, þá Fossadalur og syðst Hafradalur. Austan Grímsstaðamúla, 484 m, er Grenjadalur, en bak við hann að norðan er Hraundalur. Talið er, að hann hafi verið framhald Langavatnsdals og Langá fallið vestur hann, en farvegur hennar breyzt, er eldgos varð innst í dalnum og hraun hlóðst þar upp. Borgardalur liggur norður frá mynni Hraundals og austan Svarfhólsmúla inn undir Tindaborg, 627 m. Grjótárdalur er norðvestan Svarfhólsmúla. Inn frá Hítardal eru ýmsir minni dalir, og er Þórarinsdalur þeirra langmestur. Gengur hann frá suðurenda Hítarvatns austur milli fjalla.[196]

Í kafla um Dalasýslu í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1947 er fjallað um Langavatnsdal. Þar segir:

> *Langavatnsdalur* var áður fyrr og til skamms tíma tíðafarin leið. [...] Liggur leið þessi inn frá Hörðudal, inn Laugardal til suðvesturs og þvert upp úr honum yfir fjallhrygg allhán, Er þar skarð í hrygg þennan, er Sópandaskarð heitir, en tindar allháir beggja vegna. Þegar upp á skarðið er komið, hallar suður af niður í Langavatnsdal. Dalur sá er stór og grösugur. Slægjulönd eru þar allgóð. […] Leiðin suður Langavatnsdal er blautlend suður að Langavatni, er þar yfir mýrar að fara með fram lækjum. Þegar kemur að Langavatni, verður dalurinn hrjóstrugri, skriður að vestan og varla stingandi strá, en að austanverðu er graslendi nokkurt, þar sem Beylá rennur út í vatnið. Hrossastóð heldur sig mikið á grasflákunum norðan vatnsins og var þar nautaganga á sumrum langt fram á 19. öld, en eitt sumar fórust öll nautin í vatninu, [...]. Hætti þá nautarekstur á dalinn [...]. Silungsveiði er allmikil í vatninu og nytja Borghreppingar hana. Heyjað hefur verið á dalnum í grasleysisárum og heyinu ekið suður til byggða á vetrum. Síðast veit ég til, að þar hafi verið heyjað grasleysissumarið 1918. Skal ekki orðlengja meir um þessa leið, enda telst Langavatnsdalur til Mýrasýslu.[197]

[195] Skjal nr. 2(15).
[196] *Árbók Ferðafélags Íslands* (1953), bls. 11.
[197] *Árbók Ferðafélags Íslands* (1947), bls. 22.

### 5.4.1.1 Heimildir um byggð á Langavatnsdal

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1709 er að finna umfjöllun um forna byggð á Langavatnsdal. Þar segir m.a.:

> Lángevatns Dalur heitir eyðipláts í fjöllum þeim, er liggja ámillum Mýrasveita og Breiðafjarðardala. Það er almenn sögn og fyrir satt haldið, að í þessum dal hafi að fornu bygð verið og lítil sveit. Kemur mönnum ekki saman um tölu bæjanna, hvað margir verið hafi. Þrír eru nefndir. Borg, sem verið skuli hafa kirkjustaður. Vatnsende annar, og skuli sjást á báðum þessum bygðarmerki forn. Þriðja Hafurstaðir. Ekki sjást þar girðíngar. Fleiri bæi kunna menn ei að nefna. Þessi sveit skal eyðilagst hafa í plágunni miklu, þá hjer var pest á landinu Anno 1400. Hefur síðan aldrei bygst, og er ómögulegt að byggja fyrir vetrarríki. Er það nú brúkað fyrir afréttarland á sumur, sem fyr segir.[198]

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, frá árunum 1752-1757, segir m.a. eftirfarandi um Langavatnsdal:

> Nú á tímum er Langavatnsdalur ágætis afréttur. Til forna var þarna kirkjusókn með fjölda bæja. Byggðin lagðist í eyði í plágu þeirri, sem geisaði á Íslandi 1402-1404 og kölluð er *svarti dauði*. [...] Það gegnir furðu, að svo fagurt hérað skyldi ekki byggjast upp á ný, þó að nágrannabændurinir kysu heldur að nota það sem ókeypis afrétt fyrir búsmala sinn. Þegar við fórum um Langavatnsdal sumarið 1754, sáum við hin fornu tún standa þar í fullum blóma, rétt eins og þau hefðu notið árlegrar umhirðu og áburðar. Árið 1255 var dóttir prestsins í Langavatnsdal talin ein auðugastur kvenkostur á öllu Vesturlandi, og biðlaðis Þorgils skarði til hennar, en hann var af ætt Sturlunga og umboðsmaður Hákonar konungs.[199]

Á árunum 1770-1771 var Landsnefndinni fyrri falið að kanna m.a. Langavatnsdal með tilliti til viðreisnar eyðibyggða.[200]

Í svari Þorgríms Sigurðssonar sýslumanns í Mýrasýslu til Landsnefndarinnar, frá árinu 1770, er dalurinn nefndur „Eyde Plátz“ og fram kemur að hann sé nýttur sem „Almennings Afriett“:

> Eyde Jarder eru hier eingar edur þær sem nytsamlegt synest ad útbygdar sieu framar enn eru. Ad visu er hier eitt Eyde Plátz, sem fyrer nockrumm Hundrud Árumm skal hafa byggt vered, kallad *Lángevatnsdalur*, ummkringdur ummhverfes af Fiöllumm, sem nú synest ej helldur byggelegur, þar bæde er af Ám og Fiallskridumm fordiarfadur. Efter hönumm miög so endelaungumm liggur Vatn eitt, kallad *Langavatn*, hvors ádur er geted, og meinast i þvj Meingd af Silunge. Hefur þetta Plátz brúkast fyrer Almennings Afriett og til

198 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 379.
199 *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*, I. bls. 177.
200 *Landsnefndinn 1770–1771* I. bindi. Bergsteinn Jónsson sá um útgáfu, Rvk 1958, bls. 13.

þess hellst hentugt, einkumm fyrer Saudfie, þá til var, þar Landslagenu hagar þannenn.[201]

Þann 17. janúar 1789 skrifaði Ólafur Stephensen amtmaður skýrslu um málefni Snæfellsness- og Hnappadalssýslna. Í skýrslunni minnist hann m.a. á ferð sína á Langavatnsdal og þar segir:

Paa min Overreise lod jeg desuden være vigtig for mig:

a). At besee Langevandsdalen, en heel Bygd, som har lagt öde siden 1402, da den saakaldede *sorte död* overgik Jsland, som skildte landet ved dets fleeste Indbyggere, og satte Langevandsdalen tillige med mange andre steder öde, hvilken ei kunne beboes igien formedelst folkemangel. Stor Under, at denne Dal skulle ei være bleven optagen i næsten 400 aar derefter, da Egnen er meget smuk, bestaaende af slette græsmarker langs efter Dalen, med fielde til begge Sider bevoxne med græs, Vider og krat, der ansees for de allerbedste Beedemarker for faar, kiör, stude og heste. J Langevandsdalens söndre Deel, ligger en meget stor og fiskerig Söe, Langevatn kaldet, paa Vandet saaes mange Svaner og Ænder, som formodentlig lægge sine Æg paa de smaae holme som ere i samme. J Dalen fandt jeg, tillige med Sysselmand Gudmund Ketilsen, som jeg tog med, da denne Egn ligger i Myre Syssel eller paa vestre Skardsheide, to steder hvor kiendelig havde været Bygninger, omgivne med Tune eller hiemmemarker, og en höide midt i Dalen hvor Præstegaarden fordum kaldet Borg, skulle have staaet. Der angives at Langevandsdalen skulle have bestaaet af 6 à 7 gaarde foruden Præstegaarden, men nu synes at ikkun 3 à 4 gaarde kunne opbygges i denne egn for det förste, eller forinden Jorden havde faaet nogle aars duelig Rögt og Dyrkelse.

[...]

Jndreholm den 17de Januarii 1789[202]

Í jarðamati Mýrasýslu frá 1804 er að finna umfjöllun um Langavatnsdal. Þar er vísað til umfjöllunar í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* um forna byggð á Langavatnsdal:

J den gamle Jordebog findes end videre anmærket, om 3de Öde-jorder paa Langevatnsdal som er en ubeboet Strækning i fiældene mellem Myre og Dale Sysseler, hvor over gaaer en alfare Vej. Denne Egn har i aller ældste Tider været beboet, og man veed at benævne fleere der da beboede Stæder, end Borg, Vatnsende og Hafurstad (hvor af nogle skal have tilhört forskjellige kirker) uden dog at kunde sige hvor den ene eller anden Jord skulde have lagt. Egnen betragtes nu som en alminding, og haves deraf ingen videre nytte, end at faar fra afretterne der om kring, gaae der vildt om Sommeren.

[201] *Landsnefndin 1770–1771.* II. bindi. Bergsteinn Jónsson sá um útgáfu, Rvk 1961, bls. 161-162.
[202] Skjal nr. 2(267) a-b.

> Saa giöre og under Tiden nogle Bönder i Selskab Reiser til en fersk Söe i denne Dal, for at fange foreller i samme, dog skeer dette ikke en gang aarlig aars.[203]

Í ritinu *Almenn Landaskipunarfræði* frá árinu 1821 er m.a. umfjöllun um forna byggð á Langavatnsdal:

> Fyrra parts önnur deild: Norðurlönd.
>
> Síðari parturinn:
>
> [...]
>
> 4. Lángá um Mýrasveit og kémr hún til siáfar í Borgarfiörð, hún kémr frá Skarðsheiði eðr Lángavatni, er liggr á heiðinni 3 mílr frá bygð báðumegin og í dal þeim, er Lángavatnsdalr kallast; hann liggr í út og sudr og er 3 mílr á lengd; fyrrum var dalrinn bygðr og ein kyrkiusókn, en lagðist í eyði öndverðliga á 15. öld í enum svo kallaða Svartadauða; nú er þar grösugt afréttarland, en þó vel byggiligt, með því at þar eru landkostir góðir og mikil veiði í vatninu.
>
> [...][204]

Í sóknalýsingu séra Ólafs Pálssonar í Stafholti á Stafholts- og Hjarðarholtssóknum frá árinu 1853 segir m.a.:

> 38. *Eyðijarðir* má telja: Borg[205] og *Hafursstaði* sem tjást verið hafa á Langavatnsdal […].[206]

Árið 1896 skrifaði Brynjúlfur Jónsson greinina „Rannsókn nokkurra eyðibyggða í Mýrasýslu sumarið 1895“ í *Árbók hins íslenzka fornleifafélags.* Þar er m.a. fjallað um eyðibyggð á Langavatnsdal:

> I. Langavatnsdalur
>
> Í jarðabók Árna Magnússonar eru nefnd þrjú eyðibýli á Langavatnsdal, Borg, Vatnsendi og Hafurstaðir. Auk þess nefna munnmæli Hurðarbak, Torfastaði og Sópanda. Er sagt að Borg hafi verið kirkjustaður dalbúa, og hafi þar þjónað prestur frá Hítardal. Einn þeirra, er Guðmundur hjet, varð úti á Gvendarskarði, er hann fór heim frá messu á annan í jólum. Það skarð liggur milli Hafradals sem er afdalur norðvestur úr Langavatnsdal, og Þórarinsdals, sem gengur upp af Hítardal.
>
> […]
>
> Þann 21. júlí 1895 fór jeg að skoða Langavatnsdal. Til fylgdar hafði sjera Jóhann í Stafholti útvegað mjer Jón bónda Guðmundsson á Valbjarnarvöllum,

[203] Skjal nr. 2(33).
[204] Skjal nr. 2(281) a-b.
[205] Þar var nýbýli fyrir tæpum mannsaldri síðan, en lagðist niður af örbirgð.
[206] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 68.

er hann vissi kunnugastan, fróðastan og mest hneigðan fyrir að athuga fornleifar, af þeim mönnum er þar var kostur á. En hjer var, því miður lítið að sjá. Við skoðuðum alla þá staði, sem munnmæli benda á, að bæir hafi verið, og aðra þá staði, sem okkur þóttu líklegir til þess eftir landslagi. En hvergi var að sjá neinar leifar fornra bæja. Tóftin eftir kotið var hið eina, sem sýndi, að þar hefði menn búið nokkurn tíma. Rústir hinna fornu bæja, allra nema Borgar, eru án efa horfnar í skriður, sem þar eru víða. Á Borg hefir kotið eyðilagt rústina.

Mjer þykir samt eiga betur við að tala nokkuð um hvert bæjarnafnið fyrir sig; og verður þá fyrst að geta þess, að Langavatn tekur yfir allt undirlendi i suðurhelmingi dalsins, svo þar hafa aldrei bæir getað verið, nema ef til vill á Baulárvöllum, sem liggja í litlum afdal, austur frá suðurhorni vatnsins. Þar hefir verið fagurt og byggilegt, en engin sjást þess merki og engin munnmæli geta þess, að þar hafi bær verið.

*Vatnsendi* á að hafa staðið undir vesturhlíð dalsins fyrir innan vatnsendann. Þar eru miklar skriðu breiður.

*Hafurstaðir* eiga að hafa staðið við minnið á Hafradal. Sjálfur er dalurinn þröngur og undirlendislaus. Á rennur fram úr honum, og hefir hún brotið burtu sljetta velli, sem verið hafa við dalsmynnið, svo nú er að eins lítið eftir að þeim.

*Borg* á að hafa staðið á sjerstökum hól austan megin í dalnum, litlu neðar en móts við Hafradal. Þar er nú tóft kotsins, en allar aðrar byggðarleifar horfnar.

*Hurðarbak* á að hafa verið í hvarfi litlu skammt fyrir innan Borg. Þar sjást engar rústir, og mun gil hafa sljettað yfir þær.

*Torfastaðir* er óvíst hvar verið hafa. Jón hafði ekki heyrt nein munnmæli um það. Mjer kom í hug að gizka á, að þeir hafi staðið sunnan undir svo nefndum Rauðhól. Það er grjóthóll úr mórauðu brecciu-grjóti, sem skagar austur í dalinn innarlega úr hlíðinni sem er fyrir innan Hafradal. Meðan allar hliðar voru grónar og skógi vaxnar, hefir þar verið einna fegurst í dalnum, og líklegt að landnámsmaðurinn hafi þar byggt. Sennilegt er líka, að *Torfastaðir* sje sama bæjarnafn sem *Torfhvalastaðir*, sem víst er eitthvað afbakað. Verið getur að bærinn hafi ýmist verið nefndur Torfastaðir eða Torfahváll (hafi hann staðið við hólinn); hafi svo söguritarinn, eða þó heldur einhver afskrifari, misritað «Torfhvalastöðum« í staðinn fyrir: »Torfahváli eða Torfastöðum«. Um þetta verður ekkert fullyrt.

*Sópandi* á að hafa verið undir múlanum milli Sópandaskarðs, - er liggur norður úr dalnum, - og Víðdals, er liggur austur úr norðurenda hans. Lækur kemur þar ofan úr Sópandaskarði um gljúfur djúpt, og er líklegt að bærinn hafi verið þar nálægt sem lækurinn kemur, fram úr gljúfrinu. Nákvæmar er

> ekki hægt að gizka á það. Þó segja Hörðdælir, að Sópandi hafi staðið undir Þrúðufelli, uppi í skarðinu; en það er ólíklegra, og sjást heldur engin merki.[207]
>
> […]
>
> Athugasemd um Langavatnsdal.
>
> Maður heitir Halldór Bjarnason, hann er nú sjötugur og blindur og dvelur á Ásbjarnarstöðum í Stafholtstungum. En áður bjó hann á Litlu-Gröf í sömu sveit. Hafði hann tekið við búi eftir foreldra sína. Hjá þeim var, á síðustu búskaparárum þeirra, sveitarkerling, er Halldóra hjet Guðmundsdóttir, fædd í Hlöðutúni 1766 […]. Síðasta ár æfi sinnar var hún hjá Halldóri, fyrsta búskaparár hans, og dó þar 1843. […] Hún sagði honum ýmislegt um Langavatnsdal, sem hún hafði heyrt: Þar hefði verið 14 bæir, er þeir voru flestir. En ekki kunni hún að nefna aðra en *Borg, Vatnsenda, Hafurstaði, Brennunes* og *Sópanda. Vatnsendi* sagði hún hefði verið vestanmegin í dalnum fyrir innan vatnið, undir fjallinu milli gilja tveggja, er þar koma ofan. *Hafurstaðir* sagði hún að hefði verið vestanmegin í dalnum fyrir innan vatnið, undir fjallinu milli gilja tveggja, er þar koma ofan. *Brennunes* hafði hún ekkert heyrt um, hvar verið hefði, en Sópandi afði hún heyrt að verið hefði undir Þrúðufelli fyrir ofan dalbotninn. Sjálfur kom Halldór oft í Langavatnsdal, og veitti eftirtekt, hvort rústir sæist þar sem kerling hafði tilnefnt. Þá er hann kom þar fyrst 1840, (unglingur hjá foreldrum sínum) sá hann þúfnabarð, þar sem kerling hafði vísað á Hafurstaði. En er hann kom þar síðar, hafði áin brotið af þessu þúfnabarði meir og meir, og 1887, er hann kom þar síðast, var það mjög svo horfið. Annað þúfnabarð, sem hann hugði rúst, sá hann innanvert við Rauðhól, sem er vestanmegin í dalnum, áfastur við Okið, það fjall skilur Hafradal frá megindalnum. Þetta varð eða rúst var upp undir Okinu, mjög óglöggt og umkringt skriðum. Gat hann til að þar hefði *Brennunes* verið. Það hafði Halldóra enn fremur sagt, að í ungdæmi sínu hefði almennt verið talið víst, að *Borg* væri sami bær sem *Torfhvalastaðir*, er Landnáma nefnir. Sá bær hefði verið mestur í dalnum, en þar næst Hafurstaðir. Einnig hafði hún heyrt, að tveir bæir mundu hafa verið á *Baulárvöllum.*[208]

Í kafla um Dalasýslu í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1947 er fjallað um Langavatnsdal. Þar segir:

> *Langavatnsdalur* var áður fyrr og til skamms tíma tíðafarin leið. [...] Dalur sá er stór og grösugur. Slægjulönd eru þar allgóð. Munnmæli segja, að þar hafi verið byggð allt fram að Svartadauða frá landnámsöld, er Bersi hinn goðlausi hóf þar búskap og bjó að Torfhvalastöðum. Hitt þykir mér sennilegra, að þar hafi ekki haldizt byggð til lengdar, og víst er um það, að Staðarhraunskirkja á

[207] Brynjúlfur Jónsson, „Rannsókn eyðibyggða í Mýrasýslu sumarið 1895“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* (1896), bls. 14 - 16.

[208] Brynjúlfur Jónsson, „Athugasemd um Langavatnsdal“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* (1896), bls. 41 – 42.

> nautauppprekstur á dalinn þegar á 12. öld, og Hítardalur á þar upprekstrarland um miðja 14. öld, og fyrir 1400 er seld með Hrafnabjörgum sumarbeit (ítak) í Langavatnsdal fyrir 20 geldfjárkúgildi. Nefndir hafa verið þrír eða fjórir bæir, auk landnámsbæjarins, sem þar hafa átt að vera, en ekki sjást nú verksummerki þeirra. Þar sem bærinn Borg átti að hafa staðið, var reist nýbýli um aldamótin 1800, og hurfu þá síðustu leifar hins forna bæjar. Mér virðist líklegt, þar sem talað er um nautagöngu eða upprekstur á Langavatnsdal almennt, að þá hafi engin byggð verið þar, annars mundi hafa verið talað þar um afmarkað svæði eða t.d. „í landi" ákveðinnar jarðar. Mundi það þá helzt hafa verið eyðijörð. Í Sturlungu er nokkrum sinnum getið ferða yfir Langavatnsdal, en aldrei er þar getið bæja. Sennilegt er, að byggð hafi ekki haldizt þar lengur en eitthvað á þriðju öld, eða fram yfir 1100. Nýbýlið á Langavatnsdal varð ekki langætt. Voru þar hjón með tveimur börnum. Þegar börnin voru nokkuð á legg komin, drapst eldurinn þar um vetur og fór bóndinn til byggða að sækja eld, en það er alllöng leið. Gerði þá hríð á hann, og varð hann úti. Náð var þó í eld, en þegar fram á veturinn leið, varð þar bjargarlaust. Náði þá dóttirin hesti inni í Hörðudal og slátraði honum. Komst upp stuldurinn, og var móðir og börnin bæði flutt úr dalnum og refsað, en kotið fór í eyði.[209]

Í kafla um Borgarhrepp í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar* III frá árinu 1993 er að finna umfjöllun um eyðibýli í hreppnum. Þar segir m.a.:

> **HAFURSSTAÐIR/HAFRASTAÐIR**. Hafursstaðir/Hafrastaðir voru meðal þriggja eyðibýla, sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir, að nefnd séu á Langavatnsdal. Eru Hafursstaðir taldir til eigna Akrakirkju í þeirri bók, en Akramenn hafi ekkert gagn haft af um langar stundir. Engin byggðamerki sáust á Hafursstöðum 1709 að sögn Jarðabókarinnar. Líklegt er, að jörðin hafi verið vestan Langavatnsdalsár gegnt Borg, en þar heitir Hafradalur og Hafradalseyrar.
>
> […]
>
> **TORFHVALASTAÐIR.** Torfhvalastaðir voru býli Bersa goðlauss Bálkasonar, sem nam Langavatnsdsal, samkvæmt frásögn Hauksbókar Landnámu. Ekkert er vitað um, hvar Torfhvalastaðir voru, enda er ekki getið búenda á Langavatnsdal fyrrum nema Bersa.
>
> **VATNSENDI.** Vatnsendi var annað býlið ásamt Borg, sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns nefnir á Langavatnsdal, þar sem byggðarleifar áttu að sjást 1709. Engar frekari sögur ganga af byggð á Vatnsenda. Ekki er vitað, hvar býlið stóð.[210]

209 *Árbók Ferðafélags Íslands* (1947), bls. 22.
210 *Byggðir Borgarfjarðar III*, Mýrasýsla og Borgarnes, bls. 227 – 228. Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1993.

### 5.4.1.2 Kvígindisdalur og Hafurstaðir

Í máldögum Hjörseyjarkirkju frá því um 1200, 1354, 1397, 1439 og 1574 er ekkert getið um Kvígindisdal.[211]

Í máldaga Akrakirkju frá árinu 1258 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> hvn a halft land heima oc .vj. kyr. oc .cc. frið oc hafrstaðe halfa.[212]

Í máldaga Akrakirkju frá árinu 1354 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Hafurstadi halfa.[213]

Í Vilchinsmáldaga Akrakirkju frá árinu 1397 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Mariukirkia aa Ökrum a heimaland halft. Hafurstadi halfa.[214]

Þann 2. júní árið 1478 seldi Grímur Aronsson hálfa jörðina Hjörsey (Hersey) á Mýrum til Guðna Jónssonar. Fram kemur að jarðarhelmingnum fylgi í kaupunum helmingur í Seli og Hamraendum en ekki er minnst á Kvígindisdal.[215]

Með tveimur bréfum, hinu fyrra dagsettu þann 10. maí árið 1480 og hinu síðara dagsettu þann 27. júní árið 1481, seldi Helgi Aronsson hálfa jörðina Hjörsey til Guðna Jónssonar. Þar kemur ekkert fram um Kvígindisdal.[216]

Í máldaga Akrakirkju, sem talinn er frá árabilinu 1491-1518, segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Mariu kýrkia ad Økrum a heimaland halfft. Prestur þar skal hafa hejtolla af 7 bæium og qvijndisdal allann med Sandnese, halfa Hafurstade, hann skal og annast naud syniar allar fyrer sunnann Kalfualæk.[217]

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Akrakirkju, frá því um 1570, kemur m.a. fram um eignir kirkjunnar:

> Kirkian ad Aukrum á heimaland hálfft. Kviendisdal allann med Sandnese. hálffa Haffursstade.[218]

Þann 9. desember árið 1570 gaf Þorsteinn bóndi Torfason Guðrúnu dóttur sinni jörðina Hjörsey til eignar. Ekkert kemur fram um réttindi jarðarinnar á Kvígindisdal.[219]

Í vísitasíu Akrakirkju frá 31. ágúst 1642 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Mariukyrckia ä Aukrum ä heimaland halfft hafurstadi halfa [eyða] epter Bädum mäldógunum, enn epter Visitatiu Bökinni framar Kvijindisdal allann

[211] Skjöl nr. 4(125) – 4(128) og 4(132).
[212] Skjal nr. 2(84).
[213] Skjal nr. 2(85).
[214] Skjal nr. 2(86).
[215] Skjal nr. 4(129).
[216] Skjal nr. 4(130).
[217] Skjal nr. 2(87).
[218] Skjal nr. 2(59).
[219] Skjal nr. 4(131).

med Sandnesi er nu huorrtveggia eydi, Framar seigir vilchinsmäldagi, þar skal vera Prestur og taka 4 merkur [...].[220]

Í vísitasíu Akrakirkju frá 3. september 1676 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Anno 1676 þann 3 Septembris, sem var Dominica 15 effter Trinitatis, ad Økrum i Hraunhrepp, läsu þeir fäer sem vr kyrkiusoknenne komu sin Christilig fræde og kunnu vel. Soknarpresturinn var ei Nalægur, þvi hann embættade annarstadar.

Mariukyrkia ad Økrum ä Heimaland hälfft, Hafurstade hälfa Kuyindisdal halfann, effter lisingu Jardar eigandans Finns Sigurdssonar, enn allann effter visitatiubok H. Gysla Jonssonar og þar ad auk Sandnes, Vm Prests skyldur ma sia Vilchins Maldaga og visitatiu Biskups Anno 1642. [...].[221]

Í prófastsvísitasíu Akrakirkju frá 13. maí 1694 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Mariu Kyrkia ad Økrum Hun [Hun, ofan línu] ä effter Biskupanna Mäldógum Hälfft heimaland og halfa HaffurStade. Item Halffann Kuyindisdal effter Lysingu Jardar Eigandans Finns Sigurdssonar Stendur i Mäldaga Mag. Þördar Anni 1676 Enn allann effter Mäldaga Hr. Gÿsla Jönssonar og þar ad auke Sandnes Huortueggia Nu Eide Land.[222]

Í vísitasíu Jóns biskups Vídalíns fyrir Akrakirkju þann 29. ágúst 1702 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Anno & die ut asupra [29. ágúst 1702] visiterud Mariu kyrkia ad Økrumm Hün ä Heimaland Halfft Hafurstade halfa Kviindisdal allann effter visitatiu Hr. Gijsla Jönssonar og M. Briniolfs og þar ad auke Sandnes. [...].[223]

Í umfjöllun um Hraunhrepp í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 segir í umfjöllun um Akra:

Kirkjan á eftir sínum máldögum hálfan Kvíindisdal á móts við Hjörtseyjarkirkju.

Enn á hún eyðiból nokkkurt, það er hetið skal hafa Hafrastaðir, og menn ætla sje á Hafradal, sem gengur út af eyðilandinu Lángavatnsdal. [Það vill vera það, sem í Borgarhrepp eru skrifaðir Hafursstaðir]. Af hverugu þessu síðastnefndu landsplátsi hafa nú Akramenn gagn um lángar stundir.[224]

Í sama riti er kirkjustaðurinn Hjörsey sagður vera 60 hundruð að dýrleika og í eigu Ragnheiðar Þorsteinsdóttur að Skarði á Skarðsströnd. Þar segir einnig:

Selstöðu á jörðin í fjarska við sig á fjöllum, þar sem heitir Kvígindisdalur, og er yfir máta erfitt að sækja, meir en dagferð vegalengdar, og því aflögð

[220] Skjal nr. 2(108) a-b.
[221] Skjal nr. 2(109) a-b.
[222] Skjal nr. 2(171) a-b.
[223]Skjal nr. 2(110).
[224] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 441.

selstaðan fyrir manna minni. Þar er nú í staðinn fjárupprekstur í landið, sem Hjörtseyjarmenn hafa frí.[225]

Í athugasemd Árna Magnússonar í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* kemur fram að Langavatnsdalur sé almenningur. Þar segir:

43. Það sem hér er skrifað um Langavatnsdalseign, er í bland órétt undi<r>éttað og þarf því að corrigerast [þ.e. leiðréttast], nefnilega um ítök í dalinn. Hann er almenningur so nær sem Hafrastaðir.[226]

Í prófastsvísitasíu Akrakirkju frá 1. nóvember 1712 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Sama Dag visiterud Mariu Kirkia ad Ókrum, hun ä epter Mäldógunum og visitatium biskupanna, Heimaland hälft, Hafursstade hälfa, Kviindisdal allann og þar ad auke Sandnes [...][227]

Í vísitasíu Akrakirkju frá 17. júní 1725 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Akrar

Mariæ kirkia ad Aukrum ä heimaland halfft Hafurs Stade hälfa, Kvigyndisdal allann med Sandnese.[...] [A]d Aukrum i Hraunhrepp þann 17. Juny Anno 1725. [...].[228]

Í vísitasíu Akrakirkju frá 8. maí 1737 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Akra kyrkia visitatia, giórd af pröfastenum Sal. sr Jöne Jönssyne i Stafhollte.

Anno 1737 þann 8. Maÿ, Visiterud af Hieradz Pröfastenumm Sr Jöne Jönssyne, Mariu kyrkia ad Økrum, Hun ä allt heimaland hälft, Hafursstade hälfa, Kvijindesdal allann, effter visitatium Biskupanna, Hr Gisla Jönssonar, og Mag: Brinjölfs. Þar ad auke Sandnes. [...].[229]

Í prófastsvísitasíu Akrakirkju frá 8. maí 1737 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Anno 1737, Þann 8. May visiterud af Hieradz Pröfastenum Sr Jöne Jönssyne Mariu kyrkia ad Økrum, Hun a allt Heimaland hälft HafursStade hälfa, Kvijindesdal allann effter Visitatium Byskupanna Hr. Gisla Jonssonar og Mag: Brinjolfs þar ad auke Sandnes.[230]

Í vísitasíu Akrakirkju frá 11. júní 1759 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Dag 11ta Junii [1759] Visiterud kyrkiann ad Aukrum. Hun a Heimaland hälft, Hafurzstade hälfa, KvyindesDal allann og Sandnes [...].[231]

Í prófastsvísitasíu Akrakirkju frá 29. maí 1771 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

---

[225] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IV, bls. 428-429.
[226] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, XIII. Fylgiskjöl. Reykjavík, 1990, bls. 483.
[227] Skjal nr. 2(174) a-b.
[228] Skjal nr. 2(112) a-b.
[229] Skjal nr. 2(111) a-b.
[230] Skjal nr. 2(175) a-b.
[231] Skjal nr. 2(114) a-b.

Hun á epter Máldaugunum sem hun beheldr enn nu, hálfft Heimaland, Hálfa Hafurstade, Qvíendis-dal allann og Sand-nes.[232]

Í Vísitasíu Akrakirkju frá 12. september 1783 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Akrar

Anno 1783 dag 12 September visiterade Biskupenn Hannes Finnsson Kyrkiuna ad Aukrum. Hún á Heimaland hálft, Hafurstade hálfa, Kvíendisdal allann og Sandnes. [...].[233]

Á manntalsþingi að Lækjarbug í Hraunhreppi þann 29. apríl árið 1800 var upplesin lögfesta fyrir Hjörsey, ásamt jörðunum Hamraendum og Seljum. Lögfestan var dagsett 18. apríl sama ár en inntak hennar var ekki fært til bókar. Í dómabókinni segir aðeins eftirfarandi:

Item logfesta fyrer Hiortsey med Hamraendum og Selium & af sama dato.[234]

Í umfjöllun um Hjörsey í jarðamati Mýrasýslu frá 1804 kemur ekkert fram um Kvígindisdal.[235]

Í vísitasíu Akrakirkju frá 27. júlí 1831 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Akrar

Anno 1831 d. 27 Julii visiterade biskupinn yfir Islandi Steingrímur Jónsson Riddari af Dannebrogen, kirkjuna ad Økrum. – Hún á Heimaland hálft, Hafursstadi hálfa, Qvígindisdal allann og Sandnes. [...].[236]

Á manntalsþingi að Álftártungu í Álftaneshreppi 27. apríl 1841 lögfesti Benedikt Jónsson Hjörsey auk jarðanna Hamraenda, Selja og Lambhússtúns. Einnig lögfesti hann hálfan Kvígindisdal og friðlýsti sömu lönd og hann lögfesti. Lögfesta Benedikts var dagsett þann 13. apríl árið 1840 og hljóðar hún svo:

6. Logfesta af 13. Apr. s. a., hvarmed Benedikt Jónsson á Hiörtsey Logfestir jardirnar Hiörtsey, Hamraenda, Selja og Lambhústún og fjalllandid hálfan Kvíildisdal, samt fridlýsir tédra jarda Land etc.[237]

Á manntalsþingi að Álftártungu 3. júní 1845 var upplesin lögfesta fyrir eignum Akrakirkju frá 28. janúar 1845. Ekki kemur fram um hvaða eignir sé að ræða og inntaks lögfestunnar er ekki getið. Þinglýsingin hljóðar svo:

[...]

a. Lögfesta fyrir Akrakirkjueignum dagsett 28 Januar 1845.

[...][238]

---

[232] Skjal nr. 2(178) a-b.
[233] Skjal nr. 2(115) a-b.
[234] Skjal nr. 2(299).
[235] Skjal nr. 2(33).
[236] Skjal nr. 2(116) a-b.
[237] Skjal nr. 2(300).
[238] Skjal nr. 2(201) a-b.

Í umfjöllun um Hjörsey í Jarðamati Hraunhrepps í Mýrasýslu 1849-1850 er ekki getið um Kvígindisdal.[239]

Í umfjöllun um Akra í Jarðamati Hraunhrepps í Mýrasýslu 1849-1850 er getið um kirkjuítök en ekki getið sérstaklega um Kvígindisdal.[240]

Þann 1. desember 1856 skrifaði Jón Eyjólfsson bréf til prófastsins á Borg þar sem hann óskaði eftir því að prófastur útvegaði sér áreiðanlega vissu fyrir ítökum Akrakirkju. Þar segir:

> Samkvæmt Vísitaciubók Akr~~n~~akyrkju sem seigir ad kyrkjan eigi hálfa Hafursstadi 11 hndr. í Sandnesi allan Qvíindisdisdal /: ad líkindum liggja ítök þessi á langavassdal :/ bid eg ydar Velæruverdugheyt ad útvega mer áreidanlega vissu fyrir þessum í tokum, og hvört eg eigi og meigi nota þessi í tök Kyrkjunnar vegna?
>
> Økrum d 1 Decembr 1856
>
> Jón Ejólfsson
>
> Til Herra Prófastsins í Myrasyslu G: Vigfusssone á Borg [241]

Prófasturinn á Borg skrifaði bréf til biskups, dagsett 15. janúar 1857, þar sem hann áframsendir erindi Jóns Ejólfssonar um að útveguð sé áreiðanleg vissa fyrir ítökum Akrakirkju á Hálfum Hafursstöðum í Sandnesi og öllum Kvígindisdal. Þar segir:

> Um nýársleytid barst mér til handa hjálagt bréf, dagsett 1ta Desember f.Á., frá fjárhaldsmanni Akra-kirkju, silfursmid Jóni Eÿólfssyni á Økrum, í hvorju hann óskar, ad sjer sje útvegud áreidanleg vissa fyrir ítökum þeim, er tédri kirkju sjeu eignud í „visitatíubók“ Akra-kirkju, sem ad sjeu: hálfir Hafursstadir 11 hndr. í Sandnesi og allur Kvíindisdalur, og fÿrirspÿr hann sig um leid, hvort hann eigi og meigi nota þessi ítök kirkjunnar vegna.
>
> Þar jeg hef nú enga máldagabók í höndum, nie nein slík skjöl, er úr þessu leÿsi til hlítar, leÿfi jeg mér ad fela ÿdar háæruverdugheitum málefni þetta til frekari afgreidslu, um leid og jeg audmjúkast dirfist ad láta þá meiningu mína í ljósi, ad kirkjuhaldaranum muni heimi[lt] ad nota allar þær eignir og ítök, er kirkjunni tilheÿra, eptir máldögum, medan ekki frammkoma neinar lögmætar sannanir fÿrir því, ad þær eda þau sjeu undan henni gengin, á einhvern löglegan hátt. –
>
> Borg, 15da dag Janúarm: 1857.

[239] Skjal nr. 2(95).
[240] Skjal nr. 2(95).
[241] Skjal nr. 2(96) a-b.

G.Vigfússon

Háæruverdugi Herra biskup H.G. Thordersen

Riddari af Dbr. & Dbrm.

Exped. 6/3 57.[242]

Biskup svaraði bréfi prófasts þann 6. mars 1857, þar sem biskup sendir „Extract af máldögum Akrakirkju“ og tekur fram að fjárhaldsmanni Akrakirkju geti ekki verið annað en heimilt að nota þau ítök sem í máldögunum séu nefnd. Í bréfi biskups segir:

Prófasti Síra G. Vigfússon 6. marz [1857].

Nr 112 – Journ. 88-57

Um leið og eg, samkvæmt tilmælum YdVhta í bréfi frá 15. januar þ.á., sendi Ydur Extract af máldögum þeirra Vilchins og Gísla biskupa viðvíkjandi ítökum Akrakirkju, læt eg þess getið, að það er ekkert efamál, að fjárhaldsmanni tjeðrar kirkju getur ekki annað en verið heimilt að nota þau þar í nefndu ítök.

Extract-afskriptina vilduð þér senda viðkomandi fjárhaldsmanni Akrakirkju, hvar fyrir eg vænti 1 r. þóknunar frá honum samkvæmt §56 í Instructíon biskupanna.

Bilag: Extract-afskript af Vilchins máld. bls. 73.

Extract-afskript af Gísla máld. bls. 38, a & b.[243]

Í prófastsvísitasíu Akrakirkju frá 6. júní 1884 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hún á hálft Akra heimaland, Kvígindisdal allan með Sandnesi og hálfa Hafursstaði í Langavatnsdal.[244]

Landamerkjabréf Akra í Hraunhreppi var gert 28. júní 1884 og var því þinglýst 3. júlí sama ár. Þar segir m.a.:

5. Ítök Akrakirkju eru eftir gömlum máldögum á Langavatnsdal, Kvíildisdalur allur með Sandvatnsnesi og Hafursstaði hálfa er hafa staðið í Haf[ra][245]dal innan Langavatnsmúla.

Ökrum h. 28. júní 1884.

[242] Skjal nr. 2(97) a-b.
[243] Skjal nr. 2(98) a-b.
[244] Skjal nr. 2(182) a-b.
[245] Leiðrétt ofan línu.

Sigurður Benediktsson[246]

Akrakirkja og Hjörseyjarkirkja voru sameinaðar 27. júní árið 1895. Segir svo frá því í *Kirkjum Íslands*:

> Sameining Akra- og Hjörseyjarsókna átti nokkurn aðdraganda. Árið 1885 var byggð timburkirkja í Hjörsey. Hún var enn ófullgerð árið 1893 og þá hafnar umræður um sameiningu kirknanna. Var gengið frá sameiningarsamningi 27. júní 1895 þar sem eigendur Hjörseyjarkirkju samþykktu afnám kirkjunnar og sameiningu sóknanna með þeim kjörum að kirkjan yrði afhent án álags og gefin eftir skuld hennar við þá. Einnig skyldu látin af hendi skrúði, skrautgripir, bækur og áhöld að undanskilinni annarri klukkunni og þrjú hundruð í geldsauðum en fasteign haldið eftir. Þó átti að gjalda 12 fjóðrunga smjörs eftir hin fornu kirkjukúgildi til þjónandi prests. Einnig skuldbundu þeir sig og síðari eigendur Hjörseyjar til þess að halda kirkjugarðinum í gripheldu standi og hafa þar klukku og áhöld svo að hægt yrði að jarða þar lík þeirra manna sem sérstaklega kysu sér legstað í Hjörsey. Eigendur Akrakirkju settu þau skilyrði að Akrasöfnuður tæki við fjárhaldi kirkjunnar frá næstu fardögum eftir aftöku Hjörseyjarkirkju með því móti að Akrasöfnuður fengi kirkjuna án álags en með sjóði, öllum skrautgripum, bókum og áhöldum en engri fasteign. Akraeigendur skyldu þó eftir sem áður borga 11 fjóðrunga af smjöri eftir forn kúgildi kirkjunnar til þjónandi prests. Á grundvelli þessa var Akrakirkja afhent söfnuðinum 6. júlí 1896. Hafði almennur safnaðarfundur í nýrri Akrasókn samþykkt að taka við umsjón kirkjunnar með 29 atkvæðum gjaldskyldra sóknarmanna af 42.[247]

Árið 1896 skrifaði Brynjúlfur Jónsson greinina „Rannsókn nokkurra eyðibyggða í Mýrasýslu sumarið 1895“ í *Árbók hins íslenzka fornleifafélags.* Þar er m.a. fjallað um Hafurstaði:

> I. Langavatnsdalur
>
> Í jarðabók Árna Magnússonar eru nefnd þrjú eyðibýli á Langavatnsdal, Borg, Vatnsendi og Hafurstaðir. Auk þess nefna munnmæli Hurðarbak, Torfastaði og Sópanda.
>
> […]
>
> *Hafurstaðir* eiga að hafa staðið við minnið á Hafradal. Sjálfur er dalurinn þröngur og undirlendislaus. Á rennur fram úr honum, og hefir hún brotið burtu sljetta velli, sem verið hafa við dalsmynnið, svo nú er að eins lítið eftir að þeim.
>
> […]

[246] Skjal nr. 2(293)

[247] „Akrakirkja“, *Kirkjur Íslands* 14, (2009). bls. 11-12.

Athugasemd um Langavatnsdal.

> Maður heitir Halldór Bjarnason, hann er nú sjötugur og blindur og dvelur á Ásbjarnarstöðum í Stafholtstungum. En áður bjó hann á Litlu-Gröf í sömu sveit. Hafði hann tekið við búi eftir foreldra sína. Hjá þeim var, á síðustu búskaparárum þeirra, sveitarkerling, er Halldóra hjet Guðmundsdóttir, fædd í Hlöðutúni 1766 […]. Síðasta ár æfi sinnar var hún hjá Halldóri, fyrsta búskaparár hans, og dó þar 1843. […] Hún sagði honum ýmislegt um Langavatnsdal, sem hún hafði heyrt: Þar hefði verið 14 bæir, er þeir voru flestir. En ekki kunni hún að nefna aðra en *Borg, Vatnsenda, Hafurstaði, Brennunes* og *Sópanda. Vatnsendi* sagði hún hefði verið vestanmegin í dalnum fyrir innan vatnið, undir fjallinu milli gilja tveggja, er þar koma ofan. *Hafurstaðir* sagði hún að hefði verið vestanmegin í dalnum fyrir innan vatnið, undir fjallinu milli gilja tveggja, er þar koma ofan. […] Sjálfur kom Halldór oft í Langavatnsdal, og veitti eftirtekt, hvort rústir sæist þar sem kerling hafði tilnefnt. Þá er hann kom þar fyrst 1840, (unglingur hjá foreldrum sínum) sá hann þúfnabarð, þar sem kerling hafði vísað á Hafurstaði. En er hann kom þar síðar, hafði áin brotið af þessu þúfnabarði meir og meir, og 1887, er hann kom þar síðast, var það mjög svo horfið. […] Það hafði Halldóra enn fremur sagt, að í ungdæmi sínu hefði almennt verið talið víst, að *Borg* væri sami bær sem *Torfhvalastaðir*, er Landnáma nefnir. Sá bær hefði verið mestur í dalnum, en þar næst Hafurstaðir. Einnig hafði hún heyrt, að tveir bæir mundu hafa verið á *Baulárvöllum.*[248]

Þann 24. febrúar 1902, var gerður kaupsamningur um „lönd þau og ítök á Lángavatnsdal, sem fyrr átti Akrakirkja“. Kaupsamningurinn var þinglesinn 26. maí 1903 og hljóðar svo:

> Vjer undirritaðir Eiríkur Jónsson Kúld á Ökrum, Bjarni Valdason á Hjörsey og Jón Sigurðsson í Vogi sem seljendur, og jeg Einar Friðgeirsson á Borg sem kaupandi gjörum svofelldan
>
> Kaupsamning
>
> 1. Vjer Eiríkur, Bjarni og Jón, sem erum núverandi eigendur Akra í Hraunhreppi, seljum lönd þau og ítök á Lángavatnsdal, sem fyr átti Akrakirkja, en sem varð vor fulla eign við afhendingu kirkjunnar í hendur safnarðins. Eign þessi er, eftir skjölum og máldögum Akra: Hálfir Hafursstaðir, Kvígildisdalur allur, ásamt Sandnesi, sem nú er kallað Sandvatnsnes.
>
> [...][249]

[248] Brynjúlfur Jónsson, „Athugasemd um Langavatnsdal“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* (1896), bls. 41 – 42.
[249] Skjal nr. 4(115).

Afsal fyrir „hálfum Hafursstöðum, Kvígildisdal öllum og Sandvatnsnesi“ var gert 17. mars 1903 og þinglesið 26. maí sama ár. Í afsalinu segir:

Afsal

Þar eð Einar prófastur Friðgeirsson á Borg hefur nú fullnægt framanrituðu kaupbréfi með því að borga í peningum 200 krónur og gefa oss út skuldabrjef fyrir 300 krónum, þá segjum vjer hann rjettan eiganda að landstilkalli voru á Langavatnsdal: Hálfum Hafursstöðum, Kvígildisdal öllum og Sandvatnsnesi (áður nefnt Sandnes), afsölum vjer hjermeð eign þessari til hans frá oss og vorum erfingjum.

[...][250]

Á manntalsþingi að Smiðjuhóli 26. maí 1903, var þinglesið afsalsbréf fyrir „löndum og ítökum á Langavatnsdal“. Þar segir:

1. Voru þinglesin þessi skjöl:

[...]

g. afsalsbréf Eiríks Kúld Jónssonar, Bjarna Valdasonar og Jóns Sigurðssonar, dags. 17. maí þ. á., fyrir löndum og ítökum á Langavatnsdal, áður tilheyrandi Akrakirkju, til sama manns [þ.e. Einars prófasts Friðgeirssonar] fyrir 500 kr.[251]

Á manntalsþingi að Smiðjuhóli 26. maí 1910, var þinglesið afsalsbréf fyrir „fjalllandi á Langavatnsdal“ til Álftaneshrepps. Í dómabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu segir:

Ár 1910, 26. maí, var venjulegt manntalsþing fyrir Álftaneshrepp sett og haldið á þingstaðnum Smiðjuhóli af sýslumanni [...]

1. Voru þinglesin þessi skjöl:

[...]

f. Var lesið afsalsbréf séra Einars Friðgeirssonar á Borg, dags. 31. okt. 1902, fyrir fjalllandi á Langavatnsdal til Álftaneshrepps.

[...][252]

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar*, III. bindi, er að finna umfjöllun um eyðibýli. Þar segir meðal annars:

**HAFURSSTAÐIR/HAFRASTAÐIR.** Hafursstaðir/Hafrastaðir voru meðal þriggja eyðibýla, sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir, að nefnd séu á Langavatnsdal. Eru Hafursstaðir taldir til eigna Akrakirkju í þeirri bók, en Akramenn hafi ekkert gagn haft af um langar stundir. Engin

[250] Skjal nr. 4(115).
[251] Skjal nr. 2(202) a-b.
[252] Skjal nr. 2(280) a-b.

> byggðarmerki sáust á Hafursstöðum 1709 að sögn Jarðabókarinnar. Líklegt er, að jörðin hafi verið vestan Langavatnsdalsár gegnt Borg, en þar heitir Hafradalur og Hafradalseyjar.[253]

### 5.4.2 Aðliggjandi og tengd svæði

#### 5.4.2.1 Ytri - Hrafnabjörg

Landamerkjabréf fyrir Ytri- og Fremri Hrafnabjörgum í Hörðudal var útbúið 18. maí 1883 og því var þinglýst tíu dögum síðar. Þar segir:

> Landamerki milli Hlíðar og Hrafnabjarga í klett með krossi fyrir ofan Markgróf, þaðan sjónhendingu ofan í Hörðudalsá í Hrafnalá vestanverðu við Seljalandsbæinn; úr fyrrnefndum kletti upp til Kornamúlagils, sem gilið ræður að vörðu þeirri, er stendur á vestari gilbarminum á klöpp með krossi, þaðan sjónhendingu í vörðu á há Grjóthálsi, og það (sic) vestur á Vatnshól og þaðan vestur í Tvívörðuhól, þaðan sjónhending sunnan til við Lambaborg í vörðu, er stendur ofan til við klettabrún, þaðan sjónhending í Leirgróf, sem hún fellur í Hörðudalsá, þaðan ræður Hörðudalsá landamerkjum upp til móts við miðja Markgróf. Innan þessara takmarka á Seljaland engjapart fremst á Hrafnabjargaengjum ofan að rúst, er stendur á árbakkanum, þaðan þvert upp í sýkið uppundir Fremri-Hrafnabjargatún. Fjallland sem Hrafnabjörg eiga, er sem hjer greinir: fyrst úr tjörninni vestanverðri á Mjóadalsdrögum, þaðan Mjóadal allan báðu megin suður í Hrútagil, eptir Hrútagili upp í Hrútaborg, ofan á Einhamra, úr Einhömrum ofan í Langá, sem Langá ræður ofan að Hundagili, eftir fyrrnefndu gili upp á hæstu brún, eptir fjallseggjum suður á Þórulind, þaðan eptir háeggjum syðst á Urðarmúla, þaðan í fyrrnefnda tjörn á vestanverðum Mjóadalsdrögum. Eptir máldaga Hrafnabjarga af anno 1393 tuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal. Innan þessara takmarka í fjalllandinu á Laugarvatnsdal á Seljaland sambeit við Hrafnabjargabændum eptir jarðarmegni.[254]

Landamerkið var undirritað af hálfu hálfra Ytri-Hrafnabjarga, Fremri-Hrafnabjarga, hálfrar Þorgeirsstaðahlíðar, Hlíðar og Snókdalseignar.

#### 5.4.2.2 Ytri – Hraundalur

Landamerkjabréf Ytri-Hraundals í Hraunhreppi var útbúið í september 1883 og því var þinglýst 3. júlí 1889. Þar segir:

> 1. Millum Hraundals og Svarfhóls frá Álftaskörðum, eftir brúnum, ofan á miðjum mýrhnúk af honum sjónhending í Landamerkjagil, á múlabrúninni. Síðan sjónhending í læk þann sem rennur gegnum melana, vestur undan gömlu fjárhústóftunum svo ræður sá lækur ofan í Melsá. –

[253] *Byggðir Borgarfjarðar III*, Mýrasýsla og Borgarnes, bls. 227–228. Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1993.
[254] Skjal nr. 2(27).

2. Millum Hraundals og Mels – frá Melsá þar sem lækur í hana rennur, neðanvert við miðjan bóndahvamm sjónhending suður í klett á hraunbarðinu, með klöppuðum + á, þaðan sjónhendingu í vörðu, hjá stíg sem liggur ofan hraunið, svo ofan í stígamótin.

3. Millum Hraundals og Álftá, sjónhending úr stígamótum í Arnarklett.

4. Millum Haundalanna úr fyrrnefndum Álftaskörðum (skarðið), sjónhending í landamerkjaskriðu norðanvert við Þrætuflóa, á neðri Slídal úr skriðunni, sjónhending yfir Þrætuflóa (~~á neðri Slídal úr skriðunni~~ ~~sjónhending yfir Þrætuflóa~~) í hraunsnef með klöppuðum krossi á, þaðan ræður Slídalsá ofan að fossinum fyrir sunnan rauðhálsa. Svo úr fossinum sjónhending í lítið hraunbarð innarlega á innri völlunum. Þar er klappaður + í klett. Svo eftir sömu sjónhendingu í hól með vörðu á neðan- vert við vellina. Þaðan beint í vörðu í miðju hrauninu útnorður undan Seltóftunum, þaðan beint í Kjaraklett, svo ofan hraunið til hádegishóls, austan til við alfaraveginn millum bæjanna, úr þessum hól sjónhending í Grjóthól, eftir sömu línu í Arnarklett.[255]

Landamerkjabréfið var samþykkt af hálfu Ytri-Hraundals, Syðri-Hraundals, Staðarhrauns og Mels.

#### 5.4.2.3 Syðri – Hraundalur

Landamerkið var undirritað af hálfu hálfra Ytri-Hrafnabjarga, Fremri-Hrafnabjarga, hálfrar Þorgeirsstaðahlíðar, Hlíðar og Snókdalseignar.

1. Milli Syðri-Hraundals og Álftár í Hraunhreppi:

Úr Arnarkletti í Arnarsetur.

2. Milli Syðri-Hraundals og Álftártungu:

Úr Arnarsetri í Ytri-Þrætuáshaus.

3. Milli Syðri-Hraundals og Grímsstaða.

Úr fyrnefndum Þrætuáshaus í Grástein, úr Grásteini í Klofastein, úr Klofasteini í há Grímsstaðamúla og áfram uppí landmælingavörðu, úr þeirri vörðu sjónhending í vestari Hrosshyrnu (há Litursstaði) og þaðan sjónhending í suðurhorn Lambafells, úr suður-horni Lambafells í Hrafnagil og svo ræður Hrafnagil svo langt sem það nær, og þaðan í Álftaskörð (skarð).

4. Milli Syðri-Hraundals og Ytri-Hraundals: Úr Álftaskörðum (skarði) beint í Landamerkjaskriðu, norðanvert við Þrætuflóa á neðri Slídal, svo úr miðri Landamerkjaskriðu beint suður yfir Þrætuflóa í hraunnef með klöppuðum krossi á, þaðan ræður Slídals á ofan að fossinum fyrir sunnan Rauðhálsa, úr þeim fossi beint í hraunbarð lítið innarlega á innri völlum, þar er kross klappaður í klett, svo eftir sömu sjónhendingu í hól með vörðu á, í miðju hrauninu, útnorður undan seltóttunum; (sem eru sunnan hraunið) frá nefndri vörðu beint í Kjaraklett svo ofaneftir nálægt vestari rönd hraunsins í svo

[255] Skjal nr. 2(23).

nefndan Hádegishól norðanvert við, gamla- sýsluveginn sem er yfir hraunið úr Hádegishól beint í Grjóthól og eftir sömu sjónhendingu í fyrst nefndan Arnarklett.

p.t. Grímsstöðum í marsmán. 1923

Jón Samúelsson (hreppsnefndaroddviti) fyrir hönd Álftaneshrepps sem er eigandi að báðum Hraundölunum og næst liggjandi afréttarlandi.

Níels Hallgrímsson (eigandi Grímsstaða)

Þorkell Guðmundsson eigandi og ábúandi Álftár.

Guðmundur Árnason (eigandi Álftártungu)[256]

#### 5.4.2.4 Grímsstaðir

Landamerkjabréf Grímsstaða í Álftaneshreppi var samþykkt í apríl 1923 og því var þinglýst 14. júní sama ár. Þar segir:

1. Milli Álftártungu og Grímsstaða úr ytri Þrætáshaus, sjónhending í Klifsáskletta eftir miðjum Klifsás í vörðu neðst á nefndum ás.

2. Milli Grímsstaða og Álftártungukots. Úr vörðu neðst á Klifsás sjónhending um vörðu á Selásum í vörðu á Árásaklifi, eftir sömu línu beint í Urriðaá.

3. Milli Grímsstaða og Hvítsstaða. Frá fyrrnefndri landamerkjalínu ræður Urriðaá upp á móts við Fauskakeldu.

4. Milli Grímsstaða og Grenja, ræður Urriðaá frá fyr nefndri Fauskakeldu, þangað sem áin hefir upptök sín, þaðan sjónhending í Þverbrekkukast (það kastið sem liggur næst hinu vestastasta) þaðan sjónhending í Mannabeinsholt, (sem er hátt holt með háu klettabelti að sunnanverðu) þaðan ræður sjónhending í Skarðsheiðarvaði á Langá.

5. Milli Grímsstaða og ífallandi [fjallands?] Álftaneshrepps. Frá fyr nefndu Skarðsheiðarvaði sjónhending í suðurhornið (sic) á Lambafelli.

6. Milli Grímsstaða og Hraundals (syðri). Úr fyr nefndu Lambafellshorni sjónhending í vestari Krosshyrnu (há Liturstaði) sjónhending þaðan í Landmælingavörðu, og þaðan sjónhending ofan í hámúlabrún, þaðan í Klofastein úr Klofasteini sjónhending í Grástein, þaðan beint í fyr nefndan Ytri-Þrætuáshaus.[257]

Var bréfið samþykkt vegna Grímsstaða, Syðra Hraund[als] og fjalllands, Álftártungu, Álftártungukots og Grenja.

#### 5.4.2.5 Fjalllendi Hraunhrepps

Sjá kafla 5.3.

[256] Skjal nr. 2(21).
[257] Skjal nr. 2(7).

#### 5.4.2.6 Fjalllendi Borgarhrepps

Sjá kafla 5.5.

#### 5.4.2.7 Staðartunga

Sjá kafla 5.7.

### 5.5 Fjalllendi Borgarhrepps

Í sóknalýsingu Borgar- og Álftanessókna, eftir séra Pál Guðmundsson á Borg, frá árinu 1840 segir m.a.:

> AD 32. *Afréttarlönd* eru hér sem almenningur brúkar: Langivatnsdalur með til liggjandi fjöllum og afdölum; hafa þar upprekstur bæði Álftanes- og Borgarhreppur sem leita hvör til sinnar réttar..[258]

Í sóknalýsingu séra Þorkels Eyjólfssonar á Borg fyrir Borgar- og Álftanessóknir frá árinu 1873 segir eftirfarandi:

> 32. gr. *Afréttarlönd*. Álftanessóknarmenn eiga Álfthreppingaafrétt inn á fjöllum sameiginlega með öðrum Álfthreppingum og sækja Hraundalsrétt. En Borgarsóknarmenn eiga með öðrum Borghreppingum afrétt inná Langavatnsdal og Beilárheiði og sækja Þinghólsrétt.[259]

Landamerkjabréf fyrir afréttarland Borgarhrepps var gert 25. febrúar 1892. Þar segir:

> Landamerkjaskrá
>
> fyrir afrjettarlandi Borghreppinga
>
> Frá Langavatni ræður Langavatnsdalsá innað Mjóadalsá, svo ræður Mjóadalsá þartil Sauðarhryggur kemur að henni, þaðan sjónhending uppá Víðimúlakoll, þaðan austnorður hámúlanum og í botn á vestustu skál á Víðimúla, þaðan eptir gili því er rennur úr skálinni ofanúr Víðidalsá, þaðan eptir Víðidalsá og inní hæðstu drög á honum, þaðan sjónhending fyrir dalabotna austur fyrir Mjóadal og eptir eystri brúninni á honum ofanúr hærri fossa á Fossdal, svo ræður Fossdalsá, ofanað Vikravatni, svo ræður Vigravatn að lautinni sem er á milli Vikrafells og Lambafells, svo liggja merki eptir miðri þeirri laut ofanað Lambafellsgili, svo ræður Lambafellsgil norðvestur fyrir Lambafell, svo heiðarbrúnir vestur á heiðarhorn við Beilá, svo ræður Beilá í Langavatn, þar til Langavatnsdalsá fellur í það.
>
> Innan þessara landamerkja eru ekki ítök, nema Svignaskarðs í allan hálfan Víðidal

[258] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 91.
[259] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 114.

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við hjer undir skrifaðir í allastaði samþikkir.

Svignaskarði 25. febrúar 1892.[260]

Skjalið var undirritað fyrir hönd Álftanes-, Hörðudals- og Borgarhreppa.

Landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps var undirritað 2. nóvember 1920 og því var þinglýst 25. júní 1923. Þar segir:

Frá Beilárósi ræður Langavatn þar til Langavatnsdalsá fellur í það, þá ræður Langavatnsdalsá, þar til Mjóadalsá fellur í hana. Mjóadalsá ræður síðan merkjum upp að svonefndum Sauðarhrygg. Þaðan eru merkin sjónhending upp á hæðstu trumbuna á Víðimúla. Þaðan eftir háeggjum fyrir efstu drög Víðidals; síðan eins og vötnum hallar frá háfjalli suður í hæðstu drög á Sátudal, þá ræður Sátugil merkjum niður í Fossdalsá, þá Fossdalsá niður í Skammá, þá Skammá í Vikravatn, þá Vikravatn að Lambafelli; þá ræður merkjum laut sú sem er á milli Vikrafells og Lambafells, þar sem hún er lægst alt ofan í Litluá í Grímsdal. Svo ræður Litlaá niður eftir Grímsdal, þar til sjónhending næst norðvestur eftir Bárðarfjalls og Staðarhnúksbrúnum í Klif, er vegurinn liggur yfir, norðanvert við Brúnavatn, þaðan í einstakan hól, sem er vestanvert við vaðið á Beilá; loks ræður Beilá merkjum í Langavatn.

Innan þessara merkja eru ekki ítök, nema hvað Svignaskarð á hálfan Víðidal allan, og sjera Einar Friðgeirsson Hólmana í Langavatni.

Til staðfestu eru nöfn hlutaðeigandi eiganda nágrannalanda.

Í hreppsnefnd Borgarhrepps

Undirritað að Hrauni 2. nóv. 1920

Jóhann Magnússon Einar Friðgeirsson

Jón Björnsson Guðmundur Daníelsson Sigurður Magnússon

Eigandi Vífilsdals fremri: Ögmundur Hjartarsons

Eigandi Hrafnabjarga ytri:

í umboði hreppsnefndar Álftaneshrepps

Hallgrímur Níelsson

Samþykkur framanskrifuðum landamerkjum að öðru leyti en því að Hrafnabjörg eiga samkvæmt Hrafnabjarga máldagatuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal.

Hjörtur Sigurðsson

Eigandi Hvassafells: Klemens Baldvinsson

Eigandi Hraunsnefs: Einar Bjarnason

Eigandi Brekku: Þórður Ólafsson

[260] Skjal nr. 4(44).

Kristján F. Björnsson hreppstjóri Stafholtstungnahrepps umboðsmaður Stafholtskirkjueigna.

Eigandi Jafnaskarðs: Guðbjarni Guðmundsson

Eigandi Múlakots: Ingólfur Sveinsson

Einar Friðgeirsson eigandi að Hólmunum í Langavatni.

Guðmundur Daníelsson eigandi að Víðidal öllum hálfum

Eigandi Hrepavatns: Kristján Gestsson

Ath. Hrafnabjargamáldagi getur ekki um hvoru megin á Langavatnsdal ítak Hrafnabjarga er. Ítakið er því sennilega á öllum dalnum beggja megin, eða aðeins að vestanverðu.

F.h. hreppsnefndar Borgarhr. Jóhann Magnússon[261]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1953 segir m.a. í kafla um Borgarhrepp:

Langavatnsdalur er upprekstrarland Borghreppinga. [...] Langavatnsdalur er víðlendur og grösugur norðan vatns. Slægjulönd eru þar góð, og hefur þangað verið leitað til slægna, þegar grasleysisár hafa verið í byggð niðri. Síðast var það sumarið 1918. Inn frá Langavatnsdal ganga minni dalir, og er helztur þeirra Víðidalur. Drög hans ná norður undir Vífilsdal. Hafradalur gengur í vestur, og er örskammt milli dalbotnsins og botns Þórarinsdals, er liggur austur frá Hítarvatni.

[...]

Nautaganga var jafnan á Langavatnsdal og stóðhrossaganga. [262]

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar* III frá árinu 1993 segir eftirfarandi um afrétt Borgarhrepps:

*Afréttur Borgarhrepps*

Afréttur Borgarhrepps er norðan marka hreppsins, í Stafholtstungnahreppi, en hann er um 18 km löng og 6 km breið landspilda, sem hreppurinn á og nýtir til sumarbeitar. Syðst er Staðartunga, norður af Merkjafljóti í Gljúfurá. Staðartunga er allmikið landsvæði milli Gljúfurár í suðri og Langavatns í norðri. Að vestan takmarkast hún af Langá, en að austan mætir hún landi Grísartungu um Seldal, sem er lægðarslakki eða grunnt dalverpi vestan við Staðarhnúk.

[…]

Áður átti Stafholtskirkja Staðartungu en Svignaskarð „Víðidal hálfan allan“, eins og segi í gömlum skjölum, en Víðidalur er innst á afréttinum. Með samningi dagsettum 20. mars 1937 milli þáverandi eiganda Svignaskarðs, Guðmundar Daníelssonar, og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins höfðu þessir

[261] Skjal nr. 2(15).
[262] *Árbók Ferðafélags* Íslands (1953), bls. 74 - 75.

aðilar makaskipti á eignum, þannig eignaðist Guðmundur Staðartunguna. Guðmundur leigði síðan Borgarhreppi Staðartungu sem afrétt og gaf hreppunum hana jafnframt eftir sinn dag.

Austan Seldals tekur við land eyðibýlisins Grísartungu. Grísartunga fór í eyði árið 1937. Jarðeignadeild ríkisins á jörðina, og hefur hún um mörk undangengin ár leigt Borgarhreppi landið til upprekstrar. Land Grísartungu er töluvert mikið að flatarmál. Að norðan nær það til Langavatns og Beylár á skömmum kafla við vatnið. Að norðaustan eru landamerki á móti hinum eiginlega Borghreppingaafrétti um Beylá og línu frá henni norðanvert við Brúnavatn í Litluá í Grímsdal. Þá eru merki um Litluá að ármótum hennar og Gljúfurár.

[…]

Þar norður af er Langavatn, sem er um 5 $km^2$ að stærð, en það myndaðist, er hraun féll niður Kvígindisdal á afrétti Álftaneshrepps og hefti framrás vatna framan við dalinn. Þar fellur nú Langá úr vatninu. Tvær ár falla í Langavatn. Beylá fellur í það suðaustanvert, en upptök hennar eru í Suðurdölum, sem síður getur. Hún fellur að hluta í þröngum farvegi, en næst Langavatni kvíslast hún um flatlenda Beylárvellina. Áin getur orðið að stórfljóti í vatnavöxtum.

Langavatnsdalsá fellur um Langavatnsdal í Langavatn norðanvert. Í hana falla nokkrar ár, Hafradalsá, Fossdalsá og Mjóadalsá úr vestri, en Víðidalsá og fjölmargir lækir úr austri. Víðidalsá kemur úr Víðidal, sem gengur norðaustur úr Langavatnsdal. Dalir þessir eru umgirtir háum fjöllum. Vestan Víðidals er Víðimúli (673 m) en austan hans Borgarhraunseggjar, sem eru tignarlegur fjallgarður (713 m y.s.) með hamrabeltum og hrikalegum giljum. Suður af Borgarhraunseggjum lækkar landið verulega. Þar heitir Réttamúlí (512 m), og liggur hann með Langavatni austanverðu.

Austan Borgarhraunseggja eru svonefndir Suðurdalir. Hróbjargardalur er vestastur og næstur Borgarhraunseggjum, síðan Mjóidalur, en Moldarmúli (714 m) á milli þeirra. Syðstur er Sátudalur, sem er grunnt dalverpi. Sátudalsmúli (729 m) liggur á milli Mjóadals og Sátudals. Austan Sátudals er Sáta (741 m), útvörður afréttarins í austri, en hún sést víða að úr Borgarfjarðarhéraði.

Í mynni Sátudals fellur á í háum og fögrum fossi fram af stuðlabergshömrum. Nokkru neðar sameinast áin Mjóadalsá, sem einnig prýðist fossum skammt ofan ármótanna. Þar suður af tekur við víður og grösugur dalur, Fossdalur, og dregur áin þar nafn af honum og nefnist Fossdalsá. Syðst í dalnum er Vikravatn, allstórt vatn norðan undir Vikrafelli (539 m). Úr Vikravatni fellur Skammá í Fossdalsá, sem sameinast Hróbjargardalsá nokkru neðar og heitir Beylá þaðan í frá, en hún fellur í Langavatn, eins og áður var lýst.

[…]

Sunnan undir Réttamúla við Langavatn er fjallhús Borghreppinga. Áður höfðu leitarmenn náttstað í Tjaldbrekkum, sem eru á mótum Langavatnsdals og Víðidals.

[…]

Mörk afréttarins með Staðartungu eru sem hér segir: Frá ármótum Langár og Gljúfurár ræður Langá og síðan Langavatn og þá Langavatnsdalsá, þar til Mjóadalsá fellur í hana. Mjóadalsá ræður síðan merkjum upp að Sauðahrygg. Þaðan eru merki sjónhending upp á hæstu trumbuna á Víðimúla. Þaðan eftir háeggjum yfir efstu drög Víðidals, síðan eins og vötnum hallar frá há fjalli suður á hæstu drög í Sátudal. Þá ræður Sátugil niður í Fossdal, þá Fossá niður að Skammá, síðan Skammá í Vikravatn og Vikravatn að Lambafelli. Frá Vikravatni í Litluá ræður lautin milli Vikrafells og Lambafells. Þá ræður Litlaá, þar til hún fellur í Gljúfurá, og úr því Gljúfurá upp að ármótum móti Langá.

[…][263]

### 5.5.1 Hróbjargardalur og vesturhluti Fossdals

Í máldaga Stafholtskirkju frá 1140 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

land a Svarf holi ok Biarga stein. hof staðe. lax hollt. Skoga land hit vestra. Engi nes a strondum norðr [ok] reki með. [afrett j] vestr ardal enum enum eystra megin ok middals mule allr. Biarnardalr allr fyrir ofan mæli fells gil. selfor j þverardal upp fra kvium. hris ey a hreiþu vatne. oll ey su er þverar þing er j. þræley suðr fra bildz homrom.

[…]

Kirkia J staf[a]hollti a afreit j hroþr biargardal a bac jafna skarði. skoga voll j skarþs tungu. Þat er vær kollum kirkiu hollt. […].[264]

Í máldaga Gyrðis biskups Ívarssonar fyrir Stafholtskirkju frá árinu 1354 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Stafhollt.

Nicholaskirkia j stafhollti ä heimaland allt med gögnum oc giædum. suarfhol. biargastein. hofstadi. skoga. laxhollt. einngines og reka med afreit j vestardal. biarnnardal allann. fyrir ofann melifellzgill. afreit j hrodurbjargardal. selfor j þuerärdal. hrijseẏ a hredavatnne. eẏ vid huẏtä. þræley. laxveidi j þuerä. oc ä feriubacki. j. fiodunnginn.

[...][265]

[263] *Byggðir Borgarfjarðar III*, Mýrasýsla og Borgarnes, bls. 380 – 383. Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1993.
[264] Skjal nr. 2(62).
[265] Skjal nr. 2(63).

Í máldaga Stafholtskirkju frá 1397 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Kirkia hins heilaga Nicholai j Stafhollti æ heimaland allt med gognumm oc giædumm. Suarfhol. Biargaastein. Hofstade. Skoga. Laxhollt. Eingines oc reca med.
>
> afriett j Westurärdal.
>
> Biarnardal allann firir ofann Mælefellsgil.
>
> Afriett j Rodurbiargardal.
>
> Selför j Þverärdal.
>
> Hrijsey a Roduvattni.
>
> ey vid Hvíjta. þræley.
>
> laxveide j Þverä. og æ Feriubacke j fiordunng.[266]

Í máldaga Stafholtskirkju frá því um 1480 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Kyrkian j Stafhollte á̋ heimaland allt med gô̂gnum og giædum. Þessar jarder i heimalande. Svarfhő̂l. Biargastein. Hofstadi. Skő̂ga. Laxhollt. Eingenes a Strondum og Reka med. afriett j Vesturá̋rdal. middalsmula. biarnardal allann firir framan mælefellsgil. afriett i bodzbiargardal. Hrijsey á̋ Roduatne. Ey vid Hvijtá̋ sem Þverarþijng stendur j. Selfô̂r á̋ Þverá̋rdal upp frá̋ Kvijum. Þriá̋ hlute veidar i þverá̋. enn feriubacka kirkia fiordung(.)
>
> Jtem Skogarhollt i Skardstungu þad kallad (er) Kyrkiuhollt og Kyrckiutijunder af xiiij bæum og xx.[267]

Í máldaga Stafholtskirkju, sem talinn er frá árabilinu 1491-1518 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Niculas kirkia i Stafhollti a heimaland allt epter þui sem Steini[1]) prestur Þorvardsson setti og gaf til kyrkiu þar. hun a Biarnardal allann fyrer ofann mælifellsgil. afriett i Hrődurbiargar dal a bak Jafnaskardi. skőga vô̂ll i Skardztungu þad er vær kô̂llum Kyrkiuhollt. Selfor i Þuerá̋rdal vpp frá Kuijum. Hrijsey A Hreduvatni ey su er Þverá̋r þing er i. Þræley Sudur fra Bylzhô̂mrum.
>
> Laxveidi i Þuerá̋ ad þrem hlutum og a Feriubacki i fiőrdunginn. Kierveidi i Nordura vnder fossi. Middalsmula Allan. tijunder af 24 bæium.
>
> Enn i hiardarhollti Skardi og Eskiuhollti skal vera hejma tijund. enn vr Galltarhollti skal giallda i Stafhollti Sex aura vöru A hveriu äre.[268]

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Stafholtskirkju frá því um 1570 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Kirkian i Staffhollte ä heimaland alltt med gøgnum og giædum.

[266] Skjal nr. 2(64).
[267] Skjal nr. 2(65).
[268] Skjal nr. 2(66).

Jtem thessar jarder. Suarfhol. leigd fyrer c. Biargasteirn. leigd fyrer hundrad. Skogar leid fyrer .x. aura. Laxholltt. leid fyrer .c. Nes leigd fyrer .c. Eingines ä Strøndum med theim reka sem fyrer thui landi liggur. stundum enn offtar i eijde.

affriett i Vesturärdal. Biarnardal allann fyrer offann Mælefellzgil. affriett i Riodzbiargardal. selfør i Thuerardal. Hrijsey ä Breidavatne. eij vid Huijtä. Thræley. Laxveide i Thuerä og ä Feriubacke eirn fiordung.[269]

Í vísitasíu Stafholtskirkju þann 22. september 1639 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Anno 1639 22. September I Staffhollte i Staffhollltstungum I Borgarfyrde.

[...]

Kirkjann a [...]. Grijsatungu 16 hndr. i ejde, halldenn saudhuspartur 10 hndr. ad a[00] Affrjett i vesturärdal, Middals mula allan fyrer offan Mælefellsgil. Afrjett i Rjödzbjargardal. Hrijs a Hredavatne. Ey vid Huijtä sem kóllud er Sta[f]holltsey. Þræley sudur frä Bÿllshómrum. Skögholl t i Skardstungu sem kallad er Kirkjuhollt og Kjerveide i Nordur a i Laxfosse effter mäldaganum [000] sie vndanhallded og þrijr hluter vejdar i Þuerä sama mäldaga og 12 Prestadome samþycktum af Øgmunde, huór bæde bref utskriffud og Insiglud ä kirkjunne i Stafhollte. Selfór i Þuerärdal [Skog??] i Skorradal halfann Fossdal Nordan framm. Vej[de] alla i Möhil i Gliuffurä.[270]

Þann 19. maí 1663 lögfesti séra Sigurður Oddsson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

Num 24

Lógfestu Copia Sra Sigurdar Oddssonar.

Þesse Mäldage Kÿrkjunnar i Stafhollte: Hün ä allt Heimaland. Þessar jardir: Svarfhöl, Biargarstein, Hofstade, Laxhollt, Nedra Nes, Nedra Sköga, Eingenes ä Stróndum, og Reka med, GrijsaTüngur, med Saudhüspartinum, Laxveide i Þverä, Kierveide i Laxfosse i Nordur ä, sem kallad er Nicolaus kier, Skögar Hollt i Skardztüngu, sem kallad er Kÿrkju Hollt, Selfór i Þverärdal, Skög i Skoradal, Hälfann Fossdal Nordannframm, Veide alla i Möhil i Gliüfur ä, Afriett i Vesturärdal, Middals Müla allann, Biarnardal allann, fÿrir framann MæleFellsGil, Hrijseij ad Hredavatne, óll Eij sü, er Þverärþijng Stendur i, Þræleij Sudur frä Bijldzhómrum. Efftir Þessum Mäldaga, Lógfeste Eg S.O.son, alla Stafholltzkÿrkju Eign, Tódur og Eingjar, Hollt og Haga, vótn og veidestade, Sköga og Reka, og allar landz og vatnz gagnsemdir, sem þessum lóndum eiga med riettu ad fÿlgia, til ÿtstu

[269] Skjal nr. 2(67).
[270] Skjal nr. 2(117) a-b.

> ummerkja, mötz vid adra menn, fÿrirbÿd Eg hverjum Manne, i ad Vinna, eda sier ad nÿta, nema mitt sie lof og leife til: ad vitne þÿnu etc.[271]

Í vísitasíu Stafholtskirkju þann 4. september 1681 segir m. a. um eignir kirkjunnar:

> Anno 1681 Dominica decima qvarta post Trinitatis [strikað yfir: visit] sem fiell vppa þann 4 dag Septembris manadar Visiterud S. Nicolai kÿrkia ad Stafhollti
>
> [...]
>
> Kÿrkiann A effter mäldógum heimaland allt med gógnum og giædum med þeim Merkium sem vm gietur visitatiubok M. Brÿnjolfs Anno 1639. Þessar Jarder [...] Grijsatungu 16 hndr. Effter visitatiubök M. Brÿnjolfs og Saudhusspart 10 hndr. Afriett i Vestur Ärdal Middalsmula allann fyrer ofann Mælifellzgil, Afriett i Riödzbiargardal [...]Se[l]fór i Þuerärdal Skóga i Skoradal, halfann fossdal nordann fr[a] veidi alla i Möhjl i gliufur ä.[272]

Í prófastsvísitasíu Stafholtskirkjunnar frá 26. ágúst 1694 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> afRiett i Vesturardal, Middals (Mula) [(Mula), skrifað af forverði í byrjun 20. aldar, vegna viðgerðar sem hylur texta] alla firer ofann Mælefells gil Afrétt [Afrétt, skrifað af forverði í byrjun 20. aldar, vegna viðgerðar sem hylur texta] I Riodsbiargardal. Hrÿs ei a hreda Vatne. Ey Vid huÿt a sem kollud er stafhollts Eÿ. Þrælei svdur fra billds hómrum skoga hollt I skards tungu sem kallad er kirkiu Hollt. selfor I Þuer ar dal. Skoga a skogadal. Halfann foss dal nordann framm. Veide alla i Möhil I glijufur ä.[273]

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 25. ágúst 1702, segir m. a. um eignir kirkjunnar:

> Hun ä Heimaland allt med gógnum og giædumm […]. Kirkiann ä Svarfhöl 16 hndr. Biargastein 16 hndr. Hofstade 16 hndr. Sköga 12 hndr. Laxhollt 16 hndr. Nedranes 16 hndr. Eingines ä Strondum 6 hndr. og reka med Grijsatungu nu Tijundada 12 hndr. og Saudhuspart ad afriett i Vesturärdal, Middalzmüla allann fyrer ofann mælefellssgil afriett i Riödzbiargardal Hrijseij ä Hredavatns Ej vid Hvijtä sem kollud er Stafholltzej Þræt ej Sudur fra Bÿlldzhomrum. Skogarhollt i SkardsTüngum sem kallad er Kirkiuhollt, Kierveidi i nordur ä i laxfosse, þriä hlute veidar i Þverä selfór i Þverärdal, Skög i skoradal Halfann fossdal nordann fram veide alla i Mogil i Gliufurä.
>
> […][274]

[271] Skjal nr. 2(143) a-b.
[272] Skjal nr. 2(121) a-b.
[273] Skjal nr. 2(173) a-b.
[274] Skjal nr. 2(122) a-b.

Í prófastsvísitasíu Stafholtskirkju frá 1702 segir m.a.:

Hün ä effter mäldógum og visitatium Biskupanna heimaland allt med gógnum og giædum, til þejrra merkia sem ummgetur i Visitatiu Brinjolfs Anno 1639 Item Jarder allar og Itók, sem ummgetur I sómu visitatiu, enn þä ätólulaus, Sómuleides liggia enn ä kyrkjunne, óll þaug Skiól sem umm er geted I visitatiu M. Þordar Thorlakssonar Anno 1681 flestóll rotenn, Hier ad auke hafa vidbæst i tijd Sr Päls Gunnarssonar yngra Fjörar Lógfestur fyrir Stafhollts kyrkiu Eignum, Item Tyu manna Vitnisburder umm Grijmsdal halfann med Döm þar umm gengnum i Fimtarstefnu.[…][275]

Þann 24. júlí 1707 lögfesti séra Jón Jónsson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

Nefnelega lógfeste Eg: Alla Heima Jórdina Stafhollt, med Flöatänga og Melkote, Hiäleigum bÿgdum af Heimalande; Hier ad auke lógfeste Eg, þesse Stafhollz kÿrkju Itók og Eignir: [...] Hälfann Grijmsdal framann Kietils gil; Fossdal hälfan Nordann framm, efftir Fimtar Stefnu döme, og kÿrkjunnar Mäldaga; Afriett i Riödz-biargadal, SaudHüsspartinn med Skögjenum, [...] Lógfeste eg Tódur og Eingiar, Hollt og Haga, Vótn og Veidestade, og allar Landz og Vatnz gagnsemdir, sem þessum lóndum eiga med riettu ad fÿlgia, til ytstu ummerkia, Mötz vid adra menn, Fyrirbÿd Eg Hverjum Manne i ad Vinna, edur sier af ad Nÿta, nema Mitt sie lof eda leife til; Bijd Eg þeim i Möte Eiga, ad leggja Fimtarstefnu i Möte lógfestu minne. – Þetta allt framan Skrifad vitna eg til Nærstaddra Dänemanna, sem ord Mijn heira.[276]

Þann 31. júlí 1707 lögfesti séra Jón Jónsson eignir Stafholltskirkju. Þar segir m.a.:

1° Nefnelega, lógfeste Eg Alla HeimaJordena Stafhollt, med Flöatänga og Melkote, Hiäleigum Bÿggdum af heimalande, til þessara Um merkja:[…] 3° Lógfeste eg þesse Stafholltzkirkju [-kirkju, úti á spássíu] Itók og Eignir: Laxveide i Allre Þverä, ad fräskildum þeim hluta, er Ferjubacka tilheirir, Kierveide i Laxfosse i Nordurä, Skögahollt i Skardztüngu, Selfor i Þverärdal upp frä Kvijum, Skög i Skoradal, Hälfann Fossdal Nordann framm, hälfann grijmsdal framann Kietils Gil, Efftir Kÿrkjunnar Mäldaga og Fimtarstefnu Döme, Afriett i Riödzbiargardal, SaudHüsspartinn med Skögjenum, Veide alla i Möhil i Gljüfur ä, Afriett i Vesturärdal, Middalsmüla allann, Biarnadal allan fyrer framann Mælefellsgil, Hrijseij ä Hredavatne, Þræleij Sudur frä Bijllds Hómrum, Stadarhölmanna þar Nälægt, Stadar Eingid ä millum Melkotz og Flöatänga; Lógfeste Eg Tódur og Eingjar, Hollt og Haga, Sköga, Vótn, og Veidestade, og allar landz og vatnz gagnsemdir, sem þessum lóndum eiga ad Riettu ad fÿlgia, til Itstu um Merkja Mötz vid adra Menn: Fÿrerbÿd Eg hverjum Manne, i ad vinna, edur Sier af ad nÿta, nema mitt sie

[275] Skjal nr. 2(151) a-b og 2(159) a-b.
[276] Skjöl nr. 2(141) a-b og 2(164) a-b.

lof eda leife til, Bÿd Eg þeim i möte eÿga, ad leggja Fimtar stefnu i möt lógfestu minne […].[277]

Í kafla um Stafholt í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 segir eftirfarandi:

Þriðju selstöðu á staðurinn á Rjóðsbjargadal [svo] með tilliggjandi löndum, öllum Rjóðsbjargardal [svo] og hálfum Fossdal norðanfram. Þessi selstaða hefur ekki brúkast utan næstliðið ár, og hefur áður verið (eftir því sem kirkjunnar máldagi segir) afrjettarland, hjer nefndur Rjóðsbjargardalur sem og sellöndin á Bjarnadal, nefnilega hálfur Vesturárdalur.[278]

Þann 14. maí 1714 lögfesti séra Jón Jónsson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

1° Nefnelega Lógfeste Eg Allann Heima Stadinn og hanns land, til Þessara ummerkja; […] 2do. Lógfeste Eg Þessar Stafholltz KÿrkjuJardir: [...] og Grijsatüngur, til vissra landamerkja, sem ad fornu hafa halldinn verid. 3io Lógfeste Eg Þesse Stafholltz kÿrkju Itók og Eignir: Laxveide i allre Þverä, Efftir þvi Stafholltzkyrkju Mäldage helldur, og Øgmundar Biskupz Dömur med 12 Prestum, ad fräSkildum þeim hluta, er Ferjubacka tilheirer, [...] Hälfann Fossdal Nordann framm, Hälfann Grijmsdal framann Kietils gil, afriett i Riödzbiargardal [...] Afriett i Vesturärdal, Middalsmüla allann, Biarnadal allann fyrer framann Mælefellsgil, Hrijseij ä Hredavatne, Þrælej Sudur frä Bijlldzhómrum, Stadarhölmann þar Nälægt, StadarEingid ä millum Melkotz og Flöatänga, Lógfeste Eg Tódur og Eingjar, Hollt og Haga, Sköga, Vótn og Veidestade, og allar Landz og vatnz gagnsemder, sem þessum lóndum eiga med Riettu ad fÿlgia, til ÿtstu Ummerkja Mötz vid adra Menn, Fÿrirbÿd eg hverjum manne, i ad vinna, eda sier af ad Nyta, Nema Mitt sie lof eda leife til, Bÿd Eg þeim i möte Eiga, ad leggia Fimtar Stefnu i möte Lógfestu minne […].[279]

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 13. júní 1725, segir m. a. um eignir kirkjunnar:

Stafhollt

Hun ä allt Heimaland med gógnum og giædum, […]. Kyrkiann ä Svarfhöl 16 hndr. leigdan fyrer 1 hndr. Biargastein 16 hndr. leigdann 100 al., Hofstade 16 hndr. leigda fyrer 1 hndr. Litlu Sköga 12 hndr. leigda 60 al. Laxhollt 16 hndr. Landskulld til forna 1 hndr. fellur nu nidur fyrer fiärgeimslu, Nedra Nes 16 hndr. leigt 1 hndr. Eingenes ä Stróndum 6 hndr. og reka med, allann sem fyrer þvi lande liggur, effter Visitatiu Biskups Sal: Gijsla Jönssonar, Jordenn er nu i Eide, og hefur vered Langvaranlega, enn Lytelræde golded effter reka, Grysatungu, nu tiundada 12 hndr. og Saudhus Part 10 hndr. Afrett i

[277] Skjöl nr. 2(139) a-b og 2(165) a-b.
[278] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 334.
[279] Skjal nr. 2(140) a-b.

> Vesturärdal, Middalsmula allann fyrer ofann Mælifells gil, afriett i Riödsbiargardal, Hrys Ey ä Hredavatne, Ey vid Hvytä, sem kóllud er Stafhollts Ey, Þræley Sudur fra Byldshómrum, Skogahollt i Skardstungum, sem kallad er Kirkiuhollt, kierveide ij Nordur ä i Laxfosse. Þriä hlute veidar i allre Þverä, Selfor i Þverardal, Skög i Skoradal, Halfann Fossdal Nordan framm, veide alla i Möhil i Gliufraä.[280]

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 10. júní 1744, segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Hun ä Heimaland allt med gógnum og giædumm, Item þessar Jarder Svarfhöl, Biargastein, Hofstade, Litla Sköga, Laxhollt, Nedra Nes, Eingenes a Stróndum og Reka med, allann Sem fyrer Þvj Lande Liggur effter Visitatiu Biskups Sal Gisla Jonssonar. Jórdenn er nu i Eide og hefur vered langvaranlega Enn lytelræde gollded effter Reka. Grÿsatungu og Saudhuspart. Afriett ä Vesturärdal, Middalsmula allann fyrer ofann Mælefellsgil, afriett I Riödsbiargardal, HrÿsEÿ ä HredaVatne, Ey vid Hvÿtä Sem kóllud er StafholltsEÿ. ÞrælEÿ Sudur frä byldsHómrumm Skögarhollt i Skardstungumm Sem kallad er Kyrkiuhollt. Kierveide i nordurä I Laxfosse. Þriä hlute veidar I allre Þverä, Selfór i Þverärdal Skög i Skoradal, Hälfann Fossdal nordann framm, veide alla i Möhil i gliüfraa.
>
> [...][281]

Í prófastsvísitasíu Stafholtskirkju frá 18. júní 1749 segir m. a. um eignir kirkjunnar:

> Hün ä Heimaland allt med gógnum og giædum, Item þessar jardir Svarfhöl, Biargastein, Hofstade, Litlu (Skóga), Laxhollt, Nedra nes, Eingenes ä Strondum sem ädur hefur leinge vered öbyggt, enn Beneficiator Sr Sigurdur Jönsson hefur nu komid Bygging ä, so þar gielldst effter 20 al. Item Reka allan sem fyrir þvi Lande liggur eptir visitatiu Biskups Säl. Gisla Jonssonar. Grísatungu, og Saudhus Part. Afrett ä Vesturaardal, Middalsmüla allan fyrer ofan (Mæli)fells gil, afrett i Riödsbiargar Dal. Hryseÿ Hredavatne. Ey vid Hvïtaa, sem kóllud er Stafhollts Ey. ÞrælEy Sudur frä Bylldshömrum. Skögarhollt i SkardsTungum, sem kallad er Kyrkiuhollt. Kjerveidi i Norduraa I Laxfosse; Þriä hluti veidar i Þvera, Selfór I Þverarardal. Skog i Skordale halfan Fossdal nordan fra[m] Veide alla I Mohil I Gliufra aa.
>
> [...][282]

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 20. ágúst 1751 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Hun ä Heimaland allt med gógnum og giædum, […]. Kyrkiann ä [...] Grïsatungu 12 hndr. og Saudhus-Part 10 hndr. Afrett i Vesturärdal; Middalsmula allann fyrer ofann Mælefellsgil Afrett [Afrett, ofan línu] i

[280] Skjal nr. 2(125) a-b.
[281] Skjal nr. 2(177) a-b.
[282] Skjal nr. 2(136) a-b.

Riödsbiargardal [...], Skög i Skoradal, halfann Fossdal, nordann framm; Veide alla i Möhil i Gliufra ä,

[...][283]

Þann 13. júní 1754 lögfesti séra Sigurður Jónsson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

1° nefneleg lögfeste Eg allann heimastadenn og hans land[...]

2° Lögeste Eg þessar Stafholltskyrkiu Jarder: Stafholltsey, Nedranes, Lax[hollt, Litlu][284] Skóga og Grysatungur, til vissra landamer[kia sem ad for]nu[285] vered hafa, og vera eiga.

3° Logfeste eg, [þesse S]tafhollts kyrkiu Jtök og Eigner [...] skóg J Skoradal, hálfann fossdal nordannframm, hálfann Grýmsdal, framann Ketilsgil. afrett i RiódsBiargardal, Saudhus partenn med skógenum, veide alla J móhil J gliufuraa, afrett J Vesturárdal, middalsmúla allann, Biarnadal allann fyrer framann mælefellsgil, hrýsey á hredavatne, þræley sudur frá Býlldshömrum, Stadarhólmann þar nálægt, Stadar Einged á millum melkots og flóatánga.

Lögfest Eg tödur og Eingjar, hollt og haga, skóga, vötn og veidestade og allar lands- og vatns-gagnsemder, sem þessum löndum ega med riettu ad fylgia, til ytstu ummmerkia móts vid adra menn: fyrerbýd Eg hverjum manne J ad vinna, eda sier af ad nýta, nema mitt sie leyfe til. Býd eg þeim i móte eiga, ad leggia fimtarstefnu i móte þessare minne lögfestu. Þetta allt framann og ofannskrifad, vitna eg til nærstaddra Dánumanna, sem þessa mýna lögfestu heyra, hvoria Eg þienustusamlega óska ad Erugöfigur valldsmaduren J mýrasýslu Seig$^{r}$ Þorgrimur Sigurdsson fyrer Riettenum ad Hiardarhollte auglýsa láte, minna vegna, öllu þess Til merkes og Stadfestu er mitt nafn med egenn hende og hiáþryckt venjulegt signet ad Stafhollte þann 13$^{da}$ Júnii 1754.[286]

Lögfestan var þinglesin degi síðar.

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 16. júní 1759 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hun a Heimaland allt med gognum og giædum, millum Hamra Enda og Hofsstada er hallden Sionhending ur Hofstada Vatne, og i midian Agnhöl, þadan og i Þvotthellur vid Hvitaa. En Vestan fram rædur Kielldan sem rennur ur Vatnenu og I Hofstadalæk og so Lækurenn ut ï Nordur ä. Kyrkiann ä Svarthol 16 hndr., Biargarstein 16 hndr. Hofstade 16 hndr. Litlu Sköga 12 hndr. Laxhollt 16 hndr. Nedranes 16 hndr. Eingenes ä Strondum 6 hndr. og Reka med allan sem fyrer þvj lande liggur Grysatungu 12 hndr. og Saudhuspart 10 hndr. Item Eÿ vid Hvitaa sem nu [nu, ofan línu] kollud er Stafholts Eÿ. Afrett I Vesturärdal Middalsmula allan fyrer ofan Mælefellsgil,

283 Skjöl nr. 2(127) a-b og 2(137) a-b.
284 Hér er eyða í handriti vegna skemmdar.
285 Hér er eyða í handriti vegna skemmdar.
286 Skjal nr. 2(163) a-b.

af Riett i Riödzbiargar Dal, Hrys Eÿ ä Hreda Vatne Þræl Ey sudur frä Bylldz Hómrum, SkogarHollt i Skardstungum, sem kallad er Kyrkiuhollt, Kier Veide I Nordurä I Laxfosse. Þria Hlute Veidar I allre Þverä, Selfor i Þverärdal Skog i Skoradal hälfann Fossdal Nordann fram. Veide alla I Möhil i Gliufra ä.

[...][287]

Þann 2. apríl 1766 lögfesti séra Sigurður Jónsson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

[...]

1° Lögfeste Eg allann heimastaden, og hanns land, [...]

2° Lögfeste eg þessar Stafhollts kyrkju Jarder: Stafholltsey. Nedranes. Laxhollt. Litlu Skóga og Grísatúngur, til vissra landamerkia sem ad fornu hafa halldenn vered.

3° Lögfeste eg þesse Stafholltskyrkiu Jtök og Eigner: [...] skóg i Skoradal, hálfann Fossdal, nordannframm; hálfann Grimsdal framann Ketilsgil. afrett i Riódsbiargardal, Saudhúss partenn med skógenum: Veide alla i móhil i gliúfuraa, afrett i Vesturárdal, middalsmúla allan, Biarnadal allann fyrer framann mælefellsgil, [...].

Lögfeste eg Tödur og Eingiar, hollt og haga, skóga, vötn og veidestade, og allar lands og vatns gagnsemder, sem þessum löndum eiga med rettu ad fylgja, til ytstu ummmerkia móts vid adra menn; fyrerbýd eg hverjum manne, i ad vinna, eda sier af ad nýta, nema mitt sie leife til. Og óska þienustusamlegast ad ædla Sysslumadurenn i MyraSysslu Sr. Þorgrimur Sigurdsson auglyse þessa mýna lögfestu fyrer Rettenum, sem ad Öskhollte, Smidiuhóle, Nordtungu, Dyrastodum og Hiardarholte nu i vor hallden verdur. Til merkes mitt nafn og Signet ad Stafhollte d. 2. Aprilis 1766.[288]

Lögfestan var þinglesin 2. og 3. apríl, 13. og 26. maí og 21. júní, 1766.

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 19. ágúst 1783 segir m. a. um eignir kirkjunnar:

Hún á Heimaland allt med gognum og giædumm […]. Kyrkiann á Svarfhól 16 hndr. Biargarstein 16 hndr., Hofstade 16 hndr., Litlu Skóga 12 hndr. Laxhollt 16 hndr., Nedranes 16 hndr., Eingenes á Ströndum 6 hndr. og Reka med allann sem fyrer þvi Lande liggur, Grísatungu 12 hndr. og Saudhus Part 10 hndr., Item Ey vid Hvítá, sem nú köllud er StafholtsEy. Afrett i Vesturárdal, Middalsmúla allann fyrer ofann Mælefellsgil, Afrett i Riódsbiargardal, Hrísey á Hredavatne, Þræley sudur frá Bíldshömrum. Skógarholt i Skardstúngum, sem kallad er Kyrkiuholt, Kierveide i Nordurá i Laxfosse, þriá hlute Veidar i allre Þverá, Selför i Þverárdal, Skóg i Skoradal, halfann Fossdal nordann framm. Veide alla i Móhil i Gliufraá.

[287] Skjal nr. 2(128) a-b.
[288] Skjal nr. 2(162) a-b.

[...][289]

Þann 5. maí 1831 lögfesti séra Pétur Pétursson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

> 1. Lögfeste eg alla heimajördina Stafhollt, med Melkoti og Flódatánga, hjáleigum bygdum af heimalandi, [...]
>
> 2. Lögfesti eg kyrkju-jardirnar Stafhollts-ey, Nedranes, Laxhollt, Litluskóga og Grísatúngu, til vissra landamerkja, sem ad fornu hafa halldin verið.
>
> 3. Lögfesti eg þessi Jtök og Eignir Stafhollts kyrkju, nefnilega: [...] skóg i Skorradal, hálfan Fossdal nordanfram, hálfann Grímsdal framan Kétilsgil, afrétt i Riódsbjargardal, Saudhúspartinn 10 hndr. med skóginnum, Veidi alla i Móhil i Gliúfurá, afrett i Vesturardal, Middalsmúla allan, Bjarnadal allan framan Mælifellsgil, Hrýs-ey á Hredavatni, Þræl-ey sudurfrá Bíldshömrum, Stadarhólman þar nálægt, Stadar Eingid milli Melkots og Flódatánga.
>
> [...]
>
> Lögfesti eg Tödur og Eingiar, hollt og haga, skóga, vötn og veidistadi og allar lands og vatns nytjar og gagnsemdir, sem þessum her ad framan og ofanskrifudum löndum og plátsum fylgdt hafa og fylgja eiga, til ytstu ummerkja mótsvid adra menn. fyribíd eg sérhverjum manni þessi lönd og pláts ad yrkja edur láta yrkja, edur ser uppa nokkurn máta ad nota edur brúka, nema mitt hafi lof edur leifi þar til. Þessari lögfestu til frekari stadfestu er mit undirskrifad nafn og hjásett signet, ad Stafhollti i Stafholltstungum, þann 5ta Maii 1831.
>
> [...][290]

Lögfestan var þinglesin 13. maí sama ár.

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 24. júlí 1831 segir m. a. um eignir kirkjunnar:

> Stafhollt
>
> Anno 1831 d. 24 Julii visiterade biskupinn yfir Islande Steingrímur Jónsson R:D: kirkjuna ad Stafhollti. – Hún á Heimaland allt med gögnum og gjædum […]. Kirkjan á Svarfhól 16 hndr. Bjargarstein 16 hndr. Hofstadi 16 hndr. Litluskóga 12 hndr. Laxhollt 16 hndr. Nedranes 16 hndr. Engines á Ströndum 6 hndr. og Reka med allan sem fyrir því lande Liggur, Grísatúngu 12 hndr., og Saudhús-part 10 hndr., Item Ey vid Hvítá, sem nú er köllud Stafholltsey. – Afrétt í Vesturárdal, Middals múla allan fyrir ofan Mælifellsgil, Afrétt í Rjódsbjargardal, Hrísey á Hredavatni Þræley, sudur frá Bíldshömrum. – Skógarholt í Skards túngum, sem kallad er Kyrkiuholt, Kérveidi í Nordurá í Laxfossi – 3 hluti Veidar í allri Þverá, Selför í Þverárdal, Skóg í Skoradal, hálfan Fossdal Nordan fram. – Veidi alla í Móhyl í Glúfra Á.
>
> [...] [291]

[289] Skjal nr. 2(129) a-b.
[290] Skjal nr. 2(161) a-b.

Í umfjöllun um Beilárheiði í jarðamati Mýrasýslu frá 1849-50 segir:

> C, Beilárheiði, með hálfum Grímsdal og hálfum Fossdal og öllum Hróbjargardal, ofan að Beilá, sem árnar ráða, er Kenndar eru við dalinn, allt beint upp undan Grísatungu; heiðarland tilheyrandi Stafholts kirkju.[292]

Á manntalsþingi að Hjarðarholti 17. maí 1851 var þinglesið „forboð“ fyrir Stafholtskirkjulandi. Innihalds skjalsins er ekki getið og það hefur ekki fundist við kerfisbundna leit Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Þinglýsingin hljóðar svo:

> Ár 1851 Maí 17, var manntalsþíng sett ad Hjarðarholti Þíngstd rjettum af sýslumanninum í Mýrasýslu [...], hvar þá var fyrirtekid, eptir ad þíngfridi var yfirlýst:
>
> [...]
>
> 7. forbod fyrir Stafholts kirkjulandi á Fossdal dagsett 12. Maí 1851.
>
> 8. forbod fyrir sömu kirkju landi Hróbjargardal og Beilárheiði dagsett 17. s(sama) m(ánaðar) 1851.
>
> [...][293]

Á manntalsþingi að Eskiholti 19. maí 1851 var þinglesið „forboð“ fyrir Fossdal. Innihalds skjalsins er ekki getið og það hefur ekki fundist við kerfisbundna leit Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Þinglýsingin hljóðar svo:

> Ár 1851 Maí 19. var manntalsþíng sett ad Eskiholti, þíngstad rjettum, af sýslumanninum í Mýrasýslu, [...]var fyrirtekid eptir ad þingfridi var yfirlýst:
>
> [...]
>
> 4. forbod fyrir Fossdal, Stafholtskirkjulandi, lesid eins og á nærsta þingi.
>
> [...][294]

Þann 7. júní 1851 skrifaði presturinn í Stafholti prófastinum bréf með upplýsingum um kauptilboð í Beilárheiði og óskaði eftir áliti prófastsins. Í bréfinu segir:

> Bóndinn Gudmundur Eggertsson á Sólheimatúngu hefir leidt þad í tal vid mig, ad hann vildi, ef ekkert væri því til fyrirstödu, fá keypt fjalllendi nokkurt, sem tilheyrir Stafholts Kyrkju og nær yfir talsverdann hluta Beilárheidar, med adliggjandi smádölum: Hróbjargardal öllum, Fossdal hálfum og ad nokkru leiti Grímsdal. Hefir hann látid í ljósi, ad hann vildi borga land þetta med 75rbd r.s.

291 Skjal nr. 2(131) a-b.
292 Skjal nr. 2(95).
293 Skjal nr. 2(106) a-b.
294 Skjal nr. 2(107) a-b.

> Fjallland þetta var við sídasta jardamat matid á 50rbd og er, þótt ekki svo lítid ad ummáli, vída graslítid. Þad hefir í mörg ár verid notad af ýmsum í óþakklæti, til þess ad reka þángad stódhross og annan fjenad, enginn ardur feingist af því, þángad til eg hin seinast lidnu ár hefi ad nafninu til gétad leigt þad, og fyrir ári sídann fékk tédur bóndi leyfi til þess hjá mér, ad hafa þar selstödu um sláttartímann. Yfir höfud ad tala er því svo varid, ad eg gét ekki fundid, ad nú sem stendur géti af fjall landi þessu feingist sami ardur og af hinu tilbodna andvirdi. Hid annad, sem hér er um ad tala, er þad, hvort land þetta sé missanlegt kyrkjunni edur beneficíarío hér í Stafholti, og vil eg í því tilliti géta þess, ad Kyrkjann á tvær selstödur bádar hagkvæmari en þessa: Stadartúngu, sem nú er brúkud til selstödu hér frá stadnum og Bjarnadal nær allan, sem ad nú sem stendur er leigdur ödrum. Þar ad auki liggur undir kyrkjuna upprekstur fyrir allan fénad á Hellistúngum. Eg álít yfir höfud land þetta því missanlegra, sem reynslan mun sanna flestum, ad mörg þvílík ítök er ördugt ad verja fyrir ólögmætri notkun annarra.
>
> Med þvílíkum ummælum bid eg ydur, herra prófastur! ad bera þessi til mæli Bóndans Gudmundar Eggertssonar fram á ædri stödum, og láta þarmed fylgja ydar góda álit um þetta efni.
>
> Stafholti, 7da dag Júní m. 1851.
>
> O. Pálsson[295]

Þann 10. júní 1851 sendi prófasturinn álit sitt um sölu Beilárheiðar til biskups. Þar segir:

> Eptir hjálögdu afriti af brjefi Prestsins Sra Ólafs Pálssonar í Stafholti frá 7 þ. m., áhrærandi ósk bónda Gudmundar Eggertssonar um kaup á fjalllandi Stafholtskirkju á Beilárheidi fyrir 75 rbd., þá verd jeg ad öllu leiti ad vera samdóma því, sem tjádur Prestur seigir, því heldur sem hann bædi í andlegu og veraldlegu tilliti er sómi stjettar sinnar; þekki jeg gjörla fjalllendid og veit ad ítak þetta hefur aldreigi ordid Stafholtskirkju ad notum, svo leingi sem menn muna eda tilvita, og álít jeg bod þetta í fleiru enn einu tilliti adgeingilegt, bædi þegar gætt er virdíngarverds Lands þessa vid jardamatid og líka þegar athugad er, hve stopul hin fornu kirkju ítök yfirhöfud eru. Fæ jeg því ekki annad, eptir embættismedferd minni, enn fyllilega og sem framast má verda mælt med kaupi því sem nú er umtalad.
>
> Hýtardal, 10. Júní 1851
>
> ThEHialmarsen[296]

[295] Skjal nr. 2(205) a-b.
[296] Skjal nr. 2(206) a-b.

Þann 18. febrúar 1852 skrifuðu stiftsyfirvöld bréf til Ministeriet for Kirke- og Underviisnings-vesenet um sölu á Beilárheiði. Þar segir:

> Provsten i Myre Syssel har i hosfölgende Skrivelse af 16 Juni sidstleden tilsendt, os et Andragende fra Benificiarius til Stafholt, Præst O Palsson, hvori denne indberettis, at en Bonde har yttret det Ønske, at en Stafholt Kirke som Servitut tilhörende Fjeldfælled, - der strækker sig over en betydelig Deel af Beilárheidi med tilliggende smaa Dale, den hele Hróbjargardal og den halve Fossdal med en Deel af Grímsdal - maa afhændes ham for en Kjöbesum af 75 Rbd.
>
> Denne Stafholt Kirke tilhörende Fjeldgræsning ble<v> ved sidste Taxation af Jordegodset her i Landet, anset til 50 Rbd Værdie.
>
> I anledning her af har Beneficiarius bemærket, at det ommeldte Landstykke i lang Tid har været benyttet af Forskjellige uden Tilladelse eller Vederlag, indtil han i de sidste Aar har faaet det bort lejet for en Ubetydelighed, der ikke svarer til Renten af den tilbudte Kjöbesum; at Præstekaldet ingenlunde trænger til denne Ejendom, da Kirken paa to andre Steder ejer Servituder, der begge ere bekvemmere til Græsning for Kreaturerne om Sommeren, at han under saadanne Omstændigheder anseer det saa meget tilraadeligere, at bortsælge denne Ejendom, som Erfaringen viser hvor vanskeligt det er, at favere slige Sevituta for Andres ulovmæssige Indgreb. –
>
> Provsten har yttret sig aldeles overensstemmende her med og anbefalet Afstaaelsen mod den tilbudte Sum.
>
> Da vi antage at den her omtalte Servitut er en for Præstekaldet aldeles undværlig og lidet indbringende Ejendom, maa vi med Vedkommende være enige i, at det vil være fordelagtigt at bortsælge samme, saa meget mere, som saadanne langtbortliggende Servituter meget ofte give Anledning til Tvist og Uenighed, og i Almindelighed tjene Uvedkommende til störe Fordel end den retmæssige Ejer. Imidlertid formene vi dog at det i de fleste Tilfælde vil være sikkrere som ogsaa fordelagtigere at saadanne Eiendomme afhændes ved offentlig Auction end under Haanden ifölge Tilbud af enkelte Lysthavende.
>
> Vi tilladede os derfor ærbödigst at instille: at den attraaede Afhændelse allernaadigst maa blive bevilget, saaledes: at bemeldte Stafholt Kirke tilhörende Fjældfælled bliver stillet til Auction, og at Stiftövrigheden bemyndiges til at approbere det höjeste Bud naar det ikke maatte være under det allerede gjörte Tilbud af 75 Rbd, hvilket vi maae ansee for at være antageligt. Den saaledes udbragte Kjöbesum vil da vare at indsætte i Jordebogskassen til Forrentelse, som en Stafholt Kirke tilhörende Capital.
>
> Islands Stiftamtshuus og Laugarnæs den 18 Februar 1852.
>
> J.D. Trampe H.G. Thordersen

Til Ministeriet for Kirke- og Underviisnings-væsenet[297]

Í afsali fyrir Beilárheiði, Hróbjargardal og hálfum Fossdal, útgefnu 22. desember 1853, segir:

Útskrift úr afsals- og veðbréfabók Mýra- og Hnappadalssýslu

Ltr. D

Með konúnglegum allrahæstum úrskurði af 5[ta] Maí 1852 var það leyft að selja við opinbert uppboð selland það, er Stafholtskyrkja á í Beilárheiði upp frá heimalöndum jarðanna Grísatungu og Múlakoti ásamt aðliggjandi dölum Hróbjargar (Rjóðsbjargar) dal og hálfum Fossdal. Uppboð þetta framfór á Hjarðarholts manntalsþingi þann 21 Maí þ.á. og og varð þá Borgarhrepps sveitarfélag í Mýrasýslu hærstbjóðandi að eing þessari með 79[rd]48[s]. Var boð þetta síðan samþykkt af stiftsyfirvöldum Íslands með bréfi af 14. Sept. þ.á.

Samkvæmt ofanskrifuðu er nú boð þetta borgað til mín af hreppstjóranum í ofannefndum hreppi alþingismanni Jóni Sigurðssyni í Tandraseli með sjötíu og níu ríkisbankadölum, fjörutíu og átta ríkisbankaskildingum reiðu silfurs, hver fyrir eg hérmeð kvittaa þar fyrir, í krapti af ofannefndum konungl. allrahærstum úrskurði og samþykki Islands Stiftsyfirvalda, lýsi eg því hérmeð yfir að ofannefnt land Stafholtskyrkju með öllum þeim gögnum og gæðum, er því fylgja, er upp frá þessu eign Borgarhrepps sveitarfélags í Mýrasýslu.

Þessu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn og hjásett signet.

Stafholti, 22[ann]dag Decembermán 1853.

Ó. Pálsson[298]

Afsalið var þinglesið 22. maí 1857.

Í sóknalýsingu séra Ólafs Pálssonar í Stafholti fyrir Stafholts- og Hjarðarholtssóknir frá árinu 1853 segir m.a.:

8. ‹*Dalir.*› Á bak við Múla þá sem eru nefndir í 2. gr. og norðan megin Gljúfurár liggur heiðlendi lágt upp að Langavatni og byrjar þá *Langivatnsdalur* þegar vatnið tekur við og nær frá suðri til norðurs allt að Sópandaskarði er vötnum hallar til Dalasýslu. Vestanvert að dal þessum liggur Langavatnsmúli (syðst), Hafradalslok og Fossmúli (nyrst), austanvert Réttamúli (syðst), og Borgarhraunseggjar. Fyrir dalbotninum er Víðimúli. Út úr Langavatnsdal að vestan liggja afdalirnir *Hafradalur* milli Hafradalsloks og Fossmúla, og fyrir norðan Fossmúla Fossdalur inní Dalafjöll. Fyrir austan Réttarmúla liggur Hróbjargardalur (Róðsbjargardalur) og er að austanverðu við hann Moldarmúli. Fyrir austan þennan múla liggur *Fossdalur* en aðeins þessi (hin nyrðri) hlið hans liggur til Stafholtsskóknar. Á milli bæjanna Múlakots og Grísatungu liggur *Grímsdalur*; að vestanverðu við hann er heiðlendið Beilárheiði, að austan Múlakotsmúli.

[297] Skjal nr. 2(207) a-b.
[298] Skjöl nr. 4(53) og 4(114).

[…].[299]

Í „minnisgrein“ séra Ó Pálssonar í Stafholti, frá 2. ágúst 1854, er getið um sölu Beilárheiðar, Hróbjargardals og hálfs Fossdals. Þar segir:

> Á þessu fardaga ári var eptir kgl. allrahærstumm úrskurdi 5. Maí 1852 selt vid opinbert uppbod selland þad, er kirkjan átti á Beilárheiði, ásamt Hróbjargar (Rjóðsbjargar) dal og hálfum Fossdal, og gekk það á 79r 48sk. Bodid var samþykkt af Stiftsyfirvöldunum 14. Sept. 1853 og sídan fyrir andvirdinu fengin Landfóg. Tertia kvitteríng 11. Jan 1854 Landid keypti Borgarhreppur. Kirkjunni hefir bætst sú í reikníngnum umgetna tabla, olíumálverk vandad med Kristi á krossinum, samt minnisspjald eptir Odd sál. Jónsson í gylltri ummgjörd.
>
> Stafholti 2. Aug 1854.
>
> Ó.Pálsson[300]

Á manntalsþingi að Eskiholti 22. maí 1857 var þinglesið bréf séra O. Pálssonar í Stafholti, frá 22. desember 1853, þar sem hann afsalaði Hróbjargardal og hálfum Fossdal til Borgarhrepps. Inntak bréfs kemur ekki fram en þinglýsingin hljóðar svo:

> Ar 1857 þann 22. Mai var manntalsþíng sett og haldid ad Eskjuholti af sýslumanni B. Thorarensen, hvar þá, ...
>
> [...]
>
> 5. Lesid bréf Prófasts O. Palssonar dagsett 22. Decbr. 1853, med hvorju hann afsalar Hróbjargardal og hálfum Fossdal til ~~hrepp~~ Borgarhrepps.[301]

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 12. ágúst 1873 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Ár 1873 12 dag ágústmán, visíteraði biskupinn yfir Íslandi Dr. theol. P. Pjetursson söfnuð og kirkju að Stafholti. [...]
>
> Kirkjan heldr óátöldum eignum sínum og ítökum, sem máldagar og biskupavísitasíur eigna henni, og er þetta seinast talið upp í vísitasíu Steingr. biskups Jónsson frá 24. júlí 1831, sem innfærð er í ágripi í reikningabók kirkjunnar. Fyrir burtseld kúgildi og Inventarium á nú kirkjan 41rd 66s á vöxtum við Biskupsdæmið, en síðan ádr nefnd biskupsvísitasía fram fór, er samkvæmt Konungsúrskurði 5. maí 1852, árið 1853, selt við opinbert uppboð afréttar- eda fjallland þad, sem [strikað yfir: kjan] kirkjan átti á Beilárheidi, ásamt Hróbjargar, eda Ródsbjargardal og hálfum Fossdal, og keypti land þetta Borgarhreppur fyrir 79rd 48s, sem einnig eru á vöxtum geymdir við Biskupsdæmið.
>
> [...][302]

[299] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873, (2005), bls. 68.
[300] Skjal nr. 2(154) a-b.
[301] Skjal nr. 2(204) a-b.

### 5.5.2 Víðidalur

Í máldaga Steina prests Þorvarðssonar fyrir Stafholtskirkju frá því um 1140 er getið um Svignaskarð. Þar segir:

> j hiarðar hollt[i] ok j skarði [ok] j eskio hollti skal vera heima tiund.[303]

Í máldaga Jóns Halldórssonar Skálholtsbiskups fyrir kirkjuna í Svignaskarði, frá því um 1325, segir m.a. um eignir hennar:

> Hun aa alla veide j Gliufuraa, fra kiarkalæk til kidmula äss. enn halfa þadann til diupvadz.
>
> […]
>
> Jtem lukte Kolbeinn Gilzson manadarbeit j gliufurár jord um sumarit aullum busmala. oc hrossum. oc elldivid sem þvi bue þarnast. þa hann sellde jordena. enn kirkian atte at fornu manadarbeit vpp j jordena og halfann vididal etcetara.[304]

Í Vilchinsmáldaga fyrir kirkjuna að Svignaskarði frá árinu 1397 er að finna tilvísun til fyrri máldaga kirkjunnar, þ.e. máldagann frá árinu 1325.[305]

Árið 1511 vitnaði Oddgeir Grímsson um það að Halldór nokkur Guðmundsson hafi goldið Þorleifi Björnssyni „fyrir 30 ára eða meir" jörðina Svignaskarð í próventu sína. Próventa var skilyrt greiðsla eða gjöf. Gefandinn lét fé eða eign(ir) renna til einhvers tiltekins aðila, kirkju eða einstaklings, gegn framfærslu til æviloka. Svo er að skilja að Halldór sá er getið er, hafi lifað sem próventumaður í 30 ár eða lengur í skjóli Þorleifs Björnssonar, sem að launum þáði Svignaskarð í próventugjöf. Vitnisburður Oddgeirs hljóðar svo:

> Um suignaskard.
>
> Þat giori eg oddgeir grimsson godum monnum viturligt med þessu minv opnu brefi. at. eg uar hia þorleifi biornssyni. Aa Reykholum og hans man. war þar þAA halldor gudmundzson j profentu ath þui ath eg heyrdi þar þaa wintal weitt. og þessi hans profenta ætti at koma j uerd fyrer suigaskard j borgarfirde. Og suo heyrdi eg þar wm talat og wíjdar anars stadar. ath greindr haldor hefdi selltt adr nefndum þorleifi fyrr nefnda jord suignaskard. Og alldri hefi eg heyrt kuittad ath eigi hafi fullir peningar fyrer komit greinda jord edr nockr hana aakiærtt edr þaa peninga sem fyrer hana skylldi koma. Man eg suo stad(id) hafa wppaa þriatigi wetur eda leingur. huorki greindr halldor nie nockur annar fyrr en nu j uetur. Og til sanninda hier wm sette eg mitt insigle fyrer þetta witnisburdarbref skrifat j suignaskarde j borgarfirde aarum eptter guds burd fimtan hundrud aara og ellefu aar.[306]

[302] Skjal nr. 2(157) a-b.
[303] Skjal nr. 2(62).
[304] Skjal nr. 4(133).
[305] Skjal nr. 4(136).
[306] Skjal nr. 4(137).

Þann 11. júlí árið 1512, samþykkti og staðfesti Stefán biskup Jónsson í Skálholti máldaga Svignaskarðskirkju á Mýrum, og úrskurðaði jafnframt Þorstein Þorleifsson réttan halds- og eignarmann jarðarinnar. Ekki er getið um eign kirkjunnar á hálfum Víðidal í bréfi biskupsins.[307]

Þann 23. júlí árið 1512, úrskurðaði Jón Sigmundsson, lögmaður norðan og vestan yfir Íslandi, kaup þeirra Þorleifs Björnssonar og Halldórs Guðmundssonar um Svignaskarð löglegt. Í úrskurði lögmannsins er ekki getið um Víðidal.[308]

Á árabilinu 1534-1539 seldi Ögmundur biskup Pálsson í Skálholti, Svignaskarð í Stafholsstungum til Orms bónda Guðmundssonar. Ekki er getið um Víðidal í bréfinu. Um söluna á Svignaskarði segir eftirfarandi:

> Um Svignaskard.
>
> Vier Ogmund med guds nad biskup i Skalhollte giorum godum monnum kunnugt med þessu voru opnu brefe. ad vier hofum giort suoddan kaup ok iardaskipte vid Orm bonda Gudmundzson. ad vier hofum feingid honum iordina Svignaskard er liggur i Stafholltztungum i Borgaríirde. med ollum þeim gognum oc giædum sem greindre iaurdu fylger oc fylgt hefur ad fornu oc nyu til sios oc landz. til frials forrædis ok fullrar eignar. under hann oc hans erfingia enn undan oss oc heilagre kirkiu. [...].[309]

Í „minnisgreinum“ Gizurar Einarssonar Skálholtsbiskups, dagsettum 11. september árið 1541, kemur eftirfarandi fram um Svignaskarð, sem þá hefur þá verið seld undan kirkjunni:

> Þessar jardir kuomu fyrir kyrkiunnar jord Suignaskard Jngunarstadir er liggur j garpdalz kyrkiu sokn xxiiij (hundruð) ad dyrleika. þar med v kugijlldi. og Holar er liggur j Reykhola kyrkiu sokn xij[c] ad dyrleika. þar med fiogur kugylldi.[310]

Þann 30. júní árið 1567, dæmdi tylftardómur á Öxarárþingi kaup Henriks Gerkens á hálfu Svignaskarði og Sigmundarnesi lögleg. Ekki er getið um Víðidal í dómnum.[311]

Þann 25. ágúst árið 1568, úrskurðaði Ormur Sturluson, lögmaður norðan og vestan, hálft Svignaskarð og hálft Sigmundarnes rétta eign Henriks Gerkens. Ekki er getið um Víðidal í þeim úrskurði.[312]

Í Gíslamáldaga, frá því um 1570 segir m.a. um eignir hálfkirkjunnar á Svignaskarði:

> Svijgnaskard.

[307] Skjal nr. 4(138).
[308] Skjal nr. 4(139).
[309] Skjal nr. 4(134).
[310] Skjal nr. 4(140).
[311] Skjal nr. 4(141).
[312] Skjal nr. 4(142).

Hálffkirkian ä Svignaskarde ä laxveide j Gliufurä frä Kiarkalæk og vpp til Kidmula og thadann hälffa til Diupavadz. mänadar beit i Gliuffurär lande vmm sumarid. elldevid vmm thann tijma.

Jtem allann hälffann Vijdedal.

[…][313]

Í umfjöllun um Svignaskarð í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Borgarhrepp í Mýrasýslu frá árinu 1709, er ekki minnst á Víðidal. Þar segir m.a.:

Hjer er hálfkirkja, og veitast tíðir, þá heimammen eru til sacramentis.

[…]

Eigandi að hálfri jörðunni er Ragneiður Þorsteinsdóttir að Skarði á Skarðsströnd. Eigandi að öðrum helmíngi kvinna Guðmundar West á Stokkseyri á Eyrarbakka.[314]

Í umfjöllun um Svignaskarð í jarðamati Mýrasýslu frá 1804 er ekki getið um Víðidal.[315]

Í umfjöllun um Svignaskarð í jarðamati Mýrasýslu frá 1849-1850 er ekki getið um Víðidal.[316]

Þann 2. mars 1880 sendi hreppsnefnd Borgarhrepps bréf til hreppsnefndar Hörðadals vegna ágreinings um sveitarfélagamörk. Bréfið hljóðar svo:

Með því ágreiningur er um það, hvar landamerki sjeu, milli Borgarhrepps og Hörðadals, væri þörf á að útgjört irði um það sem fyrst og best að það gæti orðið, án þess að til merkja Dóms þirfti að koma þar hann yrði ærið kostbær báðum hlutaðeigendum.

Víðidalur er það, sem hefur verið aðal þrætu efnið og er hann þá hálfur eign Svignaskarðs. og svo litla sönnun sem Borghreppingar þikja að hafa fyrir hinni helft hans, þá hafa Hörðdælingar hana ekki meiri svo kunnugt sjé. fyrir merkja Dómi er það mikið ólíklegt að Hörðdælingar nái til lands þess, fyrir sunnan fjalla brúnir, sem þeir hafa eingin skilríki eða eignar ~~heimild~~ heimild fyrir. með brjefi þessu er það því meining vor, að fara þess á leit við yður, að þið vilduð samþikkja svo látandi landamerki.

frá Hrútagili (þar sem mjóadalsá fellur í það) uppí Víðimúlahornið vestan til og svo eptir miðju hans uppi. norður eptir, meðan ekki hallar norður af. og skal Víðidalur allur tilheira Borgarhrepp. eins víðt og vötnum deilir til hans.

Ef þið vilduð samþikkja merki þessi yrði allri þrætu lokið, enn svo fremt það ekki fæst verður að útgjöra um það mál með merkja Dómi og verður þá krafa vor nokkuð meiri hver sem verður endir þess máls. enn svo fremt þið sleppið

[313] Skjal nr. 4(135).
[314] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV., bls. 353.
[315] Skjal nr. 2(33).
[316] Skjal nr. 2(95).

tilkalli til Víðidals gefum við kost á að borga Sigurdór í Lækjarskógi fyrir að hann vann grenið í víðimúla næstliðið vor, og sömu leiðis vöku manninum – sem og að sjá um grenja leit þar fram veigis.- gjörið svo vel að rita okkur sem fyrst við víkjandi þessu máli.

2/3 – 1880-[317]

Þann 15. nóvember 1883 skrifaði hreppsnefnd Hörðudalshrepps bréf til oddvita Borgarhrepps um sveitarfélagamörk milli hreppanna. Þar segir:

Með því að þér herra Oddviti fyrir hönd meðnefndarmanna yðar hafið ritað oss bréf dags: 8 Október þ.á. viðvíkjandi landamerkjum milli Borgarhrepps og Hörðudals, og farið þess á leit að merkin yrðu innar framveigis en venja hefur verið, þá svörum vér brefi yðar þannig.

Það væri óneitanlega best og ákjósanlegast, að gott samkomulag gjæti orðið í þessu sem áður milli hreppanna því ef til Merkjadóms kémur, mun hann verða kostbær og máské öðrum hvurjum hlutaðeigendum ógeðfeldur.

En þareð Hörðdælingar hafa álitið og vér einnig álítum en, að allur Víðidalur fyrir vestan Víðidalsá, og allur Víðimúli hafi verið og sé Hörðdælinga eign, og hefur verið í fleiri hundruð ár notað og hreinsað af Hörðdælinum án þess Borghreppingar hafi nokkurn tíma hirt um það land, eður gjört til kall til þess, þángað til Seljalandsrétt var aflögð en réttin bygd á Hólmanum, og gétum vér því ekki að svo komnu fallis á, eður samþykkt merki þau sem þér farið fram á í bréfi yðar og vonum vér að þér samþykkið landamerki þau sem verið hafa nefnil að Víðidalsá sé og verði landamerki milli Borgarhrepps og Hörðudals.

Selárdal 15 Nóvember 1883

Í umboði hreppsnefndar Hörðudalshrepps

Kristján Sigurðsson[318]

Landamerkjabréf fyrir Svignaskarði er ekki varðveitt í landamerkjabókum Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Þó er ljóst af dóma- og þingbók að þann 23. maí árið 1887, á manntalsþingi að Eskiholti, var lesin landamerkjaskrá fyrir Svignaskarði, sem hefur haldið fram einhverju er varðar Víðidal, því þess er getið að undirskrift Borgarhreppsnefndar vanti, að því er snertir atriði um Víðidal. Í dómabókinni segir einfaldlega svo um þetta atriði:

19). Lesin landamerkjaskrá fyrir Svignaskarði, vantar undirskrift Borgarhreppsnefndar að því er Víðidal snertir.[319]

[317] Skjal nr. 4(43).
[318] Skjal nr. 4(57).
[319] Skjal nr. 2(324).

Landamerkjabréf fyrir afréttarlandi Borgarhrepps var útbúið 25. febrúar 1892. Þar segir:

Landamerkjaskrá

fyrir afrjettarlandi Borghreppinga

> Frá Langavatni ræður Langavatnsdalsá innað Mjóadalsá, svo ræður Mjóadalsá þartil Sauðarhryggur kemur að henni, þaðan sjónhending uppá Víðimúlakoll, þaðan austnorður hámúlanum og í botn á vestustu skál á Víðimúla, þaðan eptir gili því er rennur úr skálinni ofanúr Víðidalsá, þaðan eptir Víðidalsá og inní hæðstu drög á honum, þaðan sjónhending fyrir dalabotna austur fyrir Mjóadal og eptir eystri brúninni á honum ofanúr hærri fossa á Fossdal, svo ræður Fossdalsá, ofanað Vikravatni, svo ræður Vigravatn að lautinni sem er á milli Vikrafells og Lambafells, svo liggja merki eptir miðri þeirri laut ofanað Lambafellsgili, svo ræður Lambafellsgil norðvestur fyrir Lambafell, svo heiðarbrúnir vestur á heiðarhorn við Beilá, svo ræður Beilá í Langavatn, þar til Langavatnsdalsá fellur í það.
>
> Innan þessara landamerkja eru ekki ítök, nema Svignaskarðs í allan hálfan Víðidal
>
> Ofanskrifuðum landamerkjum erum við hjer undir skrifaðir í allastaði samþikkir.
>
> Svignaskarði 25. febrúar 1892.[320]

Skjalið var undirritað fyrir hönd Álfthreppinga, Hörðdælinga og Borghreppinga.

Þann 25. febrúar 1892 var undirritaður leigusamningur milli Hörðdælinga og Borgarhrepps vegna Víðimúla. Þar segir:

> Við undirskrifaðir gerum svofeldan samning: að við Hörðdalingar <u>leyjum afrjettarland</u> okkar Víðimúla, Borghreppingum, til allra afnota fyrir 12kr. á ári í 5 ár, með öllum þeim skyldum og rjettindum, er á því hvíla, einnig að landið sje hreinsað af tóugrenjum,
>
> Við Borghreppingar göngum hjermeð að ofanskrifuðum skilmálum
>
> Svignaskarð 25. febrúar 1892.[321]

Samningurinn var undirritaður af hálfu Borgarhrepps og Hörðudalshrepps.

Í fasteignamati Mýrasýslu frá 1916-1918 er Guðmundur Daníelsson sagður vera eigandi Svignaskarðs. Í umfjöllun um jörðina segir m.a.:

> Eftir gömlum máldögum telur jarðareigandi að jörðin eigi þessi ítök í annara lönd: „Hálfan Víðidal allan“ í afrétti, mánaðarbeit í Gljúfurárlandi að sumarlagi og eldivið um sama tíma, alla veiði í Gljúfurá frá Karkarlæk [svo] til Kiðamúlaóss, hálfa veiði frá Kiðamúlaós til Djúpavaðs, veiði í Norðurá

[320] Skjal nr. 4(44).
[321] Skjal nr. 4(56).

undan Sigmundarnesi og öll veiði í Móhyl (sbr. Tandrasel), en ekki er talið að jörðin hafi neinn arð af þessum ítökum.[322]

Hörðudalshreppur seldi Borgarhreppi „innarihluta“ Víðidals þann 27. júní 1918. Kaupsamningurinn hljóðar svo:

Kaupsamningur

Undirritaðir fulltrúar fyrir Hörðudalshrepp í Dalasýslu og hreppsnefndarmenn í Borgarhrepp í Mýrasýslu gjörum svohljóðandi samning:

Hörðudalshreppur í Dalasýslu selur Borgarhreppi í Mýrasýslu innarihluta Vídidals, innaf Langavatnsdal, með þeim ummerkjum er nú greinir: Frá Sauðarhrygg við Mjóadalsá, beina ~~leið~~ sjónhending í hákoll á Víðimúla, þaðan ræður eins og vötnum hallar til Víðidals alt í Víðidalsbotn.

Kaupverðið er kr. 260 – tvöhundruð og sextíu krónur – Andvirðið greiðst seljanda fyrir næstkomandi áramót, er þá afhendir kaupanda afsal fyrir landinu. [...][323]

Kaupsamningurinn er undirritaður af hálfu Borgarhrepps og Hörðudalshrepps.

Afsal fyrir syðri hluta fjalllandsins Víðimúla er dagsett 30. desember 1918 og var það þinglesið þann 8. júlí 1919. Þar segir:

Afsal

Þar sem kaupsamningi gjörðum 27. júní þ.á.er fullnægt og nú borgað umsamið kaupverð kr. 260.00 –tvö hundruð og sextíu – krónur, þá afsölum við undirritaðir frá Hörðudalshreppi í Dalasýslu til fullrar eignar og afnota syðri hluta fjalllandsins Víðimúla með þeim ummerkjum, er nefndur samningur greinir, til Borgarhrepps í Mýrasýslu og er hann því rjettur eigandi upp frá þessum degi. [...][324]

Landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps var staðfest 2. nóvember 1920 og var því þinglýst 25. júní 1923. Þar segir:

Frá Beilárósi ræður Langavatn þar til Langavatnsdalsá fellur í það, þá ræður Langavatnsdalsá, þar til Mjóadalsá fellur í hana. Mjóadalsá ræður síðan merkjum upp að svonefndum Sauðarhrygg. Þaðan eru merkin sjónhending upp á hæðstu trumbuna á Víðimúla. Þaðan eftir háeggjum fyrir efstu drög Víðidals; síðan eins og vötnum hallar frá háfjalli suður í hæðstu drög á Sátudal, þá ræður Sátugil merkjum niður í Fossdalsá, þá Fossdalsá niður í Skammá, þá Skammá í Vikravatn, þá Vikravatn að Lambafelli; þá ræður merkjum laut sú sem er á milli Vikrafells og Lambafells, þar sem hún er lægst alt ofan í Litluá í Grímsdal. Svo ræður Litlaá niður eftir Grímsdal, þar til sjónhending næst norðvestur eftir Bárðarfjalls og Staðarhnúksbrúnum í Klif,

[322] Skjal nr. 2(34).
[323] Skjal nr. 4(58).
[324] Skjal nr. 4(91).

er vegurinn liggur yfir, norðanvert við Brúnavatn, þaðan í einstakan hól, sem er vestanvert við vaðið á Beilá; loks ræður Beilá merkjum í Langavatn.

Innan þessara merkja eru ekki ítök, nema hvað Svignaskarð á hálfan Víðidal allan, og sjera Einar Friðgeirsson Hólmana í Langavatni.

Til staðfestu eru nöfn hlutaðeigandi eiganda nágrannalanda.

Í hreppsnefnd Borgarhrepps

Undirritað að Hrauni 2. nóv. 1920

Jóhann Magnússon Einar Friðgeirsson

Jón Björnsson Guðmundur Daníelsson Sigurður Magnússon

Eigandi Vífilsdals fremri: Ögmundur Hjartarsons

Eigandi Hrafnabjarga ytri:

í umboði hreppsnefndar Álftaneshrepps

Hallgrímur Níelsson

Samþykkur framanskrifuðum landamerkjum að öðru leyti en því að Hrafnabjörg eiga samkvæmt Hrafnabjarga máldagatuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal.

Hjörtur Sigurðsson

Eigandi Hvassafells: Klemens Baldvinsson

Eigandi Hraunsnefs: Einar Bjarnason

Eigandi Brekku: Þórður Ólafsson

Kristján F. Björnsson hreppstjóri Stafholtstungnahrepps umboðsmaður Stafholtskirkjueigna.

Eigandi Jafnaskarðs: Guðbjarni Guðmundsson

Eigandi Múlakots: Ingólfur Sveinsson

Einar Friðgeirsson eigandi að Hólmunum í Langavatni.

Guðmundur Daníelsson eigandi að Víðidal öllum hálfum

Eigandi Hrepavatns: Kristján Gestsson

Ath. Hrafnabjargamáldagi getur ekki um hvoru megin á Langavatnsdal ítak Hrafnabjarga er. Ítakið er því sennilega á öllum dalnum beggja megin, eða aðeins að vestanverðu.

F.h. hreppsnefndar Borgarhr. Jóhann Magnússon[325]

Þann 12. mars 1937 fór Guðmundur Daníelsson eigandi Svignaskarðs þess á leit við dóms- og kirkjumálaráðuneytið að hafa makaskipti á Víðidal og Staðartungu. Í bréfi hans segir:

[325] Skjal nr. 2(15).

Í framhaldi af viðtali mínu við háttvirtan landbúnaðarráðherra, leyfi eg mér að fara þess á leit að hinu háa dóms- og kirkjumálaráðuneyti mætti þóknast að hafa makabýtti við mig á afréttarlandi því er eg á á Víðidal austan megin Langavatnsdals og Staðartungu ~~úr Grísatungulandi~~ sem er eign Stafholtskirkju.

Ástæðan fyrir þessari beiðni minni er sú, að hin borgfirðska sauðfjárpest hefir enn eigi komið í fjárstofn minn, þrátt fyrir að veikin geisar á bæjum í næsta nágrenni við mig. Hefi eg því ákveðið að gera mitt ítrasta til að verja féð gegn smitun veikinnar. Þetta er mér ekki unt að gera með girðingum á heimalandi jarðarinnar þar sem sýktur fénaður frá Fróðhúsum hefir haft aðgang að þessu landi.

Hinsvegar á eg afréttarland helming í landi alls Víðidals við Langavatnsdal svo sem vötnum hallar frá hæstu eggjum austan og norðan dalsins. Ummálsgirðing um land þetta yrði altof dýr fyrir einstakling að framkvæma. Hinsvegar myndi eg sjá mér fært að einangra fé mitt í Staðartungum því þar er um takmarkaðra landsvæði að ræða og hentugri aðstaða til girðinga.

Fjárstofn mitt er orðinn kynbættur, og þar sem það hefir verið gert með mikilli fyrirhöfn og kostnaði, tel eg það mér stórt hagsmunamál að geta verndað hann gegn veikinni.

Vænti eg því að hið háttvirta ráðuneyti sjái sér fært að verða við þessari beiðni minni, og óska svars þess við fyrstu þóknanlega hentugleika.

Virðingarfyllst

pt. Reykjavik 12 mars 1937.

Guðmundur Daníelsson

Til landbúnaðarráðherra[326]

Þann 13. mars 1937 veitti Páll Zóphóníasson ráðunautur og formaður fjárpestarvarnarnefndar álit vegna beiðnar bóndans í Svignaskarði um að fá makaskipti á Staðartungu og afréttarlandi hans á Langavatnsdal. Þar segir:

Búnaðarmálastjóri Steingrímur Steinþórsson, hefur í dag beðið mig að segja álit mitt um beiðni Guðmundar Daníelssonar, Svignaskarði um að fá makaskipti á Staðartungu og afréttarlandi hans á Langavatsdal.

Ég tel að það sé beggja hagur að af skiptunum verði og byggist það á:

1. Land Guðmundar liggur svo langt frá jörðinni að hann hefur þess engin not nema til upprekstrar.
2. Staðartungan liggur aftur svo nærri Svignaskarði að hann má afgirða, og í henni getur Guðmundur einangrað fé sitt, en það er góður fjárstofn,

[326] Skjal nr. 2(288).

og mun að því er vitað er, ekki vera orðinn sýktur af Borgfirsku fjárpestinni.

3. Fái hann því makaskiptin, þá skapast með því aðstaða fyrir hann að einangra sitt fé og verja það sýkingu.

4. Aftur er afréttarland Guðmundar betra sumarland og verðmeira sem afréttarland, og því betri eign en Staðartungan, til þess að leigja hana upprekstrarfélögum eða hreppsfélögum.

Ég mæli því eindregið með því að makaskiptin verði.

Virðingarfyllst

Páll Zóphóníusson[327]

Þann 15. mars 1937 gaf Búnaðarfélag Íslands dóms- og kirkjumálaráðuneytinu umsögn vegna erindis Guðmundar bónda á Svignaskarði um makaskipti á afréttarlandi hans á Langavatnsdal og Staðartungu. Þar segir:

> Ráðuneytið hefir með bréfi, dagsettu 12. þ.m., óskað umsagnar minnar um erindi Guðmundar bónda Daníelssonar í Svignaskarði, dagsett sama dag, þar sem hann óskar þess, að fá skipti á löndum á afréti Stafholtstungnahrepps, til þess að geta fengið aðstöðu til þess að girða af land fyrir fé sitt í sumar, en það hefir enn ekki sýkst af fjárpestinni borgfirzku. Land það, sem Guðmundur óskar að fá í skiftum fyrir land sitt á Víðidal, er Staðartunga, sem er eign Stafholtskirkju.
>
> Ég hefi leitað umsagnar Páls Zóphóníassonar ráðunauts, sem er formaður fjárpestarvarnarnefndar, og fylgir álit hans hér með.
>
> Með tilliti til tillagna Páls Zóphóníassonar leyfi ég mér að mæla með því, að ráðuneytið hafi eignaskifti á umræddum löndum við Guðmund Daníelsson, svo að hann geti girt af fyrir fé sitt.
>
> Fylgiskjölin endursendast.
>
> Virðingarfyllst
>
> Steingrímur Steinþórsson
>
> Til
>
> dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.[328]

Þann 20. mars árið 1937 tilkynnti dóms- og kirkjumálaráðherra um makaskipti á milli ríkissjóðs og eiganda Svignaskarðs. Við makaskiptin skyldi íslenska ríkið fá, „hálfan Víðdal allan“, í stað Staðartungu. Makaskiptasamningurinn er svohljóðandi:

M a k a s k i p t a g j ö r n i n g u r.

D Ó M S- O G K I R K J U M Á L A R Á Ð H E R R A N N

[327] Skjal nr. 2(286).
[328] Skjal nr. 2(287).

Kunngjörir: Að ég með gjörningi þessum gjöri hérmeð fyrir hönd ríkissjóðs makaskipti við Guðmund Daníelsson bónda í Svignaskarði í Borgarhreppi í Mýrasýslu á eign hans, „hálfum Víðidal öllum“ í Borgarhreppi, sbr. landamerkjabréf fyrir afréttarlandi Borgarhrepps í Mýrasýslu, dags. 2. nóv. 1920, og á landspildu nefndri Staðartungu eign ríkissjóð í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu, að fasteignamati kr. 700.oo, með öllum þeim gögnum og gæðum, sem hvoru landi fylgja til vants og lands.

Makaskiptagjörningur þessi fellur úr gildi 1. júní 1938 og löndin hverfa aftur hvor til fyrri eiganda, ef hreppsnefnd Borgarhrepps í Mýrasýslu hefir eigi fyrir þann tíma gjört leigusamning við ríkisstjórnina um leigu á „hálfum Vídidal öllum“, fyrir þann árafjölda, sem um semst, og fyrir að minsta kosti jafnháa leigu og Borgarhreppur hefir greitt af Staðartungu.

Meðan ekki er fullnægt ákvæði framanritaðrar greinar um að hreppsnefnd Borgarhrepps í Mýrasýslu taki á leigu „hálfan Víðidal allan“, þá lofa ég undirritaður Guðmundur Daníelsson og skuldbind mig til að greiða ríkissjóði sömu fjárhæð og ríkissjóður hefði fengið greidda af Staðartungu, samkvæmt síðasta leigusamningi Borgarhrepps við umboðsmanns Staðartungu. Greiðsla þessi reiknist frá undirskriftardegi gjörings þessa og fari greiðslan fram í síðasta lagi 1. júní 1938.

Falli makaskiptagjörningur þessi úr gildi, samkvæmt framanrituðu, og löndin hverfi aftur hvort til fyrri eiganda, þá ber ríkissjóði ekki að greiða bætur fyrir þau mannvirki, er gjörð kunna að verða á Staðartungu, en heimilt skal að flytja þau í burtu af landinu, þó þannig, að jarðspjöll verði eigi að.

Hvor aðili að makaskiptagjörningi þessum svari til vanheimilda.

Ég Guðmundur Daníelsson skuldbind mig til að greiða öll opinber gjöld, sem kunna að hafa verið lögð eða verða lögð á „hálfan Víðidal allan“ og falla í gjalddaga á þessu ári, og ennfremur skuldbind ég mig til að greiða þinglestur og stimpilgjald af gjörningi þessum að því er Staðartungu snertir.

Má útaf gjörningi þessum má rekja fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Af gjörningi þessum eru gjörð þrjú samhljóða frumrit og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 20. marz 1937.

Hermann Jónasson.[329]

Makaskiptasamningnum var þinglýst 31. júlí 1939.

[329] Skjöl nr. 2(285) og 9(2).

Þann 28. nóvember 1937 var undirritaður leigusamningur þar sem Guðmundur Daníelsson bóndi í Svignaskarði leigði Borgarhreppi Staðartungu. Samningnum var þinglýst 10. desember 1937 og hljóðar svo:

> Við undirritaðir hreppsnefndarmenn í Borgarhreppi gerum svofeldan samning:
>
> Jeg meðundirritaður Guðmundur Daníelsson bóndi í Svignaskarði leigi Borgarhreppi hjer með fjallland mitt Staðartungu, er ég fékk hjá kirkjujarðasjóði í makaskiftum fyrir hálfan Víðidal allan í marsmánuði síðastl. til upprekstrar fyrir 50.00 – fimtíu – krónur á ári meðan við konan mín lifum bæði eða annaðhvort og gef hreppnum hjer með þetta land til fullrar eignar eftir okkar dag.
>
> Við meðundirritaðir Guðm. Jónsson á Valbjarnarvöllum, Guðm. Ásmundsson á Gilјá, Sigurman Símonsson? á Einarsnesi, og Einar Sigurðsson á Stóra – Fjalli, samþykkjum hjer með ofannefndan makaskiftasamning fyrir Borgarhrepp.
>
> Gjört að Svignaskarði, 28. nóv. 1937.
>
> Guðmundur Daníelsson
>
> Sigurman Símonsson          Guðm. Ásmundsson
>
> Einar Sigurðsson          Guðm. Jónsson[330]

Þann 31. maí 1939, tók hreppsnefnd Borgarhrepps á leigu hjá Ríkissjóði „hálfan Víðidal allan“. Leigusamingurinn, sem var þinglýst var 31. júlí 1939, hljóðar svo:

> Með tilvitnun til framanritaðs makaskiptasamnings, yfirlýsingar hreppsnefndar Borgarhrepps dags. 28. nóv. 1937 og umboðs sömu hreppsnefndar til Sveinbjarnar Jónssonar hrl., dag. 24. maí 1938, hefir í dag orðið að samkomulagi milli nefnds Sveinbjarnar f. h. hreppsnefndar Borgarhrepps og Ríkissjóðs, að nefnd hreppsnefnd tekur hér með á leigu hjá Ríkissjóði, til 99 ára, frá 1. júní 1938 að telja, ofangreint land, „hálfan Víðidal allan“. Leigan er kr. 60.oo sextíu krónur á ári og greiðist hún í fardögum ár hver eftir á, í fyrsta sinn 1. júní 1939 og síðan sama dag ár hvert. Dragist leigugreiðsla lengur en 1 mánuð fram yfir gjalddaga, telst það samningsrof og getur leigusali þá krafið leigutaka um 10 ára leigu fyrirfram, er sé samningsleg sekt fyrir samningsrofin. Hreppsnefndin skuldbindur sig til að kaupa „hálfan Víðidal allan“, fyrir kr. 600.oo – sex hundruð krónur, hvenær sem lagaheimild fæst fyrir slíkri sölu og getur hreppsnefndin losað sig undan áðurgreindri sektargreiðslu með kaupum á landinu fyrir nefnda upphæð, verði um leigusamningsrof að ræða, sem söluheimild sé þá fyrir hendi.
>
> Mál út af samningi þessum má rekja fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

[330] Skjöl nr. 4(42) og 4(113).

Samningur þessi er gjörður í 2 samhljóða frumritum og halda hvor aðili sínu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Reykjavík, 31. maí 1939.

F.h. hreppsn. Borgarhrepps e.u.

Sveinbjörn Jónsson.[331]

Þann 10. september 1940 gerði landbúnaðarráðherra kunnugt um sölu á hálfum Víðidal inn af Langavatnsdal, fyrir hönd ríkissjóðs, og seldi og afsalaði þar með hreppsnefnd Borgarhrepps í Mýrasýslu hálfan Víðidal inn að Langavatnsdal í Mýrasýslu. Afsalsbréf ráherrans, sem þinglýst var 4. desember 1942, er svohljóðandi:

A F S A L S B R É F:

Landbúnaðarráðherra

Gjörir kunnugt:

Að ég samkvæmt heimild í lögum nr. 20 frá 12. febr. 1940 um sölu á hálfum Víðidal inn af Langavatnsdal og fyrir hönd ríkissjóðs, sel hérmeð og afsala hreppsnefnd Borgarhrepps í Mýrasýslu vegna Borgarhrepps, hálfan Víðidal („hálfan Víðidal allan“) inn að Langavatnsdal i Mýrasýslu, eins og ríkissjóður hefur eignast hann með makaskiptasamingi, dags. 20. marz 1937, sbr. leigusamning hreppsnefndar Borgarhrepps fyrir hálfum Víðidal („hálfum Víðidal öllum“) frá 31. maí 1839.

Hálfur Víðidalur („hálfur Víðidalur allur“) selst í því ástandi, sem hann nú er í og með þeim gögnum og gæðum, sem landeign þessari fylgir, fyrir umsamið kaupverð, kr. 600.oo – sex hundruð krónur-, og hefur kaupandinn, hreppsnefnd Borgarhrepps f.h. hreppsins, greitt ríkissjóði kaupverðið, kr. 600.oo á neðantalinn hátt:

Greitt til ríkissjóðs við undirskrift afsalsbréfs þessa .................. kr. 60.oo

Gefið úr skuldabréf til handa ríkissjóði fyrir

eftirstöðvum kaupverðsins, tryggða með

1. veðrétti í landeign þessari ....................................................................kr. 540.oo

Samtals kr. 600.oo

Lýsir ráðuneytið því Borgarhreppi í Mýrasýslu réttan og löglegan eiganda

[331] Skjal nr. 9(2).

að framanrituðum hálfum Víðidal („hálfum Víðidal öllum“) inn af Langavatnsdal í Mýrasýslu.

Rísi mál út af sölu landeignar þessarar, má rekja það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Þinglestrar- og stimpilgjald af afsalsbéfi þessu ber kaupanda að greiða.

Af afsalsbréfi þessu eru gjörð þrjú samhljóða frumrit og heldur seljandi einu eintaki og kaupandi tveim eintökum.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. sept. 1940.

Hermann Jónasson.[332]

### 5.5.3 Langavatnsdalur

Í máldaga Hítardalskirkju frá árinu 1354 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

HijtarDalur.

Allra heilagra kyrkia j Hitardal a heimalannd allt med gognnum oc giædum. knarrarnes. tungufell. alftá. saura lannd. vollu. molldbrecku. midskog. ysta skog. Bruarhraun. haga. hraunsmula. Setuhraun. Onndurdtt nes. hellu lond ij. Reka a gomlu eýre. afreit j Lanngavatnnsdal. letorfnna skvrd j hofstada lannd. a x hesta. laxaveidi ad helmijnngi j hafsfiardara. Huolzeýiar halfar.[333]

Þann 31. desember 1393 var jörðin Hrafnabjörg í Hörðudal seld með tilgreindum landamerkjum. Í kaupbréfinu segir m. a.:

[...]

Miouadal allan so sem vatnsfôll deila vr tiorninne midre til motz vid hitdæla badum megin ofan i sópandaskard. Tuttugu gelldfiar kugilldabeit i Langavatnzdal.

[...][334]

Í Vilchinsmáldaga fyrir Hítardalskirkju frá árinu 1397 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hitardalur.

Allra heilagra kirkia j Hitardal a heimaland allt med gógnum oc giædumm. Knararnes. Tungufell. Alftta. Saura lannd. Wollu. Molldbrecku. Midskog. Ysta skog. Bruarhraun. Haga. Hraunsmvla. Setahraun. Ondurtnes. Helluland ij. reka halfann a gomlu eyri. afriett j Langavatsdal. letorfnaskurd j Hofstada land a x hesta. laxveidi ad helmingi i Hafsfiardara. Hualseyar halfar.[335]

[332] Skjöl nr. 4(120) og 7(1).
[333] Skjal nr. 2(60).
[334] Skjal nr. 2(294).
[335] Skjal nr. 2(64).

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Hítardalskirkju frá því um 1570 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hijtardalur.

Allra heilagra kirkia i Hijtárdal á heimaland alltt. reka hálffann á Gømlueyre. affriett i Langavatzdal. Lietorffnaskurd i Hoffstada land á .x. hesta. Laxveide ad helminge i Haffiardará. Hualzeyiar hálffar med øllum giædum.

Jtem allann reka á Vigdijsarstødum.

Jtem á kirkian thessar jarder. Hrobiargarstade.Helgastade. leigd fyrer .c. Suarbholl leigd fyrer .c. Altarland. leigd fyrer c.Saurar. landskylld Lxxx. alner. Krossnes leigd fyrir c. Knaranes. leigd fyrer .ij[c] og .x. vætter sølua. Bruarhraun. leigd fyrer .c. Setahraun. leigd fyrer .vij. ærgillde. Hraunsmule. leigd fyrer .x. aura. Litlu skogar leigd fyrer c. skogar leigd fyrer c. Molldbrecka leigd fyrer c. Veller leigd fyrer c.Hage leigd fyrer .Lxxx. alner.

Jtem Aundverdanes attágillde [svo] Hella leigd fyrer

iij[c].

Jtem .ij. eydikot. Arnarstapi og Gielldingaeyiar. [...]

Jtem á kirkian alleina reka fyrer aullum sijnum jørdum.[336]

Í vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar fyrir Hítardalskirkju frá 19. september 1642 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

[19. september 1642] Allraheilagrakyrckia I Hijtardal ä heimaland alltt med gógnum og giædum til þeirra landamerkia er Biskupinn oskar aff Sera Þordi Jonssyni ad vottud Sendist til Skalholltts Innan 12 manada ad eign edur heffdarhalldi sem og Jardanna allra, hun ä reka halfann ä gómlu eyri afriett I Langavatsdal fyrer alltt sitt gielldfie helldur Hijtardalsskrä [fyrer- Hijtardalskrä, úti á spássíu] lietorfnaskurd I Hofstadaland a 10 hesta [...][337]

Í vísitasíu Þórðar biskups Þorlákssonar fyrir Hítardalskirkju frá 20. september árið 1676 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

20 septembris [1676] Allra heilagra kÿrkia i Hÿtardal ä Heimaland allt med gógnum og giædum Reka hälfann a Gomlueyre / Afrett i Längavatnsdal fyrer allt Sitt Gelldfie, effter þui Sem I Visitatiubok M. Brynjölfs er Skrifad effter Hytardals Skrä, Lietorfnaskurd i Hofstadaland ä 10 hesta, [...][338]

[336] Skjal nr. 2(59).
[337] Skjal nr. 2(119) a-b.
[338] Skjal nr. 2(120) a-b.

Í ódagsettri lögfestu séra Jóns Halldórssonar fyrir Hítardalskirkju, sem þinglesin var 1697, segir m.a.:

> Eg Jón Halldórsson lögfeste her j dag minn veitingar stad Hýtardals stad, med allre sinne heimalands eign og giædum, selförum og Jtökum, nefnelega, geldfiár afrett á Langavatnsdal, lietorfnaskurd J Hofstada landi [...].[339]

Í prófastsvísitasíu Hítardalskirkju frá 17. maí 1694 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Sama dag visiterud Allrah. kirkia ad Hÿtardal. Hün a heimaland allt med gógnum og giædum effter Maldógum Biskupanna. Reka halfann a Gómlu Eyre. Afriett I Längavatnsdal firer allt Sitt gielld fie Effter þui Sem gietur I visitatione Anno 1642. Huar vænst er ad þad I tak Sie Skriffad effter Hytardals Skrä. Lie torfna Skurd I HoffStadaLand a x Hesta. Lags veide ad helmynge I Hafffiardarä. Huals Eÿar halffar xxx hndr. Med ollum giædum. Item Allan Reka a Vigdÿsarstódum.[340]

Í lögfestu séra Jóns Halldórssonar fyrir Hítardalskirkju, sem var þinglesin á manntalsþingi að Lækjarbug þann 19. apríl 1699, segir m.a.:

> Eg Jón Halldórsson Lógfesti hér í Dag minn Veitingarstad Hytardal med allri hans Heimalands Eign, Selförum og Hytardals kyrkju Itókum, nefnilega Gjeldfjár Afrétt á Langavatnsdal, Létorfnaskurdi í Hofstada [...][341]

Í vísitasíu Jóns biskups Vídalíns fyrir Hítardalskirkju frá 27. ágúst 1702 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Anno ut supra d. 27 Augusti [1702] visiterud Allra Heilagra kirkia ad Hÿtardal Hun a Heimaland allt med gógnumm og giædumm Reka halfann ä Gomlueÿre afriett i Langavatnzdal firer allt sitt gielld fie effter þvj sem i visitatiubok M. Briniolfs er skrifad effter Hÿtardalz skrä lietorfna skurd i Hofstada land ä 10 hesta[...].[342]
>
> Skrifad vitna eg til Nærstaddra Dänemanna, sem ord Mijn heira.[343]

Í umfjöllun um Borgarhrepp í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 er að finna umfjöllun um Langavatnsdal. Þar segir m.a.:

> Lángevatns Dalur heitir eyðipláts í fjöllum þeim, er liggja ámillum Mýrasveita og Breiðafjarðardala. Það er almenn sögn og fyrir satt haldið, að í þessum dal hafi að fornu bygð verið og lítil sveit. Kemur mönnum ekki saman um tölu bæjanna, hvað margir verið hafi. Þrír eru nefndir. Borg, sem verið skuli hafa kirkjustaður. Vatnsende annar, og skuli sjást á báðum þessum bygðarmerki forn. Þriðja Hafurstaðir. Ekki sjást þar girðíngar. Fleiri bæi

[339] Skjal nr. 2(42).
[340] Skjal nr. 2(172) a-b.
[341] Skjöl nr. 2(36) og 2(43) a-b.
[342] Skjal nr. 2(123) a-b.
[343] Skjöl nr. 2(141) a-b og 2(164) a-b.

> kunna menn ei að nefna. Þessi sveit skal eyðilagst hafa í plágunni miklu, þá hjer var pest á landinu Anno 1400. Hefur síðan aldrei bygst, og er ómögulegt að byggja fyrir vetrarríki. Er það nú brúkað fyrir afréttarland á sumur, sem fyr segir. En öngvu að síður eru vissum kirkjum eignuð ítök á þessum Lángavatnsdal í vissum takmörkum, sem síðar mun getið verða. En ekki vita menn, að eftir þau ítök hafi tollar goldist fyrir beit afrjettarpeníngsins, heldur hefur beitin lángvarandi haldist og brúkuð verið í óþakklæti tollfrí, af þessari sveit að sunnanverðu, en Álftanesshrepp að vestan, í þessum Lángavatnsdal.[344]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* er Langavatnsdalur tekin sem dæmi um eyðisveit. Þar segir:

> Eyðisveitir, hvar eru (sem Hrafnkelsdalur, Langavatnsdalur, Krossárdalur, ut puto, nescio an Hvinverjadalir).[345]

Í athugasemd Árna Magnússonar í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* kemur fram að Langavatnsdalur sé almenningur. Þar segir:

> 43. Það sem hér er skrifað um Langavatnsdalseign, er í bland órétt undi<r>éttað og þarf því að corrigerast [þ.e. leiðréttast], nefnilega um ítök í dalinn. Hann er almenningur so nær sem Hafrastaðir.[346]

Í umfjöllun um Borgarhrepp í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 segir eftirfarandi í kafla um Galtarholt:

> Jarðardýrleiki xl$^{c}$ og hefur svo tíundast í 50 ár eður lengur. Áður segjast men heyrt hafa, að þessi jörð hafi talin verið l$^{c}$ að dýrleika, með fjalllendi því, sem liggur við Lángavatnsdal og kallað er Rjettarmúli. Þetta land er nú afrjett almennilega þessarar sveitar, ut supra. En ekki vita menn með hverjum rjetti að þetta land er gegnið undan jörðunni, og gjört að almenníngsafrjett.[347]

Í umfjöllun um Hraunhrepp í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 segir eftirfarandi í kafla um Hítardal:

> Afrjett á Lángavatnsdal fyrir alt sitt geldfje.[348]

Í umfjöllun um Borgarhrepp í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 segir eftirfarandi í kafla um Borg á Mýrum:

> Afrjett á Lángavatnsdal, en ekki gelst híngað tollur þar af.[349]

[344] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 379.
[345] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, XIII. Fylgiskjöl. Reykjavík, 1990, bls. 42.
[346] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, XIII. Fylgiskjöl. Reykjavík, 1990, bls. 483.
[347] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 357-358.
[348] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 459.
[349] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 370.

Í umfjöllun um Borgarhrepp í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá árinu 1709 segir eftirfarandi í kafla um Stóra-Fjall:

> Afrjett frá þessari jörðu, (sem öðrum í þessari sveit), er brúkuð á Lángavatnsdal í Rjettarmúla öldungis tollfrí, bæði fyrir hesta, geldfje og naut; hefur þetta verið so um lángan aldur.[350]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* eru eftirfarandi jarðir í Borgarhreppi sagðar eiga afrétt í Réttarmúla á Langavatnsdal, með sama hætti og Stóra-Fjall: Stóra-Fjall, Tandarasel (Tandrasel), Gljúfurá, Svignaskarð og hjáleiga þess Fróðhús, Litla-Gröf, Laxholt, Galtarholt, Eskilholt, Ferjubakki, Ölvaldsstaðir, Beigaldi, Brennistaðir, Einarsnes, Hamar, Borg á Mýrum, Þjóðstaðir, Rauðanes, Ánabrekka (Litlabrekka og Stórabrekka), Jarðlangsstaðir, Stangarholt, Valbjarnarvellir og Litla-Fjall.[351]

Þann 3. maí 1710 var þinglesin á manntalsþingi að Lækjarbug lögfesta séra Jóns Halldórssonar fyrir Hítardalskirkju. Þar segir:

> Eg Jon prestur Halldorsson Lögfesti hier i dag minn Veitingarstad Hytardal med allri sinni heimalands eign Selförum Afriettum og Hýtardals kyrkiu Itökum nefnilega gielldfiár afriett á Lángavatnsdal, [...]
>
> Lögfesti eg fyrrnefnds Hýtardals stadar og straxgreindra Jarda akra og tödur, eyngiar og úthaga, Lýng og Skóga, hollt og haga, votn og Veidistadi og allar Landsnytiar til fialls og fjöru þær greindum Stad og Jördum fylgia eiga og fylgt hafa ad riettu, til ytstu ummerkia, er adrir menn eiga í móti. Fyrirbýd eg hverium manni hjedan af i ad vinna edur sier ad nýta nema mitt sie lof edur leyfi til.
>
> [...]
>
> Þesse Lögfesta var upplesen af Eruverdugum Prófastenum Sr Jóni Halldórssyni d. 3de May 1710 á Lækiarbugs Manntals þynge Þyngsöfnudenum áheyrande, og fram kom Eingen sá þad sama sinn mote mællte, til merkis underskrifud nöfn loco ut supra.[352]

Lögfesta fyrir Hítardal var lesin upp á manntalsþingi að Kaldárbakka þann 4. júní 1712, þar segir:

> f, fyrir Hÿtardal, Helgastödum, Völlum, Hrobjargastödum, Molldbrecku, Sydre og Ytriskógum, Hraunsmúla, Brúarhrauni og Setahrauni 1712.
>
> Eg Jón Haldórsson Lögfesti hér í dag minn Veitingarstad Hÿtardals Stad, med allri sinne Heimalands Eign og gjædum, Selförum og Itökum, nefniliga Gjeldfjár Afrétt á Lángavatnsdal
>
> [...]

[352] Skjal nr. 2(44) a-b.

> Lógfeste eg fyrrnefnds Hÿtardals Stadar og hérgreindra Hytardals kyrkju Jarda, akra og Tódur, Eingar og Úthaga, Líng og Skóga, Vótn og Veidistadi, Hollt og Haga og allar Landsnytjar til Fjalls og Fjóru, þær greindum Stad og hérnefndum Jórdum fylgja eiga og fylgt hafa ad réttu ad fornu og nýu til greindra[353]

Í vísitasíu Hítardalskirkju frá 13. október 1724, segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Hitardalur
>
> Allra heilagra kyrkia ad Hytardal, A heimaland Allt med gógnum og giædum, Reka halfann a GómluEire, Afriett ij Langavatnsdal fyrer allt sitt gielldfe, efter þvi sem ij Visitatiu Mag: Brinjölfs er skrifad efter Hytardals Skrä, Lietorfna Skurd ij Hofstadaland a 10 hesta,
>
> [...][354]

Þann 23. apríl 1731 var þinglesin lögfesta séra Jóns Halldórssonar fyrir Hítardalskirkju. Þar segir:

> Eg Jon prestur Halldorsson Lögfeste hier i Dag minn Veiting<arstad> Hÿtardal med allre sinne Heimalandseign, Selförum afriettum og Hytardalskyrkiu Itökum Nefnelega Gielldfiar afriett á Lángavatnsdal lietorfnaskurde i Hofstada lande á týu Hesta
>
> [...]
>
> Lögfeste eg fyrrnefnds Hytardals stadar og straxgreindra jarda, akra og tödur eyngiar og úthaga, Líng og Skóga hollt og haga, Vötn og Veidestade og allar Lands Nytiar til fialls og fiöru þar greindum stad og Jördum fylgia eiga og fylgt hafa ad riettu til Ytstu ummerkia er adrer menn eiga í móte fyrer býd eg hvörium manne hiedan af j ad vinna edur sier ad nýta nema mitt sie lof edur leyfe til. – Ad vitne Virduglegs valldsmannsins Sigurdar Högnasonar og annara erlegra manna sem ord mín heira. Til merkis mitt nafn hier under med eigen hende. Jón Halldórsson.[355]

Í ódagsettri lögfestu séra Jóns Halldórssonar fyrir Hítardalskirkju frá árinu 1733 segir m.a.:

> Eg Jon prestur Halldorsson Lögfeste hier I dag minn Veitingar Stad Hytardal, med allre hanns Heimalands Eign, og Hytardals Kyrkiu Itökum nefnelega gielldfiár afriett á Lángavatnsdal Lietorfnaskurde i Hofstadalande [...][356]

[353] Skjöl nr. 2(37) og 2(88) a-b.
[354] Skjal nr. 2(124) a-b.
[355] Skjal rn. 2(45) a-b.
[356] Skjal nr. 2(89) a-b.

Í prófastsvísitasíu Hítardalskirkju frá 31. maí 1737 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Hun (Kyrkiann) a Heimaland allr med gógnum og giædum reka hälfann a gómlu Eyre, afriett I Längavatnsdal fyrer allt sitt gieldfe effter þvi sem i Visitatiu Bök M. Brinjolfs er skrifad effter Hytardals Skrä, [...].[357]

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, frá árunum 1752-1757, segir m.a. eftirfarandi um Langavatnsdal:

> Nú á tímum er Langavatnsdalur ágætis afréttur. Til forna var þarna kirkjusókn með fjölda bæja. Byggðin lagðist í eyði í plágu þeirri, sem geisaði á Íslandi 1402-1404 og kölluð er *svarti dauði*. [...] Það gegnir furðu, að svo fagurt hérað skyldi ekki byggjast upp á ný, þó að nágrannabændurinir kysu heldur að nota það sem ókeypis afrétt fyrir búsmala sinn. Þegar við fórum um Langavatnsdal sumarið 1754, sáum við hin fornu tún standa þar í fullum blóma, rétt eins og þau hefðu notið árlegrar umhirðu og áburðar. Árið 1255 var dóttir prestsins í Langavatnsdal talin ein auðugastur kvenkostur á öllu Vesturlandi, og biðlaðis Þorgils skarði til hennar, en hann var af ætt Sturlunga og umboðsmaður Hákonar konungs.[358]

Í vísitasíu Hítardalskirkju frá 27. maí 1759 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Hÿtardalur
>
> Dag 27 Maji [1759] Visiterud Kyrkiann ad Hytardal. Hun ä Heimaland allt med Gógnum og Giædum Reka halfann ä Gómlu Eyre, Afrett i LängaVatnsDal fyrer allt sitt gielldfe, effter þvi sem I Visitatiu Mag. Brinjolfs er skrifad, effter Hytardals Skrä.
>
> [...].[359]

Á árunum 1770-1771 var Landsnefndinni fyrri falið að kanna m.a. Langavatnsdal með tilliti til viðreisnar eyðibyggða.[360]

Í svari Þorgríms Sigurðssonar sýslumanns í Mýrasýslu til Landsnefndarinnar, frá árinu 1770, er dalurinn nefndur „Eyde Plátz“ og fram kemur að hann sé nýttur sem „Almennings Afriett“:

> Eyde Jarder eru hier eingar edur þær sem nytsamlegt synest ad útbygdar sieu framar enn eru. Ad visu er hier eitt Eyde Plátz, sem fyrer nockrumm Hundrud Árumm skal hafa byggt vered, kallad *Lángevatnsdalur*, ummkringdur ummhverfes af Fiöllumm, sem nú synest ej helldur byggelegur, þar bæde er af Ám og Fiallskridumm fordiarfadur. Efter hönumm miög so endelaungumm liggur Vatn eitt, kallad *Langavatn*, hvors ádur er geted, og meinast i þvj Meingd af Silunge. Hefur þetta Plátz brúkast fyrer Almennings Afriett og til

357 Skjal nr. 2(176) a-b.
358 *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*, I. bls. 177.
359 Skjal nr. 2(126) a-b.
360 *Landsnefndinn 1770–1771* I. bindi. Bergsteinn Jónsson sá um útgáfu, Rvk 1958, bls. 13.

þess hellst hentugt, einkumm fyrer Saudfie, þá til var, þar Landslagenu hagar þannenn.[361]

Þann 3. júní 1782 lögfesti séra Halldór Finnsson eignir Hítardalskirkju. Lögfestan var þinglesin samdægurs og þar segir m.a.:

Eg Undirskrifadur Logfesti hier med minn Veitíngar stad Hýtardals stad, med allri sinni heima-land-eign og giædum, selförum og Jtökum. En einkum lögfeste eg allann Dalinn Hítardal, nordan af Biúg, og jafngegnt bádum fiallaendum í nedanverdum Dalnum, þar med allar hlydir fiallanna og afdali tveimmeigin, so lángt sem vötnum hallar ad adurgreindum Dal. Fyrir bjódandi einum og sierhverjum, þetta áminsta landspláts ad beita, brúka, edur sier i nockurn máta nýta: nema eg þeim þad leifi.

[...]

Fyrirbýd eg einum og sierhvörium þessi kyrkjunnar Jtök og hlunnindi á nockurnveg ad nýta sier edur brúka, nema mitt sie lof edur leifi þar til, liggiandi vid fullar laga sektir, ef nockur hier á móti giörer an míns samþickis. – Hýtardal 3. Júnii 1782. Halldor Finnsson.

Upplesin fyrer manntalsþings Retti á Kaldárbacka d. 3[ie] Junij 1782. P. Axelson, Brandur Brandsson, Einar Eireksson.[362]

Í vísitasíu Hítardalskirkju frá 23. ágúst 1783 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hýtardalur

Hún á Heimaland alt med gögnumm og giædumm,

[...]

Þessar Jarder á Kyrkiann: Hrobiargarstade, Helgastade, Velle, Svarfhól, Alfta á, Saura, Krossnes, Knararnes, Brúarhraun, Setuhraun, Hraunsmúla, Litluskóga, Midskóga, Haga, Moldbrecku, Öndverdarnes, Hellu, Arnarstapa og Gieldingaeyar. Enn framar á hún Afrett i Lángavatnsdal fyrer allt sitt Geldfe, Letorfna Skurd i Hofstadaland á 10 Hesta, Laxveide ad Helmínge i Haffiardará, og Hvalseyar hálfar, 30 hndr. med öllumm giædumm.[...].[363]

Þann 26. mars 1790 voru lögfestar eignir Hítardalskirkju. Í lögfestunni segir m.a.:

Eg underskrifadur Lögfeste hier med minn Veitingar Stad, Hytardals Stad med allre sinne heima lands Eygn og giædum, Selförum, og Itökum, En einkum Lögfeste eg allann dalinn Hytardal Nordan af Biúg og Jafngegnt bádum Fialla endum I nedanverdum Dalnum, Þar med allar Hlyder Fiallanna og afdal tveimmeigen so langt sem vötnum hallar ad adurgreind[um] Dal; Fyrerbjódande einum og sierhvörium þetta áminsta [l]andspláts, ad beyta, brúka, edur sier í nockurn máta nýta, nema eg þeim þad leife, Enn mitt leyfe

[361] *Landsnefndin 1770–1771.* II. bindi. Bergsteinn Jónsson sá um útgáfu, Rvk 1961, bls. 161-162.
[362] Skjal nr. 2(91) a-b.
[363] Skjal nr. 2(130) a-b.

fá ey þar til, neme þeir sem til betalings fyrer Átrodning og Hagbeit Peníngsins hier [i] Dalnum um Sumartýmann, taka af mier Fódur um Vetrar tým[a]nn. Giöre nockur í móte þessare minni Lögfestu og beite Peníng sínunm á áminnstann Dal án minnar vitundar og Samþickes, þá legg eg vid þær frekustu lagasektir.

[...]

23. Ditto sama, um somu Jörd nokkud fáordari af 1795 (innfærist ecki).[364]

Lögfestan var þinglesin á manntalsþingum 7. 8. 12 og 12. apríl 1790.

Í jarðamati Mýrasýslu frá 1804 er að finna umfjöllun um Langavatnsdal. Þar er vísað til umfjöllunar í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* um forna byggð á Langavatnsdal:

J den gamle Jordebog findes end videre anmærket, om 3de Öde-jorder paa Langevatnsdal som er en ubeboet Strækning i fiældene mellem Myre og Dale Sysseler, hvor over gaaer en alfare Vej. Denne Egn har i aller ældste Tider været beboet, og man veed at benævne fleere der da beboede Stæder, end Borg, Vatnsende og Hafurstad (hvor af nogle skal have tilhört forskjellige kirker) uden dog at kunde sige hvor den ene eller anden Jord skulde have lagt. Egnen betragtes nu som en alminding, og haves deraf ingen videre nytte, end at faar fra afretterne der om kring, gaae der vildt om Sommeren.

Saa giöre og under Tiden nogle Bönder i Selskab Reiser til en fersk Söe i denne Dal, for at fange foreller i samme, dog skeer dette ikke en gang aarlig aars.[365]

Í umfjöllum um Hítardal í jarðamati Mýrasýslu frá 1804 segir m.a.:

En afrett haves hvor paa kan indtages Lam og Beder om Sommeren fra adskillige Jorder i Bogden i mod Jntægt 5rd (omkostninger med faarefolder fraregnet) som er imod en koe.[366]

Í prófastsvísitasíu Hítardalskirkju frá 14. nóvember 1810 er m.a. fjallað um útmælingu fyrir nýbýli á Langavatnsdal. Þar segir:

Þess ber ad minnast: Ad eftir Stadarhalldarans Sra B: Benedictssonar undirréttíngu, hefir ófyrirsynju vered utmælt út Níbíla upptekníngar Bonda fra Alptanesi Jorundi Olafssyni Hitardals kyrkju Eign Afrettar Land fyrir Stadarins Geldpening [Stadarins Geldpening, orðaröð leiðrétt með tölustöfum ofan línu] a sokolludum Langavatnsdal, hvert Land velnefndur Presturinn alitur Hitardals Beneficiario fÿrir nærverandi sem eftir-Tíd aldeilis omissandi, hvar Fyrir honum tilsegist a tilhlydil. Stodum ad anmælda Þenna Misfánga og eftir Skylldu sinni hafa naqvæma Tilsion yfir, ad hverki þetta edur annad

364 Skjal nr. 2(92) a-b.
365 Skjal nr. 2(33).
366 Skjal nr. 2(33).

gangi undann kyrkjunni; Ad ödruleiti beheldur hun sinum Eigindomi utann sem innann stocks.[367]

Í prófastsvísitasíu Hítardalskirkju frá 15. desember 1812 er m.a. fjallað um nýbýli á Langavatnsdal. Þar segir:

A vidkomandi Stödum hefir Presturinn síra Björn géfid til kÿnna Níbíla Upptekníngu a Hitardals kyrkju tilheirandi Afrettarlandi a Lángavatnsdal, en til datum eckert áreidanlegt [áreidanlegt, ofan línu] Svar ödlast.[368]

Í prófastsvísitasíu Hítardalskirkju frá 4. janúar 1814 er minnst á byggð á Langavatnsdal. Þar segir:

Húsid er í öllu sama Ástandi sem nærsta Visitatia gétur um, beheldur ogso öllum sínum Eigindómi utan sem innan Stocks ad undanteknu Afrettar Landi á Langavatnsdal, sem fyri nærverandi tíd [tíd, ofan línu] er bÿgdt, þo [án] Stadarhalldarans Sira B. Benedictssonar Leÿfis of Samþÿckis.[369]

Í vísitasíu Hítardalskirkju frá 10. ágúst 1831 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hýtardalur

Anno 1831 d. 10 Augusti visiterade biskupinn yfir Islandi Steingrímur Jónsson Riddari af Dannebrogen kirkjuna ad Hýtardal. – Hún á Heimland allt med gögnum og gjædum; [...]

En framar á hún Afrétt á Lángavatnsdal fyrir allt sitt Géldfé – Ljetorfnaskurd í Hofstada Land á 10 Hesta; [...].[370]

Í ódagsettri lögfestu fyrir Hítardalskirkju frá 1832 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

[...] lögfesti hjer i dag minn Veitingarstad Hýtardal med [öll]um hans heimalands gögnum og gjædum og selförum og Hyta[r]dals kyrkju itökum og eignum, nefniliga: gjeldfjár afrett á Lángavatnsdal, ljetorfnaskurd i Hofstada landi á 10 hesta

[...][371]

Þann 12. júní 1832 voru lögfestar eignir Hítardalskirkju. Þar segir m.a.:

[...] lögfesti hjer í dag minn Veitíngastad Hýtardal med allri hans heimalandseign, gjædum og selförum og Hýtardalskyrkju ítökum og eignum, nefniliga: Géldfjár afrétt á Lángavatnsdal, ljetorfnaskurdi í Hofstada landi á tíu hesta, [...]

Lögfesti eg fyrrnefnds Hýtardals stadar og hérgreindra Hytardals kyrkjujarda og eignir og tödur, eingjar og úthaga, lýng og skóga, vötn og veidistadi, holt

[367] Skjal nr. 2(179) a-b og 2(252) a-b.
[368] Skjal nr. 2(180) a-b.
[369] Skjal nr.2(181) a-b.
[370]Skjal nr. 2(132) a-c.
[371] Skjal nr. 2(169) a-b.

og haga, og allar nytjar til fjalls og fjöru, þær greindum Stad og jördum fylgt hafa og fylgja eiga ad réttu, fyrirbýd eg hvörjum manni hédan af, utan mitt sé lof eda leyfi til, þessi pláts innan tédra takmarka ad yrkja, brúka, beita eda til nokkurs afraksturs eda ágóda notka, hvört heldur snertir veidiskap, eda hvad annad, sem er móti þessari minni Lögfestu – hvör bygd er á fornum og nýrri gyldandi [strikað yfir: lögum] skjölum, eldri og nýrri óuppátöludum lögfestum, opt ítrekudum frá 1695 til vorra tíma; - En breyti nokkur móti þessari minni lögfestu, legg eg þar vid þær frekustu sektir, sem lög mér leyfa, og eptir sem þá þörf krefur; og vilji nokkur lögfestu þessa uppátala, hafi hann gjört þad í tækann tíma uppá lögligann máta, ella gyldi þessi mín lögfesta sem óuppátölud, eptir lögum. Þessu til stadfestu er mitt undirskrifad nafn og hjáþrykt Signet.[372]

Lögfestan var þinglesin á manntalsþingum 12. og 13. júní 1832.

Í sóknalýsingu Páls Guðmundssonar á Borg fyrir Borgar- og Álftanessóknir frá árinu 1840 segir m.a.:

Ad 32. *Afréttarlönd* eru hér sem almenningur brúkar: Langivatnsdalur með til liggjandi fjöllum og afdölum; hafa þar upprekstur bæði Álftanes- og Borgarhreppur sem leita hvör til sinnar réttar. Heitir sú Hraundalsrétt sem Álftaneshrepp tilheyrir, en hin Þinghólsrétt sem tilheyrir Borgarhrepp og eru báðar haldnar; sú síðarnefnda fimmtudaginn, hin föstudaginn 21 viku af sumri.[373]

Þann 6. júní 1849 voru lögfestar eignir Hítardalskirkju. Í lögfestunni segir m.a.:

Eg Thorsteinn Erlendsson Hialmarsen, Soknarprestur til Hytardals Safnadar, og Prófastur fyrir Mýrasýslu Prófastsdæmi, lögfest hér í dag minn veitíngarstad Hýtardal med allri hans heimalands eign selförum, afréttum, og Hytardals kyrkju ítökum, nefnilega: Géldpenings Afrétt á Lángavatnsdal fyrri allt sitt géldfé, Túngufell […].[374]

Lögfestan var þinglesin sama 6. og 8. júní 1849.

Í umfjöllun um Beilárvelli í jarðamati Mýrasýslu frá 1849-50 segir

Beilárvellir með rettamula, landspartr frá Galtarholti.[375]

Í sóknalýsingu séra Ólafs Pálssonar í Stafholti á Stafholts- og Hjarðarholtssóknum frá árinu 1853 segir m.a.:

8. ‹*Dalir.*› Á bak við Múla þá sem eru nefndir í 2. gr. og norðan megin Gljúfurár liggur heiðlendi lágt upp að Langavatni og byrjar þá *Langivatnsdalur* þegar vatnið tekur við og nær frá suðri til norðurs allt að

[372] Skjal nr. 2(94) a-b.
[373] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 91.
[374] Skjal nr. 2(48).
[375] Skjal nr. 2(95).

Sópandaskarði er vötnum hallar til Dalasýslu. Vestanvert að dal þessum liggur Langavatnsmúli (syðst), Hafradalslok og Fossmúli (nyrst), austanvert Réttamúli (syðst), og Borgarhraunseggjar. Fyrir dalbotninum er Víðimúli. Út úr Langavatnsdal að vestan liggja afdalirnir *Hafradalur* milli Hafradalsloks og Fossmúla, og fyrir norðan Fossmúla Fossdalur inní Dalafjöll. Fyrir austan Réttarmúla liggur Hróbjargardalur (Róðsbjargardalur) og er að austanverðu við hann Moldarmúli. Fyrir austan þennan múla liggur *Fossdalur* en aðeins þessi (hin nyrðri) hlið hans liggur til Stafholtsskóknar. Á milli bæjanna Múlakots og Grísatungu liggur *Grímsdalur*; að vestanverðu við hann er heiðlendið Beilárheiði, að austan Múlakotsmúli.

[…]

31. Selstöður eiga þar ekki bæir að fráteknu Galtarholti sem á selland á Beilárvöllum austanvert við Langavatn, en það er aðeins notað til haustbeitar fyrir sauðfé. Frá Stafholti er og notuð selstaða í kirkjunnar landi Staðartungu, vestur frá Grísatungu. Frá Valbjarnarvöllum og Stórafjalli hafa og verið sel í heimalöndum , en hvernig þau eru lögð niður vita menn ekki

32. *Afréttarlönd*. Bæir þeir allir sem eru milli Norðurár og Gljúfurár [eiga afrétt] í *Bjarnadal*, sem mestur er Stafholtskirkju land, en lítið eitt almenningur. Þar er og upprekstur nokkurra bæja í Norðurárdal. Bæirnir vestan Gljúfurár eiga afrétt á *Langavatnsdal*. [376]

Um afréttarlönd Hörðdælinga í Dalasýslu segir séra Vigfús Reykdal í Miðdalaþingum í sóknalýsingu sinni frá árinu 1855:

Hörðdælingar hafa haft upprekstur innanvert á Langavatnsdal, sem er almenningur. Hörðdælingar hafa rétt í Seljalandi og rétta mánudaginn í 21. viku sumars; til hennar leita og allir Borghreppingar úr Mýrasýslu.[377]

Í sóknalýsingu séra Þorkels Eyjólfssonar á Borg fyrir Borgar- og Álftanessóknir frá árinu 1873 segir:

32. gr. *Afréttarlönd*. Álftanessóknarmenn eiga Álfthreppingaafrétt inn á fjöllum sameiginlega með öðrum Álfthreppingum og sækja Hraundalsrétt. En Borgarsóknarmenn eiga með öðrum Borghreppingum afrétt inná Langavatnsdal og Beilárheiði og sækja Þinghólsrétt.[378]

Þann 12. desember 1878 sendi sýslunefnd Mýrasýslu bréf þar sem fram kemur að sýslunefndin hafi hafnað því að taka afstöðu til beiðni um makaskipti á Beilárheiði og Réttarmúla þar til álit hreppsnefndar Borgarhrepps lægi fyrir. Þar segir:

Eftir að beiðni frá yður, Herra hreppstjóri og þáverandi sambýlismanni yðar Bergi heitnum Sveinssyni, dags. 3. Nóv. f.á. um makaskipti á Beilárheiði og

[376] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 68.
[377] Dalasýsla. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1855*, (2003), bls. 36.
[378] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873, (2005), bls. 114.

Rjettarmúla, hafði að nýju verið borin upp fyrir sýslunefndina á fundi þeim, er hún átti með sjer 10. þ.m., ákvað sýslunefndin að hún fyrir sitt leyti ekki fynndi ástæðu til að skipta sjer af málinu þangað til álit hreppsnefndarinnar í Borgarhreppi væri fengið.

Þetta læt jeg eigi hjá líða að gefa ykkur til vitundar og skal um leið geta þess að ef þið viljið halda málinu áfram, er nauðsynlegt að leggja það fyrst fyrir hreppsnefndina í Borgarhreppi, sem síðan ætti að senda það sýslunefndinni með álitskjali sínu.

Skrifstofa Mýra og Borgarfjarðarsýslu 12. Des. 1878

Guðm. Pálsson

Til

Herra hreppstjóra Jóns Jónssonar og ekkjunnar Sigríðar Jónsdóttur á Galtarholti.[379]

Þann 12. janúar 1880 sendi sýslunefnd Mýrasýslu bréf þar sem hreppsnefnd Borgarhrepps var tjáð að sýslunefndin hefði samþykkt beiðni hreppsnefndarinnar um makaskipti Beilárheiðar og Réttarmúla. Þar segir:

Eftir að bænarskrá hreppsnefndarinnar dagsett 5. þ.m. með fylgiskjölum, þar sem nefndin fer þess á leið að höfð verði makaskipti á fjall-landinu Beilárheiði, sem er eign Borgarhrepps, fyrir fjall-landið Rjettarmúla, sem er eign hreppstjóra Jóns Jónssonar og ekkjunnar Sigríðar Jónsdóttur í Galtarholti var lögð fyrir sýslunefndina í Mýrasýslu á fundi þeim, er hún átti með sjer 29. f.m. veitti sýslunefndin á tjeðum fundi samþykki sitt til þess að hin umræddu makaskipti yrðu látin fram fara.

Þetta er hjer með kunngjört hinni heiðruðu hreppsnefnd til athugunar og eptirbreytni og skal jeg um leið geta þess, að rjettast er að hreppsnefndin gefi út makaskiptabrjef fyrir Beilárheiði og getur nefndin ef hún óskar þess fengið uppkast til þess hjá mjer og að þau Jón hreppstjóri og ekkja Sigríður Jónsdóttir gefi út makaskiptabrjef handa Borgarhreppi fyrir Rjettarmúlanum og að sent verði hingað uppkast til þess. Uppköstin til makaskiptabrjefanna mun jeg síðan leggja fyrir sýslunefndina á næsta fundi, til þess hún geti yfirfarið þau áður en þau yrðu hreinskrifuð.

Skrifstofa Mýra og Borgarfjarðasýslu 12. Jan. 1880.

Guðm. Pálsson

Til hreppsnefndarinnar í Borgarhreppi[380]

Á manntalsþingi fyrir Borgarhrepp 22. maí 1913 var þinglesið afsal fyrir hólmum í Langavatni. Í dómabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu segir:

[379] Skjal nr. 4(54).
[380] Skjal nr. 4(55).

Ár 1913, 22 maí, var venjulegt manntalsþing fyrir Borgarhrepp sett og haldið á þingstaðnum Brennisstöðum af sýslumanni [...]. Var þá tekið fyrir:

1. Voru þinglesin þessi skjöl:

[...]

í). Afsalsbréf skiftaráðandans í dánarbúi baróns C. G. Boilleau, dags. 1. apríl 1909, fyrir hólmum í Langavatni til séra Einars Friðgeirssonar.

[...]

Guðmundur bóndi Daníelsson í Svignaskarði bað bókað, að hann áliti að átt hefði að bjóða Borgarhreppi hólmana í Langavatni áður en þeir voru seldir öðrum.

[...][381]

Afsalið hefur ekki fundist við kerfisbundna leit Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar.

Þann 9. júní 1922 sendi Þjóðskjalasafn Íslands svarbréf til oddvita Borgarhrepps vegna fyrirspurnar hans um heimildir fyrir eignarhaldi Galtarholts á Réttarmúla eða um makaskipti á Réttarmúla og Beilárheiði. Bréfið hljóðar svo:

Út af fyrirspurnum í bréfi yðar, herra oddviti, d. 6. þ.m., skal þess getið, að hér í safninu finnast engar heimildir fyrir eignarrétti Galtarholts fyrir Réttarmúla eða neitt um makaskipti á Réttarmúla og Beilárheiði, er þér segið, að muni hafa farið fram milli 1870 og 1880. Í þessu skyni hefur vandlega verið farið yfir þingbækur Mýrasýslu frá 1850 – 1882, en ekki finnst þar neitt um leyfi sýslunefndar til þessara makaskipta, og ekki finnst þeirra heldur getið í gömlum hreppsbókum Borgarhrepps, en þær ná að vísu ekki lengra hér í safninu en til 1877. Um Beilárheiði eru gamlir vitnisburðir hér í Stafholtsskjölum meðan stafholtskirkja átti þetta fjalllendi, en þeir hafa líklega enga þýðingu fyrir þetta málefni, eins og það horfir nú við.

Fyrir hönd þjóðskjalavarðar

Hannes Þorsteinsson.[382]

Í *Lesbók Morgunblaðsins* þann 5. janúar 1936 var birt greinin „Baróninn á Hvítárvöllum“. Í greininni er saga rakin saga fransks baróns, Charles Gouldrée Boilleu (1862-1901), sem settist að á Íslandi árið 1898 og keypti m.a. Hvítárvelli í Borgarfirði. Þá segir í greininni: „Þá keypti baróninn veiðirjett í Langadalsvatni af Borgarhrepp. Ljet hann reisa þar sumarbústað og dvaldist þar tímum saman. Það hús stendur enn.“[383]

[381] Skjal nr. 2(279) a-b.
[382] Skjal nr. 4(52).
[383] Árni Óla, 1. tbl., 11. árg., *Lesbók Morgunblaðsins*, (5.1.1936), bls. 3.

Þann 15. nóvember 1941 var útgefið veðbókarvottorð fyrir hólmum í Langavatni. Þar segir:

Veðbókarvottorð.

> Samkvæmt afsals- og veðmálaskrám Mýra- og Borgarfjarðarsýslu vottast að dánarbú Einars Friðgeirssonar er eigandi að hólmum í Langavatni. Hólma þessa keypti sjera Einar Friðgeirsson á Borg af dánarbúi Barónsins á Hvítárvöllum.
>
> Á hólmunum hvíla engin þinglesin veðbönd.
>
> Skrifstofa Mýra og Borgarfjarðarsýslu 15/11 1941[384]

Þann 25. febrúar 1942 var Borgarhreppi boðinn kaupréttur að hólmunum í Langavatni. Þar segir:

> Hér með býð ég Borgarhreppi Kauprétt að hólmunum í Langavatni fyrir sama verð og hér hafa verið boðið í þá ásamt veiði í vatninu, sem eru kr. 2000,00.
>
> Svar óskast innan lögákveðins tíma.[385]

Þann 7. mars 1942 gerðu tólf menn úr Borgar- og Borgarneshreppi kauptilboð í hólmana í Langavatni. Þar segir:

> Við undirritaðir, búsettir menn í Borgar og Borgarneshreppi samþykkjum að kaupa, hólmana í Langavatni á Langavatnsdal, ásamt þeim réttindum sem þeim fylgir og fylgja ber, (veiði og fleira).
>
> Kaupverðið sé krónur: 2000,00 tvöþúsund krónur er greiðist við undirskrift samninga og afhendingu afsals fyrir eigninni.
>
> Borgarnesi 7. Mars 1942[386]

Tveimur hólmum í Langavatni var afsalað til Borgarhrepps þann 17. mars 1942 og var afsalinu þinglýst samdægurs. Í afsalinu segir:

A f s a l

> Jeg undirritaður Egill Einarsson bóndi á Langárfossi afsala hjermeð fyrir hönd móður minnar Jakobínu Sigurðardóttur, samkvæmt heimild í umboði dags. 20/11 f.á., til Borgarhrepps eignarrjetti yfir tveim hólmum í Langavatni er faðir minn sjera Einar Friðgeirsson á Borg keypti af dánarbúi Barónsins á Hvítárvöllum.
>
> Kaupverð hinnar seldu eignar er 2000 – tvö þúsund – krónur og hefir kaupandinn greitt mjer þá upphæð að fullu.
>
> Eignin er seld með þeim rjettindum öllum er henni fylgdu er faðir minn keypti hana, og nýtur kaupandi arðs af henni frá þessum degi, en greiðir jafnframt alla skatta og skyldur afhenni frá sama tíma.

384 Skjal nr. 4(60).
385 Skjal nr. 4(61).
386 Skjal nr. 4(62).

> Mál útaf sölu þessari má reka fyrir aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu í Borgarnesi, án þess að leitað sje sátta fyrir sáttanefnd.
>
> Til staðfestu er nafn mitt undirritað í viðurvist tilkvaddra vitunarvotta.
>
> Borgarnesi 17/3 1942.
>
> Egill Einarsson
>
> Langárfossi.[387]

Þann 3. maí 1942 var haldinn hreppsnefndarfundur Borgarhrepps. Í fundargerð fundarins segir m.a.:

> 3. Hólmarnir í Langavatni:
>
> Samþykt var að hreppurinn eigi þá með 15 atkv. gegn 3.[388]

Í kafla um Dalasýslu í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1947 er fjallað um Langavatnsdal. Þar segir:

> *Langavatnsdalur* var áður fyrr og til skamms tíma tíðafarin leið. [...] Liggur leið þessi inn frá Hörðudal, inn Laugardal til suðvesturs og þvert upp úr honum yfir fjallhrygg allhán, Er þar skarð í hrygg þennan, er Sópandaskarð heitir, en tindar allháir beggja vegna. Þegar upp á skarðið er komið, hallar suður af niður í Langavatnsdal. Dalur sá er stór og grösugur. Slægjulönd eru þar allgóð. […] Leiðin suður Langavatnsdal er blautlend suður að Langavatni, er þar yfir mýrar að fara með fram lækjum. Þegar kemur að Langavatni, verður dalurinn hrjóstrugri, skriður að vestan og varla stingandi strá, en að austanverðu er graslendi nokkurt, þar sem Beylá rennur út í vatnið. Hrossastóð heldur sig mikið á grasflákunum norðan vatnsins og var þar nautaganga á sumrum langt fram á 19. öld, en eitt sumar fórust öll nautin í vatninu, [...]. Hætti þá nautarekstur á dalinn [...]. þegar komið er að vatninu, er farið austan þess suður að Beylárvöllum, en þá nær beina stefnu að Grístungu í Borgarfirði. Silungsveiði er allmikil í vatninu og nytja Borghreppingar hana. Heyjað hefur verið á dalnum í grasleysisárum og heyinu ekið suður til byggða á vetrum. Síðast veit ég til, að þar hafi verið heyjað grasleysissumarið 1918. Skal ekki orðlengja meir um þessa leið, enda telst Langavatnsdalur til Mýrasýslu.[389]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1953 er fjallað um dali í Mýrasýslu. Þar segir m.a.:

> [...] Innan Grísatungu er Grímsdalur og gengur inn norður í fjallgarðinn vestan Vikrafells. Hróbjargardalur er þar nokkru norðar. Þaðan falla vötn til Langavats.

[387] Skjöl nr. 4(63) og 7(2).
[388] Skjal nr. 4(64).
[389] *Árbók Ferðafélags Íslands* (1947), bls. 22.

> Langivatnsdalur er þar litlu vestar. Er það mikill dalur og víður. Norður frá honum gengur Víðidalur. Þrír smádalir ganga vestur frá honum: Mjóidalur nyrst, þá Fossadalur og syðst Hafradalur. Austan Grímsstaðamúla, 484 m, er Grenjadalur, en bak við hann að norðan er Hraundalur. Talið er, að hann hafi verið framhald Langavatnsdals og Langá fallið vestur hann, en farvegur hennar breyzt, er eldgos varð innst í dalnum og hraun hlóðst þar upp. Borgardalur liggur norður frá mynni Hraundals og austan Svarfhólsmúla inn undir Tindaborg, 627 m. Grjótárdalur er norðvestan Svarfhólsmúla. Inn frá Hítardal eru ýmsir minni dalir, og er Þórarinsdalur þeirra langmestur. Gengur hann frá suðurenda Hítarvatns austur milli fjalla.[390]

Í sama riti segir m.a. í kafla um Borgarhrepp:

> Langavatnsdalur er upprekstrarland Borghreppinga. [...] Langavatnsdalur er víðlendur og grösugur norðan vatns. Slægjulönd eru þar góð, og hefur þangað verið leitað til slægna, þegar grasleysisár hafa verið í byggð niðri. Síðast var það sumarið 1918. Inn frá Langavatnsdal ganga minni dalir, og er helztur þeirra Víðidalur. Drög hans ná norður undir Vífilsdal. Hafradalur gengur í vestur, og er örskammt milli dalbotnsins og botns Þórarinsdals, er liggur austur frá Hítarvatni.
>
> [...]
>
> Nautaganga var jafnan á Langavatnsdal og stóðhrossaganga. [391]

#### 5.5.3.1 Heimildir um byggð á Langavatnsdal

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* árið 1709 er að finna umfjöllun um forna byggð á Langavatnsdal. Þar segir m.a.:

> Lángevatns Dalur heitir eyðipláts í fjöllum þeim, er liggja ámillum Mýrasveita og Breiðafjarðardala. Það er almenn sögn og fyrir satt haldið, að í þessum dal hafi að fornu bygð verið og lítil sveit. Kemur mönnum ekki saman um tölu bæjanna, hvað margir verið hafi. Þrír eru nefndir. Borg, sem verið skuli hafa kirkjustaður. Vatnsende annar, og skuli sjást á báðum þessum bygðarmerki forn. Þriðja Hafurstaðir. Ekki sjást þar girðíngar. Fleiri bæi kunna menn ei að nefna. Þessi sveit skal eyðilagst hafa í plágunni miklu, þá hjer var pest á landinu Anno 1400. Hefur síðan aldrei bygst, og er ómögulegt að byggja fyrir vetrarríki. Er það nú brúkað fyrir afréttarland á sumur, sem fyr segir.[392]

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, frá árunum 1752-1757, segir m.a. eftirfarandi um Langavatnsdal:

---

[390] *Árbók Ferðafélags Íslands* (1953), bls. 11.
[391] *Árbók Ferðafélags* Íslands (1953), bls. 74 - 75.
[392] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla. Reykjavík, 1982, bls. 379.

> Nú á tímum er Langavatnsdalur ágætis afréttur. Til forna var þarna kirkjusókn með fjölda bæja. Byggðin lagðist í eyði í plágu þeirri, sem geisaði á Íslandi 1402-1404 og kölluð er *svarti dauði*. [...] Það gegnir furðu, að svo fagurt hérað skyldi ekki byggjast upp á ný, þó að nágrannabændurinir kysu heldur að nota það sem ókeypis afrétt fyrir búsmala sinn. Þegar við fórum um Langavatnsdal sumarið 1754, sáum við hin fornu tún standa þar í fullum blóma, rétt eins og þau hefðu notið árlegrar umhirðu og áburðar. Árið 1255 var dóttir prestsins í Langavatnsdal talin ein auðugastur kvenkostur á öllu Vesturlandi, og biðlaðis Þorgils skarði til hennar, en hann var af ætt Sturlunga og umboðsmaður Hákonar konungs.[393]

Á árunum 1770-1771 var Landsnefndinni fyrri falið að kanna m.a. Langavatnsdal með tilliti til viðreisnar eyðibyggða.[394]

Í svari Þorgríms Sigurðssonar sýslumanns í Mýrasýslu til Landsnefndarinnar, frá árinu 1770, er dalurinn nefndur „Eyde Plátz“ og fram kemur að hann sé nýttur sem „Almennings Afriett“:

> Eyde Jarder eru hier eingar edur þær sem nytsamlegt synest ad útbygdar sieu framar enn eru. Ad visu er hier eitt Eyde Plátz, sem fyrer nockrumm Hundrud Árumm skal hafa byggt vered, kallad *Lángevatnsdalur*, ummkringdur ummhverfes af Fiöllumm, sem nú synest ej helldur byggelegur, þar bæde er af Ám og Fiallskridumm fordiarfadur. Efter hönumm miög so endelaungumm liggur Vatn eitt, kallad *Langavatn*, hvors ádur er geted, og meinast i þvj Meingd af Silunge. Hefur þetta Plátz brúkast fyrer Almennings Afriett og til þess hellst hentugt, einkumm fyrer Saudfie, þá til var, þar Landslagenu hagar þannenn.[395]

Þann 17. janúar 1789 skrifaði Ólafur Stephensen amtmaður skýrslu um málefni Snæfellsness- og Hnappadalssýslna. Í skýrslunni minnist hann m.a. á ferð sína á Langavatnsdal og þar segir:

> Paa min Overreise lod jeg desuden være vigtig for mig:
>
> a) At besee Langevandsdalen, en heel Bygd, som har lagt öde siden 1402, da den saakaldede sorte död overgik Island, som skildte Landet ved dets fleeste Indbyggere, og satte Langevandsdalen tilligemed mange andre Steder öde, hvilken ei kunne beboes igien formedelst Folkemangel. Stor Under, at denne Dal skulle ei være bleven optagen i næsten 400 aar derefter, da Egnen er meget smuk, bestaaende af slutte Græsmarker Langs efter Dalen, med Fielde til begge Sider bevoxne med Græs, Vider og Krat, der ansees for de allerbedste Beedemarker for Faar, Kiör, Stude og Heste. I Langevandsdalens söndre Deel, ligger en meget stor og Fiskerig Söe, Langevatn kaldet, paa Vandet saaes mange Svaner og Ander, som formodentlig lægge sine Æg paa

[393] *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*, I. bls. 177.
[394] *Landsnefndinn 1770–1771* I. bindi. Bergsteinn Jónsson sá um útgáfu, Rvk 1958, bls. 13.
[395] *Landsnefndin 1770–1771*. II. bindi. Bergsteinn Jónsson sá um útgáfu, Rvk 1961, bls. 161-162.

de smaae Holme som ere i samme. I Dalen fandt jeg, tilligemed Sysselmand Gudmund Ketilsen, som jeg tog med, da denne Egn ligger i Myre Syssel eller paa Vestre Skardsheide, to Steder, hvor kiendelig havde været Bygninger, omgivne med Tune eller Hiemmemarker, og en Höide midt i Dalen hvor Præstegaarden fordum kaldet Borg, skulle have staaet. Der angiver at Langavandsdalen skulle have bestaaet af 6 a 7 Gaarde foruden Præstegaarden, men nu synes at ikkun 3 a 4 Gaarde kunne opbygges i denne Egn for det förste, eller forinden Jorden havde faaet nogle Aars duelig Rögt og Dyrkelse.

[...]

Jeg smigrer med det underdaninge Haab, at mine Embedshandlinger paa denne for mig besværlige Reise vil finde det Höilovlige Collegii naadige Bifald.

Indreholm den 17de Januarii 1789.

O. Stephensen

Til det kongel: Rentekammer.[396]

Þann 25. ágúst 1789 skrifaði rentukammer amtmanni bréf vegna framangreindrar skýrslu amtmanns og spurði hann út í mögulega byggð á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

N°1899 til Amtmand Stephensen ad N°296 JJ8

Ditto Dato [25 August 1789]

hr. Amtmanden har behaget ved P:M: af 17de Januarii a:c: at underette os om hvad de har iagttaget, og efter Omstændighederne foranstaltet paa deres Reÿse i Sneefieldnæs og Hnappedals Sÿsseler; Vi kunde ikke undlade at give Dem vores stórste Velbehag tilkiende over Deres derved udviiste Aarvaagenhed for Hans Maÿestæts Tieneste, og bifalde i et og alt de af Dem foÿede Foranstaltninger: I henseende til Longevandsdalens Böÿgd udbede vi os hr Amtmandens nærmere Forslag om paa hvad Maade den kunde igien ventes at blive bebÿgget; og i henseende til hvad det har behaget hr. Amtmanden at forestille om Fuglefangst paa Biergen Bulandshöfde og Enne samt Klipperne Löndrangor og Sölvahamar da lade vi her ved fólge 25 Exemplarer af en Afhandling om Fuglefangsten paa Drangöe, for at blive ved hr. Atmmanden uddeelt til saadanne Personer, som hr. Amtmanden maatte skiönne de kunde være til Nÿtte.[397]

[396] Skjal nr. 2(267) a-b.
[397] Skjal nr. 2(323) a-b.

Þann 4. janúar 1790, svarar Ólafur Stephensen amtmaður bréfi rentukemmers um fyrirhugaða byggingu Langavatnsdals. Þar segir:

Pro Memoria

Ved P. Mem: af 25de Aug: f.a. har det naadigst behaget det kongel. Rentekammer, at fordre min Betækning om: paa hvad Maade Langevandsdalen kunne igien væntes at blive bebygt, hvorom min underdanige Skrivelse til det Höie Kollegium af 17de Jan: a.p. iblandt andet handlede. Jeg refererer mig til denne min Skrivelse for saavidt mueligheden at opbygge samme steds 3 á 4 Gaarde angaaer, som hiint, at Dalen er duelig Rögt og Dyrkelse værd, men at dette kunne nu for tiiden skee, saa Længe Folkemangelen er saa stor i Landet, at mange Gaarde i Böigden ligge des formedelst öde, har ikke været min Tænke. I de haarde Aar 1784 og 1785 mistede Island 9417 Mennesker, samt Aar 1786 1033 i Smaa-Kopperne; om 20 aar, eller 1810 til Foketallet være bleven ligesaa stort som 1784, om ingen Extraordinaire Hindringer komme i Veien, da kunne med Billighed haabes at Langevandsdalen og mueligen Ravnkels= og Mödrudalen, som Ligeledes ligge öde i Østerlands Fierdingen kunne blive optagen, för kan man ikke giöre sig derom noget Haab. –

Indreholm den 4de Januarii 1790

O. Stephensen

Til Det kongel. Rentekammer[398]

Þann 2. febrúar 1800 auglýsti Bjarni Guðmundsson um fyrirhugaða byggingu á Langavatnsdal. Þar segir:

Að síðustu vóru fyrir lögþingis-réttinum upplesin eftirfylgjandi document:

I.

Hér með gefst til vitundar: að eg hefi ásett mér hið fyrsta að byggja bæ á eyði-plátsinu Langavatns-dal of flytja mig þangað búferlum, hvað eg hefi gefið viðkomandi amtmanni til kynna og beiðzt hans tilhlutunar um, að mér af viðkomandi sýslumanni mætti í fylgi forordn. af 15da Apr. 1776 útskiptast af téðu eyði-plátsi svo mikið land sem nauðsynlegt kynni álítast; því vildu þeir, sem kynnu að ætla sig að hafa nokkurn eignar-rétt til þessa lands-pláts, hið allra fyrsta auglýsa það fyrir hra. amtmanninum, svo hann kunni að meta, á hvörjum grundvelli þetta tilkall sé byggt.

Vatnsnesi, þann 2an Febr. 1800.

Bjarni Guðmundsson.[399]

[398] Skjal nr. 2(266) a-b.
[399] Skjal nr. 2(53).

Þann 29. apríl 1800 skrifaði Bjarni Guðmundsson bréf til landfógeta varðandi áform sín að byggja á Langavatnsdal. Þar segir:

Promemoria

Opmuntret ved de Priviligier og Belönninger Hans Kongelige Majestæt, ved Anordningen af 15de April 1776, samt fleere ældre Lovgivninger, har givet og lovet til dem, der optage öde Jörder, især dem der ligge i de saa kaldte Afretter og Almindinger; har jeg foresadt mig at opbygge den Gaard, paa den, nu i herimod 500 Aar ödeliggende Landstrækning Langevatnsdal kaldet, beliggende i mellem Myre og Dale Syssel, til hvilken Landstrækning, ingen saa vidt jeg har kundet efterkomme, besidder nogen Eyendoms Ret, og som i en Langsommelig Tid, kun er benyttet til Afrett om Sömmeren. – Jeg troer at dette mit Forsæt, vil ikke allene der ved finde, den höje Øvrigheds Bifald, at et forhen værende öde Plads, saaledes bliver optaget til Dyrkelse. – Men især at den over Langevatnsdalen yderst besværlige og tillige farlige Vey, af omtrent 5 Miil, blev her ved mindre frygtelig, naar de Reysende undervejs, kunde have en Gaard at tje til; - des uden tör jeg forsikkre, at skjöndt at denne Landstrækning, blev udskiftet Mark til 3 a 4 Gaarde, vil der dog blive endnu overflödigt til overs, af Afretten for de nærmeste Böjdelaugs Creaturer. –

Og da jeg strax, ved næstkommende Landsting, agter at tinglyse dette mit Företagende, men önsker jo for jo heller, at kunde begynde med Bygningen, saa giver jeg mig den Ære ydmygst at [at, ofan línu] udbede; at Deres Velædlehed vilde behage, paa hr. Amtmand Vibes vegne, at tillægge hr. Sysselmand G. Ketilsen Ordre til, det snareste mueligt, at udskifte af denne Afrett, saa en egen Mark, som jeg kunde behöre. – För min, for hen udviste Duelighed og Retskaffenhed, skal jeg paa Anfordring ikke undlade at tilveje bringe antagelige Attester, -

Lambestad den 29de April 1800

Biarne Gudmundsen

boende paa Vatnsnes inden Hunevands Syssel[400]

Þann 2. júlí 1800 sendi Jón Guðmundsson amtmanni auglýsingu um áform sín um að byggja bæ á Langavatnsdal. Auglýsingin hljóðar svo:

Auglísing

Hérmed giefst til vitundar ad eg hefi ásett mér hid firsta ad bigga Bæ á Eidiplassinu Lángavasdal og flitia mig þángad búferlum hvad og eg hefi giefed vidkomandi Amtmanni til kinna og bíst hanns til hlutunar umm ad mér af vidkomandi Syslu Manni mætti i fylgi Forordn: af 15da april 1776 útskiftast af tedu Eidiplassi so mikid Land sem [sem, tvítekið og yfirstrikað í fyrra skiptið] naudsinlegast kinni ad álitast; þvi vildu þeir sem kinnu ad ætla sig ad hafa Nockurn Eigindómsrétt til þessa landspláts [-láts, ofan línu] hid

[400] Skjal nr. 2(265) a-b.

allra fyrsta auglýsa þad fyrir Hr Amtmanninum so hann kunni ad vita á hvórium grundvelli þetta tilkall sé bigt.

á Bugdustódum í Hórdudal

Innan DalaSysslu þann 2an Julii 1800.

Jón Gudmundsson[401]

Þann 30. september 1800 sendi séra Björn Benediktsson í Hítardal mótmæli við áformum Bjarna Guðmundssonar um að setja niður byggð á Langavatnsdal. Mótmælin hljóða svo:

Pro Memoria

Udi Lavtings Bögen, Side 52, er til kiende givet at mig, for Rigtighed ubekiendt mand, Biarne Gudmundsen, fra Vatnsnes udi Nordlandet har fastsat, at opsætte nye Boepæl paa Langevatnsdal, men saa vel maaldager, som Jördebögen ved Stiftet viser at Hitardals kirke tilhörer Afrétt udi Langevatnsdal, for alt sit Gieldfaar; Som ere Heste, Tyre og Stude, Beder og Væder. Hvorfor, effter min meening, ikke kan tillades, at bemeldte Biarne, sig udi denne Afrett nedsætter. Dette har jeg, i Fólge Tikiendegivelsen, som fórst underdanigst at anmelde for Vester amtet udi Island.

Hítardal den 30 September 1800

underdanigst

Biórn Benedictsen

Præst til Hítardal

Til Vesteramtet udi Island.[402]

Á manntalsþingi að Lækjarbug í Hraunhreppi þann 18. apríl 1801 voru upplesin mótmæli sveitarmanna gegn ósk Bjarna Guðmundssonar um að fá að byggja á Langavatnsdal.[403]

Á manntalsþingi (þinghaldsstaðar ekki getið) 23. júní 1801 voru „tekin fyrir þingvitni um hvort Bjarna Guðmundssyni frá Húnavatnssýslu kynni að byggjast Langavatnsdalur eftir ósk hans“ og var því hafnað.[404]

Þann 8. janúar 1810 sendi Jörundur Ólafsson bréf til amtmanns þar sem hann tilkynnti um áform sín um byggingu á Langavatnsdal í samræmi við ákvæði nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776. Í bréfinu segir:

Bonden Jorund Olavsen a Hlidi inem Guldbringe Syssel, antager, Amtets Tilladelse til, at optage i Bopæl om Landstrækningen Langavatnsdal inem Myre Syssel, samt at maatte i fremtiden inyde de hermed forbinden fordele i Analogie af forordningen af 15. April 1776.

---

[401] Skjal nr. 2(322) a-b.
[402] Skjal nr. 2(321) a-b.
[403] Skjal nr. 2(269) a-b.
[404] Skjal nr. 2(271) a-b.

157

Om Langavatnsdalens optagede udstædes, og besduges publicerte i tilgrændende Distrikter. 25. Jan.

Sysselmand Ottesen beordres til at fortage Udmaalingen, og Reqvisenter dette kommuniseret, og hans skrivelse findes Sysselmanden. 5. Martz.[405]

Þann 25. janúar 1810 sendi amtmaðurinn í Vesturamtinu auglýsingu til stiptamtmannsins yfir Íslandi um áform Jörundar Ólafssonar um að byggja á Langavatnsdal. Þar segir:

N^r 445.

Auglýsing.

25. Jan.

Bóndinn Jörundur Ólafsson á Hliði í Gullbringusýslu hefur í brefi til min af 8^de þ.m. gefið mér til vitundar að hann á næstkomandi sumri, hefi í aformi að setja bygð í Lángavatnsdal, og þessvegna óskað af mér að ég, eptir fyrirmælum tilskipanarinnar af 15 Apr. 1776. skipaði viðkomdi sysslumanni að útmæla nefndum Jörundi, land, ej einast til eins bústaðar, heldur ef platsið leifði, fleiri býla í Lángavatnsdal, þar hann segist muni taka 2 eður fleiri nibylamenn með sér, sem hann vilji stirkja með biggingartilfangi og annað sem þessir kynnu að þurfa við.

Þetta auglýsist hérmeð öllum þeim innan Stafholts og Hjarðaholts kirkju sókn sem þikjast kynni hafa nokkurn rett til Langavantsdals nyjta, vegna langvinnrar brúkunar þess plásts sem afréttar, og áminnast þeir tafarlaust, að gefa sig fram ef þeir vilja gánga fyrir með Langavatnsdals upptöku samkvæmt nefndrar tilskipunnar aqvörðun, í hennar 5 pósti, hvar um skýrsla á til mín frá þeim að gefast.[406]

Amtmaðurinn í Vesturamti sendi bréf til sýslumannsins í Mýrasýslu, dagsett 5. mars 1810, um áform Jörundar Ólafssonar um að byggja á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

s.d.[407]

Til Sysselmand Ottesen.

Bondemanden Jorundur Olafssen af Hlid i Guldbringe-

Syssel har i skrivelse af 8^de Jan. anmældet for dette amt at han var til sinds at optage til næstkommende sommer öde fjeldstrækningen mellem Myhre og Dale syssel, der kaldes Langevatnsdalen og i den anledning ansögt min medvirkning til hans formaalie opnaaelse; Ved her hos at tilstille herr sysselmanden bem^te Olavsens original skrivelse, maae jeg med hensyn til

405 Skjal nr. 2(68) a-b.
406 Skjal nr. 2(69) a-b.
407 „Sama dag“ sem var 5. mars 1810.

forærdningens af 15 apr. 1776 bestemmelsen og befalinger, tjenstligst have dem anmödet, om befagentl. at foretage den fornöden opmaalings og udvisnings forretning, saa betids, som lejligheden det maatte tillade, og saaledes at nybyggerne ikke forspildes nogen, ham til bygningers opförelse belveglig tid.-

I öjemedet vilde h[r]. sysselmands ligeledes indvarslen nyebyggerne til personl. eller ved fuldmægtig at overvære forretninge, ved betimel[en] at kundgjöre ham, den til forretningens afholdese berammede dag. Endelig skulde jeg ikke forbiegaae ved denne lejlighed, at have h[r] sysselmanden tjenstlig underrettet om, at bekjentgjörelser om Langevantsdalens forfarende optgagelse, ere ved mig besorget oplæste, i de, denne afret tilgrændsende repperes kirker, nemlig Stafholts og Hjarðarholts, Borgar og Alptanæss, samt Stadarhrauns og Alptartungu, og har ingen andre angivet sig at ville, i fölge ovennærete forordn. 5. post. nyde forret til optagelse af tidtmældte Langevatnsdal. Dog har jeg hört ymte om at bonden Jacob Snorrason af Storakrop i Borgefjords syssel skuld have i sinde af concurrere med Jörund Olafssen. -[408]

Amtmaðurinn í Vesturamti skrifaði bréf til Jörundar Ólafssonar á Hliði, dagsett 5. mars 1810, þar sem hann tilkynnti Jörundi um að hann hefði falið sýslumanni Mýrasýslu að framkvæma útmælingu í samræmi við beiðni Jörundar og skyldi hún fara fram á komandi vori. Í bréfi amtmanns segir:

N[r]. 472

5 Martz.

Til Jörund Olafsen at Hlid í Gulbringe syssel. -

Under dags dato er sysselmanden for Myra syssel herfra tilskrivet og beordret i anledning af eders skrivelse til mig af 8de Jan 1810, til at udmaale eder i tilstundende foraar, saamegen strækning af Langavantsdalen som i rimeligen kunde benytte. – Dette har jeg ikke skuldet undlade herved at underrette eder om, paa det af I kan være betænkt paa, enten personlig, eller ved fuldmægtig at möde med den af sysselmande foretagende udmaalings forretning.[409]

Þann 25. mars 1810 skrifaði amtmaður Skúla Magnússyni sýslumanni í Dalasýslu um fyrirhugaða byggingu á Langavatnsdal. Þar segir:

25 Mart. [1810]

Til Sysselmand Magnusen

Det maatte behage Her Sysselmand at bekjendtgjöre for de til Langavatnsdal nærmest grændsende Dale Syssels Indbyggere, at bemældte ØdePlads bliver til næste Foraar optaget til Beboelse, og at Sysselmanden for Myre og

[408] Skjal nr. 2(70) a-b.
[409] Skjal nr. 2(71) a-b.

Hnappadals Syssel er herfra tillagt Ordre, at foretage den ved Forordningen af 15de Apr. 1776, befalede Opmaalings og Udvisnings Forretning, paa det de af Dale Syssels Indvaanere, der maatte have nogen som helst formeent Ret til Langavatnsdalen, kan vide at infinde sig til rette Tid og Sted, for at iagttage det disse, i denne Henseende fornödent eragtede.[410]

Í afriti af kirkjubók Hítardals frá 14. nóvember 1810 segir um útmælingu fyrir nýbýli á Langavatnsdal:

Extract út af Hÿtardals Kyrkjubók Bladsídu 79, sem er Útdráttur af Visitatiu Profasts Sira P. Peturssonar gjördri ad Hÿtardal, þann 14 November 1810.

„Þess ber ad minnast: ad eptir Stadarhaldarans Sr B. Benedictssonar Undirréttíngu, hefir ófyrirsynju verid útmælt til Nýbýla Upptekningar bónda frá Alptanesi Jörundi Ólafssyni, Hítardals Kyrkju Eign, Afréttarland fyrir Stadarins Géldpening á sokölludum Lángavatnsdal, hvört land velnefndur Presturinn álýtur Hýtardals Beneficiario fyrir nærverandi sem Eftirtíd aldeilis ómissandi; hvarfyrir hönum tilsegist, á tilhlýdiligum Stödum ad anmelda þennan Misfánga, og eftir Skyldu sinni hafa náqvæma Tilsión yfir, ad hvörki þetta eda annad gángi undan Kyrkjunni.“

Ord- og bókstafrétt extraherad vitnar Th.E. Hialmarsen[411]

Í prófastsvísitasíu Hítardalskirkju frá 15. desember 1812 er m.a. fjallað um nýbýli á Langavatnsdal. Þar segir:

A vidkomandi Stödum hefir Presturinn síra Björn géfid til kÿnna Níbíla Upptekníngu a Hitardals kyrkju tilheirandi Afrettarlandi a Lángavatnsdal, en til datum eckert áreidanlegt [áreidanlegt, ofan línu] Svar ödlast.[412]

Þann 3. apríl 1812 var skráð eftirfarandi færsla í prestsþjónustubók Stafholts varðandi andlát tveggja barna á Langavatnsdal:

Daudir 1812 i Stafholltssókn

[…]

4. Þ. 3. Apríl dóu 2 Ungborn Gudmundur og Anna á Langavatnsdal úr kulda. Begr. 8da ejusd.

[…][413]

Þann 7. febrúar 1813 var skráð eftirfarandi færsla í prestsþjónustubók Stafholts varðandi andláts Sæmundar Pálssonar á Langavatnsdal:

1813 Daudir i Stafholltssókn

1. Þ. 7da Februar vard uti i kafalds Bile Bóndi Sæmundur Pálsson á Langavatnsdal fannst þ. 15da enn begrafinn 23ja s.m.

---

410 Skjal nr. 2(320) a-b.
411 Skjal nr. 2(252) a-b.
412 Skjal nr. 2(180) a-b.
413 Skjal nr. 2(315) a-b.

[…][414]

Þann 25. júlí 1814 dæmdi Extrahéraðsréttur í Hjarðarholti í þjófnaðarmáli Guðrúnar Sæmundsdóttur á Langavatnsdal. Í dóminum segir m.a.:

> Á sama degi var í réttinum uppsagdur solátandi DÓMUR, í þessu máli: af öllum fengnum upplýsingum í þessu máli, bædi af medkenningu þeirra seku mædgna Þorbjargar Sveinsdóttur og Gudrúnar Sæmundsd. [á]samt þeirra í þar stefndu vitna framburdi fyrir rétti hér þann 14. apr. og 20. maji sídstl. [á]samt tekinni vitnaleidslu ad Blönduhlíd í Dalasýslu þ. 1ta þ.m. eftir ósk þess skikkada actors í málinu, finnst þad ad vera þannig vaxid: einhvörju sinni skommu fyrir næstl. pálmas.d. í vor, sendi eckjan Þorbiörg dóttur sína Gudrúnu ad Hlíd í Dalas. til ad klára skuldaskipti vid prestinn þar séra Jón Jónss., var Gudrún í burt um nóttina, ad þeim erindagiördum; á heimleid daginn eftir, sem hana minnir væri laugardagurinn fyrir pálmas.d., finnur hún þar einstakan hest á sokölludum Laugardal, albleikan ad lit, med mark : sýlt h. stýft v. hnýtir í hann bandi, fer á bak og rídur honum upp á Sópandaskard, segist þar finna lin á honum, eda deyfd, og þ[ess] vegna gánga ödruhverju úr þ[v]í þannig færia hestinn heim t[il] sín ad kotinu á Langavatnsdal; þá h[ér] v[ar] kom[id] qvedur mód[ir] henn[ar] hestinn hafa v[er]id miög módann o[g] bád[ar] b[er]a þær, ad hon[um] hafi verid verid b[o]rid hey, o[g] hafi hann þá lítt eda eckert viljad taka í þ[ad] o[g] ei heldur segist Gudrún ad hann hafi viljad bíta á jördu o[g] sama hefur barn[id] bród[ir] henn[ar] Páll b[o]rid, loksins framb[er] Gudrún, ad hún hafi fært hestinn upp í sokallad túnbrecku, austan vert v[id] kot[id], nedanhalt v[id] gil nockurt þar, o[g] bor[id] hon[um] hey þangad, hv[ör]t h[an]n þó ei hafi viljad ieta, hafi so smá dreg[id] af hon[um], þ[ar] til hún loksins ad egin rádum o[g] eigin ramleik, hafi skorid af hon[um] höfud[id] þá liggjandi med litlu lífs marki; án banda o[g] allrar framandi hjálpar o[g] ráda; þá þ[ví] v[ar] lok[id] o[g] hún hafdi byrjad ad birkja hestinn, játa þær mædgur bádar ad Þorb: hafi kom[id] ad og eft[er] þ[ad] sludtad sláturs verkunum, hafi þá lítid eitt verid borid heim af ætinu og haft í mat, en hitt ásamt háinu, verid fært upp í ádurnefndt gil og falid þ[ar] und[er] snióbrú.
>
> […]
>
> Því dæmist rétt ad vera: Gudrún Sæmundsd. af Langavatnsdal, skal f[yrir] um hana sannada óheimildar t[il]tekt á ein[um] hesti o[g] þiófnad[a]rleynd o[g] m[ed]ferd á hon[um], straffast m[ed] 30 vand[a]rhögg[um]; mód[er] henn[ar] Þorbjörg Sveinsd: á f[yrir] medhilmingu m[ed] dótt[u]r sinni í þessari þiófsl. t[il]tekt henn[a]r, nautn o[g] notun átunn[a]r af þeim ófrialsa hesti, [á]samt annann ósæmil[ega]n og lögum óhreinskilni gagnstædann [0000] máta í þ[essu] máli, straffast med 20 vand[a]rhögg[um]; […] Þá þetta mál er alg[jör]l[eg]a t[il] lykta leidt,, skulu þær seku persónur ásamt drengn[um] Páli víkja [0000] t[il] sinnar sveitar. Þ[essi] dóm[u]r upplesinn í réttin[um] í

[414] Skjal nr. 2(314) a-b.

> nærv[er]u allra v[id]komenda og játudu þær seku mædgur ad ei vildu frá hon[um] appelera.[415]

Í prófastsvísitasíu Hítardalskirkju frá 4. janúar 1814 er minnst á byggð á Langavatnsdal. Þar segir:

> Húsid er í öllu sama Ástandi sem nærsta Visitatia gétur um, beheldur ogso öllum sínum Eigindómi utan sem innan Stocks ad undanteknu Afrettar Landi á Langavatnsdal, sem fyri nærverandi tíd [tíd, ofan línu] er bÿgdt, þo [án] Stadarhalldarans Sira B. Benedictssonar Leÿfis of Samþÿckis.[416]

Í ritinu *Almenn Landaskipunarfræði* frá árinu 1821 er m.a. umfjöllun um forna byggð á Langavatnsdal:

> Fyrra parts önnur deild: Norðurlönd.
>
> Síðari parturinn:
>
> [...]
>
> 4. Lángá um Mýrasveit og kémr hún til siáfar í Borgarfiörð, hún kémr frá Skarðsheiði eðr Lángavatni, er liggr á heiðinni 3 mílr frá bygð báðumegin og í dal þeim, er Lángavatnsdalr kallast; hann liggr í út og sudr og er 3 mílr á lengd; fyrrum var dalrinn bygðr og ein kyrkiusókn, en lagðist í eyði öndverðliga á 15. öld í enum svo kallaða Svartadauða; nú er þar grösugt afréttarland, en þó vel byggiligt, með því at þar eru landkostir góðir og mikil veiði í vatninu.
>
> [...][417]

Þann 18. september 1822 skrifaði Jón Jónsson á Vesturholtum í Eyjafjallasveit bréf til Moltke stiftamtmanns um fyrirhugaða nýbýlastofnun á Langavatnsdal ef svo kynni að fara að jörð hans yrði óbyggileg vegna yfirstandandi eldgoss. Þar segir:

> Ad því leite, sem hér kynne fyrer Efterkomandi tid so báglega ad áhorfast, ad Folk ordsakadest flýa iafnvel Abÿle sín og bygdarlag í Sveitenne til ad vidhalda life sinu og sinna af þessum so yferskadvænlega Eldgánge edur Øskufalli i Eyafialla Jókle ecke linner, edur annad óttalegra kynne uppá ad falla, þá dyrfest eg hérmed audmiúklegast ad bidia mér leifies fyrer HáYfervaldsins náduga tilhlutan, ad meiga setia bygd mina á minn eigenn kostnad i þeim sokallada Langavatnsdal innann MyraSyslu, er heirest óbygdur vera, - og iafnvel meiga taka dugande og vedurheftugann bondamann med mér hedann, hvörtheldur kynne ad vera eirn edur fleire og frivilia hefdu til þess, samt sitt naudsynlegt Skyrteine; - Er þessa alleina leitad af mér, i þvi Skÿne, ef naudsyn kynne þar til ad reka fyrer mér edur ödrum, þar flester vilia halda hér vid ábýle sin so leinge sem auded verdur. – Hér uppá óska eg mér, ad mér mætte géfast nádug áheyrsla þad fyrsta skéd gétur.

[415] Skjal nr. 2(327) a-b.
[416] Skjal nr. 2(181) a-b.
[417] Skjal nr. 2(281) a-b.

Audmiúklegast Jon Jonsson

Vesturholltum í Eyafialla Sveit og Hollts Sókn

þ. 18da September 1822.[418]

Þann 4. október 1822 skrifaði Moltke stiftamtmaður og amtmaður í suðuramti bréf til Bjarna Thorsteinssonar amtmanns í Vesturamti varðandi beiðni Jóns Jónssonar og hugsanlegs flóttafólks úr Rangárvallasýslu vegna eldgoss. Þar segir:

> Den hertil indsendt Skrivelse, anholder Bonden Jon Jonsen af Vesturholtum i Øefields bygden, Holts Sogn, om dette Amts Medvirkning til at ham maatte tillades, at sætte ben i den saakaldte Lángavatnsdal, inden Mÿre Syssel, som skal være ubebygget; samt at han didhen maatte bringe med sig flere duelige og vederhæftige Bondemænd, for det Tilfælde at Øefieldets Vulkans Ødelæggelser skulde foranledige en Udvandring fra siine Egne. –
>
> Da dette Andragende forekommer mig at have Medhold i Anordningen om öde Jorders Optagelse, men Sagen henhörer under Hr. Amtmandens Ressont, efter som den omtalte Lángavatnsdal skal ligge inden Mÿre Syssel, uner Deres Amt, saa maa jeg, i det jeg herved har den Ære at tilstille Dem Bonden Jon Jonsens foromtalte Skrivelse, aldeles henstille samme Afgjöresle til Deres Höyvelbaarenheds For godtbefindende, men udbreder mig tiensligst, i sin Tid Underetning meddelt om den af Dem heri tagne Beslutning, til videre Bekiendtgjörelse for Vedkommende.

Islands Stifts- og Sönder-Amts Kontoir den 4de Oct: 1822 Moltke[419]

Þann 14. mars 1831 gaf J. Gíslason á Efrimúla vitnisburð um Jóhannes Grímsson vegna fyrirhugaðrar byggingar á Langavatnsdal. Þar segir:

> Þared Bónden Jóhannes Grímsson á Stadrhóli í Saurbæ hefur, sem hér Þecktur Dugnadarmadur asett sér [asett sér, ofan línu] ad fá á tilhlýdelegum Stödum [Stödum, ofan línu] áreydanlega upplýsíng um, hvörs Eign, hvört Konúngs edur prívat eign, Eideplátsid Lángivatnsdalur vera kynni, hvöred tjáest í Fornöld ad hafi verid byggdur, en fyri mjög Laungum tíma Lagdur í eyde, og medframt, skylde hér nefnt Eydeplats tilheýra Han Majst., fá þad sama uppteked sem Eydeland og – Jörd, til sjálfr ad setja þar Nýbýle, so hefur han óskad af underskrifudum, Sannleika samqvæmt ályte um sinn hæfelegleika þar til, hvörsvegna hérmed géfst til kynna: Ofannefndur Bónde Jóhannes Grímsson hefur ad dugnade ödrum fremur utmerkt sig bæde i tilliti til Smída, Innanbæar vandadra Handydna Forstands og Útsjónar og sérdeyles frammúrskarande Jard- og Kal-ræktar til hvörrar han vyrdest einkar vel lagin – Þaradauk ydju madur og Forsjáll sem Lándbúnade hentar – Hann er madur allvel vid efni, á einasta 1 Barn, og hefur áhalds nægelegt Fólk og

418 Skjal nr. 2(264) a-b.
419 Skjal nr. 2(263) a-b.

velvinnande. – Þess er og géta sem Sannleika, ad velnefndur Bónde hefur tjád sig hér rádvandan og grandvarann vid adra i vidskiftum og Frammferde – eins og líka ad til þessa Fyritækes ad vilja taka til Eýdepláts til Nýbýles knýr hann Byggdarþraung sú [sú, ofan línu] hér og vídar er fyri Dugnadar menn, frammqvæmdarseme og Lyst til ad gagna.

Efrimúla þann 14da Marti 1831[420]

Þann 6. september 1831 skrifaði Jóhannes Grímsson amtmanni vegna áforma sinna um að stofna nýbýli á Langavatnsdal. Þar segir:

Samqvæmt þeim mínum vilja og Ásetníngi, sem eg á næstlidnum vetri lét í ljósi vid Ydar Hávelborinheit, ad eg vildi og hefdi fastlega í Áformi, ad setja Bú og byggja Bæ, edur stofna Nýbýli, samqvæmt Þaradlútandi Konúnglegu Lögmáli í þeirri eyddu og yfergéfnu Byggd, Lángavatnsdal, tilheyrandi Mýra=Sýsslu, gjöri eg mig svo fryan, skriflega hér med audmjúklegast ad ítreka og géfa Ydar Hávelborinheitum til kynna, þenna minn ádur – og hér – greindan vilja og Ásetníng, samqvæmt Laganna Fyrirmælum.

I greindu tilliti vidlegg eg þá hérmed, Herra KammerRáds, Sýslumanns Sk: Magnusens Attestatjon frá 11ta Jún: i A: mér vidvikjandi, vid hvöriu er athugaverdt: ad þá þar greindu 6 hndr., sem Tyund mín næst Lided haust, er Líkast ad sé, Misskrifning, efter óvart feilskrifudum underrétníngum, hvörsvegna eg í tédu tilliti um mína Tjundarhæd næstl. haust og til sönnunar mínu Ásigkomulagi og Ástædum, líka vidlegg og tilsende Ydar Hávelborinheitum, Hreppstjórans Sál: Björn Jónssonar, sem og þess hér í hans stad, nú constitúerada Hreppstjóra O: Thorlacius, skriflegu Vitnesburdi, frá 4da Apríl, og 27da Aug: þ:a:, og Loksins, í tillite til þess sidferdeslega ásamt fl:, sem vitnisburd, dat: 14 Mart, i A: frá Sóknarpresti mínum Sr E. Gíslasÿni, hvar af eg vona ad sjáist, hvört eg hafi edur ecki, hæfilegleika til ad stofna Nýbýle á hér tédu Eidelande, Lángavatnsdal, og líka, í skyldugustu Undergéfni, audmjúklegast óska: ad Ydar Hávelborinheitum gunstugast Þocknist, ad leyfa mér hid sama, og undereins óska, ad Ydur mætte þócknast ad tilségja vidkomandi Sýsslumanni, ad skoda, uppskrifa, útmæla og afgreýda, tilhlýde- og Nægi-legt Land á Lángavatnsdal, mér til Nýbýles – Og gjöre eg mig hér med, audmjúklegast svo frían, ad útbidja mér, Amtsins befaling, til Sýslumanns E. Sverrirsens, um útmælíngu og Afgreydslu Landsins, tilsenda, svo sjálfur gét hid allrafyrsta komid henni í hans hendur.

En – sofremt útmælíng og Afgreýdsla Landsins, ecki gjæti á þessu Sumri frammfarid, óska eg audmjúklegast ad mér mætte þó tillátast, ad byggia á þessu Sumri Hústómtir, mér til mögulegs hagrædes og fyrirgreidslu seinna. Og Loksins er þess gétandi: ad jafnvel þó eg ei híngad til hafi gétad féngid hæfelegan Mann, til ad Stofnsetja téd Fyrirtæke, ásamt mér, edur taka hlutdeild í enu sama, vona og óska eg ad ecki i végi standi, hvörsvegna mér ei

[420] Skjal nr. 2(262) a-b.

tillétist, ad setja Nýbýli á oftnefndum Lángavatnsdal – og – Loksins audmjúklegast, ad Ydur gunstigast mætte Þócknast, ad géfa mér med Sendimanni mínum Gudmundi Jónssyni, Ydar Hávelborinheita Þócknanlegt Andsvar, uppá framan og ofanskrifad efni.

Stadarhóli í Saurbæ þann 6ta September 1831.

audmjúklegast Johannes Gríms Son[421]

Þann 9. september 1831 skrifaði amtmaður bréf til sýslumannsins í Mýrasýslu vegna beiðni Jóhannesar Grímssonar um að byggja á Langavatnsdal. Bréfið hljóðar svo:

Til Sysselmand E. Sverrisson 9. Sept. [1831]

I sidstafvigte Vinter eller Foraar meldte sig personligen hos mig en Mand, navnligen Johannes Grimsen a Stadarhol i Dale Syssel, og begjærte Tilladelse, at matte oprette et Nÿebÿggersted i Ødeböigden Langevatnsdal i Mÿre Syssel. Men da han ei skriftligen anmeldte noget bestemt herom, der og syntes at mangle en og anden Oplÿsning i Hans Henseende vedkommende denne Sag, saa gjorde jeg ham opmærksom herpaa, overladende forövrigt til ham, endÿdermere at overveie, om dette Forehavende, i sin Fölge, vilde tjene ham vel. Fra ham er nu indkommet hoslagte andragende, af 6e d.m., hvori han önsker sig en Landstrækning udmaalt i Langavatnsdal, og tilladelse meddelt, i dette aars Efteraar, at matte opföre Huustomter der, hvilket Andragende derhos er bilagt med vedkommende Sysselmands, Sognepræsts og Repsÿrers Attester, angaaende Grimsens gode Formues Vilkaar, Habilitet, m.m.

Forinden videre besluttes heri, udbeder jeg mig tjenstligen meddelt, Hr. Sysselmands Erklæring og betænkning, om denne Sag i det hele, men især, angaaende, om Langavatnsdal ei retteligen er at henföre til de Landstrækninger, som omhandles i Fr af 15 Apr. 1776, Sammes 5 §, og om noget kand være imod strax og uden videre, i næstkommende Foraar, at udviise Grimsen et passelige stort Stÿkke, om hvis paasatte Dÿrhed Han Intet melder, af denne Strækning, efter hans Ønske og Stedets Leilighed.

For det övrige da tillader jeg mig at tilföie, först: at denne Sag, om Anlæggelse af et Nyebÿggerie i Langevatnsdal, i den samme Tid flere Gange har været i Omhandling, og sidst i Aareene 1822-1823, mellem Stiftamtmanden i Island og mig, i hvilket sidste Aar, deres nærmeste Formand i Embedet, Sÿsselmand Ottesen, under 14de Febr. erklærede sig over denne Sag, Dernæst: at jeg, effter Grimsens Forlangende har, til videre Befordring til Dem, sendt ham dette Brev; Men i en Skrivelse, af D.D., fraraadt ham, at opföre Huustomter i Efteraaret, med mindre Herr Sysselmand tilraader det, hvilket jeg og gjærne seer, hvis de ei mener, at en större Skade end Gavn, for Publikum og Nÿebÿggeren, kan flÿde deraf.

[421] Skjal nr. 2(261).

Med deres gode Svar önskes bilagen tilbage.[422]

Þann 9. september 1831 skrifaði amtmaður Jóhannesi Grímssyni bréf vegna áforma hans um að byggja á Langavatnsdal: Í bréfinu segir:

Til Bonde Joh. Grimsen a Stadarhol s:d: [9. september 1831]

Effter Eders Forlangende i Skr. af 6e d.m., som indlöb i dag, indsluttes heri, til videre Befordring, en Skrivelse til Sysselmand Sverrisson, angaaende til det af Eder paatænkte Nÿebÿggerie, i Strækningen Langevatnsdal, inden Myre Syssel, i næste Aar. Forinden Sysselmandens Svar indlöber, kan jeg ei raade Eder til, at opföre Hustomter, i dette Aars Efteraar, i denne Strækning, med mindre Sysselmanden bifalder det, da I letteligen kan have Skade, men ingen Nÿtte, deraf, efterdi det er bekjendt, at Prætentioner, Indsigelsen og Modstand, men liden Velvilje, fra de nærliggende Districters Side, pleie at möde ved Anlæg af en slig Beskaffenhed.[423]

Þann 28. janúar 1832 skrifaði G. Þórðarson hreppstjóri Borgarhrepps bréf til E. Sverrirsonar sýslumanns vegna fyrirhugaðrar byggingar Langavatnsdals. Þar segir:

Uppá ydar Hædstvyrdta bréf af 24da Jan. Sídstl. mætti til svars Þéna fylgjandi.

Ad svo synist mér skadlegt fyrir bændur í þessari Sveit, ad missa þad frá aldödli brúkada Afréttarpláss Lángavatnsdal, med Byggíngu Þar, sem þad einasta er Sveit þessari tilheyrir, og tilheyrt hefur – ad fullur Þridjungur byla hreppsins hliti i Audn ad Vera, og eptir Því fæcka Málnytupeníngur, til framfæris búanda fólki – Því heldur hlyti þetta Verda þær Nátturlegustu afleidíngar, skyldi missast þessi Afrétt, sem sveitarjardanna löndum er svo Varid, ad fleiri skortir beitiland, fyrir þann Naudsynlegasta Géldpening er medþarf, og einasta hafa Slægjupláss til hlýtar sem alls ecki má beita, skuli peníngurinn géta ad Vetrinumm frammfærst. – Ad eg ecki tali um hvada skada bóndinn hlyti lída á Búsmala sínum ad Sumrinu, skyldi hann þá [þá, ofan línu] Neydast til ad halda Géldpeníngi sínum heima.

Eckert Skilríki hefi eg fyrir því, ad Lángavatnsdalur hafi bygdur verid.

Audmjúklegast G. Þórdarson

Eskjuhollti þ. 28. Jan 1832.[424]

Þann 3. febrúar 1832 skrifaði Magnús Jónsson hreppstjóri Stafholtstungahrepps bréf til E. Sverrissonar sýslumanns um fyrirhugaða nýbýlastofnun á Langavatnsdal. Þar segir:

Arnarholti þann 3ia Febr 1832

Velædla Hálærdi Herra Sýslumann.

[422] Skjal nr. 2(319) a-b.
[423] Skjal nr. 2(318) a-b.
[424] Skjal nr. 2(259) a-b.

Audmiúk Heilsan!

Ydar Heidrada bréfi af 24da Januarij næstl. svarast Svoleidis ad mier og Sveitar mönnumm Mínumm allra helst þeim i Jstutungum sem næst búa sínist þad til einskis Nema til báginda og Ordugleika fyrer alla, þar þettad Nýbýli Skilldi Vera Riett i midri Afriettinni sem þó er nú ordinn so þraung ad á Haustinn er hún so graslaus ad valla siest þar biórg effter, og þá tvisvar ad Reindt hefur í mínu minni [strikað yfir: hefur] vered ad biggia þar, hefur þad ordid til bóls og Ørdugleika bædi þeim sem bigdu siálfumm og Lýka Ødrumm hier i Sveit, þad mundi lyka vera búid ad Reina ad biggia þar af Ødrum sem næri eru i þessari Jarda þraung ef þad Syndust med nockru möti Formandi, enn hvad áhrærir Forna biggíngu þar Finnast einginn Viss Rók til ad hún hafi þar Verid Nockurn tíma ad Stadalldri og Vyst ecki nú í ein Fiógur hundrud ár, enn so mikid sem þad er þessari Sveit til Ørdugleika hvad Afréttin Snerter þá er þad þó enn Skadlegra Fyrer hina Hreppana sem þar eiga uppreksturinn ad óllu leiti, Hvad eg Audmiuklega bid og Vona þier giórid so Vel ad frammfæra effter sem þier siáid Fært med Skilldugri Vyrding og undergefni Finst eg

Ydar Velædlaheita audmiúkur þenari

Magnús Jónsson[425]

Þann 10. febrúar 1832 skrifaði J. Sigurðsson hreppstjóri Álftaneshrepps bréf til E. Sverrirsonar sýslumanns vegna fyrirhugaðrar byggingar á Langavatnsdal. Þar segir:

Þér hafid í brefi til mín af 24 Janúari til kint mér ad madur nockur Johann Grímsson vestann úr Dala Sýslu hafi í hyggju ad byggja Lángavatnsdal á nærst komandi vori, samt krafist af mér Alptaness Hrepps vegna, ad fram færa þær mótsagnir sem eg hafa kynni þessari nybyggíngu til hindrunar, sem eru þessar:

1) Lángivatnsdalur hefur svo vel [svo vel, ofan línu] frá gamallri tíd verid afréttar og frítt upprekstrar pláts Alptaness Hrepps sem og eptir Jarda bókinni af 1760 tileinkad Alptaness hrepp.

2) Nefndir Hrepps bændur hafa nógann ef ej of mikinn géldann fénad ad reka í þetta afrettar pláts so þad ecki gétur meyra borid.

3) Eg veit einginn rök fyrir ad Lángivatnsdalur hafi i Fornöld byggdur verid, ecki heldur sjást á nefndum dal nockur merki eda teikn þar til.

Uppá þetta hér ad framann skrifad begéri eg ad þíngvitni séu upp tekinn ef þurfa þykir. Eg óska því í djúpustu undirgéfni ad vidkomandi yfirvöldum þóknast mætte ad fyrir byggia og afstyra byggíngu á Lángavatnsdal sem öldúngis ómissanlegt afréttarplátsi fyrir Alptaness hrepps innbúa.

Alptanesi þann 10 Februari 1832.

[425] Skjal nr. 2(258) a-b.

J. Sigurdsson[426]

Þann 29. febrúar 1832 skrifaði Pétur Pétursson prestur í Stafholtssókn bréf til E. Sverrissonar sýslumanns varðandi fyrirhugaða nýbýlastofnun á Langavatnsdal. Þar segir:

> Ydar Veledlaheita goda Bréfi af 17da þ.m. i hverju þér gétid um: ad Johannes nockur Grímsson, Bóndi á Stadarhóli, innan Dala Sysslu, hafi í Hÿggiu ad giöra Nÿbýli a svo kölludum Lángavatnsdal her i Sÿsslu, og óskid, ad eg géfi Ydar Veledlaheitum mitt Álit um: hvert Þessi Nÿbÿgging an stórs Skada fÿrir hlutadeigandi Almenníng og enda sjálfann Nÿbÿggjarann géti fundid Stad? Þénar eftirfÿlgiandi til ansvars:
>
> Fÿrirtækid, ad ætla sér ad reisa Bæ á Lángavatnsdal, er, ad minni Meiníngu, óskÿnsamlegt og lÿsir annadhvert Vanþeckíngu á sjálfu Plássinu, edur þa, einhverra orsaka vegna, sérlegum Ørdugleika fÿrir þann, sem uppa þvílíku Órádi vill taka, ad fá sér Hæli i Bÿgd, ellegar þa ofmiklu Einrædi, einkis ad meta Sögn þeirra, sem af naqvæmri Þeckíngu a Plássinu, med Hreinskilnmi; skíra fra þess óbÿggilega og óadgeingil Ástandi.
>
> Mönnum her i Bigdarlagi er ecki ennu ur Minni lidid, þa Bóndinn Jörundur Olafsson á Álptanesi sÿdra, med Fagurmælum og einberum Ósannindum, um Lángavatnsdals Landskosti og Giædi, gÿlldti hann svo fÿrir 2. Mönnum, sem ej hofdu minnstu Þeckíngu [Þeckíngu, ofan línu] á hönum, ad Jörundi tókst ad yfirlata þa og ganta, ad flÿtja þángad, austanaf Landi, buferlum, c: Gudmund nockurn Jonsson og Sæmund Paulsson, af hverjum sa fyrrnefndi kom þángad Sumarid 1811, hvar hann vidheldst ej fullt Arid og Þókti godt, eftir afstadinn kulda, Sult og Seiru, samt ímisl. Raunir, i Ofærd og Illvidrum, ad brjótast, um Veturinn til Bÿgda, til óumflÿanlegra Naudsÿnja sinna, ad sleppa af dalnum med lífi, Vorid eftir. Sjálfur mátti hann vera ljósmódir ad Tvíburum, er kona hanns, um Jóla tídir, fæddi í Heiminn og þeir Þann 3. April deÿa óskírdir nema ef þau hafa borid Skÿn á, ad veita þeim þá svokölludu skémmri Skírn, en – hversu farid hefdi, ef konuskepnunni ej hefdi geingid greidt ad fæda 2. Börn, edur hefdi Þurft ad brúka einhver ljósmódurleg Handtök, má nærri géta, Þar eingin Manneskja var í Kotinu, nema Gudmundur einn og Barn þeirra á ödru Ari.
>
> Svo mikil Snjóþÿngsli gjördust a Dalnum um Veturinn, ad kofarnir foru í kaf og lá vid ad sligudust; og þær fáu Skepnur sem Gudmundur hafdi, hlaut hann öndverdan Vetur ad taka á Hús og Hej.
>
> Sumarid 1812, þa Gudmundur for af Lángavatnsdal, kom Sæmundur í hanns Stad, hvers Vera þar þannig lÿktadi: ad þá hann, þann 7da Febr. 1813, villdi leita til Bÿgda eftir Eldi, edur einhverju ödru, brast á megn Fjúk-hríd, í hverri hann, sökum ókunnugleika, villtist vestur á Skardsheÿdi og hlaut ad láta þar lífid.

[426] Skjal nr. 2(260) a-b.

Ad Þórbjörgu eckju Sæmundar heitins, þa hann var fráfallinn, og 2r Börnum þeirra, sem alt vard ad hírast í kofunum til Vorsins, Þreingdi Húngur Neidin svo mikid, ad þetta Folk vard ad leingia líf sitt, á Ófrjálsu og mátti fyrir þad sæta Laga Tiltali og verdskulldudu Straffi; hefdi Þvílíkt óleifilegt verk af þessum Aumíngjum líklega verid óframid, hefdu þeir verid i Bÿgd og gétad med leifil. Móti flogid sér til Bráda, þar eckert hefur sidan, ad minni Vitund, á ófrómleika þeirra borid; en bædi skied Vedurátta frammá Eidifialli, ófærd og Vegarleingd til Bÿgda, Fÿrirmunadi ad ölluleiti, mögrum og klædlitlum Kvennræflum ad leita sér Málsverdar, hjá Mönnum í Bÿgd.

Einungis í eitt Skipti, birtist þetta Langavatnsdals Folk her vid kÿrkju c: Gudmundur og kona hanns, um Vorid 1812, þá þau fóru alfarin burt og um sama Tímabil, árid eptir, Mædgurnar Þórbjörg og Gudrún, nálægt þeirra burtferdar Tíd; en hvert Þad, nockru Sinni, hefur sókt kÿrkju ad Snóksdal, er mér óljóst. Vegaleingd fra kotinu híngad ad Stafhollti, verdur circa 4. Mílur; hlítur sá, er ætlar se ad na kÿrkju, ad stika fyrir ser leid, daginn fyrir, ad Grísatúngu; þo eg ecki seigi þad ómögulegt, um Hásumar Tíma, þa dagur er leingstur, ad ná híngad Messu ad Morgni dags med þvi Moti ad vera vel rídandi; en ómögul. er þad, bædi á Haust- og Vetrar-deigi. Her ad auki eru þau Vedravíti á Langavatnsdal: ad þar eru Stór-köföld, þa blídt Vedur er nidur í Bÿgd og strax, ad lidnum Vetrarnóttum, leggiast a Dalinn fannir og Snjóþýngsli, sem dæmin sanna á Hrossum, sem, ef ecki fundust i fÿrstu leitum, hafa, i 3ju og 4du Viku vetrar, verid komin í Húngur; já, leitarmenn mátt neita allrar orku, sökum ófærdar, ad koma þeim til Bÿgda. –

Þetta er einúngis sagdt um sjálft Plátsid og hversu obyggilegt og óvidunanlegt þad er, ad allra þeirra Aliti, sem til þess þeckja, samt afdrif og Endalok Þeirra 2ja Bænda, sem fÿrir Fortölur ádurnefnds Jörundar, létu vinna sig ad flÿtja Búferlum á Lángavatnsdal.

En – vidvÿkjandi hinu: hvert dalurinn má missast fra Þeim Sképnum, sem á hann eru á hverju Sumri, sem Afrétt, reknar, sest betst, þa adgiætt er: hver margir, bædi a Langavatnsdal og önnur vid hann, á allar Sydur áföst Fiöll og dali, reka géld [géld, ofan línu] Pening sinn, c: ur ÿtstutúngu, öllum Borgar- og Álptaness-Hreppum; eru í Þessu Bÿgdarlagi full 80. Bÿli og á sumum Gieldfiár-Fiöldi.

Fra þeim Tima eg, Arid 1797 kom híngad ad Stafholti, hefi eg látid reka oll mín Hross frammá Lángavatnsdal og þar med fÿlgdt minna Formanna Adferd og dæmi; Þau tömdu hafa verid þar ómakslaus um Tunaslattar Timan, hin allt Sumarid; lika var Sidur framaf minni Tid her, ad reka öll gieldneiti úr ádurnefndum Plássum frammá Langavatnsdal og sama Adferd var bÿrjud á nærstl. Sumri, einsog ÿdur Velnefndum er alkunnugt og sjalfur þer geingust fyrir og tilsettud, hverjar Reglur hér vid hafa skÿlldi, vidvÿkjandi geimslu á Nautum, medan þau ecki væru [væru, ofan línu] vordin hagvön á dalnum. Allra ótamdra Hrossa Afréttur, úr ádurumgétnum Plassum, er Langivatnsdalur asamt þeim Smádölum, er útúr honum lÿggja, enda hafdi hann a nærstl.

Hausti verid vordinn svo rótnagadur og gras laus: ad bædi mín og annara Hross voru af honum flúin vídsvegar og sum fundust, eftir Lángsama og örduga leit, vestur á Hýtardals Fiöllum, einsog Heÿrum er kunnugt.

Skÿlldi Langivatnsdalur verda bÿgdur, gét eg ecki skilid, hvert rekast ætti sa mikli géldfjár Hrossa- og Nauta-Fiöldi, sem undanfarin Ar hefur verid, Þessa Peníngs, einasti Tilflugts Stadur, asamt Fiöllum og Dölum, er á allar Sydur ad hönum lÿggia, en hardt synist, ef þad Bÿgdarlag, sem i mörg 100 Ar hefur notad ser Langavatnsdal fÿrir Afrétt, skuli annadhvert neidast til ad kaupa Upprekstuгs Pláts, sem eg ecki veit hvar fást ætti, edur þa taka vid Skepnum sinum hálfhorudum og gagnlitlum ad Haustinu, sem er flejrstra Bænda serlegasti Bústofn og Ull og Tólg margra einasti kaupeÿrir, og, lída þenna Skada af Mönnum, úr ödrum Landsfiórdúngum og ofan i kaupid ekkert vita, hvernig þeir kÿndtir eru og hvert menn meiga vera óhuldtir med Skepnur, sem á allar Sÿdur vid þá, ÿrdu ad gánga; já, láta þá, eins og þeir liendtir eru, med þær fara.

Þad má med Sanni seigia: hefdu menn í héradi þessu álitid Lángavatnsdal bÿggilegann og þvílíkann, ad ej hefdi þurft ad brúkast fÿrir Afrétt, væri einhver Efna- driftar og dugnadar-madur búinn ad giöra þar bíli fyrir einhvern, ad Frómleika og Rádvendni alþekktann mann og hann þángad komen í Þessari Fólksfiölgunar- og Jardnædis Skorts-Tíd.

Þar eg nu ecki sé mögulegt, eptir sem eg hér ad framan hafi ádrepid og eg vona se á Sannleika bÿggft, ad Bÿggíng a þeim optnefnda Langavatnsdal, geti giört edur stadist, án þess, ad orsaka Bÿgdarmönnum storan Skada og Þraungva svo þeirra Bjargrædis, útvegun, ad þeir verdi ad fella Peníng sin, já, ecki fÿrir ad sÿnja, nema ef þvílíku Fÿrirtæki géti orsakast veruleg þÿngsli og Vandrædi, þa vil eg bædi mín og annara vegna, sem her eiga hlut ad Máli, innilega bidja Hvar Veledlaheit ad referera þessa, í mínum augum, mikilhæfu Sök vorum náduga herra Amtmanni, Ridder Thorsteinsson, med þeirri audmjúku Bón: ad hann, eftir hafandi háum Mÿndugleika, komi í veg fyrir þetta, Almenníngi og Johannesi sjálfum skadlega Fÿrirtæki, því sú mun verda Raunin, þo honum takist ad etja uppáteknu kappi ad komast a Langavatnsdal, ad hann, einsog Formenn hanns, mun verda feiginn ad losna aptur og óska: aldrej ad hafa fest þar Fót sinn.

Stafhollti, 29da febr. 1832

Æruskÿlldugast

P.Petursson[427]

[427] Skjal nr. 2(256) a-b.

Þann 12. mars 1832 skrifaði Páll Guðmundsson prestur í Borgar- og Álftanessókn bréf til sýslumanns Mýrasýslu þar sem farið er yfir nýtingu á Langavatnsdal og vankanta þess að stofna þar nýbýli. Í bréfinu segir:

> I Brefi af 17da f.m. hefir ydar Veledlaheitum þócknast ad kunngjöra mér: ad Johannes Grímsson Bóndi nockur á Stadarhóli í Dalasýslu hafi óskad af vidkomandi Amtmanni, ad sier væri útmælt Njbýli á Lángavatnsdal hér í Sÿsslu, og, þar ÿdur vÿrdist su Fyrirætlan vera af miklum Vigtugleika fÿrir næstliggiandi Sveitir, hvört hun gieti Framgáng feingid edur ej, hefir ÿdur ejrnin Þócknast i áminstu Bréfi ad bidja mig medeila ÿdur mitt Álit um „Hvört þessi Nÿbÿgging géti án Stórs Skada fÿrir hlutadeigandi Almenning og enda siálfann Nÿbÿggjarann fundid Stad?“
>
> Til ad sina lit á eptir efnum ad svara þessu hærstvigtuga Spursmáli meddeilist ÿdar Veledlaheitum hér med þénustuskyldugast mitt einfaldlegt álit um þess innihald svolátandi: greint Spursmál um Nÿbÿgging téds Jóhannesar á Lángavatnsdal deilir sér siálft i þessi tvö höfudatridi: hvört hun gieti Stad fundid án Skada 1° Fÿrir hlutadeigandi Almenning. 2° Fÿrir Nÿbyggjarann siálfann. – Hvad hinu fyrra vidvikur, þá neita ég aldeilis ad nockur Bÿggd ÿfir höfud ad tala kunni ad reisast á Lángavatnsdal, án Stórs Skada fÿrir nærliggiandi Sveitir; þvj, einsog menn vita utgjörir dalur sá med tilliggiandi afdölum öllum, stærsta og besta Stykkid, já einmidt adal merginn midjuna og hiartad úr öllum Afréttarlöndum þeim, sem 6 kringumliggiandi Folkríkar og Penings margar Sveitir hafa med frjálsu haft upprekstur á og brúkad hvört Sumar – um nockrar 100 ára Aldir edur frá óminnislegum Tidum – til beitar fyrir allann Gieldpening sinn, er þær annars kiæmust i stærstu vandrædi med, og jafnvel væri ómögulegt ad hafa og hyrda í heimalöndum á Sumardag, þó leifdist. Veit ég ad hértil má svara: ad þó Jóhannesi sie utmælt 10 til 20 hundrada land til ábúdar á Lángavatnsdal þá utgjöri þad harla lítid Stykki af hönum og kringliggiandi Afréttarlöndum til þess, ad nærliggiandi Sveitir; sem bruka þar upprekstur, þurfi fÿrir þá Skuld ad vera i vandrædum med gieldpening sinn á Sumardag, edur neidast til i Laga óleifi ad hafa hann í heimahögum þessvegna um þann tima; Þetta kann so vera ef nybyggjaranum undireins giæti uppálagt sá ómögulegleiki: ad umgyrda hid útmælda land þannig, ad hvörtki Búsmali hans siálfs giæti komist utyfir nie Afréttar kvikfienadurinn innyfir þá gÿrdingu, hvad aungu tali tekur ad Stad hafi; og þó þad giæti skied vilda ég samt álýta: ad þvylikt Landstikki – utmælt af besta og grösugasta Láglendinu á Lángavatnsdal, og varid allt Sumarid fÿrir öllum afréttar Stórfénadi svo sem hrossum og einkum Nautum nærliggiandi byggdarmanna – væri þeim einhvör hinn stærsti Skadi ad missa frá beit fyrir þennan gieldpening sinn, er i heilu Afréttinni ekki gétur feingid annad eins þénanlegt Pláts ad gánga á hvört Sumar, þó ad þad sie heldur þraungt fyrir jafnmikinn fjölda penings sem þángad er rekinn árlega, og geingur þar i þeirri örtröd, ad hann þessvegna ekki tekur þar eins gódum bata á Sumardag, einsog óskandi væri, og þörf er á. – Nu ef svo er, sem

Reinslan vottar; ad gieldneiti vor og unghrissi mörghvör, koma á haustin heim af Fiallinu litlu betur til fara enn i hálfum holdum, Ørtradar og Landþreingsla vegna þar, hvad ed synir, ad Afretturinn er heldur oflitill enn of stór, fyrir Afrettar kvikfienadinn, hve miklum mun meiri og skadlegri meiga þá allir nærri gieta ad þreingslin og Ørtrodin verdi á Fiallinu, þegar missast skal af þvi hid utmælda land til Nybilis, og verjast fÿrir allri beit og ágangi byggdar manna Fiallpenings, einkum nauta og hrossa, sem þannig, ekki einungis hlióta ad hrekjast burt af Venjulegum Stödvum sinum, og missa þá þeim hærst Naudsynlegu láglendis hagbeit þar, heldur og ejrnin, hvad skadlegast er, eptir öllum líkindum og svo Fridinn á Afréttinni allt um kring. Adgiæti Menn hvörnig háttad er Afrettarlöndum vorum, ad þau nefnil. eru á allar hlidar umgyrdt og innikreppt af Bufiárhögum Fiallbÿgda þeirra, sem liggia allt i kringum þau, og veria hlióta þessa bufiárhaga sinn fÿrir átrodningi Afréttarpeningsins, sem annars óbætanlega Skada mundi Málytu þeirra, hvörsvegna Buendurnir vid Fiallgardinn stugga líka vid hönum, og reka hann sem vonlegt er, hvör ur sínum bufiárhögum á Sumrin upp aptur á Afréttinn, hvöred annars ÿfir höfud – med öllum Bufiárhögum sem nálægir Fiallbæir 6 kringumliggiandi Bÿggdarlaga eiga – alleinasta utgjörir Fiallgard þann hinn litla millum Mÿra- og Dala-Sÿsslna, sem frá austri til vesturs takmarkast af þeim tveimur alfaravegum millum tédra hierada, er nefnast: Brattabrecka og Bjugur; eru þad eingin Fiærmæli þó ég seigi: ad bufiarhagarnir allt um kring af tédum Fiallgardi, utgjöri fullann helfing hans, (og ég trui vel mikid betur, svo sem ég þecki nockud til Landeigna sumra Jarda í kringum hann).

Nu er hier ad framan á þad vikid, sem ekki verdur neitad, ad Lángavatnsdalur med tilliggiandi Afdölum öllum utgjörir hid mesta, svo sem midjuna og merginn, ur nefndum Fiallgardi; sem þvj á hönum Bÿggd veist, þá verdur hann, ur afrétti ad Bufiarhögum, hvöria þeir sem þar bÿggia hlióta lika ad verja, ef hafa vilja not af busmala sinum alteinsvel og bÿggdarmenn, fÿrir átrodningi Fiallpeningsins, á hvörn þá kiemst Rekspölurinn, þegar hann ekki gietur feingid annad Fridland á Fiallinu enn máskie nockra vedurbarda graslausa Skriduhnuka af þvj ad snöltra um. – Þetta er samt hin fyrsta jlla, enn þó aldeilis naudsynlega Afleiding allrar Nÿbÿggdar á Lángavatnsdal, ad hun þessvegna ekki gietur Stad fundid án Stórs Skada fÿrir hlutadeigandi almenning, hvörs álytlegasti Bjargarstofn einhvörs, ad er vel feitur Fiallapeningur á haustdag, þad ályt ég aldeilis vafalaust – hafi oss ekki þóckt Gieldfienadur vor, einkum hross og naut, taka alkostar réttgódum bata á Fiallinu nockur undanfarin ár, þegar hann, svo ad kalla, hefir þó haft Fridland í bestu högum þess, hvar hann hefir heldst viljad: hve miklum mun lakari meigum vér búast vid hann verdi þá, þegar hann skal drifast burt af þeim hentugustu högum fÿrir hann, hvar hann ádur hefir tekid Stödvum, og er ordinn vanur vid.

Áhrærandi hitt annad Atridi þess framsetta Spursmáls, hvört nefnilega Nÿbÿgging á Lángavatnsdal gieti Stad fundid án Stórs Skada enda fÿrir

Nÿbyggjarann siálfann þá neita ég eirnin þvj: ad þad Sie mögulegt, og þad fÿrir þessa þrennslags Skuld:

1° Hvörnig sem háttad er Nÿbÿggjarans kjörum, þá er audvitad ad hann hlytur margfalt meiri Efnum og Erfidi ad kosta uppá ad ebla sig til Búskapar og hafast vid med hÿski sinu á einum, annars harla lyttbÿggilegum Eydi=Afdal, afskornum lángt frá allri Mannabÿggd, heldurenn ad taka einhvöria hönum hentuga, og sæmilega bÿggda Jörd i Sveit, enn allur sá kostnadur sem hann verdur ad verja til Nÿbyggdarinnar á Lángavatnsdal, frammyfir þad sem utheimtist til naudsynlegs búskapar hans á bÿggdarjördu, er hans hreina tap, og audsiáanlegur Skadi.

2° bresti nockud á fÿrir Nÿbÿggjaranum i Forstandi, Efnum, Fólkshaldi og ödrum naudsynlegum Lífs- og heilsu-bjargar medölum, til þess ad gieta verid sjálfur sér og sjnum fullnógur í öllu sem hann medþarf, án þess ad þurfa í nockrum hlut ad verda kominn uppá bÿggdarmanna adstod, hvad sem uppá kÿnni ad falla eda vidliggia fÿrir hönum, svo er þessi hans Nÿbÿgging á Lángavatnsdal ejtt heimsku- og ofdyrfskufullt Fÿrirtæki, sem gietur ordid hönum og hans til Stors Skada, ef til vill, einsog þad vard hinum er sidast bÿggdi þar, sökum þessa eydi afdals hættulegu Fiarlægdar frá allri mannabyggd.

3° Nema Nÿbÿggjarinn fÿrst og fremst siálfur, og sidann husfreja hans og Skÿlduhju öllsaman sieu alvarlega upplögd og hneigd til einlægrar Gudrækni og Rádvendni i öllu þeirra Athæfi, og [og, ofan línu] þanninn kröftuglega utbuin til ad leita sinnar atvinnu i sönnum guds otta, alleina med frómu og ærlegu móti hvada neid sem ad þeim kynni Þrista – Þá er sá afskiekkti og hættulega oflángt frá öllu Manna Samkvæmi, liggiandi Lángavatnsdalur, þeim ejrn Skadlegur Ásteitingar Steinn, edur Freistingadalur til ÿlls, máskie bædi í brád og leingd likt og Raun gaf Vitni um hyski þad er seinast nam sér þar bólfestu.

Reinslan hefir synt: ad misjafnt uppfræddum og grundudum Almuga i Gudræknis og Sidferdis=Efnum veitir ekki af þótt hann ÿduglega verdi áminntur og upphvattur til góds af þeim sem þar til eru settir; og gieti líka siálfur audveldlega og opt komid á þá Samfundi manna, hvar slíkar áminningar og upphvatningar eiga fÿrir hönum ad brynast, I hvöriu tveggia, fÿlgir hin mesta óhægd Nÿbÿggingunni á Lángavatnsdal. – Þar fÿrir álit ég: ad þar skÿldi ekki bÿggd leifast nockrum einstökum buanda, og ekki, nema beiddust þess einar 5 til 6 medalmáta stórar Familiur, sem utgierdu i hid minnsta eina litla Kÿrkiu- edur Bænhus-Sókn, sem þá ætti ad bÿggiast þar annadhvort, og fá sinn Prest þannig sem best þækti henta. – Yrdi þá Ábatinn, sem þetta Bÿgdarlag vinni Almenningsgagninu, gódum mun meiri enn Skadi sá sem kringumliggiandi Sveitir hlióta af allri Nÿbyggd á Lángavatnsdal, svo væri hún þolandi, enn fÿrri ecki. – Enn þess er valla ad vænta, ad Nÿbÿgging Jóhannesar þar, verdi almenningi til þeirrar nota er samsvara Skada þeim hann lidur vid hana. – Annars er athugaverdt ad einginn af bÿggdarmönnum,

ur þeim héródum sem liggia umhverfis Lángavatnsdal skuli vilja verda til ad reisa þar bÿggd, i hvörsu mikilli þraung sem þeir eru med Jardnædi, hvar til orsökin synist vera: ad þeir þeckia þetta Landspláts, og allar kringumstædur vid ad reisa þar [þar, ofan línu] bÿggd, of vel til þess, ad þeir álýti þad bÿggilegt einsog þad i raun réttri ekki heldur er, margra hluta vegna sem hér er oflangt upp ad telja; þá vil ég alleina gieta þess ad ef öllum 4um afdölum þeim, sem liggia uppaf Bÿggd hér i Sýsslu til Fialla, nefnilega Hólmslöndum á Hytardal, Stadaseli á Biarnadal, Fornahvammi á Nordurárdal og Lángavatnsdal sem munu sumpart vita, sumpart af líkindum géta rádid, ad bÿggd hafi verid til Forna – ályt eg hid sidarstnefnda Pláts láng óbÿggilegast, hin þarámóti öll sæmilega vel bÿggiandi, einkum Hólmslönd og Fornahvamm; hefi ég farid um þau öll, bædi á Sumar= og Vetrar=dag og Vÿrdist mér nærsta ólikt hvad vel þau eru til bÿggda fallinn, eda Lángavatnsdalur, þvi fyrir utann miklu betri og varanlegri haga sem þau eflaust hafa bædi Sumar og Vetur, samt adra athugaverda hægd, hafa þau og svo frammÿfir Lángavatnsdal til ad bera þetta tvennt 1° ad vera Bÿggdinni svo nálæg, ad þau hagkvæmlega gjeta á öllum Ársins timum haft tilbærilegt og naudsÿnlegt Samqvæmi med bÿggdarmönnum, 2° eru hvörtki nie Þurfa ad vera bÿggdarmönnum til nockurs óhagrædis edur Skada, þó bÿggd væru. Hvari mót þetta hvörttveggia eru, ad minum dómi, tveir verulegir ófullkomleikar vid alla bÿggd á Lángavatnsdal hvarfÿrir á hönum ætti aldrej nockur bÿggd ad leifast.

Þienustusamlegast Páll Gudmundsson

Anabrecku þann 12ta Martii 1832.[428]

Þann 16. mars 1832 skrifaði sýslumaður Mýrasýslu amtamanni bréf vegna fyrirhugaðrar byggingar á Langavatnsdal. Þar kemur fram að hann hafni beiðni Jóhannesar Grímssonar um að reisa nýbýli í Langavatnsdal.

Deres Höivelbaarenhed har, ved gunstige Skrivelse fra 9de Sept: f.a., modtaget med en Joahnnes Grimsen fra Dale Syssel den 23de Jan: sidstl:, med, at tilsende mig, den hoslagte, med tilhörende Attester, tilbagefölgende Andragende, fra fornævnte J. Grimsen, om at faae udmaalet en Landstrækning til Nybyggerhed paa Afrets fælleden Langavatnsdal heri Sysselet, paalgt mig at, afgive Erklæring og Betænkning om Sagen i det heele, og især om bemeldte Landstrækning ej retteligen er at henhöre til de som omhandles i Forordningen af 15de Apr: 1776 § 5, m.v. – I denne Anledning tillader jeg mig underdanigst at indberette og bemærke:

a) at da J. Grimsen aldeles ingen Attester har framvist om hans foregaaende moralsk gode og uplettede Opförsel, er det, effter min underdanigste Forordning, aldeles ugiörligt, at tillade ham at boesætte sig paa et fremmed Sted, og in specie saadant, som Langavatnsdal, hvor fleere Tusinde af

[428] Skjal nr. 2(257) a-b.

forskellige Slags kreaturer græsse om Sommeren, langt fra alle beboede gaarde og Samqvem af Böygdens Indbyggere.

b) har jeg strax effter modtagelsen af höibemelte Skrivelse, hvori en Sag af störste Vigtighed for det her værende Publicum omhandles, fundet mig foranlediget til at indhente Sognepræst i Stafholtstunge Provst P.Petersen, Sognepræst i Borgar og Alptanes Sogne Præst P. Gudmundsens og Repstyrerne i bemælte Sogne, skrifftlige Erklæringer angaaende denne Sag, hvilke samtlige Erklæringer, som under N° 1 til 5 inclusive herved fremsendes, alle gaar udpaa at det paatænkte Nybyggerie er til störste og ubödelig Skade for de tilgrændsede Stafholtstunge Borgar og Alptanes Reppe, saavel, saavidt skiönnes og Erfaringen har lært, höist skadeligt og hart ad ugiörligt for selve Nyebyggeren.

c) at det ej har vært mueligt, uagtet jeg har giort mig den ydreste Flid derfor, hverken af Annalerne, kirkeregisteren, eller andre documenter at udfinde, endog den ringeste Effterretning om, eller Spor til, at Langavatnsdal har nogen sinde været beboet, og naturligvis ej heller nedlegt eller forladt Böygd; hvis Aarsag den, effter mit underdanigste Skiön, ikke kan henföres til de i Forord: 15de Apr: 1776 § 5,. hvorimod Jeg, paa Grund af Jordebogen fra 1760, hvori alle beboede Gaarde af Borgar og Alptanes rep, saavidt, jeg kan erindre, er tillagt som en Rettighed og Herlighed at benytte Langavatnsdal som Afret, formeenes at strax nævnte Landstrækning bör retteligen henföres til de i Allerhöistmeldte Anordnings §§ 2 og 3 ommeldte Bete- og Udmærker, hvorom det er tilladt, inden Udviisning af Nybyggersteder foretages, at skiönne om [om, tvítekið og yfirstrikað í seinna skiptið] der er Plads til nye Gaard, og Udmarken ligger unyttig og uden synderlig Brug. –

d) er det, for Almindelig Sikkerheds og Nyebyggernes egen Velfærds Skyld, aldeles ugiörligt, at paa Langavatnsdal sættes ikkun en eneste Gaard, der maatte i det mindste være 3 a 4. [strikað yfir: der] for at der kunde haves nödvendig kontrol med Beboernes Opförsel, og de selv, i paakommende Tilfælde, kunde yde hin anden fornöden indbyrdes assistere.

e) er Langevatnsdal, effter alle herværende kyndige upartiske Mænds, paa nojagtig Bekjendtskab med Stedets leylighed og lang Erfaring, grundede Omdomme, formedelst den der vedholdende Vinternes Strænghed, og ubeqvemme samt uduelige knege til Fodres Indsamling om Sommeren, aldeles ubeboelig. –

f) de gaarde i Borgar og Alptanes – og ligeledes Stafholtstunge Reppe, som Rettigheder at benytte Langavatnsdal til Afret tilhörer, een saaledes beskaffen, at deres Marker i Böygden, bestaar af nogle sumpige Engstykker, samt nogle Yderst slette, moradsige og kraftlöse Beteland, af meget liden Udstrækning, som ved nöd kan, om Sommeren, underholde gaardens Besætning af köer, malkefaar og Arbeidsheste, da kreaturene saalænge Jorden er optört maae holdes fra at komme der til, for ej al omkommen i de bundlöse

Moradser, som allene naar Jorden er tilfrossen, kan afbenyttes til græsgange; Alle andre kreaturer, saa som 1 Aars gamle Faar, Beder, Vædre, Lamme, utæmmede Heste og Hopper, Tyre og Stude drives op paa Langavatnsdalen, og forbliver der heele Sommeren til Græsning; til disse kreaturer, som i Fölge de oeconomisce Tabeller udgiöre mange Tusinde i Tallet, er Langavatnsdalen, ubestaarne, ej een Gang tilstrækkelig; skulde nu deraf næstlykkes Nyebyggersteder, er det öÿensylnligt at fornævnte Reppes Indvaanere derved sættes udaf Stand til, forholdsmæssig, at holde disse dem umistelige kreature, hvorved deres nödvendige Underholding gaar tabt, Jordene forringes i deres Godhed og hidtilværende Dyrhed, som ifölge fornævnte Jordebog, og ældgammel Brug og Afbrugttelse, maae forudsættes at være for een deel bygget paa Rettighed til at benytte tidtmeldte Afrets fælled til Græsgang for kreaturerne.

g) i fölge Forordningen 15da April 1776 § 3, formeenes at Rettighed til Nybyggersteder paa Langavatnsdal, hvis disse nogen sinde der kunde existere, hvortil ej for Tiden synes at være Udsigter, bör frem for alle andre være Indvaanerne af Borgar- Alptanes og Stafholtstunge Reppe forbeholden.

Paa grund af alt foranförte, som jeg effter Erfaring her paa Stedet, og nöjagtig Bekjendtskab, er overbeviist om at forholder sig rigtig, varer jeg underdanigst at indstille at den af Johannes Grimsen fremförte Begivning om at anlægge Nyebyggerie paa Landstrækningen Langavatnsdal – ikke maatte bevilges. –

Hamar d. 16de [16de, ofan línu] Martii 1832.

underdanigst E. Sverrisson[429]

Þann 21. apríl 1832 skrifaði Jóhannes Grímsson amtmanni bréf vegna áforma sinna um byggingu á Langavatnsdal. Þar segir:

I nýlege af Ydar Hávelborinheita hædstvirdta Bréfe frá 9da Sept. f:a: fór jeg í nærtsl: Janúar manude med Herra Amtmannsins Bréf til Hr Sýslumanns E: Sverrissonar, og – af þeirri ordsók ei fyrr, ad eg hugde, sem sýdar reíndist, ad Nýbýlisstofnun munde fra Hans sídu, helduren ecke mæta mótmælum.

Þegar jeg Sýslumann fann, vændist hann þess, ad Skadi munde orsakast Mÿra=Sysslu Innbúum af Nýbýli á Lángavatnsdal, sökum vöntunar Upprekturs=Lands fyrir Géldfé enna sömu – Líka ad nefndt Pláts munde orden Egn Bænda til uppreksturs á Sumrum.

Ad eg nú undergéfnast adeins áhrære veigrun velnefnds Sýsslumanns – auk annars sem ei greinist – ad hann æskte ad vita Forhold Foreldra minna þar nyrdra, attesterad af Sýslumanni Presti og Hreppstióra, Þeirra heila Lífstíd í gégnum, og lét sem sér væri ei nóg, ad þau komin væru med óyggiande Attestum til Hvamms=Sókna i Dala-Sýslu 1825, eins og Jeg í þetta Prestakall ári seinna – Gaf Sýsslumadur mér þad Svar, ad hann munde fá Ályt

[429] Skjal nr. 2(255) a-b.

Hreppstiórans í Alptaness- Borgar- og Stafholtstúngna=Hreppum hvört þeim ei virdtest skadi Bændum í tilliti til Uppreksturs Fjár enna Sömu á Sumrum og senda téd Ályt edur Erklæríng Þeirra til Vestur=Amtsins – Eins og ad Hann aldrei munde Landid mér til handa útmæla, utan Þar til kjæme Herra Amtmannsins útþryckileg Befaling.

Sosem jeg nu ætla ad téd Erklæríng Hreppstjóra, næstum í Þeirra og Hreppsbúa egin Sök, sé máské komin til Ydar Hávelborinheita, under Hvörs Þócknanlega Urskurde, er komid Sakarinnar heila Utfall. – Svo tillæt jeg mér hérmed audmjúklegast ad géta Þess: Ad mér ecke gétur skylist, ad Hreppstióra Erklæríng, i fall hún være mér mótfallin, gjæti nockurn fyrirbyggjandi kraft haft, ad eg ei féngi ad stofndetja þar Nýbýli, eins og Þegar adgjætest § 2. Forordn: frá 15 Apr: 1776, ad ted Pláts kunne ei álýtast Egindómur Sysslunnar Innbúa, þó Lagt hafe í vana ad reka Peníng sinn í þad Landspláts, á undan og vegna þess, þad Lá í eydi – Eins og líka þó til þénkt Nýbýle være Þar af mér sett, munde vart meýr en 1/10 af Langavatnsdal, myssast til Uppreksturs fyrir Fé Bænda og altso konúnglegrar Hátignar allranádugaste Vilji ad adgjættum fleýrum Atridum hernefndrar allra hærstnefndrar Forordningar, ecke kunne ad takmarkast, né fyrirbyggiast ad landid útmælt mér til Nýbýlis, þó égingjarnt Alyt Vidkomande vilje þad fyrirbyggja, edur Sýsslumanne sýndest hlýda, auk óyggjande Attesta, frá vidkomande Embættismönnum, æskja, um minna öldrudu Foreldra Forhold, á ný attesterad, gégnum þeirra heilu Lífstíd – hvad – eins og hid fyrra, virdast mun nockrum kénna utflugtar.

Bæde sökum framanskrifads og einkum vegna Ydar Havelborinheita gunstigast géfna munnlega Lofords um Nýbýles Stofnsetníngar á Langavatnsdal, samt med tilliti til nýnefndrar allrahærstu Forordn:, óska Jeg hérmed audmjúklegast, ad Ydar Hávelborinheit Láte Sér gunstugast Þócknast ad uppáleggja velnefndum Sýslumanni E. Sverrirsen, samqvæmt allrar hærstnefndrar Forordníngar frá 15 Apríl 1776 §: 1, ad útmæla og afgreýda mér med reglulegri Gjörd, land til Nýbýles á þeirre Yfergefnu Égn og Almenníngs Lángavatnsdal, svo vídlendt sem hóflegum Bæ sýnist naudsinlegt í nú næstkomande Fardögum.

Stadarhóli, þann 21ta Aprílis 1832

audmjúklegast Jóhannes Grímsson[430]

Þann 15. maí 1832 skrifaði amtmaður bréf til sýslumannsins í Dalasýslu vegna áforma Jóhannesar Grímssonar um nýbýlabyggingu á Langavatnsdal. Bréfið hljóðar svo:

Til Kammerraad og Sysselmand Sk. Magnusen.

s.d. [15. Maji 1832]

[430] Skjal nr. 2(254) a-b.

Af den Attest, det 11te Junii f.a., som Herr Kammerraad og Sysselmand har meddelt bonde Johannes Grimsen a Stadarhol, vil det være Dem ei ubekjendt, at han i sidstafvigte Efteraar meldte Sig hos Amtet om at maatte erholde Tilladelse at etablere et Nybÿggersted i Ødestrækningen Langavatnsdal. Siden har jeg om denne Sag brevvexlet med Sysselmanden i Myre og Hnappedals Syssel, og han etter igjen Med vedkommende Præste og Repstyrere; Og Ligesom disse Mænds Erklæringer nu ere hertil indkomne, saaledes har jeg og den 10de d.m., modtaget fra fornævnte Grimsen en Continuations begiæring om, at Vedkommende Sysselmand maa blive beordret til, at udmmaale ham den, til Nybÿggeriet fornödne, Landstrækning, hvis Störrelse Han dog forovrigt ei har opgivet.

Efter at jeg nöiagtigen har gjennemgaaet og overveiet Sagens samtlige Acta, saavidt Samme hidtil ere mig tilhendekomne, kan jeg ei uddrage andet Resultat deraf, end dette: at et Nybÿggerie paa Langevatnsdal, endog med Hensÿn til nÿere Erfaringer, er, for en enkelt Mand, under endog gode Omstændigheder, en betænkelig Sag, der fra Øvrighedens Sider er Ligesaalidet at tilraade, som at anbefale, hvortil og, for nærværende Tid, er en saa meget mindre Anledning, som et passeligt Jordbrug i selve Böigderne sandsynligviis endnu er at erholde paa sædvanlige Bygsel-Vilkaar.

Med hensÿn hertil, og Sagens Övrige Omstændigheder har jeg hidtil ei tillagt Sysselmanden i Mÿre Syssel nogen Ordre, om at udmaale en Landstrækning til et Nÿebÿggerie for Grimsen paa Langevatnsdal, hvilket og i al Fald sandsÿnligvis vil blive forgiæves, saalange jeg selv ei kan besigtige denne Landstrækning, og udjevne de mangfaldige Disputer, som allerede forelöbigen ere opstaaed derom. Men om og naar det bliver mig Mueligt at bereise Langevatnsdal, er noget jeg ei tör bestemt ÿttre mig om, da saa vel Embedsforretninger, som forskjellige andre Forhold, Tid effter anden, indvirke derpaa. Herom anmodes Herr Kammeraad og Sysselmand behageligen at ville, saasnart Mueligt tilkjendegive offtnævnte Johannes Grimsen det Fornödne og ellers heller fraraade end opmuntre ham, til at frastaae sit Forsæt, om Nÿebyggerie paa Langevatnsdal.[431]

Þann 31. maí 1832 ritaði sýslumaður Dalasýslu bréf til Jóhannesar Grímssonar vegna beiðnar um útmælingu á Langavatnsdal. Þar segir:

Jóhannesi Grímss: á Stadarhóli s.d. [31. maí 1832]

Med Amtsbréfi, dat 15 þ.m. er mér auglýst ad Amtm: ei hafi ennnú tillagt Sýslum: í Mýras. Skipun ad útmæla Ydr nockurt Stycki af Langavatnsdal, til nýbýlis, og muni enda ej hjálpa, medan hann ej sjálfur géti persónulega tekid tédan dal undir álit, sem óvíst sé, nær skéd géti; auk þess meinar her Amtm: Ydar áform ad byggja tédann dal, ecki ad vera sérlega tilrádanlegt, ýmsra

[431] Skjal nr. 2(317) a-b.

orsaka vegna, eins og mér einnig sýnist þad vidsjárvert, medan ej er meiri ekla á ábýlisjördum enn útlytur fyrir, ad verdi og enda nú er.[432]

Þann 12. júní 1832 skrifaði Jóhannes Grímsson bréf til amtmanns og óskaði enn á ný eftir útmælingu nýbýlis á Langavatnsdal. Þar segir:

En þo jeg bæde munnlega léte i ljóse vid Ydar Hávelborinheit nærstlidid Ár 1831, ad eg hefdi i hyggia ad stofnsetja Nýbýli á Lángavatnsdal, og med Bréfi frá 9da Júní s:a:, itrekad hid sama, og undereins audmjúklegast begjærde, ad Herra Amtmadurin léte Sér þócknast ad tilleggia Sysslumanninum i Mýra Sýsslu Skipun, ad útmæla mer Stycke af Langavatnsdal til Nýbyles, verd eg þess þó var, ad Herra kammerrads og Sýslumanns Sk: Magnusens Bréfe til mín 31ta Maji i A: ad med Amtsbréfe sé hönum auglýst, ad herra Amtmadurinn ei ennnú hafe tillagt Sýsslumannenum í Mýra=Sýsslu Skipun, ad utmæla mér nockurt Stycke af Langavatnsdal til Nýbýles.

Þared eg nu ecki þecki né veit nockurt þad Atridi, sem géte ad Lögum hneckt mér frá ad fá þenna minn vilja, samqvæmt þaradlútande konúnglegu Lögmále, edr: Forordn: frá 15 April 1776, og er þess vegna því ófrávikjanlegur, ad vilja fá útmælt Stycki af Lángavatnsdal mér til Nýbýles, svo dyrfest eg ennnú til hermed under géfnast og audmjúklegast ad óska: ad Ydar Hávelborinheitum Þócknist ad tillegia Sýslumanninum í Mýra=Sýsslu Hr E: Sverrirsen Skipun, ad útmæla mér til Nýbýles nægilegt Stycke, sem eg meina fra 15an til 20 hundrada ad dirleika [sem-dirleika, úti á spássíu] af Lángavatnsdal, svo timanlega, ad eg gete mér án baga stofnsett og byggt oftnefnt Nýbýle Vorid 1833, og ad hid sama sé mér útmælt þar sem eg sjálfr kýs í þessu eydda og yfergefna Platsi.

Stadarhóli, þann 12ta Júnii 1832.

audmjúklegast Johannes Grymsson[433]

Þann 6. ágúst 1832 ritaði E. Sverrisson sýslumaður til séra Th.E. Hialmarsen í Hítardal vegna áforma um byggingu á Langavatnsdal. Þar segir:

1832

Nr 44. Tilskrif Hra Sýslumanns E. Sverrisson til Prestsins í Hÿtardal Th.E. Hialmarsen um Nýbyggíngu á Langavatnsdal. dat. 6ta Augusti 1832.

Þar eg af Vilchins biskups allranádugasta authoriserada Kirknamáldaga var þess var, ad kirkjan í Hÿtardal á Upprekstur á Lángavatnsdal, hefi eg ei viljad láta hjálída, ad tilsenda Ydar Velæruverdugheitum, sem hlutadeigandi Beneficiario, medfylgjandi Amtsbréf og fylgiskjal, áhrærandi eptiræskta og í rádi hafda byggíngu á ofannefndum Lángavatnsdal; med þeirri þénustusamlegri bón, ad Ydar Velæruverdugheitum vildi þóknast, ásamt þessum Skjölum tilbaka, ad meddeila mér Ydar góda Álit og Skýrslu um,

[432] Skjal nr. 2(311) a-b.
[433] Skjal nr. 2(253) a-b.

hvört þessi Nybygging géti án Þreyngsla og Skada fyrri Hÿtardals kirkju fundid Stad? med fleiru, sem Ydar Velæruverdugheit mættud finna naudsynligt ad framfæra þessu efni vidkomandi. –

Hamri þan 6ta August 1832.

æruskyldugast E. Sverrisson

A

Tilskrif Amtmands og Riddara Hra Thorsteinsons tl Hr Sýslumanns E. Sverrisson áhrærandi sama dat. 24d Junii 1832.

Efterat have modtaget Herr Sysselmands behagelige Skrivelse af 10d Martz sidstl., og Vedkommendes dermed fulgte Erklæringer angaaende Johannes Grimsens á Staderhol i Dale Syssel, hans paatænkte Nyebyggerie, i Ødestrækningen Langevatnsdal, har jeg under 15d maji næstefter, gjennem Kammerraad og Sysselmand Sk. Magnusen, ladet Grimsen tilkjendegive: at Amtet, i betragtning af Sagens oplyste Omstændigheder, ei endnu har anseet sig foranlediget, at lade Grimsen udmaale et Stykke af denne Ødestrækning, ogsaa fordi jeg önskede selv forelóbigen at besigtige den, hvorhos og Sysselmanden af mig er anmodet om, heller at fraraade end tilraade Grimsen videre at besatte sig med denne i fleere Henseender betænkelige Sag.

Ikke destomindre har Grimsen nyeligen overleveret mig hoslagte Skrivelse af 12te d.m., hvori han vedbliver at begjære sig udmaalt en Landstrækning af Dyrhed af 15 til 20 Hundrede for hans Nybyggerie paa Langevatnsdal og det saabetids, at han kan blive færdig med at opföre Stedets Huse i Foraaret 1833 m.m., og endskjöndt jeg mundtligen gjorde ham opmærksom paa Stedets Fjærnhed fra Bóigderne, Vinterens Strænghed hóit op til Fjelds m.m. samt bestræbte mig for, at overtale ham til at afslaae fra sit Forsæt, saa var han dog ei at formaae dertil, men lod mig endog forstaae, at det maaske ei vilde blive ham umueligt, at faae 1 eller 2 andre Nyebyggere i Fólgeskab med. –

Aldeles at afslaae Grimsens Forlangende er noget Amtet ei fordrister Sig til, da saadant vilde ligefrem stride imod Aand og bogstav i Fr. af 15 April 1776 om Ødejorders og ubeboede Steders Optagelse til Dyrkning. Det Hoved-Argument imod det omhandlede Nyebyggerie, som indeholdes i de fra Myre Syssel indkomne Erklæringer er, saavidt jeg kan skjönne, dette: at nogle Repper sammesteds skulde være Ejere af Langevatnsdal og subsidialiter, at de ei kan undvære denne Strækning, for derpaa om Sommeren at græsse Faar, Tyre, Stude og utæmmede Heste. Men ligesom det fórste om Ejerdomsretten er aldeles ubevist, samt lader sig neppe bevise, og det Sidste i en vis Grad en Tvivlsom, saa viiser Forordningen, at slige Indvendinger, om de end kan bevise i en vis Grad, ei maae forhindre et Nyebyggerie. Det der tillige er indvendt i Henseende til Grimsens endnu fra Fortiden af uoplyste moralske

Vandel, Vanskeligheder af Kirkegang, Stedets Barskhed om Vinteren og andet deslige, er nok det af en slig beskaffenhed, at samme ej fortjener nogen afgjörende Opmærksomhed, især da forbemeldte Forordning ei synes at have taget noget særdeles Hensyn dertil. –

I betragtning af denne Sagens Stilling, er jeg forandraget til tjenstligen at anmode Herr Sysselmand om, behageligen at ville undersóge og indberette, om de formener Langevatnsdal kan miste en Strækning udmaalt af saa omtrent 15 Hundreders Dyrhed, uden alt for meget at trykke de tilstodende bóigelaug, da jeg og udbeder mig deres betænkning meddeelt, angaaende om det ei vilde være Tjenligt, at etablere 2 Nybyggere paa Langevatnsdal, hvis Sligt kan skee og udmaale dem et Territorium, af i det mindste 12 Hundreders Dyrhed hver især.

Med Herr Sysselmands Svar ónskes bilaget tilbage.

Islands Vester Amts Contoir, Stappen, den 24d Junii 1832.

Thorsteinson

B.

Tilskrif nefnds Johannesar Grimssonar til Herra Amtmannsins áhræandi sómu Nybygd á Langavatnsdal af 12ta Junii 1832.

En þó eg bædi munnliga leti í ljósi vid Ydar Hávelborinheit nærstlided Ár 1831, ad eg hefdi í Hyggju ad stofnsetja Nýbýli á Lángavatnsdal og med Brefi frá 9d Junii s.a. eins og líka med ódru af 21 April i A. ítrekadi hid sama, og undir eins audmjúkligast begjærdi, ad Herra Amtmadurinn leti Sér þóknast, ad tilleggja Sysslumanninum í Mýra Sýsslu Skipun: ad útmæla mér Stycki af Lángavatnsdal til Nybylis, verd eg þess þó var, af Herra Kammerráds og Sysslumanns Sk. Magnússens bréfi til mín 31ta Maji i:a., ad med Amtsbréfi sé hönum auglýst, ad Herra Amtmadurinn ei enn nú hafi tillagt Sysslumanninum í Mÿra Sysslu Skipun ad útmæla mér nockurt Stycki af Langavatnsdal til Nýbýlis. Þared eg nú ecki þecki né veit nockurt þad Atride sem géti ad lógum hnekt mér frá ad fá þennan minn Vilja, samqvæmt þarad lútandi konúnglegu Lógmáli, edur Forordn. frá 15d April 1776, og er þessa vegna þá ófrávíkjanligur, ad vilja fá útmælt Stycki af Lángavatnsdal mér til Nýbýlis, so dyrfist eg enn nú til hermed undirgéfnast og audmjúkligast ad óska ad Ydar Hávelborinheitum þoknist ad tilleggja Sýslumanninum i Myra Sysslu E. Sverrirsen Skipun, ad útmæla mér til Nýbýlis nægilegt Stycki, sem eg meina frá 15 til 20 Hundrada ad Dýrleika af Lángavatnsdal, svo tímanliga, ad eg géti mér án baga stofnsett og byggt optnefnt Nýbýli vorid 1833, og ad hid sama sé mer útmælt þar sem eg sjálfur kýs í þessu eydda og yfirgéfna Plátse.

Stadarhóli þann 12ta Junii 1832

audmjúklegast Johannes Grimsson[434]

Þann 20. ágúst 1832 sendi séra Th.E. Hialmarsen í Hítardal sýslumanninum í Mýrasýslu álit sitt vegna fyrirhugaðrar byggingu á Langavatnsdal. Bréfið hljóðar svo:

Afskrift af bréfi Hýtardals Prests til Herra Syslumanns E. Sverrisen áhrærandi Nýbyggíngu á Lángavatnsdal dat Augústi 1832.

Herra Sysslumadurinn hefir í Heidrudu bréfi til mín af 6ta þ:m: i Gjærdag medtekenu, þóknast ad æskja míns Alits og Skyrslu um, hvört sú Nýbyggíng, sem einn viss Jóhannes Grímsson frá Stadarhóli hefir í huga ad stofnsetja næstkomandi Vor á Lángavatnsdal, hvared er bevísanligt Afréttarland, þeirrar mér allranádugast fyrirtrúudu Hytardalskyrkju – géti fundid Stad án þreyngsla og Skada fyrir nefnda kyrkju, med fleiru er finna kynni naudsynligt ad fram færa héradlútandi; í hvörjum Tilgángi Ydar Veledlaheitum þóknast hefir ad tilsenda mér þaradhnýgandi Amtsbréf med Fylgiskjali. – Til þess þó eg i nokkru Þénustu skyldugast uppfylt fengi þessi heidrudu Tilmæli, má eg ekki undanfella ad framfæra fylgjandi:

1) Víst er þad, ad Hÿtardals kyrkja ómótmælanliga á Afrétt á Lángavatnsdal fyrir allt Stadarins Geldfé, eptir Vilchins Biskups allranádugast authoriserada Kyrkna-Máldaga, öllum biskupa Visitatium respective frá Herra Gisla biskups Jónssonar, inn til þeirrar seinustu þann 10da Augusti árid 1831 inclusive samt harmoniskri Jrdabók af 1760, 4 Tomi „over Hytardal" og hvör Eignarréttur kyrkjunnar, ad minni Vitund óuppataladur verid hefir inntil Þessara Tíma, af Sameigendum eda ödrum, eins hafa Hýtardals Beneficiarii notad þetta Upprekstrarland, svo vítt ég veit í Samfellu til Afréttarlands, uns Jörundi nokkrum Ólafssyni bónda frá Alptanesi, ad óadspurdum þáverandi Hytardals Beneficiaris, útmælt var til Nýbyla Upptekningar Stykki af nefndu Landi Arid 1809 sem eg nærst eptirkemst af hérverandi Kyrkjubók, þá velnefndur Beneficiarius Kyrkjunnar Síra Björn Benediktsson, eptir Skipun Vidkomandi Prófasts í Visitatiugjörd af 14da Nov. 1810 – hvaraf audmjúkliga einn Útdráttur þaradlútandi vidleggst – á tilhlýdiliga Stadi inntaladi nefndann Misfánga, án þess hann þann 15da Dec: 1812 feingid hafdi nokkurt áreidanligt héradlútandi, og þó héradauki, eptir ad byggíngin ákomst, heimtadist sárilla á Husti þad Upprekna, eins og fleiri munu hafa umkvartad, svo hætti Sr Björn Sál. réttvísum Upprekstri á Lángavatnsdal sem sidan hefir ekki tidkadur verid hjedan.

2) Þared nú Hytardalur á ómótseigjanliga Eignarréttar kröfu til Lángavatnsdals, og hefir hann svo leingi óuppátaled notad, svo finnst mér, sem þad sé min ófrávikjanlig Skylda, uppá þessa brauds vegna, undirgéfnast ad bidja begjærda Nýbyggíngar Útmælíngu undandregna, inntil eg hefi audmjúkast leitad vidkomandi geistligs Háyfirvalds úrskurdar um, hvört þessi Nýbyggíng megi, sem i engu kreiknjandi nærverandi og tilkomandi Rétt og

[434] Skjal nr. 2(313) a-b.

Gjædi Hytardals Presta kalls, af mér sem Vidkomandi beneficario eptirgefast ómótmælt, svo ad af minni forsómun uppá egin hönd, Braudinu og mínum eptirmönnum í því, ekki skédi þad Afdrag og sá skadi, sem mig órar fyrir ad fljóta muni af Nýbyggíngu á Lángavatnsdal; því

3) Allareidu i nærverandi Tid – á medann þó enginn eginlegur Upprekstur skédur frá Hytardal á Lángavatnsdal – gétur Nybygd Skadad Hytardals Stadarhaldara, hvörs Fé nær þvi eins geingur á Lángavatnsdal eins og Hytardalsfjalli, og heimtist þadann á Haust, Þared samgánga er milli beggja Fjalllenda, eins og Líka Peníngur Hraunhrepps búenda, sem eptir Gamalli venju reka á Hytardals Fjall, og af þeim sama svara eiga eptir gamalli praxi authoriseradri af Stiftsyfirvöldunum – Réttar- og beitartolli til Hytardals – geingur töluverdur á nefndum dal og heimtist þadan; og þo enn skadvænligari afleidingar vildi Nýbyggíng á nefndum Dal hafa fyrir eptir komandi Tíma, í fall Beneficiarius i Hýtardal fjölgadi Peníngi, og Þyrfti auk Gjeldfjár, Naut og Tryppi á Fjall ad reka, Þared nu fyrir þad fáa, med Sveitar upprekstri naumliga géfast ánægjanligir hagar, med því þeir æ meir og meir af sér gánga med Uppblæstri og sífjölgandi Skriduföllum; hvör seinustu jukust hrönnum í inniverandi Sumar Stórrigníngum. Héradauk væri þad óbætanligur Skadi fyrir þetta Beneficium ad tapa hinni réttu tiltölu til Uppeksturs á Lángavatnsdal, ef Nybygd yrdi Stofnud á Hytardals Fjalli, hvad i nokkur ár hefir verid Uppáþeinkt og umbedid, enn ekki gjæti skéd, væri þetta braud gégn allranádugast authoriserudum Máldaga, biskupa Visitatium Harmonisku Jardabókinni af 1760, samt Langvaranligustu Hefdarbrukun ríngad af beitarlandi med Nýbyggíngu i þess Afréttarlandi. –

Uppá grundvöll ad framan og ofanskrifudu leyfi eg mér audmjúkast ad itreka framananfærda bón um undandrátt útmælíngar á Lángavatnsdal til Nýbyggíngar, uns eg uppá audmjukustu fyrirspurn ödlast hafi Háæruverdugs Herra Biskupsins Urskurd um hvörsu eg mér hegda skuli í Tilliti til Þessarar eptirækstu og i rádi höfdu Nýbyggíngar i Hytardals Afréttarlandi fyrri allann Gjeldpeníng; en skyldi svo ólíklega tilfalla, ad þessi mín audmjúkustu Tilmæli ekki Uppfyldt verdi; svo leyfi eg mér uppa Hytardals Kyrkju vegna, audmjúkast ad æskja mér, hennar Eigindómsrétt geymdann óskerdtann.

Hytardal þann 20 Augusti 1832. Th. E. Hialmarsen

Afskriftarinnar Rigtugheit vitnar Th.E. Hialmarsen[435]

Þann 21. ágúst 1832 skrifaði séra Th.E. Hialmarsen í Hítardal bréf til biskups vegna fyrirhugaðrar nýbýlastofnunar á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

Afskrift af Tilskrifi Hÿtardals Prests Th. E. Hialmarsen til S.T. herra Biskupsins yfir Islandi St. Jónssonar áhrærandi Nýbyggíngu á Lángavatnsdal dat 21. Aug 1832.

[435] Skjöl nr. 2(240) a-b og 2(251) a-b.

Sysslumadur í Myra Sysslu Herra E Sverrisson hefir undir 6ta þ:m: í bréfi til mín tilsendt mér eitt Amtsbréf til hans med Fylgiskjali, áhrærandi sterkliga begjærda og i Rád hafda Nýbyggíngu á Lángavatnsdal, hvar af audmjúkast vidleggjast sannadar Afskriftir, merktar N° 1. 2. 3. og undir eins óskad míns álits og Skýrslu um, hvört þessi Nýbyggíng géti ad Skadlausu Hÿtardals kyrkju, sem á Langavatsndal á Upprekstur, fundid Stad? Af hér audmjúkast undirlagdri Copie af bréfi mínu til Herra Sysslumannsins dagsettu 20 þ:m: mekrtri N° 4 munu Ydar Háæruverdugheit [strikað yfir: sjá] gunstigast sjá hvad eg nærst fyrir fann ad framfæra heldur móti enn med þessari Nýbyggíngu, sem og hvörjar ástædur eg hafdi fyrir Upprekstrar Réttugheitum Hýtardals kyrkju á Lángavatnsdal; Extract af kyrkjubókinni merkta ad N° 4 vidlagdi eg til ad sýna hvörsu ómissanlegan Formadur minn sál í Braudinu áleyt Hytardals kyrkju Rétt til Lángavatnsdals, hvarum hann, sem svo gamalreyndur og kunnigur hér ödrum betur gat dæmt. Eptir öllu þessu hér audmjúkast tilgreinda, dyrfist eg ad innflýa til Ydar Haæruverdugheita, audmjúkast fyrirspyrjandi mig, hvörsu eg eigi ad hegda mér í Tilliti til umgyldandi Nýbyggíngar á Lángavatnsdal, og einkum færi svo, ad Utmælíng til Nýbylis framfæri, hvörsu eg ætti ad conservera þessa Prestakalls Rétt og Eptirkomaranna í því uppá besta máta. –

Hÿtardal, þann 21 Augústi 1832

audmjúkast Th. E. Hjalmarsen

Rétt afskrifad vitnar Th.E. Hialmarsen[436]

Í afriti af bréfi biskups til séra Th.E. Hialmarsen í Hítardal, frá 22. september 1832, segir um hagsmunagæslu Hítardalsprests á eignum kirkjunnar vegna fyrirætlana um byggingu nýbýlis í Langavatnsdal:

Afskrift af Tilskrifi Biskups yfir Islandi S.T. Steingríms Jónssonar áhrærandi Nýbiggingu á Lángavatnsdal, til Hÿtardals Prests Th. E. Hilmarsen dat: 22n Sept. 1832. –

„I Tilskrifi af 21 f.m. med 5 bilage hafa Ydar Velæruverdugheit greinilega tilkynnt mér i hvada Horfi er, ad Nýbýli kunni upptakast i Lángavatnsdal, hvar Hÿtardals kirkja á Afrétt, og hvörsu þér hafid þann 20 s.m. í bréfi til vidkomandi Sysslumanns mótmælt tédri Nýbyggíngu, og fyrirspyrjid hvörsu þér skulud Ydur í þvi Tilliti framvegis hegda, einkum, færi svo, ad Útmæling til Nýbýlis framfæri, hvörsu þér ættud ad conservera Prestakallsins Rétt og Eftirkomendanna í þvi uppá besta Máta? –

Héruppá mætti þéna til þóknanligs Ansvars, ad eg sé ecki annad, enn ad þér réttilega hafid framfært Eign og brúkun Afréttarins, og med Röksemdum mótmælt Nýbyggingunni, en finni Sýslumadur engu ad sídur med tilteknum Mönnum ad Plátsid liggi i Audn, til lítillra eda engra Nytja, og útmæli þar

[436] Skjal nr. 2(239) a-b.

Nýbýli, þá er Forordníngin af 15 April 1776 sem géfur Ávísun um, hvörnin eigi [eigi, ofan línu] vidhalda Eignar og brúkunnarrétti."

in fidem exscripti

Th.E. Hialmarsen[437]

Þann 5. nóvember 1832 sendi séra Th.E. Hialmarsen í Hítardal sýslumanni bréf vegna fyrirhugaðar nýbyggingar á Langavatnsdal. Þar segir:

Uppá audmjúkasta Fyrirspurnarbréf mitt til Háæruverdigs Herra Biskups og Riddara Steingrims Jónssonar af 21ta Augusti þ.A., Leidandi útaf minni audmjúkri Erklæringu til Ydar Veledlaheita af 20ta s.m. áhrærandi eptiræksta Nýbyggíngu á Lángavatnsdal, hvared er bevísanligt Afréttarland Hÿtardals kyrkju, hefir Háttnefndur Herra biskupinn, undir 22m September s.a. tilskrifad mér, sem fylgir:

„I Tilskrifi af 21 f.m. med 5 bilage hafa Ydar Velæruverdugheit greinilega tilkynnt mér í hvada Horfi er, ad Nýbýli kunni upptakast í Lángavatnsdal, hvar Hÿtardals kyrkja á Afrétt, og hvörsu þér hafid þann 20ta s.m. í bréfi til vidkomandi Sýslumanns mótmælt tédri Nýbyggíngu, og fyrirspyrjid, hvörsu þér skulud Ydur í Því Tilliti framvegis hegda, einkum færi svo, ad Utmæling til Nýbýlis framfæri, hvörsu þér ættud ad conservera Prestakallsins Rétt og Eptirkomaranna í því uppá besta Máta? –

Héruppá mætti þéna til þóknanligs Andsvars,: ad eg sé ecki annad, en ad þér réttilega hafid framfært Eign og brúkun Afréttarins, og med Róksemdum mótmælt Nýbyggíngunni, en finni Sýsslumadur eingu ad sídur med tilteknum Mónnum, ad Plátsid liggi í Audn til Lítillra edur eingra Nytja, og útmæli þar Nýbýli, þá er Forordninginn af 15 April 1776, sem géfur Avísan um, hvörnin vidhalda skuli Eignum og brúkunarrétti."

Hvad eg, eptir Skyldu minni, ecki mátti undanfella hérmed audmjúklega ad communicera Ydar Veledlaheitum, sem vidkomandi Sysslumanni. –

Hÿtardal, þann 5ta November 1832.

audmjúkliga TH.E. Hialmarsen[438]

Þann 11. mars 1833 skrifaði sýslumaður til amtmanns vegna áforma Jóhannesar Grímssonar um að stofna nýbýli á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

I gunstige Skrivelse, fra 2te Junii f.a., har Deres Höivelbaarenhed, ved at tilsende mig den hoslagt tilbagefólgende Skrivelse, fra Johannes Grimsen, angl: Udmaaling af en Landstrækning af 15 til 20 Hundredes Dyrhed, til Nyebyggerie, paa Langavatnsdal m.m., paalagt meget indberette, om ej saadan Landsstrækning kunde undværes, fra de tilstódende Bóigdelaugs nódvendinge Brug, samt betænke, om det ej vilde være tienligst at etablere 2 Nyebyggjerier, med en Jord af 12 Hundreder for hver især, synes det kunde

437 Skjal nr. 2(238) a-b.
438 Skjal nr. 2(250) a-b.

forenes med de tilgrændsede Districter uundværlige Afbenyttelse af ovennævnte Terrain. –

I denne Anledning tillader jeg mig, næst at fremsende 2de Skrivelser med 1 Bilag, fra Beneficiarius i Hitardal Præstekald Pastor Th. E. Hialmarsen, dat: 20de August og 5te Nov: f.a., underhaldende Protest imod Nyebyggjerie paa Fjeldgangen Langavatnsdal, underdanigst at bemærke:

a) da jeg effter nójagtig Overvejelse og bedste Skiónnede, ej kan andet end vedblive den forhen og yttrede underdanigste Formeening, at den heele ubetydelige Fjeldstrækning Langavatnsdal, er, uden at kunde taale noget Nyebyggjerie aldeles uundværlig for de tilgrændsende 3 Reppe, Alptanes, Borgar og Stafholtstunge, hvortil nu ogsaa kommer Hraun Rep, forsaavidt dens Beboere, driver deres goede Kreature til Fjelds, paa de Hitardals kirke tilhórende Fjeldstrækninger, og at den saaledes vilde bleve til stórste Skade for Publicum, at noget Nybyggerie, paa ovennævnte Landstrækning, finder Sted, vover jeg underdaningst, at anholde om Deres Höivelbaarenheds gunstige og kraftige Foranstaltning, til det paatænkte Nyebyggjeries Forhindring. -

b) Hvis det imidlertid ej maatte ansees giörligt, aldeles at afslaae J. Grimsens ovennævnte Forlangende, vover jeg underdanigst at begiere, at det, forinden nogen Udmaaling bliver foretaget, maatte paalægges ham, at fremkommen med fyldestgiórende Beviser for hans gode moralske Vandel og med Lovgivningens Fordriffter overenstemmende Opförsel, da det ei af Ydertse og uundgaelig Vigtighed, at hverken tyvagtige eller, mod Kreaturer grusomme, Mennesker tilstædes Nyebyggerie paa de Steder, som ere beliggende langt fra Bóigdelaugene; Samt endvidere at han maatte afforderes Erklæring angl:, paa hvilket Sted af Langevatnsdal han ónsker det attraaede Jordstykke udmaalt, da det ej er ligegyldigt, om dette nærmest stóder til Bóygderne, eller er ind i mellem de længst fraliggende Strækninger; hvilket, for óvrigt, effter min underdaningste Formeening, ej kan være afhængigt af ham, mon maae afgiöres effter Udmaalingsrettenes bedste Skiönnende. – Sluttelig vil det være hensigtsmæssigt, at i Forvejen bliver omhandlet, under hvilken kirkesogn og Rep, Nyebyggerstedet, hvis det nogen sinde skulde vorde i Stand sat, kommer til at henhöre.

Hamar den 11te Martz 1833.

underdaningst E. Sverrison[439]

Þann 3. apríl 1833 skrifaði Jóhannes Grímsson amtmanni bréf. Þar segir:

Eg hefe, eins og Ydar Hávelborinheitum er fullkomlega vitanlegt, bæde munnlega, Ár 1831, og líka med Bréfi frá 9da Júní s:a: eins og ödru dat. 21ta Apr: f:a:, géfid Herra Amtmanninum til kynna, ad eg vilde, og hefde í hyggju, ad Stofnsetja Nýbíle í því yfergéfna Plátse Lángavatnsdal, og fénged

[439] Skjal nr. 2(249) a-b.

Þaradlútande Bref frá því Konúnglega Vestur=Amti, dat. 9 Sept: 1831 – eins og frá Sama Háttnefndu, 15 Maj f:a: Ávísun, gégnum Hr Kammerraad Sysslumann Sk: Magnussen, auglýstri mér med Bréfe frá 31 Maj s:a:, um, ad Herra Amtmanni mun ei hafi þá enn Þócknast, ad tilléggia Syslumanninum í Mÿra=Sýsslu skipun, ad útmæla mér nockurt Stycke af Lángavatnsdal til Nýbýles, og – mune enda ei hjálpa, medan ei gete Sjálfur personuliga tekid tédan Dal under ályt og meinar, ad Áformid sé ei sérlega tilrádanlegt m:m:

Enn þared mér fanst, ad mín, þángad til giörda ítrekada tilraun, ad Fá útmælt og stofnsett Nýbýle á Lángavatnsdal, vera Forgjefens, tók eg mér Fríheit, ad tilskrifa ydar Hávelborinheitum, Bréf, dat: 12ta Jún: f:A: hvarmed eg ítarlega ítrekade Ritgjördir mínar í þessu tilliti til Amtsins, samt, Þared eg ecke Þeckte ne visse nockurt Atride, sem giæti ad Lögum hneckt mér frá, ad fá útmælt og stofnsett téd Nýbýle, undergéfnast og audmjúklegast begjærde, ad Ydar Hávelborinheitum Þócknadist, ad tilleggia Sýsslumanninum í MýraSýslu Hr E. Sverrissen, Skipun ad útmæla mér til Nýbýles, nægelegt Stycke af Lángavatnsdal, svo eg gjæte mér án baga, byggt þar Nýbýle 1833.

Svosem eg hefe – mót von – hvörke haft þá æru ad móttaka ennnú frá Vestur=Amtenu, nockurt svar uppá sídstáminst Bréf, og ecke heldur heyrt þess gétid, ad nockud í þessu tilliti, mín vegna være frammqvæmt, né skipun tillögd Sýsslumanni E: Sverrirsen ad útmæla mér Land til Nýbýlis á Lángavatnsdal, svo hefur mér, í fylgi af ordrædum Sýsslumanns E: Sverrirsens vid mig, til hugar komid, ad þeim óvæntu og undarlega drætte á Útmælíngunni, munde valda, samtaka einhvörjum, en – Líkast ógreindum Mótsögnum, eins ógreinder og því óverdugur Misgrunur um Foreldra minna og mitt Frammferde í Nordur-Amtinu – Og kom mér því tilhugar, ad æskja Vitnesburda ad nordan frá vidkomandi Yfervöldum, í tilliti til minna ennnú Lifande Foreldra og mín. – Þann hinn sama hefi eg og rigtuglega medteked.

Til þess þá ad fyrir byggja allan mögulegan misþánka, nidur Þagga illmæle vondra manna, ef í tilliti til minna og mín hefde stad haft, edur skylde hid sanna tálmad hafa útmælíngunni í einhvöriu tilliti, sama, tilad leida Sannleikann í Ljós, tilsende eg Ydar Hávelborinheitum og vidlegg, af Hreppstjóra Hr O. Thorlacius, sannada Afskrift, 1, svo vel af Bréfe Herra kammerráds Sýslumanns Briem til Hreppstjóra Seigneur J. Flóventssonar, dat. 8. Febr: þ:A: - 2: Vitnisburder teds Hreppstjóra J: Floventssonar frá 11ta s:m: og A: - 3, Vitnisburder Prests, Séra A: Halldórssonar af sama D: samt endelega: herra Kammerráds Briems Attestatjón Þar uppa frá 12ta Febr. þ:A:

Þared eg Þykist med vidlögdu Sídstnefndu, ad fullu hafa hneckt, mögulegri rángri [rángri, ofan línu] ímindun einhvörra og illmæle, sem, í einhvörju tilliti hefde kunnad tálma Útmælíngunni, er sann færdur um, bæde, ad mögulega mætande Mót sagnir frá Sýslumanni Sverrirsens sýdu og MÿraSýsslu Innbúa, mune vera midur grundadar, ad Nýbýle stofnsetjist ecki á Lángavatnsdal, því eg ætla ad óvidkomande mönnum mune virdast, sem ted Land munde þeim samt til uppreksturs nægja, og, svo muni hafa sýnst, hafe

Jörundi nockrum á Hlidi, verid þar útmæld 3 Nýbýle, og, mér því eckert er þénkjanlegast, sem mér, ad Lögmáli réttu, géte hamlad frá, ad fá útmælda Jörd til Nýbýlis í tédu Plátse, þá, sökum þess, ad eg er öldúngis ófrávíkjanlegur mínu, í framanáminstum Bréfum til Amtsins greindu áformi og Vilja, óska og begjære eg ennú audmjúklegast, ad því [því, ofan línu] háa Konúnglega Vestur=Amte, gunstugast Láte Sér Þócknast hid allra fyrsta ad tilleggja Sýslumanninum í Mÿra=Sýsslu Hr E: Sverrirsen, Skipun, ad út mæla mér, á næstkomande vori 1833, til Nýbýlis nægilegt Stycke, ei minna en 20 hndr., af oftáminstum Langavatnsdal, edur Þad Stycke, frá Nordr=Lángvatns-enda ad Vestanverde, til ár þeirrar, er rennur efter Fossárdal - Hvad eg þess heldur dyrfest [dyrfest, ofan línu] vona ad uppfyllest, sem eg ætla hvörn tveggja, þá Lited er til Forordn: af 15 April 1776, Konungsins allra nádugaste vilie sé, ad Þegnar Sínir fáe, án tregdu og Dráttar, Eide- og Yfergéfen-Pláts til Nýbýles, og þeim sé hid sama, ei gjörd ördugt um skör fram, - minn vilje er ad fleyre skylríker menn fáe í greindu Plátsi, Nýbýle uppteken, Þykist sannfærdur um, ad fullnógar Audner, Heidlendi og Dalir, sem Lyggja kríngum, útúr og ad Lángavatnsdal, virdast muni nægilegt, fyrir Mÿra=Sýslu búa til uppreksturs – og eg vid uppfyllíng Þessarar minnar undergéfnustu Begjæríngar, fyrir Ydar Hávelborinheita mest árídandi Medverkun, ei verd orsakadur til ad Leggia Sökena, svo vaxna sem hún er, med tilhlýdelegum Fylgeskjölum, under Alyt og Urskurd vidkomandi Konúnglegs hærstnefnds Stjórnarráds.

Ydar Hávelborinheita Þócknanlega Svar hér uppá, mætte mér tillátast ad óska mér géfed og tilsendt med Sendimanni mínum tilbaka.

Stadarhóli, þann 3ja April 1833.

audmjúklegast

Johannes Grímsson[440]

Þann 4. maí 1833 skrifaði amtmaður bréf til sýslumanns Dalasýslu. Í bréfinu segir:

En vis Johannes Grimsen a Stadarhol har flere gange, siden Aaret 1831, meldt Sig, deels mundtlig, deels skriftlig, hos Amtet, som Lysthaver til at anlægge et Nÿbÿggerie i Ødestrækningen Langavatnsdal, og til den Ende forlangt, at Ham, i Overeensstemmelse med Forord. af 15 April 1776, en Nÿebyggerie, maae blive udviist et, til en middelstor Gaard passende, Areal. Hans sidste Skrivelse herom til mig er af 3. f.m., hvori han vedbliver sit forhen gjorte Forlangende om Udviisning, med den da nærmere opgivne Bestemmelse: at Udviisningen maa foranstaltes iverksat, i indeværende Aars Foraar, og omfatte den Strækning paa Langavatnsdal, som ligger fra Norder Langavatns Ende vestlig, til den Aar, som Löber effter Fossárdal.

[440] Skjal nr. 2(248) a-b.

Om denne Sag har jeg flere Gange brevvexlet med den verdslige Øvrighed og andre Vedkommende i Mÿre Sÿssel, under hvis Territorium sandsÿnligviis henhörer den störste Deel af Langavatnsdal.

I betragning af denne Brevvexling, saavidt for Tiden er anvanceret dermed, finder jeg mig foranlediget til, tjenstligen hermed at anmode Herr Kammerraad og Sysselmand om, behageligen at ville tilkjendegive forbemeldte Joahnnes Grimsen: at Amtet i indeværende Aar ei seer Sig i Stand til, at foranstalte den af ham begiærte Udviisning, maaske endog ei i næstkommende Aar, eller Aaret dereffter, fordi der fra Vedkommende i Mÿre Syssel ere indlöbne sa mange Slags, tildeels ei urigtige, Indsigelser, mod Hans intenderede Nÿebyggerie, at det er Sandsÿnligt jeg, effter endÿdermere, maaske personligen, at have undersögt denne Sag, saavidt angaar Localiteten paa Langevatnsdal, vil finde Fornödent, at forestille Sagen vedkommende Collegium til Afjörelse.

I Forbindelse hermed tillader jeg mig, blot for Herr Kammerraad og Sysselmand, som verdslig Øvrighed i Dale Syssel, at anmærke: at effter hvad mig er fortalt, skal Grændskjellet mellem dette Syssel og Mÿre Syssel, gaae for endeel Langs effter det Fjeld, hvorpaa Langavatnsdal ligger. Jeg önsker derfor, at de vil meddele mig Underretning om Grændseskjellets beliggenhed, saavidt Samme, paa Embeds vegne er Dem tilforladeligen bekjendt, samt om og hvorvidt den Strækning Johannes nu önsker Sig udmaalt, vil gaae ind paa Dale Syssels Territorium, da det tildeels deraf vil afhængige, enten de, eller Sysselmanden i Mÿre Syssel, har at foretage Udviisnings- og Udmaalings-Forretningen, hvis det kommer dertil, som og, under hvilken af disse to Jurisdictioner Nÿebÿggeriet, i civil Henseende, bör henlægges. Ligeledes önsker Oplÿsning erhvervet og her til indsendt, om der er nogen i Deres Jurisdiction, som har Prætension paa Langevatnsdal, enten til Eie eller brug; I saa henseende tænker jeg fornemmelig paa Eierne af, de Gaarde, hvis Udmarke stöde til den nordlige Side af den Fjeldrÿg, hvorpaa Langevatnsdal er.

At der, i Aaret 1810, blev stiftet et Nÿebyggerie sammesteds det er Herr Kammerraad og Sysselmand nok velbekjendt, effterdi Forberedelsern dertil omfandtes for enddel i Amts Skrivelse til Dem, af 25 marti s.a. Jeg formoder og at det væsentlige af Udfaldet ei heller er Dem aldeles ubekjendt, nemlig, at den ene Nÿbygger, midt om Vinteren löb ned i böigden, tiggede og forlod Stedet. Den anden, som kom i hans Sted, forvildede Sig om Vinterdage paa Fjeldet, og crepete, men hans Enke blev siden straffet for Tÿverie, hvormed dette Nÿebyggerie fik Ende.

At man ei altid med Vished kan slutte fra det, der er skeet til det, der siden kan ske, er ganske vist. Men noget hensÿn baade kan og bör man dog altid have dertil. Jeg beder Dem derfor meddele mig Deres, paa bedste Vidende grundede, Formening, om De anseer offtnævnte Johannes for en, i moralsk og oeconomisk henseende habil Mand til [til, ofan línu] det af ham

saa meget attraaede Nÿbÿggerie; og hvis dette er saa, om Hans Familie i henseende til Folkehold, m.m. sandsÿnligviis kan bestaae isoleret paa dette fra böigden, paa begge Sider, saa særdeeles meget, og ad besværlige Veie, bortfjærnede Sted.

Islands Vester Amts Contoir, Stappen, 4de Maji 1833.

Thorsteinson

Til Herr Kammerraad og Sysselmand Sk. Magnussen[441]

Þnn 3. júlí 1833 skrifaði amtmaður bréf til sýslumannsins í Mýrasýslu vegna fyrirhugaðrar útmælingar á Langavatnsdal. Þar segir:

Som Hr. Sysselmand bekiendt har et, af en Johannes Grimsen a Stadarhol intenderet Nÿebÿggerie paa Langevatnsdal i nogen tid været omventileret.

Men i betragtning af Sagens flersidige Omstændigheder har jeg anseet passende, at udsette en endelig beslutning i denne Sag indtil mig gaves leilighed til, Selv at besee Langavatnsdal i Fólge med Hr. Sysselmands og tiltagne to under Stedet nöje bekiendte Mænd.

Da jeg nu har besluttet Mandagen den 8 næstk, i hvis veiret tillader, at foretage forbemeldte besigtelse, saa er det hermed min tienstlige Anmodning, at det maa behage Hr. Sysselmand, da ei senere end kl. 5 Formiddag, at være belavet paa, tillige [tillige, ofan línu; strikað yfir: at] med to af dem udnævnte Mænd i forberörte Øjemed, at fólge mig oven Langavatnsdal.

Paa en Embedsreise Stadarhraun den 3 Julii 1833.

Thorsteinson

Til hr Sysselmand E. Sverrisson[442]

Þann 9. júlí 1833 skrifaði sýslumaður Dalasýslu amtmanni bréf varðandi Langavatnsdal. Þar segir:

I Anledning af Deres Höyvelbaarenheds gunstige Anmodning i Skrivelse af 4 maii sidstl. [i-sidstl., fært inn í bréfið af amtmanni, sbr.: Th.] at give Oplysning om Langavatnsdalen indsendes herved vedkommende Repstyrers Skrivelse, som indeholder ikke ubetydelig Efterretning derom, især forsaavidt Grændseskjællet angaaer Hvad ellers Nÿebyggerie Reqvirenten angaar, da er hans Ønske vel ikke at laste; men dog synes som ingen Nödvendighed kræver ham eller andre til Nyebyggerie bekostninger paa Ødefjælde imedens Gaardene i Böygden ligge lidet eller intet benÿttede, og var det meget heller at Önske, at han og andre vilde anseende sine Midler til at forbedre de beboede Gaarde, saavel med Gjærdesætning og Tunesjævning, som med andet.

[441] Skjal nr. 2(309) a-b.
[442] Skjal nr. 2(307) a-b.

Skarde, den 9da Julii 1833. Underdanigst C. Magnusen[443]

Þann 6. nóvember 1840 óskaði Símon Bjarnason eftir því við amtmann að fá að byggja á Langavatnsdal. Í bréfi Símonar segir:

Stóruhnausum Dag 6ta Nóvember 1840.

Hávelborni Herra amtmann Ridder af Danibrogi B. Thorsteinsson, alúdar heilan.

Med línum þessum Dirfist eg ad Mæda ydar hávelborin heit bidjandi ydr [ydr, ofan línu] og Undir eins óska ad þér af ydar Nád og kröftugum Umm Rádum og gódum vilja svo vel giórdud ad bigga Mér 30 hundrada land af eidi kóngs landinu Lángavatnsdal sem leíngi hefur leígid í audn, og lofa Mier Nióta þeirrar indislegu Nádar sem Minn Nádugi herra kóngurinn hefur ockur sínum þegnum eptir látid, og ydur veitt fullann Mindugleika Þettad ad veita, - Hvurs vegna Mín neid Þrístir Mér til ad bidja ydur bigga Mér ofann Nefndt kongs eídi Land Nú á Næst komandi Vori, enn eg óska ad fá svo stórt land, svo eg þurfi ecki reka sama ár eptir ár á Medann eg er ad slá þad ur sinu, og til þessa treisti eg ydur best allra manna, Því ydur trúi eg Nærst gudi firir Minni velferd, og í bestu og fullri von til ydar umm bæn heirslu, sagdi eg lausri Minni ábílis Jörd, enn lofi gud Mér ad lifa þá tíd ad tíunda oftnefndt Land, tel eg þad ej eptir Mér eda Mínum, og þegar þér erud búnir ad ifirfara þettad Mitt veikordada blad, væri indislegt ad fá ad tala vid ydur, æ! Forlátid ydar Þienustuskildugum og Reídu búnum þienara Símoni Bjarnasyni.[444]

Þann 19. nóvember 1840 skrifaði Jón Andrésson á Gröf í Breiðuvík bréf til amtmanns þar sem hann tilkynnti amtmanni um áform sín um að byggja á Langavatnsdal og óskaði eftir að útmæling færi fram. Í bréfinu segir:

Þar ed eg Underskrifadur, hef í Aformi ad Reisa Bæ, á svonefndum Langavatnsdal, sem er Eidi Fjall land, tilheirandi Mira Sysslu, so eru þad hier med, min Undergefnust Tilmæli og Bón, ad Hans Hávelborennheitumm Hra Amtmanni Thorsteinsson mætti þoknast ad Lata Vidkomandi Syslumann utmæla mér og afgreida Hæfilegt Land, Fyrer mitt aformada Njbile ur adurnefndu Plassi samkvæmt Forordningunni, af 15 April 1776. Þessi mín tilmæli ef skied giæti oska eg Fyrer sig Geingi i Næstkomandi Fardögum.

Audmiukast Jon Andresson

Gröf i Breiduvik þann 19 November 1840.[445]

Þann 7. janúar 1841 skrifaði presturinn í Hítardal um áform tveggja manna um að stofna nýbýli á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

Deres Velbyrdigheds ærede Skrivelse af 25da f.m. tilligemed höistærede Amtsskrivelse af 21de Nov. f.a. og 6 dertilhörende bilager, har jeg i Forgaars

[443] Skjal nr. 2(246) a-b.
[444] Skjal nr. 2(245) a-b.
[445] Skjal nr. 2(243) a-b.

havt den Ære at modtage – altsammen i Anledning af, at 2 bönder af Sneefjælds Syssel anholde om at maatte anlægge Nybyggerie, paa Langavatnsdal. I det jeg nu har den Ære at remittere disse mig tilsendte Documenter, tillader jeg mig tjenstligst at meddele Deres Velbyrdighed en verificeret Afskrift af min Skrivelse i lignede Anledning til Herr Sysselmand E. Sverrisen, af 20de August 1832, som ogsaa af min Skrivelse desangaaende til Hans Höiærværdighed Herr biskoppen over Island af 21de s.m. Ligesom og af Hans Höiærværdigheds besvarelse af samme, af Dato 22 Sept. s.a. – Af hvilke Afskrifter behageligt maatte erfares, hvormeget vilde stride i mod dette Hytardals Præstekalds og mine Efterkommeres i samme Interesse, dersom disse 2de Mænd blev udmaalte de begjærte Strækninger af Lángevatnsdalen, hvor Hÿtardals [strikað yfir: hvor] Kirke og vedkommende Beneficiarier unægtelig tilkommer al Fædrivt for sig, da hele HraunRepps bönder efter gammel Praxi drive deres Fæ paa Hÿtardals nærmeste Fjældstrækning, hvorved Stadens Hjemmemark – som ellers af mangeslags Landbrud aarligen betydeligt lider, - storligen beskadiges, - Da nu desforuden i sidstforlöbne Sommer Nybyggerie er anlagt paa sidstbemeldte Hytardals Hjemmemarks Fjældstrækning; saa gives mig destomindre Adgang til, paa dette mig allernaadigst anbetroede Præstekalds Vegne; at give Medhold, at sammes ved Maaldagene og sammenhængende bispevisitatser hjemlede Græsningsstrækning paa titnævnte Langevatnsdal, maatte saameget forringes, ved at udmaale de toe bönder af SnæfjeldsSyssel, de begjerte Strækningen til Nybyggerie.

Hytardal, den 7d Januar 1841

ærbódigst Th.E. Hjalmarsen[446]

Þann 22. janúar 1841 skrifaði O. Björnsson hreppstjóri Borgarhrepps bréf til sýslumannsins í Mýrasýslu þar sem hann mótmælti nýbýlabyggingu á Langavatnsdal fyrir hönd Borgarhrepps. Þar segir:

Sirkularbrefinu af 25 Decembr f.a. vidvikandi Nybili a Lángavatnsdal svara eg audmiuklegast Þannig: Eg Borgarhrepps vegna motsegi Þar alt nibili Þared eg veit ei betur, Enn Borgarhreppur hafi att fra aldödle og eigi þar enn ítak til omissanlegs uppReksturs firir allann seinn gieldpening, hvers Ítaks hann má ei án vera edur sviftast; firir utann Sveitarfielagsins Vegna er motstædilegt, ad samþickia bigging fautækum öreigum omögum hlödnum, maskie og misiafndt Rádvöndum hvad ed einkanlega er hugleidandi sem og fautækt vid innleidslu /: er imsum sveitum :/ okenndra manna i sveitar fielægid og Til þessa hefi eg Tillit skildi Langavatnsdals biggendur, koma til ad ná Sveitarfielagskap i Borgarhrepp hvurju eg vil motseigia – Vidvikandi þessu máli veit eg vist ad ydar velbyrdigheit hafid skrifad Prófastinum i Hítardal Síra Bödvari í Stafholti Lika og odrum hlutadeigendum Lángavatnsdals hverjer og eiga og hafa att Tilkall til hans og Liklega hafa adur erklera mátt

[446] Skjal nr. 2(237) a-b.

[mátt, ofan línu] um likt málefni – Ockar Hreppstióranna alit skildi þad ei olikt verda, lika og anara hlutadeigenda vona eg takist til álits vid bigging á Langavatnsdal sem eg Hreppsins vegna æski ad tálmest. – Eg veit vist ad ydar Velbyrdigheit siáid Borgarhrepps skada og undirokun med bigd a Langavatnsdal, iafnvel þo Efnadir og Rádvandir alitust – hvurs vegna eg undirgiefnast audmiuklega æski og beidist, af ydar Velbyrdigheitum, ad þoknast mætti Borgarhrepps vegna ad Erklera sem best vidvikandi þessu málefni.

audmiuklegast O. Björnsson

Ferjukoti 22 Januar 1841.[447]

Þann 25. janúar 1841 skrifaði J. Sigurðsson hreppstjóri Álftaneshrepps bréf til sýslumanns Mýrasýslu þar sem hann mótmælti nýbýlabyggingu á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

Velbyrdugi Herra sysslumann!

Ydar velbyrdugheita bréfi af 25de December f:a: vidvíkjandi Byggíngu á Langavatnsdal, svarast uppa stittsta máta svoleidis: Lángivatnsdalur hefur ætíd verid frítt upprekstrar Pláss fyrir Alptanes Hrepp, sem ómissanlegur; og skyldi hann Byggjast hljóta Bændur ad hafa sinn geldpeníng heima á Sumrum, sér til óbætanlegs skada og tjóns. Þetta skal eg med frekari rökum sanna ef krafist verdur. Hvar fyrir eg óska ad ydar velbyrdugheitum þóknast mætti so framt mögulegt er ad standa á móti ádurnefndri Lángavatnsdals Bÿggíngu.

Alptanesi þann 25. Janú: 1841

audmjúkast J. Sigurdsson[448]

Þann 29. janúar 1841 skrifaði Björn Guðmundsson í Hjarðarholti sýslumanni Mýrasýslu bréf þar sem hann mælir gegn því að byggja Langavatnsdal vegna vetrarríkis. Þar segir:

Til Svars uppá Ydar Velbÿrdigheita háttvirdta Circulair bréf vidvíkjandi biggíngu Lángavatnsdals óska eg ad mætti þéna:

Eg var á næsta bæ vid nefndann Dal í 14 ár, og vildi eg ecki velia mér hann fyrir bústad, hellst vegna Vetrarríkis. – Þar lá á Lángvinnur Jökull af Snió og klaka í flest öll þau ár; Ágángur er þar mikill af Fé og Hestum á Sumrum af 2r heilum Sveitum, sem þángad reka allan sinn Peníng, med ödrum fleirum; og ílla for þar biggíng fyrir rúmum 20 Árum fyrir 2r bændum er þángad fóru. – Eg álít þad ecki reinandi, nema ef vera skyldi, af Efna- og Dugnadar-mönnum, hvörra einginn sem til þeckir géfur sig þó fram. Þar er ad sönnu

[447] Skjal nr. 2(242) a-b.
[448] Skjal nr. 2(244) a-b.

mikill Heiskapur, ef varid ÿrdi; enn á honum þarf ad hallda þegar vetrar, ætli madur ad hafa þar nockurn Peníng. Enn skÿldi Aforminu um biggíngu Dalsins verda framgeingt virdist mér mikil magt á rída, ad búendur, sem leifist þar adsetur, séu alþecktir ad Frómleika og Rádvendni; þessum og Borgar-Hrepp meiga og vera minnis stædar meniar þeirrar fyrri bÿggíngar í Dalnum, er flutu af þess Fólks Órádvendni.

Hiardarholti þann 29da Januar 1841.

audmiúklegast Björn Gudmundsson[449]

Þann 25. febrúar 1841 ritaði sýslumaðurinn í Mýrasýslu bréf til amtmanns vegna fyrirhugaðra nýbýlabygginga í Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

Efter den Opfordring, som Deres Höivelbaarenhed i ærede Skrivelse af 21 Novb. f.a. har givet mig til at anstille Undersögelse om, hvorvidt Nÿbÿggerier i Langevatnsdalen heri Sysselet maatte være forönskelige eller tilfredelige, da har jeg om denne Sag corresponderet med Provsten i Hÿtardal, Herr Hjalmarsen, samt Repstÿrerne i Alptanæs, Borger og Stafholtstunge Repper, som de Personer, hvis Stemmer in casu Kunde være meest at lægge Mærke til, og giver jeg mig den Frihed at vedlægge og underdanigen henvise til deres in saa Maade respective Svarskrivelser. Hvad Opgaven selv angaar, da skal jeg ikke udbrede mig langt om de almindelige kriterier, der hos Nÿbÿggere – og ikke mindst i Langevatnsdalen – endeligen maae være tilstede og fuldkommen godtgiöres; eiheller, om deres absolute Antal; om Vinterens fortrieleige Strenghed dersteds; om den saadeles bortfrielse fra Folk og Kirke osv. man derimod nærmest med Hensÿn til Sysselets oeconomiske tarv inhærere: at Langavatnsdalen, saa at sige, er et Sine qua non for Sÿsselbeboernes Fielddrift, eller i ethvert Fald en Strækning, hvis Affare vilde vorde til ubodelig Tab og Skade for Sysselets Afret.

Dette Hovedmoment, der ogsaa udtaler sig i Herhenhörende bilage, bör vistnok være afgiörende for at næste Nÿbÿggerie i Langevatnsdalen, ligesom det altid har været, og til den Dag idag ogsaa er Hovedbetænkeligheden for ellers velhavende og flinke Folk heri selve Sÿsselet til ei at ville andrage hos Deres Höivelbaarenhed om saadan begunstligende Tilladelse. Hvad endelig angaar Frdn: 15 Ap. 1776, der taler om denne Materie, da har samme udentvivl ikke det Værd og den Nödvendighed nu, som da den emonerede i man i ethvert Fald formenes det, at Aanden i den taler, under de omskrevne Omstændigheder, imod Nÿbÿggerie i Langevatnsdalen, om man end kunde faae noget Modsat ud af Dens Ord.

Det er saaledes, at jeg paa Sÿsselets Vegne og i Sÿsselets Navn underdanigen indleder Sagen til Deres Höivelbaarenheds Egen höie bedömmelse og gunstigste Resolution. – Hermed fölge bilagene tilbage.

Vogi den 25 februarii 1841.

[449] Skjal nr. 2(241) a-b.

underdanig Fred. Lund.[450]

Þann 27. maí 1841 skrifaði Jón Andrésson amtmanni bréf þar sem hann tilkynnti um að hann væri fallinn frá áformum sínum um nýbýlastofnun á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

Þared eg vegna umbreittra kríngumstædu minna ekki sé mig í standi til ad frammhalda áformi mínu med ad reisa Nýbýli á Eidiplatsinu Lángavatnsdal, so vil eg ekki undanfella, undirgéfnast ad tilkynna ydur Hávelborinnheitum ad eg i þetta sinn er öldúngis fráhorfin, ofan ámynstu Fyrirtæki, hvört sem mér sídur meir kynni ad aukast aptur hugur til þess, eda opnast þar til einhvör Utsión. –

Gröf i Breiduvík, þann 27da Maii 1841.

Jón Andrésson[451]

Þann 24. júlí 1841 skrifaði Einar Johnssen bréf til amtmanns þar sem hann óskaði eftir því að fá að stofna nýbýli á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

Eftersom den Hans Majestæt tilhörende öde Landstrækning Langevatnsdalen, der i flere Aar har været erholdelig til Opdyrkning og Beboelse, endnu selvligger i udyrket, ubeboet, og frugtlós Tilstand, saa er jeg saa frii herved, underdanigst at ansöge om deres Höyvelbaarenheds naadige Foranstaltning og Bistand, at mig maatte forundes Tilladelse, at befolke Dalen og opdyrke den, under de samme Rettigheder og Privilegier som andre öde Jorde opdyrkes og bebygges, i Haab om derved at bidrage til Gavn for Samfundet.

Kétilstödum í Jökulsárhlíd den 24de Julii 1841.

Underdanigst Einar Johnssen[452]

Þann 20. júlí 1842 skrifaði Einar Jónsson bréf til amtmanns þar sem hann óskaði eftir því að byggja í Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

Hávelborinn Herra Amtmann

I Anledning af ydar góda bréfi þann 10 Agust fyrra Árs. Hefi eg látid vyrda og uppskrifa Fémuni mína sem hlupu eptir algeingum gángprís 450 RBd s.v. – Tekid vitnisburd hjá Sóknarprestum mínum og Erkleringu hjá Sýslumanni og farid ad öllu eins og mér fanst bréfid vísa mér og svo til Herra Amtmans yfir Nordur og Austur Amtinu med bón ad hann mælti fram med mér til ydar Hávelborinnheita um ad fá bigd i Lángavatnsdal. Enn hann vildi ekki gégna máli mínu, þad kjæmi ecki þessu Amti vid og vísadi mér til ydar Hávelborinnheita – og i þessu tilfelli hef jeg ecki önnur Rád Enn skrifa siálfur og allra undirgéfnast bidja ydar Hávelborinnheit um leifi ad meiga biggia og rækta Lángavatnsdal Enn skildi svo fara ad jeg ecki feingi bigdt Fyrrnefndan Dal þá er mín ynnileg bón til ydar Hávelborinnheita ad meiga biggja og rækta

[450] Skjal nr. 2(236) a-b.
[451] Skjal nr. 2(235) a-b.
[452] Skjal nr. 2(234) a-b.

> Fornahvamm hvör ed liggur Innanntil i Nordurardal undir Holtavörduheidi, Edur annad gott EydiLand, þvi mér finst og sínist ecki óhollara fyrir mig ad taka nílendu – einkanlega þá sem eg gjæti ordid Eigandi ad eptir Forordningunni um Nílendu biggjara, Heldur enn ad taka oþægilegre jörd sem mjög mikilir Ókostir filgdu, þvi mikid gétur madur feingid af Trjávid til nílendunnar fyrir Skatt og allar Týundir ásamt Landskuld af þeirri ádurbigdu jórdu sem þo máské lægi í Rúst - og bid eg svo allra undirgefnast ydar Hávelborinheit ad snúa þessu á þá leid sem mér er Hagqvæmast.
>
> Staddur á Ljósavatni þann 20 Júlý 1842 Einar Jónsson[453]

Þann 28. janúar 1845 óskuðu fjórir menn eftir því við amtmann að fá að reisa nýbýli á Langavatnsdal. Í beiðni þeirra segir:

> Ver undirskrifadir 4 menn, Sem áformum í Guds nafni, ad Forfallalausu, ad byggja Nýbýli á eydiplatsinu Lángavatnsdal nefndu, liggiandi millum Mýra- og Dala-sýslu, óskum undirgéfnast: ad vidkomandi Yfirvöldum þóknist ad géfa oss leifi til ad byggja og rækta nefndt eydipláts, og þanninn styrkja oss til ad géta notið þeirra Fríheita er Konúngurinn hefir allra nádugast þóknast ad veita þeim er nýbýli byggja í eydiplátsum. Sömuleidis óskum vér undirgéfnast: ad mega Sækja bædi þýng og Kyrkiu til Dala sýsslu, og þanninn ad teljast medal hennar innbúa.
>
> Núpi í Haukadal þann 28da Janúar 1845.
>
> Jóhannes Þórgilsson Alexander Bjarnason Bændur á Giljalandi
>
> Sigurdur Jónsson Húsmaður á Skardi Níels Jónsson vinnumadur á Köldukynn[454]

Þann 6. mars 1845 sendi amtmaður Vesturamts bréf til sýslumannsins í Dalasýslu vegna beiðni fjögurra manna úr Dalasýslu um að fá að byggja nýbýli á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

> N° 899. Jq.N.791. Til samme s.d. [þ.e. sysselmand Magnusen, sama dag eða 6. mars 1845].
>
> J henseende til den, med herre sund behagel(ige) Skr(iv) af 24. f. m. indsendte begiæring, fra bönderne Johannes Thorgilsen og Alexander Bjarnesen af Giljaland, huusmænd Sigurd Johnsen af Skard og Tjenestekarl Niels Jonsen af Köldukinn, om at maatte etablere et Nyebyggeri paa Langevatnsdal da maa jeg forinden videre heri besluttes, tjenstligen have Dem anmodet om, behageligen at ville, paa næstholdende Mandtalsthing, erhverve og siden hertil indsende, for bem(el)te mænds bestemte Erklæring angaaende:
>
> 1. Om det er deres Önske at stifte 4 særskilte nyebyggerier paa Langevatnsdal, og personligen flytte derhen, med familie, kreaturer og ovrige boehave, hvis den forlangte Tilladelse, til nyebyggeriets anlæggelse maatte

[453] Skjal nr. 2(233) a-b.
[454] Skjal nr. 2(229) a-b.

blive meddelt dem; eller om det er deres hensigt, at anlægge ikkun eet nyebyggersted, og at drive samme i fælledsskab.

2. Hvor stor strækning, taxeret til Dyrhed eftter hundreder og alen de forlange udviist, til hvert enkelt nyebyggeri, hvis de nemlig agte at anlægge flere, men i modsat fald, til ikkun et eneste nybyggeri, samt hvor, i Ödestrækningen Langevatnsdal de önske udviisningen maa skee. Og

3. Om de ville finde sig i, hvis det bliver til noget med dette nyebyggeri, eventualiter i geistlig og verdslig henseende, at sortere under Myre Syssel Jurisdiction, da strækningen Langevatnsdal efter de herom forhen erhvervede Oplysninger, maa antages at ligge udeelt, inden for denne Jurisdictions locale grændser.

Tillige maae jeg have hr. sund anmodet om, at giöre tidtnævnte mænd opmærksamme paa, at denne Sag, neppe kan ventes afgjort, i indev(erende) aar, i betragtning af flere dermed forbundne anstændigheder, som sandsynligviis ville giöre det aldeles fornödent at jeg forelöbigen heri maa udbede mig forholdsordre meddelt af vedkommende Collegium.

Til slutning er det mit Önske, at det maa behage hr. sund, ved Erklæringens Jndsendelse, at meddele mig en nogenledes paaluklig og nöiagtig Oplysning, om meerbem(el)te mænd nuværende familiestilling (saasom, om de ere gifte, familiernes folketal, m.m.) formues omstandigheder (saasom hvad slags og hvor stort antal kreaturer de eie og om og hvorvidt de for det övrige, ere bemidlede) oeconomiske Duelighed og sædelige opföysel, alt navnligen for dem hver især, ligesom jeg ogsaa önsker at erfare Deres Tanker om denne Sag, i det hele, ogsaa i henseende til, om det vilde være beqvemmere for nybyggerne i verdslig og geistlig henseende, at sortere under Dale end Myre Syssel, hvilket jeg dog forestiller mig, for en deel vil komme derpaa an, hvor i strækningen udviisning skeer, samt om det Langevatnsdal tilstadende böigdelaug, i Deres Jurisdiction, kan antages ved nybyggeriet, at vilde lide nogen betydelig fortrængsel, i den hidtil havte brug og benyttelse af oftnævnte Langevatnsdal, der forövrigt, fra umindelig Tid af, har været benyttet, som en, effter alle vedkommende mening og paastand, aldeles umistelig almindelig til Sommergræsning, for faar og diverse stort Qvæg, af ikke mindre end 3 Reppe i Myre Syssel, som stöde til Langavatnsdals söndre side, foruden at deri paa Hytardals kirkes vegne, paa denne Ödestrækning ogsaa haves en prætension, af samme slags beskaffenhed.[455]

Amtmaður Vesturamts skrifaði einnig bréf til sýslumannsins í Mýrasýslu, dagsett 6. mars 1845, vegna beiðni fjögurra manna úr Dalasýslu um að fá að byggja nýbýli á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

Fra 4 mænd i Dale Syssel, nemlig bönderne Johannes Thorgilson og Alexander Bjarnesen af Giljaland, samt huusmænd Sigurd Johnsen af Skard

[455] Skjal nr. 2(208) a-b.

og Tenestekarl Niels Jonsen af Köldukinn, alle i Haukadals Rep inden forbem(el)te Syssel er til amtet indkommen begiæring, om at det maa blive dem tilladt, at anlægge nybyggerie i Ödestrækningen Langavatnsdal.

Efter de Oplysinger som haves i Jslands ældre historie, om bem(el)te Langevatnsdal, maa jeg ansee det for temmelig utvivlsomt, at denne Landstrækning retteligen vil være at henföre til detslags, fra ældre tider af, nedlagte og forladte böigder, hvorom handles i f(o)r(ordning) af 15. Apr. 1776. Sammes § 5. Og at det fölgeligen i noget, synes at være imod, at udviisning strax foretages, til det omhandlede nybyggeri, saasnart at mænd, som nu have mældt sig herom, efter min skriv af d.d. til Sysselmanden i Dale Syssel, nærmere have legitimeret sin oeconomiske og övrige Duelighed.

Da der imidlertid, som hr. sund bekjendt af de ældre forhandlinger som forhen have fundet sted, i nogle Tilfælde, ved anlæggelse af nybyggerier i Langevatnsdal, altid have mödt flere slags jndsigelser og vanskeligheder, som have hindret et saadant foretagende, indtil nærværende Tid, saa vit jeg ikke undlade, forinden jeg fatter nogen nærmere beslutning, i anledning af ovennævnte begiæring, i henhold til min skrivelse til hr. sund, af 20. Nov. 1840, angl. et da paatænkt nybyggeri, i oftnævnte Langevatnsdal, tjensel. hermed at udbede mig Deres Erklæring meddelt, angaaende om da har noget at erindre imod, at forordningens 5[te] § bliver anvendt, i henseende til fremgangsmaaden, ved det nu intenderede nyebyggeri, ligesom jeg og anmoder dem om, at indberette, paa hvilken tid udviisnings- og udmaalings forretningen, over den til nybyggeriet fornödne Landstrækning, af Dem, med tiltagne mænd, beleiligst kan være at foretage, om mueligt i indev(ærende) aar.[456]

Þann 10. apríl 1845 skrifaði sýslumaður Dalasýslu bréf til Magnúsar hreppstjóra á Núpi varðandi fyrirætlanir um byggingu nýbýla á Langavatnsdal. Bréfið hljóðar svo:

Til hrp Magnusar á Núpi 10da April [1845].

Med Bréfi af 6ta f.m. mótteknu í Dag hefur Vestur Amtid, í tilefni af innsendu bonarbréfi frá 4um Haukdælíngum um ad þeim mætti leifast, ad upptaka, nýbýli á Lángavatnsdal, skipad mér ad æskja frá þier Svars uppá fylgjandi Spursmál. –

1°, Hvört vidkomendur ásetja ad uppfæra á Lángavatnsdal /: ef þeim þad leifist :/ 4 Nýbýli og siálfir þángad flytja med Búsáhold og lifandi Sképnur, ellegar ad búa allir saman á einu Býli. –

2°, hvad mikid Pláss, sem metti sig til viss hundradatals, hvör óskafi útmælt, ef þeir byggi fráskyldt, annars fyrir þá alla yfir hófud til eins Bylis. –

456 Skjal nr. 2(209) a-b.

3°, hvórt þeir vilje finna sig í ad heýra undir Mýra Sysslu í verdslegu og geistlegu tilliti ad svo miklu leiti Plássid kinni ad heýra undir tjeda Sysslu. Fyrir utan þá eftir æsktu erklæringu vænti eg á næstkomandi Manntalsþíngi, ad ódlast vissu um ástædur þeirra manna sem nýbýlin vilja á stofn setja, sem eftir óllum kríngumstædum valla getur í ár Stad fundid, þar Erklæringar frá hlutadeigendum í Mýrasysslu munu ekki verda ad líkindum svo snemma innkomnar. [457]

Þann 10. maí 1845 rituðu þeir fjórir menn, sem óskað höfðu eftir nýbýlastofnun á Langavatnsdal, bréf til amtamanns. Í bréfinu svara þeir fyrirspurnum sýslumanns Dalasýslu um fyrirætlanir sínar. Í bréfinu segir:

Með Bréfi af 10da Apríl þ.a. hefir Sýslumaðurinn í Dala Sýsslu, eptir skipun Vestur Amtsins með Bréfi af 6ta Marti Síðstliðna, æskt – frá okkur 4m Haukdælíngum, sem til Vestur Amtsins höfum innsendt Bænar Bréf, um að okkur mætti leifast að upptaka Nýbýli á Lángavatnsdal – svars uppá Þrjú Spursmál, og svarast þeim þannig:

1. Asetjum við að forfallalausu að uppfæra á Lángavatnsdal fjogur Nýbýli, og sjálfir flytja þángað, með Bússáhöld og Lifandi Sképnur, svo framarlega að okkur leifist að uppfæra, hvörjum sitt býli hvar við helst viljum á því plássi sem tilheyrt gétur áðurnefndum dal, að óskértum næstliggjandi Bæa landa eignum; En þar líkligt er að heita megi að dalur þessi hafi legið í auðn og kaldakoli fra fyrri tímum máské frá 1402 eður þó ekki væri nema frá 1495 trúum við að þess sé ekki að vænta: að nokkur maður kunni eigna sér það, sem hann væri eigandi eða erfíngi þess, eptir svo lángan tíma, heldur megi það landspláss – Samqvæmt Tilskipun af 15da Apríl 1776 § 5. teljast yfirgéfin eign og einkis mans eiga, og þessvegna dugi þar ekkért tilkall eður mótmæli; óskum við því að meiga njóta þeirra fríheita er konúngurinn allranáðugast hefir, í áður nefndrar Tilskipunar 9da og 11ta §§ veitt Nýbýla byggendum í yfir géfnum eyðiplássum.

2. Hverr af okkur óskar, að fá lögliga útmælt Land, sem metti sig til 20 hndr., eður þar nálægt, sem líkliga yrði náqvæmar áqvarðað við skoðun og úthlutun landanna til að hafa Skilmerkilig Landamerki.

3. Við viljum finna okkur í að heyra undir Mýra Sýsslu í Verdsligu tilliti, en þar við álítum mun skémra til dala en Mýra sýslu næstu kyrkna, óskum við að géta og mega tilheyra Dala sýslu í geystligu tilliti, nema sannað verði, að ekki sé leingra til Kyrkju í Mýra sýslu,

Nupi þann 10da Maji 1845.

Johannes Þórgilsson Alexander Bjarnason

[457] Skjal nr. 2(310) a-b.

Sigurdur Jónsson Niels Jónsson[458]

Þann 16. júní 1845 skrifaði sýslumaður Dalasýslu bréf til amtmanns um nokkur atriði varðandi fyrirætlanir fjögurra manna um stofnun nýbýlis á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

> I ærede Skrivelse af 6te Marts har Deres Höivelbaarenhed behaget at begiære min Erklæring betreffende et fra bönderne Johannes Thorgilsen og Alexander Bjarnesen, samt Hussmand Sigurd Johnsen og tienesetekarl Niels Johnsen, alle i Dala Syssel, til Amtet indgerit Andragende om tilladelse til at anlagge Nýbýggerie i Ødestrækningen Langevatnsdal heri Sýsselet.
>
> Foranlediget heraf og med Hensyn til, at der om denne samme Sag tidligere, baade i min Formands, Sýsselmand Sverrissons Embedstid, som ogsaa imedens jeg har fungeret, som Sýsselmand, har været corresponderet temmeligt udförrigt med det höie Amt, skulde jeg ikke undlade kortelig at udhæve de Hovedpunkter, der hidnutil have og endnu formenes at fraraade alt Nýbýggerie i den forbemeldte Dal, nl:
>
> 1. at Langevatnsdalen i Henseende til Fremgangsmaaden ved Udviisnings forretninger bör henföres under Forordningen 15 April 1776 § 4, fordi Strækningen fra umindelig tid har været brugt som Alminding af Stafholtstunge, Borgar, Alptanæs og Hraun Repp, foruden, at Hýtardla kirke prætenderer Eiendom.
>
> 2. at om end Strækningen henföres under den nævnte Forordnings § 5, saa have hier Reppe dog efter nýebenævnte § Forpaagteret til at ödelægge Nýbýggerie. I saa Fald maae disse Vedkommende skriftligen og udtrýkkeligen melde sig herom, samt op give hvormaange Gaarde de agter at anlægge, samt naar blive færdige hermed.
>
> 3. at unden Hensýn hertil hverken kan eller maa nogetsomhelst Nýbýggerie anlægges i Langevatnsdalens imod derom allerede indkomne Protester fra ovennævnte Reppe og Præster til Hýtardal, a: fordi Almuen ikke kan undvære Strækningens fremtidige brug, som Alminding, og, b, fordi ei allene en umindelig Tid hiemler saadan Afbenýttelse, men ogsaa fordi Jordebogen af 1760 udstrýkkelig hiemler næsten alle gaarde i förbemeldte Reppe en saadan brug, hvoraf flýder, at hvis Samme enten indskrænkes eller betages Vedkommende, saa bör Gaardenes Dýrhed nedsættes.
>
> 4. Skulde inmidlertid Amtet beslutte, det Foranförte uagtet, nu strax at lade udvise Strækningen til det intenderede Nýbýggerie, saa ombedes, at Sagen dag forelöbigen maa blive forestillet vedkommende Köllegie til Afgörelse, da dette Foretagende i det Hele vil have en saa indgribende Virkning for Kómmunernes oeconomiske Velfærd og præsumtive Rettigheder for nærværende tid.

[458] Skjal nr. 2(227) a-b.

5. at dersom det skulde blive til noget, med dette Nÿbÿggerie, saa maatte Nÿbÿggerne i verdslig Henseende komme til at sortere, som jeg formoder, under Borger Repp, og i geistlig under Stafholts Sogn. Veilængden til Thingstedet og kirken vilde, da blive circa 5 mile til overordenlig Ulempe, saavel for Nÿbÿggerne selv, som for Præsten, ikke at tale om, at denne Samfærsel den störste Deel af Aaret enddog vilde være aldeles umulig, ogsaa forönskedes i saa fald gunstig Oplÿsning, om hvorvidt Nybÿggerne ville tilkomme Frihed for Kómmunele bidrag, saasom bidrag til Fattigvæsenet, Repartitions udgifter, Veiarbeide m.fl., da Forordningens 9 og 11 §§ sÿnes at fritage Vedkommende ikkuns for kongelige Afgifter.

Med Hensÿn til selve Udviisningen i bemeldte Strækning, og som ikke kan foretages undtagen i Löbet af Juli, August eller September Maaneder, naar Markerne ere frie for Snee og grönne, maatte jeg undvidere tillade mig at forspörge, om ingen Indvarsling skal finde Sted for de tilgrændseede böigdelaug til at overvære Forretningen, hvis Samme skal udföres efter § 5, men i modsat Fald, som ogsaa hvis Forretningen skal udföres efter den 2 og 3 § i Forordningen, hvorledes Indvorslingen skal indrettes, da den i Forordningen befalede bekiendtgiörelsesmaade ei længer kan finde Sted; Ligesom ogsaa betalingen, der er tilstaaet de udmeldte Mænd efter § 9 nu er for lav og behörer at forhöies, Reiseomkostninger iberegnet i det Mindste til 1 rbd daglig.

Dette Overstaaende er hvad jeg hovedsagentlig paa Grund af mit locale Kienskab har at erindre ved denne Sags Indladelse til Amtets gunstigt Afgiorelse.

Vogi den 16 Juni 1845

underdanig M.F. Lund[459]

Þann 6. október 1845 skrifaði sýslumaður í Dalasýslu amtmanni bréf vegna fyrirætlana fjögurra manna að stofna nýbýli á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

I Anledning af Deres Höjvelbaarenheds gunstige Skrivelse, dat. 6te Martz næstl. angaaende Etablering af Nybyggjere paa Langavatnsdal ved bonderne Johannes Thorgilsen og Alesander Bjrnesen, Huusmand Sigurd Johnsen og Tjenestekarl Niels Johnsen, har jeg under 10de April tilskrevet Repstyrer i Jörve Tingsogn Magnus Arngrímsson om at indhende ovenmeldte mænds Erklæring over de af Amtets fremsatte Sporgsmaale, hvilken Erklæring hermed fölger in orginale, hvorhos jeg tillader mig underdanigst at bemærke, at bonderne Johannes og Alesander ere begge gifte og boesatte paa Giljeland i Jörve Tíngsogn, hvor den Forstnævnte i sidstafvigte Efteraar har angivet Creaturer til Tjende 4 ½ hndr. og den sidstnævnte 2 ½ hndr., Huusmanden S. Johnsen, der formentilgen er den samme, som af Repstyrerne er anfört paa Skard i samme Tingsogn meden Tjende af 1 ½ hndr. og er nu formentligen

[459] Skjal nr. 2(228) a-b.

gift, Tjensetekarl Niels er derimod saa vidt viides ugift, ligesom han intet har angivet til Tjende, disse Personer maa derfor ansees fattige, og hvad deres duelighed og Sædelighed angaar, ere de vist af de middelmaadige, skjöndt upaaankede; Folke antallet hos de toe forstnævnte, har i Efter Aaret været 5 hos hver, men da jeg ikke endnu har for vedkommende Repstyrer modtaget de forlengte nojagtige Oplysninger herom, kan jeg for nærværende Tid ikke noget videre derom indberette, lige som det ikke vil væretet at afgjöre indtilvidere, om det vilde være beqvemmere for Nybggerne at sortere under Dale Syssel end Myre Syssel indtil Vished erholdes om, hvori Strækkningen af Langevatnsdalen Udviisningen skulde skee, skjöndt Vejen i geistlig og verdslig Henseende formeentligen vil blive kortere til Dale Syssel med mindre Udviisningen skeete i den sydlige deel af Dalen, der grændser til Myre Syssel, Sluttelig bemærkes, at uagtet jeg ikke kan indsee, at det tilstödende bygdelaug heri Sysselet, vil med Nybyggeriet Lide nogen betydelig Fortrængsel, finder jeg dog samme mindrenödvendigst, allerminst meden fleere Gaarde i Sysselet ere saavel i Henseende til Hjemme som Udmarker slet dyrkede, og kunde med duelig Oeconomie fremföre langt fleere creaturer, ligesom fleere af hans Majestæt Kongens Gaarde inden SneefjeldsnæsSyssel efter Rygte, aarligen ligge öde og ubeboede og som forventligen ere at erholde tilbygslede paa billige Vilkaar, hvorfor jeg under nærværende Omstændigheder Hverken anseer nödvendigst, eller tilreedeligst, at det ansögte Nybyggerie paa Langevatnsdalen bliver bevilget de forommeldte Personer. –

Skard i Dale Syssel den 6te october 1845.

underdanigst C Magnussen[460]

Þann 20. nóvember 1845 skrifaði amtmaður bréf til sýslumanns Dalasýslu um Langavatnsdal. Bréfið hljóðar svo:

Til Sysselmand C. Magnusen

20 Nov. [1845]

Hr S(yssel)mand har i behagel. Skr. af 3 f.m. modtagen 15 d.m., næst at yttre Deres Formening om det, af Bönderne Johannes Thorgilsen og Alexander Bjarnesen, Huusmand Sigurd Johnsen og Tjenestekarl Niels Jonsen ansögt Nyebyggeri, i Ødestrækningen Langavatnsdal, indbrettet, at den förstnævnte af disse Mænd, i sidstafv. Efteraar, har angivet til Tiende af Levende Creaturer 4 1/2, den anden 2 1/2, den tredje 1 ½ Hundr., men den fjerde slet intet, hvorimod De ikke har seet dem i Stand til nöiagtigen at opgive disse Mænds Familie-Folketal, paa det nær, at det hos hvem af de to förstnævnte skal være 5 Personer.

Herved tillader jeg mig at bemærke, at effter hvad der saaledes er oplÿst om forbemelte Mænds oeconomiske og Familie-Kaar, da anseer jeg dem intet

[460] Skjal nr. 2(226) a-b.

mindre end habile til, at ind lade sig i et saa besværligt og bekosteligt Foretagende, som det intenderede Nyebÿggeri vil være paa Langavatnsdal, naar Samme skal komme til den favör skede Fasthed og Varighed, og Nyebyggerne opfylde de Pligter, ved at opföre passelige Huse, sætte Giærder omkring Hjemmmarken, og forsvarligen dÿrke Ind- og Ud-marken, som Fr af 15 Apr 1776 paalægger dem, saavelsom Under- og Over-övrigheden hermed at have vedbörligt Tilsyn. Tvertimod er der al Sandsynlighed for, at det maaske kan löbe omtrent Ligesaa uheldigt af, med dette Nyebyggeri, som det der sidste gang, eller i Aaret 1810, blev foretaget af to ubemidlede Mænd paa Langevatnsdal, hvoraf den ene kort effter skal være creperede paa Fjældene, men den anden havde löbet bort, effterat der paa offentlig bekostning var bleven udviist den fornödne Grund. Det maa nemlig indlyse af sig selv, at ikkun nogenledes vel bemidlede og for oeconomiske duelighed bekjendte Mænd, ville være i Stand til, med sandsynligt Held, at indlade sig i slige, af velbekjendte Aarsager altid noget hazardlige, Forsög. Under nuværende Omstændigheder fra det Offentlige Side, at fremme dette Slags Forsög, forekommer det mig ogsaa, fra den Side af, saa meget mindre passende, som det er almindelig bekjendt, at der i denne beboede böigder, er aldeles ingen Mangel, især paa smaa [smaa, ofan línu] Jordbrug, for dem der besidde Arbeidsdygtighed og Flid i at dyrke og benytte dem. Endog her i Snæfjældnes Syssel staar nærværende Tid endeel Kongel. Gaarde af en ingenlunde forkastelig Banitet, fæsteledige, der kunde overlades i Fæste, paa billige Vilkaar, til ei aldeles uvederhæfftige Folk, som önske at melde sig herom. Hvis ovennævnte Mænd skulde attraae nogen af disse Gaarde – hvorom förövrigt nærmere Underretning vil være at erholde hos Administrator for Arnest. Ombud, S(yssel)mand Thorsteensen da skal jeg, paa bedste Maade være dem behjælpelig i, at dette Ønske bliver opfÿldt. Med sadanne smaae Gaarde, paa billige Afgifts-Vilkaar, mener jeg tidtnævnte Mænd ogsaa vil være Langt, beder tjent, end at indlade sig i en Enterprise, som overstiger deres Kræffte og hvoraf Nytten for det Offentlige, bliver enten slet ingen, eller i alt Fald, saaledes som det lader sig nu bedömme, meget tvivlsom.

Ved dette intenderede Nybyggeri möder desuden en anden særegen Vænskelighed, som bestaar deri, at en stor Mængde Gaarde, inden flere Reppe i Myre Syssel, have, fra umindelig Tid, havt en uomtvistet Ret, til Faar – Heste – og Stude – Opdrift aarligen paa Langevatnsdal, hvilken Ret, effter Jordebogen af 1760 ogsaa er indbefattet under de respektive Gaards Dyrhed, og fölgeligen saaledes hjemlet, at dersom Brugshaverne indskiænkes i meerbemelte Ret, saa prætenderer de, ei uden Föie, Nedsættelse i Gaardenes Dyrhed, til Skade for de respektive communer og til Tab for Bondetagerne. Af, denne Aar sag have flere Gange indkommet til Amtet, Protester fra forbemeldte Repper, saasnart det har kommet i Omhandling at stifte Nyebÿggerie paa Langavatnsdal, ligesom og Præsten til Hytardal, af Lignende Aarsag, paa kirkens Vegne er fremkommen med sammeslags Protest. At Amtet ikke kan være bemyndiget til, med Resolution at afgiöre

slige Protester, især sadanne, der vilde have Indflydelse paa Jordernes nuværende Dyrhed, er aldeles Klart, hvorimod jeg skal lade det Usagt, hvad Udfald denne Sag vil erholde, om den bliver, med samtl. Omstændigheder, forestillet vedk. Collegium til Afgjorelse.

I betragtning af det saaledes Udviklede finder jeg mig foranlediget til, tjenstl: at anmode Hr S(yssel)mand om behagel. at ville, paa en passende Maade, betyde ovennævnte Mænd det Foranförte, samt bestræbe Dem for, at formaae dem godvilligen til at fra falde den indgivne Ansögning, om det paatænkte Nyebyggeri, hvormed jeg troer, at de under nuværende Forfælde, vilde giöre det offentlige og sig selv en virkelig Tjeneste; Der hos kan de giöre Opmærksomme paa, at endog i det Tilfælde de maatte beslutte, at inhævere Ansögningen, saa have forbemeldte reppe, i Folge Fr 5 §, dog Fortrinsret, til at anlægge Nyebyggeriet, hvilken Ret sandsyneligvis ogsaa vil blive paastaaet, og benyttet, saasnart det, ansees fornödent, for saaledes at udelukke Uvedkommende fra den nu omqvæstionerede Ødestrækning. Om udfaldet önskes beretning meddelt.

For Herr S(yssel)mands eget Vedkommende er jeg ellers foranlediget til at tilföie: at i fölge her hoslagte Forretning af 1810, har der, af daværende Sysselmænd i Myre Syssel, P. Ottesen, været udviist til de Mænd, der, som forberört, den gang etablerede Nyebyggeri i Langevatnsdal, en Strækning, som er bleven anseet passelig for 3 Gaarde, af Dyrhed i alt 60 Hundr.

Dersom det nu skulde komme til Virkelighed meddet denne Gang intenderede Nybyggeri, saa formener jeg at Man, i alt Væsentligt, kan lægge denne Forretning til Grund, og udvise de nuværende Petitionirer, af de i Forretningen ommeldte Strækninger et, i Forhold til Deres nuværende oeconomiske Stilling passende Areal, af respect circa 15, 12 og 10 Hundr. Dyrhed, da den fjerde Petitionair derimod vel ei kan fordre Udviisnig, saalænge ingen Oplysning haves om, at han eier Creaturer forat begynde sin Jorddÿrkning med, ligesom og Petitionairerne overhovedet ere uberettigede til, at fordre sig udvisse noget, bestemt Areal, da det maa komme an paa Øvrigheden, hvor og hvormeget Man finder passende at indrömme dem.

Men i saa Fald vil det, i Henseende til Udförelsen af den ny Forretning, være af Vigtighed at vide, om denne Strækning henhörer under Dale, eller under Myre Syssel, da og dette vil have nogen Indflydelse paa, om Nyebyggerne skulde henlægges under nærmeste Sogns og Commune i det ene eller i det andet af disse Sysseler. Rigtignok er det antaget, i hoslagte Skriv dat. 16 Juni 1833, fra forhenv. Repstyrer i Hördudals Rep, S. Johnsen, og i Ligeledes medfölgende Skrivelse af 9 Jul. s.a., af Sysselmanden i Dale Syssel, at Langevatnsdal henhörer [illlæsilegt orð] under Myre Syssel, ligesom dette og har været antaget i Aaret 1810, navnligen om den da udmaalte Strækning, siden Forretningen er afholdt af Sysselmanden i Myre Syssel.

Jeg vil imidlertid, og endskjöndt jeg troer, at det [det, ofan línu] blive mere til byrde end Fordeel, for vedk. geistlige og verdslige Øvrighed, samt for Communerne, at have med de eventuelle Nybyggere paa Langevatnsdal at bestille, ikke undlade tjenstl. herom at udbede mig deres Tanke meddelte, og bilagerne dermed tilbage.[461]

Þann 12. júní 1846 skrifaði sýslumaður Dalasýslu bréf til amtmanns vegna umsóknar fjögurra manna um að stofna nýbýli á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

I Anledning af Deres Höjvelbaarenheds gunstige Skrivelse af 20de November f.a., angaaende det ansögte Nybyggerie i Ødestrækningen Langavatnsdalen af 4 mænd inden Jörve Tíngsogn heri Sysselet, har jeg paa næstafholdt Mandtalsting paa Jörve den 9de Maii f.a., formaaet bemeldte Personer, - hver af en ved Navn Niels Jóhnsen er nu i Foraaret bortflyttet til Baularvollum inden Sneefjeldnæs Syssel, - til at frafalde sit Forsæt og Ansögning angaaende ommeldte Nybyggeries Etablering; hvilket jeg ikke skulle undlade underdanigst at tilmelde deres höjvelbaarenhed, idet jeg lader herhos fölge tilbage de mig tilstillede Documenter angaaende denne Sag. –

Skard i Dale Syssel den 12te Junii 1846

underdanigst C Magnussen[462]

Þann 13. nóvember 1848 skrifaði Jósafat Jónsson bréf til amtmanns með beiðni um að fá að reisa nýbýli á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

Þar eg undirskrifaður, eptir nákvæma yfirvegun, skoðun á högum mínum kröptum og ástandi tilknúður að nokkruleiti af því alment ummkvartaða Þraungbíli í bigðum héröðum, fastráðið hefi og staðfastan vilia feingið til að fá samkvæmt Tilskipuninni 15da Apríl 1776, að reisa níbjli í afréttardal þeim er nefnist Lángivatnsdalur er liggur milli Borgarfjarðar- og Breiðafjarðardala svo dirfist eg hér með að frambera þá ósk og bæn mína til þess háa Vesturamts að það géfi mér til kinna hvört þetta mitt áform géti að núgildandi lögum frammgáng feingið – og með þeim réttindum sem áður nefnd Tilskipun tiltekur og skildi svo vera, þá er og hér með sú einlæg ósk mín að það náðugast géfi mér samkvæmt ofannefndri Tilskipun það leifi til Þessara framkvæmda sem heimili mér fullkominn níbílis rétt, svo án nokkurrar motstöðu géti að vori komanda í það minsta farið að undurbúa mig (til) og ráðstafa svo högum mínum sem henta þækti til þessa fyrirtækis og skildi það framgáng fá þá leifi eg mér hér með að frambera þá ósk að yður Havelborinheit láti mig vita hvört fáanlegt irði lán af opinberum sióði, vitnisburð frá sveitaforstjórum félags míns leifi eg mér að láta hér með filgia.

Bæ þann 13 November 1848

J. Jósafat Jónsson[463]

[461] Skjal nr. 2(316) a-b.
[462] Skjal nr. 2(225) a-b.

Þann 8. janúar 1849 skrifaði Jósafat Jónsson amtmanni Vesturamts bréf þar sem hann óskaði eftir leyfi til útmælingar á nýbýli á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

> HáEdla Hávelborni Herra
>
> Bréf ydar af 28. Nóvemb: f:a: [f:a:, ofan línu] þacka eg hér med undirgéfnast: Enn sem firr: læt eg ydur vita minn Stódugann vilja og fullkominn ásetníng – med ydar feingnu leífi ad biggja mér Nýbýli á Langavatnsdal, þo Eg nú sjái ad þad géti eigi ordid í Næstkomandi Fardögum. Þá er samt vilji minn ad forfallalausu ad fá landid – Skodad og útmælt umm næstkomandi Messudaga, Jeg tiltek ad Stærd og giædumm Er Samsvarar, 24. hundrada Jardar dýrleika.
>
> Hvad BólsetuStadinn Snertir gét eg eigi so nákvæmlega tiltekid, þvi Eg hefi í áformi ad skoda þetta betur ad vori komanda, lofi Gud: þó gét eg sagt þad med vissu, ad eg vil setja hann í vesturendanum Dalsins móti Sól. Hér með læt eg filgja Skýrteini frá vidkomandi Hér sveitar Stjórum umm Efna hag minn og Húshag;
>
> Eirnig gét eg þess ad eg áforma þetta i þeirri von og fullvissu; Samqvæmt adurgreindri Tilskipann, ad þetta ofann Nefnda Nýbyli Irdi framvégis mín og minna ódalseign. Enn eigi annara þo Næstbiggjendur hafi notad soddan graslendi til afrettar, um lánga týma. Þar aungver Dugandis menn hafa bodist ad biggja og nota a Fullkomnari hátt.
>
> Hiér med bid eg ydar Háhejt ad liktum ad géfa mér fullvissu umm hvurs eg má vænta, þad firsta ydur mætti þoknast.
>
> allra undirgéfnast:
>
> Bæ þann 8 Janúarý 1849 J. Jósafat Jonsson
>
> PS. Þo eg her ad framann hafi óyfirvegad so til orda tekid ad eg oskadi ad utmælinginn framfæri umm Messudaga, þa væri mer þo miklu hentugra; og mín audmiúk bón sú; ad ydar Hávelborinheit ef mógulegt er, létud hana frammfara, umm efa firir Fardaga. Eda þér giæfud mér leifi til ad birja á biggíngu ádr utmæling fram fer – aumíukast JJJS.[464]

Þann 10. febrúar 1849 ritaði amtmaður Vesturamtsins bréf til sýslumannsins í Mýrasýslu varðandi beiðni Jósafats Johnsens um að reisa nýbýli á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

> Bonde Josaphat Johnsen af Bai i Reykhole Rep inden Bardestrands Syssel, har i herhosl(agt) skr(iv) til mig, med bilag af 13. Nov. f.a., anmeldt, at det er hans Önske og forsæt at etablere et nybyggeri, samt i næstk(ommende) foraar, at giöre forberedelse hertil, i Ödestrækningen Langavatnsdal, liggende, efter hans opgivende, imellem Breidefjordsdale og Borgarfjord, samt önskt at ham, i overenstemmelse med f(o)r(ordningen af 15. Apr. 1776, maa blive meddelt Tilladelse hertil, m.v.

[463] Skjal nr. 2(224) a-b.
[464] Skjal nr. 2(223) a-b.

Herpaa svarede jeg, ham under 28. s.m., at jeg for mit vedkommende paa Embedsvegne, vel ei havde noget imod dette hans forehavende men önskede dog forelöbigen at erholde fra ham, en nöiagtigere Oplysning, end den indsendte, om hans familie omstændigheder, creatur hold og andet deslige, da jeg maatte ansee det utilraadeligt at anden, end saadanne folk, paa dette sted stiftede et nybyggeri, som have et nogenledes stort antal arbeidsdygtige Tjenestefolk, samt ere nogenledes formuende, for at de, hvis der i de förste aar skulde indtræffe betydelige oeconomiske uheld, ei skulde blive nödsagede til, at forlade nyibyggeriet og gaae sin vei; Tillige forlangte jeg hans Erklæring, ang. paa hvilket sted i strækningen saa omtrent han önskede at etablere nybyggeriet, hvor stor strækning ansat til Dyrhed, efter hundreders antal, han agtede at forlange udvist, og i hvilke maaned han önskede udviisningen maatte blive foretagen; Jeg giorde ham derhos opmærksom paa, at da flere af de tilstödende boigdelaug, efter hvad mig herom er bekjendt, prætendere en udisputerlig brugs – og maaske Eiendoms-ret over Ödestrækningen, saamaatte dette foranledige, at jeg om Sagen forelöbigen behövede at brevvexle med vedkommende Övrighed, og at fölgen heraf atter vilde blive den, at Udviisning i Strækningen, formedelst Tidens korthed, ikke kunde foretages i næstk(ommende) fardag, da Sneen maaske ei heller inden var fuldstændigen optört af markerne det ellers forudsat, at heri ei skulde möde nogen anden Vanskelighed.

J anleeding heraf har jeg nu modtaget fra ham ligeledes medfölgende Skriv af 8. f.m., med bilag, hvori han erklærer, at det er hans faste forsæt, efter erholdte Tilladelse, at anlægge ovennævnte nybyggeri, og at det derfor er hans Önske, hvis forhindringer ikke skulde indtræffe, at ham, ved næstk(ommende) St. Hansdag maa blive tildeelt, ved en besigtelses og Udviisningsforretning, en Strækning med paasat Dyrhed af 24 hndr., men paa hvilket sted i Langevatnsdal, det kan han endnu ikke bestemt upgive, da han i næstk(ommende) foraar selv agter nærmere at besee Strækningen.

Jeg tör forudsætte, at hr. sund af Embeds-papireene vil kunne erfare at der i aaret 1810 af et par folk blev stiftet nyebyggeri, i oftnævnte Langevatnsdal, der efter de her beroende offecielle oplysninger, maa antages udeelt at han höre under Deres Juresdiktian, ligesom de nok ogsaa, af sagkyndige og paalidelige mænd i Deres Naboelaug, vil kunne erholde kundskab vm, at dette nybyggeri snart ophörte, med et tildeels jammerligt udfald, og at intet andet, end bekostning og vidtlöftighed, blev fölgen deraf. Siden denne Tid er det flere gange kommet i omhandling, efter indkomne Reqvisitioner fra vedkommende til amtet, at anlægge nybyggeri, i tidtnævnte strækning. Men De vil ogsaa af Embedspapiirene erfare, at herimod have været giorte Jndsigelser, af Deres formænd i embedet, navnligen af sund E. Sverresson, med skr(iv) af 16. Mart. 1832 og 11. Martz 1833, samt af Sysselmand Lund, med Skr(iv) af 16. Juni 1845, hvorfor, min sag fornemmel. fordi nybyggerie Reqvirenterne selv opgav sit forehavende, det heri ei kan til noget nærmere

Resultat. Det kan vel ikke nægtes, at forberörte Jndsigelser for saavidt fortjene nogen Opmærksomhed, som det er Jndlysende, at ethvert nybyggeri i Langavatnsdal vil blive til en större eller mindre fortrængsel, for al tilstödende böigdelaug, som til græsgange om Sommeren have afbenyttet denne Ödestrækning (der i fordums dage dog skal have været beboet) fra umindelig Tid.

Alligevel indseer jeg ikke at forberörte Jndsigelser kan være at tillægge en saa stor vægt, at man ene og alene derfor, endog lige imod forordningens, saavel udtryk som aand, nu skulde nægte forbemelte Josaph Johnesen, adgang til at etablere det af ham paatænkte, nybyggeri, især da han, med de indsendte attester fra vedk(ommende) Præst og Repstyrer, kan ansees at have tilstrækkeligen godtgiort, at han, til et saadant anlæg præsumtivt besidder fornöden Dygtighed og derhos er i meget gode familie og formues Vilkaar.

Forinden jeg imidlertid heri fatter nogen nærmere beslutnng, og meddeler Josaphat det forlangte Svar, har jeg ikke vilde undlade hermed at udbede mig heri sund ytteringer over Sagen meddelte, ogsaa i henseende til, paa hvilken Tid, saa omtrent, i indev(erende) aar, De troer Dem at ville blive i stand til, at udföre den reqvirerede og ellers fornödne, Udviisnings- og Taxations-forretning i Ödestrækningen.

Hvad selv forretningens Udförelse og den forelöbige fremgangsmaade derved, ellers nærmere angaaer, da har jeg troet strax hermed at burde meddele Dem, til Eftersyn, dem her beroende gjenpart, af dem udviisningsforretning, som af sund Ottesen blev foretagen i 1810, efterdi denne forretning forekommer mig at være saa formelig og udfört med en saa god Skjönsomhed, at samme nok kan afbenyttes, som etslags Rettesnor, ved nærværende Leilighed; Jkkun er jeg af den formening, at endskjöndt den i f(o)r(ordningen)s 4 §, der egentlig synes at være herhenhörende, bestemte Jndvarslings maade, nu ikke kan være at anvende, saa vil det dog være fornödent, at forretningens afholdelses-tid og sted, med et analogiskt hensyn hertil offentl(ig) bekjendtgiöres en rum Tid i forveien, enten paa vedk(ommende) mandtalsthinge, eller med særskilte skrivelser til Repstyrerne i de paagieldende Communer, samt i hvilketsomhelst af disse Tilfælde, for Repstyreren i Hördudals Rep (der stöder til Langavatnsdal fra den nordre side) inden Dale Syssel.

Med Deres svar, om mueligt med den tilbagegaaende Post, önsker jeg bilagene tilbagesendte, med undtagelse af nysbenævnte forretning hvis De indtil videre skulde önske at beholde samme til nærmere erintuel afbenyttelse.[465]

465 Skjal nr. 2(210) a-b.

Þann 9. mars 1849 skrifaði sýslumaður Borgarfjarðarsýslu amtmanni Vesturamts bréf vegna óska Jósafats Johnsens um að stofna nýbýli á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

> I gunstbehagelig Skrivelse af 10de forrige Maaned har Deres Hóivelbaarenhed for langt mine Yttringer angaaende et, af Bonde Josaphat Johnsen af Bæ í Reykhole Rep inden Bardastrands Syssel, indgivet Andragende, hvori han anholdis om, at det maatte vorde ham tilladt at etablere et Nybyggeri i Ødestrækningen Langevatnsdal her i Jurisdictionen, og at ham i saa Henseende maatte ved en Lovlig Udvisnings- og Taxationsforretning vorde der udvist et Stykke Land af omtrent 24 hndr. Dyrhed, ligesom Deres Höivelbaarenhed har befalet mig at opgive, paa hvilken Tid saa omtrent i indeværende Aar, jeg troede mig i Stand til at kunne udföre denne Forretning, m.m.
>
> I denne Anledning tillader jeg mig da underdanigst at bemærke Fölgende: Jeg kan ikke andet, end ansee, at de Indsigelser, der gaar udpaa i Almindelighed at ville forhindre ethvert Nybyggeri paa förnævnte Ødestrækning, maa være intetsigende, da de, ligesom Deres Höivelbaarenhed har bemærket, ligefrem vilde stride imod Fd. 15de April 1776, saavel dens Udtryk som Aand. Desuden antegr jeg, at det vilde være meget önskeligt, at denne – efter mit Skjönnende – meget græsrige Ødestrækning, som jeg truer, at til ingen Nytte ligger öde, blev optagen igjen til Rögtning og Beboelse af duetige Mænd, og som have uplettet Rygte, og da Andrageren, ifölge de af ham producerede Attester, maa antages at besidde disse Egenskaber, saa troer jeg mig aldeles uberettiget til, at gjöre nogen Indsigelse imod, at ham bliver meddelt den attraaede Tilladelse. – Dagen, paa hvilken jeg skal foretage Udvisningsforettningen tillader jeg mig herved underdanigst at fastsætte Fredagen, den 22de Juni næstkommende, og skal jeg paa næstafholdende mandtalsthing her i Jurisdictionen bekjendtgjöre det intenderede Nybyggeri, samt anmode Repstyreren i Hördudalur inden Dala Syssel om, at bekjendtgjöre det sammesteds; hvilken almindelige Forudbekjendtgjörelse vist maa tillægges samme virkning imod Indvaanerne af de Reppe, hvori samme foregaaer, som den i Fd. omtalte bekjendtgjörelse [strikað yfir: smaade, þ.e. seinni hluta orðins bekjendtgjörelsesmaade] igjennem Althingsbogen, navnlige, hvis Langevatnsdalen kunde fraregne til de i Fd. § 5 omtalte Ødestrækninger. – Derimod forekommer det mig meer tvivlsomt, om ikke Eiermændene, efter de paa disses vegne Beboerne, af de nærmestliggende Gaarde, ikke burde desuden spesielt og paa en formelig Maade instævnes for at möde under Forretningen, og der fremkomme med deres Indsigelser imod samme, m.m., hvis de havde nogle. Imidlertid maa det dog formentilgen være Reqvientens egen Sag at afgjöre, om han anseer saadant nödvendigt for at bebygge den Eiendomsret, som han vil erholdes over det Stykke Land, som ham maatte vorde udvist, og i saa Fald træffe de

dertil fornöden Foranstaltninger, da Forretningen vist ligefaldt kan foregaae, hvad enten denne specielle Indstævning finder Sted eller ikke. –

De medfulgte Bilage remitteres hermed underdanigst, med Undtagelse af Udvisningsforretningen, som jeg tillader mig, ifölge Deres Höivelbaarenheds Tilladelse, for det förste at tilbageholde.

Hjardarholte, den 9de Marts 1849

Jon Petursson[466]

Þann 25. mars 1849 skrifaði amtmaðurinn í Vesturamti bréf til sýslumannsins í Mýrasýslu varðandi beiðni Jósafats Johnsens um að reisa nýbýli á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

J det af hr. sund, i behagel(ig) skr(iv) af 9[da] d. m. yttrede, ang. et af bonden Josaph. Johnsen af Bæ i Reykhole Rep, inden Bardestr(and) S(yssel) i indev(erende) aar, intenderet nyebyggeri i Ödestrækningen Langevatnsdal, og den fremgangsmaade, som fra Övrighedens side forelöbigen vil være at iagttage herved, er jeg aldeles mig, paa det nær, at den af dem berörte, specielle Jndvarsling, til et overvære Udvisnings og Taxerings-forretningen, for de Ödestrækningen tilgrændsende Lods-eiere, synes at være overflödig, i alt fald mindre fornöden, naar disse vedkommende blive specielt advarede, i den bekjendtgiörelse, som publiares paa vedk(ommende) næstholdende mandtalsthinge, om at endeel af Strækningen, i indev(erende) aar, vil ved offentlige foranstaltning, blive udviist til bebyggelse.

J henhold hertil, samt i forbindelse med min Skrivelse til dem af 10. f. m., maa jeg tjenstl(igt) have hr. sund anmodet om, behagel. at ville til den af dem allerede fastsatte Tid, eller den 22. Juni næstk(ommende) afholde ovennævnte Udviisnings og Taxerings forretning og derved nöiagtigen iagttage de i f(o)r(ordningen) af 15. Apr. 1776 indeholdte, herhenhörende, forskrifte, samt naar forretningen er udfört, at indsende samme beskreven hertil, tilligemed en af dem verifearet dansk oversættelse.

J henseende til de af forretningen flydende Omkostninger, da forventes en Regning derover indsendt in duplo, til videre foranstaltning, efter nysbenævnte f(o)r(ordnings) 8 § og de ellers nærmere befindende, med sagen forbundne omstændigheder.

Til Slutning tilföies, at jeg, under d.d. har underrettet ovennævnte Josaphat om den til forretningens afholdelse fastsatte dag, for at han, i behörig Tid, kan indfinde sig, for at paasee sit Tarv under forretningen, hvarimod jeg ikke nærmere har yttret mig, ang. de ham som nybygger, overeensstemmende med forredningen tilkommende Rettigheder og friheder, da saadant for endeel dog mueligen vil komme an paa udfaldet af forretningen, ligesom det og siden, naar nyibyggeriet er kommet i stand, vil være nærmære at afgiöre, til hvilket

[466] Skjal nr. 2(222) a-b.

> Thingsogn og Præstekald samme beqvemmeligst vil være at henlægge, og dette maaske igjen dependere deraf, paa hvilket sted i Ödestrækningen nyibyggeriet anlægges.[467]

Þann 25. mars 1849 skrifaði amtmaður Vesturamts bréf til Jósafats Johnsen varðandi beiðni hans um byggingu nýbýlis á Langavatnsdal. Ákveðin var dagsetning útmælingar. Í bréfinu segir:

> J tilefni af bréfi ydar, fra 8. Janr. þ. a., snertandi ósk ydar og áform, ad mega stofna nýbýli á fjall-lendunni Lángavatnsdal, læt eg ekki hiá lída, efter ad hafa skrifast á um þetta vid Syslumannin i Mýra og Hnappad(als) Syslu, hérmed ad géfa ydur tilvitundar, ad hann hefur ákvardad föstudaginn þ. 22. Juni þ. a., til ad ávísa og meta ydur til handa, svo mikid af fjall-lendunni, sem svarar til 24 hndr. ad dýrleika, hvaraf leidir, ad þér í tækan tíma þurfid siálfur, eda annar madur i ydar stad, med tilhlýdilegri fullmagt, ad mæta, til ad giæta ydar hagsmuna vid avísunar og Taxerings giörninginn. Hvad ad ödru leiti snertir lögbodin réttindi sem veitast þeim er stofna nýbýli hér í landi, þá læt eg ad svo stöddu nægia einungis ad benda ydur til Tilskip(unar) af 15. Apr. 1776, um þesskonar málefni.[468]

Á manntalsþingi að Dýrastöðum í Norðurárdal þann 31. maí 1849 var upplesin auglýsing um að Jósafat Johnsen hafi óskað sér útmælt land á Langavatnsdal til að reisa þar nýbýli.[469]

Á manntalsþingi að Eskiholti þann 2. júní 1849 var upplesin auglýsing um að Jósafat Johnsen hafi óskað sér útmælt land á Langavatnsdal til að reisa þar nýbýli.[470]

Á manntalsþingi að Smiðjuhóli í Álftaneshreppi þann 4. júní 1849 var upplesin auglýsing um að Jósafat Johnsen hafi óskað sér útmælt land á Langavatnsdal til að reisa þar nýbýli.[471]

Á manntalsþingi að Lækjarbug í Hraunhreppi þann 6. júní 1849 var upplesin auglýsing um að Jósafat Johnsen hafi óskað sér útmælt land á Langavatnsdal til að reisa þar nýbýli.[472]

Á manntalsþingi að Kaldárbakka í Kolbeinsstaðahreppi þann 8. júní 1849 var upplesin auglýsing um að Jósafat Johnsen hafi óskað sér útmælt land á Langavatnsdal til að reisa þar nýbýli.[473]

Þann 22. júní 1849 fór sýslumaður ásamt fjórum bændum á Langavatnsdal til þess að úthluta landi fyrir nýbýli handa Jósafat Johnsen. Jósafat var einnig mættur og nokkrir fleiri bændur sem áttu lönd aðliggjandi nefndum dal. Eftir að Jósafat hafði skoðað sig betur um kvaðst hann vilja falla frá þessu „fyrirtæki sínu, þar ýmis

[467] Skjal nr. 2(211) a-b.
[468] Skjal nr. 2(212) a-b.
[469] Skjal nr. 2(272) a-b.
[470] Skjal nr. 2(273) a-b.
[471] Skjal nr. 2(274) a-b.
[472] Skjal nr. 2(275) a-b.
[473] Skjal nr. 2(276) a-b.

vankvæði væri á fyrir sér að fara þangað, og kvaðst ekki heyrða um að landið yrði sér útmælt.“ Vegna þessa var hætt við útmælinguna.[474]

Í sóknalýsingu séra Ólafs Pálssonar í Stafholti á Stafholts- og Hjarðarholtssóknum frá árinu 1853 segir m.a.:

> 38. *Eyðijarðir* má telja: Borg[475] og *Hafursstaði* sem tjást verið hafa á Langavatnsdal […].[476]

Þann 11. apríl 1867 birti Halldór Bjarnason auglýsingu, dagsetta 11. mars 1867, í Þjóðólfi. Auglýsingin hljóðar svo:

> Hér með gjöri eg heyrum kunnugt, að eg áforma, lofi guð, að reisa bygð á Lángavatnsdal í Mýrasýslu, í eyðilandinu á sunnanverðum dalnum, frá neðra Skógarmannagili að neðan inn að Víðidal, með fullum nýbýlisrétti. því aðvarast þeir hér með (ef nokkrir kynni að vera) sem þæktist á einhvern hátt hafa rétt til að hindra þetta mitt áform, að gefa sýslumanninum í Mýrasýslu það til kynna innan 6 vikna frá birtíngu þessarar auglýsingar, annars mun landið verða mér útmælt eptir áðr sögðum rétti.
>
> Litlugröf í Borgarhrepp 11. marz 1867.
>
> Halldór Bjarnason.[477]

Halldór Bjarnason skrifaði sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu bréf, dagsett 3. september 1873, vegna áforma sinna um að reisa nýbýli á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

> Tilefnið að eg rita yður Velborni herra Sýslumaður línur þessar er það að nú fyrir nokkrum árum lýsti eg því yfir í blaðinu Þjóðólfi að eg hefði í higgju að reisa bigð á Langavatnsdal með fullum nybilisrjetti og bauð þar í hvorjum þeim er þæktist á einhvörn hátt geta hnekt rjetti mínum til þessa fyrirtækis að gjefa sig fram með mótmæli ynnan 6 (mánaða) vikna frá byrtíngu auglýsíngarinnar. Nú hafa en í dag engin mótmæli komið fram móti rjetti mínum til þessa fyrirtækis, verð eg þvi að álíta að sá landspartur á Langavatnsdal sem eg auglýsti í aður nefndu blaði standi mjer enn frítt fyrir, sem frá ómunatíð í kalda koli, yfirgefin eign, og einkismanns eign, og eg hafi því fyllsta rjett til samkvæmt tilskipuninni af 15. April 1776 að óska þess, að mjer verði mælt þar út land til nýbilis, samkvæmt nefndri tilskipun með sjerlegu tilliti til hennar 5. greinar og 11. greinar samanborinnar við 9. grein auk annara fleiri.
>
> Hjer af flýtur því að eg undirgjefnast vil leifa mjer að óska að yður velborni herra Sýslumaður mætti þóknast að mæla fram með því við Amtmanninn yfir vestur amtinu, að hans Hálvelborin heitum mætti þóknast hið fyrsta að

[474] Skjal nr. 2(277) a-b.
[475] Þar var nýbýli fyrir tæpum mannsaldri síðan, en lagðist niður af örbirgð.
[476] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 68.
[477] Skjal nr. 4(124).

hentugleikar leifa, að skipa svo fyrir að mjer verði útmælt land á sunnanverðum Lángavatnsdal til nýbilis á svæðinu frá Skógarmannagili ynnað Viðidal með þeim rjettindum sem lög þar um ákveða.

Litlugröf 3. Sept. 1873

H. Bjarnason

Velborni Herra Sýslumaður E. Th. Jónassen[478]

Þann 15. september 1873 skrifaði sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu bréf til amtmannsins í Vesturamti vegna áforma Halldórs Bjarnasonar um að reisa nýbýli á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

Hérmeð leyfi eg mér þénustusamlegast að senda Hinu Háa amti meðfylgjandi bréf frá Halldóri bónda Bjarnasyni á Litlugröf um að hann megi fá útmælt land á Langavatnsdal til nýbýlis samkvæmt tilskipun 15. apríl 1776, og hefir hann beðið mig að mæla fram við amtið með því að hann fái þessa beiðni sína uppfyllta.

I tilefni af þessu vil eg leyfa mér, að taka það fram, að eg er öldungis ókunnugur hvernig hagar til á Langavatnsdal, því eg hefi aldrei komið þar, en kunnugir menn hafa sagt að þar væri grösugt og byggilegt land, enda hefir þar áður verið byggð, en sem lagðist í eyði þegar hinn svo nefndi „svarti dauði" geysaði hér um land. Nú sem stendur er Langavatnsdalur að nokkru leyti brúkaður sem afréttarland Borghreppinga, en þess skal þó hér getið, að þeir fyrir nokkrum árum keyptu land af Stafholts kirkju, er þeir almennt brúka sem afréttarland svo eg ímynda mér að Borghreppingar ekki með gildum ástæðum geti haft á móti því að einn maður reisi byggð í Langavatnsdal.

Skrifstofu Mýra og Borgarfjarðarsýslu 15. september 1873

E.Th. Jónassen

Til Amtmannsins í Vesturamtinu[479]

Þann 27. september 1873 skrifaði Halldór Bjarnason bréf til amtmannsins í Vesturamti vegna fyrirhugðrar byggingar nýbýlis á Langavatnsdal. Í bréfinu segir:

Með bréfi dagsettu 17. þ.m. hefir Syslumaðurinn i Mýrasyslu tilkint mjer að hann hafi ritað yður hávelborni herra viðvikjandi biggíngar áformi mínu á Langavatnsdal samkvæmt því sem eg auglýsti í blaðinu Þjóðolfi 11. april 1867 Nr. 24. Þar sem nú sýðan i næstum 6 ár hafa engin veruleg mótmæli komið á móti þessu áformi mínu vonast eg því fremur eptir að yður Havelborinn heitinn mætti þóknast að gjöra þá ráðstofun til hlutaðeigandi Sýslumans hið fyrsta hentugleikar leifa að hann útmæli mjer meir eða minna af til nefndu landi, og vegna kringum stæða minna þækti mjer æskilegast að svar yðar Hávelborin heita gjæti komið híngað með þeim manni sem færir yður þetta bréf, því nú bráðum fer eg hjeðan heim og þá gjæti eg fært bréf

[478] Skjal nr. 2(217) a-b.
[479] Skjal nr. 2(216) a-b.

yðar um þetta efni strax til Syslumannsins, svo að ef vel gengi, að eg gjæti eitthvað greitt fyrir mjer með byggingu í haust á Langavatnsdal.

Af því eg var svo óheppinn næstliðin laugardag að géta ekki náð viðræðu við yður Hávelborin heit, þá verð eg í fljótu máli að gjeta þess hjer að syðan eg auglýsti nefnt áform mitt í Þjóðólfi hafa engin mótmæli komið fram til viðkomandi Syslumanns nema að því leiti að sveitarbræður mínir nefnil(ega) Borghreppíngar hafa við hann látið í ljósi ömun við þessari biggingu, vegna þess að þeir hafi lagt það í vana að reka þángað afrjettarpening sinn, en eptir mínum skilningi á löggjöfinni af 15. april 1776 géta ~~slíkar~~ þessleiðis viðbárur aungan vegin hamlað slíkri biggingu og sjest það meðal annars ljóslega af nefndrar tilskipunar 5. greinar síðari parti og líka eiga hjer vel við sýðurstu orð annarar greinar sömu tilskipunar nefnil(ega) „það er vor allra naðugasti vilji að landið skuli ekki fyrir misbrúkun í auðn liggja,“ en allir sja að það er misbrúkun að stóð og annar fjallapeningur spilli á ymsan hátt jarðvegi á jafn ágjætu eingi og á Langavatnsdal svo engin getur fært sjer verulega í nyt, svona óvarið, í staðin fyrir að rækta og verja tún og engjar og stunda veiði í vatninu, sem að minni meiningu gjæti allt ágjætlega borgast þeim sem ræktaði. Þess utan vil eg gjeta þess að Borghreppingar eru, hvað afrjettarlönd ahrærir, betur farnir en flestir aðrir þar sem þeir hafa (að mig minnir) keipt árið 1852–53 ágjætt afrjettarland frá Stafholtskyrkju sem nú sjest glöggt i vicitasjubók Herra Biskupsins. Auk annara ítaka sem vissir Bæir í Borgarhreppi eiga í afrjettinni nefnilega Svignaskarð og Galtarholt sem sjá ma í máldagabókum við Biskupsdæmið. Að svo mæltu fel eg mál þetta yðar hávelborin heita góðu forsjá til meðferðar og svo fljótrar urlausnar sem faung eru á.

Staddur á Bræðraparti 27. Sept. 1873.

H. Bjarnason frá Litlugröf

Til Herra Amtmanns yfir Vesturamtinu B. Thorbergs[480]

Þann 4. október 1877 sendi sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu reikning til amtmannsins í Vesturamti vegna fyrirhugaðrar útmælingar á nýbýli á Langavatnsdal fyrir Halldór Bjarnason. Þar segir:

Hérmeð leyfi eg mér að senda yður, Hávelborni Herra amtmaður, reikning yfir kostnað við ferð mína í Langavatnsdal til þess að mæla þar út land handa Halldóri Bjarnasyni áður á Litlugröf í Mýrasýslu nú á Hörðubóli í Dalasýslu samkvæmt fyrirmælum amtsins í bréfi dags. 30. sept. 1873 og vil eg jafnframt geta þess, að Halldór, sem í vor, þegar hann krafðist af mér útmælingar, var staðráðinn í því að reisa byggð á téðum dal, þegar eg eptir beiðni hans með 4 tilkvöddum mönnum kom á Langavatnsdal 30. júní þ. á. lét í ljósi að hann nú væri hættur við þetta áform sitt og óskaði því engrar útmælingar.

[480] Skjal nr. 2(215) a-b.

Reikningur þessi sem er að upphæð fyrir ferð mína og þeirra 4 manna, sem eg kvaddi með mér til ferðarinnar, 40 krón., óska eg að amtinu mætti þóknast að sjá um að eg fengi útborgaðan og að upphæð hans megi koma uppí eptirstöðvar af jafnaðarsjóðsgjaldi af Mýrasýslu 1877.

Skrifstofu Mýra og Borgarfjarðarsýslu h. 4. oktober 1877.

E.Th.Jonassen

Til Amtmannsins í Vesturamtinu[481]

Þann 13. nóvember 1877 skrifaði landshöfðinginn yfir Íslandi bréf til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu vegna kostnaðar við fyrirhugaða útmælingu á nýbýli á Langavatnsdal fyrir Halldór Bjarnason, en hann hafði hætt við áform sitt um nýbýlið á síðustu stundu þannig að útmæling fór ekki fram. Í bréfinu segir:

Í brjefi frá 6. þ. m. hafið þjer herra amtmaður skýrt mjer frá að Halldór nokkur Bjarnason á Litlu Gröf í Mýrasýslu hafi 30. septbr. 1873 útvegað skipun amtsins til þess að sjer yrði útvísað land til nýbylis í Langavatnsdal samkvæmt tilsk(ipun) frá 15. apr. 1776. En þegar útvísun þessi átti fram að fara 30. júní þ. á. og sýslumaðurinn með tilkvöddum mönnum var kominn þangað, sem nýbylið átti að stofnast, hafi beiðandinn lyst yfir því að hann væri hættur við áform sitt, og hafi þessvegna engin útvísun framfarið. Sýslumaðurinn hefir samt óskað sjer útborgað fullt gjald úr landssjóði fyrir þessa útvísun samkvæmt 8. gr. hinna nefndu tilskipunar, og hafið þjer lagt beiðni þessa undir úrskurð minn um leið og þjer takið fram að tilskipunin hafi ekki gjort beinlínis ráð fyrir því, sem hjer hafi átt sjer stað, að hlutaðeigandi tæki aptur beiðni sína um að fá útvísað nýbyli, en að umtalsmál geti orðið um að heimfæra á þetta tilfelli ákvörðun tilskipunarinnar um borgun fyrir nýbýlisgjörð, þegar nýbylið verður ekki vegna einhverra mótmæla útvísað, en samt virðist næst að álíta, þegar eins stendur á og hjer, að beiðandinn eigi að greiða sjálfur kostnaðinn, og að hann ekki geti heimtað, að kostnaðurinn sje greiddur úr opinberum sjóði, og þá geti jafnvel komið til tals, að skoðunarmönnunum og sýslumanni beri fullt gjald fyrir gjörðina, einsog útvísunin hefði farið fram.

Fyrir því skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiníngar og til birtíngar fyrir hlutaðeigendum, að jeg er yður samdóma um, að beiðandanum beri að greiða sjálfum kostnaðinn við hina áminnstu gjörð.

Hilmar Finsen

Til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu[482]

[481] Skjal nr. 2(214) a-b.
[482] Skjal nr. 2(213) a-b.

Árið 1896 skrifaði Brynjúlfur Jónsson greinina „Rannsókn nokkurra eyðibyggða í Mýrasýslu sumarið 1895“ í *Árbók hins íslenzka fornleifafélags.* Þar er m.a. fjallað um eyðibyggð á Langavatnsdal:

> I. Langavatnsdalur
>
> Í jarðabók Árna Magnússonar eru nefnd þrjú eyðibýli á Langavatnsdal, Borg, Vatnsendi og Hafurstaðir. Auk þess nefna munnmæli Hurðarbak, Torfastaði og Sópanda. Er sagt að Borg hafi verið kirkjustaður dalbúa, og hafi þar þjónað prestur frá Hítardal. Einn þeirra, er Guðmundur hjet, varð úti á Gvendarskarði, er hann fór heim frá messu á annan í jólum. Það skarð liggur milli Hafradals sem er afdalur norðvestur úr Langavatnsdal, og Þórarinsdals, sem gengur upp af Hítardal.
>
> Um eða eftir aldamótin 1800 var bærinn Borg á Langavatnsdal byggður upp. Það gerði karl einn er Sæmundur hjet og bjó þar fáein ár með konu sinni og einni dóttur; hjet hvortveggja Guðrún. Þau voru fátæk. Eldur dó hjá þeim um vetur; ætlaði karl að sækja eld að Grísartungu — sem er næsti bær og [svo] þó langt frá — en villtist fram á Staðartungur og varð þar úti. Þær mæðgur urðu bjargarlausar um vorið; stálu þær þá hesti frá Tungu í Hörðudal og átu. Það komst upp; voru þær þá færðar sýslumanni en kotið lagt í eyði.
>
> Þann 21. júlí 1895 fór jeg að skoða Langavatnsdal. Til fylgdar hafði sjera Jóhann í Stafholti útvegað mjer Jón bónda Guðmundsson á Valbjarnarvöllum, er hann vissi kunnugastan, fróðastan og mest hneigðan fyrir að athuga fornleifar, af þeim mönnum er þar var kostur á. En hjer var, því miður lítið að sjá. Við skoðuðum alla þá staði, sem munnmæli benda á, að bæir hafi verið, og aðra þá staði, sem okkur þóttu líklegir til þess eftir landslagi. En hvergi var að sjá neinar leifar fornra bæja. Tóftin eftir kotið var hið eina, sem sýndi, að þar hefði menn búið nokkurn tíma. Rústir hinna fornu bæja, allra nema Borgar, eru án efa horfnar í skriður, sem þar eru víða. Á Borg hefir kotið eyðilagt rústina.
>
> Mjer þykir samt eiga betur við að tala nokkuð um hvert bæjarnafnið fyrir sig; og verður þá fyrst að geta þess, að Langavatn tekur yfir allt undirlendi i suðurhelmingi dalsins, svo þar hafa aldrei bæir getað verið, nema ef til vill á Baulárvöllum, sem liggja í litlum afdal, austur frá suðurhorni vatnsins. Þar hefir verið fagurt og byggilegt, en engin sjást þess merki og engin munnmæli geta þess, að þar hafi bær verið.
>
> *Vatnsendi* á að hafa staðið undir vesturhlíð dalsins fyrir innan vatnsendann. Þar eru miklar skriðu breiður.
>
> *Hafurstaðir* eiga að hafa staðið við minnið á Hafradal. Sjálfur er dalurinn þröngur og undirlendislaus. Á rennur fram úr honum, og hefir hún brotið burtu sljetta velli, sem verið hafa við dalsmynnið, svo nú er að eins lítið eftir að þeim.

*Borg* á að hafa staðið á sjerstökum hól austan megin í dalnum, litlu neðar en móts við Hafradal. Þar er nú tóft kotsins, en allar aðrar byggðarleifar horfnar.

*Hurðarbak* á að hafa verið í hvarfi litlu skammt fyrir innan Borg. Þar sjást engar rústir, og mun gil hafa sljettað yfir þær.

*Torfastaðir* er óvíst hvar veirð hafa. Jón hafði ekki heyrt nein munnmæli um það.

[…]

*Sópandi* á að hafa verið undir múlanum milli Sópandaskarðs, - er liggur norður úr dalnum, - og Víðdals, er liggur austur úr norðurenda hans. Lækur kemur þar ofan úr Sópandaskarði um gljúfur djúpt, og er líklegt að bærinn hafi verið þar nálægt sem lækurinn kemur, fram úr gljúfrinu. Nákvæmar er ekki hægt að gizka á það. Þó segja Hörðdælir, að Sópandi hafi staðið undir Þrúðufelli, uppi í skarðinu; en það er ólíklegra, og sjást heldur engin merki.[483]

[…]

### Athugasemd um Langavatnsdal.

Maður heitir Halldór Bjarnason, hann er nú sjötugur og blindur og dvelur á Ásbjarnarstöðum í Stafholtstungum. En áður bjó hann á Litlu-Gröf í sömu sveit. Hafði hann tekið við búi eftir foreldra sína. Hjá þeim var, á síðustu búskaparárum þeirra, sveitarkerling, er Halldóra hjet Guðmundsdóttir, fædd í Hlöðutúni 1766 […]. Síðasta ár æfi sinnar var hún hjá Halldóri, fyrsta búskaparár hans, og dó þar 1843. […] Hún sagði honum ýmislegt um Langavatnsdal, sem hún hafði heyrt: Þar hefði verið 14 bæir, er þeir voru flestir. En ekki kunni hún að nefna aðra en *Borg, Vatnsenda, Hafurstaði, Brennunes* og *Sópanda. Vatnsendi* sagði hún hefði verið vestanmegin í dalnum fyrir innan vatnið, undir fjallinu milli gilja tveggja, er þar koma ofan. *Hafurstaðir* sagði hún að hefði verið vestanmegin í dalnum fyrir innan vatnið, undir fjallinu milli gilja tveggja, er þar koma ofan. *Brennunes* hafði hún ekkert heyrt um, hvar verið hefði, en Sópandi afði hún heyrt að verið hefði undir Þrúðufelli fyrir ofan dalbotninn. Sjálfur kom Halldór oft í Langavatnsdal, og veitti eftirtekt, hvort rústir sæist þar sem kerling hafði tilnefnt. Þá er hann kom þar fyrst 1840, (unglingur hjá foreldrum sínum) sá hann þúfnabarð, þar sem kerling hafði vísað á Hafurstaði. En er hann kom þar síðar, hafði áin brotið af þessu þúfnabarði meir og meir, og 1887, er hann kom þar síðast, var það mjög svo horfið. Annað þúfnabarð, sem hann hugði rúst, sá hann innanvert við Rauðhól, sem er vestanmegin í dalnum, áfastur við Okið, það fjall skilur Hafradal frá megindalnum. Þetta varð eða rúst var upp undir Okinu, mjög óglöggt og umkringt skriðum. Gat hann til að þar hefði *Brennunes* verið. Það hafði Halldóra enn fremur sagt, að í ungdæmi sínu hefði almennt verið talið víst, að *Borg* væri sami bær sem *Torfhvalastaðir*, er

[483] Brynjúlfur Jónsson, „Rannsókn eyðibyggða í Mýrasýslu sumarið 1895“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* (1896), bls. 14 - 16.

> Landnáma nefnir. Sá bær hefði verið mestur í dalnum, en þar næst Hafurstaðir. Einnig hafði hún heyrt, að tveir bæir mundu hafa verið á *Baulárvöllum*.[484]

Í kafla um Dalasýslu í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1947 er fjallað um Langavatnsdal. Þar segir:

> *Langavatnsdalur* var áður fyrr og til skamms tíma tíðafarin leið. [...] Dalur sá er stór og grösugur. Slægjulönd eru þar allgóð. Munnmæli segja, að þar hafi verið byggð allt fram að Svartadauða frá landnámsöld, er Bersi hinn goðlausi hóf þar búskap og bjó að Torfhvalastöðum. Hitt þykir mér sennilegra, að þar hafi ekki haldizt byggð til lengdar, og víst er um það, að Staðarhraunskirkja á nautauppprekstur á dalinn þegar á 12. öld, og Hítardalur á þar upprekstrarland um miðja 14. öld, og fyrir 1400 er seld með Hrafnabjörgum sumarbeit (ítak) í Langavatnsdal fyrir 20 geldfjárkúgildi. Nefndir hafa verið þrír eða fjórir bæir, auk landnámsbæjarins, sem þar hafa átt að vera, en ekki sjást nú verksummerki þeirra. Þar sem bærinn Borg átti að hafa staðið, var reist nýbýli um aldamótin 1800, og hurfu þá síðustu leifar hins forna bæjar. Mér virðist líklegt, þar sem talað er um nautagöngu eða upprekstur á Langavatnsdal almennt, að þá hafi engin byggð verið þar, annars mundi hafa verið talað þar um afmarkað svæði eða t.d. „í landi“ ákveðinnar jarðar. Mundi það þá helzt hafa verið eyðijörð. Í Sturlungu er nokkrum sinnum getið ferða yfir Langavatnsdal, en aldrei er þar getið bæja. Sennilegt er, að byggð hafi ekki haldizt þar lengur en eitthvað á þriðju öld, eða fram yfir 1100. Nýbýlið á Langavatnsdal varð ekki langætt. Voru þar hjón með tveimur börnum. Þegar börnin voru nokkuð á legg komin, drapst eldurinn þar um vetur og fór bóndinn til byggða að sækja eld, en það er alllöng leið. Gerði þá hríð á hann, og varð hann úti. Náð var þó í eld, en þegar fram á veturinn leið, varð þar bjargarlaust. Náði þá dóttirin hesti inni í Hörðudal og slátraði honum. Komst upp stuldurinn, og var móðir og börnin bæði flutt úr dalnum og refsað, en kotið fór í eyði.[485]

Í kafla um Borgarhrepp í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar* III frá árinu 1993 er að finna umfjöllun um eyðibýli í hreppnum. Þar segir m.a.:

> **BORG.** Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns getur um eyðiplássið Langavatnsdal, sem sé almenn sögn og fyrir satt haldið, að þar hafi að fornu byggð verið og lítil sveit. Einn þeirra þriggja bæja, sem menn kunnu þá að nefna var Borg, sem átti að hafa verið kirkjustaður. Í upphafi 19. aldrar var reist nýbýli á Langavatnsdal, þar sem talið var, að Borg hefði verið. Hétu þau Sæmundur Pálssonar og Þorbjörg Sveinsdóttir, sem þar reistu bú 1811 og héldust við með ósköpum til 1814, því Sæmundur varð úti við eldssókn að Grísartungu í febrúar 1813, en Þorbjörg og dóttir hennar voru teknar fyrir

[484] Brynjúlfur Jónsson, „Athugasemd um Langavatnsdal“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* (1896), bls. 41 – 42.
[485] *Árbók Ferðafélags Íslands* (1947), bls. 22.

hrossastuld í bjargarleysi 1814. Fleiri litu björtum augum til búskapar á Langavatnsdal, þótt ekki yrði úr eins og segir í II. bindi Íslensks mannlífs eftir Jón Helgason. Bæjarhús á Borg stóðu við Langavatnsdalsá, austan árinnar, norðan við Skógarmannagil, skammt innan við vatnið.

[…]

**HAFURSSTAÐIR/HAFRASTAÐIR**. Hafursstaðir/Hafrastaðir voru meðal þriggja eyðibýla, sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir, að nefnd séu á Langavatnsdal. Eru Hafursstaðir taldir til eigna Akrakirkju í þeirri bók, en Akramenn hafi ekkert gagn haft af um langar stundir. Engin byggðamerki sáust á Hafursstöðum 1709 að sögn Jarðabókarinnar. Líklegt er, að jörðin hafi verið vestan Langavatnsdalsár gegnt Borg, en þar heitir Hafradalur og Hafradalseyrar.

[…]

**TORFHVALASTAÐIR.** Torfhvalastaðir voru býli Bersa goðlauss Bálkasonar, sem nam Langavatnsdsal, samkvæmt frásögn Hauksbókar Landnámu. Ekkert er vitað um, hvar Torfhvalastaðir voru, enda er ekki getið búenda á Langavatnsdal fyrrum nema Bersa.

**VATNSENDI.** Vatnsendi var annað býlið ásamt Borg, sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns nefnir á Langavatnsdal, þar sem byggðarleifar áttu að sjást 1709. Engar frekari sögur ganga af byggð á Vatnsenda. Ekki er vitað, hvar býlið stóð.[486]

Í kafla um afrétt Borgarhrepps í *Byggðir Borgarfjarðar* III frá árinu 1993 segir eftirfarandi um nýbýlastofnun á Langavatnsdal:

Þess má geta, að á nítjándu öldinni var byggð í Langavatndsal. Jörundur Ólafsson frá Hliði í Bessastaðahreppi helgaði sér land í dalnum árið 1810, en hóf þó aldrei búsetu þar. Sæmundur nokkur Pálsson frá Vatnsnesi í Árnessýslu kom hins vegar síðla sumars árið 1811 með konu og fjögur börn. Reisti hann býlið Borg norðan Réttamúla, gegnt Langavatnsdalsmúla, sem er vestan dalsins. Saga ábúenda að Borg snerist fljótlega í harmsögu. Sæmundur varð úti í febrúar 1813, er hann fór til Grísartungu að sækja eld. Kona hans þraukaði áfram fram á sumar 1814, en þá var hún tekin höndum, eftir að upp komst um stuld dóttur hennar á hesti í Laugardal í Dölum, en hann hafnaði í suðupottum ábúenda að Borg í harðhærinu[487]

[486] *Byggðir Borgarfjarðar III*, Mýrasýsla og Borgarnes, bls. 227 – 228. Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1993.
[487] *Byggðir Borgarfjarðar III*, Mýrasýsla og Borgarnes, bls. 384. Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1993.

### 5.5.4 Aðliggjandi og tengd svæði

#### 5.5.4.1 Ytri-Hrafnabjörg

Landamerkjabréf fyrir Ytri- og Fremri-Hrafnabjörgum í Hörðudal var útbúið 18. maí 1883 og því var þinglýst tíu dögum síðar. Þar segir:

> Landamerki milli Hlíðar og Hrafnabjarga í klett með krossi fyrir ofan Markgróf, þaðan sjónhendingu ofan í Hörðudalsá í Hrafnalá vestanverðu við Seljalandsbæinn; úr fyrrnefndum kletti upp til Kornamúlagils, sem gilið ræður að vörðu þeirri, er stendur á vestari gilbarminum á klöpp með krossi, þaðan sjónhendingu í vörðu á há Grjóthálsi, og það (sic) vestur á Vatnshól og þaðan vestur í Tvívörðuhól, þaðan sjónhending sunnan til við Lambaborg í vörðu, er stendur ofan til við klettabrún, þaðan sjónhending í Leirgróf, sem hún fellur í Hörðudalsá, þaðan ræður Hörðudalsá landamerkjum upp til móts við miðja Markgróf. Innan þessara takmarka á Seljaland engjapart fremst á Hrafnabjargaengjum ofan að rúst, er stendur á árbakkanum, þaðan þvert upp í sýkið uppundir Fremri-Hrafnabjargatún. Fjallland sem Hrafnabjörg eiga, er sem hjer greinir: fyrst úr tjörninni vestanverðri á Mjóadalsdrögum, þaðan Mjóadal allan báðu megin suður í Hrútagil, eptir Hrútagili upp í Hrútaborg, ofan á Einhamra, úr Einhömrum ofan í Langá, sem Langá ræður ofan að Hundagili, eftir fyrrnefndu gili upp á hæstu brún, eptir fjallseggjum suður á Þórulind, þaðan eptir háeggjum syðst á Urðarmúla, þaðan í fyrrnefnda tjörn á vestanverðum Mjóadalsdrögum. Eptir máldaga Hrafnabjarga af anno 1393 tuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal. Innan þessara takmarka í fjalllandinu á Laugarvatnsdal á Seljaland sambeit við Hrafnabjargabændum eptir jarðarmegni.[488]

Landamerkið var undirritað af hálfu hálfra Ytri-Hrafnabjarga, Fremri Hrafnabjarga, hálfrar Þorgeirsstaðahlíðar, Hlíðar og Snókdalseignar.

Landamerkjabréf fyrir afréttarlandi Hörðdælinga var útbúið 26. febrúar 1892 og því var þinglýst 3. júlí 1893:

> Frá Sauðarhrigg eptir mjóadalsá þar til Hrútagil fellur í hana, síðan eptir Hrútagili í Hrútagilsbotn, þaðan sjónhending í Víðidalsbotn, svo eptir Víðidalsá, þar til gil það fellur í hana, úr vestustu skál í Víðidalsmúla, eptir gilinu upp í Víðimúla, svo suðvestur á Víðimúlakoll, þaðan í áðurnefndan Sauðarhrigg.[489]

Landamerkjabréfið var samþykkt vegna Borgarhrepps, Hörðdælinga, Ytri-Hrafnabjarga og Vífilsdals.

Þann 28. júní 1918, var gerður kaupsamningur um vesturhluta Víðimúla. Í kaupsamningnum segir:

[488] Skjal nr. 2(27).
[489] Skjal nr. 2(25).

Kaupsamningur um fjallland Hörðudalshrepps. Undirritaðir fulltrúar fyrir Hörðudalshrepp í Dalasýslu og Hjörtur Sigurðsson bóndi á Hrafnabjörgum í sama hrepp gjörum svo hljóðandi kaupsamning:

Það sem selt er, er vesturhluti Víðimúla, með þeim ummerkjum er nú (skal) greinir. Frá Sauðahrygg við Mjóadalsá í hákoll á Víðimúla, þaðan eptir há Víðimúla sem vötn deila til Hrútagilsbotns; þaðan ræður Hrútagil til Mjóadalsár; þá ræður Mjóadalsá til Sauðahryggs.

[...][490]

Afsal fyrir fjalllandi Víðimúla var undirritað 22. desember 1918. Þar segir:

Með því að Hjörtur bóndi Sigurðsson á Hrafnabjörgum hefir fullnægt kaupsamningi, gjörðum 28. júní þ.á. um fjalllandið Víðimúla, og nú borgað kaupverðið 260 kr. – tvö hundruð og sextíu krónur – þá afsölum við undirskrifaðir nefndu fjalllandi Víðimúla frá Hörðudalshreppi til nefnds Hjartar Sigurðssonar, og hans erfingja, með þeim ummerkjum sem nefnd bréf greinir.

[...][491]

Kaupsamningurinn og afsalið voru þinglesin á manntalsþingi 8. júlí 1919.

Þann 15. desember 2000 var gefið út afsal Ytri-Hrafnabjörgum og því þinglýst 22. desember 2000. Þar segir m.a.:

Einnig er um að ræða sölu á eyðijörðinni Ytri-Hrafnabjörgum í Dalabyggð, ásamt tilheyrandi gögnum, gæðum og hlunnindum sem jörð þeirri fylgja. [...] Jörðinni Ytri-Hrafnabjörgum fylgir fjalllendi í Víðimúla skv. heimildarbréfi dags. 28.06.1918.[492]

### 5.5.4.2 Vífilsdalur

Landamerkjabréf Neðri-Vífilsdals í Hörðudal var útbúið í maí 1885 og það þinglesið 28. þess mánaðar. Þar segir:

Milli Fremri- og Neðri- Vífilsdalanna að framanverðu vestan Hörðudalsár er í fyrstu svokallaður Nónssteinn framan í múlanum svo eptir há Múlahrygg suður í há Hest; þaðan vestur eptir hæstu brúnum til efstu upptaka Afreksgils, sem aðgreinir Tungu og Neðri – Vífilsdalland, síðan eptir áðurnefndu gili beint ofan í Hörðudalsá. En að utanverðu austan Hörðudalsá eru landamerki við Hlíðarland svokallað Gloppugil, síðan frá Hörðudalsá upp í efsta foss í gilinu, þaðan sjónhending þvert upp miðjan gloppugilsbotn til hábrúnar móts við Bæjarland, svo fram hábrúnin eptir því sem vötn deila, svo þaðan sjónhending niður í krossmarkaðan klett norðan til við Einstigið, þaðan sjónhending ofan í krossmarkaða klöpp á Klapparholti, síðan sjónhending úr fyrrnefndri klöpp þvert yfir Hörðudalsá í efsta bug á Gulalæk, þaðan beina

[490] Skjal nr. 4(92).
[491] Skjal nr. 4(92).
[492] Skjal nr. 4(93).

> stefnu í grjóthrúgu í dýi mýrinni, svo úr fyrrnefndri grjóthrúgu í krossmarkaðan klett í Grjótkúlu upp undan mýrinni og svo þaðan í áðurnefndan Nónstein framan í múlanum. Þess utan á Neðri – Vífilsdalur frían geldfjáruppresktur í Fremra – Vífilsdalslandi og mánaðarbeit fyrir allt sitt sauðfé haust og vor.[493]

Landamerkjabréfið er samþykkt vegna Neðri–Vífilsdals, Fremri-Vífilsdal, Tungna, Hlíðar og Bæjar.

Landamerkjabréf Fremri-Vífilsdals í Hörðudal var útbúið í maí 1885 og það var þinglesið 28. þess mánaðar. Þar segir:

> Í fyrstu eru landamerki að Neðri Vífilsdalslandi vestan Hörðudalsár, svokallaður Nónsteinn framan á melunum; síðan beina stefnu úr fyrrnefndum steini í krossmarkaðan klett niður í Grjótkúlu uppundan mýrinni, svo úr þessum fyrrnefnda kletti í grjóthrúgu í dýi í mýrinni, þaðan sjónhending í efsta bug á Gulalæk, þaðan sjónhending þvert yfir Hörðudalsá í krossmarkaða klöpp á Klapparholti autanverðu árinnar, svo þaðan sjónhending þvert upp í krossmarkaðan klett norðan til við einstigið og þaðan í efstu brún sem vötnum hallar, svo fram hæstu brúnir sem vötnum hallar á móts við Neðri-Hundadalsland, svo suður Mjóagil og Háhnúka, til hæstu brúnar á heiðinni, eptir því sem vötn deila, svo fyrir Arnkelsdals og Vífilsdalbotna sem vötnum hallar.
>
> Sömuleiðis vestur Seljamúla og fyrir Rangárdalsbotn eptir svo kölluðum Kattarhrygg, allt norður í há Hest svo ofan múlahrygginn ofan í fyrrnefndan Nónstein framan í múlanum; þess utan á Neðri – Vífilsdalur frían geldjár upprekstur í Fremri – Vífilsdalslandi og mánaðar beit fyrir allt sitt sauðfje haust og vor.[494]

Landamerkjabréfið er samþykkt vegna Fremri–Vífilsdals, Neðri-Vífilsdals og Neðri Hundadals.

### 5.5.4.3 Hvassafell

Landamerkjabréf Hvassafells var útbúið 16. apríl 1885 og þinglesið 22. maí 1896. Þar segir:

> Landamerki
>
> Gilsbakkakirkjujarðar Hvassafells með hjáleigu Uppkoti og eyðihjáleigu Útkoti, liggjandi í Norðurárdal.
>
> Að austanverðu ræður gamall farvegur Bjarnadalsár í Norðurá; svo ræður Bjarnadalsá að Vesturá; Vesturá að Villingagili; svo ræður Villingagil, og úr Villingagilsbotni sjónhending í hærri fossa í Fossdalsá. Að vestanverðu ræður sjónhending úr hnausvörðu við Kerlingahólmssýki í steina og skurð beggja megin við Bænhúslág; þaðan ræður sjónhending í rúst fyrir sunnan

[493] Skjal nr. 2(74)
[494] Skjal nr. 2(75).

Mórrauðasýki og þaðan í grástein fyrir ofan Bjarnadalsá, þaðan í Breiðaskarð í Hraunsnefsöxl, þaðan í hnúk í Geldingafelli, þaðan í Fossdalsá, svo ræður hún til hærri fossa. Að sunnanverðu ráða Haukeyjasýki.

Gilsbakka 16. apríl 1895. Magnús Andrjesson.

Við ofanskrifaða landamerkjaskrá höfum við ekkert að

athuga 20. apríl 1895.

| | |
|---|---|
| 16. apríl | 20. Apr 1885 |
| Bjarni Einarsson | Þórður Kolbeinsson |
| eigandi og ábúandi | sem jarðareigandi að Dals |
| jarðarinnar Skarðshamra | -minni |

20. apríl

Árni Guðmundsson

eigandi og ábúandi

jarðarinnar Hraunsnefs.[495]

### 5.5.4.4 Hraunsnef

Landamerkjabréf Hraunsnefs í Norðurárdal var útbúið 1. apríl 1887 og því var þinglýst 20. maí 1890. Þar segir:

> Að sunnan ræður Bjarmadalsá frá ~~skurð~~ [Skurði][496] framantil við Pálsendi, útfyrir Brekkunef og þaðan sjónhending í stóran stein á holti sunnan til við nónsund, þaðan sjónhending í Setseljuvörðu á mosás, þaðan sjónhending á nyrðir barm á Kambsgili, þaðan sjónhending í fellsklauf miðja, þaðan sjónhending yfir Fanná og yfir syðri enda á fremri Grágæsahnjúk, og neðan til við tjörn vestan undir áðurnefndum hnúk, þaðan sjónhending í Fossdalsá. Að vestan ræður Fossdalsá á móts við hnúk sjónhending [í Breiðaskarð í Hraunsnefsöxl, þaðan sjónhending][497] í rauðstein sem stendur í fremsta hrauntanga, þaðan sjónhending í rúst sem stendur sunnanvert við Mórauðasýki, þaðan sjónhending í vörðu sem stendur við Uppkotsengjar. Þaðan eftir garðlagi sem liggur á milli Hafþórsstaðaengja og Hraunsnefsengja ofan að Dýseyjarkvísl, svo eftir kvíslinni til Brekkuodda, og yfir Brekkuodda eftir því sem merki sýna í sýki norðanvert við oddann, svo ræður sýkið að Bjarnadalsá, þaðan sjónhending yfir, Bjarnadalsá í áðurnefndan skurð framan til við Pálsengi. Einnig á Hraunsnef engjapart á Dysey, sem liggur eftir glöggum merkjum á milli Laxfoss part og Hamarsparts.[498]

Landamerkjabréfið er undirritað af hálfu Hraunsnefs, Borgarhrepps, Laxfoss, Brekku, Hvassafells, Hvamms og Hafþórsstaða.

[495] Skjal nr. 2(295).
[496] Leiðrétt á spássíu.
[497] Viðbót neðanmáls, skotið inn hér sbr. merkingu í texta.
[498] Skjal nr. 2(13).

### 5.5.4.5 Brekka

Landamerkjabréf Brekku var útbúið 13. mars 1886 og þinglesið 25. maí sama ár. Þar segir:

> Landamerkjalýsing fyrir Brekkulandi í Norðurárdal.
>
> Að sunnan ræður Bjarnadalsá, frá Brekkunesi vestan Selhólma að Norðurá, þá Norðurá að vörðu sem stendur framan til við Bjarnapart, að vestan, ræður sjónhending úr nefndri vörðu, yfir hraunið um holt þau er liggja fyrir vestan Brekkueyrar í vörðu ~~eyra~~ á hálsinum austan Húsadal úr þessari vörðu í klettaborg norðan til á Hestabrekkum sjónhenda í há-Fífilsdals-múla, þaðan sjónhenda yfir Fanná í Grágæsarhnjúk, sem er einstakur hnjúkur framan til á Þórise~~y~~ngismúla, af þeim hnjúk sjónhenda í Fossdalsá nálægt lægri fossum; að norðan ræður Fossdalsá móts við Tjörn norðvestan undir Grágæsarhnjúkum, að austan, ræður sjónhenda úr Fossdalsá yfir áðurnefna Tjörn um syðri enda á fremri Grágæsarhnjúk yfir Fanná í klauf á Geldingafellum, þá sjónhenda úr miðri klaufinni í nyrðri barm á Kambsgili, þaðan sjónhenda í Sesseljuvörðu á Mosaás, þaðan sjónhenda í stóran stein á holti fyrir sunnan nónsund, þaðan sjónhenda í fyrstnefnda Bjarnadalsá hjá Brekkunefi, einnig tilheyrir Brekkuoddi áfastur við Hraunsnefsengjar fyrir framan Dyseyjarkvísl, eftir því sem merki sýna.[499]

Landamerkjabréfið var undirritað af hálfu Hreðavatns, Borgarhrepps, Hvamms, Dyseyjar, Hamars, Glitstaða og Hraunsnefs.

### 5.5.4.6 Hreðavatn

Landamerkjabréf Hreðavatns í Norðurárdal er ódagsett en því var þinglýst 27. júní 1923, þar segir:

> Að sunnan, frá vörðu framantil við Bjarnapart ræður Norðurá merkjum niður fyrir 2 uppsprettur, að merkjasteini með áhöggnu letri. Frá honum eru merkin sjónhending yfir hraunið um Arnarklett í garðlag í Leiðarskarði, yfir Hreðavatn vestan við Stafholtshólmaenda vestari og í Merkjaborg þaðan vestantil við vesturenda Selvatns um norðara Ketilholt vestantil, svo eftir laut (~~vestan til~~) milli Sigmundarhlíðar og Dyngju, í Vikrafells-öxlina. – Að norðan eru merkin, úr Vikrafellsöxl í Vikravatn þá ræður Skammá, þá Fossdalsá fram að lægri fossum, um smágil í Grágæsarh[n]júkinn þá sjónhending yfir Dýjahnjúk og Fífilsdalsmúla í klettaborg uppi á Hestabrekkum. Þaðan í vörðu á hálsinum framan Húsadal, yfir holtin utan Brekkueyrar. Þaðan yfir hraunið í vörðu þá er fyrst var nefnd framanvert við Björnapart.[500]

Bréfið var undirritað um samþykki vegna Hreðavatns, Brekku, Jafnaskarðs, Borgarhrepps, Laxfoss, Svartagils og Veiðilækjar.

---

[499] Skjal nr. 2

[500] Skjal nr. 2(14).

### 5.5.4.7 Grísartunga

Landamerkjabréf Grísartungu í Stafholtshreppi var útbúið 20. nóvember 1923 og því var þinglýst 1. júlí 1924. Þar segir:

> Fyrst ræður merkjum hóll sá einstakur, sem er vestanvert við vaðið á Beilá, þvínæst sjónhending úr tjeðum hól í klif eitt auðkennilegt, sem vegur liggur eftir fyrir norðan Brúnavatn, því næst Staðarhnúksbringu og Bárðarfjallsbrúnin suður að Litluá, því næst ræður merkjum Litlaá alla leið niður eftir Grímsdal þar til hún fellur í Gljúfurá, þvínæst ræður enn merkjum að útsunnan og vestanverðu, Gljúfurá alla leið vestur í svonefndan Nautakrók, þá ræður enn merkjum Kliflækur svo nefndur, sem fellur úr Seltjörn, þvínæst ræður lækur eða lækjarfarvegur frá Seltjörn alla leið norður í Langavatn. Þá ræður Langavatn merkjum að Beilá, því næst ræður merkjum Beilá að hól þeim hinum einstaka sem upphaflega er nefndur. Norðanvert við hnúkinn, en sunnan Beilá er lítill flötur eða blettur, sem er tileinkaður Múlakoti.[501]

Var bréfið samþykkt vegna Grísatungu, Borgarhrepps, Tandrasels, Galtarholts, Beilárheiðar, Valbjarnarvalla og Múlakots.

### 5.5.4.8 Fjalllendi Álftaneshrepps

Sjá kafla 5.4.

### 5.5.4.9 Beilárheiði

Sjá kafla 5.6.

### 5.5.4.10 Staðartunga

Sjá kafla 5.7.

## 5.6 Beilárheiði

Í máldaga Steina prests Þorvarðssonar fyrir Stafholtskirkju frá 1140 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Þesse er maldage j stafs hollti. eptir þvi em Steini[2] prestr Þorvarþs son setti. Hann gaf til kirkju allt heima land […] þrir hlutir lax veiðar j þvera[3]. ker veiðe j norðr a vndir forsi[4]. land a Svarf holi ok Biarga stein. hof staðe. hof staðe. lax hollt. Skoga land hit vestra. Engi nes a strondum norðr [ok] reki með. [afrett j] vestr ardal enum eystra megin. ok middals mule allr. Biarnar dalr allr fyrir ofan mæli fells gil. selfor j þverardal upp fra kvium. hris ey a hreiþu vatne. oll ey su er þverar þing er j[1]. þræley suðr fra bildz homrom[2].
>
> […]
>
> Kirkia j staf[a]hollti a afreit j hroþr biargar dal a bac jafna skarði. skoga voll j skarþs tungu. þat rt bæt kollum kitkiu hollt. [502] [503]

[501] Skjal nr. 2(8).
[502] Skjal nr. 2(62).

Í máldaga Gyrðis biskups Ívarssonar fyrir Stafholtskirkju frá árinu 1354 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Stafhollt.

Nicholaskirkia j stafhollti ä heimaland allt með gǫgnum oc giædum. suarfhol. biargastein. hofstadi. skoga. laxhollt. einngines og reka med afreit j vestardal. biarnnardal allann. fyrir ofann melifellzgill. afreit j hrodurbjargardal. selfor j þuerärdal. hrijseẏ a hredavatnne. eẏ vid huẏtä. laxveidi j þuerä. oc ä feriubacki. j. fjiordunnginn.[504]

Í Vilchinsmáldaga Stafholtskirkju frá 1397 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Kirkia hins heilaga Nicholai j Stafhollti ꜳ heimaland allt med gognumm oc giædumm. Suarfhol. Biargastein. Hofstade. Skoga. Laxhollt. eingines oc reka med.

afriett j Westurärdal.

Biarnardal allann firir ofann Mælefellsgil.

Afiett j Rodurbiargardal[1]).

Selfǫr j Þverärdal.

Hrijsey a Roduvattni[2]).

ey vid Hvijta. Þræley.

laxveidi j Þverä. og ꜳ Feriubaccke j fiordunng.[505]

Í máldaga Stafholtskirkju frá því um 1480 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Stafhollts kẏrkiu gamall Maldage.

[...]

Kyrkian j Stafhollte á̋ heimaland allt med gǫgnum og giædum. Þessar jarder i heimalande. Svarfhő̋l. Biargastein. Hofstadi. Skő̋ga. Laxhollt. Eingenes a Strondum og Reka med. afriett j Vesturá̋rdal. middalsmula. biarnardal allann firir framan mælefellsgil. afriett i bodzbiargardal[2).]. Hrijsey á̋ Roduatne. Ey vid Hvijtá̋ sem Þverarþijng stendur j. Selfǫr á̋ Þverá̋rdal upp frá̋ Kvijum. Þriá̋ hlute veidar i þverá̋. enn feriubacka kirkia fiordung(.)

Jtem Skogarhollt i Skardstungu þad kallad (er) Kyrkiuhollt og Kyrckiutijunder af xiiij bæum og xx.[506]

Í máldaga Stafholtskirkju, sem talinn er frá árabilinu 1491-1518 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

---

[503] Síðari hluta máldagans virðist vera yngra en fyrr hlutinn, þ.e. því var bætt við síðar. Talið líklegt að það sé úr máldögum Michaels biskups (1385-1388).
[504] Skjal nr. 2(63).
[505] Skjal nr. 2(64).
[506] Skjal nr. 2(65).

Niculas kirkia i Stafhollti a heimaland allt epter þui sem Steini[1]) prestur Þorvardsson setti og gaf til kyrkiu þar. hun a Biarnardal allann fyrer ofann mælifellsgil. afriett i Hrődurbiargar dal a bak Jafnaskardi. skőga vôll i Skardztungu þad er vær kôllum Kyrkiuhollt. Selfor i Þuerắrdal vpp frá Kuijum. Hrijsey A Hreduvatni ey su er Þverắr þing er i. Þræley Sudur fra Bylzhômrum.

Laxveidi i Þuerắ ad þrem hlutum og a Feriubacki i fiőrdunginn. Kierveidi i Nordura vnder fossi. Middalsmula Allan. tijunder af 24 bæium.[507]

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Stafholtskirkju frá því um 1570 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

affriett i Vesturärdal. Biarnardal allann fyrer offann Mælefellzgil. affriett i Riodzbiargardal.[3]) selfør i Thuerardal. Hrijsey ä Breidavatne. eij vid Huijtä. Thræley. Laxveide i Thuerä og ä Feriubacke eirn fiordung.[508]

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 22. september 1639 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hun a vtan sig hejmaland allt […]. Kirkjann a Suarffhol 16 hndr. Bjargaste[in] 16 hndr. Hoffstade 16 hndr. Sköga 12 hndr. Laxhollt 16 hndr. Nedranes 16 hndr. Ejngenes A Stróndum 6 hndr. og reka med. i ejd[e]. Grijsatungu 16 hndr. i ejde, halldenn saudhuspartur 10 hndr. ad a[00] hndr. ad a[00] Affrjett i vesturärdal, Middals mula allan fyrer offan Mælefellsgil. Afrjett i Rjödzbjargardal. Hrijs a Hredavatne. Ey vid Huijtä sem kólluð er Sta[f]holltsey. Þræley sudur frä Býllshómrum. Skögholt i Skardstungu sem kallad er Kirkjuhollt og Kjerveide i Nordur a i Laxfosse effter mäldaganum [000] sie vndanhallded og þrijr hluter vejdar i Þuerä sama mäldaga og 12 Prestadome samþyctum af Øgmunde, huór bæde bref utskriffud og Insiglud ä kirkjunne i Stafhollte. Selfór i Þuerärdal [Skog] i Skorradal halfann Fossdal Nordan fram. Vej[de] alla i Möhil i Gliuffurä.[509]

Grímsdals er getið í arfskiptagerð afkomenda Helga Vigfússonar að Stóru Gröf, dags. 26. október 1640. Þar segir m.a.:

Anno 1640 Þann 26. octobris Mänadar, vorum vier Efftirlifande Börn og Erfingjar Þess fröma, Heidurlega, og i Gude burt Sofnada Manns Helga Vigfüssonar, til Samannz Kominn, i StöruGróf i Borgarfýrdi, eftir hanz fräfall og Afgäng, til Skiffta med oss, ad Sundurdeila þeim arfe og älnum, sem afgängz voru Hannz Skullda, Hver Sundur deiling medal Vor, fridsamlega frammför, ä þennann hätt: ad H. anda Adstod med oss óllum tilkalladre: I fýrstu, I Fasta eign Skickudust Snorra Helgasyne 10 hndr. i Störu Gróf, og þar med Hälft annad Kugýllde: enn af þvi Arnarhollt reindist ecke Dýrara til Arfa Skiffta enn 30 hndr. og Vier Hyggjum Grijmsdal Stafhollte tilheira, enn ecke

[507] Skjal nr. 2(66).
[508] Skjal nr. 2(67).
[509] Skjal nr. 2(117) a-b.

Arnarhollte, þä tilsógdust Halldöre Helgasÿne, ónnur 10 hndr. i ädur Nefndre Jórdu Störu Gróf […]. Agatta Helgadötter, Eignist i þessum Skifftum 2 hndr. i Mülakote, og ónnur ij hndr. i Störu Gróf.[510]

Þann 19. maí 1663 lögfesti séra Sigurður Oddsson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

Num 24

Lógfestu Copia Sra Sigurdar Oddssonar.

Þesse Mäldage Kÿrkjunnar i Stafhollte: Hün ä allt Heimaland. Þessar jardir: Svarfhöl, Biargarstein, Hofstade, Laxhollt, Nedra Nes, Nedra Sköga, Eingenes ä Stróndum, og Reka med, GrijsaTüngur, med Saudhüspartinum, Laxveide i Þverä, Kierveide i Laxfosse i Nordur ä, sem kallad er Nicolaus kier, Skögar Hollt i Skardztüngu, sem kallad er Kÿrkju Hollt, Selfór i Þverärdal, Skög i Skoradal, Hälfann Fossdal Nordannframm, Veide alla i Möhil i Gliüfur ä, Afriett i Vesturärdal, Middals Müla allann, Biarnardal allann, fÿrir framann MæleFellsGil, Hrijseij ad Hredavatne, óll Eij sü, er Þverärþijng Stendur i, Þræleij Sudur frä Bijldzhómrum. Efftir Þessum Mäldaga, Lógfeste Eg S.O.son, alla Stafholltzkÿrkju Eign, Tódur og Eingjar, Hollt og Haga, vótn og veidestade, Sköga og Reka, og allar landz og vatnz gagnsemdir, sem þessum lóndum eiga med riettu ad fÿlgia, til ÿtstu ummerkja, mötz vid adra menn, fÿrirbÿd Eg hverjum Manne, i ad Vinna, eda sier ad nÿta, nema mitt sie lof og leife til: ad vitne þÿnu etc.[511]

Fyrir liggja 12 vitnisburðir um Beilárheiði og Grímsdal frá árunum 1677-1679. Þeir hljóða svo:

Num 26.

Vitnisburdur um BeÿlaarHeide, og Grijmsdal:

Þad auglÿse Eg UndirSkrifadur, óllum þeim, mijna Vitnisburdar Medkienning siä edur heira; Ad sÿdann Eg man fÿrst til, heirde Eg ætÿd mödur mijna, Gröu Säl. Jönsdöttur, sama seigia, og bera, um hälfann Grijmsdal, ad i sijnu minne, og ä óndverdum dógum sijnum, hefde hann liedur verid og leigseldur –, af Säl. Sra Jöne Eigilssÿne, Stafholltzkÿrkjuhalldara, Ölafe heitnum Jonssÿne, sem þä var äbüande ä Arnarhollte, og ad Sra Jön Säl. hafe leigu af Nefndum Ölafe, þar fÿrer þeiged.

So hefe Eg eirninn heirt þad Sannast Halldid, um Mijna daga, og af gómlum mónnum, ad allur nefndur Hälfur Grijmsdalur, med allre Beÿlärheide, sie, og hafe verid, Eignarland Stafholltz kyrkju, og hefe Eg frä üngdöme Mÿnum hier i Stafholltztüngum uppalist, og Jafnan Innlendur verid, so Eg man til um ad bera ÿfer tuttugu är, bæde þä eg var hiä säl. Sra Sigurde Oddzsÿne vistfastur i Stafhollte, Item ä Hamraendum, Arnarhollte, og

[510] Skjal nr. 2(145) a-b.
[511] Skjal nr. 2(143) a-b.

Hlódutüne, og heirde Eg eirninn Säl. Sera Sigurd Oddsson lógfesta alla offtnefnda Beÿlaar Heide, med ódrum Fialllóndum og itókum Stafholltskÿrkju, og Sijdan brüka, og beita läta, allt ädur tied Fialland, so sem Rietta Eign Stafholltz kÿrkju.

Þessum mijnum Vitnisburde til fullrar Stadfestu, Skrifa eg mitt Nafn hier under, ad Stafhollte, Anno 1678, 11 Martij. Bärdur Jönsson med E.h.

Auglÿse Eg undirskrifadur Tumme Sigurdzson, ad eg var ätjän är vistfastur ä Biargasteine, og Fiógur är ä Stafhollte, og vissa Eg, og Heirde almennelega þä sagt og halldid, ad allur Grijmsdalur framann og utann Kietilsgil, med allre BeylaarHeide, sie, og hafe Verid, Eignarland Stafholltz kÿrkju; Eirninn geimde eg Pening Säl. Sra Sigurdar Oddzsonar, i Sele þvi, er stendur üt ä Seltungu ä Skardzheide, og var þä Alment og alltjafnt, þesse Grijmsdalur beittur undir Mälnÿtu og Pening Säl. Sra Sigurdar Oddzsonar, og visse Eg þar þä ecke adfundid af ódrum mónnum. Þessu til Stadfestu læt eg setia mitt Nafn hier undir, ad Lambastódum i Alftaness hrepp, Anno 1679. 16 Julii. I vidur vist Erlegra Manna, er sijn Nófn hier undir skrifa, i sama stad, deige og äre, sem ädurgreinir.

Tumme Sigurdsson handsalade sitt Nafn ad skrifa

Jön Marteinsson med Eh Hógne Halldörsson Eh.

Þad Auglÿse eg Undirskrifadur Biarne Þörarinnsson, med þessum mÿnum Vitnissburde, ad sÿdann eg var til lóg alldurs kominn, hefe eg af mier Elldre Mónnum heirt, og siälfur vitad, ad óll BeijlärHeide, med Hälfum Grijmsdal, være og verid hefde, Stafholltz kyrkju Eignarland, Svo heirda eg eirninn Sra Sigurd Säl. Oddzson lógfesta Offtlega, alla Nefnda BeijlärHeide, med hälfum Grijmsdal; Sómuleidis man eg, ad Fadir minn Säl. Þörarinn Tannason, tök til länz og leigu, Selstódu fÿrir framann Kietilsgil ä Grijmsdal, sem kalladist [-di, í kalladist, ofan línu] Hlódutüns Sel, af Sra Sigurde Säl Oddzsÿne, er þä var Stafholltz kÿrkju Halldare, og gallt hónum leigu Efftir.

Þessum mijnum Vitnisburde til Fullrar Stÿrkingar, Set Eg Mitt Nafn hier under, ad Stafhollte Anno 1678. 17. martii.

Biarne Þörarensson

Þad auglÿse Eg undir Skrifadur Dagur Jönsson, ad Efftir þvi Sra Päll Gunnarsson, hefur öskad af mier Vitnisburdar, Hvad Eg heirt og Vitad hafe, Sannast halldid um BeijlärHeide, er liggur bak til vid Jafna Skardsland, þä auglÿse eg óllum, er þesse mÿn Vitnisburdarord siä edur heira, ad frä þvi Eg Man fÿrst til, hefe Eg þad Sannast heirt og vitad, ad nefnd Beijlärheide óll, sie, og hafe verid, Eignarland Stafholltzkyrkju; So man Eg eirninn um ad

bera, ad Þörarinn Säl. Tannason, Brükade til Selvistar og beitar, Selstódur framann Kietilz gil ä Grijmsdal, sem Nü eru kalladar Arnarholltz Sel, og Hlódutüns Sel, og tök hann þær til heimilldar og Brükunar, af Säl. Sra Sigurde Oddssÿne, sem þä var Stafholltz kyrkjuhalldare, og gallt hónum leigu efftir; Enn med þvi eij var Elldevidar tak, þann tijma, sem Selstódum þessum fÿlgde, þä fieck Þörarinn Säl. Tannason til läns Elldevidartak, hinumeiginn Litlu är i Mülakotzlande, og þö tiedar Selstódur sieu kiendar vid Arnar Hollt, og Hlódutün, þä veit Eg ecke Rók til þess, ad þær sieu þar fyrer Eign Arnarholltz. Item var Eg Tuttugu är büande ä Jafna Skarde, og lofade säl. Sra Sigurdur Oddzson mier, offtlega ä þeim tÿmum, ad slä framm ä Grijmsdal, krijngum Sel þad, er kallad er Arnarholltz sel; So hefe eg og heirt ad þesse være landamerke BeijlaarHeidar, Innan hverra eg heirde ad lógfest hefde allt ädurnefnt land, sra Jön Säl. Eigilsson, og sra Sigurdur Säl. Oddzson, StafholltzkÿrkjuHalldarar: Litla ä rædur ad Sunnann, efftir Endelaungum Grijmsdal, Sÿdann Siönhending, sem siä mä upp ür Dalnum, og i vestra Vikravatnz enda, þä Rædur Vikravatn og ad Skammä, þä Skammä og i Beijlä, þä rædur Beijlä og i Längavatn: Þessum mijnum vitnisburde til stadfestu, leife eg, ad hier undir sie Skrifad mitt nafn, ad Hiardarhollte, Anno 1678, 3. Martii. I Vidurvist Erlegra Manna, er sÿn Nófn hier undir Skrifa – Dagur Jönsson handsal.

Sitt Nafn underskrifa, þessum vottum vid verande, er sijn Nófn undirskrifa med Eiginn hóndum, sama stad, är og dag, sem fÿrr greinir. Sigurdur Jönsson

Gunnar Ingemundarson med Eh. Þördur Jönsson

Þad Auglÿse eg Undirskrifadur, óllum þeim, þessa mijna Vitnisburdar Medkienning siä edur heira, ad sijdann eg man fÿrst til, hef eg ætijd heirt Mödur mijna Gröu Jönsdöttur, sama seigia og bera, um hälfan Grijmsdal, ad hann hafe liedur verid og leigseldur, af Säl. sra Jöne Eigilssyne, Stafholltzkÿrkjuhalldara, Olafe heitnum Jönssÿne, sem þä var äbüande ä Arnarhollte, og ad Sra Jön Säl. hafe leigu, af Nefndum Ölafe þar fyrer feingid; So hefe Eg eirninn Vitad, Säl. Sra Sigurd Oddzson, Beita läta og brüka alla BeijlärHeide, so sem Rietta Eign Stafholltz kÿrkju, um allann þann tijma eg hefe hier i Sveit verid, og i Stafhollte Heimilsimadur, hiä Säl. Sra Sigurde Oddzsÿne, hvad ad reiknast: 12 är ä Hamraendum, 2 i Arnarhollte, 2 i Hlódutüne, Hitt þad umframm er Æfe minnar, hefe eg hier i þessum Hrepp vistfastur verid, Og so heirde eg Säl. Sra Sigurd Oddzson, nefnda BeijlärHeide Hallda Stafholltz kÿrkju Eignarland, fullkomlega; þar med heirde eg Säl. sra Sigurd Oddzson, Lógfesta Offtnefnda, alla Beijlärheide, med ódrum Fialllóndum og Itókum Stafholltzkÿrkju.

Þessa Mÿna medkienning Handsala eg Sra Päle Gunnarzsÿne Ingra, og þar med Skrifa eg mitt Nafn hier under – ad Biargasteine, Anno 1677. Þann 26. Martii. Bärdur Jönsson meh.

Þad giórum vid undir Skrifadir kunnugt, med þessare Ockar eiginn handskrifft og Vitnisburde, ad vid heirdum Gröu Jönsdöttir, so fellda lÿsing og vitnisburd giefa og handsala Sra Päle Gunnarssÿne Ingra, um Stafholltz kÿrkju Fiallland, Nefnelega hälfann Grijmsdal, ad hün hafe vitad Sra Jön Säl. Eigilsson, liä og leigselia Olafe Jonssÿne, sem þä var büande i Arnarhollte, Landsete Helga heitins Wigfüssonar, Hälfann Grijmsdal, til Selfarar brükunar, og beitar under sinn pening og Mälnÿtu, og hafe greindur Ölafur, leigu, efftir nefndann Hälfann Grijmsdal, golldid Sra Jöne Eigilssÿne, sem þä var Stafholltzkÿrkju halldare. – Þessum ockar Vitnisburde til fullrar stadfestu, Setjum vid Ockar Nófn hier under, hver ad sÿnu LógHeimile – Anno 1678. 9. Decembris. Jön Jönzson med Eh.

Jön Arnbiórnzson meh.

Sofelldann Vitnisburd ber eg undir Skrifadur Gunnar Ingemundarson, ad frä þvi Eg Man fÿrst til, og Fadir minn S. Ingemundur Grettirsson, biö ä Jafna Skarde og Müla kote, og allt til þess nü er komid, hefe Eg heirt af gómlum mónnum, ad óll BeijlärHeide sie, og hafe verid, Eignar land Stafholltzkÿrkju, med þessum tilgreindum ummerkjum, ad Litla ä Riede Effter Endelaungum Grijmsdal, sijdann riede Siönhending ür Grijmsdal drógum, og i vestra Vikravatnsenda, þä Vikravatn og ad Skammä, þä Skammä og i Beijlä, þä riede Beijlä og i Längavatn; Sómuleidiss heirde Eg, ad Halldör Säl. Helgason, hefde i leife Sra Sigurdar Säl. Oddzsonar, Selfór brükad fÿrir framann Kietilsgil ä Grijmsdal, og golldid leigu efftir, tiedum Säl. Sra Sigurde, og hefe eg, um Nærst 27. är, er eg man til, ecke heirt annad Sannara, um tied land, enn hier fÿrir Ofann er Skrifad. –

Þessu ofann Skrifudu til Merkis, set eg mitt nafn hier undir, ad HiardarHollte i Stafholltztüngum, 2. dag Aprilis. Anno 1679. – Gunnar Ingemundarson meh.

Þessum Ofann SkrifudumVitnizburde, um Eignarland Stafholltz kÿrkju, alla Beijäe Heide, og hennar tilgreind Landamerke, er Eg undir Skrifadur Samhliöda, ad Eg hefe ecke annad sannara, edur Skiallegra, heirt enn ädurSkrifadur Vitnisburdur um hliödar, og man eg til um Nærstu 30 är. –

Þessu til Merkis, læt eg Skrifa mitt Nafn hier undir, sama stad, är og dag, sem hier fÿrir framann greinir – Grettir Ingemundarson Handsalade.

Eg Undir Skrifadur auglÿse, óllum mónnum sem þesse Mÿn Vitnisburdar ord siä edur lesa, ad Eg var Heimilisfastur hiä Säl. Sra Sigurde Oddssÿne, tvó är, og sijdann büande i Grijsatüngu Ellefu är, og Skickade hann mier ad slä og ÿrkja, til Kolgiórdar, framann Kietilsgil ä Grijmsdal, og hvar eg Villde i BeijlärHeide, Hvad eg og giórde, hafde þar Heislätt, ätólulaust af ódrum, So lÿka visse eg Siälfann Säl. Sigurd, läta gióra þar til Kola, og vissa eg þar ecke ad fundid af ódrum mónnum, og alldrej heirde eg annad af Säl. Sra Sigurde, Enn óll Beijlarheide, være Eignarland Stafholltzkÿrkju. –

Þessum mijnum Vitnissburde til fullrar stadfestu, skrifa eg mitt nafn hier under i Grijsatüngu, Anno 1677. Þann 24. Maji Are Steinolfsson med Eh.

Þad gióre eg Jön Eigilsson óllum Mónnum kunnugt, sem þesse Mijn Vitnisburdarord siä edur heira, ad Eg var 30 är vistfastur i Stafhollte, hiä Säl. Sra Sigurde Oddzsÿne, og liet hann, þann allann tijma, Beita og brüka Beijlärheide, og so hefe eg sÿdann eij Annad heirt, enn greind Beijlärheide, hafe ätólulaust beitt og brükud verid, under Büsmala, og til Uppreksturz Fiallpeninga, Af Nefndum Säl. Sra Sigurde Oddzsÿne, og alldrej hefe eg heirt, ad tÿdt Nefndt landsplätz hafe ódrum Jórdum lóglega Eignad verid, hverke Arnarhollte, nie ódrum, Edur og lóglega ätalid verid af ArnarHolltz Eignarmónnum, fÿrr enn Nü, og heire, ad Arne Halldörsson hafe i fÿrra Vor ä Hiardarholltz þijnge, Lógfest tilgreindt takmark i Offtnefndre Beijlärheide. –

Þessa Mijna Medkienning og Vitnisburd Handsala eg Sra Paale Gunnarsÿne, i Vidurvist Jönz Arnbiórnssonar og Jöns Jönssonar, og leife, ad mitt nafn sie hier Undir Skrifad ad Hamraendum, Anno 1677. Þann 14. Martii. –

Jön Eigilsson Jön Arnbiórnsson med Eh

Jön Jönsson med Eh.

Eg UndirSkrifadur, Þorsteirn Ketilzson, gióre óllum Kunnugt, med þessare minne Medkienning og vitnisburde, ad i Fiörtän og Fiórutÿu är, er eg man til, og hier i Stafholltz tüngum verid hefe ad vistum og Büskap, hefe eg þad Heirt og vitad Sannast halldid, og af mier Elldre Mónnum sagt, ad óll Beijlärheide med hälfum Grijmsdal, sie, og hafe verid, Eignarland Stafholltz kÿrkju;

So heirda eg eirninn Sra Sigurd Säl. Oddsson, Lógfesta offtlega alla Nefnda BeijlärHeide, med Hälfum Grijmsdal, og so liet hann brüka tied land, sem rietta Eign Stafholltzkÿrkju;

Eirninn Minnist Eg, ad Fadir minn Säl. Kietill Jönsson, sem Niju är var i Hiardarhollte [Hiardarhollte, undirstrikað og virðist eiga að falla burt] Arnarhollte, Verkahiü Helga Heitins Vijgfüssonar, Sagde, ad Selstada fÿrir framann Ketils gil ä Grijmsdal, hefde lied Verid Helga Heitnum Vijgfüssÿne, undir hannz pening, af Sra Jöne Säl. Eigilssÿne, Stafholltz kÿrkju Halldara. –

> Þessum hier fÿrer framann Skrifusum Vitnisburde til fullrar stadfestu, handsala Eg Sra Päle Gunnarssÿne, ad mitt SkijrnarNafn sie hier undir Skrifad, ad Störu Skögum i Stafholltz tüngum, Anno 1679. Þann 18. Julii, þessum Mónnum Nærstóddum og Äsiäande, er sijn Nófn, äsamt Mijnu, hier undir setja, i sama stad, äre og deige, sem fÿrr seigir:
>
> Þorsteirn Kietilsson handsalar
>
> Arne Geirsson med Eigin h.
>
> Bergsveirn Grijmsson med Eigin h.
>
> Auglÿse Eg Undir Skrifadur Olafur Olafsson med þessum Mijnum Vitnisburde, ad Eg var tvó är i Stafhollte, og Fimtän är büande i Mülakote, og heirde eg fullkomlega, af Mier Elldre mónnum, ad óll BeijlärHeide, med Hälfum Grijmsdal, hafe Verid Eignarland Stafholltz kÿrkju, so sem og lika enn nü; Eirnenn man Eg, ad Sra Sigurdur Säl. i Stafhollte, Oddzson, lógfeste med þessum tilgreindum takmórkum og UmMerkjum, ädur Nefnt Fiallland BeilärHeide; ad Litla ä riede ad Sunnann, Efftir Endelaungum Grijmsdal, Sÿdan riede Siönhending i vestra Vikravatns enda, þä riede Vikravatn ad Skammä, sijdan Skammä i Beijlä, þä riede beijlä i Längavatn; So man eg eirninn, ad Säl. Sra Sigurdur Oddsson, Sagdist lied hafa Halldöre Heitnum Helgasÿne i Arnarhollte, Selstódu framann Kietils gil ä Grijmsdal, til leigu, fÿrir ägäng þann, er Hanns peningur giórde ArnarHolltz Eingjum; Eirninn mä Eg Umbera, ad um Nefndann Seijtjän ära tijma, er eg til man, og til visse i Stafholltz tüngum, þä var alldrei fra Arnarhollte, i Eignar Nafne, Selvist hófd, Nie ÿrking, framann Kietilsgils ä Grijmsdal. –
>
> Þessum Mijnum vitnisburde til Fullarar Stadfestu, leife eg, ad hier undir sie Skrifad mitt nafn, i Erlegra Manna vidurvist, er sijn Nófn, äsamt mijnu, setia under þennann hier fyrer framann Skrifadann Vitnisburd, ütgefinn Anno 1678. 4. Maji ad Frödärkote. Olafur Olafzson.
>
> Þennan Framann Skrifadann Vitnisburd, Sä eg under Skrifadur Olaf Olafsson, handsala Sra Päle Ingra Günnarssÿne, Hvad eg Vitna med eiginn undirSkrifudu nafne, i sama stad, äre og deige sem fÿrr seiger. – Gudmundur Jönsson E.h.
>
> Hier vid staddur var eg eirninn Undir Skrifadur – Arne Þorsteinsson handsalade.[512]

Þann 15. apríl 1678 var þinglesin lögfesta séra Páls Gunnarssonar fyrir Grísatungu. Í lögfestunni er merkjum lýst og tekur merkjalýsingin til Beilárheiðar og Staðartungu. Þar segir:

> Eg Sera Páll Gunnarsson lógfesti hier I dag Jórdena Grysatügu, liggiande I Stafhollts Tüngum og Stafhollts KyrkiuSökn, med þessum tilgreindum

[512] Skjöl nr. 2(35) a-b og 2(144) a-b.

órnefnum og ummmerkium, Litla aa rædur ad Sunnann, epter endelóngum Grijmsdal, Sijdann rædur Siönhending sem siä mä upp ür Grijmsdal, og so i Vestra Vikravatns Enda, þä rædur Vikravatn og ad Skammaa, þä rædur Skammaa I Beylaa, þä Beylaaa uti Länga Vatn, sijdann rædur Länga Vatn ofann til Längär, þä Längaa, allt ad Gliüfuraa, Sijdann rædur Gæiüfuraa ofann til Litlu aar, Innann þessara tilteknu ummerkia og órnefna, lógfeste eg akra og Tódur, Eingiar og Sköga, Hollt og Haga, Vótn og Veidestade, og allar landsnytiar þær er þvi lande eiga ad fylgia, fyrerbijd eg hvorjum manne hedann af, I ad vinna edur Sier ad nyta nema mitt sie Lof og leife til, ad vitne þijnu Sigurdur Jönsson, og þijnu Arne Halldörsson.[513]

Þann 29. maí 1679 var þinglesin lögfesta séra Páls Gunnarssonar fyrir Grísartungu. Þar er merkjum lýst með sambærilegum hætti og í lögfestunni frá 1678.

Eg Päll Prestur Gunnarsson lógfeste hier I dag Jórdena Grijsatüngu liggiande I StafholltsTüngum og StafholltskyrkiuSökn, lógfeste eg Päll prestur Gunnarsson, nefndrar Jardar land, effter þeim gógnum og Vitnum sem eg hefe, til þessara landamerkja, frä Ärmötum Litlu aar og Gliüfuraar rædur Litla aa effter endelóngum Grijmsdal, sijdann rædur Siönhending sem siä mä upp ür Grijmsdals drógum og so I vestra Vikravatns Enda, þä rædur Vikravatn ad Skammaa, þä Skammaa I Beylä, þä rædur Beylaa uti Länga vatn, Sijdann rædur Länga vatn ofann til Längaar, þä Längaa allt ad Gliüfuraa, þä Gliüfuraa ofann til Litlu aar. Innann þessara ummmerkia lógfeste eg Akra og Tódur, Eingiar og Sköga, Hollt og Haga, Vótn og veidestade, og allar Landsnytjar, er nefndre Jórd Grijsatüngu eiga ad fylgia. Fyrerbÿd eg hvorjumm manne hiedann af I ad vinna, edur Sier nÿta, beyta edur brüka läta, nema mitt sie lof og leyfe til, ad vitne allra þeirra ord mijn heyra. Þesse Lógfesta var upplesenn ad Stafhollte, Kyrkiu Sófnudenum - Vidverande og aheyrande þann 29da Maii Anno 1679. Til merkes vor underskrifud nófn i Sama Stad, äre og dege, sem fyrr seger. Biarne Gijslason meh. Stephan Kiartansson m.e.h.[514]

Í júní árið 1679 voru kvaddir til menn til þess að skoða og vitna um niðurbrot og eyðileggingu á selhúsum við Ketilsgil á Grímsdal. Finnur Þórarinsson hafði haft selhúsin á leigu af prestinum Séra Páli Gunnarssyni yngri sem hafði gefið leyfi sitt fyrir því að Finnur myndi byggja upp selhúsin og nota til selvistar. Þar segir:

Anno 1679. Þann 25 Junii vorum vier underskrifader menn tilkvadder af Finne Þörarenssyne, ad siä og skoda þad nidurbrot og Spilling, sem ordenn var ä þeim þrimur Selhüsum vid Ketilsgil ä Grijmsdal, sem Finnur segest til leigu hafft hafa af Prestenum Sr Päle Yngra Gunnarssyne, svo ä sig komed sem effterfylger. 1° Nidurrifenn Hüs ad vide og veggium, so vier säum ei yfer 3 lóg efftherstanda, þar hædst var, Sumstadar 2, enn Sumstadar Eitt, þekjann, tröded og mollden - ad mestum Parte i Töffternar Innhrunded, med miklu Griöte ofann ä. 2° Grenevidur med þessu möte: Sex älna längur äs, brotenn

[513] Skjal nr. 2(146) a-b.
[514] Skjal nr. 2(147) a-b.

vel þridjungur af, enn sä leingre Parturen lagdur under þüngann Stein ä loffte. Tveir Äsar brotner nær I midju, þö annar samanntolle, og hinn fiörde i þrimur Pórtum, dyrustafer 2 brotner, fiógur Smätrie, og Grene Hurd um þvert. Hier ad auke 3 Stoder heilar og 1 Rafftur. 3° Birke rafftar under molld og griöte, utann og Innann Töffta. Þessu til merkes vor Nófn hier fyrer nedann j sama Stad, Ar og deige sem fyrr seger.

Stephan Kiartansson m.E.h. Sigmundur Einarsson m.e.h.

Jön Gudmundsson handsalade.

Anno 1679 þann 27 Junii vorum vid underskrifader menn til kvadder af Sr Päle Gunnarssyne Yngra, ad siä og skoda þad Nidurbrot og Spilling sem ordenn var ä þeim þrimur Selhüsum vid Kietilsgil ä Grijmsdal, sem Sr Päll medkenner Sig hafa leife tilgefed Finne Þörarenssyne upp ad bÿggia, og til Selvistar brüka, I fyrstu Matarhüsed nidurrifed ad yferriäfre og Innfellt til samans vidur, Torf, tröd og Molld, med miklu griöte ofann ä, Töfftenn ad leingd þrijr fadmar laker, hvor Hlidvegur og Gaflhladed Fadmur Innann Veggia, virdest oss Þridjüngur ofann af Veggium Þessarar Töfftar nidur rifenn, Svefnhüsed med sama Hætte nidurrifed, Riäfred innfellt med Vide, Torfe og Tröde og griöte ofann ä, I þvi sumer Vider Laskader og brotner af veggjum, Töffternar sem vel fiörer fadmar eru um kring, meira enn Hnausalag Sumstadar nidur rifed – Elldhüsed I grunn nidurrifed. Sauda Kvijar af Griöte hladnar nidur felldar. Selhüs Hurdenn med fiörum Grenefiólum og tveimur okum þvert umm sundur brotenn. Ad þetta hafe so I Sannleika verid, skrifum vid ockar Nófn hier under, vid Ketelsgil ä Grijmsdal ä sama äre og deige, sem fyrr seger. – Bergsveirn Grijmsson m.e.h. Asmundur Oddsson handsalade.

Þann 18. júlí sama ár gaf Finnur Þórarinsson vitnisburð um málið. Þar segir hann Árna Halldórsson hafa unnið skemmdarverkin, eða látið vinna þau, og vitnar um það að hafa greitt séra Páli leigu fyrir selið og væri séra Páll eigandi húsanna:

Þad Jäta eg Finnur Þörarensson med þessu Brefe og underskrifudu mijnu Nafne, ad eg i fyrra Sumar ad Vidum og Veggium giórde og uppsmijdade Selhüs ä Grijmsdal, fyrer framann Ketilsgil j leife Sr Päl yngra Gunnarssonar, sem eg heyre Arne Halldörsson skule nidurbroted hafa, edur briöta läted nü I Sumar i Tvær Reisur. Sómuleides medkenne eg mig a ummlidnu äre vid þann allann gollded hafa Sra Päle I Selleigu, er i nefndum Hüsum var, og mier til kom, Svo hann var og er fullkomenn Eignar madur þeirra þriggia Selhüsa, sem og þeirra Sijdara, er eg nü I Sumar med Hans Heima manne og Landsmónnum uppgiórda.

Til Stadfestu Ofannskrifudu skrifa eg mitt nafn hier under, ä Munadarnese 1679 þann 18. Julii. Finnur Þörarensson m.e.h.[515]

Þann 21. júlí 1679 stefndi séra Páll Gunnarsson Árna Halldórssyni í Arnarholti til fimmtarþings fyrir ólöglega skógaryrkju og niðurbrot selhúsa á Grímsdal sem Páll sagði í eigu Stafholtskirkju. Við sama tilefni lögfesti hann „skóg og land allt“ innan tiltekinna merkja að hluta.

Stefna Sr Päls Ingra – Lögfesta:

Eg Päll Gunnarsson, Lógfesti hier i dag mitt Beneficium Stafhollt, med óllum þess lóndum, Eignum og Itókum, Bü og löd, og óllu þvi, er þar mä til gagns hafa:Enn sierdeilis og Nefnelega tiltakande Skög og land allt, Innan þessara Ummerkja: Litla aa rædur landamerkjum Effter Endelaungum Grijmsdal, Siönhending ür Grijmsdalz drógum, og i vestra Vikra Vatnsenda: Þä rædur Vikravatn ad Skammä, þä Skammä i Beÿlä, Rædur þä Beÿlä Ofann i Längavatn: Lógfeste Eg þetta greindt land, Innann hier tiedra ørnefna, þar til Dömur fellur ä ockar i millum, efftir lógmäli Riettu: Gief Eg þier Arne Halldörsson, þad ad Sók, ad þü hefur ÿrkt, edur ÿrkja lätid, Skög þann, sem og Sel þad ad veggjum og vidum, Nidurbrotid, eda briöta lätid, sem Eg eij betur veit, enn fÿrr Nefndrar Stafholltz kÿrkju Eign, sem og mijn sie: Fyrirbÿd Eg þier, hiedann af ad ÿrkja, edur gagn af ad hafa, Hier nefndu lande, nema Mitt sie lof eda leife til; ad vitne þÿnu Freisteirn Gudnason og þÿnu Bärdur Jönsson, og annara þeirra, er ord mÿn heira.

Enn efftir lógfestu mijna, legg eg Fimtarstefnu vid þig, aðd Fimm Nätta freste, ä Nærstann laugardag, sem er þä Tuttugarste og Siótte Julii Mänadar, vid Selstódu þä, sem þü hefur Nidurbrotid, eda briöta lätid, fyrir framan Kietils gil ä Grijmsdal, i lande þvi er eg Nü lógfesta, Ega hvert er eg vil, üte eda Inne, og sie allur Dagur til Stefnu, þar til Eg hefa Mälum Mÿnum lokid: Beide eg þig lagabeidslu, og Lógvarner fram ad leggia, Möte lógfestu Minne; Bÿd Eg þier Arne Halldorsson, ad gióra Heimilldar Manne Þÿnum Stefnu til varnar, möte Sakargifft minne Efftir lógum. Til seige eg þier Arne Halldörsson, ad nefna Sex menn i Döm, i Möte þeim Sex er eg mun til Nefna, ad meta og vÿrda vitne og Mälaferle Ockar, ä greindum Stad og Deige; Ad Vitne þÿnu Freisteirn Gudnason, og þÿnu Bärdur Jönsson.

Anno 1679. Þann 21. Julii, ad Arnarhollte, var þesse framann Skrifud lógfesta upplesinn, sem og Fimtar Stefna lógd vid Arna Halldörsson, sem og Copia Af giefinn, þann 21. dag Julii Þessa ärs 1679. – Oss vidstóddum Mónnum äheirande, er vor Nófn hier undir Skrifum, sama stad är og dag, sem ädur greinir: Freijsteirn Gudnason, Bärdur Jönsson, Arne Þorsteinsson handsalade.[516]

[515] Skjal nr. 2(148) a-b.
[516] Skjal nr. 2(138) a-b.

Þann 26. júlí 1679 var haldið fimmtarþing vegna ákæru séra Páls Gunnarssonar á hendur Árna Halldórssyni fyrir ólöglega skógaryrkju og niðurbrot selhúsa á Grímsdal sem Páll sagði í eigu Stafholtskirkju. Fóru þar fram sættir í málinu:

> Anno 1679. þann 26 Julii ad Settu Fimtarþinge vid Sel Töffter þær næstar eru fyrer framann Ketilsgil ä Grijmsdal, af valldsmannenum Jöne Sigurdssyne /: nefnde Heidurlegur kennemadur Sr Päll Gunnarsson yngre þessa efftersskrifada menn til Döms og giórdar, Þorvard Magnussson, Jön Gunnlaugsson Lógrettumenn, Thorfa Þorsteinsson, Sigurd Jönsson, Bergsvein Grijmsson og Ämunda Jönsson, Enn Arne Halldörsson nefnde og kallade þessa efftersskrifada fyrer sijna Hónd til Döms og Giórdar, Arna Hannesson, Gysla Jönsson, Helga Vigfüsson, Jön Arnbiórnsson, Stephan Arnason og Jön Jönsson. Liet nü Sr Päll äsamt Arne sier linda og lijka ofannskrifada alla menn ad yfervega og tractera þä Fimtar Stefnu er Kennemadurenn Sr Päll Gunnarsson yngre med stefndt hafde Arna Halldörssÿne hijngad ä Þennann Stad og dag, med so ordadre Sakargifft: Gef eg þier Arne Halldörsson þad ad Sók, ad þü hefur yrcht edur yrkia läted Skög þann, sem og Sel þad ad Veggjum og Vidum nidurbroted edur briöta läted, sem eg ej betur veit, enn fyrrnefndrar Stafholltskÿrkiu Eign, sem og mijn sie. Medkende nü Ärne Halldörsson fyrer Döme Sig ädurgreinda Stefnu Sók heyrdt hafa, effter þvi hün hier fyrer ofann skrifud er, sem og Copiu af Lógfestu og FimtarStefnu medteked hafa af Sr Päle, samhliödande Originalnum. Athugudum vier tilnefnder menn, sem og yfervogum – greinda FimtarStefnu med sijnum Atridum hvoria vier nijta og minduga älichtum, ad Tijmaleingd og ordan, og mäled þvi riettelega under Döm komed. Frammlagde nü Sr Päll Gunnarsson sinne Sakargifft til Styrkingar ätta manna Vitnisburde, hvorjer ad bera Sig tilvitad hafa frä Þrettän og til Fimmtÿe og fiógra ära, ad hälfur Grijmsdalur, med allre Beylärheide, sie og hafe vered hallded Eignarland Stafholltskyrkiu, Fimm af þeim bera, ad Sr Sigurdur Säl. hafe läted beita og brüka hälfann Grijmsdal og Beylärheide alla, og eingenn ad funded, so þeir vite I þann Tijma, Sómuleides bera nü persönulega nälæger Jön Jönsson I Svignaskarde, Ämunde Jönsson, Gretter Ingemundarson, Olafur Ölafsson, Þorsteirn Ketilssson, Item Dagur Jönsson skrifflega þeir heyrdt hefdu (effter þvi framast myndu) ad Sal. Sr Sigurdur lógfest hafe Hälfann Grijmsdal med allre Beylärheide, og þad ad settu LeidarÞinge vid Hestaþings Eyrar. Þessa sijna Jätun handsóludu þeir Prestenum sr Päle Gunnarssyne, ummframm þessu hefur Sr Päll yngre i fyrra Vor ä manntalsÞinge ad Hiardarhollte sem og I Vor ad Stafhollts Kyrkiu, lógfest äsamt ódru kyrkjunnar lande hälfann Grijmsdal med allre Beylärheide. Enn sem so var komed framannskrifad mälefne, i midlum Sr Päls yngra Gunnarssonar og Arna Halldörssonar, forlijkadest og fridsamlega nidursettist sü äkiæra og Sakargiffter er Sr Päll Gunnarsson hafde uppä Arna fyrer ölóglega yrkiu og Selbrot (ad Presturenn hiellt) ä þvi Sele er Stafholltskyrkiu tilheyrde og heyrdt hefur, effter nü frammlógdum

vitnisburdum og Skilrijkjumm, sem fyrr greiner af Sr Päls Hende, fyrer Hälfum Grijmsdal med Beylarheide allre, undergeingust nü velnefnd mædgin Elizabet Isleifsdötter og Arne Halldörsson, ad þau hvorke skylldu nie äformudu effter þennann dag Sr Päl med Tiltale, Vitnisburdatekiu, edur annare Äkiæru önäda, edur Klógumal hefia, og ei hefia läta, þad framast þaug ummräda mættu, fyrer Sinn allann Hluta, sem þaug I Arnarhollte eiga, edur Grijmsdal þykiast ätt hafa. Enn Presturenn aptur i möt, fyrer Tillógur og medalgóngu underskrifadra manna (Þad framast Hónum forsvaranlegt være) uppgaf i alla Stade þä äkiæru og Tiltal er hann hafde Arna Halldörssyne ä Hendur, fyrer liötlegt Nidurbrot ä þvi Sele sem Stafhollts kyrkiu tilheyrer ä Kietilsgilsbarme framannverdum ä Grijmsdal, So Arne Halldörsson og Hanns Fylgjarar (ef nockrer verid hafa) til þess verks skulu hier effter alldeiles kvitter og Äkiærulauser af Sr Päle, ef Ärne sijna ofannskrifada lofan helldur. Sr Päll og ädurnefnd Mædgin Elisabet Isleifsdötter og Arne Halldörsson, lofa og unerbyndast upphiedann (sem hingad til) Frid og Christelegann Kiærleika ad ästunda og ad hallda hvort vid annad, Hvar til vier þeim Heilags anda Adstodar öskum i Jesu nafne. Til Stadfestu framannskrifader Döms ütnefnd, sem Sättar Giórdninge Sr Päls og þeirra Mædgina ä millum, skrifa dömsmenn og mäls ad Eigendurner, äsamt Erlegumm mónnum ódrum, sijn Nófn hier under. Sama Stad är og dag, sem upphaflega greiner. Under hafa skrifad. Arne Hannesson Eh. Þorvardur Magnusson med eh. Gisle Jönsson med eh. Jön Gunnlaugsson meh. Helge Vigfüsson meh. Torfe Þorsteinsson meh. Jön Arnbiórnsson meh. Sigurdur Jönsson meh. Stephan Arnason meh. Bergsveirn Grimsson meh. Jön Jönsson handsalad Amundi Jönsson handsalad.

Elisabet Isleifsdötter Sr Päll Gunnarsson meh.

Arne Halldörsson meh.

Nälægur var Jön Sigurdsson mpp Olafur Hallgrimsson Eh.

Jön Jonsson meh. Stephan Kiartansson meh.

Petur Arnason meh.

Þetta framann og ofannskrifad riett samhliöda vera sijnum original vottum vid er ä säum og samannläsum Solheimatüngu d. 28 Julii 1679.

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 4. september 1681 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Kÿrkiann A effter mäldógum heimaland allt með gógnum og giædum med þeim Merkium sem vm gietur visitatiubok M. Brÿnjolfs Anno 1639. Þessar Jarder Suarfhool 16 hndr. Biarga Stein 16 hndr. Hofstadi 16 hndr. Sköga 12 hndr. Laxhollt 16 hndr. Nes 16 hndr. Eingenes a Stróndum 6 hndr. og reka med. Grijsatungu 16 hndr. Effter visitatiubök M. Brÿnjolfs og Saudhusspart 10 hndr. Afriett i Vestur Ärdal Middalsmula allann fyrer ofann Mælifellzgil, Afriett i Riödzbiargardal Hrÿsey a hredavatne, Ey vid huitä sem kóllud er

> Stafholltseÿ. Þræleÿ Sudur fra bijldzhómrum Skögaholt i Skardztungu sem kallad er Kÿrkiuhollt, Se[l]fór i Þuerärdal Sköga i Skoradal, halfann fossdal nordann fr[a] veide alla i Möhjl i gliufurä […].[517]

Þann 7. maí 1683 veitti séra Páll Gunnarsson heimild til byggingar selstöðu fyrir framan Ketilsgil á Grímsdal. Bréfið hljóðar svo:

> Eg underskrifadur Päll Gunnarsson bygge og heimila Finne Þorarenssyne Selstódu fyrer framann Ketilsgil ä Grijmsdal til Selvistar og beitar under sijna mälnÿtu, umm þennnan yferstandande Sumartijma 1683, fyrer Fimm aura leigu, Enn eg undannskil brükun Skögar ä Grijmsdal, utann einasta so miked, sem til daglegs Elldsneytes þarf handa Selfölke, Finns Þörarenssonar, umm nefndann Selvistar tijma, og til Stadfestu þessare bygging, skrifum vid Finnur Þörarinnsson ockar nófn hier under, ad þvi tillógdu, ad Finnur Þörarinssson, ädur nefndt Selland ä Grijmsdal, ärlega til Heimilldar take af Sr Päle Gunnarssyne, so leinge Sr Päll þad vill byggia, og Finnur Þörarinnsson þad til Selvistar brüka. Hier uppä setjum vid, sem ädur er sagdt, ockar nófn hier under, i sama Stad. Nefnelega Stafhollte Anno 1683. Þann 7. maii. Päll p. Gunnarsson Eh. Finnur Þörarennsson meh.[518]

Í prófastsvísitasíu Stafholtskirkju frá 26. ágúst 1694 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> afRiett i Vesturardal, Middals (Mula) [(Mula), skrifað af forverði í byrjun 20. aldar, vegna viðgerðar sem hylur texta] alla firer ofann Mælefells gil Afrétt [Afrétt, skrifað af forverði í byrjun 20. aldar, vegna viðgerðar sem hylur texta] I Riodsbiargardal. Hrÿs ei a hreda Vatne. Ey Vid huÿt a sem kollud er stafhollts Eÿ. Þrælei svdur fra billds hómrum skoga hollt I skards tungu sem kallad er kirkiu Hollt. selfor I Þuer ar dal. Skoga a skogadal. Halfann foss dal nordann framm. Veide alla i Möhil I glijufur ä.[519]

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 25. ágúst 1702 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Hun ä Heimaland allt med gógnum og giædumm […]. Kirkiann ä Svarfhöl 16 hndr. Biargastein 16 hndr. Hofstade 16 hndr. Sköga 12 hndr. Laxhollt 16 hndr. Nedranes 16 hndr. Eingines ä Strondum 6 hndr. og reka med Grijsatungu nu Tijundada 12 hndr. og Saudhuspart ad afriett i Vesturärdal, Middalzmüla allann fyrer ofann mælefellssgil afriett i Riödzbiargardal Hrijseij ä Hredavatns Ej vid Hvijtä sem kollud er Stafholltzej Þræt ej Sudur fra Bÿlldzhomrum. Skogarhollt i SkardsTüngum sem kallad er Kirkiuhollt, Kierveidi i nordur ä i laxfosse, þriä hlute veidar i Þverä selfór i Þverärdal, Skög i skoradal Halfann fossdal nordann fram veide alla i Mogil i Gliufurä.
>
> […][520]

[517] Skjal nr. 2(121) a-b.
[518] Skjal nr. 2(150) a-b.
[519] Skjal nr. 2(173) a-b.
[520] Skjal nr. 2(122) a-b.

Í prófastsvísitasíu Stafholtskirkju frá 1702 segir m.a.:

Hün ä effter mäldógum og visitatium Biskupanna heimaland allt med gógnum og giædum, til þejrra merkia sem ummgetur i Visitatiu Brinjolfs Anno 1639 Item Jarder allar og Itók, sem ummgetur I sómu visitatiu, enn þä ätólulaus, Sómuleides liggia enn ä kyrkjunne, óll þaug Skiól sem umm er geted I visitatiu M. Þordar Thorlakssonar Anno 1681 flestóll rotenn, Hier ad auke hafa vidbæst i tijd Sr Päls Gunnarssonar yngra Fjörar Lógfestur fyrir Stafhollts kyrkiu Eignum, Item Tyu manna Vitnisburder umm Grijmsdal halfann med Döm þar umm gengnum i Fimtarstefnu.

[…] [521]

Þann 30. maí 1707 fór fram afhending á Stafholtskirkju. Þar var m.a. afhent:

4ar Lógfestur Sr Päls Gunnarssonar Yngra, fyrer Stafhollts Kyrkiu Eignum, 2a manna Vitnisburde umm Grijmsdal hälfan, med Döm þar umm gengnum ä Fimtarstefnu.[522]

Þann 24. júlí 1707 lögfesti séra Jón Jónsson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

Nefnelega lógfeste Eg: Alla Heima Jórdina Stafhollt, med Flöatänga og Melkote, Hiäleigum bÿgdum af Heimalande; Hier ad auke lógfeste Eg, þesse Stafholltz kÿrkju Itók og Eignir: [...] Hälfann Grijmsdal framann Kietils gil; Fossdal hälfan Nordann framm, efftir Fimtar Stefnu döme, og kÿrkjunnar Mäldaga; Afriett i Riödz-biargadal, SaudHüsspartinn med Skögjenum, [...] Lógfeste eg Tódur og Eingiar, Hollt og Haga, Vótn og Veidestade, og allar Landz og Vatnz gagnsemdir, sem þessum lóndum eiga med riettu ad fÿlgia, til ytstu ummerkia, Mötz vid adra menn, Fyrirbÿd Eg Hverjum Manne i ad Vinna, edur sier af ad Nÿta, nema Mitt sie lof eda leife til; Bijd Eg þeim i Möte Eiga, ad leggja Fimtarstefnu i Möte lógfestu minne. – Þetta allt framan Skrifad vitna eg til Nærstaddra Dänemanna, sem ord Mijn heira.[523]

Þann 31. júlí 1707 lögfesti séra Jón Jónsson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

1° Nefnelega, lógfeste Eg Alla HeimaJordena Stafhollt, med Flöatänga og Melkote, Hiäleigum Bÿggdum af heimalande, til þessara Um merkja:[…] 3° Lógfeste eg þesse Stafholltzkirkju [-kirkju, úti á spássíu] Itók og Eignir: Laxveide i Allre Þverä, ad fräskildum þeim hluta, er Ferjubacka tilheirir, Kierveide i Laxfosse i Nordurä, Skögahollt i Skardztüngu, Selfor i Þverärdal upp frä Kvijum, Skög i Skoradal, Hälfann Fossdal Nordann framm, hälfann grijmsdal framann Kietils Gil, Efftir Kÿrkjunnar Mäldaga og Fimtarstefnu Döme, Afriett i Riödzbiargardal, SaudHüsspartinn med Skögjenum, Veide alla i Möhil i Gljüfur ä, Afriett i Vesturärdal, Middalsmüla allann, Biarnadal

[521] Skjal nr. 2(151) a-b og 2(159) a-b.
[522] Skjal nr. 2(152) a-b.
[523] Skjöl nr. 2(141) a-b og 2(164) a-b.

allan fyrer framann Mælefellsgil, Hrijseij ä Hredavatne, Þræleij Sudur frä Bijllds Hómrum, Stadarhölmanna þar Nälægt, Stadar Eingid ä millum Melkotz og Flöatänga; Lógfeste Eg Tódur og Eingjar, Hollt og Haga, Sköga, Vótn, og Veidestade, og allar landz og vatnz gagnsemdir, sem þessum lóndum eiga ad Riettu ad fÿlgia, til Itstu um Merkja Mötz vid adra Menn: Fÿrerbÿd Eg hverjum Manne, i ad vinna, edur Sier af ad nÿta, nema mitt sie lof eda leife til, Bÿd Eg þeim i möte eÿga, ad leggja Fimtar stefnu i möt lógfestu minne […].[524]

Þann 30. ágúst 1711 lögfesti séra Jón Jónsson Grísartungu. Þar segir:

Lógfesta fÿrir Grÿsa-tüngu

Jeg Sra Jön Jönsson, lógfeste Hier i dag Stafholltz kÿrkju Jórd Grijsatüngur liggjande i Stafholltztüngum, og Staf holltz KÿrkjuSökn, til þessara ummerkja og órnefna, 1° Litla ä rædur ad Sunnann, Effter Endelaungum Grijmsdal, Sÿdann rædur Siönhending uppür Grijmsdals drógum, og i Vestra VikravatnzEnda, þä rædur Vikravatn ad Skammä, i Beijlä Rædur Skammä, þä Beijlä üti Länga vatn, Sÿdann rædur Längavatn ofann til Längär, þä Läng ä allt ad Gljüfur ä, Sÿdann rædur Gljüfur ä ofann til Litlu är: Innann þessara tiltekinna ummerkja og órnefna, Lógfeste Eg akra og Tódur, Eingjar og Sköga, Hollt og Haga, Vótn og Veidestade, og allar Landz Nÿtjar, þær er þvi lande eiga ad fÿlgia med Riettu; Fÿrirbÿd eg Hverjum Manne hiedann af, i ad vinna, sier ad gagn nijta, usla, grasnäm, eda trodning ad giora, i ädur tilteknu Stafholltz kÿrkjulande, Hverke med Afriettar peninge (Saudfie, Hestum, eda Nautum) nær til Rietta er Rekid ä Haust, edur med annare Ölóglegre Beit endrarnær, nema mitt sie lof eda leife til, Undir fullar lagaSektir, og Skadabætur, sem Landzlóginn ä skilia: [525]

Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi að Borg sama dag og aftur 3. september 1713.

Þann 14. maí 1714 lögfesti séra Jón Jónsson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

1° Nefnelega Lógfeste Eg Allann Heima Stadinn og hanns land, til Þessara ummerkja; […] 2do. Lógfeste Eg Þessar Stafholltz KÿrkjuJardir: [...] og Grijsatüngur, til vissra landamerkja, sem ad fornu hafa halldinn verid. 3io Lógfeste Eg Þesse Stafholltz kÿrkju Itók og Eignir: Laxveide i allre Þverä, Efftir þvi Stafholltzkyrkju Mäldage helldur, og Øgmundar Biskupz Dömur med 12 Prestum, ad fräSkildum þeim hluta, er Ferjubacka tilheirer, [...] Hälfann Fossdal Nordann framm, Hälfann Grijmsdal framann Kietils gil, afriett i Riödzbiargardal [...] Afriett i Vesturärdal, Middalsmüla allann, Biarnadal allann fyrer framann Mælefellsgil, Hrijseij ä Hredavatne, Þrælej Sudur frä Bijllldzhómrum, Stadarhölmann þar Nälægt, StadarEingid ä millum

[524] Skjöl nr. 2(139) a-b og 2(165) a-b.
[525] Skjal nr. 2(142) a-b.

Melkotz og Flöatänga, Lógfeste Eg Tódur og Eingjar, Hollt og Haga, Sköga, Vótn og Veidestade, og allar Landz og vatnz gagnsemder, sem þessum lóndum eiga med Riettu ad fÿlgia, til ÿtstu Ummerkja Mötz vid adra Menn, Fÿrirbÿd eg hverjum manne, i ad vinna, eda sier af ad Nyta, Nema Mitt sie lof eda leife til, Bÿd Eg þeim i möte Eiga, ad leggia Fimtar Stefnu i möte Lógfestu minne […].[526]

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 13. júní 1725 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hun ä allt Heimaland med gógnum og giædum, […]. Kyrkiann ä Svarfhöl 16 hndr. leigdan fyrer 1 hndr. Biargastein 16 hndr. leigdann 100 al., Hofstade 16 hndr. leigda fyrer 1 hndr. Litlu Sköga 12 hndr. leigda 60 al. Laxhollt 16 hndr. Landskulld til forna 1 hndr. fellur nu nidur fyrer fiärgeimslu, Nedra Nes 16 hndr. leigt 1 hndr. Eingenes ä Stróndum 6 hndr. og reka med, allann sem fyrer þvi lande liggur, effter Visitatiu Biskups Sal: Gijsla Jönssonar, Jordenn er nu i Eide, og hefur vered Langvaranlega, enn Lytelræde golded effter reka, Grysatungu, nu tiundada 12 hndr. og Saudhus Part 10 hndr. Afrett i Vesturärdal, Middalsmula allann fyrer ofann Mælifells gil, afriett i Riödsbiargardal, Hrys Ey ä Hredavatne, Ey vid Hvytä, sem kóllud er Stafhollts Ey, Þræley Sudur fra Byldshómrum, Skogahollt i Skardstungum, sem kallad er Kirkiuhollt, kierveide ij Nordur ä i Laxfosse. Þriä hlute veidar i allre Þverä, Selfor i Þverardal, Skög i Skoradal, Halfann Fossdal Nordan framm, veide alla i Möhil i Gliufraä.[527]

Í prófastsvísitasíu Stafholtskirkju frá 10. júní 1744 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hun ä Heimaland allt med gógnum og giædumm, Item þessar Jarder Svarfhöl, Biargastein, Hofstade, Litla Sköga, Laxhollt, Nedra Nes, Eingenes a Stróndum og Reka med, allann Sem fyrer Þvj Lande Liggur effter Visitatiu Biskups Sal Gisla Jonssonar. Jórdenn er nu i Eide og hefur vered langvaranlega Enn lytelræde gollded effter Reka. Grÿsatungu og Saudhuspart. Afriett ä Vesturärdal, Middalsmula allann fyrer ofann Mælefellsgil, afriett I Riödsbiargardal, HrÿsEÿ ä HredaVatne, Ey vid Hvÿtä Sem kóllud er StafholltsEÿ. ÞrælEÿ Sudur frä byldsHómrumm Skögarhollt i Skardstungumm Sem kallad er Kyrkiuhollt. Kierveide i nordurä I Laxfosse. Þriä hlute veidar I allre Þverä, Selfór i Þverärdal Skög i Skoradal, Hälfann Fossdal nordann framm, veide alla i Möhil i gliüfraa.

[...][528]

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 18. júní 1749 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hün ä Heimaland allt med gógnum og giædum, Item þessar jardir Svarfhöl, Biargastein, Hofstade, Litlu (Skóga), Laxhollt, Nedra nes, Eingenes ä

---

526 Skjal nr. 2(140) a-b.
527 Skjal nr. 2(125) a-b.
528 Skjal nr. 2(177) a-b.

Strondum sem ädur hefur leinge vered öbyggt, enn Beneficiator Sr Sigurdur Jönsson hefur nu komid Bygging ä, so þar gielldst effter 20 al. Item Reka allan sem fyrir þvi Lande liggur eptir visitatiu Biskups Säl. Gisla Jonssonar. Grísatungu, og Saudhus Part. Afrett ä Vesturaardal, Middalsmüla allan fyrer ofan (Mæli)fells gil, afrett i Riödsbiargar Dal. Hryseÿ Hredavatne. Ey vid Hvïtaa, sem kóllud er Stafhollts Ey. ÞrælEy Sudur frä Bylldshömrum. Skögarhollt i SkardsTungum, sem kallad er Kyrkiuhollt. Kjerveidi i Norduraa I Laxfosse; Þriä hluti veidar i Þvera, Selfór I Þverarardal. Skog i Skordale halfan Fossdal nordan fra[m] Veide alla I Mohil I Gliufra aa.

[...][529]

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 20. ágúst 1751 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hun ä Heimaland allt med gógnum og giædum, […]. Kyrkiann ä [...] Grïsatungu 12 hndr. og Saudhus-Part 10 hndr. Afrett i Vesturärdal; Middalsmula allann fyrer ofann Mælefellsgil Afrett [Afrett, ofan línu] i Riödsbiargardal [...], Skög i Skoradal, halfann Fossdal, nordann framm; Veide alla i Möhil i Gliufra ä,

[...][530]

Þann 13. júní 1754 lögfesti séra Sigurður Jónsson eignir Stafholts- og Hjarðarholtskirkna. Þar segir m.a.:

Sigurdur Jónsson sóknarprestur til Stafhollts og hiardarholltskyrkna, lögfeste hier J Dag Stafhollt Beneficium, mier allranádugast confererad, af mýnum allranádugasta konunge.

[...]

2° Lögfeste Eg þessar Stafholltskyrkiu Jarder: […] og Grysatungur, til vissra landamer[kia sem ad for]531nu vered hafa, og vera eiga.

3° Logfeste eg, [þesse S]tafhollts kyrkiu Jtök og Eigner: [...] hálfann fossdal nordannframm, hálfann Grýmsdal, framann Ketilsgil. afrett i RiódsBiargardal, Saudhus partenn med skógenum, veide alla J móhil J gliufuraa, afrett J Vesturárdal, middalsmúla allann, Biarnadal allann fyrer framann mælefellsgil, [...].

Lögfest Eg tödur og Eingjar, hollt og haga, skóga, vötn og veidestade og allar lands- og vatns-gagnsemder, sem þessum löndum ega med riettu ad fylgia, til ytstu ummmerkia móts vid adra menn: fyrerbýd Eg hverjum manne J ad vinna, eda sier af ad nýta, nema mitt sie leyfe til. Býd eg þeim i móte eiga, ad leggia fimtarstefnu i móte þessare minne lögfestu. Þetta allt framann og ofannskrifad, vitna eg til nærstaddra Dánumanna, sem þessa mýna lögfestu heyra, hvoria Eg þienustusamlega óska ad Erugöfigur valldsmaduren J

[529] Skjal nr. 2(136) a-b.
[530] Skjöl nr. 2(127) a-b og 2(137) a-b.
[531] Hér er eyða í handriti vegna skemmdar.

mýrasýslu Seigr Þorgrimur Sigurdsson fyrer Riettenum ad Hiardarhollte auglýsa láte, minna vegna, öllu þess Til merkes og Stadfestu er mitt nafn med egenn hende og hiáþryckt venjulegt signet ad Stafhollte þann 13da Júnii 1754.[532]

Lögfestan var þinglesin 13. júní 1754.
Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 16. júní 1759 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hun a Heimaland allt med gognum og giædum, millum Hamra Enda og Hofsstada er hallden Sionhending ur Hofstada Vatne, og i midian Agnhöl, þadan og i Þvotthellur vid Hvitaa. En Vestan fram rædur Kielldan sem rennur ur Vatnenu og I Hofstadalæk og so Lækurenn ut ï Nordur ä. Kyrkiann ä Svarthol 16 hndr., Biargarstein 16 hndr. Hofstade 16 hndr. Litlu Sköga 12 hndr. Laxhollt 16 hndr. Nedranes 16 hndr. Eingenes ä Strondum 6 hndr. og Reka med allan sem fyrer þvj lande liggur Grysatungu 12 hndr. og Saudhuspart 10 hndr. Item Eÿ vid Hvitaa sem nu [nu, ofan línu] kollud er Stafholts Eÿ. Afrett I Vesturärdal Middalsmula allan fyrer ofan Mælefellsgil, af Riett i Riödzbiargar Dal, Hrys Eÿ ä Hreda Vatne Þræl Ey sudur frä Bylldz Hómrum, SkogarHollt i Skardstungum, sem kallad er Kyrkiuhollt, Kier Veide I Nordurä I Laxfosse. Þria Hlute Veidar I allre Þverä, Selfor i Þverärdal Skog i Skoradal hälfann Fossdal Nordann fram. Veide alla I Möhil i Gliufra ä.

[...][533]

Þann 2. apríl 1766 lögfesti séra Sigurður Jónsson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

Jeg Sigurdur Jónsson prestur, logfeste hier [i] Dag Stafhollt Beneficium, mier allranádugast veitt. Nefnelega:

[...]

2° Lögeste Eg þessar Stafholltskyrkiu Jarder: Stafholltsey, Nedranes, Lax[hollt, Litlu][534] Skóga og Grysatungur, til vissra landamer[kia sem ad for]nu[535] vered hafa, og vera eiga.

3° Lögfeste eg þesse Stafholltskyrkiu Jtök og Eigner: [...], hálfann Fossdal, nordannframm; hálfann Grimsdal framann Ketilsgil. afrett i Riódsbiargardal, Saudhúss partenn med skógenum: Veide alla i móhil i gliúfuraa, afrett i Vesturárdal, middalsmúla allan, Biarnadal allann fyrer framann mælefellsgil, [...]

Lögfeste eg Tödur og Eingiar, hollt og haga, skóga, vötn og veidestade, og allar lands og vatns gagnsemder, sem þessum löndum eiga med rettu ad fylgja, til ytstu ummmerkia móts vid adra menn; fyrerbýd eg hverjum manne, i ad vinna, eda sier af ad nýta, nema mitt sie leife til. Og óska

[532] Skjal nr. 2(163) a-b.
[533] Skjal nr. 2(128) a-b.
[534] Hér er eyða í handriti vegna skemmdar.
[535] Hér er eyða í handriti vegna skemmdar.

þienustusamlegast ad ædla Sysslumadurenn i MyraSysslu Sr. Þorgrimur Sigurdsson auglyse þessa mýna lögfestu fyrer Rettenum, sem ad Öskhollte, Smidiuhóle, Nordtungu, Dyrastodum og Hiardarholte nu i vor hallden verdur. Til merkes mitt nafn og Signet ad Stafhollte d. 2. Aprilis 1766.[536]

Lögfestan var þinglesin 2. og 3. apríl, 13. og 26. maí og 21. júní, 1766.
Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 19. ágúst 1783 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hún á Heimaland allt med gognum og giædumm […]. Kyrkiann á Svarfhól 16 hndr. Biargarstein 16 hndr., Hofstade 16 hndr., Litlu Skóga 12 hndr. Laxhollt 16 hndr., Nedranes 16 hndr., Eingenes á Ströndum 6 hndr. og Reka med allann sem fyrer þvi Lande liggur, Grísatungu 12 hndr. og Saudhus Part 10 hndr., Item Ey vid Hvítá, sem nú köllud er StafholtsEy. Afrett i Vesturárdal, Middalsmúla allann fyrer ofann Mælefellsgil, Afrett i Riódsbiargardal, Hrísey á Hredavatne, Þræley sudur frá Bíldshömrum. Skógarholt i Skardstúngum, sem kallad er Kyrkiuholt, Kierveide i Nordurá i Laxfosse, þriá hlute Veidar i allre Þverá, Selför i Þverárdal, Skóg i Skoradal, halfann Fossdal nordann framm. Veide alla i Móhil i Gliufraá.

[...][537]

Þann 5. maí 1831 lögfesti séra Pétur Pétursson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

1. Lögfeste eg alla heimajördina Stafhollt, med Melkoti og Flódatánga, hjáleigum bygdum af heimalandi, [...]

2. Lögfesti eg kyrkju-jardirnar Stafhollts-ey, Nedranes, Laxhollt, Litluskóga og Grísatúngu, til vissra landamerkja, sem ad fornu hafa halldin verið.

3. Lögfesti eg þessi Jtök og Eignir Stafhollts kyrkju, nefnilega: [...] skóg i Skorradal, hálfan Fossdal nordanfram, hálfann Grímsdal framan Kétilsgil, afrétt i Riódsbjargardal, Saudhúspartinn 10 hndr. med skóginnum, Veidi alla i Móhil i Gliúfurá, afrett i Vesturardal, Middalsmúla allan, Bjarnadal allan framan Mælifellsgil, Hrýs-ey á Hredavatni, Þræl-ey sudurfrá Bíldshömrum, Stadarhólman þar nálægt, Stadar Eingid milli Melkots og Flódatánga.

[...]

Lögfesti eg Tödur og Eingiar, hollt og haga, skóga, vötn og veidistadi og allar lands og vatns nytjar og gagnsemdir, sem þessum her ad framan og ofanskrifudum löndum og plátsum fylgdt hafa og fylgja eiga, til ytstu ummerkja mótsvid adra menn. fyribíd eg sérhverjum manni þessi lönd og pláts ad yrkja edur láta yrkja, edur ser uppa nokkurn máta ad nota edur brúka, nema mitt hafi lof edur leifi þar til. Þessari lögfestu til frekari stadfestu er mit

[536] Skjal nr. 2(162) a-b.
[537] Skjal nr. 2(129) a-b.

undirskrifad nafn og hjásett signet, ad Stafhollti i Stafholltstungum, þann 5ta Maii 1831.[538]

Lögfestan var þinglesin 13. maí sama ár.

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 24. júlí 1831 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hún á Heimaland allt med gögnum og gjædum […]. Kirkjan á Svarfhól 16 hndr. Bjargarstein 16 hndr. Hofstadi 16 hndr. Litluskóga 12 hndr. Laxhollt 16 hndr. Nedranes 16 hndr. Engines á Ströndum 6 hndr. og Reka med allan sem fyrir því lande Liggur, Grísatúngu 12 hndr., og Saudhús-part 10 hndr., Item Ey vid Hvítá, sem nú er köllud Stafholltsey. – Afrétt í Vesturárdal, Middals múla allan fyrir ofan Mælifellsgil, Afrétt í Rjódsbjargardal, Hrísey á Hredavatni Þræley, sudur frá Bíldshömrum. – Skógarholt í Skards túngum, sem kallad er Kyrkiuhollt, Kérveidi í Nordurá í Laxfossi – 3 hluti Veidar í allri Þverá, Selför í Þverárdal, Skóg í Skoradal, hálfan Fossdal Nordan fram. – Veidi alla í Móhyl í Glúfra Á.

[...] [539]

Í málinu liggur fyrir „útdráttur úr máldögum Stafholtskirkju“ þar sem getið er landamerkja Beilárheiðar. Hvorki kemur fram í skjalinu hver sé höfundur útdráttarins, né hvenær hann er skrifaður. Þó stendur að hann sé skrifaður „samkvæmt vísitasíu Steingríms biskups Jónssonar 31. júlí 1831“. Þá er skjalið vottað um að „eftirritið“ sé rétt skrifað upp. Í útdrættinum segir:

Landamerki í kringum Beilárheiði

Frá Litlu – á hjá stöllunum neðan Ketilgil ráða stallarnir og Hnúkbrúnin í útnorður, og úr brúninni sjónhending í hól þann, er stendur neðanhalt við vaðið á Beilá, heiðarmegin við Múlakotsengið. Síðan ræður Beilá fram fyrir heiðarhornið. Svo kemur Fossdalsá og ræður hún uppeptir þar til að Skammá kemur í ána, sem að rennur úr Vikravatni framan til, og löndin skilur. Síðan ræður Vikravatn ofaneptir til enda. Þá ræður land skammt frá götunni ofaní Grímsdalsbotn hjá Lambafellsgili. Síðan ræður Litlaá, er rennur eptir dalnum allt ofan að fyrnefndum stöllum framantil við Stapafjallsendann fremri.

Samkvæmt Vísitasíu Steingríms biskups Jónssonar 31. júlí 1831

eptirritið rétt tekið:

vottar:

Stephán þorvaldsson[540]

Vísitasía fyrir Stafholtskirkju, sem hefur að geyma lýsingu á merkjum Beilárheiðar, hefur ekki fundist við kerfisbundna leit Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar.

[538] Skjal nr. 2(161) a-b.
[539] Skjal nr. 2(131) a-b.
[540] Skjal nr. 4(50).

Í umfjöllun um Beilárheiði í jarðamati Mýrasýslu frá 1849-50 segir:

> C, Beilárheiði, með hálfum Grímsdal og hálfum Fossdal og öllum Hróbjargardal, ofan að Beilá, sem árnar ráða, er Kenndar eru við dalinn, allt beint upp undan Grísatungu; heiðarland tilheyrandi Stafholts kirkju.[541]

Á manntalsþingi að Hjarðarholti 17. maí 1851 var þinglesið „forboð“ fyrir Stafholtskirkjulandi. Innihalds skjalsins er ekki getið og það hefur ekki fundist við kerfisbundna leit Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Þinglýsingin hljóðar svo:

> 7. forbod fyrir Stafholts kirkjulandi á Fossdal dagsett 12. Maí 1851.
>
> 8. forbod fyrir sömu kirkju landi Hróbjargardal og Beilárheiði dagsett 17. s(sama) m(ánaðar) 1851.[542]

Þann 7. júní 1851 skrifaði presturinn í Stafholti prófastinum bréf með upplýsingum um kauptilboð í Beilárheiði og óskaði eftir áliti prófastsins. Í bréfinu segir:

> Bóndinn Gudmundur Eggertsson á Sólheimatúngu hefir leidt þad í tal vid mig, ad hann vildi, ef ekkert væri því til fyrirstödu, fá keypt fjalllendi nokkurt, sem tilheyrir Stafholts Kyrkju og nær yfir talsverdann hluta Beilárheidar, med adliggjandi smádölum: Hróbjargardal öllum, Fossdal hálfum og ad nokkru leiti Grímsdal. Hefir hann látid í ljósi, ad hann vildi borga land þetta med 75rbd r.s.
>
> Fjallland þetta var við sídasta jardamat matid á 50rbd og er, þótt ekki svo lítid ad ummáli, vída graslítid. Þad hefir í mörg ár verid notad af ýmsum í óþakklæti, til þess ad reka þángad stódhross og annan fjenad, enginn ardur feingist af því, þángad til eg hin seinast lidnu ár hefi ad nafninu til gétad leigt þad, og fyrir ári sídann fékk tédur bóndi leyfi til þess hjá mér, ad hafa þar selstödu um sláttartímann. Yfir höfud ad tala er því svo varid, ad eg gét ekki fundid, ad nú sem stendur géti af fjall landi þessu feingist sami ardur og af hinu tilbodna andvirdi. Hid annad, sem hér er um ad tala, er þad, hvort land þetta sé missanlegt kyrkjunni edur beneficíarío hér í Stafholti, og vil eg í því tilliti géta þess, ad Kyrkjann á tvær selstödur bádar hagkvæmari en þessa: Stadartúngu, sem nú er brúkud til selstödu hér frá stadnum og Bjarnadal nær allan, sem ad nú sem stendur er leigdur ödrum. Þar ad auki liggur undir kyrkjuna upprekstur fyrir allan fénad á Hellistúngum. Eg álít yfir höfud land þetta því missanlegra, sem reynslan mun sanna flestum, ad mörg þvílík ítök er ördugt ad verja fyrir ólögmætri notkun annarra.
>
> Med þvílíkum ummælum bid eg ydur, herra prófastur! ad bera þessi til mæli Bóndans Gudmundar Eggertssonar fram á ædri stödum, og láta þarmed fylgja ydar góda álit um þetta efni.

---

[541] Skjal nr. 2(95).
[542] Skjal nr. 2(106) a-b.

Stafholti, 7da dag Júní m. 1851.

O. Pálsson[543]

Þann 10. júní 1851 sendi prófasturinn álit sitt á sölu Beilárheiðar til biskups. Þar segir:

> Eptir hjálögdu afriti af brjefi Prestsins Sra Ólafs Pálssonar í Stafholti frá 7 þ. m., áhrærandi ósk bónda Gudmundar Eggertssonar um kaup á fjalllandi Stafholtskirkju á Beilárheidi fyrir 75 rbd., þá verd jeg ad öllu leiti ad vera samdóma því, sem tjádur Prestur seigir, því heldur sem hann bædi í andlegu og veraldlegu tilliti er sómi stjettar sinnar; þekki jeg gjörla fjalllendid og veit ad ítak þetta hefur aldreigi ordid Stafholtskirkju ad notum, svo leingi sem menn muna eda tilvita, og álít jeg bod þetta í fleiru enn einu tilliti adgeingilegt, bædi þegar gætt er virdíngarverds Lands þessa vid jardamatid og líka þegar athugad er, hve stopul hin fornu kirkju ítök yfirhöfud eru. Fæ jeg því ekki annad, eptir embættismedferd minni, enn fyllilega og sem framast má verda mælt med kaupi því sem nú er umtalad.
>
> Hýtardal, 10. Júní 1851
>
> ThEHialmarsen[544]

Þann 18. febrúar 1852 skrifuðu stiftsyfirvöld bréf til Ministeriet for Kirke- og Underviisnings-vesenet um sölu á Beilárheiði. Þar segir:

> Provsten i Myre Syssel har i hosfölgende Skrivelse af 16 Juni sidstleden tilsendt, os et Andragende fra Benificiarius til Stafholt, Præst O Palsson, hvori denne indberettis, at en Bonde har yttret det Ønske, at en Stafholt Kirke som Servitut tilhörende Fjeldfælled, - der strækker sig over en betydelig Deel af Beilárheidi med tilliggende smaa Dale, den hele Hróbjargardal og den halve Fossdal med en Deel af Grímsdal - maa afhændes ham for en Kjöbesum af 75 Rbd.
>
> Denne Stafholt Kirke tilhörende Fjeldgræsning ble<v> ved sidste Taxation af Jordegodset her i Landet, anset til 50 Rbd Værdie.
>
> I anledning her af har Beneficiarius bemærket, at det ommeldte Landstykke i lang Tid har været benyttet af Forskjellige uden Tilladelse eller Vederlag, indtil han i de sidste Aar har faaet det bort lejet for en Ubetydelighed, der ikke svarer til Renten af den tilbudte Kjöbesum; at Præstekaldet ingenlunde trænger til denne Ejendom, da Kirken paa to andre Steder ejer Servituder, der begge ere bekvemmere til Græsning for Kreaturerne om Sommeren, at han under saadanne Omstændigheder anseer det saa meget tilraadeligere, at bortsælge denne Ejendom, som Erfaringen viser hvor vanskeligt det er, at favere slige Sevituta for Andres ulovmæssige Indgreb. –

[543] Skjal nr. 2(205) a-b.
[544] Skjal nr. 2(206) a-b.

Provsten har yttret sig aldeles overensstemmende her med og anbefalet Afstaaelsen mod den tilbudte Sum.

Da vi antage at den her omtalte Servitut er en for Præstekaldet aldeles undværlig og lidet indbringende Ejendom, maa vi med Vedkommende være enige i, at det vil være fordelagtigt at bortsælge samme, saa meget mere, som saadanne langtbortliggende Servituter meget ofte give Anledning til Tvist og Uenighed, og i Almindelighed tjene Uvedkommende til störe Fordel end den retmæssige Ejer. Imidlertid formene vi dog at det i de fleste Tilfælde vil være sikkrere som ogsaa fordelagtigere at saadanne Eiendomme afhændes ved offentlig Auction end under Haanden ifölge Tilbud af enkelte Lysthavende.

Vi tilladede os derfor ærbödigst at instille: at den attraaede Afhændelse allernaadigst maa blive bevilget, saaledes: at bemeldte Stafholt Kirke tilhörende Fjældfælled bliver stillet til Auction, og at Stiftövrigheden bemyndiges til at approbere det höjeste Bud naar det ikke maatte være under det allerede gjörte Tilbud af 75 Rbd, hvilket vi maae ansee for at være antageligt. Den saaledes udbragte Kjöbesum vil da vare at indsætte i Jordebogskassen til Forrentelse, som en Stafholt Kirke tilhörende Capital.

Islands Stiftamtshuus og Laugarnæs den 18 Februar 1852.

J.D. Trampe H.G. Thordersen

Til Ministeriet for Kirke- og Underviisnings-væsenet[545]

Í afsali fyrir Beilárheiði, Hróbjargardal og hálfum Fossdal, útgefið 22. desember 1853, segir:

Útskrift úr afsals- og veðbréfabók Mýra- og Hnappadalssýslu

Ltr. D

Með konúnglegum allrahæstum úrskurði af 5$^{ta}$ Maí 1852 var það leyft að selja við opinbert uppboð selland það, er Stafholtskyrkja á í Beilárheiði upp frá heimalöndum jarðanna Grísatungu og Múlakoti ásamt aðliggjandi dölum Hróbjargar (Rjóðsbjargar) dal og hálfum Fossdal. Uppboð þetta framfór á Hjarðarholts manntalsþingi þann 21 Maí þ.á. og og varð þá Borgarhrepps sveitarfélag í Mýrasýslu hærstbjóðandi að eing þessari með 79$^{rd}$48$^{s}$. Var boð þetta síðan samþykkt af stiftsyfirvöldum Íslands með bréfi af 14. Sept. þ.á.

Samkvæmt ofanskrifuðu er nú boð þetta borgað til mín af hreppstjóranum í ofannefndum hreppi alþingismanni Jóni Sigurðssyni í Tandraseli með sjötíu og níu ríkisbankadölum, fjörutíu og átta ríkisbankaskildingum reiðu silfurs, hver fyrir eg hérmeð kvittaa þar fyrir, í krapti af ofannefndum konungl. allrahærstum úrskurði og samþykki Islands Stiftsyfirvalda, lýsi eg því hérmeð

[545] Skjal nr. 2(207) a-b.

yfir að ofannefnt land Stafholtskyrkju með öllum þeim gögnum og gæðum, er því fylgja, er upp frá þessu eign Borgarhrepps sveitarfélags í Mýrasýslu.

Þessu til staðfestu er mitt undirskrifað nafn og hjásett signet.

Stafholti, 22ann dag Decembermán 1853.

Ó. Pálsson[546]

Afsalið var þinglesið 22. maí 1857.

Í „minnisgrein“ séra Ó Pálssonar í Stafholti, frá 2. ágúst 1854, er getið um sölu Beilárheiðar, Hróbjargardals og hálfs Fossdals. Þar segir:

Á þessu fardaga ári var eptir kgl. allrahærstumm úrskurdi 5. Maí 1852 selt vid opinbert uppbod selland þad, er kirkjan átti á Beilárheiði, ásamt Hróbjargar (Rjóðsbjargar) dal og hálfum Fossdal, og gekk það á 79r 48sk. Bodid var samþykkt af Stiftsyfirvöldunum 14. Sept. 1853 og sídan fyrir andvirdinu fengin Landfóg. Tertia kvitteríng 11. Jan 1854 Landid keypti Borgarhreppur. Kirkjunni hefir bætst sú í reikníngnum umgetna tabla, olíumálverk vandad med Kristi á krossinum, samt minnisspjald eptir Odd sál. Jónsson í gylltri ummgjörd.

Stafholti 2. Aug 1854.

Ó.Pálsson[547]

Þann 2. júní 1855 var gerð úttekt á Stafholtskirkju afhendingar prestakallsins. Með prestakallinu var m.a. afhent:

Ár 1855, þann 2. Júní var settur prófastur í Myrasýslu, Guðmundur Vigfússon, staddur ad Stafholti, til þess, eptir skipun biskupsins yfir Íslandi, dagsettri 31ta Janúar þ.á., ad úttaka þar stad og kirkju, sem prófastur Sra Ólafur Pálsson afhendir, en prófasti Sra E.S. Einarsen – hverjum brauðið er veitt áminnstan dag – ber ad veita vidtóku. Bádir hlutadeigendur höfdu verid advaradir um úttektardaginn, enda var prófastur Sra Olafur til stadar; en þar hvorki prófastur Einarsen nje neinn annar, eptir hans rádstöfun, var mættur, var bóndinn Mr. Melkjor Eggertsson á Efranesi bréflega útnefndur af hlutadeigandi sýslumanni, til ad vera fyrir hönd velnefnds prófasts vid úttektina, og var þessi utnefning dagsett í dag. Sem úttektarmenn voru mættir, eptir rádstöfun hins setta prófasts, hinn eidsvarni úttektar- og virdingarmadur i Stafholtstungum, Mr Magnús Magnússon á Stafholtsveggjum og bókbindari Sgr. Kristópher Finnbogason á Sólheimatungu. fór svo úttektin fram í þessari röd:

[...]

| | | | |
|---|---|---|---|
| Laxholt . . . 16hndr. | Landskuld 2 ½ vætt . . | Kúggildi 3. | |
| Litluskógar 12 hndr. | – \| \| – | 1 ær 1 specia | – \| \| – 2. |

[546] Skjöl nr. 4(53) og 4(114).
[547] Skjal nr. 2(154) a-b.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Köldukinn 12 hndr. | –\|\|– | 2 vættir | –\|\|– 1 ½ . |
| Grísatunga 12 hndr. | –\|\|– | 2 ½ vættir | –\|\|– 1 ½ . |

Engines er í eydi en eptir hálfan reka er goldin 1 specía árl(ega).

Eign kirkjunnar á Bjarnadal er leigð sveitarfjelaginu í Stafholtstúngum med vættar eptirgjaldi og landsnytjar í Saudhúsparti bóndanum á Stapaseli fyrir 20 fiska.

Med prestakallinu var afhent Landfogetans tertia Qvittering fyrir 79rd 48sk., tilheyrandi Stafholts kirkju, sem er andvirdi selds kirkjulands á Beilárheiði etc. Ennfremur voru afhent nokkur byggingarbréf fyrir kirkjujördum og Copía af lögfestu fyrir Laxholti.

[...][548]

Á manntalsþingi að Hjarðarholti þann 20. maí 1858 voru þinglesin landamerki Grísartungu frá 18. maí sama árs.[549]

Á manntalsþingi að Eskjuholti þann 21. maí 1858 voru þinglesin landamerki Grísartungu „sem á Hjardarholtsþíngi“. Þar segir:

4. Lesin Landamerki Grísatúngu sem á Hjardarholtsþíngi.

[...]

6. Hreppstjóri Jón Sigurdsson mótmælir í nafni Borgarhrepps landamerkjum Grísatúngu sem getið er um sub. N° 4 einkum hvad Ránghalaveg snertir, þared hann veit ei betur en ad hreppurinn hafi keypt Beilárheidi ad Stöllum er svo kallast og ad Brúnavatnsgötu.[550]

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 12. ágúst 1873 er m.a. fjallað um sölu Beilárheiðar, Hróbjargardals og hálfs Fossdals. Þar segir:

Ár 1873 12 dag ágústmán, visíteraði biskupinn yfir Íslandi Dr. theol. P. Pjetursson söfnuð og kirkju að Stafholti. […]:

Kirkjan heldr óátöldum eignum sínum og ítökum, sem máldagar og biskupavísitasíur eigna henni, og er þetta seinast talið upp í vísitasíu Steingr. biskups Jónsson frá 24. júlí 1831, sem innfærð er í ágripi í reikningabók kirkjunnar. Fyrir burtseld kúgildi og Inventarium á nú kirkjan 41rd 66s á vöxtum við Biskupsdæmið, en síðan ádr nefnd biskupsvísitasía fram fór, er samkvæmt Konungsúrskurði 5. maí 1852, árið 1853, selt við opinbert uppboð afréttar- eda fjallland þad, sem [strikað yfir: kjan] kirkjan átti á Beilárheidi, ásamt Hróbjargar, eda Ródsbjargardal og hálfum Fossdal, og keypti land þetta Borgarhreppur fyrir 79rd 48s, sem einnig eru á vöxtum geymdir við Biskupsdæmið.

[548] Skjal nr. 2(155) a-b.
[549] Skjal nr. 2(302) a-b.
[550] Skjal nr. 2(103).

[...][551]

Þann 12. desember 1878 sendi sýslunefnd Mýrasýslu bréf þar sem því var hafnað að taka afstöðu til beiðni um makaskipti á Beilárheiði og Réttarmúla fyrr en álit hreppsnefndar Borgarhrepps lægi fyrir. Erindið hljóðar svo:

> Eftir að beiðni frá yður, Herra hreppstjóri og þáverandi sambýlismanni yðar Bergi heitnum Sveinssyni, dags. 3. Nóv. f.á. um makaskipti á Beilárheiði og Rjettarmúla, hafði að nýju verið borin upp fyrir sýslunefndina á fundi þeim, er hún átti með sjer 10. þ.m., ákvað sýslunefndin að hún fyrir sitt leyti ekki fynndi ástæðu til að skipta sjer af málinu þangað til álit hreppsnefndarinnar í Borgarhreppi væri fengið.
>
> Þetta læt jeg eigi hjá líða að gefa ykkur til vitundar og skal um leið geta þess að ef þið viljið halda málinu áfram, er nauðsynlegt að leggja það fyrst fyrir hreppsnefndina í Borgarhreppi, sem síðan ætti að senda það sýslunefndinni með álitskjali sínu.
>
> Skrifstofa Mýra og Borgarfjarðarsýslu 12. Des. 1878
>
> Guðm. Pálsson
>
> Til
>
> Herra hreppstjóra Jóns Jónssonar og ekkjunnar Sigríðar Jónsdóttur á Galtarholti.[552]

Þann 12. janúar 1880 sendi sýslunefnd Mýrasýslu bréf þar sem hreppsnefnd Borgarhrepps var tjáð að sýslunefndin hefði samþykkt beiðni hreppsnefndarinnar um makaskipti Beilárheiðar og Réttarmúla. Þar segir:

> Eftir að bænarskrá hreppsnefndarinnar dagsett 5. þ.m. með fylgiskjölum, þar sem nefndin fer þess á leið að höfð verði makaskipti á fjall-landinu Beilárheiði, sem er eign Borgarhrepps, fyrir fjall-landið Rjettarmúla, sem er eign hreppstjóra Jóns Jónssonar og ekkjunnar Sigríðar Jónsdóttur í Galtarholti var lögð fyrir sýslunefndina í Mýrasýslu á fundi þeim, er hún átti með sjer 29. f.m. veitti sýslunefndin á tjeðum fundi samþykki sitt til þess að hin umræddu makaskipti yrðu látin fram fara.
>
> Þetta er hjer með kunngjört hinni heiðruðu hreppsnefnd til athugunar og eptirbreytni og skal jeg um leið geta þess, að rjettast er að hreppsnefndin gefi út makaskiptabrjef fyrir Beilárheiði og getur nefndin ef hún óskar þess fengið uppkast til þess hjá mjer og að þau Jón hreppstjóri og ekkja Sigríður Jónsdóttir gefi út makaskiptabrjef handa Borgarhreppi fyrir Rjettarmúlanum og að sent verði hingað uppkast til þess. Uppköstin til makaskiptabrjefanna mun jeg síðan leggja fyrir sýslunefndina á næsta fundi, til þess hún geti yfirfarið þau áður en þau yrðu hreinskrifuð.

[551] Skjal nr. 2(157) a-b.
[552] Skjal nr. 4(54).

Skrifstofa Mýra og Borgarfjarðasýslu 12. Jan. 1880.

Guðm. Pálsson

Til hreppsnefndarinnar í Borgarhreppi[553]

Landamerkjabréf Galtarholts var undirritað 5. desember 1883. Þann 20. maí 1885 var bætt við „framhaldi“ af landamerkjunum þegar umfjöllun um merki Beilárheiðar var bætt við. Landamerkjalýsingu Beilarárheiðar var þinglýst 21. maí 1885:

> Frá Litluá hjá stöllunum neðan Ketilgils ráða stallarnir og hnúksbrúnir í útnorður, og úr hnjúk klifinu sjónhending í hól þann, er stendur neðan fram við vaðið á Beilá, heiðar megin við Múlakotsengið. Síðan ræður Beilá fram fyrir heiðarhornið. Svo kemur Fossdalsá, og ræður hún uppeftir, þar til Skammá kemur í ána, sem rennur úr Vikravatni framantil, og löndin skilur. Síðan ræður Vikravatn ofan eftir til enda, þá ræður laut, skammt frá götunni ofan í Grímsdalsbotn, hjá Lambafellsgili. Síðan ræður Litlaá, er rennur eftir dalnum allt ofan að fyrrnefndum stöllum framan til við Skaftafjallsendan fremri.
>
> Útdráttur úr kirkjubók Stafholtsprestakalls.[554]

Stefán Þorvaldsson prófastur skrifar undir bréfið og það undirritað um samþykki vegna Hreðavatns, Jafnaskarðs og Múlakots.

Á manntalsþingi að Eskiholti þann 22. maí 1885 var þinglesin merkjaskrá fyrir Beilárheiði:

> 12. Var þinglesin merkjaskrá fyrir Galtarholti og fjalllendi Galtarholts Beilhárheiði. [555]
>
> Innihaldi skjalsins var ekki getið frekar.

Landamerkjabréf fyrir afréttarlandi Borgarhrepps var útbúið 25. febrúar 1892. Þar segir:

> Landamerkjaskrá
>
> fyrir afrjettarlandi Borghreppinga
>
> Frá Langavatni ræður Langavatnsdalsá innað Mjóadalsá, svo ræður Mjóadalsá þartil Sauðarhryggur kemur að henni, þaðan sjónhending uppá Víðimúlakoll, þaðan austnorður hámúlanum og í botn á vestustu skál á Víðimúla, þaðan eptir gili því er rennur úr skálinni ofanúr Víðidalsá, þaðan eptir Víðidalsá og inní hæðstu drög á honum, þaðan sjónhending fyrir dalabotna austur fyrir Mjóadal og eptir eystri brúninni á honum ofanúr hærri fossa á Fossdal, svo ræður Fossdalsá, ofanað Vikravatni, svo ræður Vikravatn að lautinni sem er á milli Vikrafells og Lambafells, svo liggja merki eptir

[553] Skjal nr. 4(55).
[554] Skjal nr. 2(3).
[555] Skjal nr. 2(104) a-b.

miðri þeirri laut ofanað Lambafellsgili, svo ræður Lambafellsgil norðvestur fyrir Lambafell, svo heiðarbrúnir vestur á heiðarhorn við Beilá, svo ræður Beilá í Langavatn, þar til Langavatnsdalsá fellur í það.

Innan þessara landamerkja eru ekki ítök, nema Svignaskarðs í allan hálfan Víðidal

Ofanskrifuðum landamerkjum erum við hjer undir skrifaðir í allastaði samþikkir.

Svignaskarði 25. febrúar 1892.[556]

Skjalið var undirritað fyrir hönd Álfthreppinga, Hörðdælinga og Borghreppinga.

Þann 23. mars 1900 skrifaði Einar Friðgeirsson bréf fyrir hönd Hreppsnefndar Borgarhrepps til eiganda Beilárheiðar þar sem hann sagði upp leigu á Beilarheiði. Bréfið hljóðar svo:

Borg 23. mars 1900

Hreppsnefndin hefur á fundi sínum í gær leyft mér að borga yður leigu fyrir Beilárheiði síðastliðið sumar, en jafnframt lagt fyrir mig að segja upp leigu á henni (og Staðartungunni) framvegis, þar eð nú þykir ekki þörf á að halda leigulöndum.

Virðingarfyllst

Einar Friðgeirsson[557]

Í umfjöllun um Galtarholt í fasteignamati Mýrasýslu 1916–1918 segir:

Jörðin á upprekstur með öðrum jörðum hreppsins og auk þess á hún sérstakt fjallland allmikið, sem nefnt er Beilárheiði, er liggur uppfrá Grísatungulandi og stundum hefir verið seld á leigu fyrir alt að 30kr. árgjald.[558]

Þann 26. ágúst 1917 skrifaði Hreppsnefnd Borgarhrepps bréf til yfirjarðamatsnefndar um eignarhald á Beilárheiði. Þar segir:

Eskiholti 26. ágúst 1917.

Í uppkasti því að jarðamati, sem liggur til sýnis í Eskiholti er Galtarholti eignuð Beilárheiði, sem séreign í fjalllandi en vér vitum ekki betur en að sú heiði sé enn hluti af upprekstrarlandi því, sem allar jarðir í Borgarhreppi eiga tilkall til í hlutfalli við hundraða tölu þeirra. Beilárheiði var keypt á uppboði í Hjarðarholti 21. maí 1853 (á manntalsþingsdegi). Var hún keypt fyrir hönd þessa sveitarfélags ásamt Hróbjargardal og ½ Fossdal, og borguð af þá verandi hreppstjóra Jóni Sigurðssyni í Tandraseli með 79$^{\underline{rd}}$48$^{\underline{s}}$. Seljandi var Stafholtskirkja. Afsal var útgefið 22. des. 1853.

[556] Skjal nr. 4(44).
[557] Skjal nr. 4(46).
[558] Skjal nr. 2(34).

Skjalið þinglesið í Eskiholti 22. maí 1857. Finnst í Verðbréfabók Mýra og Hnappadalssýslu L$^{\underline{tr}}$ D. pag. 23.

Vér mótmælum því hérmeð sem algjörlega röngu að Galtarholt eigi meira tilkall til Beilárheiðar, en að réttu hlutfalli við aðrar jarðir í sveitinni.

Hreppsnefnd Borgarhrepps

Til yfirjarðamatsnefndar[559]

Landamerkjabréf fyrir afréttarland Borgarhrepps var undirritað 2. nóvember 1920 og því var þinglýst 25. júní 1923:

Frá Beilárósi ræður Langavatn þar til Langavatnsdalsá fellur í það, þá ræður Langavatnsdalsá, þar til Mjóadalsá fellur í hana. Mjóadalsá ræður síðan merkjum upp að svonefndum Sauðarhrygg. Þaðan eru merkin sjónhending upp á hæðstu trumbuna á Víðimúla. Þaðan eftir háeggjum fyrir efstu drög Víðidals; síðan eins og vötnum hallar frá háfjalli suður í hæðstu drög á Sátudal, þá ræður Sátugil merkjum niður í Fossdalsá, þá Fossdalsá niður í Skammá, þá Skammá í Vikravatn, þá Vikravatn að Lambafelli; þá ræður merkjum laut sú sem er á milli Vikrafells og Lambafells, þar sem hún er lægst alt ofan í Litluá í Grímsdal. Svo ræður Litlaá niður eftir Grímsdal, þar til sjónhending næst norðvestur eftir Bárðarfjalls og Staðarhnúksbrúnum í Klif, er vegurinn liggur yfir, norðanvert við Brúnavatn, þaðan í einstakan hól, sem er vestanvert við vaðið á Beilá; loks ræður Beilá merkjum í Langavatn.

Innan þessara merkja eru ekki ítök, nema hvað Svignaskarð á hálfan Víðidal allan, og sjera Einar Friðgeirsson Hólmana í Langavatni. Innan þessara merkja eru ekki ítök, nema hvað Svignaskarð á hálfan Víðidal allan, og sjera Einar Friðgeirsson Hólmana í Langavatni.

Til staðfestu eru nöfn hlutaðeigandi eiganda nágrannalanda.

Í hreppsnefnd Borgarhrepps

Undirritað að Hrauni 2. nóv. 1920

Jóhann Magnússon Einar Friðgeirsson

Jón Björnsson Guðmundur Daníelsson Sigurður Magnússon

Eigandi Vífilsdals fremri: Ögmundur Hjartarsons

Eigandi Hrafnabjarga ytri:

í umboði hreppsnefndar Álftaneshrepps

Hallgrímur Níelsson

Samþykkur framanskrifuðum landamerkjum að öðru leyti en því að Hrafnabjörg eiga samkvæmt Hrafnabjarga máldagatuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal.

Hjörtur Sigurðsson

[559] Skjal nr. 4(47).

Eigandi Hvassafells: Klemens Baldvinsson

Eigandi Hraunsnefs: Einar Bjarnason

Eigandi Brekku: Þórður Ólafsson

Kristján F. Björnsson hreppstjóri Stafholtstungnahrepps umboðsmaður Stafholtskirkjueigna.

Eigandi Jafnaskarðs: Guðbjarni Guðmundsson

Eigandi Múlakots: Ingólfur Sveinsson

Einar Friðgeirsson eigandi að Hólmunum í Langavatni.

Guðmundur Daníelsson eigandi að Víðidal öllum hálfum

Eigandi Hrepavatns: Kristján Gestsson

Ath. Hrafnabjargamáldagi getur ekki um hvoru megin á Langavatnsdal ítak Hrafnabjarga er. Ítakið er því sennilega á öllum dalnum beggja megin, eða aðeins að vestanverðu.

F.h. hreppsnefndar Borgarhr. Jóhann Magnússon[560]

Þann 9. júní 1922 sendi Þjóðskjalasafn Íslands svarbréf til oddvita Borgarhrepps vegna fyrirspurnar hans um heimildir fyrir eignarhaldi Galtarholts á Réttarmúla eða um makaskipti á Réttarmúla og Beilárheiði. Bréfið hljóðar svo:

Út af fyrirspurnum í bréfi yðar, herra oddviti, d. 6. þ.m., skal þess getið, að hér í safninu finnast engar heimildir fyrir eignarrétti Galtarholts fyrir Réttarmúla eða neitt um makaskipti á Réttarmúla og Beilárheiði, er þér segið, að muni hafa farið fram milli 1870 og 1880. Í þessu skyni hefur vandlega verið farið yfir þingbækur Mýrasýslu frá 1850 – 1882, en ekki finnst þar neitt um leyfi sýslunefndar til þessara makaskipta, og ekki finnst þeirra heldur getið í gömlum hreppsbókum Borgarhrepps, en þær ná að vísu ekki lengra hér í safninu en til 1877. Um Beilárheiði eru gamlir vitnisburðir hér í Stafholtsskjölum meðan stafholtskirkja átti þetta fjalllendi, en þeir hafa líklega enga þýðingu fyrir þetta málefni, eins og það horfir nú við.

Fyrir hönd þjóðskjalavarðar

Hannes Þorsteinsson.

Til oddvitans í Borgarhrepp[561]

Þann 10. febrúar 1932 skrifaði umboðsmaður Jóns Jónssonar í Galtarholti bréf til hreppsnefndar Borgarhrepps. Með bréfinu óskaði hann eftir afstöðu nefndarinnar um það hvort hún óskaði þess að kaupa Beilárheiði. Bréfið hljóðar svo:

Jón Jónsson bóndi í Galtarholti, hefur beðið mig að selja fyrir sig fjalllendið Beilárheiði, eign Galtarholts, og tilnefnd sem söluverð – 1500 – fimtán hundruð – kr.

[560] Skjal nr. 2(15).
[561] Skjal nr. 4(52).

Með því að fjallendi þetta liggur að afrjettarlandi Borgarhrepps skal jeg hjer með biðja um yfirlýsingu hreppsnefndarinnar um það hvort hún óskar að kaupa landið og óska ég svars innan hálfsmánaðar.

G Björnsson

Hreppsnefnd Borgarhrepps.[562]

Þann 30. maí 1932 svaraði dóms- og kirkjumálaráðuneytið beiðni Borgarhrepps um gjafsókn vegna máls sem hreppurinn ætlaði að höfða vegna Beilárheiðar. Svarbréfið hljóðar svo:

Eftir möttöku bréfs yðar, herra oddviti, dags. 23. f.m., ásamt 9. fjsk., þar sem þér farið þess á leit, að hreppsnefnd Borgarhrepps verði veitt gjafsókn í máli, er hreppsnefndin fyrir hreppsins hönd ætlar að höfða gegn eiganda Galtarholts útaf fjalllendinu Beilárheiði við Langavatnsdal, skal yður hérmeð tjáð, að ráðuneytði sér sér ekki fært að veita umbeðið gjafsóknarleyfið. – Fylgiskjölin endursendast.

F. h. r.

E.u.

Gissur Bergsteinsson[563]

Þann 26. apríl árið 1954 var Borgarhreppi í Mýrasýslu gefin til eignar Beilárheiði. Sjálft gjafabréfið hljóðar svo:

Gjafabréf

Við undirrituð, Sigþór Þórarinsson f.h. Þórunnar Jónsdóttur, Kristófer Jónsson, Þórarinn Jónsson, Jón Ásgeir Jónsson, Guðlaug Jónsdóttir, Emil Nicolai Bjarnason f. h. móður sinnar Elísabetar Bjarnason og Guðmundar Jónsson gerum með bréfi þessu hér með kunnugt, að við gefum Borgarhreppi í Mýrasýslu Beilárheiði svokallaða, sem liggur að afrétt Borgarhrepps og undanfarið hefur verið í eigu eiganda Galtarholts í Borgarhreppi.

Á framangreindu landsvæði hvíla engar veðskuldir eða þinglýstar kvaðir og skal gjafþega heimilt að þinglýsa gjafabréfi þessu á sinn kostnað.

Til staðfestu á ofanskráðu rita aðilar nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

P.t. Reykjavík, 26. apríl 1854.

Kristófer Jónsson, Jón Ásgeir Jónsson, Þórarinn Jónsson, Guðlaug Jónsdóttir, Emil Nic. Bjarnason, Sigþór Þórarinsson, Guðm. Jónsson.

Vitundarvottar:

Stefánía Pétursdótir, Gunnar Þorsteinsson.

Móttekið 6/7 54 til innfærslu í veðmálabækur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og þinglesið á sama manntalsþingi.[564]

[562] Skjal nr. 4(51).
[563] Skjal nr. 4(49).

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar* III frá árinu 1993 segir eftirfarandi um afrétt Borgarhrepps:

*Afréttur Borgarhrepps*

Afréttur Borgarhrepps er norðan marka hreppsins, í Stafholtstungnahreppi, en hann er um 18 km löng og 6 km breið landspilda, sem hreppurinn á og nýtir til sumarbeitar.

[…]

Á milli Beylár og Vikrafells er Beylárheiði (382 m). Á milli hennar og Staðarhnúks er votlendissvæði með mörgum tjörnum. Suður af Beylárheiði er Bárðarfjall (352 m). Á milli Beylárheiðar og Vikrafjalls og austan Bárðarfjalls liggur Grímsdalur. Um hann fellur Litlaá til suðurs í Gljúfurá sunnan undir Bárðarfjalli. Þar er eyðibýlið Grísartunga sunnan í Bárðarfjalli. Í Grímsdal eru þrjú gil, sem bera nöfn. Nyrst þeirra og mest er Lambafellsgil sunnan undir Lambafelli, sem er ávöl hæð (374 m) suðvestan við Vikravatn. Sunnar eru Arnarholtsgil og Ketilsgil.

[…]

Mörk afréttarins með Staðartungu eru sem hér segir: Frá ármótum Langár og Gljúfurár ræður Langá og síðan Langavatn og þá Langavatnsdalsá, þar til Mjóadalsá fellur í hana. Mjóadalsá ræður síðan merkjum upp að Sauðahrygg. Þaðan eru merki sjónhending upp á hæstu trumbuna á Víðimúla. Þaðan eftir háeggjum yfir efstu drög Víðidals, síðan eins og vötnum hallar frá há fjalli suður á hæstu drög í Sátudal. Þá ræður Sátugil niður í Fossdal, þá Fossá niður að Skammá, síðan Skammá í Vikravatn og Vikravatn að Lambafelli. Frá Vikravatni í Litluá ræður lautin milli Vikrafells og Lambafells. Þá ræður Litlaá, þar til hún fellur í Gljúfurá, og úr því Gljúfurá upp að ármótum móti Langá.

[…][565]

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá 1997 segir m.a. í kafla um Grímsdal:

Grímsdalur er gróinn árdalur sem opnast til suðurs, eftir honum fer Litlá sem á aðalupptök í giljum undir Beylárheiði en tekur líka í sig ána sem kemur sunnan undan Vikrafelli og fer eftir Fífudal. Litlá og Gljúfurá sameinast framundan Grísatungu. Dalbotninn gengur undir Beylárheiði að vestan og Lambafell sem er afleiðing hennar og rís suðvestan Vikravatns. Austanvert nær dalbotninn að rótum Vikrafells. Utar heldur Bárðarfjall (354 m) að vestanverðu að Grímsdal en á móti að austan er Múlakotsmúli áðurnefndur en bak við hann liggur Fífudalur sem gengur ofaní Grímsdal miðjan og ryður áin sem kemur ofan Fífudal undan sér grjóti og er blásið og runnið land á dalamótum.

[564] Skjal nr. 6(2).

[565] *Byggðir Borgarfjarðar III*, Mýrasýsla og Borgarnes, bls. 380 – 383. Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1993.

Lambafell er sem fyrr segir stuðlabergsfellið suðvestan við Vikravatn, undan því fer Lambafellsgil ofan í Grímsdal. Nokkru utar er Arnarholtsgil, djúpt hamragils sem skerst framúr Beylárheiði og liggja niður undan því uppgróin grjóthrúgöld og rústir. Framúr gilinu fer lækur í Litlá. Grímsdalur er þröngur innst en víkkar framundan hraunstalli þar sem áin fellur í fossi úr þröng og tekur þar við grasloðið slétt mýrlendi vaxið stör og broki, dýjalindir eru við hlíðarætur og vöxtulegt birkikjarr í kinnum einkum austanmegin.

Vestan megin við ána er Skallagrímssel á grund sem myndast hefur af framburði Ketilgils, árgils sem kemur austur unand heiðinni. Lækur fellur fram úr gilinu til Litlár, eftir gilbarminum fer fjárgata og birkihríslur vaxa á snösum. Upp heiðarsporðinn frá selinu liggur slóði á leiðina inn að Langavatni. Skallagrímssel mun kennt við Skallagrím Kveldúlfsson, landnámsmanninn á Borg á Mýrum sem að sögn Landnámu gaf Grími leysingja sínum Grímsdal. Sum veggjabrot á selsgrundinni eru gamalgróin og fornleg, aðrar tóftir virðast yngri og standa meir uppúr jörð og vel uppistandandi grjótgerði við rústirnar.

Grísatunga (Grísartunga) í Stafholtstungum er fjalljörð í tungunni milli Gljúfurár og Litlár. Landnáma segir svo frá að Grís og Grímur hétu leysingjar Skalla-Gríms, „þeim gaf hann lönd uppi við fjöll, Grísi Grísartungu, en Grími Grímsdal.“ Í Jarðabók Árna og Páls segir að munnmæli hermi að Grísatunga hafi langtímum verið í eyði, en þegar Jarðabókin var gerð bjó þar Ari Gíslason og galt jarðareiganda, kirkjunni í Stafholti, landskuld og leigur í smjöri. […] Ekki hefur verið byggð í Grísatungu síðan 1937, þar vaxa nú tré í friðuðu túni. Bærinn Múlakot í Stafholtstungum er austan við mynni Grímsdals undir Múlakotsmúla, hálendisbungu er gengur norður undir Vikrafell.[566]

Í sama riti segir m.a. í kafla um umhverfi Vikravatns:

Fossdalsá, sem fyrr er nefnd, fellur eftir sléttlendi norðan og vestan við Vikravatn. […] Milli Moldarmúla og Borgarhraunseggja skerst Hróbjargardalur sem Hróbjargardalsá fer framúr í gljúfrum og sameinast Fossdalsá á grundum þar sem heitir Sultartangi. Áin sem þá verður hefir grafið sér leið gegnum hraunlögin og kallast Beylá í Beylárgljúfrum milli Réttarmúla og Beylárheiðar, úr gljúfrunum kemur áin niður á Beylárvelli og fellur í austurtotu Langavatns. Þar á völlunum var vað á ánni.

[…]

Á fjalllöndunum norðan Vikravatns eru auðnir einar.[567]

[566] *Árbók Ferðafélags Íslands* (1997), bls. 47 - 48.
[567] *Árbók Ferðafélags Íslands* (1997), bls. 50 – 52.

### 5.6.1 Aðliggjandi og tengd svæði

#### 5.6.1.1 Grísartunga

Grísatungu er getið í *Landnámu*. Þar segir:

> Gríss ok Grímr hétu leysingjar Skalla-Gríms; þeim gaf hann lond uppi við fjöll, Grísi Grísartungu, en Grími Grímsdal.[568]

Grísartungu er getið í *Egils sögu*.[569] Þar segir:

> [L]ét Skalla-Grímr gera bæ uppi við fjallit ok átti þar bú, lét þar varðveita sauðfé sitt. Þat bú varveitti Gríss, ok er við hann kennd Grísartunga.
>
> […]
>
> Þorsteinn lét gera garð um þvera Grísartungu milli Langavatns ok Gljúfrár. Lét hann þar at vera marga menn um várit. Ok er Þorsteinn hafði litit yfir verk húskarla sinna, þá reið hann heim, [...].[570]

Grísartungu getið í *Laxdælu*.[571] Þar segir:

> Þat var eitt sumar á þingi, er Þorleikr sat í búð sinni, at maðr einn mikill gekk í búðina inn. Sá kvaddi Þorleik, en hann tók kveðju þessa manns ok spurði hann at nafni eða hvaðan hann væri. Hann kvazk Eldgrímr heita ok búa í Borgarfirði, á þeim bæ, er heita Eldgrímsstaðir, en sá bær er í dal þeim, er skersk vestr í fioll milli Múla ok Grísartungu; sá er nú kallaðr Grímsdalr.[572]

Grísartunga kemur tvívegis fyrir í *Sturlunga sögu*. Þar segir við árið 1241:

> Þá er Sturla kom vestr í Grísartungu, kómu þar í mót honum húskarlar hans tveir, Snorri Steinsson ok Halldórr geitungr Þórðarson, [...].[573]

Í síðara skiptið er Grísartungu getið við árið 1263:

> Riðu þá suðr um heiði ok námu staðar í skóginum ofan frá Grísatungu. Þeir sendu mann ofan til Norðrár at vita, hvárt áin væri reið, því at vatnavextir váru miklir, eða hvárt Hrafn væri heima í Stafaholti.[574]

Samkvæmt gjafabréfi dags. 10. október 1522 gaf séra Helgi Jónsson, þá prófastur yfir Mýraprófastsdæmi, sonarsyni sínum Helga Helgasyni Grísartungu í Stafholtskirkjusókn. Í bréfinu segir:

> Jtem skylldi Helgi Helgason eignast i sinn hlut jordina Hamar fyrir. xvj. hundrud og: jordina Grisatungu fyrir iiij hundrud og. xx. liggur onnur jordin i

---

568 Skjal nr. 4(111).
569 Líklegt þykir að Egils saga sé færð í letur á fyrri hluta 13. aldar, nánar tiltekið á árabilinu 1220-1230.
570 *Egils saga*, Íslendingasögur II, (1946), bls. 73.
571 Fræðimenn telja að *Laxdæla* sé skráð um miðja 13. öld.
572 *Laxdæla saga*, Hið íslenzka fornritafélag, (1934), bls. 102.
573 *Sturlunga saga* I, Sturlunguútgáfan, (1946), bls. 450-451.
574 *Sturlunga saga* I, Sturlunguútgáfan, (1946), bls. 228.

Nordtungu kirkiusokn. enn ønnur i Stafholltz kirkiusokn og þar til xx hundrud i kuijllldum og þarfligum peningum.[575]

Samkvæmt jarðabók frá árinu 1597 var Grísartunga komin í eigu Stafholtskirkju það ár.[576]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir m.a. í kafla um Grísatungu:

> Munnmæli eru að hjer hafi að fornu bænhús verið, en engin sjást þar ljós merki til. Jarðardýrleiki […] og so hefur tíundast fátækum í næstu þrjátíu ár. Þar fyrir segja menn hún hafi lángvaranlega í auðn legið, í 200 ár eður lengur. […]
>
> Eigandinn beneficium Stafholt.
>
> Ábúandinn Ari Gíslason.[577]

Samkvæmt manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands var Grísatunga í byggð árin 1703, 1816, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1855, 1870, 1880, 1890, 1901, 1910 og 1920. Ekki kemur fram að búið hafi verið á jörðinni árin 1860 og 1901. [578]

Á Manntalsþingi að Hjarðarholti þann 10. júní 1786 var Grísartunga meðal eyðijarða sem boðnar voru upp til ábúðar en ekkert boð kom fram.[579]

Í jarðamati Mýrasýslu frá árinu 1849-50, kemur fram að Grísatunga sé eign kirkjunnar í Stafholti, metin á 432 ríkisbankadali.[580]

Á manntalsþingi að Hjarðarholti þann 24. maí 1886 var þinglesin landamerkjakrá „fyrir jörðunni Grísartungu“ frá 15. maí 1886. Ekki er getið um landamerki.[581]

Á Manntalsþingi að Hjarðarholti þann 20. maí 1887 var jörðin Grísartunga boðin upp til ábúðar að beiðni Jóhanns Þorsteinssonar, en ekkert boð kom fram.[582]

Landamerkjabréf Grísartungu í Stafholtshreppi var útbúið 20. nóvember 1923 og því var þinglýst 1. júlí 1924. Þar segir:

> Fyrst ræður merkjum hóll sá einstakur, sem er vestanvert við vaðið á Beilá, þvínæst sjónhending úr tjeðum hól í klif eitt auðkennilegt, sem vegur liggur eftir fyrir norðan Brúnavatn, því næst Staðarhnúksbringu og Bárðarfjallsbrúnin suður að Litluá, því næst ræður merkjum Litlaá alla leið niður eftir Grímsdal þar til hún fellur í Gljúfurá, þvínæst ræður enn merkjum að útsunnan og vestanverðu, Gljúfurá alla leið vestur í svonefndan Nautakrók, þá ræður enn merkjum Kliflækur svo nefndur, sem fellur úr Seltjörn, þvínæst

---

575 Skjal nr. 4(122).
576 *Kirkjueignir á Íslandi 1597-1984* II. Skrár. (1992), bls. 142.
577 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, bls. 347.
578 ÞÍ. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. Leitarforsendur: „Grísatunga“ og „Mýrasýsla“. Sjá manntal.is
579 Skjal nr. 2(304) a-b.
580 Skjal nr. 2(95).
581 Skjal nr. 2(303) a-b.
582 Skjal nr. 2(301) a-b.

> ræður lækur eða lækjarfarvegur frá Seltjörn alla leið norður í Langavatn. Þá ræður Langavatn merkjum að Beilá, því næst ræður merkjum Beilá að hól þeim hinum einstaka sem upphaflega er nefndur. Norðanvert við hnúkinn, en sunnan Beilá er lítill flötur eða blettur, sem er tileinkaður Múlakoti.[583]

Bréfið var undirritað af umráðamanni Grísatungu og samþykkt vegna Borgarhrepps, Tandrasels, Galtarholts, Beilárheiðar, Valbjarnarvalla og Múlakots.

Á Manntalsþingi að Arnarholti þann 21. maí 1901 var jörðin Grísartunga boðin upp til ábúðar en ekkert boð kom fram.[584]

#### 5.6.1.2 Múlakot

Landamerkjabréf Múlakots í Stafholtstungum var útbúið 16. maí 1890 og því var þinglýst fimm dögum síðar. Þar segir:

> Varða sú er stendur austast á vörðuskógi við Lambahvamm á merkjum, úr henni í vörðu þá er stendur á múlabrún þaðan beina leið í Tjarnarskarði. Svo ráða vörður merkjum að Selgili síðan ræður graslaut eða öðru nafni Merkjalaut sem liggur alla leið í gegnum Selhóla þaðan úr vesturenda lautarinnar í Ketilgil sem fellur í Litluá og ræður svo áin alla leið þar til hún fellur í Gljúfurá, þaðan alfara reiðvegur suður að Feilandstjörn, úr austurenda tjarnarinnar í Krosstein, síðan úr steininum í vörðu þá, sem stendur á Þrætuásenda og úr þessari síðast nemdu vörðu ræður Merkjakelda alla leiðþar til fyrst nefndar vörður bera hvor í aðra.[585]

Var bréfið samþykkt vegna Múlakots, Litlaskarðs og Jafnaskarðs. Einnig var rituð athugasemd þess efnis að Múlakot ætti líka engjablett norðan til við Staðarhnjúk.

#### 5.6.1.3 Jafnaskarð

Jafnaskarðs er getið í Landnámu. Þar segir:

> Karl nam Karlsdal upp frá Hreðuvatni ok bjó undir Karlsfelli; hann átti land ofan til Jafnaskarðs til móts við Grím.[586]

Landamerkjabréf Jafnaskarðs í Stafholtstungum var útbúið 1. maí 1886 og því var þinglýst 21. maí 1890, þar segir:

> Að austan ræður sjónhenda, frá Hreðavatni, undan vestari Stafholtshólmaenda, yfir merkjaborg fyrir vestan vestari Selvatnsenda yfir norðasta Ketilsholt vestantil, í laut milli Sigmundarhlíðar og Dyngju, í vikrafellsöxl að norðan ræður laut sunnan til við Lambafell úr lautinni í Litluá hún ræður ofan á móts við Ketilgil, að vestan ræður sjónhenda frá Litluá undan Ketilgili, í graslaut í selhólinn úr nefndri graslaut eftir því sem vörður vísa í Tjarnarskarð, úr Tjarnaskarði sjónhenda í vörðu vestan til við Lambahraun, úr áðurnefndri vörðu í aðra vörðu á Helluás, þaðan í sjónarhól,

583 Skjal nr. 2(8).
584 Skjal nr. 2(304) a-b.
585 Skjal nr. 2(72).
586 Skjal nr. 4(111).

> úr sjónarhól í Keldu sunnan til við hólinn; að sunnan ræður lækur úr keldunni eftir Laufskáladal í Veiðá, þá ræður Kiðá í Hreðavatn og Hreðavatn fram á móts við austari Stafholtshólmaenda sem fyrst er nefndur. Framanskrifuð landamerki óskar eigandi Jafnaskarðs að verði undirskrifuð af þeim sem lönd eiga umhverfis nefnda landareign. [587]

Var bréfið samþykkt vegna Jafnaskarðs, Hreðavatns, Galtarholts, Litlaskarðs, Laxfoss og Múla.

#### 5.6.1.4 Hreðavatn

Landamerkjabréf Hreðavatns í Norðurárdal er ódagsett en því var þinglýst 27. júní 1923, þar segir:

> Að sunnan, frá vörðu framantil við Bjarnapart ræður Norðurá merkjum niður fyrir 2 uppsprettur, að merkjasteini með áhöggnu letri. Frá honum eru merkin sjónhending yfir hraunið um Arnarklett í garðlag í Leiðarskarði, yfir Hreðavatn vestan við Stafholtshólmaenda vestari og í Merkjaborg þaðan vestantil við vesturenda Selvatns um norðara Ketilholt vestantil, svo eftir laut (~~vestan til~~) milli Sigmundarhlíðar og Dyngju, í Vikrafells-öxlina. – Að norðan eru merkin, úr Vikrafellsöxl í Vikravatn þá ræður Skammá, þá Fossdalsá fram að lægri fossum, um smágil í Grágæsarh[n]júkinn þá sjónhending yfir Dýjahnjúk og Fífilsdalsmúla í klettaborg uppi á Hestabrekkum. Þaðan í vörðu á hálsinum framan Húsadal, yfir holtin utan Brekkueyrar. Þaðan yfir hraunið í vörðu þá er fyrst var nefnd framanvert við Björnapart.[588]

Var bréfið samþykkt vegna Hreðavatns, Brekku, Jafnaskarðs, Borgarhrepps, Laxfoss, Svartagils og Veiðilækjar.

#### 5.6.1.5 Fjalllendi Borgarhrepps

Sjá kafla 6.5.

#### 5.6.1.6 Stafholtskirkja

Stafholtskirkju, er getið í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, frá því um 1200.[589]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir m.a. í kafla um Stafholt:

> Fjórða skógarítak á staðurinn, allan[590]) Sauðhússkóg í takmörkuðu plátsi fyrir sunnan Litluá niður frá Múlakotslandi. Hefur þetta land að fornu […] brúkast jafnlega tollfrí frá Grísatúngu til beitar, en skógurinn bæði frá staðnum og staðarins landsetum, og eyðist því mjög.[591]

---

[587] Skjal nr. 2(16).
[588] Skjal nr. 2(14).
[589] Skjal nr. 2(221).
[590] Hjer á eftir ritað „skóg í“, en deplar settir undir það.
[591] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, bls. 334.

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir m.a. í kafla um Bjargarstein:

> Eigandinn beneficium Stafholt.
>
> […]
>
> Skógarhögg til kolgjörðar brúkar jörðin frí í Sauðhússkógi, sem aðrar staðarins jarðir.[592]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir m.a. í kafla um Svarfhól:

> Eigandinn beneficium Stafholt.
>
> […]
>
> Skógarhögg sem á Bjargarsteini.[593]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir m.a. í kafla um Litlu Skóga:

> Eigandinn beneficium Stafholt.[594]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir m.a. í kafla um Grísatungu:

> Munnmæli eru að hjer hafi að fornu bænhús verið, en engin sjást þar ljós merki til. Jarðardýrleiki […] og so hefur tíundast fátækum í næstu þrjátíu ár. Þar fyrir segja menn hún hafi lángvaranlega í auðn legið, í 200 ár eður lengur.
> […]
>
> Eigandinn beneficium Stafholt.
>
> Ábúandinn Ari Gíslason.[595]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir m.a. í kafla um Laxholt:

> Eigandi beneficium Stafholt í Stafholtstungum.[596]

## 5.7 Staðartunga

Stafholtskirkju er getið í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, frá því um 1200.[597]

Í máldögum Stafholtskirkju frá því um 1140, 1354, 1397, 1480, 1491-1518 og 1570, kemur ekkert fram sem varpar ljósi á tengsl kirkjunnar við Staðartungu.[598]

---

592 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, bls. 336.
593 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, bls. 337.
594 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, bls. 340.
595 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, bls. 347.
. 357.
597 Skjal nr. 2(221).
598 Skjöl nr. 2(62), 2(63), 2(64), 2(65), 2(66) og 2(67).

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 22. september 1639 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Hun a vtan sig hejmaland allt […]. Kirkjann a Suarffhol 16 hndr. Bjargaste[in] 16 hndr. Hoffstade 16 hndr. Sköga 12 hndr. Laxhollt 16 hndr. Nedranes 16 hndr. Ejngenes A Stróndum 6 hndr. og reka med. i ejd[e]. Grijsatungu 16 hndr. i ejde, halldenn saudhuspartur 10 hndr. ad a[00] hndr. ad a[00] Affrjett i vesturärdal, Middals mula allan fyrer offan Mælefellsgil. Afrjett i Rjödzbjargardal. Hrijs a Hredavatne. Ey vid Huijtä sem kólluð er Sta[f]holltsey. Þræley sudur frä Býllshómrum. Skögholtt i Skardstungu sem kallad er Kirkjuhollt og Kjerveide i Nordur a i Laxfosse effter mäldaganum [000] sie vndanhallded og þrijr hluter vejdar i Þuerä sama mäldaga og 12 Prestadome samþyctum af Øgmunde, huór bæde bref utskriffud og Insiglud ä kirkjunne i Stafhollte. Selfór i Þuerärdal [Skog] i Skorradal halfann Fossdal Nordan fram. Vej[de] alla i Möhil i Gliuffurä.[599]

Þann 19. maí 1663 lögfesti séra Sigurður Oddsson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

> Num 24
>
> Lógfestu Copia Sra Sigurdar Oddssonar.
>
> Þesse Mäldage Kýrkjunnar i Stafhollte: Hün ä allt Heimaland. Þessar jardir: Svarfhöl, Biargarstein, Hofstade, Laxhollt, Nedra Nes, Nedra Sköga, Eingenes ä Stróndum, og Reka med, GrijsaTüngur, med Saudhüspartinum, Laxveide i Þverä, Kierveide i Laxfosse i Nordur ä, sem kallad er Nicolaus kier, Skögar Hollt i Skardztüngu, sem kallad er Kýrkju Hollt, Selfór i Þverärdal, Skög i Skoradal, Hälfann Fossdal Nordannframm, Veide alla i Möhil i Gliüfur ä, Afriett i Vesturärdal, Middals Müla allann, Biarnardal allann, fýrir framann MæleFellsGil, Hrijseij ad Hredavatne, óll Eij sü, er Þverärþijng Stendur i, Þræleij Sudur frä Bijldzhómrum. Efftir Þessum Mäldaga, Lógfeste Eg S.O.son, alla Stafholltzkýrkju Eign, Tódur og Eingjar, Hollt og Haga, vótn og veidestade, Sköga og Reka, og allar landz og vatnz gagnsemdir, sem þessum lóndum eiga med riettu ad fýlgia, til ýtstu ummerkja, mötz vid adra menn, fýrirbýd Eg hverjum Manne, i ad Vinna, eda sier ad nýta, nema mitt sie lof og leife til: ad vitne þýnu etc.
>
> Þetta allt hier ofann Skrifad Upplesid, af Hieradz Pröfastinum Sra Sigurde Oddzsýne, ad settu manntalz þijnge ä Hiardarhollte, þijngmónnum äheirande 1663, 19. Maji
>
> /:Þesse Nófn undir Skrifud:/
>
> Sigurdur Jönsson Eh. Gudmundur Erlingsson meh.
>
> Finnur Þörarinsson meh. Sigurdur Þorsteinsson meh.[600]

---

[599] Skjal nr. 2(117) a-b.
[600] Skjal nr. 2(143) a-b.

Þann 15. apríl 1678 var þinglesin lögfesta séra Páls Gunnarssonar fyrir Grísartungu. Í lögfestunni er merkjum lýst og nær merkjalýsingin til Beilárheiðar og Staðartungu. Þar segir:

> Eg Sera Páll Gunnarsson lógfesti hier I dag Jórdena Grysatüngu, liggiande I Stafhollts Tüngum og Stafhollts KyrkiuSökn, med þessum tilgreindum órnefnum og ummmerkium, Litla aa rædur ad Sunnann, epter endelóngum Grijmsdal, Sijdann rædur Siönhending sem siä mä upp ür Grijmsdal, og so i Vestra Vikravatns Enda, þä rædur Vikravatn og ad Skammaa, þä rædur Skammaa I Beylaa, þä Beylaaa uti Länga Vatn, sijdann rædur Länga Vatn ofann til Längär, þä Längaa, allt ad Gliüfuraa, Sijdann rædur Gæiüfuraa ofann til Litlu aar, Innann þessara tilteknu ummerkia og órnefna, lógfeste eg akra og Tódur, Eingiar og Skóga, Hollt og Haga, Vótn og Veidestade, og allar landsnytiar þær er þvi lande eiga ad fylgia, fyrerbijd eg hvorjum manne hedann af, I ad vinna edur Sier ad nyta nema mitt sie Lof og leife til, ad vitne þijnu Sigurdur Jönsson, og þijnu Arne Halldörsson.[601]

Þann 29. maí 1679 var þinglesin lögfesta séra Páls Gunnarssonar fyrir Grísartungu. Þar er merkjum lýst með sambærilegum hætti og í lögfestunni frá 1678, en þar segir:

> Eg Päll Prestur Gunnarsson lógfeste hier I dag Jórdena Grijsatüngu liggiande I StafholltsTüngum og StafholltskyrkiuSökn, lógfeste eg Päll prestur Gunnarsson, nefndrar Jardar land, effter þeim gógnum og Vitnum sem eg hefe, til þessara landamerkja, frä Ärmötum Litlu aar og Gliüfuraar rædur Litla aa effter endelóngum Grijmsdal, sijdann rædur Siönhending sem siä mä upp ür Grijmsdals drógum og so I vestra Vikravatns Enda, þä rædur Vikravatn ad Skammaa, þä Skammaa I Beylä, þä rædur Beylaa uti Länga vatn, Sijdann rædur Länga vatn ofann til Längaar, þä Längaa allt ad Gliüfuraa, þä Gliüfuraa ofann til Litlu aar. Innann þessara ummmerkia lógfeste eg Akra og Tódur, Eingiar og Skóga, Hollt og Haga, Vótn og veidestade, og allar Landsnytjar, er nefndre Jórd Grijsatüngu eiga ad fylgia. Fyrerbýd eg hvorjumm manne hiedann af I ad vinna, edur Sier nýta, beyta edur brüka läta, nema mitt sie lof og leyfe til, ad vitne allra þeirra ord mijn heyra. Þesse Lógfesta var upplesenn ad Stafhollte, Kyrkiu Sófnudenum - Vidverande og aheyrande þann 29da Maii Anno 1679. Til merkes vor underskrifud nófn i Sama Stad, äre og dege, sem fyrr seger. Biarne Gijslason meh. Stephan Kiartansson m.e.h.[602]

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 4. september 1681 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Kýrkiann A effter mäldógum heimaland allt með gógnum og giædum med þeim Merkium sem vm gietur visitatiubok M. Brýnjolfs Anno 1639. Þessar Jarder Suarfhool 16 hndr. Biarga Stein 16 hndr. Hofstadi 16 hndr. Sköga 12

[601] Skjal nr. 2(146) a-b.
[602] Skjal nr. 2(147) a-b.

hndr. Laxhollt 16 hndr. Nes 16 hndr. Eingenes a Stróndum 6 hndr. og reka med. Grijsatungu 16 hndr. Effter visitatiubök M. Brÿnjolfs og Saudhusspart 10 hndr. Afriett i Vestur Ärdal Middalsmula allann fyrer ofann Mælifellzgil, Afriett i Riödzbiargardal Hrÿsey a hredavatne, Ey vid huitä sem kóllud er Stafholltseÿ. Þræleÿ Sudur fra bijldzhómrum Skögaholt i Skardztungu sem kallad er Kÿrkiuhollt, Se[l]fór i Þuerärdal Sköga i Skoradal, halfann fossdal nordann fr[a] veide alla i Möhjl i gliufurä […].[603]

Í prófastsvísitasíu Stafholtskirkju frá 26. ágúst 1694 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

afRiett i Vesturardal, Middals (Mula) [(Mula), skrifað af forverði í byrjun 20. aldar, vegna viðgerðar sem hylur texta] alla firer ofann Mælefells gil Afrétt [Afrétt, skrifað af forverði í byrjun 20. aldar, vegna viðgerðar sem hylur texta] I Riodsbiargardal. Hrÿs ei a hreda Vatne. Ey Vid huÿt a sem kollud er stafhollts Eÿ. Þrælei svdur fra billds hómrum skoga hollt I skards tungu sem kallad er kirkiu Hollt. selfor I Þuer ar dal. Skoga a skogadal. Halfann foss dal nordann framm. Veide alla i Möhil I glijufur ä.[604]

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 25. ágúst 1702 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hun ä Heimaland allt med gógnum og giædumm […]. Kirkiann ä Svarfhöl 16 hndr. Biargastein 16 hndr. Hofstade 16 hndr. Sköga 12 hndr. Laxhollt 16 hndr. Nedranes 16 hndr. Eingines ä Strondum 6 hndr. og reka med Grijsatungu nu Tijundada 12 hndr. og Saudhuspart ad afriett i Vesturärdal, Middalzmüla allann fyrer ofann mælefellssgil afriett i Riödzbiargardal Hrijseij ä Hredavatns Ej vid Hvijtä sem kollud er Stafholltzej Þræt ej Sudur fra Bÿlldzhomrum. Skogarhollt i SkardsTüngum sem kallad er Kirkiuhollt, Kierveidi i nordur ä i laxfosse, þriä hlute veidar i Þverä selfór i Þverärdal, Skög i skoradal Halfann fossdal nordann fram veide alla i Mogil i Gliufurä.

[…][605]

Í prófastsvísitasíu Stafholtskirkju frá 1702 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hün ä effter mäldógum og visitatium Biskupanna heimaland allt med gógnum og giædum, til þejrra merkia sem ummgetur i Visitatiu Brinjolfs Anno 1639 Item Jarder allar og Itók, sem ummgetur I sómu visitatiu, enn þä ätólulaus, Sómuleides liggia enn ä kyrkjunne, óll þaug Skiól sem umm er geted I visitatiu M. Þordar Thorlakssonar Anno 1681 flestóll rotenn, Hier ad auke hafa vidbæst i tijd Sr Päls Gunnarssonar yngra Fjörar Lógfestur fyrir Stafhollts kyrkiu Eignum, Item Tyu manna Vitnisburder umm Grijmsdal halfann med Döm þar umm gengnum i Fimtarstefnu.

[…] [606]

[603] Skjal nr. 2(121) a-b.
[604] Skjal nr. 2(173) a-b.
[605] Skjal nr. 2(122) a-b.
[606] Skjal nr. 2(151) a-b.

Þann 24. júlí 1707 lögfesti séra Jón Jónsson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

> Nefnelega lógfeste Eg: Alla Heima Jórdina Stafhollt, med Flöatänga og Melkote, Hiäleigum bÿgdum af Heimalande; Hier ad auke lógfeste Eg, þesse Stafholltz kÿrkju Itók og Eignir: [...] Hälfann Grijmsdal framann Kietils gil; Fossdal hälfan Nordann framm, efftir Fimtar Stefnu döme, og kÿrkjunnar Mäldaga; Afriett i Riödz-biargadal, SaudHüsspartinn med Skögjenum, [...] Lógfeste eg Tódur og Eingiar, Hollt og Haga, Vótn og Veidestade, og allar Landz og Vatnz gagnsemdir, sem þessum lóndum eiga med riettu ad fÿlgia, til ytstu ummerkia, Mötz vid adra menn, Fyrirbÿd Eg Hverjum Manne i ad Vinna, edur sier af ad Nÿta, nema Mitt sie lof eda leife til; Bijd Eg þeim i Möte Eiga, ad leggja Fimtarstefnu i Möte lógfestu minne. – Þetta allt framan Skrifad vitna eg til Nærstaddra Dänemanna, sem ord Mijn heira.[607]

Þann 31. júlí 1707 lögfesti séra Jón Jónsson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

> 1° Nefnelega, lógfeste Eg Alla HeimaJordena Stafhollt, med Flöatänga og Melkote, Hiäleigum Bÿggdum af heimalande, til þessara Um merkja:[…] 3° Lógfeste eg þesse Stafholltzkirkju [-kirkju, úti á spássíu] Itók og Eignir: Laxveide i Allre Þverä, ad fräskildum þeim hluta, er Ferjubacka tilheirir, Kierveide i Laxfosse i Nordurä, Skögahollt i Skardztüngu, Selfor i Þverärdal upp frä Kvijum, Skög i Skoradal, Hälfann Fossdal Nordann framm, hälfann grijmsdal framann Kietils Gil, Efftir Kÿrkjunnar Mäldaga og Fimtarstefnu Döme, Afriett i Riödzbiargardal, SaudHüsspartinn med Skögjenum, Veide alla i Möhil i Gljüfur ä, Afriett i Vesturärdal, Middalsmüla allann, Biarnadal allan fyrer framann Mælefellsgil, Hrijseij ä Hredavatne, Þræleij Sudur frä Bijllds Hómrum, Stadarhölmanna þar Nälægt, Stadar Eingid ä millum Melkotz og Flöatänga; Lógfeste Eg Tódur og Eingjar, Hollt og Haga, Sköga, Vótn, og Veidestade, og allar landz og vatnz gagnsemdir, sem þessum lóndum eiga ad Riettu ad fÿlgia, til Itstu um Merkja Mötz vid adra Menn: Fÿrerbÿd Eg hverjum Manne, i ad vinna, edur Sier af ad nÿta, nema mitt sie lof eda leife til, Bÿd Eg þeim i möte eÿga, ad leggja Fimtar stefnu i möt lógfestu minne […].[608]

*Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Borgarfjarðar- og Mýrasýslur frá 1709 er Staðartungu ekki getið.[609]

Þann 30. ágúst 1711 lögfesti séra Jón Jónsson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

> Lógfesta fÿrir Grÿsa-tüngu

[607] Skjöl nr. 2(141) a-b og 2(164) a-b.
[608] Skjöl nr. 2(139) a-b og 2(165) a-b.
[609] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla.

> Jeg Sra Jön Jönsson, lógfeste Hier i dag Stafholltz kÿrkju Jórd Grijsatüngur liggjande i Stafholltztüngum, og Staf holltz KÿrkjuSókn, til þessara ummerkja og órnefna, 1° Litla ä rædur ad Sunnann, Effter Endelaungum Grijmsdal, Sÿdann rædur Siönhending uppür Grijmsdals drógum, og i Vestra VikravatnzEnda, þä rædur Vikravatn ad Skammä, i Beijlä Rædur Skammä, þä Beijlä üti Länga vatn, Sÿdann rædur Längavatn ofann til Längär, þä Läng ä allt ad Gljüfur ä, Sÿdann rædur Gljüfur ä ofann til Litlu är: Innann þessara tiltekinna ummerkja og órnefna, Lógfeste Eg akra og Tódur, Eingjar og Sköga, Hollt og Haga, Vótn og Veidestade, og allar Landz Nÿtjar, þær er þvi lande eiga ad fÿlgia med Riettu; Fÿrirbÿd eg Hverjum Manne hiedann af, i ad vinna, sier ad gagn nijta, usla, grasnäm, eda trodning ad giora, i ädur tilteknu Stafholltz kÿrkjulande, Hverke med Afriettar peninge (Saudfie, Hestum, eda Nautum) nær til Rietta er Rekid ä Haust, edur med annare Ölóglegre Beit endrarnær, nema mitt sie lof eda leife til, Undir fullar lagaSektir, og Skadabætur, sem Landzlóginn ä skilia:[610]

Lögfestan var lesin upp á manntalsþingi að Borg sama dag og aftur 3. september 1713.

Þann 14. maí 1714 lögfesti séra Jón Jónsson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

> 1° Nefnelega Lógfeste Eg Allann Heima Stadinn og hanns land, til Þessara ummerkja; […] 2do. Lógfeste Eg Þessar Stafholltz KÿrkjuJardir: Stafholltzeij, Nedra-nes, Laxhollt, Litlu Sköga, og Grijsatüngur, til vissra landamerkja, sem ad fornu hafa halldinn verid. 3io Lógfeste Eg Þesse Stafholltz kÿrkju Itók og Eignir: Laxveide i allre Þverä, Efftir þvi Stafholltzkyrkju Mäldage helldur, og Øgmundar Biskupz Dömur med 12 Prestum, ad fräSkildum þeim hluta, er Ferjubacka tilheirer, Kierveide i LaxFosse i Nordurä, Skögahollt i Skardztüngu, Selfór i Þverärdal uppfrä Kvijum, Skög i Skoradal, Hälfann Fossdal Nordann framm, Hälfann Grijmsdal framann Kietils gil, afriett i Riödzbiargardal, Saudhüspartinn med Skögjenum, veide alla i Möhil i Gljüfurä, Afriett i Vesturärdal, Middalsmüla allann, Biarnadal allann fyrer framann Mælefellsgil, Hrijseij ä Hredavatne, Þrælej Sudur frä Bijlldzhómrum, Stadarhölmann þar Nälægt, StadarEingid ä millum Melkotz og Flöatänga, Lógfeste Eg Tódur og Eingjar, Hollt og Haga, Sköga, Vótn og Veidestade, og allar Landz og vatnz gagnsemder, sem þessum lóndum eiga med Riettu ad fÿlgia, til ÿtstu Ummerkja Mötz vid adra Menn, Fÿrirbÿd eg hverjum manne, i ad vinna, eda sier af ad Nyta, Nema Mitt sie lof eda leife til, Bÿd Eg þeim i möte Eiga, ad leggia Fimtar Stefnu i möte Lógfestu minne […].[611]

[610] Skjal nr. 2(142) a-b.
[611] Skjal nr. 2(140) a-b.

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 13. júní 1725 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Hun ä allt Heimaland med gógnum og giædum, […]. Kyrkiann ä Svarfhöl 16 hndr. leigdan fyrer 1 hndr. Biargastein 16 hndr. leigdann 100 al., Hofstade 16 hndr. leigda fyrer 1 hndr. Litlu Sköga 12 hndr. leigda 60 al. Laxhollt 16 hndr. Landskulld til forna 1 hndr. fellur nu nidur fyrer fiärgeimslu, Nedra Nes 16 hndr. leigt 1 hndr. Eingenes ä Stróndum 6 hndr. og reka med, allann sem fyrer þvi lande liggur, effter Visitatiu Biskups Sal: Gijsla Jönssonar, Jordenn er nu i Eide, og hefur vered Langvaranlega, enn Lytelræde golded effter reka, Grysatungu, nu tiundada 12 hndr. og Saudhus Part 10 hndr. Afrett i Vesturärdal, Middalsmula allann fyrer ofann Mælifells gil, afriett i Riödsbiargardal, Hrys Ey ä Hredavatne, Ey vid Hvytä, sem kóllud er Stafhollts Ey, Þræley Sudur fra Byldshómrum, Skogahollt i Skardstungum, sem kallad er Kirkiuhollt, kierveide ij Nordur ä i Laxfosse. Þriä hlute veidar i allre Þverä, Selfor i Þverardal, Skög i Skoradal, Halfann Fossdal Nordan framm, veide alla i Möhil i Gliufraä.[612]

Í prófastsvísitasíu Stafholtskirkju frá 10. júní 1744 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Hun ä Heimaland allt med gógnum og giædumm, Item þessar Jarder Svarfhöl, Biargastein, Hofstade, Litla Sköga, Laxhollt, Nedra Nes, Eingenes a Stróndum og Reka med, allann Sem fyrer Þvj Lande Liggur effter Visitatiu Biskups Sal Gisla Jonssonar. Jórdenn er nu i Eide og hefur vered langvaranlega Enn lytelræde gollded effter Reka. Grÿsatungu og Saudhuspart. Afriett ä Vesturärdal, Middalsmula allann fyrer ofann Mælefellsgil, afriett I Riödsbiargardal, HrÿsEÿ ä HredaVatne, Ey vid Hvÿtä Sem kóllud er StafholltsEÿ. ÞrælEÿ Sudur frä byldsHómrumm Skögarhollt i Skardstungumm Sem kallad er Kyrkiuhollt. Kierveide i nordurä I Laxfosse. Þriä hlute veidar I allre Þverä, Selfór i Þverärdal Skög i Skoradal, Hälfann Fossdal nordann framm, veide alla i Möhil i gliüfraa.
>
> [...] [613]

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 18. júní 1749 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Hün ä Heimaland allt med gógnum og giædum, Item þessar jardir Svarfhöl, Biargastein, Hofstade, Litlu (Skóga), Laxhollt, Nedra nes, Eingenes ä Strondum sem ädur hefur leinge vered öbyggt, enn Beneficiator Sr Sigurdur Jönsson hefur nu komid Bygging ä, so þar gielldst effter 20 al. Item Reka allan sem fyrir þvi Lande liggur eptir visitatiu Biskups Säl. Gisla Jonssonar. Grísatungu, og Saudhus Part. Afrett ä Vesturaardal, Middalsmüla allan fyrer ofan (Mæli)fells gil, afrett i Riödsbiargar Dal. Hryseÿ Hredavatne. Ey vid Hvïtaa, sem kóllud er Stafhollts Ey. ÞrælEy Sudur frä Bylldshömrum. Skögarhollt i SkardsTungum, sem kallad er Kyrkiuhollt. Kjerveidi i Norduraa

[612] Skjal nr. 2(125) a-b.
[613] Skjal nr. 2(177) a-b.

I Laxfosse; Þriä hluti veidar i Þvera, Selfór I Þverarardal. Skog i Skordale halfan Fossdal nordan fra[m] Veide alla I Mohil I Gliufra aa.

[...] [614]

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 20. ágúst 1751 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hun ä Heimaland allt med gógnum og giædum, […]. Kyrkiann ä [...] Grïsatungu 12 hndr. og Saudhus-Part 10 hndr. Afrett i Vesturärdal; Middalsmula allann fyrer ofann Mælefellsgil Afrett [Afrett, ofan línu] i Riödsbiargardal [...] Skög i Skoradal, halfann Fossdal, nordann framm; Veide alla i Möhil i Gliufra ä,

[...][615]

Þann 13. júní 1754 lögfesti séra Sigurður Jónsson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Sigurdur Jónsson sóknarprestur til Stafhollts og hiardarholltskyrkna, lögfeste hier J Dag Stafhollt Beneficium, mier allranádugast confererad, af mýnum allranádugasta konunge.

[...]

3° Logfeste eg, [þesse S]tafhollts kyrkiu Jtök og Eigner: [...] hálfann fossdal nordannframm, hálfann Grýmsdal, framann Ketilsgil. afrett i RiódsBiargardal, Saudhus partenn med skógenum, veide alla J móhil J gliufuraa, afrett J Vesturárdal, middalsmúla allann, Biarnadal allann fyrer framann mælefellsgil, [...].

Lögfest Eg tödur og Eingjar, hollt og haga, skóga, vötn og veidestade og allar lands- og vatns-gagnsemder, sem þessum löndum ega med riettu ad fylgia, til ytstu ummmerkia móts vid adra menn: fyrerbýd Eg hverjum manne J ad vinna, eda sier af ad nýta, nema mitt sie leyfe til. Býd eg þeim i móte eiga, ad leggia fimtarstefnu i móte þessare minne lögfestu. Þetta allt framann og ofannskrifad, vitna eg til nærstaddra Dánumanna, sem þessa mýna lögfestu heyra, hvoria Eg þienustusamlega óska ad Erugöfigur valldsmaduren J mýrasýslu Seig[r] Þorgrimur Sigurdsson fyrer Riettenum ad Hiardarhollte auglýsa láte, minna vegna, öllu þess Til merkes og Stadfestu er mitt nafn med egenn hende og hiáþryckt venjulegt signet ad Stafhollte þann 13[da] Júnii 1754.[616]

Lögfestan er þinglesin 13. júní 1754.
Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 16. júní 1759 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hun a Heimaland allt med gognum og giædum, millum Hamra Enda og Hofsstada er hallden Sionhending ur Hofstada Vatne, og i midian Agnhöl, þadan og i Þvotthellur vid Hvitaa. En Vestan fram rædur Kielldan sem rennur

[614] Skjal nr. 2(136) a-b.
[615] Skjöl nr. 2(127) a-b og 2(137) a-b.
[616] Skjal nr. 2(163) a-b.

ur Vatnenu og I Hofstadalæk og so Lækurenn ut ï Nordur ä. Kyrkiann ä Svarthol 16 hndr., Biargarstein 16 hndr. Hofstade 16 hndr. Litlu Sköga 12 hndr. Laxhollt 16 hndr. Nedranes 16 hndr. Eingenes ä Strondum 6 hndr. og Reka med allan sem fyrer þvj lande liggur Grysatungu 12 hndr. og Saudhuspart 10 hndr. Item Eÿ vid Hvitaa sem nu [nu, ofan línu] kollud er Stafholts Eÿ. Afrett I Vesturärdal Middalsmula allan fyrer ofan Mælefellsgil, af Riett i Riödzbiargar Dal, Hrys Eÿ ä Hreda Vatne Þræl Ey sudur frä Bylldz Hómrum, SkogarHollt i Skardstungum, sem kallad er Kyrkiuhollt, Kier Veide I Nordurä I Laxfosse. Þria Hlute Veidar I allre Þverä, Selfor i Þverärdal Skog i Skoradal hälfann Fossdal Nordann fram. Veide alla I Möhil i Gliufra ä.

[...][617]

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 19. ágúst 1783 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hún á Heimaland allt med gognum og giædumm […]. Kyrkiann á Svarfhól 16 hndr. Biargarstein 16 hndr., Hofstade 16 hndr., Litlu Skóga 12 hndr. Laxhollt 16 hndr., Nedranes 16 hndr., Eingenes á Ströndum 6 hndr. og Reka med allann sem fyrer þvi Lande liggur, Grísatungu 12 hndr. og Saudhus Part 10 hndr., Item Ey vid Hvítá, sem nú köllud er StafholtsEy. Afrett i Vesturárdal, Middalsmúla allann fyrer ofann Mælefellsgil, Afrett i Riódsbiargardal, Hrísey á Hredavatne, Þræley sudur frá Bíldshömrum. Skógarholt i Skardstúngum, sem kallad er Kyrkiuholt, Kierveide i Nordurá i Laxfosse, þriá hlute Veidar i allre Þverá, Selför i Þverárdal, Skóg i Skoradal, halfann Fossdal nordann framm. Veide alla i Móhil i Gliufraá.

[...][618]

Þann 5. maí 1831 lögfesti séra Pétur Pétursson eignir Stafholtskirkju. Þar segir m.a.:

1. Lögfeste eg alla heimajördina Stafhollt, med Melkoti og Flódatánga, hjáleigum bygdum af heimalandi, [...]

2. Lögfesti eg kyrkju-jardirnar Stafhollts-ey, Nedranes, Laxhollt, Litluskóga og Grísatúngu, til vissra landamerkja, sem ad fornu hafa halldin verið.

3. Lögfesti eg þessi Jtök og Eignir Stafhollts kyrkju, nefnilega: [...] skóg i Skorradal, hálfan Fossdal nordanfram, hálfann Grímsdal framan Kétilsgil, afrétt i Riódsbjargardal, Saudhúspartinn 10 hndr. med skóginnum, Veidi alla i Móhil i Gliúfurá, afrett i Vesturardal, Middalsmúla allan, Bjarnadal allan framan Mælifellsgil, Hrýs-ey á Hredavatni, Þræl-ey sudurfrá Bíldshömrum, Stadarhólman þar nálægt, Stadar Eingid milli Melkots og Flódatánga.

[...]

Lögfesti eg Tödur og Eingiar, hollt og haga, skóga, vötn og veidistadi og allar lands og vatns nytjar og gagnsemdir, sem þessum her ad framan og

[617] Skjal nr. 2(128) a-b.
[618] Skjal nr. 2(129) a-b.

ofanskrifudum löndum og plátsum fylgdt hafa og fylgja eiga, til ytstu ummerkja mótsvid adra menn. fyribíd eg sérhverjum manni þessi lönd og pláts ad yrkja edur láta yrkja, edur ser uppa nokkurn máta ad nota edur brúka, nema mitt hafi lof edur leifi þar til. Þessari lögfestu til frekari stadfestu er mit undirskrifad nafn og hjásett signet, ad Stafhollti i Stafholltstungum, þann 5[ta] Maii 1831.[619]

Lögfestan var þinglesin 13. maí 1831.
Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 24. júlí 1831 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

Hún á Heimaland allt med gögnum og gjædum […]. Kirkjan á Svarfhól 16 hndr. Bjargarstein 16 hndr. Hofstadi 16 hndr. Litluskóga 12 hndr. Laxhollt 16 hndr. Nedranes 16 hndr. Engines á Ströndum 6 hndr. og Reka med allan sem fyrir því lande Liggur, Grísatúngu 12 hndr., og Saudhús-part 10 hndr., Item Ey vid Hvítá, sem nú er köllud Stafholltsey. – Afrétt í Vesturárdal, Middals múla allan fyrir ofan Mælifellsgil, Afrétt í Rjódsbjargardal, Hrísey á Hredavatni Þræley, sudur frá Bíldshömrum. – Skógarholt í Skards túngum, sem kallad er Kyrkiuhollt, Kérveidi í Nordurá í Laxfossi – 3 hluti Veidar í allri Þverá, Selför í Þverárdal, Skóg í Skoradal, hálfan Fossdal Nordan fram. – Veidi alla í Móhyl í Glúfra Á.

[...] [620]

Í umfjöllun um Staðartungu í jarðamati Mýrasýslu frá 1849-50 segir:

b. Staðartunga, fyrir vestan Grísartúngu, landspartur tilheyrandi Stafholtskirkju.[621]

Þann 7. júní 1851 skrifaði presturinn í Stafholti bréf til prófasts með upplýsingum um kauptilboð í Beilárheiði og óskaði eftir áliti prófastsins. Í bréfinu er einnig minnst á Staðartungu. Þar segir:

Bóndinn Gudmundur Eggertsson á Sólheimatúngu hefir leidt það í tal vid mig, ad hann vildi, ef ekkert væri því til fyrirstödu, fá keypt fjalllendi nokkurt, sem tilheyrir Stafholts Kyrkju og nær yfir talsverdann hluta Beilárheidar, med adliggjandi smádölum: Hróbjargardal öllum, Fossdal hálfum og ad nokkru leiti Grímsdal. Hefir hann látid í ljósi, ad hann vildi borga land þetta med 75rbd r.s.

Fjallland þetta var við sídasta jardamat matid á 50rbd og er, þótt ekki svo lítid ad ummáli, vída graslítid. Þad hefir í mörg ár verid notad af ýmsum í óþakklæti, til þess ad reka þángad stódhross og annan fjenad, enginn ardur feingist af því, þángad til eg hin seinast lidnu ár hefi ad nafninu til gétad leigt þad, og fyrir ári sídann fékk tédur bóndi leyfi til þess hjá mér, ad hafa þar selstödu um sláttartímann. Yfir höfud ad tala er því svo varid, ad eg gét ekki fundid, ad nú sem stendur géti af fjall landi þessu feingist sami ardur og af

[619] Skjal nr. 2(161) a-b.
[620] Skjal nr. 2(131) a-b.
[621] Skjal nr. 2(95).

hinu tilbodna andvirdi. Hid annad, sem hér er um ad tala, er þad, hvort land þetta sé missanlegt kyrkjunni edur beneficíarío hér í Stafholti, og vil eg í því tilliti géta þess, ad Kyrkjann á tvær selstödur bádar hagkvæmari en þessa: Stadartúngu, sem nú er brúkud til selstödu hér frá stadnum og Bjarnadal nær allan, sem ad nú sem stendur er leigdur ödrum. Þar ad auki liggur undir kyrkjuna upprekstur fyrir allan fénad á Hellistúngum. Eg álít yfir höfud land þetta því missanlegra, sem reynslan mun sanna flestum, ad mörg þvílík ítök er ördugt ad verja fyrir ólögmætri notkun annarra.

Med þvílíkum ummælum bid eg ydur, herra prófastur! ad bera þessi til mæli Bóndans Gudmundar Eggertssonar fram á ædri stödum, og láta þarmed fylgja ydar góda álit um þetta efni.

Stafholti, 7da dag Júní m. 1851.

O. Pálsson[622]

Í sóknalýsingu Stafholts- og Hjarðarholtssókna, eftir séra Ólafs Pálssonar í Stafholti, frá 1853 segir um selstöður:

31. Selstöður eiga þar ekki bæir að fráteknu Galtarholti sem á selland á Beilárvöllum austanvert við Langavatn, en það er aðeins notað til haustbeitar fyrir sauðfé. Frá Stafholti er og notuð selstaða í kirkjunnar landi Staðartungu, vestur frá Grísatungu. Frá Valbjarnarvöllum og Stórafjalli hafa og verið sel í heimalöndum , en hvernig þau eru lögð niður vita menn ekki.[623]

Þann 2. júní 1855 fór fram úttekt á Stafholtskirkju vegna afhendingar prestakallsins. Með prestakallinu var m.a. afhent:

Ár 1855, þann 2. Júní var settur prófastur í Myrasýslu, Guðmundur Vigfússon, staddur ad Stafholti, til þess, eptir skipun biskupsins yfir Íslandi, dagsettri 31ta Janúar þ.á., ad úttaka þar stad og kirkju, sem prófastur Sra Ólafur Pálsson afhendir, en prófasti Sra E.S. Einarsen – hverjum brauðið er veitt áminnstan dag – ber ad veita vidtóku. Bádir hlutadeigendur höfdu verid advaradir um úttektardaginn, enda var prófastur Sra Olafur til stadar; en þar hvorki prófastur Einarsen nje neinn annar, eptir hans rádstöfun, var mættur, var bóndinn Mr. Melkjor Eggertsson á Efranesi bréflega útnefndur af hlutadeigandi sýslumanni, til ad vera fyrir hönd velnefnds prófasts vid úttektina, og var þessi utnefning dagsett í dag. Sem úttektarmenn voru mættir, eptir rádstöfun hins setta prófasts, hinn eidsvarni úttektar- og virdingarmadur i Stafholtstungum, Mr Magnús Magnússon á Stafholtsveggjum og bókbindari Sgr. Kristópher Finnbogason á Sólheimatungu. fór svo úttektin fram í þessari röd:

[...]

Laxholt . . . 16hndr.  Landskuld 2 ½ vætt . . Kúggildi 3.

[622] Skjal nr. 2(205) a-b.
[623] Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*, (2005), bls. 68.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Litluskógar 12 hndr. | –\|\|– | 1 ær 1 specia | –\|\|– | 2. |
| Köldukinn 12 hndr. | –\|\|– | 2 vættir | –\|\|– | 1 ½ . |
| Grísatunga 12 hndr. | –\|\|– | 2 ½ vættir | –\|\|– | 1 ½ . |

Engines er í eydi en eptir hálfan reka er goldin 1 specía árl(ega).

Eign kirkjunnar á Bjarnadal er leigð sveitarfjelaginu í Stafholtstúngum med vættar eptirgjaldi og landsnytjar í Saudhúsparti bóndanum á Stapaseli fyrir 20 fiska.

Med prestakallinu var afhent Landfogetans tertia Qvittering fyrir 79rd 48sk., tilheyrandi Stafholts kirkju, sem er andvirdi selds kirkjulands á Beilárheiði etc. Ennfremur voru afhent nokkur byggingarbréf fyrir kirkjujördum og Copía af lögfestu fyrir Laxholti.

[...][624]

Á manntalsþingi að Hjarðarholti þann 20. maí 1858 voru þinglesin landamerki Grísartungu frá 18. maí sama árs.[625]

Á manntalsþingi að Eskjuholti þann 21. maí 1858 voru þinglesin landamerki Grísartungu. Þar segir:

4. Lesin Landamerki Grísatúngu sem á Hjardarholtsþíngi.

[...]

6. Hreppstjóri Jón Sigurdsson mótmælir í nafni Borgarhrepps landamerkjum Grísatúngu sem getið er um sub. N° 4 einkum hvad Ránghalaveg snertir, þared hann veit ei betur en ad hreppurinn hafi keypt Beilárheidi ad Sköllum er svo kallast og ad Brúnavatnsgötu.[626]

Á manntalsþingi að Hjarðarholti 21. maí 1869 voru, að beiðni prófasts, þinglesin tvö vottorð sem lutu að því að Staðartunga væri ekki byggð ábúandanum á Grísatungu með nefndri jörðu. Þar segir:

9. Var að beiðni sama [þ.e. prófasts sr. St. Þorvaldssonar] lesin 2 vottorð, útgefin 12. Maí 1869 og 13. Jan. 1868 af Valgerði Þorsteinsdóttur á Stórakroppi og Ólafi Pálssyni prófasti í Reykjavík, sem lúta að því að Staðartungan sje eigi byggð hinum núverandi ábúanda Grísatungu með nefndri jörðu, heldur sje Beneficiaris Stafholtsprestakalls heimilt að leigja Staðartunguna sjerskilt. Þessum vottorðum mótmælti ábúandinn á Grísatungu sem var viðstaddur upplestur þeirra, og áleit hann eða virtist að álíta að Staðartungan væri sjer byggð ásamt með jörðinni Grísatungu.

[...][627]

[624] Skjal nr. 2(155) a-b.
[625] Skjal nr. 2(302) a-b.
[626] Skjal nr. 2(103).
[627] Skjal nr. 2(105) a-b.

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 12. ágúst 1873 segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Ár 1873 12 dag ágústmán, visíteraði biskupinn yfir Íslandi Dr. theol. P. Pjetursson söfnuð og kirkju að Stafholti. […]:
>
> Kirkjan heldr óátöldum eignum sínum og ítökum, sem máldagar og biskupavísitasíur eigna henni, og er þetta seinast talið upp í vísitasíu Steingr. biskups Jónsson frá 24. júlí 1831, sem innfærð er í ágripi í reikningabók kirkjunnar. [...][628]

Á manntalsþingi að Hjarðarholti þann 24. maí 1886 var þinglesin landamerkjakrá „fyrir jörðunni Grísartungu“ frá 15. maí 1886. Ekki er getið um landamerki.[629]

Í vísitasíu og úttekt Stafholtskirkju frá 6. júní 1887 segir um fasteignir, ítök og hlunnindi Stafholtsprestakalls:

> [...]
>
> Fasteignir ítök og hlunnindi Stafholts prestakalls.
>
> [...]
>
> 10. Grísatunga 11,3 hndr. (nú í eyði) kúgildi 2, landskuld 2 ær og geml.
>
> 11. ½ Köldukinn í Dalasýslu 6,5 hndr. kúgildi 1½, landskuld 2 vættir.
>
> 12. Engines fornt mat 6 hndr. í eyði.
>
> 13. Sauðhúsapartur fornt mat 10 hndr. í eyði nú leigð fyrir 10 ál.
>
> 14. Bjarnardalur Staðarmúli gefur nú sem stendur ekkert af sjer.
>
> [...]
>
> 23. Staðartunga, selland.
>
> [...]
>
> Kirkjujarðinar eru áður taldar Ein þeirra Grísatunga er nú óbyggð þótt hún hafi verið boðin upp á Þíngi. Samt tekur viðtakandi á móti henni án uppbótar.[630]

Í landamerkjabréfi Stafholts, sem útbúið var í maí 1890 og þinglýst þann 23. maí árið 1892, segir:

> Landamerkjaskrá
>
> fyrir Stafholti í Mýrasýslu.
>
> [...]
>
> Auk kirkjujarðanna á Stafholt þær aðrar eignir og ítök sem nú skal greina:

[628] Skjal nr. 2(157) a-b.
[629] Skjal nr. 2(303) a-b.
[630] Skjal nr. 2(158) a-b.

1. Staðartungu alla vestur frá Grísatungumörkum og vestur að Langá á Skarðsheiði og síðan eftir því sem Gljúfurá ræður.

2. Sauðhúsaskóg og eru sjerstök landamerki samin, undirskrifuð og þinglesin fyrir honum.

3. Bjarnadal allan fyrir ofan Mælifellsgil og Hvassafellsland samkvæmt sjerstakri þinglesinni landamerkjaskrá.

4. Hrísey í Hreðavatni.

5. Kirkjuholt svokölluð í Svignaskarðslandi.

6. Kirkjutungur í Skorradal millum Svanga og Drageyrarlands (það er Stóru-Drageyrarlands).

7. Kerveiði alla í Norðurá í hinu svokallaða Nikulásarkeri fyrir neðan Laxfoss.

8. Alla veiði í Móhyl í Gljúfurá fyrir neðan Tandra-sel.

9. Þrjá hluta laxveiðar í allri Þverá. Ábúendur þeir, sem land eiga að Þverá vilja eigi samþykkja ítak þetta og verður því um það leitað úrslita dómstólanna.

10. Selför í Þverárdal fyrir ofan Kvía.

11. Eyðijörðin Engines í Strandasýslu með öllum reka fyrir landi hennar.

Stafholti í maímán. 1890.

Jóhann Þorsteinsson.

Samþykkir framanskrifuðu eru: Eigandi Svanga Rannv. Kolbeinsd.)

Við eigendur og umráðamenn Kvía skrifum undir þessa landamerkjaskrá með þeirri athugasemd að okkur er ekki kunnugt um að Stafholt eigi selfararrjett í hið núverandi Kvíaland.

Ólafur Þorbjörnsson Eggert Sigurðsson Framanritaðri landamerkjas. eru samþykkir: Sigurður Sigurðsson, Ábúandi og umráðamaður Svignaskarðs Sigurður Jónsson umráðamaður Tandrasels og ábúandi Hauga.

Í umboði eiganda Hreðavatns: Jakob Bl. Þorsteinsson (ábúandi).

Guðjón Hinriksson (ábúandi á Stóru-Drageyri).

Snorri Þorsteinsson ábúandi á Laxfossi.

Jón Guðmundsson eigandi og ábúandi á Valbjarnarvöllum.

Jóhann Guðmundsson eigandi, að Litlafjalli.

Sigurður Þórðarson ábúandi Arnarholts.

Að því er snertir landamerki Stafholts gagn vart Sólheimatungu skírskotast til landamerkjaskrá Stefáns prófasts Þorvaldssonar og undirskriftar Sólheimatungueiganda undir hana; sömuleiðis skírskotast til undirskriftar Hamraenda-ábúanda á þá skrá.

Nefnd landamerkjaská er samkvæmt þessari að því er landamerki þessara tveggja jarða snertir, en annars í sumum atriðum ekki nákvæm, einkum að því, er til eigna – og ítaka kemur.

Jóhann Þorsteinsson.[631]

Þann 23. mars 1900 skrifaði Einar Friðgeirsson bréf fyrir hönd Hreppsnefndar Borgarhrepps til eiganda Beilárheiðar þar sem hann sagði upp leigu á Beilárheiði og tekur fram að hreppurinn hafi einnig sagt upp leigu á Staðartungu. Bréfið hljóðar svo:

Hreppsnefndin hefur á fundi sínum í gær leyft mér að borga yður leigu fyrir Beilárheiði síðastliðið sumar, en jafnframt lagt fyrir mig að segja upp leigu á henni (og Staðartungunni) framvegis, þar eð nú þykir ekki þörf á að halda leigulöndum.

Virðingarfyllst

Einar Friðgeirsson[632]

Leigusamningur var gerður um Staðartungu, á milli umráðamanns Stafholts og hreppsnefndar Borgarhrepps, þann 6. apríl 1910. Samningurinn var samþykktur af Biskupi þann 8. nóvember sama ár. Samningurinn hljóðar svo:

Ég undirskrifaður Jóhann Þorsteinsson sóknarprestur í Stafholti leigi hér með uppá væntanlegt samþykki biskupsins yfir Íslandi fjallland það, er Staðartunga heitir, og er eign Stafholtsprestakalls hreppsnefnd Borgarhrepps í Mýrasýslu fyrir hönd hreppsbúa þar á þann hátt er nú segir:

1. gr.

Leiguafnot Borghreppinga eru fólgin í rétti hreppsmanna til að nota Staðartungu innan þeirra takmarka er landamerkjaskrá ákveður til upprekstrar og beitar fyrir sauðfé og stóðhross þeirra á sumrum.

2. gr.

Leigutíminn byrjar með vordögum [síðuskipti] 1910 og er óuppsegjanlegur á báða bóga þaðan frá til jafnlengdar 1920 þó er af hálfu Stafholtsprests, eða þess, er í hans stað kynni að fá umráð yfir fjalllandi þessu, heimilt að segja samningi þessum slitið með misseris fyrirvara, ef umboðs eða löggjafarvald landsins álítur nauðsyn að selja eignina og þessi samningur tálmar sölunni, enda vilji sveitarstjórn Borgarhrepps ekki kaupa fyrir sama verð og aðrir.

2. [svo] gr.

[631] Skjal nr. 2(73).
[632] Skjal nr. 4(46).

Borgun fyrir eyðingu refa, eða grenjavinnslu og grenjaleitir, svo og hvern annan skatt, er lögum samkvæmt kann að verða lagður á land þetta, inna Borghreppingar af hendi.

3. gr.

Ábúandinn í Grísatungu hefir leyfi til að slá á Staðartungu á sumrin, ef hann sér sér það haganlegt, en engan má [síðuskipti] hann gjöra óskunda í afréttinum.

4. gr.

Ársleigan er 15 -fimmtán- krónur fyrir hvert sumar, er greiðist í peningum til Stafholtsprests, eða þess er í hans stað kemur, 31. des. ár hvert, í fyrsta sinn 31. des. 1910.

Stafholti 6. apr. 1910

Jóhann Þorsteinsson

Undirrituð hreppsnefnd Borgarhrepps samþykkir framanskrifaðan leigusamning.

P. T. Ferjukoti 22. apríl 1910

Sigurður Fjeldsted

Jón Björnsson

Jón Jónsson

Guðmundur Daníelsson

Framanritaður samningur samþykkist hér með.

Biskupinn yfir Íslandi

Reykjavík 8. nov. 1910

Þorh. Bjarnasson[633]

Þann 26. maí 1910 sendi Jóhann Þorsteinsson prófastur í Stafholti bréf til biskups þar sem hann skýrði honum frá langtíma leigusamningi við Borgarhrepp um Staðartungu. Þar segir:

Mýraprófastsdæmi

Stafholti 26. maí 1910

[633] Skjal nr. 2(290) a-b.

Stafholtsprestakall á fjalllendi það eða útlendu er Staðartunga heitir og liggur niður af Langavatnsdal, millum Langár, Gljúfurár og Langavatns. Þetta fjalllendi mundi vera á stærð við heimaland vænnar jarðar. Það hafði um langa hríð verið arðlaus eign prestakallsins, en fyrir tæpum 20 árum fékk Stafholts-prestur leigt það hreppsnefnd Borgarhrepps til sumarbeitar afréttarfénaði Borghreppinga fyrir 15 kr ársleigu, en nú er sá samningur að renna út.

Stafholts-prestur hefir því endurnýjað samninginn þannig, að nú er leigutíminn 10 ár og fylgir sá samningur hérmeð í tvennu lagi og er þess virðingarfylst farið á leit, að herra biskupinum mætti þóknast, að rita á samninginn samþykki sitt.

Það er að minni skoðun ekkert á [síðuskipti] móti samþykking samningsins, enda uppsagnarréttur áskilinn í honum ef umboðs eða löggjafarvald fyndi ástæðu til að selja eignina.

Jóhann Þorsteinsson

Til

Biskupsins yfir Íslandi[634]

Í umfjöllun um Grísartungu í fasteignamati Mýrasýslu 1916–1918 segir:

Staðartunga, sem áður fylgdi jörðinni, enda áföst við hana, hefir verið undan jörðinni tekin, og er land það með sérmati nú, sjá síðar í bókinni[635]

Í umfjöllun um jarðir o.fl. í Stafholtstungnahrepp í fasteignamati Mýrasýslu 1916–1918 segir m.a.:

Staðartunga, sem er kyrkjufjallaland, samanber Nr. 28 [Grísatunga], hér að framan, eign Stafholtskyrkju, er nú leigt Borghreppingum metið á kr. 300,00.[636]

Jarðalýsing fyrir Grísartungu var gerð árið 1919 í tilefni af væntanlegri sölu hennar. Lýsingin hljóðar svo:

Samkvæmt útnefningarbréfi frá sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu höfum við undirritaðir virt jörðina Grísatungu sem er kirkjujörð frá Stafholti. Tún er þar fremur harðbalalegt og gefur ekki að jafnaði nú orðið meira af sér en 45–50 hesta. En aftur eru þar töluvert miklar útheysslægjur, því að ábúandi hefir leyfi til að slá á svonefndri Staðartungu, sem er eign Stafholtskirkju, en fylgir ekki jörðinni. Má því slá þar alls 500 eða jafnvel 600 hesta. Einnig er beit mjög góð þegar í hana nær.[637]

---

634 Skjal nr. 2(290) a-b.
635 Skjal nr. 2(34).
636 Skjal nr. 2(34).
637 Skjal nr. 2(50).

Hreppstjóri Stafholtstungnahrepps var mótfallinn sölu jarðarinnar. Í umsögn hans til Stjórnarráðsins vegna fyrirhugaðrar sölu segir eftirfarandi:

> Jeg get valla dulist þess að mjer finst fljótt álitið, dálítið undra vert að ábúandi þessi Narfi Jónsson skuli nú fara að fala jörð þessa til kaups, en við frekari athugun er vel skiljanlegt hvernig í því liggur. Borghreppingar hafa viljað fá Grísatunguna keifta til þess að leggja hana í eiði og bæta henni við afrjettarlönd sín. En til þess að þetta geti látið sig gjöra verða þeir að hafa Narfa á oddinum því hann á kauparjettinn (sem ábúandi). En fullur grunur er á að það sje ekki nema aðeins að nafninu til sem Narfi kaupi. Aftur er Stafholtstungnamönnum þetta mjög á móti skapi og vilja als ekki að jörðin fari útúr hreppnum, enda álít jeg að slíkt sje mjög óhiggilegt fyrir framtíðina.[638]

Ekki finnst neitt í skjölum Stjórnarráðsins um að af sölu landsins hafi orðið.

Landamerkjabréf var gert fyrir Staðartungu 20. nóvember 1923 og það þinglesið 1. júlí 1924. Þar segir:

> Landamerkjalýsing fyrir Staðartungu, sem er eign Stafholtskirkju. Fyrst ræður merkjum lækur eða eða lækjarfarvegur vestan Staðarhnúk alla leið niður í Seltjörn, þá Kliflækur, sem fellur úr Seltjörn suður í Gljúfurá, því næst ræður merkjum Gljúfurá sunnan og vestanvert við Staðartungu alla leið að Langá á Skarðsheiði; þá ræður úr því Langá alla leið norður í Langavatn, þá ræður merkjum Langavatn austur að fyrrnefndum læk, eða lækjarfarveg, vestan Staðarhnúk sem og er áður nefndur.[639]

Umráðamaður Staðartungu skrifaði undir bréfið og var það samþykkt vegna Litla- Fjalls og Valbjarnarvalla.

Þann 22. apríl 1930 var undirritaður leigusamningur þar sem Stafholtstungnahreppur leigir hreppsfélagi Borgarhrepps Staðartungu. Samningurinn hljóðar svo:

> Jeg undirritaður, Kristján F. Björnsson, hreppstjóri Stafholtstungnahrepps, gjöri kunnugt, að jeg með þessum samningi, og með væntanlegu samþykki æðri stjórnvalda, leigi hreppsfjelagi Borgarhrepps fjalllandið Staðartungu með eftirgreindum skilyrðum:
>
> Leigutíminn er 20 – tuttugu – ár frá næstkomandi fardögum (1930) að telja.
>
> Landið er leigt til upprekstursr, aðeins, og er ábúanda Grísatungu heimil beit og slæjur á landinu, þó [má hann][640] ekki verja þar slæjur nje beit nema meðan hann er þar við heyskap.
>
> Í leigu eftir landið greiði leigutaki kr. 50 – fimmtíu – krónur, árlega, er greiðist fyrir 1 desember ár hvert.

[638] Skjal nr. 2(51).
[639] Skjal nr. 2(2).
[640] Óskýrt í skjali.

Verði samkomulag um girðingu mili fjalllands Borghreppinga annarsvegar og þeirra jarða hinsvegar, er land eiga á móti, þannig að nokkur verulegur hluti Grímstungulands verði girt með afrjettarlandinu skal Borgarhreppur setja griphelda girðingu frá fyrrnefndri girðingu um Staðarhnúk í Langavatn, er verji Tunguna fyrir ágangi hrossa.

Samningur þessi er gjörður í tveimur samhljóða frumritum, og heldur sinn aðili hvoru.

Gjört í Borgarnesi 22 apríl 1930

Kristján F. Björnsson

[...]

Hreppsnefndin samþykkir ofanritaðan leigusamning.

Borgarnesi 2. maí 1930.[641]

Þann 12. mars 1937 fór eigandi Svignaskarðs þess á leit við dóms- og kirkjumálaráðuneytið að eiga makaskipti á Víðidal og Staðartungu. Í bréfi hans segir:

Í framhaldi af viðtali mínu við háttvirtan landbúnaðarráðherra, leyfi eg mér að fara þess á leit að hinu háa dóms- og kirkjumálaráðuneyti mætti þóknast að hafa makabýtti við mig á afréttarlandi því er eg á á Víðidal austan megin Langavatnsdals og Staðartungu ~~úr Grísatungulandi~~ sem er eign Stafholtskirkju.

Ástæðan fyrir þessari beiðni minni er sú, að hin borgfirðska sauðfjárpest hefir enn eigi komið í fjárstofn minn, þrátt fyrir að veikin geisar á bæjum í næsta nágrenni við mig. Hefi eg því ákveðið að gera mitt ítrasta til að verja féð gegn smitun veikinnar. Þetta er mér ekki unt að gera með girðingum á heimalandi jarðarinnar þar sem sýktur fénaður frá Fróðhúsum hefir haft aðgang að þessu landi.

Hinsvegar á eg afréttarland helming í landi alls Víðidals við Langavatnsdal svo sem vötnum hallar frá hæstu eggjum austan og norðan dalsins. Ummálsgirðing um land þetta yrði altof dýr fyrir einstakling að framkvæma. Hinsvegar myndi eg sjá mér fært að einangra fé mitt í Staðartungum því þar er um takmarkaðra landsvæði að ræða og hentugri aðstaða til girðinga.

Fjárstofn mitt er orðinn kynbættur, og þar sem það hefir verið gert með mikilli fyrirhöfn og kostnaði, tel eg það mér stórt hagsmunamál að geta verndað hann gegn veikinni.

Vænti eg því að hið háttvirta ráðuneyti sjái sér fært að verða við þessari beiðni minni, og óska svars þess við fyrstu þóknanlega hentugleika.

Virðingarfyllst

[641] Skjal nr. 4(45).

pt. Reykjavik 12 mars 1937.

Guðmundur Daníelsson

Til landbúnaðarráðherra[642]

Þann 13. mars 1937 veitti Páll Zóphóníasson ráðunautur og formaður fjárpestarvarnarnefndar álit vegna beiðnar bóndans í Svignaskarði um að fá makaskipti á Staðartungu og afréttarlandi hans á Langavatnsdal. Þar segir:

> Búnaðarmálastjóri Steingrímur Steinþórsson, hefur í dag beðið mig að segja álit mitt um beiðni Guðmundar Daníelssonar, Svignaskarði um að fá makaskipti á Staðartungu og afréttarlandi hans á Langavatsdal.
>
> Ég tel að það sé beggja hagur að af skiptunum verði og byggist það á:
>
> 5. Land Guðmundar liggur svo langt frá jörðinni að hann hefur þess engin not nema til upprekstrar.
> 6. Staðartungan liggur aftur svo nærri Svignaskarði að hann má afgirða, og í henni getur Guðmundur einangrað fé sitt, en það er góður fjárstofn, og mun að því er vitað er, ekki vera orðinn sýktur af Borgfirsku fjárpestinni.
> 7. Fái hann því makaskiptin, þá skapast með því aðstaða fyrir hann að einangra sitt fé og verja það sýkingu.
> 8. Aftur er afréttarland Guðmundar betra sumarland og verðmeira sem afréttarland, og því betri eign en Staðartungan, til þess að leigja hana upprekstrarfélögum eða hreppsfélögum.
>
> Ég mæli því eindregið með því að makaskiptin verði.
>
> Virðingarfyllst
>
> Páll Zóphóníusson[643]

Þann 15. mars 1937 gaf Búnaðarfélag Íslands dóms- og kirkjumálaráðuneytinu umsögn vegna beiðnar Guðmundar í Svignaskarði um makaskipti á afréttarlandi hans á Langavatnsdal og Staðartungu. Þar segir:

> Ráðuneytið hefir með bréfi, dagsettu 12. þ.m., óskað umsagnar minnar um erindi Guðmundar bónda Daníelssonar í Svignaskarði, dagsett sama dag, þar sem hann óskar þess, að fá skipti á löndum á afréti Stafholtstungnahrepps, til þess að geta fengið aðstöðu til þess að girða af land fyrir fé sitt í sumar, en það hefir enn ekki sýkst af fjárpestinni borgfirzku. Land það, sem Guðmundur óskar að fá í skiftum fyrir land sitt á Víðidal, er Staðartunga, sem er eign Stafholtskirkju.
>
> Ég hefi leitað umsagnar Páls Zóphóníassonar ráðunauts, sem er formaður fjárpestarvarnarnefndar, og fylgir álit hans hér með.

[642] Skjal nr. 2(288).
[643] Skjal nr. 2(286).

Með tilliti til tillagna Páls Zóphóníassonar leyfi ég mér að mæla með því, að ráðuneytið hafi eignaskifti á umræddum löndum við Guðmund Daníelsson, svo að hann geti girt af fyrir fé sitt.

Fylgiskjölin endursendast.

Virðingarfyllst

Steingrímur Steinþórsson

Til

dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.[644]

Þann 20. mars árið 1937 kunngjörði dóms- og kirkjumálaráðherrann makaskiptasamning á milli ríkissjóðs og Guðmundar Daníelssonar í Svignaskarði. Við makaskiptin skyldi íslenska ríkið fá eign Guðmundar, „hálfan Víðdal allan", gegn því að Guðmundur fengi landspilduna Staðartungu, eign ríkissjóðs. Makaskiptagjörningnum var þinglýst 31. júlí 1939 og hljóðar svo:

M a k a s k i p t a g j ö r n i n g u r.

D Ó M S- O G K I R K J U M Á L A R Á Ð H E R R A N N

Kunngjörir: Að ég með gjörningi þessum gjöri hérmeð fyrir hönd ríkissjóðs makaskipti við Guðmund Daníelsson bónda í Svignaskarði í Borgarhreppi í Mýrasýslu á eign hans, „hálfum Víðidal öllum" í Borgarhreppi, sbr. landamerkjabréf fyrir afréttarlandi Borgarhrepps í Mýrasýslu, dags. 2. nóv. 1920, og á landspildu nefndri Staðartungu eign ríkissjóð í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu, að fasteignamati kr. 700.oo, með öllum þeim gögnum og gæðum, sem hvoru landi fylgja til vants og lands.

Makaskiptagjörningur þessi fellur úr gildi 1. júní 1938 og löndin hverfa aftur hvor til fyrri eiganda, ef hreppsnefnd Borgarhrepps í Mýrasýslu hefir eigi fyrir þann tíma gjört leigusamning við ríkisstjórnina um leigu á „hálfum Vídidal öllum", fyrir þann árafjölda, sem um semst, og fyrir að minsta kosti jafnháa leigu og Borgarhreppur hefir greitt af Staðartungu.

Meðan ekki er fullnægt ákvæði framanritaðrar greinar um að hreppsnefnd Borgarhrepps í Mýrasýslu taki á leigu „hálfan Víðidal allan", þá lofa ég undirritaður Guðmundur Daníelsson og skuldbind mig til að greiða ríkissjóði sömu fjárhæð og ríkissjóður hefði fengið greidda af Staðartungu, samkvæmt síðasta leigusamningi Borgarhrepps við umboðsmanns Staðartungu. Greiðsla þessi reiknist frá undirskriftardegi gjörings þessa og fari greiðslan fram í síðasta lagi 1. júní 1938.

Falli makaskiptagjörningur þessi úr gildi, samkvæmt framanrituðu, og löndin hverfi aftur hvort til fyrri eiganda, þá ber ríkissjóði ekki að greiða bætur fyrir þau mannvirki, er gjörð kunna að verða á Staðartungu, en heimilt skal að flytja þau í burtu af landinu, þó þannig, að jarðspjöll verði eigi að.

[644] Skjal nr. 2(287).

Hvor aðili að makaskiptagjörningi þessum svari til vanheimilda.

Ég Guðmundur Daníelsson skuldbind mig til að greiða öll opinber gjöld, sem kunna að hafa verið lögð eða verða lögð á „hálfan Víðidal allan“ og falla í gjalddaga á þessu ári, og ennfremur skuldbind ég mig til að greiða þinglestur og stimpilgjald af gjörningi þessum að því er Staðartungu snertir.

Mál útaf gjörningi þessum má rekja fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Af gjörningi þessum eru gjörð þrjú samhljóða frumrit og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 20. marz 1937.

Hermann Jónasson.[645]

Þann 28. nóvember 1937 var undirritaður leigusamningur þar sem Guðmundur Daníelsson bóndi í Svignaskarði leigði Borgarhreppi Staðartungu. Samningnum var þinglýst 10. desember 1937 og hljóðar svo:

Við undirritaðir hreppsnefndarmenn í Borgarhreppi gerum svofeldan samning:

Jeg meðundirritaður Guðmundur Daníelsson bóndi í Svignaskarði leigi Borgarhreppi hjer með fjallland mitt Staðartungu, er ég fékk hjá kirkjujarðasjóði í makaskiftum fyrir hálfan Víðidal allan í marsmánuði síðastl. til upprekstrar fyrir 50.00 – fimtíu – krónur á ári meðan við konan mín lifum bæði eða annaðhvort og gef hreppnum hjer með þetta land til fullrar eignar eftir okkar dag.

Við meðundirritaðir Guðm. Jónsson á Valbjarnarvöllum, Guðm. Ásmundsson á Gilјá?, Sigurman Símonsson? á Einarsnesi, og Einar Sigurðsson á Stóra – Fjalli, samþykkjum hjer með ofannefndan makaskiftasamning fyrir Borgarhrepp.

Gjört að Svignaskarði, 28. nóv. 1937.

Guðmundur Daníelsson

Sigurman Símonsson  Guðm. Ásmundsson

Einar Sigurðsson  Guðm. Jónsson[646]

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar* III frá árinu 1993 segir eftirfarandi um afrétt Borgarhrepps:

*Afréttur Borgarhrepps*

Afréttur Borgarhrepps er norðan marka hreppsins, í Stafholtstungnahreppi, en hann er um 18 km löng og 6 km breið landspilda, sem hreppurinn á og nýtir til sumarbeitar. Syðst er Staðartunga, norður af Merkjafljóti í Gljúfurá. Staðartunga er allmikið landsvæði milli Gljúfurár í suðri og Langavatns í

[645]Skjöl nr. 2(285) og 9(2).
[646] Skjöl nr. 4(42) og 4(113).

norðri. Að vestan takmarkast hún af Langá, en að austan mætir hún landi Grísartungu um Seldal, sem er lægðarslakki eða grunnt dalverpi vestan við Staðarhnúk. Staðartungan er hálendisbunga, og er hæsti hluti hennar um 330 m y.s., röskum 100 hærra en vatnsborð Langavatns. Landið er hvergi mjög bratt og hallar nokkurn veginn jafnt til allra átta. Neðan til er það vel gróið, og skiptast þar á lyngmóar og grasgeirar, en hið efra eru lítt grónir melar. Í seldal er nokkurt votlendi, brokmýrar og smá tjarnir.

Áður átti Stafholtskirkja Staðartungu en Svignaskarð „Víðidal hálfan allan", eins og segi í gömlum skjölum, en Víðidalur er innst á afréttinum. Með samningi dagsettum 20. mars 1937 milli þáverandi eiganda Svignaskarðs, Guðmundar Daníelssonar, og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins höfðu þessir aðilar makaskipti á eignum, þannig eignaðist Guðmundur Staðartunguna. Guðmundur leigði síðan Borgarhreppi Staðartungu sem afrétt og gaf hreppunum hana jafnframt eftir sinn dag.

[…]

Mörk afréttarins með Staðartungu eru sem hér segir: Frá ármótum Langár og Gljúfurár ræður Langá og síðan Langavatn og þá Langavatnsdalsá, þar til Mjóadalsá fellur í hana. Mjóadalsá ræður síðan merkjum upp að Sauðahrygg. Þaðan eru merki sjónhending upp á hæstu trumbuna á Víðimúla. Þaðan eftir háeggjum yfir efstu drög Víðidals, síðan eins og vötnum hallar frá há fjalli suður á hæstu drög í Sátudal. Þá ræður Sátugil niður í Fossdal, þá Fossá niður að Skammá, síðan Skammá í Vikravatn og Vikravatn að Lambafelli. Frá Vikravatni í Litluá ræður lautin milli Vikrafells og Lambafells. Þá ræður Litlaá, þar til hún fellur í Gljúfurá, og úr því Gljúfurá upp að ármótum móti Langá.

[…][647]

### 5.7.1 Aðliggjandi og tengd svæði

#### 5.7.1.1 Grísartunga

Grísatungu er getið í *Landnámu*. Þar segir:

> Gríss ok Grímr hétu leysingjar Skalla-Gríms; þeim gaf hann lond uppi við fjöll, Grísi Grísartungu, en Grími Grímsdal.[648]

Grísartungu er getið í *Egils sögu.*[649] Þar segir:

> [L]ét Skalla-Grímr gera bæ uppi við fjallit ok átti þar bú, lét þar varðveita sauðfé sitt. Þat bú varveitti Gríss, ok er við hann kennd Grísartunga.

[647] *Byggðir Borgarfjarðar III*, Mýrasýsla og Borgarnes, bls. 380 – 383. Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1993.
[648] Skjal nr. 4(111).
[649] Líklegt þykir að Egils saga sé færð í letur á fyrri hluta 13. aldar, nánar tiltekið á árabilinu 1220-1230.

[…]

Þorsteinn lét gera garð um þvera Grísartungu milli Langavatns ok Gljúfrár. Lét hann þar at vera marga menn um várit. Ok er Þorsteinn hafði litit yfir verk húskarla sinna, þá reið hann heim, [...].[650]

Grísartungu getið í *Laxdælu*.[651] Þar segir:

Þat var eitt sumar á þingi, er Þorleikr sat í búð sinni, at maðr einn mikill gekk í búðina inn. Sá kvaddi Þorleik, en hann tók kveðju þessa manns ok spurði hann at nafni eða hvaðan hann væri. Hann kvazk Eldgrímr heita ok búa í Borgarfirði, á þeim bæ, er heita Eldgrímsstaðir, en sá bær er í dal þeim, er skersk vestr í fioll milli Múla ok Grísartungu; sá er nú kallaðr Grímsdalr.[652]

Grísartunga kemur tvívegis fyrir í *Sturlunga sögu*. Þar segir við árið 1241:

Þá er Sturla kom vestr í Grísartungu, kómu þar í mót honum húskarlar hans tveir, Snorri Steinsson ok Halldórr geitungr Þórðarson, [...].[653]

Í síðara skiptið er Grísartungu getið við árið 1263:

Riðu þá suðr um heiði ok námu staðar í skóginum ofan frá Grísatungu. Þeir sendu mann ofan til Norðrár at vita, hvárt áin væri reið, því at vatnavextir váru miklir, eða hvárt Hrafn væri heima í Stafaholti.[654]

Samkvæmt gjafabréfi dags. 10. október 1522 gaf séra Helgi Jónsson, þá prófastur yfir Mýraprófastsdæmi, sonarsyni sínum Helga Helgasyni Grísartungu í Stafholtskirkjusókn. Í bréfinu segir:

Jtem skylldi Helgi Helgason eignast i sinn hlut jordina Hamar fyrir. xvj. hundrud og: jordina Grisatungu fyrir iiij hundrud og. xx. liggur onnur jordin i Nordtungu kirkiusokn. enn ønnur i Stafholltz kirkiusokn og þar til xx hundrud i kuijllldum og þarfligum peningum.[655]

Samkvæmt jarðabók frá árinu 1597 var Grísartunga komin í eigu Stafholtskirkju það ár.[656]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1709 segir m.a. í kafla um Grísatungu:

Munnmæli eru að hjer hafi að fornu bænhús verið, en engin sjást þar ljós merki til. Jarðardýrleiki […] og so hefur tíundast fátækum í næstu þrjátíu ár. Þar fyrir segja menn hún hafi lángvaranlega í auðn legið, í 200 ár eður lengur.

[…]

Eigandinn beneficium Stafholt.

---

[650] *Egils saga*, Íslendingasögur II, (1946), bls. 73.
[651] Fræðimenn telja að *Laxdæla* sé skráð um miðja 13. öld.
[652] *Laxdæla saga*, Hið íslenzka fornritafélag, (1934), bls. 102.
[653] *Sturlunga saga* I, Sturlunguútgáfan, (1946), bls. 450-451.
[654] *Sturlunga saga* I, Sturlunguútgáfan, (1946), bls. 228.
[655] Skjal nr. 4(122).
[656] *Kirkjueignir á Íslandi 1597-1984* II. Skrár. (1992), bls. 142.

Ábúandinn Ari Gíslason.[657]

Samkvæmt manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands var Grísatunga í byggð árin 1703, 1816, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1855, 1870, 1880, 1890, 1901, 1910 og 1920. Ekki kemur fram að búið hafi verið á jörðinni árin 1860 og 1901. [658]

Á Manntalsþingi að Hjarðarholti þann 10. júní 1786 var Grísartunga meðal eyðijarða sem boðnar voru upp til ábúðar en ekkert boð kom fram.[659]

Í jarðamati Mýrasýslu frá árinu 1849-50, kemur fram að Grísatunga sé eign kirkjunnar í Stafholti, metin á 432 ríkisbankadali.[660]

Á manntalsþingi að Hjarðarholti þann 24. maí 1886 var þinglesin landamerkjakrá „fyrir jörðunni Grísartungu“ frá 15. maí 1886. Ekki er getið um landamerki.[661]

Á Manntalsþingi að Hjarðarholti þann 20. maí 1887 var jörðin Grísartunga boðin upp til ábúðar að beiðni Jóhanns Þorsteinssonar, en ekkert boð kom fram.[662]

Landamerkjabréf Grísartungu í Stafholtshreppi var útbúið 20. nóvember 1923 og því var þinglýst 1. júlí 1924. Þar segir:

> Fyrst ræður merkjum hóll sá einstakur, sem er vestanvert við vaðið á Beilá, þvínæst sjónhending úr tjeðum hól í klif eitt auðkennilegt, sem vegur liggur eftir fyrir norðan Brúnavatn, því næst Staðarhnúksbringu og Bárðarfjallsbrúnin suður að Litluá, því næst ræður merkjum Litlaá alla leið niður eftir Grímsdal þar til hún fellur í Gljúfurá, þvínæst ræður enn merkjum að útsunnan og vestanverðu, Gljúfurá alla leið vestur í svonefndan Nautakrók, þá ræður enn merkjum Kliflækur svo nefndur, sem fellur úr Seltjörn, þvínæst ræður lækur eða lækjarfarvegur frá Seltjörn alla leið norður í Langavatn. Þá ræður Langavatn merkjum að Beilá, því næst ræður merkjum Beilá að hól þeim hinum einstaka sem upphaflega er nefndur. Norðanvert við hnúkinn, en sunnan Beilá er lítill flötur eða blettur, sem er tileinkaður Múlakoti.[663]

Bréfið var undirritað af umráðamanni Grísatungu og samþykkt vegna Borgarhrepps, Tandrasels, Galtarholts, Beilárheiðar, Valbjarnarvalla og Múlakots.

Á Manntalsþingi að Arnarholti þann 21. maí 1901 var jörðin Grísartunga boðin upp til ábúðar en ekkert boð kom fram.[664]

#### 5.7.1.2 Fjalllendi Álftaneshrepps

Sjá kafla 5.4.

---

[657] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IV. Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, bls. 347.
[658] ÞÍ. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. Leitarforsendur: „Grísatunga“ og „Mýrasýsla“. Sjá www.manntal.is
[659] Skjal nr. 2(304) a-b.
[660] Skjal nr. 2(95).
[661] Skjal nr. 2(303) a-b.
[662] Skjal nr. 2(301) a-b.
[663] Skjal nr. 2(8).
[664] Skjal nr. 2(304) a-b.

#### 5.7.1.3 Grímsstaðir

Landamerkjabréf Grímsstaða í Álftaneshreppi var samþykkt í apríl 1923 og því var þinglýst 14. júní sama ár. Þar segir:

> 1. Milli Álftártungu og Grímsstaða úr ytri Þrætáshaus, sjónhending í Klifsáskletta eftir miðjum Klifsás í vörðu neðst á nefndum ás.
>
> 2. Milli Grímsstaða og Álftártungukots. Úr vörðu neðst á Klifsás sjónhending um vörðu á Selásum í vörðu á Árásaklifi, eftir sömu línu beint í Urriðaá.
>
> 3. Milli Grímsstaða og Hvítsstaða. Frá fyrrnefndri landamerkjalínu ræður Urriðaá upp á móts við Fauskakeldu.
>
> 4. Milli Grímsstaða og Grenja, ræður Urriðaá frá fyr nefndri Fauskakeldu, þangað sem áin hefir upptök sín, þaðan sjónhending í Þverbrekkukast (það kastið sem liggur næst hinu vestastasta) þaðan sjónhending í Mannabeinsholt, (sem er hátt holt með háu klettabelti að sunnanverðu) þaðan ræður sjónhending í Skarðsheiðarvaði á Langá.
>
> 5. Milli Grímsstaða og ífallandi [fjallands?] Álftaneshrepps. Frá fyr nefndu Skarðsheiðarvaði sjónhending í suðurhornið (sic) á Lambafelli.
>
> 6. Milli Grímsstaða og Hraundals (syðri). Úr fyr nefndu Lambafellshorni sjónhending í vestari Krosshyrnu (há Litурstaði) sjónhending þaðan í Landmælingavörðu, og þaðan sjónhending ofan í hámúlabrún, þaðan í Klofastein úr Klofasteini sjónhending í Grástein, þaðan beint í fyr nefndan Ytri-Þrætuáshaus.[665]

Var bréfið samþykkt vegna Grímsstaða, Syðra Hraund[als] og fjalllands, Álftártungu, Álftártungukots og Grenja.

#### 5.7.1.4 Grenjar

Landamerkjabréf Grenja í Álftaneshreppi var útbúið 1. apríl 1884 og því var þinglýst 24. maí sama ár. Þar segir:

> Fyrst ræður Langá merkjum alla leið frá Skarðsheiðarvaði niður eftir að Landamerkjakeldu þar sem hún rennur í Langá hjá Landamerkjarúst milli Hvítstaða og Grenjalands ræður bein sjónhending merkjum frá Landamerkjakeldu í Landamerkjatjörn. Þaðan bein sjónhending við hina fyrri sjónhendingu í Fauskakeldu þar sem hún rennur í Urriðaá. Síðan ræður Urriðaá merkjum milli Grenja og Grímstaða alla leið þangað, sem hún hefir upptök sín þaðan beina sjónhending í Þverbrekkukast (það kastið sem liggur næst hinu vestasta) þaðan sjónhendingí Mannabeinsholt, þaðan aftur sjónhending í Þverdalsholt (sem er hátt holt með háu klettabelti að sunnanverðu) þaðan ræður sjónhending aftur merkjum í fyrnefnt Skarðsheiðarvað.[666]

---

[665] Skjal nr. 2(7).
[666] Skjal nr. 2(6).

Var bréfið samþykkt vegna Grímsstaða, Hvítstaða, Litlafjalls og Stangarholts.

### 5.7.1.5 Litla-fjall

Landamerkjabréf Litla-Fjalls í Borgarhreppi var útbúið 15. apríl 1884 og því var þinglýst 23. maí sama ár. Þar segir:

> 1. gr. Á milli Litlafjalls og Valbjarnarvalla af Rínir sjónhending í Killirsás miðjan þaðan sjónhending í Landamerkjaholt mitt, þaðan sjónhending frá Marteinsstapa, þaðan sjónhending í Selborgarfoss í Gufá, þaðan eftir miðri Gufá upp í Gufárvatn, þaðan sjónhending yfir vatnið í Djúpavatnslækjarós og eftir honum upp í Djúpavatn og sjónhending yfir vatnið í Mjóavatnslækjarós og eftir honum upp í Mjóavatn, neðan til, þaðan sjónhending í Krókatjörn miðjan, þaðan sjónhending í upptök lækjar þess, sem rennur fyrir norðan Hrútaborg og eftir honum í landamerkjafljót í Gljúfurá.
>
> 2. gr. Milli Litlafjalls og Grísatungu, eftir miðri Gljúfurá frá Landamerkjafljóti til ármóta.
>
> 3. gr. Á milli Litlafjalls og Grenja eftir miðri Langá.
>
> 4. gr. Á milli Litlafjalls og Stangarholts frá Langá á þeim stað sem klett sem er austan Grænukeldu en norðan Stangavatn ber í Rínir, sjónhend-ing í fyrrnefndan Rínir.[667]

Bréfið var undirritað um samþykki fyrir Valbjarnarvelli, Grísartungu vegna Stafholtskirkju, Grenjar og Stangarholt.

### 5.7.1.6 Valbjarnarvellir I

Landamerkjabréf Valbjarnarvalla í Borgarhreppi var útbúið 15. apríl 1884 og því var þinglýst 23. maí sama ár. Þar segir:

> 1.gr. Á milli Valbjarnarvalla og Litlafjalls. Af Rínir sjónhending í Killirsás miðjan. Þaðan sjónhending landamerkjaholt mitt. – Þaðan sjónhending í Marteinsstapa, - þaðan sjónhending í Selborgarfoss, - þaðan eftir miðri Gufuá upp í Gufárvatn – og sjónhending yfir vatnið í Djúpavatnslækjarós – Og eftir honum uppí Djúpavatn – og sjónhending yfir vatnið í Mjóavatnslækjarós - og eftir honum uppí Mjóavatn neðantil – þaðan sjónhending í Krókatjörn miðja, þaðan sjónhending í upptök lækjar þess sem rennur fyrir norðan Hrútaborg – og eftir honum í Landamerkjafljót í Gljúfurá.
>
> 2.gr. Á milli Valbjarnarvalla og Grísatungu. Eftir miðri Gljúfurá.
>
> 3.gr. Á milli Valbjarnarvalla og Tandrasels og Stórafjalls frá Gljúfurá við Hólmavatnslækjarós upp eftir hólmavatnslæk í Hólmavatn mitt – þaðan sjónhending yfir hólmavatnshæðir og eftir köstunum fyrir vestan Stórafjalls seldal í Snókaborg – þaðan sjónhending í eystra skarð urðarhlíðakletta – þaðan sjónhending í Fauskhól miðjan – þaðan sjónhending í Fauskatjörn

[667] Skjal nr. 2(17).

miðja – og úr henni eftir Smiðjuásalæk ofan á lítinn bug – þar hann tekur stefnu til landnorðurs.

4.gr. Á milli Valbjarnarvalla og Litlugrafar frá Smiðjuásalæk úr fyrnefnum bug sjónhending sunnanhalt í Valbjarnarvallakastala, - í vörðu úr torfi og kolum í, með uppreistu grjóti utan um – á Litlu flötu holti - frá þeirri vörðu breytist stefna, til útsuðurs, yfir tjarnirnar fyrir ofan tunguskóga beint í torfvörðu með kolum í, er stendur neðanvert við stærstu tjarnarendann miðjan – frá þeirri vörðu, beint í Arnarstapabrú, þar sem keldan rennur yfir hana, svo ræður keldan ofan á móts við kolþúfu sem stendur austan hana, af þeirri kolþúfu beint í aðra kolþúfu sem er mikið suðvestar á flóanum hjá Arnarstapakeldu – svo ræður keldan ofan í Arnar Arngrímstjörn.

5.gr. Milli Valbjarnarvalla og Laxholts úr Arngrímstjörn vestan til sjónhending í Gufuá við Steináskeldukjaft, og þaðan sjónhending í Landamerkjatjörn miðja.

6.gr. Milli Valbjarnarvalla og Stangarholts af miðri landa- merkjatjörn sjónahending í fyrrnefndan Rínir.

7.gr. Stangarholt á upprekstrarland í Valbjarnarvallamúlahaust og vor óskift.[668]

Var bréfið samþykkt vegna Litlafjalls, Litlugrafar, Stangarholts, Grísartungu, Laxholts, Tandrasels og Stórafjalls.

[668] Skjal nr. 2(22).

# 6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

## 6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vikið að fyrirliggjandi dómafordæmum í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

### 6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinna staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Sú útgáfa *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* sem fylgdi með úrskurðum á svæði 7B hafði með sama hætti verið uppfærð með hluta af kafla úr úrskurðum á svæði 7A, sem innihélt almenn atriði. Samhliða uppkvaðningu úrskurða á svæði 8A voru *Almennu niðurstöðurnar* enn á ný uppfærðar, þá með almennum köflum úr úrskurðum á svæði 7B. Loks hafa hinar *Almennu niðurstöður* nú verið uppfærðar með almennum köflum úr úrskurðum á svæði 8A og fylgja svo breyttar í viðauka með úrskurði þessum.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, samanber kafla 6.3–6.7 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og vísa til þeirra.

### 6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Nú liggja fyrir samtals 62 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Dómum þessum hafa verið gerð skil í eldri úrskurðum óbyggðanefndar, nánar tiltekið úrskurðum nefndarinnar á svæðum 5, 6, 7A, 7B og 8A. Tveir nýir Hæstaréttardómar á sviði þjóðlendumála hafa fallið frá því að úrskurðir óbyggðanefndar á svæði 8A voru kveðnir upp þann 19. desember 2014. Þar er annars vegar um að ræða dóm réttarins frá 22. október 2015 í máli nr. 743/2014 þar sem staðfest var niðurstaða óbyggðanefndar um að Nýjabæjarafréttur væri þjóðlenda. Hins vegar er um að ræða dóm réttarins frá 29. september 2016 í máli nr. 850/2015 þar sem

staðfest var niðurstaða nefndarinnar um að Hólaafréttur í Eyjafirði væri þjóðlenda. Umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum hefur, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

## 6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.[669] Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir þeim frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Af þeim verður ráðið að a.m.k. hluti af því svæði sem er til umfjöllunar í málinu hafi verið numinn. Á það sérstaklega við um Hítardal og Langavatnsdal auk þess sem að mati óbyggðanefndar verður að telja líklegt með tilliti til staðhátta og fjarlægðar frá byggð að Beilárheiði og Staðartunga séu innan upphaflegs landnáms. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

## 6.3 Fjalllendi Hraunhrepps

### 6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hefur verið nefnt Fjalllendi Hraunhrepps. Sveitarfélagið Borgarbyggð gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 120 m y. s. og rís hæst í Tröllakirkju (940 m) norðarlega á svæðinu. Hítarvatn liggur við norðanverð vesturmörk svæðisins og úr því rennur Hítará að sunnanverðu og afmarkar svæðið að vestan. Á norðaustanverðu svæðinu liggja Lambahnúkar og suðvestan þeirra rennur Suðurárdalsá um gróinn dalinn til norðvesturs í Hítarvatn. Austan Hítarvatns rís land skarpt og er fjalllent. Sunnan og suðaustan Hítarvatns er gróðurlítið Hólmshraun en austan þess liggur víður og gróinn Þórarinsdalur með meginleguna austur-vestur. Suðaustan til á svæðinu liggur Háleiksvatn í um 540 m y. s. og liggur brattur múli vestur upp af vatninu og nefnist hann Háleiksmúli. Sunnan Háleiksvatns rís Kúfusandur í um 696 m y. s., brattur og gróðursnauður. Sunnan Kúfusands liggur gróinn Grjótárdalur með meginleguna suðvestur-norðaustur og liggur Grjótárvatn í

[669] Sbr. umfjöllun um landnám í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar (í viðauka).

um 290 m y. s. þar suðvestan. Norðvestur upp af Grjótárvatni rís Dagmálafjall bratt upp í rúmlega 700 m hæð.[670]

### 6.3.2 Sjónarmið aðila

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlenda, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggi utan landnáms og eingöngu verið nýtt sem afréttir, eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Hvað varðar Fjalllendi Hraunhrepps sérstaklega hafi íslenska ríkið við afmörkun þess kröfusvæðis fyrst og fremst litið til landamerkjabréfs Hraunhreppsafréttar, sem og landamerkjalýsinga Hítardals og annarra aðliggjandi jarða. Heimildir fram til loka 16. aldar varpi engu ljósi á tengsl Hítardalskirkju við umrætt svæði og í heimildum frá 18. og 19. öld sé eingöngu fjallað um upprekstur á Hítardalsfjöll og greiðslu afréttartolla til Hítardalsprests auk þess sem heimildir bendi til þess að ágreiningur hafi verið um eignarhald á Hítardalsfjalllendi. Þá sé bújörðin Hítardalur talin fram með fjalllandi og hjáleigunni Tjaldbrekku í jarðamati Mýrasýslu árið 1804 og í þeirri eignarlýsingu sé landamerkjum staðarins lýst en sú lýsing sé í engu samræmi við síðari lýsingar á svæðinu og í raun sé erfitt að átta sig á hvaða landamerkjum sé þar verið að lýsa þar sem þau örnefni sem þar er lýst, virðist ekki vera þekkt í dag. Þá hafi landamerkjabréfum verið þinglýst árið 1924 fyrir annars vegar Hítardal og hins vegar Hraunhreppsafrétt, og í eldri heimildum sé oft vísað með aðgreindum hætti til Fjalllendis Hítardals og heimastaðar, og fjalllendið löngum verið afréttarsvæði sem margir hafi nýtt til upprekstrar. Einhverjar heimildir sé að finna um byggð á svæðinu en glöggar heimildir liggi hvorki fyrir um hversu mikil eða langvarandi búsetan var, né um afmörkun eða nákvæma staðsetningu hennar. Þá liggi ekki heldur fyrir hvort slík búseta hafi aðeins verið í tengslum við afréttarnot svæðisins. Svæðið hafi þannig frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi, þó jörðin Hítardalur kunni að hafa átt þar meiri rétt en aðrar jarðir.

Af hálfu sveitarfélagsins Borgarbyggðar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að landið sé allt innan upphaflegs landnáms í Borgarfirði, en því er haldið fram að það svæði sem nefnist Hólmur hafi fyrrum verið hluti landnáms Þórhadds og sá hluti þess, sem er innan kröfulýsingar íslenska ríkisins, hafi verið nefnt Hólmsland. Þá

[670] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, samanber kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

hafi landinu verið ráðstafað frá því við landnám eins og um eignarland væri að ræða, t.a.m. hafi það verið framselt sem heimanmundur við brúðkaup heimasætunnar í Hítardal samkvæmt *Landnámu* og ummerkjum þess lýst í lögfestu frá árinu 1699. Svo virðist sem byggð hafi lagst af í Hólmi fyrir árið 1570 og er á því byggt að þá hafi landið verið fellt undir Hítardal að nýju og það sé ástæða þess að landsins sé ekki sérstaklega getið í máldaga Hítardalskirkju.

Byggt er á því að þegar íslenska ríkið seldi hið umdeilda land til forvera landeiganda með afsali árið 1919 hafi það hlutast til um að semja landamerkjabréf Hítardals, þar sem fram koma landamerki á móti hinu umdeilda svæði, og bendi þær aðgerðir til þess að landið hafi fyrir söluna verið innan landamerkjalýsingar Hítardals, en líkur standi til þess að hið eldra landamerkjabréf Hítardals hafi glatast þegar sýsluskrifstofan í Borgarnesi brann árið 1920. Augljóst sé af afsali íslenska ríkisins að það hafi talið sig vera að afsala landi sem væri undirorpið beinum eignarétti, en undanskilin við söluna hafi verið réttindi sem einungis geti fylgt eignarlöndum að lögum, t.a.m. hafi verið skilið undan varp og veiði í Hítarvatni og þeim ám sem renna í vatnið og úr. Íslenska ríkið hafi síðar selt forvera landeiganda, hvoru tveggja varp og veiði í Hítarvatni og þeim ám sem renna í það og úr árið 1953. Þá séu ekki heimildir um annað en að landið hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma og að innan landamerkja hafi eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn bendi til annars en að landið hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.

Vísað er til þess að lög hafi frá öndverðu kveðið á um merkjagerð jarða en þrátt fyrir það sé merkjalýsingar sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafa. Heimildir um merki jarða hafi almennt aðeins verið varðveitt í munnlegri geymd fram að setningu landamerkjalaga árið 1882. Hafa beri í huga að samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu.

Gagnaðili íslenska ríkisins telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Þá vísar gagnaðili íslenska ríkisins til meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga en samkvæmt henni sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á aðila máls að þeim sé ómögulegt að mæta henni, en sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur megi nefna að gagnaðila íslenska ríkisins sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja landsvæðisins, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja

með skjallegum sönnunargögnum, en landamerkjabréf séu oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sanni beinan eignarrétt þeirra. Í þessu tilviki hátti þó svo til að sönnunargögn um eignarréttindi hafi farið forgörðum þegar sýsluskrifstofan í Borgarnesi brann árið 1920 og óeðlilegt og ósanngjarnt sé að láta landeigendur gjalda þess.

Að mati gagnaðila íslenska ríkisins hafa handhafar ríkisvaldsins margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt gagnaðila íslenska ríkisins, sem og forvera hans, innan lýstra merkja, enda hafi heimildarskjölum þeirra fyrir landinu verið þinglýst athugasemdalaust. Gagnaðili íslenska ríkisins telur ennfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa er fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti handhafa ríkisvaldsins eða fyrningu. Vegna þessa hafi gagnaðili íslenska ríkisins í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að landsvæðið væri undirorpið fullkomnum eignarrétti hans og aðgerðir ríkisins fram til þessa hafi aðeins styrkt landeiganda í þeirri trú.

Þá byggir gagnaðili íslenska ríkisins á því að þótt hluti hins umdeilda landsvæðis hafi verið nýttur sem afréttur hin síðari ár, teljist það ekki vera samnotaafréttur í lagalegum skilningi og vísar um það til fyrrnefndra sjónarmiða um tilvist beins eignarréttar að landsvæðinu, enda hafi svæðið verið nýtt að mestu án athugasemda landeiganda allt fram á þennan dag á grundvelli samninga og/eða venju. Slík nýting á eignarlandi til beitarafnota sé alvanaleg og í samræmi við hefðbundna búskaparhætti, en feli ekki í sér framsal eða afsal beins eignarréttar, eða að beinn eignarréttur að landinu hafi fallið niður, enda sé ekki fyrir hendi lagalegur grundvöllur til slíks.

Til vara byggir gagnaðili íslenska ríkisins kröfu sína á því að hann hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

### 6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Fjalllendis Hraunhrepps er rakin í kafla 5.6 hér að framan. Eins og þar kemur fram kallaði Hítardalskirkja til réttinda á svæðinu fyrr á öldum en elsta heimild þar að lútandi er lögfesta fyrir kirkjuna frá árinu 1697. Með afsali ráðherra Íslands, dagsettu 27. júní 1919, var svæðið selt Hraunhreppi, en í afsalinu kemur fram að um sé að ræða kaup á „afrjettarlandinu, fjalllendi Hítárdals“. Í sama kafla er að finna heimildir um merki aðliggjandi landsvæða. Viðkomandi heimildum verða jafnframt gerð skil hér á eftir að því leyti sem þær kunna að hafa þýðingu við úrlausn málsins.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum ágreiningssvæðisins er lýst í heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki þess, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Við þessa athugun verða kannaðar heimildir um merki

ágreiningssvæðisins og einnig heimildir um merki aðliggjandi landsvæða. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Fyrir liggur landamerkjabréf fyrir afréttarland Hraunhrepps í Mýrasýslu, dagsett 19. júní 1923 sem þinglýst var 21. júní 1924. Auk þess liggja fyrir eftirfarandi heimildir sem taka til merkja ágreiningssvæðisins: Ódagsett lögfesta fyrir Hítardal, sem var þinglesin árið 1697; lögfesta fyrir Hítardal, dagsett 19. apríl 1699; ódagsett lögfesta fyrir fyrir Hítardal, Velli, Hróbjargastaði, Helgastaði, Haga, Svarfhól, hálfar Hvalseyjar og hálft Fíflholt, sem var þinglesin á manntalsþingi 3. maí 1710; ódagsett lögfesta fyrir Hítardal, sem var lesin upp á manntalsþingi að Kaldárbakka þann 4. júní 1712; ódagsett lögfesta fyrir Hítardal, Hróbjargastaði, Velli, Haga, Helgastaði, Svarfhól og hálfar Hvalseyjar sem var þinglýst 23. apríl 1731; ódagsett lögfesta fyrir Hítardal, Helgastaði, Velli, Hróbjargarstaði og Hagaskóg, frá árinu 1733; lögfesta fyrir Hítardal, dagsett 9. apríl 1776; lögfesta fyrir Hítardal, dagsett 3. júní 1782; lögfesta fyrir Hítardal, dagsett 26. mars 1790; beiðni Halldórs Finnssonar, bónda í Hítardal, um úrskurð stiftamtmanns um réttartolla, dagsett 8. júní 1795; sáttarboð séra Björns Benediktssonar til bænda í Hraunhreppi, frá 16. september 1795, varðandi afrétt og upprekstrartoll; lögfesta fyrir Hítardal, Hróbjargarstaði, Velli, Helgastaði, Moldbrekku syðri, Ytriskóga, Hraunsmúla og Brúarhraun, dagsett 3. apríl 1797; ódagsett lögfesta fyrir „Hytardals Landareign, samt fyrir Moldbrekku, Sydri- og Ytriskógum, Hraunmúla og Bruarhraun, Litlahraun med reka etc.“, frá árinu 1832; lögfesta fyrir Hítardal, Hróbjargarstaði, Velli, Moldbrekku, Skógana, Hraunsmúla, Brúarhraun og Litlahraun, dagsett 12. júní 1832; eignarlýsing Hítardalskirkju og Staðar, dagsett 15. apríl 1842; og loks lögfesta fyrir Hítardal, hálfar Hvaleyrar, Hróbjargarstaði, Velli, Tjaldbrekku, Helgastaði, Haga, Svarfhól, Moldbrekku, Syðriskóga, Ytriskóga, Hraunsmúla og Brúarhraun, dagsett 6. júní 1849. Ennfremur skal þess getið í þessu sambandi að fyrir liggur ódagsett landamerkjabréf fyrir Hítardal í Hraunhreppi, sem mun hafa verið ritað í júní 1923 og var þinglesið 21. júní 1924, en það var gert eftir að ágreiningssvæðið var selt frá Hítardalskirkju og varðar því einungis landamerki þess svæðis sem áfram tilheyrði jörðinni Hítardal eftir söluna, m.a. gagnvart ágreiningssvæðinu.[671]

Verða nú fyrst norðvestur- og norðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Kröfulínur beggja málsaðila, þ.e. íslenska ríkisins og gagnaðila þess, fylgja að þessu leyti sveitarfélaga- og sýslumörkum á svæðinu, sem jafnframt eru mörk svæðis 8B hjá óbyggðanefnd. Af hálfu íslenska ríkisins er umræddum hluta kröfulínunnar lýst svo: „ … frá Hítará undan miðju Valfelli …“, sem er punktur nr. 1 á kröfulínu íslenska ríkisins, og síðan kemur fram að „afmörkun kröfusvæðis“ ráði að öðru leyti þessum hluta kröfulínunnar. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er þessum

[671] Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir er jafnan vísað til þeirra heimilda sem hér voru raktar með því að nefna tegund heimildarinnar (t.d. lögfesta, vísitasía eða landamerkjabréf) auk eftir atvikum dagsetningar og ártals heimildarinnar eða þinglýsingar hennar.

hluta kröfulínunnar lýst svo: „Úr punkti í Hítará á móts við mitt Valfell (pt. 1) þaðan eftir Hítará að Klifssandi (pt. 2) þaðan eftir sýslu- og sveitarfélagamörkum á tind Smjörhnjúks (pt. 3).“

Í landamerkjabréfinu fyrir afréttarland Hraunhrepps í Mýrasýslu, frá árinu 1923, er merkjum að norðanverðu lýst svo:

„1. Móti löndum Dalamanna:

> […] eins og vötnum hallar austan og norðan að Austurárdal, svo og eins og Bustarhryggur og hæstu Svínbjúgsleyti deila vötnum alla leið eftir hæðstu brúnum Þröskuldardals að Selárdalssneis.“

Þessi hluti landamerkjabréfsins er áritaður um samþykki fyrir hönd eigenda Ytri-Hrafnabjarga. Í sama landamerkjabréfi segir um merkin að vestanverðu:

> 3. Móti löndum Hnappdælinga.
>
> Frá suðurhorni Hvolafjalls um Geirhnúks suðvestur eins og vötnum hallar að Snjódölum og Vatnshlíð austan við Rögnamúla og eins og vötnum hallar að Klifsdal og þaðan um norðaustur brúnir Klifsands í Hítará, þaðan ræður áin merkjum niður á móts við miðju Valfells.

Þessi hluti landamerkjabréfsins er áritaður um samþykki vegna Heggstaða, Hróbjargarstaða og Hafursstaða.

Tilvitnaðar merkjalýsingar landamerkjabréfsins fela í sér að norðurmerkjum gagnvart löndum Dalamanna er lýst um vatnaskil. Í málinu liggja fyrir gögn frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskilanna. Þar kemur fram að þau eru staðsett nærri legu sveitarfélaga- og sýslumarkanna, eins og þau mörk eru teiknuð á kort, milli Smjörhnjúks og Svínbjúgs en vestan Svínbjúgs eru vatnaskilin mun lengra til vesturs en sem nemur legu sveitarfélaga- og sýslumarkanna á kortum. Þó er lítilsháttar mismunur á legu annars vegar sýslu- og sveitarfélagamarkanna á kortum og hins vegar vatnaskilanna milli Smjörhnjúks og Svínbjúgs, ýmist á þann veg að vatnaskilin eru litlu norðar eða litlu sunnar. Í kjölfar þess að umrædd gögn um legu vatnaskilanna komu fram var tekin ákvörðun um það af hálfu óbyggðanefndar að breyta norðurmörkum svæðis 8B til samræmis við legu vatnaskilanna, að því leyti sem vatnaskilin liggja sunnar heldur en hin upphaflegu svæðismörk, milli Smjörhnjúks og Svínbjúgs. Í kjölfarið breytti íslenska ríkið kröfulínum sínum til samræmis við hin hin breyttu svæðismörk. Að teknu tilliti til þess sem hér var rakið á afmörkun málsaðila á norðurmerkjum ágreiningssvæðisins eftir sveitarfélagamörkunum milli Smjörhnjúks og Svínbjúgs sér stoð í landamerkjabréfinu.

Þegar komið er vestur fyrir Svínbjúg ná hin lýstu merki afréttarins samkvæmt landamerkjabréfinu mun lengra til vesturs heldur en nemur því hvernig sveitarfélagamörkin eru teiknuð á fyrirliggjandi kort. Á það við allt þar til komið er að Hítará við Klifssand en þaðan í frá fylgja merkin samkvæmt landamerkjabréfinu Hítará til suðurs þar til komið er á móts við miðju Valfells, eins og byggt er á í

kröfulýsingum málsaðila. Kröfur gagnaðila íslenska ríkisins eiga sér því jafnframt stoð í landamerkjabréfinu að þessu leyti.

Í ódagsettu lögfestunni fyrir Hítardal, frá árinu 1697, segir: „ … Einkum Lögfeste eg allan Dalinn Hýtardal, nordan af Biug og iafngegnt bádum fiallaendum I nedanverdum Dalnum Þar med allar Hlýdir fjallanna og afdali tveim meigin Svo Lángt sem Vötnum hallar ad ádurnefndum dal.“ Í örnefnaskrá fyrir afrétt Hraunhrepps, sem Haukur Jóhannesson skráði þann 31. ágúst 1982 eftir Leifi Finnbogasyni, bónda í Hítardal, kemur fram að Bjúgur sé Svínbjúgur. Að mati óbyggðanefndar bendir orðalag lögfestunnar ótvírætt til þess að með henni sé verið að lögfesta svæðið allt að vatnaskilum í a.m.k. hluta dalsins. Ekki er þó ljóst hversu langt til norðurs vatnaskilin ráði merkjum samkvæmt lögfestunni, samanber orðalagið „I nedanverdum Dalnum“. Að mati óbyggðanefndar virðist þó sem að í lögfestunni sé verið að lýsa merkjum a.m.k. jafnlangt eða lengra til norðvesturs en sem nemur norðvesturmerkjum ágreiningssvæðisins en þau eru m.a. dregin yfir Hítarvatn. Þá mælir lögfestan því heldur ekki í mót að mati nefndarinnar að það landsvæði sem þar er lýst hafi verið talið ná allt norður að norðurmerkjum ágreiningssvæðisins. Fjölmargar aðrar fyrirliggjandi heimildir eru efnislega samhljóða tilvitnaðri lögfestu, frá árinu 1697, hvað þetta varðar, þó svo að blæbrigðamunur sé á orðalagi. Á það við um lögfestuna fyrir Hítardal, frá árinu 1699; lögfestuna fyrir Hítardal o.fl., frá árinu 1710; lögfestuna fyrir Hítardal, frá árinu 1712; lögfestuna fyrir Hítardal o.fl., frá árinu 1731; lögfestuna fyrir Hítardal o.fl. frá árinu 1733; lögfestuna fyrir Hítardal, frá árinu 1776; lögfestuna fyrir Hítardal, frá árinu 1782; lögfestuna fyrir Hítardal, frá árinu 1790; beiðni bóndans í Hítardal, frá árinu 1795, þar sem vísað er í „[þ]ær mörgu elldre og yngre Lögfestur fyrer Hytardal“; sáttarboð séra Björns Benediktssonar til bænda í Hraunhreppi, frá árinu 1795, varðandi afrétt og upprekstrartoll, þar sem vísað er í lögfestu sem lesin hafi verið upp á manntalsþingi á Lækjarbug, þann 11. apríl sama ár; lögfestu fyrir Hítardal o.fl., frá árinu 1797; tvær lögfestur fyrir Hítardal o.fl., frá árinu 1832; skjali sem ber yfirskriftina „Eignarlýsing, Hytardals Kyrkju og Staðar“, frá árinu 1842, þar sem vísað er til máldaga og vísitasía varðandi merkin[672]; og loks lögfestu fyrir Hítardal o.fl., frá árinu 1849.

Að sunnanverðum norðvesturmerkjum ágreiningssvæðisins liggur land Hróbjargarstaða og Hítardalsvalla. Í landamerkjabréfi Hróbjargarstaða og Hítardalsvalla, dagsettu 7. febrúar 1885, segir um þennan hluta merkjanna: „ … a, Hróbjargarstaða: milli Hítardals að sunnan ræður Hítará, en að norðan Klyfssandur upp í Klyfsborg, … “. Ekki kemur fram hvort landamerkjabréfinu hafi verið þinglýst og það hefur ekki að geyma áritun vegna ágreiningssvæðisins. Norðan við land Hróbjargarstaða og Hítarvalla, og allt norður að Svínbjúg, er landsvæði sem er líkt og ágreiningssvæðið innan merkja landamerkjabréfsins fyrir afréttarland Hraunhrepps,

[672] Tilvitnaðir máldagar og vísitasíur hafa ekki komið fram við hina kerfisbundnu gagnaleit óbyggðanefndar og Þjóðskjalasafns Íslands vegna málsins.

frá árinu 1923. Að norðurmerkjum ágreiningssvæðisins liggur loks ágreiningssvæði sem er til umfjöllunar í máli nr. 3/2016 á svæði 9A hjá óbyggðanefnd og nefnt er „Botn við Svínbjúg“ af hálfu íslenska ríkisins en gagnaðilar þess í því máli byggja á að svæðið sé að mestu leyti innan marka jarðarinnar Blönduhlíðar. Byggja gagnaðilar íslenska ríkisins í því máli kröfu sína um merki svæðisins einkum á landamerkjabréfi fyrir Hól í Hörðudal, dagsettu 16. maí 1884, landamerkjabréfi fyrir Hrafnabjörg fremri og ytri í Hörðudal, dagsettu 16. maí 1884, og ódagsettri landamerkjalýsingu fyrir Selárdal í Hörðudal, frá því í maí 1883. Af þessum þremur landamerkjabréfum er það einungis hið síðastnefnda, þ.e. landamerkjabréf fyrir Selárdal í Hörðudal, frá því í maí 1883 og þinglýst 19. maí 1884, sem varðar þann hluta Botns við Svínbjúg sem liggur næst því ágreiningssvæði sem hér er til umfjöllunar. Í landamerkjabréfinu er þeim hluta merkjanna sem hér skiptir máli lýst svo: „Frá veginum á Svínbjúgstún austur bjúgsbrúnina að gili því, sem er á miðri bjúgsbrúninni og rennur þar suður af bjúgunum, þaðan eins og vötnum hallar inn á Bustarhrygg … “. Landamerkjabréfið hefur ekki að geyma áritun vegna ágreiningssvæðisns.

Þau landamerkjabréf aðliggjandi landsvæða sem hér hafa verið rakin mæla ekki gegn því að Fjalllendi Hraunhrepps nái eins langt til norðvesturs og norðurs og byggt er á af hálfu málsaðila.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið á afmörkun ágreiningssvæðisins að norðvestan- og vestanverðu sér stoð í landamerkjabréfinu fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923, sem og eldri heimildum um merki Hítardals. Landamerkjabréf aðliggjandi landsvæða mæla þessari afmörkun heldur ekki í mót.

Verða næst merki ágreiningssvæðisins að austanverðu tekin til skoðunar. Kröfulína íslenska ríkisins fylgir aðeins að hluta til austurmerkjum ágreiningssvæðisins, nánar tiltekið nyrst, þ.e. frá Smjörhnjúk og suður í Tröllakirkju. Á því svæði fylgir kröfulína íslenska ríkisins sveitarfélaga- og sýslumörkum, sem jafnframt eru mörk svæðis 8B hjá óbyggðanefnd. Þegar komið er suður fyrir tind Tröllakirkju tekur kröfugerð íslenska ríkisins aftur á móti jafnframt og án aðgreiningar til svæðanna austan við ágreiningssvæðið, þ.e. fjalllendis Álftaneshrepps, sem fjallað er um í kafla 6.4, og Fjalllendis Borgarhrepps, sem fjallað er um í kafla 6.5.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er austurmerkjunum lýst svo:

> […] eftir sýslu- og sveitarfélagamörkum á tind Smjörhnjúks (pt. 3). Þaðan suður á móti sameignarlandi Fremri- og Ytri-Hrafnabjarga í Dalabyggð á vatnaskilum (pt. 4) í tjörn í Mjóadalsdrögum (pt. 5) þaðan eftir vatnaskilum í Tröllakirkju (pt. 6) og í tind Tröllakirkju (pt. 7). Þaðan á móti fjalllendi Álftaneshrepps á vatnaskilum suðvestan Tröllakirkju (pt. 8) og á móti Þrengslum (pt. 9) að Þórarinsdals á við Þrengsli (pt. 10) þaðan er ánni fylgt að Tröllkonugili (pt. 11) og þaðan í norðanvert Háleiksvatn (pt. 12) og þaðan í Grjótá við Háleiksvatn (pt. 13) og eftir ánni þar til hún rennur í Grjótárvatn (pt. 14) úr Grjótárvatni (pt. 15) beina línu í vatnaskil í Álftaskörðum (pt. 16) […]

Í landamerkjabréfinu fyrir afréttarland Hraunhrepps í Mýrasýslu, frá árinu 1923, er nyrsta hluta austurmerkjanna lýst svo:

> 1. Móti löndum Dalamanna:
>
> Úr Tröllakirkju svo sem vötn deila og í miðja tjörn þá sem er í Mjóadalsdrögum, þaðan eins og vötnum hallar austan og norðan að Austurárdal, […].
>
> Aðalstefnur merkja þessara eru: Hánorður frá Tröllakirkju að Smjörhnúk; […].

Þessi hluti landamerkjabréfsins er áritaður um samþykki vegna jarðarinnar Fremri-Hrafnabjarga í Hörðudal. Austan við þann hluta austurmerkja ágreiningssvæðisins er svonefnt Fjalllendi Hrafnabjarga en ágreiningur um það svæði er til úrlausnar í máli nr. 3/2016 á svæði 9A hjá óbyggðanefnd. Í landamerkjabréfi fyrir Ytri- og Fremri-Hrafnabjörg í Hörðudal, dagsettu 18. maí 1883 og þinglýstu 28. sama mánaðar, er þeim hluta merkjanna sem hér skiptir máli lýst svo: „Fjallland sem Hrafnabjörg eiga, er sem hjer greinir: fyrst úr tjörninni vestanverðri á Mjóadalsdrögum, þaðan Mjóadal allan báðu megin suður í Hrútagil, […] eptir háeggjum syðst á Urðarmúla, þaðan í fyrrnefnda tjörn á vestanverðum Mjóadalsdrögum.“ Landamerkjabréfið hefur ekki að geyma áritun vegna ágreiningssvæðisins. Landamerkjabréfum afréttarlands Hraunhrepps, frá árinu 1923, og Ytri- og Fremri-Hrafnabjarga, frá árinu 1883, ber samkvæmt því sem hér var rakið saman um að tjörnin á Mjóadalsdrögum ráði merkjum milli svæðanna, eins og byggt er á af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, og að öðru leyti virðist vera að merkin séu miðuð við vatnaskil.

Við meðferð málsins aflaði óbyggðanefnd gagna frá Veðurstofu Íslands um staðsetningu vatnaskila á svæðinu. Þar sést að lega þeirra er að nokkru leyti önnur heldur en gagnaðili íslenska ríkisins miðaði upphaflega kröfulínu sína við, þó svo að kröfugerð hans miðist við vatnaskil. Jafnframt sýndu umrædd gögn að lega vatnaskilanna er að nokkru leyti önnur á svæðinu milli Smjörhnjúks og Tröllakirkju heldur en sveitarfélaga- og sýslumörk eru teiknuð á fyrirliggjandi kröfulínukort, en mörk svæðis 8B hjá óbyggðanefnd miðuðust upphaflega við þau. Að teknu tilliti til þess að í landamerkjabréfunum fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923, og fyrir Ytri- og Fremri-Hrafnabjörg, frá árinu 1883, er þessi hluti merkjanna miðaður við vatnaskil, auk umræddrar tjarnar í Mjóadalsdrögum, tók óbyggðanefnd því ákvörðun um það við endurupptöku málsins, að höfðu samráði við málsaðila, að færa mörk svæðis 8B til samræmis við legu vatnaskilanna að því leyti sem vatnaskilin liggja vestar en hin upphaflega afmörkun svæðisins. Að því leyti sem þau liggja austar var mörkum svæðis 8B aftur á móti haldið óbreyttum, þar sem ekki var talið unnt að stækka umfjöllunarsvæði nefndarinnar á þessu stigi málsmeðferðarinnar. Jafnframt færðu málsaðilar kröfulínur sínar til samræmis við hina breyttu afmörkun svæðisins.

Þeim hluta austurmerkja ágreiningssvæðisins sem er sunnan Tröllakirkju er lýst svo í landamerkjabréfinu fyrir afréttarland Hraunhrepps í Mýrasýslu, frá árinu 1923:

> 2. Móti löndum Álfthreppinga:
>
> Úr Tröllakirkju (=Ok hjá Álfthreppingum) suðaustur Smjörhnúk – við Þórarinsdal – nálægt Þrengslum Þórarinsdalsbotna, suðaustan við Moldarmúla, vestan við sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni og í austurhornið á vatninu; þá ræður vatnið og úr því Grjótá austan Kúfusand niður í Grjótarvatn. Úr suðaustur horni vatnsins bein lína í Álftaskörð.

Landamerkjabréfið er áritað um samþykki af hálfu Hallgríms Níelssonar, frá Grímsstöðum, „fyrir hönd Álfthreppinga“. Austan við þann hluta austurmerkja ágreiningssvæðisins sem hér um ræðir er Fjalllendi Álftaneshrepps, en ágreiningur íslenska ríkisins og gagnaðila þess um eignarréttarlega stöðu þess svæðis er til umfjöllunar í kafla 6.4 hér á eftir. Í landamerkjabréfi Fjalllendis Álftaneshrepps, dagsettu 20. júní 1923 og þinglýstu 21. júní 1924, er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo:

> Móti löndum Hraunhreppinga:
>
> Úr Tröllakirkju (Oki hjá Álfthreppingum) suðaustan Smjörhnúk – hjá Þórarinsdal – nálægt Þrengslum Þórarinsdalsbotna, suðaustan við Moldarmúla, vestanvið sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni og í austurhornið á vatninu; þá ræður vatnið og úr því Grjótá austan Kúfusand niður í Grjótárvatn. Úr suðausturhorni vatnsins bein lína í Álftaskörð.

Landamerkjabréfið hefur að geyma áritun um samþykki vegna Hraunhrepps.

Landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923, og landamerkjabréfið fyrir Fjalllendi Álftaneshrepps, frá sama ári, eru samkvæmt því sem hér var rakið samhljóða um merkin milli þessara tveggja svæða. Þá er kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins í málinu, líkt og landamerkjabréfin, miðuð við Tröllakirkju, punkt nálægt Þrengslum Þórarinsdalsbotna, Háleiksvatn, Grjótá og Álftaskörð. Ennfremur er kröfulínan dregin suðaustan við Smjörhnjúk, suðaustan við Moldarmúla, vestan við sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni og austan við Kúfusand, þó svo að ekki sé getið um þessi örnefni í kröfulýsingunni, og er kröfulínan því einnig að því leytinu til í samræmi við landamerkjabréfin.

Í landamerkjabréfunum er merkjunum lýst „ … suðaustan við Moldarmúla, vestan við sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni og í austurhornið á vatninu; … “. Gagnaðili íslenska ríkisins dregur þennan hluta kröfulínu sinnar um Tröllkonugil en það er suðaustan við Moldarmúla. Í texta kröfulýsingar gagnaðila íslenska ríkisins kemur aftur á móti ekki fram með hvaða hætti línan sé dregin frá Tröllkonugili í Háleiksvatn. Á kröfulínukorti sést þó að þessi hluti kröfulínu hans er dreginn eftir gildrögum norðan Háleiksvatns og vestan við sandhæðina norðaustur af því þar til

komið er að vatninu. Að mati óbyggðanefndar er þessi hluti kröfulínunnar því dreginn í samræmi við landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923, og landamerkjabréf Fjalllendis Álftaneshrepps, frá sama ári, og verður við úrlausn málsins miðað við að umræddur hluti austurmerkja ágreiningssvæðisins sé dreginn með þessum hætti.

Í landamerkjabréfunum er merkjunum lýst um „austurhornið“ á Háleiksvatni en kröfulínan er aftur á móti miðuð við „norðanvert“ Háleiksvatn. Hér er til þess að líta að í sumum öðrum heimildum sem liggja fyrir í málinu, og merkjum landsvæða er lýst, er orðið „norður“ notað til að lýsa stefnu til norðvesturs og orðið „suður“ að sama skapi til að lýsa stefnu til suðausturs, sem rennir stoðum undir að þar sem getið er um „austurhorn“ Háleiksvatns kunni að vera átt við stað við norðanvert vatnið. Hér er jafnframt til þess að líta að lögun Háleiksvatns er með þeim hætti að vart verður séð að við austanvert vatnið sé staður sem rökrétt sé að vísa til sem „austurhorns“ vatnsins, enda er austurbakki vatnsins nokkuð beinn en vatnið aftur á móti mjóst nyrst. Ennfremur er til þess að líta í þessu sambandi að norðurendi Háleiksvatns er vestan við sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni, en í landamerkjabréfunum er merkjalínan dregin vestan við umrædda hæð. Að teknu tilliti til þessara atriða er niðurstaða óbyggðanefndar sú að kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins sé að þessu leyti í samræmi við landamerkjabréfin.

Í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins er kröfulínan dregin um Þórarinsdalsá að Tröllkonugili. Umræddra kennileita er ekki getið í landamerkjabréfunum sem hér eru til skoðunar heldur er þessum hluta merkjalínunnar lýst þar svo: „ … hjá Þórarinsdal – nálægt Þrengslum Þórarinsdalsbotna, suðaustan við Moldarmúla, … “. Verður þó ekki annað séð en að kröfulínan fái einnig samræmst landamerkjabréfunum að þessu leyti því Tröllkonugil er sunnan við Moldarmúla og Þórarinsdalsá rennur m.a. austan við sama múla.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á austanverðu ágreiningssvæðinu sé í samræmi við landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923, sem og landamerkjabréf aðliggjandi landsvæða. Eftir stendur aftur á móti að bera þá afmörkun saman við þær eldri heimildir sem liggja fyrir í málinu.

Eins og áður er rakið er merkjum lýst svo í lögfestunni fyrir Hítardal, frá árinu 1697: „ … Einkum Lögfeste eg allan Dalinn Hýtardal, nordan af Biug og iafngegnt bádum fiallaendum I nedanverdum Dalnum Þar med allar Hlýdir fjallanna og afdali tveim meigin Svo Lángt sem Vötnum hallar ad ádurnefndum dal.“ Þá er merkjunum jafnframt lýst með sama hætti í fjölmörgum öðrum fyrirliggjandi heimildum, sem taldar eru upp í umfjöllun um norðurmerkin hér að framan og eru frá því undir lok 17. aldar og fram að miðri 19. öld. Lögfestan, frá árinu 1697, og aðrar þær heimildir þar sem merkjunum er lýst með sama hætti benda til að það landsvæði sem Hítardalskirkja kallaði til réttinda yfir á þeim tíma sem umræddar heimildir voru

gerðar hafi að austanverðu miðast við vatnaskil austan Hítardals og afdala hans, samanber t.d. orðalagið „ … Svo Lángt sem Vötnum hallar ad ádurnefndum dal“, í umræddri lögfestu, a.m.k. í neðanverðum dalnum, samanber t.d. orðalagið „I nedanverdum Dalnum“, í sömu heimild. Hvorki verður þó ráðið af lögfestunni né öðrum þeim heimildum þar sem merkjunum er lýst með sama hætti hvernig talið sé að *neðanverður* dalurinn afmarkist frá öðrum hlutum dalsins. Þá er ekki heldur fyrir að fara landfræðilegum skilum í dalnum sem leiði til afdráttarlausrar niðurstöðu þar að lútandi.

Þar sem merki þess lands sem Hítardalskirkja kallaði til réttinda yfir á þeim tíma sem umræddar heimildir voru gerðar miðuðust við vatnaskil austan Hítardals og afdala hans, a.m.k. í neðanverðum dalnum, aflaði óbyggðanefnd gagna frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskila umhverfis dalinn. Gögnin sýna að vatnasvið þeirra áa og lækja sem um ræðir ná jafnlangt eða lengra til austurs heldur en kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins að því leyti sem kröfulínan er dregin um Smjörhnjúk, tjörn í Mjóadalsdrögum, Tröllakirkju, Þrengsli og Tröllkonugil þangað til komið er upp á vatnaskil norðan við Háleiksvatn. Að því leyti sem vatnaskilin liggja vestar en upphaflegar kröfulínur málsaðila og upphafleg afmörkun svæðis 8B hjá óbyggðanefnd voru svæðismörkin og kröfulínur málsaðila færðar til samræmis við legu vatnaskilanna, eins og að framan greinir. Þegar komið er suður fyrir umræddan punkt á vatnaskilum norðan við Háleiksvatn liggja vatnaskilin aftur á móti vestar heldur en nemur kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins. Suðvestan við Hnjúkinn norðvestur af Háleiksvatni, sem er punktur nr. 3 á kröfulínu íslenska ríkisins, ná vatnaskilin raunar að hluta til inn á óumdeilt eignarland Hítardals. Frá því komið er suður á móts við botn Stefningsdals er lega vatnaskilanna aftur á móti í samræmi við kröfulínu íslenska ríkisins, sem fylgir vatnaskilunum svo áfram til suðurs um hæstu eggjar í Dagmálafjallshyrnu, sem er punktur nr. 4 á kröfulínu íslenska ríkisins. Milli Dagmálafjallshyrnu og Háheiðarkolls, sem er punktur nr. 5 á kröfulínu íslenska ríkisins, liggja vatnaskilin að hluta til austar heldur en kröfulína íslenska ríkisins. Á móts við þennan hluta ágreiningssvæðisins er óumdeilt eignarland Helgastaða. Þegar komið er suður fyrir Háheiðarkoll er lega vatnaskilanna fyrst í samræmi við kröfulínu íslenska ríkisins en þau liggja aftur á móti sunnar og vestar, og innan óumdeilds eignarlands Helgastaða, frá og með fjallinu vestan við Grjótárós.

Eins og áður segir miðast mörk Hítardals að austanverðu við vatnaskil samkvæmt þeim eldri heimildum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Að fengnum þeim gögnum sem hér var lýst um legu vatnaskilanna er ljóst að eldri heimildir mæla því í mót að suðaustasti hluti ágreiningssvæðisins hafi verið innan merkja Hítardals, nánar tiltekið sá hluti þess sem er suðaustan við vatnaskilin en þó norðvestan við kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins, eins og henni er lýst hér að framan. Samanburður á umræddum gögnum um legu vatnaskilanna og hinum eldri heimildum bendir jafnframt til þess að austasti hluti hins óumdeilda eignarlands

Hítardals, þ.e. sá hluti þess sem liggur næst punkti 3 á kröfulínu íslenska ríkisins, hafi verið utan merkja Hítardals og kunni þar með að hafa verið utan merkja jarða. Ekki verður þó fjallað um eignarréttarlega stöðu umrædds hluta hins óumdeilda eignarlands Hítardals í málinu, enda verður sú ályktun dregin af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerðum aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli.

Loks verða merki ágreiningssvæðisins að sunnanverðu tekin til skoðunar. Af hálfu íslenska ríkisins er kröfulínan að þessu leyti dregin svo:

> „Upphafspunktur er við sýslumörk Hnappadalssýslu og Mýrasýslu, frá Hítará undan miðju Valfelli (1) bein lína austur yfir dalinn og eftir gjánni sem er neðan Svörtutinda suðvestan Þorsteinstungudals (733m) (2); þaðan ráða hæstu brúnir Þorsteinstungudals að sunnan og í hæsta hnúkinn norðvestur af Háleiksvatni (3); þaðan ráða hæstu eggjar suðvestur í Dagmálafjallshyrnu (4). Úr Dagmálafjallshyrnu bein lína í Háheiðarkoll (5), úr Háheiðarkolli beina línu í Grjótárós (6). Þaðan bein lína yfir Grjótárdal fast við Grjótárvatn neðanvert (7), um Rauðhálsa og yfir í múlabrún hinumegin (8), þaðan ráða hæstu brúnir inní Álftaskörð (9).“

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er þessum sama hluta merkjanna lýst svo:

> Úr punkti í Hítará á móts við mitt Valfell (pt. 1) […] í vatnaskil í Álftaskörðum (pt. 16) Þaðan liggja merkin á móti Fjalllendi Ytri-Hraundals á vatnaskilum sunnan Álftaskarða (pt. 17) allt þar til komið er að vatnaskilum norðaustan Tindaborgar (pt. 18). Þaðan á móti Svarfhóli þangað sem Grjótá fellur úr Grjótárvatni (pt. 19) og þaðan á móti Helgastöðum beina línu í Háheiðarkoll (pt. 20) og þaðan beina línu í Dagmálafjallshyrnu (pt. 21). Þaðan á móti landi Hítardals á vatnaskilum á við Stefningardal í austanverða Svörtutindagjá (pt. 22) þaðan er gjánni fylgt í hana vestanverða (pt. 23) og þaðan beina línu að upphafspunkti.

Kröfulýsingar málsaðila eru samkvæmt þessu að einhverju leyti miðaðar við mismunandi kennileiti en eru þó dregnar með sama hætti á kort. Verður ekki annað séð en að fullt samræmi sé milli kröfulýsinga málsaðilanna að þessu leyti.

Í landamerkjabréfinu fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923, er merkjum að sunnanverðu lýst svo:

4. Móti Hítardal, Helgastöðum, Múlseli og Svarfhóli:

> Frá Hítará undan miðju Valfelli bein lína austur yfir dalinn og eftir gjánni sem er neðan Svörtutinda suðvestan Þorsteinstungudal (733 m) þaðan ráða hæðstu brúnir sunnan dalsins í hæðsta hnúkinn norðvestur af Háleiksvatni; þaðan ráða hæstu eggjar suðvestur í Dagmálafjallshyrnu. Úr Dagmálafjallshyrnu bein lína í Háheiðarkoll, þaðan bein lína yfir Grjótárdal fast við Grjótárvatn neðanvert, um Rauðhálsa og yfir í múlabrún hinumegin, þaðan ráða hæstu

> brúnir inní Álftaskörð. Ítök eiga á Grjótárdal: Múlaselslægju- blett í Ófærufló og Staðarhraun allar aðrar slægjur á Grjótárdal.

Þessi hluti landamerkjabréfsins er áritaður um samþykki vegna Staðarhrauns, Svarfhóls, Helgastaða og Hítardals.

Að vestanverðum suðurmerkjum ágreiningssvæðisins liggur óumdeilt eignarland Hítardals, nánar tiltekið að þeim hluta merkjanna sem liggur milli Hítarár og Dagmálafjallshyrnu. Í ódagsettu landamerkjabréfi Hítardals í Hraunhreppi, sem er frá júní 1923 og þinglýst 21. júní 1924, rétt eins og landamerkjabréfið fyrir ágreiningssvæðið, er þeim hluta merkja Hítardals sem liggur að ágreiningssvæðinu lýst svo:

> 1. Móti afrjettarlandi Hraunhrepps:
>
> Frá Hítará undan miðju Valfelli bein lína austur yfir dalinn og eftir gjánni sem er neðan Svörtutinda og úr henni sama lína í hæstu bungu suðvestan Þorsteinstungudal (733m); þaðan ráða hæstu brúnir dalsins (Þorst.t.dals) að sunnan og í hæsta hnúkinn norðvestur af Háleiksvatni; þaðan ráða hæstu eggjar suðvestur í Dagmálafjallshyrnu.

Landamerkjabréfið var m.a. áritað um samþykki fyrir hönd hreppsnefndar Hraunhrepps. Sú merkjalýsing landamerkjabréfs Hítardals sem hér var rakin er að nokkru leyti orðuð með öðrum hætti heldur en lýsing landamerkjabréfs afréttarlandsins á sömu merkjum. Merkin eru þó í báðum tilvikum dregin frá Hítará undan miðju Valfelli, um gjánna neðan við Svörtutinda, punkt í 733 m hæð suðvestan við Þorsteinstungudal, hæstu brúnir við Þorsteinstungudal, hæsta hnjúkinn norðvestur af Háleiksvatni og í Dagmálafjallshyrnu. Verður ekki annað séð en að samræmi sé milli þessara heimilda hvað varðar legu umræddra merkja, þó svo að þær séu að nokkru leyti orðaðar með mismunandi hætti. Afmörkun málsaðila á þessum hluta suðurmerkja ágreiningssvæðisins er jafnframt í samræmi við landamerkjabréfin, enda eru þær miðaðar við merkjalýsingu landamerkjabréfs afréttarlands Hraunhrepps, frá árinu 1923.

Suðaustan við hið óumdeilda eignarland Hítardals er land Helgastaða, en hluti af því landi tilheyrði áður Múlaseli. Helgastaðir voru áður ein af jörðum Hítardalskirkju. Hvað það varðar kemur m.a. fram í lögfestunni fyrir Hítardal, frá árinu 1699, að áðurgreind merkjalýsing sem fram kemur í lögfestunni taki sameiginlega til Hróbjargarstaða, Valla og Helgastaða auk Hítardals. Ekki fannst landamerkjabréf fyrir Helgastaði við kerfisbundna leit óbyggðanefndar og Þjóðskjalasafns Íslands vegna málsins. Aftur á móti liggur fyrir útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu af skjali dagsettu 1. ágúst 1885 og þinglýstu 5. júlí 1886, sem ber yfirskriftina „Landamerki Hítardals“, þar sem merkjum milli Hítardals og Helgastaða er lýst. Útskriftin mun hafa fylgt uppkasti að afsalsbréfi ráðherra Íslands vegna Helgastaða, dagsettu 17. maí 1921. Í henni segir fyrst um landamerki Hítardals gagnvart Helgastöðum:

N° 79.

Landamerki Hítardals

. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .

2. Að austanverðu í Hítardal liggur landeign Hítardalskirkjujarðarinnar Helgastaða og eru landamerki Hítardals móts við Helgastaði þessi: úr Dagmálafjallsbrún í stein með + klöppuðum á, sem stendur á vestari brún Sljettaskarðs, þaðan sjónhending í ytri vörðuna á Skútás (með +) þaðan sjónhending í lítinn klettstapa (með +) fyrir norðan stekkjargilið, þaðan beint yfir tunguna, þar sem Sandalækurinn kemur í Fljótalækinn; þaðan beint yfir hraunið í Stórhól; úr miðjum Stórhól í miðjan Grjóthól við Stigaveg, því næst ræður Stigavegur suður í Tálma.

. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .

Landamerki Helgastaða

1. Að norðan og austan þau sem áður eru talin að sjeu merki móts við Hítardal.

[…]

3. Að austan ráða fjallabrúnir að vestan frá Grjótárdal talið.

Jónas Guðmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið, þann 1. ágúst 1885, að Staðarhrauni. Í því sambandi skal þess getið að Hítardalssókn var sameinuð Staðarhraunssókn árið 1875. Jónas mun hafa verið prestur í Hítardal en orðið prestur að Staðarhrauni í kjölfar sameiningarinnar.

Auk þess sem sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar, hvað afmörkun varðar, liggur að landi Helgastaða þá liggur jafnframt hið óumdeilda eignarland Hítardals að landi Helgastaða að norðvestanverðu.

Sú lýsing á merkjum milli Hítardals og Helgastaða sem hér var rakin, og kemur fram í útskriftinni úr landamerkjabók Mýrasýslu, varðar að hluta til merkin milli hinna óumdeildu eignarlanda Hítardals og Helgastaða og að hluta til merkin milli Helgastaða og ágreiningssvæðisins. Merkjum milli Hítardals og Helgastaða er lýst úr Dagmálafjallsbrún en Dagmálafjallshyrna er nyrsti punktur í merkjum Helgastaða eins og þeim er lýst af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins í málinu. Þaðan eru merkin milli hinna óumdeildu eignarlanda dregin með nokkuð öðrum hætti en byggt er á af hálfu gagnaðilans. Þar sem um er að ræða merki milli óumdeildra eignarlanda skiptir sá mismunur hins vegar ekki máli við úrlausn málsins.

Þess er aftur á móti getið í umræddri heimild að „fjallabrúnir að vestan frá Grjótárdal talið“ ráði merkjum Helgastaða „að [a]ustan“, en þetta kemur fram eftir að lokið hefur verið við að lýsa merkjunum milli Helgastaða og Hítardals í heimildinni. Að mati óbyggðanefndar er líklegt að með orðunum að [a]ustan“ í heimildinni sé m.a. átt við norðausturmerki Helgastaða. Er sú ályktun dregin af samhengi merkjalýsinga landamerkjabréfsins og legu lands Helgastaða gagnvart ágreiningssvæðinu en í þessu

sambandi vísast einnig til þess sem að framan segir um notkun hugtaka um áttir í sumum heimildum sem liggja fyrir í málinu, í umfjöllun um „austurhorn“ Háleiksvatns hér að framan. Á mörkum Helgastaða gagnvart ágreiningssvæðinu eru m.a. Dagmálafjall og Háheiðarkollur, sem standa norðvestan Grjótárdals, og á mörkum ágreiningssvæðisins. Umrædd lýsing á merkjum Hítardals og Helgastaða, sem fram kemur í útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu af landamerkjabréfi, frá árinu 1885, er því í samræmi við landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923, og afmörkun málsaðila á þessum hluta ágreiningssvæðisins. Þar sem umræddur hluti merkjalýsingarinnar virðist ekki varða merki gagnvart landi Hítardals verður þó að mati óbyggðanefndar að líta svo á að merkjalýsingin mæli því í mót að land Hítardals hafi náð allt suður að umræddum hluta merkja ágreiningssvæðisins á þeim tíma þegar umrædd landamerkjalýsing var skráð.

Hluti af því landi sem nú tilheyrir Helgastöðum tilheyrði áður Múlaseli, nánar tiltekið suðaustanverður hluti þess svæðis. Í ódagsettu landamerkjabréfi Múlasels, sem er frá júlí 1923 og þinglýst 21. júní 1924, er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo:

> 2. Móti afrjettarlandi Hraunhrepps:
>
> Úr Háheiðarkolli bein lína í Grjótásós, þar sem áin hefir upptök úr vatninu.

Landamerkjabréfið var m.a. áritað um samþykki vegna afréttarlandsins. Kröfulýsingar málsaðila eru í fullu samræmi við landamerkjabréf Múlasels, þar sem kröfur þeirra miðast við línu sem dregin er milli Háheiðarkolls og Grjótáróss.

Múlasel mun hafa verið byggt út úr landi Staðarhrauns. Er því ástæða til að skoða heimildir um merki Staðarhrauns í þessu sambandi. Að því er fram kemur í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*[673], frá árinu 1709, mun Múlasel hafa verið byggt í heimalandi staðarins 15 árum fyrir ritun hennar. Í vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar fyrir Staðarhraunskirkju, frá 1. september 1658, er merkjum milli Staðarhrauns og Hítardals lýst. Þeim hluta merkjanna sem liggur næst ágreiningssvæðinu er lýst svo:

> […] I Þann störa Stein sem Stendur ä hlödum I ofanverdum hrisdal sem menn nu kalla Hettudal vr Steinenum rædur Siönhendjng I Häheyde vr häheyde räda hædstu fiallz eggiar framm effter ä millum Hitardals og griötärdals hvorn ad Stadarhraun ä.

Svo virðist sem með þessari merkjalýsingu sé verið að lýsa merkjum milli umræddra jarða norður fyrir Háheiðarkoll um hæstu fjallseggjar milli Hítardals og Grjótárdals og að gert sé ráð fyrir að það svæði sem liggur suðaustan að umræddri línu tilheyri Staðarhrauni. Þessi lýsing markalínunnar er í samræmi við afmörkun málsaðila á merkjum milli annars vegar ágreiningssvæðins og hins vegar óumdeildra

---

673 Hér eftir er vísað til þessarar heimildar sem *Jarðabókar* Árna og Páls, auk þess sem getið er þess ártals sem viðkomandi hluti *Jarðabókarinnar* var ritaður.

eignarlanda Hítardals og Helgastaða, að því leyti sem sú afmörkun fylgir vatnaskilum norðaustan Grjótárdals í Háheiðarkoll. Bendir merkjalýsingin til þess að sá hluti ágreiningssvæðisins sem liggur næstur umræddri línu kunni að hafa tilheyrt Staðarhrauni á þeim tíma sem um ræðir en nánar verður fjallað um það atriði í umfjöllun um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins hér á eftir. Í málinu liggja ekki fyrir fleiri heimildir um merki Staðarhrauns sem geti haft þýðingu við skoðun á þessum hluta merkjanna.

Austan við þann hluta lands Helgastaða sem áður tilheyrði Múlaseli er land Svarfhóls, sem jafnframt liggur að sunnanverðu ágreiningssvæðinu. Í landamerkjabréfi Svarfhóls, dagsettu 8. desember 1883 og þinglýstu 3. júlí 1884, er lýst merkjum gagnvart Ytri-Hraundal, Múlaseli, Staðarhrauni og Mel en ekki gagnvart ágreiningssvæðinu. Þeim hluta vesturmerkja Svarfhóls sem liggur næst ágreiningssvæðinu er aftur á móti lýst svo í landamerkjabréfinu:

> 2. Milli Svarfhóls og Múlasels. Grjótá skiftir löndum frá Grjótárvatni og niður að svonefndum Brúarklettum.

Landamerkjabréfið er m.a. áritað um samþykki vegna Múlasels en ekki vegna ágreiningssvæðisins. Þá er þeim hluta austurmerkja Svarfhóls sem liggur næst ágreiningssvæðinu lýst svo:

> 1. Milli Svarfhóls og Ytrihraundals: Í fyrstu ræður stór þúfa, sem á framanverðum Svarfhólsmúla eða á bjarginu stendur og á fjallið upp úr sagðri þúfu, sjónhending í þann Múla, sem í norður veit og kallaður er Mýrdalsmúli, […].

Landamerkjabréfið er áritað um samþykki vegna Ytri-Hraundals, en Fjalllendi Ytri-Hraundals liggur að landi Svarfhóls að austanverðu.

Heimildir benda til þess að Svarfhóll hafi áður verið ein af jörðum Hítardalskirkju. Í lögfestu Hítardals, frá árinu 1699, er eins og áður segir lýst sameiginlega og án aðgreiningar merkjum Hítardals og jarðanna Hróbjargarstaða, Valla og Helgastaða, sem einnig heyrðu undir kirkjuna. Í sömu lögfestu er jafnframt lögfest jörðin Svarfhóll, sem þar er sögð vera „Hýtardals kyrkiu eign“. Í lögfestunni er þeim hluta merkja Svarfhóls sem hér skiptir máli lýst svo:

> […]I fyrstu skal ráda sú stóra Þúfa sem á framanverðum Svarfholsmula - edur biarginu – stendur, og á fjall upp, úr sagdri þúfu í þann Múla sem í nordur veit, og kalladur er Mýrdalsmúli. En þad nedra undan Fiallinu sjónhending úr fyrrnefndri Þúfu í þann krínglótta mel, sem er í Mýrinni, og Sjónhendíng úr Melnum í Læk þann, sem kalladur er Landamerkjalækur, þar hann sig samantekur úr Mýrinni austan til vid Svarfhólsmela, […].

Eins og áður segir er kröfulína íslenska ríkisins að þessu leyti dregin „ … í Grjótárós (6). Þaðan bein lína yfir Grjótárdal fast við Grjótárvatn neðanvert (7), um Rauðhálsa og yfir í múlabrún hinumegin (8), … “. Þá er kröfulína gagnaðila íslenska

ríkisins að þessu leyti dregin: „ … að vatnaskilum norðaustan Tindaborgar (pt. 18). Þaðan á móti Svarfhóli þangað sem Grjótá fellur úr Grjótárvatni (pt. 19) … “. Samræmi er milli kröfulína málsaðila að þessu leyti, enda staðsetur gagnaðili íslenska ríkisins „vatnaskil norðaustan Tindaborgar (pt. 18)“ með sama hætti og íslenska ríkið staðsetur „múlabrún hinumegin (8)“ og gagnaðili íslenska ríkisins staðsetur staðinn þar sem Grjótá fellur úr Grjótárvatni með sama hætti og íslenska ríkið staðsetur „Grjótárdal fast við Grjótárvatn neðanvert (7)“. Kröfulínurnar eru í samræmi við landamerkjabréf Svarfhóls að því leyti að miðað er við Grjótárós. Nyrsti punkturinn sem nefndur er í lýsingu á austurmerkjum Svarfhóls, gagnvart Ytri-Hraundal, í landamerkjabréfinu er aftur á móti Mýrdalsmúli en hann er nokkru sunnar en suðurmerki ágreiningssvæðisins samkvæmt kröfulýsingum málsaðila. Mýrdalsmúli er jafnframt nyrsti punkturinn sem getið er um í lýsingu á merkjum milli Svarfhóls og Ytri-Hraundals í lögfestu Hítardals, frá árinu 1699. Nánar verður vikið að þessu ósamræmi í umfjöllun um merki ágreiningssvæðisins gagnvart Ytri-Hraundal, hér á eftir.

Austan við land Svarfhóls, og aðliggjandi austasta hluta suðurmarka ágreiningssvæðisins, er Fjalllendi Ytri-Hraundals. Í ódagsettu landamerkjabréfi Ytri-Hraundals, frá því í september 1883 og þinglýstu 3. júlí 1889, er þeim hluta merkja jarðarinnar sem liggur næst ágreiningssvæðinu lýst svo:

> 1. Millum Hraundals og Svarfhóls frá Álftaskörðum, eftir brúnum, ofan á miðjum mýrhnúk af honum sjónhending í Landamerkjagil, á múlabrúninni.

Landamerkjabréfið hefur hvorki að geyma áritun vegna Svarfhóls né afréttarlandsins. Sá hluti kröfulínu íslenska ríkisins sem hér um ræðir er sem fyrr segir dreginn svo: „ … um Rauðhálsa og yfir í múlabrún hinumegin (8), þaðan ráða hæstu brúnir inní Álftaskörð (9).“ Þá er kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins að þessu leyti dregin svo: „ … í vatnaskil í Álftaskörðum (pt. 16) Þaðan liggja merkin á móti Fjalllendi Ytri-Hraundals á vatnaskilum sunnan Álftaskarða (pt. 17) allt þar til komið er að vatnaskilum norðaustan Tindaborgar (pt. 18).“ Kröfulínur beggja málsaðila eru dregnar með sama hætti að þessu leyti og í báðum tilvikum virðist vera miðað við vatnaskil. Orðalagið „eftir brúnum“ í tilvitnuðum texta í landamerkjabréfi Ytri-Hraundals, frá árinu 1883, verður jafnframt að mati óbyggðanefndar helst túlkað á þann veg að þar sé miðað við hæstu brúnir fjallanna, þ.e. vatnaskil. Verður því ekki annað séð en að samræmi sé milli kröfulýsinga málsaðila og landamerkjabréfsins að þessu leyti. Aftur á móti virðist vera gert ráð fyrir því í landamerkjabréfinu að norðan við umræddan hluta merkjanna sé land Svarfhóls en ekki Hítardals, eða eftir atvikum afréttar Hraunhrepps, samanber orðalagið „Millum Hraundals og Svarfhóls … “. Í því sambandi er þó til þess að líta að framangreint landamerkjabréf Svarfhóls, frá árinu 1883, bendir ekki til að land þeirrar jarðar hafi náð svona langt til norðausturs, heldur þvert á móti skemur til norðurs heldur en að mörkum ágreiningssvæðisins, samanber umfjöllun um umrætt landamerkjabréf Svarfhóls hér að framan. Þá er til þess að líta í

þessu sambandi að landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923, er áritað um samþykki vegna Svarfhóls en merkjalýsing þess er að þessu leyti í samræmi við kröfulýsingar málsaðila. Ennfremur skal áréttað í þessu sambandi að ekki hafa komið fram í málinu kröfur til ágreiningssvæðisins af hálfu eigenda Svarfhóls. Að öllu því virtu sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að afmörkun málsaðila á suðaustanverðu ágreiningssvæðinu gagnvart Svarfhól og Fjalllendi Ytri-Hraundals sé í samræmi við landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923. Þá fá landamerkjabréf Svarfhóls, frá árinu 1883, og Ytri-Hraundals, einnig frá árinu 1883, ekki breytt þeirri niðurstöðu að afréttarland Hraunhrepps hafi náð a.m.k. svo langt til suðurs. Það hvort land Svarfhóls nái eftir atvikum skemur til norðausturs en að mörkum ágreiningssvæðisins kemur aftur á móti ekki til frekari skoðunar í málinu, enda verður sú ályktun dregin af dómum Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerðum aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og verði að leysa úr málum á þeim grundvelli.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða óbyggðanefndar sú að afmörkun málsaðila á suðurmerkjum ágreiningssvæðisins sé í samræmi við landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923, og landamerkjabréf þeirra jarða sem liggja sunnan ágreiningssvæðisins mæla því ekki í mót að afréttarland Hraunhrepps nái a.m.k. svo langt til suðurs. Niðurstaða óbyggðanefndar er aftur á móti sú að þær eldri heimildir sem liggja fyrir um afmörkun Hítardals, þ.e. lögfestan fyrir Hítardal, frá árinu 1697, og aðrar þær heimildir sem eru samhljóða henni hvað merkin varðar, og gerð er grein fyrir hér að framan, mæli því í mót að land Hítardals hafi náð svo langt til suðausturs. Er sú niðurstaða einkum leidd af samanburði umræddra heimilda við fyrirliggjandi gögn um vatnaskil suðaustan Hítardals og afdala hans, eins og nánar er rakið í umfjöllun um austurmerki ágreiningssvæðisins hér að framan. Þar er jafnframt að finna nánari umfjöllun um hversu langt til suðausturs land Hítardals náði samkvæmt hinum eldri heimildum.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á Fjalllendi Hraunhrepps sé að fullu í samræmi við landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923. Sú afmörkun er einnig í fullu samræmi við við legu kröfulínu íslenska ríkisins, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem gerðar voru á mörkum svæðis 8B og kröfulínum málsaðila undir rekstri málsins og rakið er hér að framan, og að því marki sem svæðið er afmarkað í kröfum þess en eins og áður segir taka kröfur íslenska ríkisins sameiginlega og án aðgreiningar til ágreiningssvæðisins og svæðanna austan þess. Eldri heimildir um Hítardalskirkju mæla því aftur á móti í mót að ágreiningssvæðið hafi allt verið innan marka Hítardals áður en Fjalllendi Hítardals var selt til Hraunhrepps með afsali

ráðherra Íslands, dagsettu 27. júní 1919. Nánar tiltekið styðja eldri heimildirnar að sá hluti ágreiningssvæðisins sem er norðvestan vatnaskilanna suðaustan Hítardals og afdala hans hafi verið innan marka jarðarinnar Hítardals. Umræddar eldri heimildir mæla því aftur á móti í mót að sá hluti ágreiningssvæðisins sem er suðaustan við sömu vatnaskil hafi verið innan marka jarðarinnar. Vísitasía Staðarhraunskirkju frá árinu 1658 bendir til þess að sá hluti ágreiningssvæðisins sem er samkvæmt framansögðu utan marka hinna eldri heimilda um Hítardal kunni, a.m.k. að einhverju leyti, að hafa verið innan merkja Staðarhrauns. Nánar verður fjallað um það síðar. Um eignarréttarlega þýðingu þessa mismunar verður fjallað hér á eftir en eftirfarandi umfjöllun um eignarréttarlega stöðu svæðisins tekur mið af þessari tvískiptingu þess.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í *Landnámu* segir að Þórhaddur, sonur Steins mjöksiglanda Vígbjóðssonar, Böðmóðssonar úr búlkarúmi, hafi numið Hítardal ofan til Grjótár fyrir sunnan og fyrir norðan allt milli Hvítár og Kaldár til sjávar. Af þessari frásögn verður ráðið að ágreiningssvæðið hafi a.m.k. að hluta til verið numið og staðhættir og fjarlægðir mæla því heldur ekki í mót, að mati óbyggðanefndar, að svo hafi verið. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil, að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, samanber umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.*

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar,* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004. Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem

fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Að teknu tilliti til þeirrar tvískiptingar svæðisins sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan þykir rétt að fjalla um það í tvennu lagi í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir. Fyrst verður fjallað um norðvestanvert ágreiningssvæðið, þ.e. þann hluta þess sem er norðan og vestan við vatnaskilin suðaustan Hítardals og afdala hans. Að því búnu verður fjallað um þann hluta ágreiningssvæðisins sem er suðaustan sömu línu.

#### 6.3.3.1 Land norðan og vestan vatnaskila suðaustan Hítardals

Elsta heimild þar sem getið er um landareignir Hítardalskirkju er ódagsettur máldagi kirkjunnar frá árinu 1354. Þar er þess getið að hún eigi „heimalannd allt med gognnum oc giædum“, auk þess sem getið er um fleiri landareignir og ítök í eigu kirkjunnar, þ.á m. „afreit j Lanngavatnnsdal“. Ekki kemur þó fram hvernig heimalandið afmarkist eða hvort ágreiningssvæðið teljist vera hluti af landi kirkjunnar. Hið sama er að segja um það sem fram kemur um Hítardalskirkju í Vilchinsmáldaga frá árinu 1397, máldaga Gísla biskups Jónssonar, frá því um 1570 og vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar fyrir Hítardal, frá 19. september 1642. Jafnframt er getið um heimaland og ítök Hítardalskirkju í vísitasíu Þórðar biskups Þorlákssonar fyrir Hítardal, frá 20. september 1676, án þess að mörkum heimalandsins sé lýst.

Elsta heimild sem telja má ótvírætt að taki til þess hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar er aftur á móti hin ódagsetta lögfesta Jóns Halldórssonar fyrir Hítardal, frá árinu 1697, sem fjallað er um hér að framan í umfjöllun um merki ágreiningssvæðisins. Þar segir:

> Eg Jon Halldórsson Lögfeste hér j dag minn Veitingar Stad Hýtardals stad, med allre Sinni Heimalands eign og giædum, Selförum og Itökum, nefnelega, gelldfiár afrett á LangaVatsdal, lietorfnaskurd I Hofstada landi a x hesta, Laxveydi ad Helfninge j Haffjardará, öllum reka á Vigdysarstödum, hálfum á Gömlu Eyre, og ollum reka fyrir öllum Hýtardal[s] kyrkju jördum eftir Visitatiu bók Hra Gysla Jónssonar Einkum Lögfeste eg allan Dalinn Hýtardal, nordan af Biug og iafngegnt bádum fiallaendum I nedanverdum Dalnum Þar med allar Hlýdir fjallanna og afdali tveim meigin Svo Lángt sem Vötnum hallar ad ádurnefndum dal. [...].

Að mati óbyggðanefndar verður ekki annað ráðið af lögfestunni en að sú merkjalýsing sem fram kemur síðast í tilvitnuðum texta eigi í heild sinni við um land jarðar eða jarða Hítardalskirkju fremur en að þar sé að hluta til verið að lýsa mörkum takmarkaðra réttinda eða ítaka sem tilheyri jörðinni. Til marks um það er m.a. að í lögfestunni eru jafnframt sérstaklega tilgreind ítök utan umræddra marka. Í þessu sambandi skal tekið fram að ekki verður ráðið af umræddri heimild hvort tilvitnuð merkjalýsing sem þar kemur fram eigi eingöngu við um jörðina Hítardal eða hvort hún taki sameiginlega til Hítardals og annarra jarða sem Hítardalskirkja kallaði til eignarréttar yfir. Vísbendingu þar að lútandi er þó að finna í ódagsettri lögfestu Jóns Halldórssonar sem lesin var á manntalsþingi á Lækjarbug 19. apríl 1699. Í yfirskrift lögfestunnar kemur fram að hún sé fyrir „Hýtardal, Hróbjargarstöðum, Helgastöðum, Völlum, Haga, Svarfhóli og Hvalseyum hálfum". Þá er merkjum lýst með sama hætti og í lögfestunni frá árinu 1697 og á eftir umræddri merkjalýsingu segir: „(Innan hvörra Takmarka ad eru eirninn tilteknar Landaeignir Hróbjargastada, Vallna og Helgastada Hÿtardals kyrkjujarda)." Bendir þetta til þess að litið hafi verið svo á að merkjalýsingin tæki sameiginlega og án aðgreiningar til lands Hítardals og annarra jarða í eigu Hítardalskirkju sem hafi legið saman. Þetta sama á jafnframt við um fleiri fyrirliggjandi lögfestur fyrir Hítardalskirkju, frá 18. öld. Við úrlausn málsins skiptir einkum máli hvort ágreiningssvæðið hafi verið hluti af jörð eða jörðum frá öndverðu. Í því sambandi skiptir aftur á móti ekki meginmáli hvort svæðið hafi fremur verið hluti af jörðinni Hítardal eða hvort það eða einstakir hlutar þess hafi eftir atvikum tilheyrt öðrum jörðum sem tilheyrðu Hítardalskirkju.

Í flestum öðrum heimildum sem liggja fyrir þar sem merkjum Hítardals er lýst, og raktar voru hér að framan, er merkjum Hítardals lýst með sama hætti og í umræddum lögfestum, frá árunum 1697 og 1699. Á það við um lögfestuna fyrir Hítardal o.fl., frá árinu 1710; lögfestuna fyrir Hítardal, frá árinu 1712; lögfestuna fyrir Hítardal o.fl., frá árinu 1731; lögfestuna fyrir Hítardal o.fl. frá árinu 1733; lögfestuna fyrir Hítardal, frá árinu 1776; lögfestuna fyrir Hítardal, frá árinu 1782; lögfestuna fyrir Hítardal, frá árinu 1790; beiðni bóndans í Hítardal um úrskurð stiftamtsmanns um réttartolla, frá árinu 1795, þar sem vísað er í „[þ]ær mörgu elldre og yngre Lögfestur fyrer Hytardal"; sáttarboð séra Björns Benediktssonar til bænda í Hraunhreppi, frá árinu 1795, varðandi afrétt og upprekstrartoll, þar sem vísað er í lögfestu sem lesin hafi verið upp á manntalsþingi á Lækjarbug, þann 11. apríl sama ár; lögfestu fyrir Hítardal o.fl., frá árinu 1797; tvær lögfestur fyrir Hítardal o.fl., frá árinu 1832; eignalýsingu Hítardalskirkju og staðar, frá árinu 1842, þar sem vísað er til máldaga og vísitasía varðandi merkin; og loks lögfestu fyrir Hítardal o.fl., frá árinu 1849. Í lögfestunum frá árunum 1795 og 1797 er raunar tekið fram að merkjalýsingin eigi við um „allt Hytardals Stadar Heimaland", sem styrkir enn frekar framangreinda ályktun um að merkjalýsingin taki í heild sinni til jarðar eða jarða Hítardals fremur en að hluti hennar taki til merkja annarra og takmarkaðri réttinda sem tilheyri jörðinni.

Fyrir liggja allmargar heimildir, frá því undir lok 17. aldar og síðar, þar sem fram kemur að eigendur eða ábúendur annarra jarða í Hraunhreppi hafi nýtt Fjalllendi Hítardals til sumarbeitar fyrir búfé og jafnframt að sú nýting hafi verið háð leyfi umráðamanns Hítardals og að upprekstartollar hafi verið greiddir til hans vegna þessa. Heimildir benda þó til þess að þessi nýting hafi oft farið fram án leyfis og að deilur hafi staðið um hana, sérstaklega undir lok 18. aldar. Benda sumar heimildirnar raunar til þess að yfirráð Hítardalskirkju yfir svæðinu hafi a.m.k. um tíma verið véfengd af sumum bændum í hreppnum. Um þetta vitna margar lögfestur sem liggja fyrir, sem og önnur fyrirliggjandi gögn, en deilu um réttartolla vegna nýtingar svæðisins var m.a. skotið til stiftamtmanns, sem kvað upp úrskurð þar að lútandi árið 1795. Jafnframt liggja fyrir heimildir um annars konar konar afnot af ágreiningssvæðinu. Þá mun bærinn Hólmur til forna hafa staðið innan ágreiningssvæðisins, og býlið Tjaldbrekka hafi staðið við jaðar þess á 19. öld. Verður nú vikið nánar að fyrirliggjandi heimildum um þessi atriði.

Í lögfestu séra Jóns Halldórssonar fyrir Hítardal, frá árinu 1697, segir m.a.: „…fyrerbyd eg hverjum manne hedan af i ad Vinna edur Sier ad nýta, beyta edur brúka med olöglegum gelldpeninga upprekstrum I Hytardals kyrkiu land nema mitt sie lof edur Leyfe til ad vitni frömra manna er ord min heyra.“ Þá segir í lögfestunni frá árinu 1699: „ … fyrirbýd eg hvórjum manni hédan af í ad vinna, edur sér ad nýta, hvórt helldur vera kann med ólögligum gjelldnauta, gjeldfjár edur Lambaupprekstrum í optnefndri Hýtardals kyrkju Landseign, … “. Bann við leyfislausum upprekstri í land Hítardals er jafnframt að finna í lögfestunni fyrir Hítardal frá árinu 1710.

Í umfjöllun um jörðina Mel í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, segir eftirfarandi: „Upprekstur á Grjótárdal fyrir góðvilja í Staðarhraunsland, en til Hítardals geldur ábúandi v fiska virði fyrir átroðníng síns fjár um rjettartímann, … “. Þá segir eftirfarandi í umfjöllun um Álftá í sömu heimild: „Afrjett brúkar jörðin frí á Hítardalsfjöll og geldur rjettartoll ut supra.“ Í umfjöllun um Hrafnkelsstaði segir: „Upprekstur brúkar jörðin ýmist á Hítardalsfjöll eður Lángavatnsmúla tollfrí, en gjalda rjettartoll til Hraundals eður Hítardals ut supra. Þá segir um Hamra: „Upprekstur á Hítardalsfjöll frí, en gjalda þó rjettartoll ut supra.“ Um Ánastaði segir: „Upprekstur á Hítardalsfjöll ut supra.“ Um Hundastapa (Andarstapa) segir: „Upprekstur ut supra á Hítardalsfjöll.“ Ennfremur segir um afréttarmál í Hraunhreppi í *Jarðabókinni*:

> Iterum nota Nota [önnur athugasemd]. Yfir alla þessa sveit, Hraunhrepp, að hún á öngvan afrjett. En um lángan tíma hefur sveitin öll rekið geldfje sitt á sumur í Staðarhraunsland og Hítardalsland, gengur so fjeð á sumur í högum, meir Hítardals en Staðarhrauns. Fáir biðja leyfis, hinir reka í ofdirfð eður óþakklæti, so sem venja er ákomin, gánga síðan að fjársafni sínu og rjetta í Hítardalslandi, gjalda þá sumir staðarhaldaranum að Hítardal lambsfóður eður fjórðúngsvirði í rjettartolls nafni, en margir alls ekki; en til Staðarhrauns fáir

> eður öngvir. Líða þó staðirnir báðir og jörðin Helgastaðir af þessu geldfje og fjallgöngumönnum merkilegan og skaðvænan átroðníng.

Af því sem fram kemur í *Jarðabókinni* má ráða að land sem tilheyrði Hítardal hafi verið nýtt til upprekstrar af hálfu eigenda og ábúenda annarra jarða í Hraunhreppi og að umráðamanni Hítardals hafi stundum verið greitt fyrir þá nýtingu. Nýtingin hafi verið háð leyfi umráðamannsins en flestir þó rekið á landið í leyfisleysi.

Í umfjöllun um Hítardal í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, segir meðal annars:

> Silúngsveiðiðvon í Hítarvatni, Hítará og smálækjum er ekki örvænt, en brúkast lítt og ei að gagni.
>
> Eggversvon af svartbak í Hraunskerjum í Hítarvatni meinast vera, brúkast ei fyrir fjarska og erfiðis sakir.
>
> [...]
>
> Afrjett á Lángavatnsdal fyrir alt sitt geldfje.
>
> [...]
>
> Hólmur, fornt eyðiból í staðarins landi. Þar eru sýnileg byggíngarmerki, og á þeim brúkar staðarhaldarinn venjulega selstöðu, og þótt túnstæði sje mjög spilt, mætti hjer aftur byggja, þó því eins að heimastaðurinn nyti nokkurs hluta landsins eður hefði þar selstöðu, sem heitir Þórarinsdalur, og mjög erfið fyrir fjarska sakir við heimastaðinn.

Hítarvatn er á norðvesturmörkum ágreiningssvæðisins, sem og nyrsti hlutinn af Hítará. Af þessari frásögn verður ráðið að veiðiréttindi í vatninu og ánni hafi tilheyrt jörðinni Hítardal, sem og eggjatekja á skerjum í vatninu, þó svo að umrædd hlunnindi hafi lítið eða ekkert verið nýtt á þeim tíma þegar *Jarðabókin* var rituð. Þá verður ekki annað ráðið af frásögninni en að verið sé að lýsa réttindum sem séu innan marka jarðarinnar. Þeim hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar er ekki getið sem afréttar í umræddri heimild en aftur á móti kemur fram að jörðin eigi afrétt á Langavatnsdal, eins og raunar kemur einnig fram í mörgum af þeim máldögum, vísitasíum og lögfestum sem fjallað hefur verið um hér að framan.

*Jarðabókin* er elsta heimild þar sem bæjarins Hólms er getið, að frátaldri Bjarnar sögu Hítdælakappa þar sem fram kemur að Björn hafi búið í Hólmi. Hólmur mun hafa staðið innan ágreiningssvæðisins, suðvestan við Hítarvatn. Bendir frásögnin til þess að bæjarstæði Hólms hafi verið innan marka jarðarinnar Hítardals, samanber orðalagið: „fornt eyðiból í staðarins landi“. Þá segir eftirfarandi í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, sem fjallar um ferð þeirra um landið á árunum 1752–1757: „Hólmur er lítið rautt fjall, sem rís upp í miðjum Hítardal. Í kringum fjallsræturnar eru fagrar engjar. Þar stóð í fornöld samnefndur bær.“ Ekki liggur fyrir hvenær möguleg byggð á Hólmi hafi hafist og ekki heldur hvenær hún hafi lagst af.

Með bréfi dagsettu 8. júní 1795 óskaði séra Halldór Finnsson, prófastur í Hítardal, eftir úrskurði Stiftamtmanns um réttartolla. Í bréfinu kemur fram að það sé „gömul og Lögleg Venia, ad Búfaster Menn í Hraunhrepp hafe Arlega haft upprekstur, bæde fyrer Lömb sín og eldra Géldfie, híngad á Hytardals fiall, […]og golded so Réttartoll … “. Í sáttarboði séra Björns Benediktssonar til bænda í Hraunhreppi, dagsettu 16. september sama ár, kemur fram að á manntalsþingi á Lækjarbug þann 11. apríl sama ár hafi verið upplesin lögfesta, dagsett 8. sama mánaðar, þar sem merkjum hafi verið lýst á þann hátt sem að framan greinir og bann verið lagt við leyfislausri notkun lands innan umræddra merkja. Síðan segir: „Enn under eins var avísad ad soddann Leife feinge ej utan þeir sem betala átrodníng, og hagbeit síns Peníngs, sem í þessu lande gánge, um Sumartímann; og seinast eru Lagdar vid frekustu Lagasekter, ef giört være á móte þessare Lögfestu.“ Þá er vísað í skrif tiltekinna bænda, dagsett 4. apríl sama ár, en um þau segir m.a.: „Enn under eins var avísad ad soddann Leife feinge ej utan þeir sem betala átrodníng, og hagbeit síns Peníngs, sem í þessu lande gánge, um Sumartímann; og seinast eru Lagdar vid frekustu Lagasekter, ef giört være á móte þessare Lögfestu.“ Fólst sáttarboðið m.a. í því að umræddir bændur myndu „ … Skriflega lofa so vel nú sem framveiges, tregdlaust betala afrettar og Rettartoll híngad til Hytardals efter sem bæde áminnst Hra Prófastsinns Skrif og Hra Syslumannsins úrskurdur, … “. Síðastnefndur úrskurður mun vera úrskurður sýslumanns, frá 15. september 1790, vegna deilu um upprekstur á svæðið, en vísað er til hans á öðrum stað í sama sáttarboði. Úrskurðurinn hefur ekki fundist við hina kerfisbundnu gagnaleit óbyggðanefndar og Þjóðskjalasafns Íslands vegna málsins og ekki heldur tilvitnuð lögfesta frá 11. apríl 1795. Nokkrir bændur undirrituðu sáttarboðið um samþykki sitt. Ólafur Stephensen, stiftamtmaður, kvað upp úrskurð í umræddri deilu um réttartolla þann 27. október 1795, þar sem kveðið var á um skyldu bænda til greiðslu tolla fyrir upprekstur á land Hítardals.

Í umfjöllun um Hítardal í jarðamati Mýrasýslu frá 1804 segir eftirfarandi: „En afrett haves hvor paa kan indtages Lam og Beder om Sommeren fra adskillige Jorder i Bogden i mod Jntægt 5$^{rd}$ (omkostninger med faarefolder fraregnet) som er imod en koe.“ Getið er um „Hýtardals afréttarland“ í skjali frá séra B. Benedictssyni á Hítardal, dagsettu 19. júní 1810, sem lesið var upp á manntalsþingi á Lækjarbug degi síðar. Fram kemur í skjalinu að presturinn „géfur til kynna vanmátt sinn til leita giörsamlega efftir lagaskyldu, edur med því í hreppstióranna Jnstruxi 31. art. tiltekna skilyrdi, allt Hýtardals afréttarland, edur ad géta einsamall stadid allann þann kostnad, sem þar af flýtur, … “. Ekki kemur fram í síðastgreindum tveimur heimildum hvar það afréttarland sé sem um ræðir. Þess skal þó getið í þessu samhengi að í prófastsvísitasíu kirkjunnar að Hítardal frá 14. nóvember 1810, þar sem fjallað er um útmælingu fyrir nýbýli á Langavatnsdal, er getið um umrætt svæði á Langavatnsdal sem „Hitardals kyrkju Eign Afrettar Land fyrir Stadarins Geldpening [Stadarins Geldpening, orðaröð leiðrétt með tölustöfum ofan línu] a sokolludum Langavatnsdal,

… “. Þá kemur fram í prófastsvísitasíu Hítardalskirkju, frá 15. desember 1812, að prestur kirkjunnar hafi gefið til kynna „Níbíla Upptekníngu a Hitardals kyrkju tilheirandi Afrettarlandi a Lángavatnsdal, … “. Allmargar fleiri heimildir liggja fyrir í málinu þar sem getið er um afrétt kirkjunnar í Langavatnsdal. Hugsanlegt er að einnig sé átt við afrétt Hítardalskirkju á Langavatnsdal þegar getið er um afréttarland kirkjunnar í jarðamatinu frá 1804 og áðurnefndu skjali frá 19. júní 1810 fremur en að átt sé við ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar. Fjallað er um eignarréttarlega stöðu vesturhluta Langadals í kafla 6.4 og austurhluta dalsins í kafla 6.5 hér á eftir.

Í lögfestu fyrir Hítardal og fleiri jarðir, frá árinu 1832, er lagt bann við leyfislausum upprekstri á „Hýtardals fjall“. Þar segir um það atriði: „ … en mitt leyfi til uppreksturs á Hýtardals fjall fá ei nema þeir, sem tregdulaust borga vilja mér fyrir átrodníng og hagbeit peníngsins um sumartímann ad fornri venju.“ Þetta sama kemur fram í lögfestunni fyrir Hítardal og fleiri jarðir frá árinu 1832.

Í sóknarlýsingu Hítardalssóknar, eftir séra Þorstein Hjálmarsen, frá árinu 1840, sem birtist í ritinu *Sýslu- og sóknalýsingar*, segir:

> Ad 32. *Afréttar*- eður upprekstursland brúka Hraunhreppsbúendur allir í Mýrasýslu á *Hítardalsfjalli*, kirkjunnar eign, móti borgun til Hítardalsstaðarhaldara að fornri venju og draga fé sitt í Hítardalsrétt sem er þar skammt fyrir vestan túnið; er henni sífellt við haldið og hún upphlaðin með dilkum af staðarhaldaranum.

Í sömu heimild er getið um selstöður frá Moldbrekku á eyrum fyrir sunnan Þórarinsdalsá, niður undir Þorsteinstungudal. Jafnframt kemur þar fram að sagt sé að sel hafi verið frá Brúarhrauni í mynni nefnds dals. Þá séu enn einar selstöður undir Smjörhnjúk í mynni Þórarinsdals, en hún hafi verið lögð niður hér um bil 30 árum fyrr. Í eldri úrskurðum óbyggðanefndar hafa heimildir um selstöðu á ágreiningssvæði ekki verið taldar hafa afgerandi áhrif á eignarréttarlega niðurstöðu, en slíkar heimildir eru þó ekki til þess fallnar að mæla gegn niðurstöðu um eignarland.

Í skjali sem ber yfirskriftina „Eignarlýsing Hytardals Kyrkju og Staðar“, frá árinu 1842, sem séra Þorsteinn Hjálmarsen, prestur í Hítardal, undirritaði og var þinglesin 16. apríl 1842, segir meðal annars: „Ekki einasta máldagar tileinka Hytardals kirkju og Beneficio, auk annars fleira, allann dalinn Hytardal, […] heldur einnig votta þad sama margar biskupa visitatiur frá 1575 til 1831, óhnekkt skjöl og lögfestur frá 1697 til 1832, … “. Merkjalýsingar umræddra heimilda eru síðan raktar en eins og fram kemur hér að framan er niðurstaða óbyggðanefndar sú að sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar sé innan þeirra merkja. Síðar í sömu heimild segir:

> Allt þad land, sem liggur innan hértédra takmarka er ómótmælanliga Hytardals kyrkju og stadarland, án þess eg viti ad nokkur jörd sem ekki er Hýtardals kyrkjujörð eigi þartil nokkurt löggrundad tilkall eda Jtölurétt, nema hvad Beneficiarii hafa leyft Hraunhrepps búendum upprekstur gjeldfjár þeirra

> og lamba hjer á fjall, þeim ad segja er þess beiddist og borga vildu þann beitar- og réttartoll, sem árið 1790 uppkvedinn var og samþyktur 15. Sept. s. a. af sýslumanni sál. G. Ketilsyni, en stadfestur af stiftamtmanni sál. O. Stephensen undir 27[da] Oct. 1795, þannig: ad þeir sem ættu 20 eda 30 fjár hjer í réttum, yngra eda eldra, gjalda skyldu lambsfódur; en þeir sem ættu 60 fjár og þaryfir 2 lambsfódur, og þeir sem ættu 80 gembling, ad gamallri venju, og eingin framar, utan þeir sem eiga 1½ hndr. hér á fjalli og þaryfir, skyldu betala ásamt gémbling lambsfódur. – Á þetta finn eg þörf vinsamligast ad hafa minnt nokkra af mínum hreppsbrædrum, þared svo sýnist, sem margir þeirra hafi þá meiningu ad Hytardals fjallland sje annadhvört almenníngur edur sveytinni tilheyrandi upprekstrarland, af hvörju Hytardals stadarhaldari, hvör sem er eda verdur, eigi ekki önnur not ad hafa enn frí upprekstur fyrir sjálfann sig, átrodníng af öllum upprekstrarpeníngnum, þann skylduskatt ad upphlada óadfinnanliga fjárréttina, ásamt hennar dylkum, samt grenjaleita umkostnad, ogsvo ákúrur og slettur jafnvel, ef þetta tvennt sídstnefnda ekki þykir skéd vera uppá óadfinnanligasta máta m.m., hvaraf þad kémur, ad svo fáir sem eingvir beidast leyfirs til uppreksturs, einginn fráskýrir hvörsu margt hann upprekid hafi, einstaka madur hefir rekid á Grjótardal, hvadan lömbin med jarminum eru ódar komin (~~her heim á kvíar~~) híngad í kvíféd.

Tilvitnuð heimild bendir til þess að á þeim tíma sem um ræðir hafi presturinn í Hítardal litið á þann hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar sem eignarland kirkjunnar, þó svo að það væri nýtt til sumarbeitar fyrir búfé. Aftur á móti verður jafnframt ráðið af henni að sumir aðrir í hreppnum hafi litið svo á að svæðið væri almenningur eða sameiginlegt upprekstrarland hreppsins.

Í umfjöllun um Hítardal í Jarðartali Johnsens, frá árinu 1847, segir eftirfarandi: „Sumarhagar eru litlir, en góðir, í nánd, en í miklum fjarska fram á fjalli eru þeir nægir og góðir, og verður að hafa þar sauðpening um haust og vor.“ Í sömu heimild kemur jafnframt fram að Tjaldbrekka sé hjáleiga frá Hítardal en þetta er elsta heimild þar sem Tjaldbrekku er getið. Tjaldbrekka mun hafa staðið nálægt norðausturenda Hítarvatns, og um leið nærri norðurmörkum ágreiningssvæðisins. Að því er ráðið verður af fyrirliggjandi kortum, örnefnaskrám og skýrslutökum í málinu mun Tjaldbrekka hafa staðið austan við holtin niður af Þröskuldsdal, skammt norðvestan við norðvesturmörk ágreiningssvæðisins en engu að síður innan svæðis sem Hítardalskirkja kallaði til réttinda yfir samkvæmt sömu heimildum sem raktar eru hér að framan í umfjöllun um merki svæðisins. Umrætt svæði norðaustan Hítarvatns sem liggur norðvestan við norðvesturmörk ágreiningssvæðisins tilheyrir svæði 9B hjá óbyggðanefnd og er því ekki til umfjöllunar í þessu máli, þó svo að það sé innan merkja Hítardals og síðar afréttar Hraunhrepps samkvæmt þeim heimildum sem raktar hafa verið hér að framan. Þar sem margar sömu heimildir og eiga við um þann hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar eiga jafnframt við um

landið þar sem bærinn Tjaldbrekka stóð þykir þó rétt að gera heimildum um Tjaldbrekku nokkur skil í umfjöllun um umræddan hluta ágreiningssvæðisins.

Með lögfestu Hítardals, frá árinu 1849, var enn lagt bann við leyfislausum upprekstri á land Hítardalskirkju og því lýst hvaða skilyrði væru sett fyrir slíku leyfi. Merkjum hins lögfesta er lýst á þann hátt sem að framan greinir og tekið fram að innan þeirra marka séu einnig „tilteknar Landaeignir Hróbjargastada, Vallna, Tjaldbrekku og Helgastada, Hytardals Kyrkjujarda; … “.

Í umfjöllun um Hítardal í jarðamati Mýra- og Hnappadalssýslu 1849–1850 segir eftirfarandi: „Hítardalur, prestsetur, bújörðin með fjallandi, og hjáleigunni Tjaldbrekku“.

Í bréfi Þorsteins Hjálmarsens prófasts í Hítardal til „Det kongelige Ministerium for Kirkevæsenet“ dags. 18. des. 1854, kemur fram að Tjaldbrekka hafi verið byggð árið 1839 sem hjáleiga í heimalandi Hítardalskirkju.

Fjallað er um rekstur fjár á fjall í eignalýsingu Hítardalskirkju og staðar frá 23. maí 1857, undirritaðri af Þorsteini Hjálmarsen, presti í Hítardal. Þar gerir presturinn athugasemdir við framkvæmd upprekstrarins, m.a. á þann veg að sumir reki allt of skammt, sem valdi margvíslegum skaða.

Á manntalsþingi fyrir Hraunhrepp að Lækjarbug þann 4. júlí 1885 var þinglesið bréf séra Jónasar Guðmundssonar á Staðarhrauni um upprekstrartolla. Í dómabók Mýrasýslu kemur eftirfarandi fram um þetta: „ … kváðust búendur vilja greiða 5 aura í upprekstrartoll fyrir hverja þá kind, sem óvilhallir dómkvaddir menn álitu að hefði næga og góða sumarhaga í afrjett í Hitardalslandi eða ef Tjaldbrekka yrði logð niður.“ Með leigusamningi, dagsettum 31. maí 1893, tók Hraunhreppur Tjaldbrekku og „Fjallland Hítardals“ á leigu en Stefán Jónsson, prestur á Staðarhrauni undirritaði samninginn fyrir hönd leigusala. Í samningnum er Tjaldbrekka nefnd „Hítardalshjáleiga“ og fram kemur að árlega skuli greiðast 33 krónur í leigu af henni. Tekið er fram að hreppurinn þurfi ekki að halda við húsunum sem þar séu eða bera áburð á túnið. Þá kemur fram að „Fjallland Hítardals“ sé „18 hundruð að dýrleika“.

Með leigusamningi, dagsettum 31. maí 1893, tók Hraunhreppur Tjaldbrekku og fjallland Hítardals á leigu, af Hítardalskirkju, en Stefán Jónsson, prestur á Staðarhrauni, mun þá hafa farið með forræði hennar. Í leigusamningnum er getið um umrædd svæði sem „1. Hítardalshjáleiguna Tjaldbrekku og 2. Fjallland Hítardals“. Í leigu fyrir Tjaldbrekku skyldu árlega greiðast 33 krónur en 80 kr. fyrir fjalllandið. Fram kemur að hreppurinn þurfi hvorki að halda við þeim húsum sem séu á Tjaldbrekku né annast um áburð á túnið. Engin kúgildi fylgi. Þá kemur fram að hreppurinn fái engin önnur réttindi yfir fjalllandinu með byggingarbréfinu heldur en „beit handa sauðfénaði og hrosspeningi“. Ennfremur kemur fram í samningnum að prestinum sé sjálfum heimilt að hafa upprekstur á fjalllandið ókeypis fyrir sauðfénað sinn og hross.

Í kafla um „Afréttarland, með eyðijörðinni Tjaldbrekku“, í fasteignamati Mýrasýslu 1916 segir:

> Hítardals afrjettarland, þar meðtalið land, eyðijarðarinnar Tjaldbrekku liggur innaf heimalandi jarðarinnar, Hítárdal, land þettað er víðáttumikið og grösugt, og gott til sumargöngu fyrir afrjettarfjenað, þar sem þettað er kyrkjufjallaland, frá Hítárdal, hefir Hraunhreppur leigt það, og nofært það í stað afrjettar, og borgað árgjald af því kr. 113,00.

Í kaflanum um Hítardal í sama fasteignamati segir: „Beitilandið er mjög gott fyrir allar skepnur, víðlent, skjólgott, þurlent en vetrarríki mikið og smalamenska erfið, eins og á flestum þeim jörðum, er til fjalls liggja. – hættur litlar, og nóg fjalllendi fyrir heimilins afréttarfénað.“

Í afsali ráðherra Íslands, dagsettu 27. júní 1919, og þinglýstu 4. júlí 1921, vegna kaupa Hraunhrepps á „afrjettarlandinu, fjalllendi Hítárdals“, kemur fram að salan fari fram samkvæmt heimild í lögum nr. 50, frá 16. nóvember 1907, um sölu kirkjujarða. Fram kemur að umrætt „fjalllendi Hítárdals“, sem sé 30 hundruð að nýju mati, sé selt hreppnum „til afnota sem afrjettarland með öllum gögnum og gæðum.“ Þó séu undanskilin við söluna: „námar, sem eru í jörðu, sem og fossar, er þar kunna að vera.“ Einnig eru undanskilin „varp og veiði í Hítárvatni og í ám þeim, sem í það renna og úr því.“ Kaupverðið var 3.000 krónur. Borgarbyggð, gagnaðili íslenska ríkisins í málinu, leiðir rétt sinn til ágreiningssvæðisins frá Hraunhreppi en hreppurinn var eitt af þeim sveitarfélögum sem sameinaðist undir merkjum Borgarbyggðar árið 1994.

Í áðurnefndu landamerkjabréfi, dagsettu 19. júní 1923 og þinglýstu 21. júní 1924, er ágreiningssvæðið nefnt „afrjettarland Hraunhrepps“. Hið sama á við um landamerkjabréf Hítardals, frá því í júní 1923 og einnig þinglýst 21. júní 1924, þar sem lýst er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu. Hitarvatn er innan merkjalýsingar fyrrnefnda landamerkjabréfsins.

Árið 1928 óskaði hreppsnefnd Hraunhrepps eftir því við dóms- og kirkjumála-ráðuneytið að fá Hítarvatn keypt. Í beiðni oddvita hreppsins, fyrir hönd hreppsnefndarinnar, kemur fram að vatnið hafi verið undanskilið við kaupin á afréttarlandinu. Jafnframt kemur fram að Hítarvatn sé nú í leiguábúð bóndans á Staðarhrauni til næstu fardaga. Í umsögn Þorsteins Ástráðssonar, sóknarprests á Staðarhrauni, dagsettri 26. september 1929, kemur fram að síðasta fardagaár hafi „veiðst þar ca. 1000 silungar, 400-500 egg fengist, og um 20 svartbaksungar náðst.“ Lagðist hann eindregið gegn sölunni og sömuleiðis biskupinn yfir Íslandi, sem sendi ráðuneytinu umsögn þar að lútandi, dagsetta 8. nóvember 1929. Á spássíu umsagnarinnar er eftirfarandi texti ritaður: „Samþ. að selja hreppnum, með þeirri kvöð, að aldrei megi það seljast öðrum en ríkinu og þá við sama verði og það er keypt.“

Í tilkynningu kirkjumálaráðherra, dagsettri 23. júlí 1953 kemur fram að Hraunhreppur hafi leyst til sín varp í hólmum Hítarvatns og veiðiréttindi í vatninu og ám þeim sem í það og úr því renna fyrir því landsvæði er hreppnum var selt þann 27. júlí 1919.

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar*, III. bindi, frá árinu 1993, kemur fram að nýbýlið Tjaldbrekka hafi verið byggt í Fjalllendi Hítardals, við norðurenda Hítarvatns, árið 1840. Hafi verið búið á Tjaldbrekku samfellt til ársins 1891 að fardagaárinu 1889–1890 undanskildu.

Samkvæmt framansögðu er fjallað um ágreiningssvæðið í tengslum við beit og afréttarnot í fjölda heimilda, líkt og gildir um marga afrétti jarða og stofnana, einkum þó heimildum frá því seint á 17. öld og síðar. Þá virðist byggð hafa verið stopul innan svæðisins þó svo að fyrir liggi heimildir um byggð í Hólmi sunnan Hítarvatns fyrr á öldum og jafnframt á 19. öld á Tjaldbrekku, sem er utan ágreiningssvæðisins en nærri norðurmörkum þess og innan sömu merkjalýsinga Hítardals og eiga við um þann hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið ásamt öðru til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn liggur fyrir að í elstu heimildum þar sem merkjum jarða Hítardalskirkju er lýst, þ.e. frá árinu 1697 og síðar, er sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar innan þeirra merkja sem þar er lýst án þess að séð verði að um eignarréttarlega aðgreiningu hafi verið að ræða milli umrædds hluta ágreiningssvæðisins og hins óumdeilda eignarlands jarðarinnar. Ekki verður séð að um slíka aðgreinininingu hafi verið að ræða fyrr en eftir að Hraunhreppur tók „fjall-land Hítardals“ á leigu árið 1893 og keypti svo „afrjettarlandið, fjalllendi Hítardals“ árið 1919. Þá er heldur ekki fyrir að fara sérstökum landfræðilegum skilum þar á milli. Þá benda heimildir um Tjaldbrekku frá 19. öld til þess að hún hafi verið byggð í landi Hítardals, samanber m.a. það sem fram kemur í Jarðatali Johnsens, frá 1847, um að Tjaldbrekka sé hjáleiga frá Hítardal, og bréf Þorsteins Hjálmarsens prófasts í Hítardal, frá árinu 1854, þar sem fram kemur að Tjaldbrekka hafi verið byggð „som hjalege, der er opfört paa kirkens hjemmemark.“ Í þessu sambandi skal jafnframt minnt á það sem fyrr greinir um frásagnir *Landnámu* af landnámi á svæðinu en af þeim má draga þá ályktun að ágreiningssvæðið sé a.m.k. að hluta til innan upphaflegs landnáms. Ennfremur benda fjölmargar fyrirliggjandi heimildir um nýtingu umrædds hluta ágreiningssvæðisins til sumarbeitar fyrir búfé til þess að sú nýting hafi verið háð leyfi umráðamanns Hítardals og greiðslu til hans, sem og að það svæði sem nýtt var með þessum hætti hafi talist vera hluti af jörðinni Hítardal. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland.

Af heimildum um afnot umráðamanna Hítardals af þessum hluta ágreiningssvæðisins, fyrir hönd Hítardalskirkju, innheimtu tolla af nýtingu þess og loks skiptingu frá heimajörðinni við útleigu þess árið 1893 og svo sölu þess árið 1919 má ráða að landsvæði þetta hefur ekki staðið öðrum til afnota án leyfis, þó svo að heimildir bendi jafnframt til þess að sumir bændur í Hraunhreppi hafi a.m.k. á 18. og 19. öld véfengt full yfirráð umráðamanns Hítardals yfir svæðinu. Er í þessu sambandi m.a. litið til þess sem fram kemur í *Jarðabók* Árna og Páls, frá 1709, um notkun svæðisins, sem og fjölmargra lögfesta Hítardalskirkju, þar sem lagt er bann við leyfislausum upprekstri á svæðið og ennfremur úrskurðar stiftamtmanns, frá árinu 1795, um skyldu til greiðslu tolls fyrir afréttarnot af svæðinu. Enda þótt nýting þess hluta ágreiningssvæðisins, og sérstaklega þess hluta sem liggur fjarri byggð og til fjalla, hafi eðli málsins samkvæmt verið takmarkaðri en þess lands Hítardals sem liggur nær bæjarstæðinu leiðir það eitt og sér ekki til eignarréttarlegrar aðgreiningar. Nýting lands Hítardals hefur verið eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma og ekki einskorðast við sumarbeit búfjár.

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar hafi verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu þó svo að svæðið hafi verið í afréttarnotum og lagt til afréttar Hraunhrepps með leigusamningi árið 1893 og síðar með kaupum hreppsins á landinu árið 1919. Vísast í þessu sambandi einnig til þess sem segir í kafla 4.4 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka) um eignarréttarlega stöðu landsvæða sem tilheyrt hafa jörð en hafa síðar verið lögð til afréttar. Nægjanlega er því í ljós leitt að Hítardalskirkja og síðar Borgarbyggð, sem leiðir rétt sinn frá Hraunhreppi, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Heimildir um afrétt vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka þess hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar, eins og þau eru skilgreind hér að framan, þ.e. norðvestan vatnaskila milli Hítardals annars vegar og Grjótárdals og Langavatnsdals hins vegar, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.[674] Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

#### 6.3.3.2 Land suðaustan vatnaskila suðaustan Hítardals

Næst verður fjallað um þann hluta ágreiningssvæðisins sem er utan merkja Hítardals samkvæmt þeim eldri heimildum sem liggja fyrir í málinu, frá árinu 1697 og síðar, og

[674] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

gerð er grein fyrir hér að framan, þ.e. þann hluta ágreiningssvæðisins sem er suðaustan við vatnaskilin við Hítardal, gagnvart Langavatnsdal og Grjótárdal. Nánar tiltekið er þar um að ræða svæði sem afmarkast í meginatriðum að norðvestanverðu af vatnaskilum og hæstu fjallseggjum milli Hítardals og Grjótárdals, allt frá Háheiðarkolli að suðvestanverðu þar til komið er á móts við Tröllkonugil að norðaustanverðu. Að sunnanverðu afmarkast svæðið af línu sem dregin er frá Háheiðarkolli um Grjótárós, Rauðhálsa og vatnaskil norðaustan Tindaborgar í Álftaskörð. Þá afmaskast svæðið að suðaustanverðu af línu sem dregin er um Grjótárvatn, Grjótá, Háleiksvatn og þaðan upp á vatnaskil ofan Tröllkonugils.

Landsvæði það sem hér er sérstaklega til skoðunar liggur víðast hvar í 300–700 m hæð en rís hæst í 841 m hæð í hæsta hnjúknum norðvestur af Háleiksvatni, á norðurmörkum þess. Vestanvert Háleiksvatn er inni á svæðinu, nærri norðurmörkum þess. Grjótárvatn er einnig að mestu leyti inni á þessum hluta ágreiningssvæðisins, við suðurmörk þess. Grjótá rennur um austurmörk umrædds hluta ágreiningssvæðisins, úr Háleiksvatni í Grjótárvatn. Úr Grjótárvatni rennur Grjótá áfram til suðvesturs um Grjótárós, sem er á suðvesturmörkum ágreiningssvæðisins, og rennur þaðan til suðvesturs um þann hluta Grjótárdals sem er utan ágreiningssvæðisins. Hinn láglendari hluti ágreiningssvæðisins eru nokkuð vel gróinn.

Eins og að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefnar sú að hinar eldri heimildir mæli því í mót að land Hítardals hafi náð eins langt til suðausturs og lýst er í landamerkjabréfi afréttarlands Hraunhrepps frá árinu 1923 og byggt er á af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins. Verða kröfur gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eða óbeinan eignarrétt á því svæði sem hér er sérstaklega til skoðunar því ekki talin eiga sér stoð í heimildum um Hítardal. Verður því að líta til þess hvort fyrir hendi séu önnur atriði sem stutt geti þær kröfur. Hvað varðar kröfu um beinan eignarrétt á því er þá einkum til þess að líta hvort umræddur hluti ágreiningssvæðisins hafi verið hluti af annarri jörð eða öðrum jörðum en Hítardal, en eins og áður segir bendir vísitasía Staðarhraunskirkju, frá árinu 1658, til þess að svæðið kunni a.m.k. að einhverju leyti að hafa verið innan marka Staðarhrauns á þeim tíma.

Takmarkaðra heimilda nýtur við um þennan hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar. Fyrir liggur fyrrnefnd vísitasía fyrir Staðarhraunskirkju, frá 1. september 1658, þar sem merkjum milli Staðarhrauns og Hítardals er lýst. Þar er þeim hluta merkjanna sem varðar þann hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar lýst svo: „ … I ofanverdum hrisdal sem menn nu kalla Hettudal vr Steinenum rædur Siönhendjng I Häheyde vr häheyde räda hædstu fiallz eggiar framm effter ä millum Hitardals og griötärdals hvorn ad Stadarhraun ä.“ Háheiðarkollur er á suðvesturhorni þess hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar. Telja verður að þar sem getið er um „Häheyde“ í tilvitnaðri merkjalýsingu sé átt við Háheiðarkoll. Lína sem dregin er frá honum til norðausturs um hæstu fjallseggjar milli Grjótárdals og Hítardals er í samræmi við afmörkun

málsaðila á norðvesturmörkum þess hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar. Bendir tilvitnað orðalag vísitasíunnar til þess að Staðarhraunskirkja hafi kallað til réttinda á þeim hluta ágreiningssvæðisins sem er suðaustan við umrædda línu. Suðaustan við þá línu tekur við fjallshlíð þar til komið er niður í botn Grjótárdals, en Grjótá, sem um hann rennur, er sem fyrr segir á suðausturmörkum ágreiningssvæðisins. Hafi Staðarhraunskirkja á þeim tíma sem um ræðir kallað til eignarréttinda suðaustan fyrrgreindrar línu er líklegt, með hliðsjón af staðháttum á svæðinu, að þau eignarréttindi hafi náð a.m.k. suðaustur að Grjótá. Meiri óvissa ríkir að þessu leyti um þann hluta ágreiningssvæðisins sem er suðaustan við Grjótárvatn, austan Grjótár.

Fram kemur í umfjöllun um jörðina Mel í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, að jörðinni fylgi „[u]pprekstur á Grjótárdal fyrir góðvilja í Staðarhraunsland … “. Hluti Grjótárdals er innan þess hluta ágreiningssvæðisins sem hér er til umfjöllunar, nánar tiltekið sá hluti dalsins sem er norðvestan Grjótár og jafnframt norðaustar heldur en ós Grótárvatns, auk þess sem svæðið suðaustan við Grjótárvatn er innan ágreiningssvæðisins. Að öðru leyti er Grjótárdalur utan ágreiningssvæðisins. Ekki liggur fyrir hvort tilvitnuð frásögn *Jarðabókarinnar* um upprekstur „á Grjótárdal fyrir góðvilja í Staðarhraunsland“ eigi við um þann hluta dalsins sem er innan ágreiningssvæðisins. Í *Jarðabókinni* er jafnframt að finna eftirfarandi texta um afréttarmál í Hraunhreppi:

> Iterum nota Nota [önnur athugasemd]. Yfir alla þessa sveit, Hraunhrepp, að hún á öngvan afrjett. En um lángan tíma hefur sveitin öll rekið geldfje sitt á sumur í Staðarhraunsland og Hítardalsland, gengur so fjeð á sumur í högum, meir Hítardals en Staðarhrauns. Fáir biðja leyfis, hinir reka í ofdirfð eður óþakklæti, so sem venja er ákomin, gánga síðan að fjársafni sínu og rjetta í Hítardalslandi, gjalda þá sumir staðarhaldaranum að Hítardal lambsfóður eður fjórðúngsvirði í rjettartolls nafni, en margir alls ekki; en til Staðarhrauns fáir eður öngvir. Líða þó staðirnir báðir og jörðin Helgastaðir af þessu geldfje og fjallgöngumönnum merkilegan og skaðvænan átroðning.

Ennfremur segir í *Jarðabókinni* í umfjöllun um Staðarhraun:

> Ekki er aldeilis misgreiníngarlaust um landamerki millum Staðarhrauns og Hítardals jarðar Helgastaða; þó hafa menn ekki haldið því til laga og brúka hverutveggi [svo] so sem nábúa samgöngur.

Af þessum frásögnum *Jarðabókarinnar* verður ráðið að Staðarhraunskirkja hafi kallað til eignarréttar á Grjótárdal, a.m.k. á hluta dalsins. Af frásögnum *Jarðabókarinnar,* einum og sér, verður þó ekki ráðið með vissu hvort það hafi átt við um þann hluta dalsins sem er innan ágreiningssvæðisins og ekki heldur hvort átt sé við Grjótárdal þegar getið er um upprekstur á „Staðarhraunsland“. Ennfremur bendir frásögn *Jarðabókarinnar* til þess að ágreiningur hafi verið um landamerki milli Staðarhrauns og jarðarinnar Helgastaða, sem tilheyrði eins og áður segir

Hítardalskirkju og er suðvestan við þann hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar.

Í jarðamati Mýrasýslu, frá árinu 1804, kemur fram að Staðarhraunskirkja eigi afrétt á Grjótárdal en enginn reki í hana nema heimajörðin. Afréttin verði þó fyrir miklum átroðningi frá nærliggjandi svæðum. Í Jarðatali Johnsens frá 1847 segir eftirfarandi um Staðarhraunskirkju: „Staðurinn á fjallland, sem heitir Grjótárdalur, og hafa þar verið nokkrar slægjur, sem þó eigi geta komið að notum.“

Í áðurnefndu skjali, dagsettu 31. maí 1893, kemur eftirfarandi fram um leigu Hraunhrepps á Tjaldbrekku og Fjalllendi Hítardals:

> III. Tjaldbrekka og fjall-land Hítardals (12 + 18 hdr.)
>
> Stefán Jónsson, prestur að Staðarhrauni,
>
> Gjöri kunnugt, að ég byggi og heimila sveitarfélaginu í Hraunhreppi í Mýrasýslu: 1. Hítardalshjáleiguna Tjaldbrekku og 2. Fjallland Hítardals, sem ekki er áður öðrum leigt og sem ákveðið er 18 hundruð að dýrleika, […].

Ekkert er getið um land Staðarhrauns í umræddu skjali og ekki kemur fram hvernig „Fjallland Hítardals“ afmarkist. Ekki er heldur getið um land Staðarhrauns í afsali ráðherra Íslands, dagsettu 27. júní 1919, þar sem afsalað er „afrjettarlandinu, fjalllendi Hítárdals, er hreppurinn hefir haft á leigu“, og merkjum hins selda er heldur ekki lýst þar. Í landamerkjabréfinu fyrir afréttarland Hraunhrepps í Mýrasýslu, sem er frá því um fjórum árum síðar, þ.e. dagsett 19. júní 1923 og þinglýst 21. júní 1924, er aftur á móti lýst merkjum alls ágreiningssvæðisins, eins og áður segir, þ.m.t. þeim hluta þess sem hér er sérstaklega til skoðunar. Þá kemur eftirfarandi fram í landamerkjabréfinu: „Ítök eiga á Grjótárdal: Múlaselslægju- blett í Ófæruflóa og Staðarhraun allar aðrar slægjur á Grjótárdal.“ Stefán Jónsson, prestur á Staðarhrauni, undirritaði landamerkjabréfið um samþykki. Ekki liggja fyrir nein gögn um að Hraunhreppur hafi á þeim tíma sem landamerkjabréfið var gert verið búinn að eignast hluta af landi Staðarhrauns.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er elsta heimild sem varðar a.m.k. að einhverju leyti þann hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar vísitasía Staðarhraunskirkju frá 1. september 1658. Bendir sú merkjalýsing sem þar kemur fram fremur til þess að Staðarhraunskirkja hafi á þeim tíma sem um ræðir kallað til eignarréttinda á a.m.k. stærstum hluta þess hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar, þ.e. norðvestan Grjótár. Þá bendir frásögn *Jarðabókar* Árna og Páls, frá árinu 1709, til þess að bændur af öðrum jörðum hafi rekið fé á land sem tilheyrði Staðarhrauni, a.m.k. á Grjótárdal. Ekki liggur þó fyrir hvort þar sé um að ræða þann hluta dalsins sem er innan ágreiningssvæðisins eða þann hluta dalsins sem er óumdeilt eignarland. Ekki liggur heldur fyrir hvort það sem fram kemur í jarðamati Mýrasýslu, frá árinu 1804, um að Staðarhraunskirkja eigi afrétt í Grjótárdal, eigi við um þann hluta dalsins sem er innan ágreiningssvæðisins. Hið sama er ennfremur að

segja um það sem fram kemur í Jarðatali Johnsens, frá árinu 1847, um að Staðarhraunskirkja eigi „fjallland, sem heitir Grjótárdalur“, þar sem hafi verið nokkrar slægjur“. Það sem fram kemur í landamerkjabréfinu fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923, um að Staðarhraun eigi slægjur á Grjótárdal, bendir þó fremur til þess að umræddar slægjur hafi verið á þeim hluta dalsins sem er innan ágreiningssvæðisins, enda tekur merkjalýsing landamerkjabréfsins einungis til þess. Benda þessi atriði, ein og sér, fremur til þess að Staðarhraunskirkja hafi átt eignarréttindi á þeim hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar.

Á hinn bóginn verður ekki framhjá því litið að umráðamaður Staðarhraunskirkju undirritaði landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923, um samþykki sitt án þess að nokkuð liggi fyrir um að Staðarhraunskirkja hafi fyrir þann tíma afsalað Hraunhreppi þeim hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar, enda varðar afsal ráðherra Íslands til hreppsins, frá 27. júní 1919, „fjalllendi Hítardals“, sem afmarkast samkvæmt þeim eldri heimildum sem raktar eru að framan af vatnaskilum milli Hítardals og Grjótárdals. Í þessu sambandi er jafnframt vert að árétta þá afstöðu sem fram hefur komið í fjölda Hæstaréttardóma, sbr. t.d. dóma frá 11. október 2012 í máli nr. 457/2011 (landamerki Krýsuvíkur, Hrauns og jarða á Vatnsleysuströnd) og frá 15. október 2015 í máli nr. 127/2015 (Dyrhólaey), að landamerkjabréf sé í eðli sínu, eða geti verið, samningur og á grundvelli þess verði eignarréttindum að landi ráðstafað án þess að fleira þurfi að koma til. Verður ekki séð að umráðamaður Staðarhraunskirkju hafi áskilið kirkjunni önnur eignarréttindi innan ágreiningssvæðisins við gerð landamerkjabréfsins heldur en áðurnefndar slægjur á Grjótárdal. Ekki hafa verið gerðar kröfur af hálfu Staðarhraunskirkju í málinu og ekkert er heldur fram komið um að umræddar slægjur séu nýttar af hálfu kirkjunnar. Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er ekki unnt að fallast á það á grundvelli heimilda um Staðarhraun að sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar sé háður beinum eða óbeinum eignarrétti.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.[675]

Hvað varðar þann hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar þá liggja engar heimildir fyrir sem sýna fram að þar hafi verið búið og

[675] Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Í því sambandi skal jafnframt áréttað að ekkert liggur fyrir í málinu um nýtingu Staðarhraunskirkju á þeim slægjum sem getið er um í landamerkjabréfi afréttarlands Hraunhrepps, frá árinu 1923. Beinn eignarréttur að svæðinu getur því ekki hafa stofnast handa Borgarbyggð, sem leiddi rétt sinn frá Hraunhreppi, fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, samanber dóm Hæstaréttar 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða þar sem háttar til eins og í tilviki þess lands sem hér um ræðir. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á með gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að þessum hluta ágreiningssvæðisins fyrir hefð.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, gildir við meðferð þjóðlendumála að ef um er að ræða sameiginlegt upprekstrarland skuli sveitarstjórn eða upprekstrarfélag sem stofnað hafi verið um þau mál hafa umboð til að ráðstafa málefninu vegna einstakra rétthafa sem þar eiga upprekstrarrétt. Borgarbyggð gerir sem fyrr segir kröfu til vara um að viðurkenndur verði „fullkominn afnotaréttur Sveitarfélagsins Borgarbyggðar að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur ásamt veiði í vötnum.“ Að mati óbyggðanefndar rúmast krafa um að svæðið sé sameiginlegur afréttur jarða í sveitarfélaginu innan þessarar kröfu Borgarbyggðar. Verður nú tekið til skoðunar hvort svo sé.

Í „reglugjörð um notkun afrjetta, rjettir, fjallskil, o.fl. í Mýrasýslu“, sem samþykkt var á fundi amtráðsins í Vesturumdæminu 11.–13. júlí 1878, er m.a. fjallað um leitarmörk. Þar segir í 39. gr. um leitarmörk Hítardalsréttar: „Þessi rjett [Hítardalsrjett] tilheyrir öllum jörðum í Hraunhreppi, og skal til hennar leita öll heimalönd tjeðra jarða og öll fjall-lönd þau, sem þar að liggja, allt að löndum Dalamanna að norðan.“ Í „reglugjörð fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar“ frá 1892 er einnig m.a. fjallað um skilgreiningu landsvæða og leitarmörk. Þar segir um leitarsvæði Hraunhreppsréttar: „*Hraunhreppsrjett* (nú hjá Hítardal) til heyrir öllum jörðum í Hraunhreppi, og skal til hennar leita í öllum leitum öll heimalönd þeirra jarða og fjalllönd, er þar liggja, allt að löndum Dalamanna að

norðan.“ Sunnan við ágreiningssvæðið eru jarðir sem tilheyrðu áður Hraunhreppi. Bendir það sem fram kemur í tilvitnuðum fjallskilareglugerðum frá 1878 og 1892 því til þess að sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar hafi ásamt umræddum jörðum tilheyrt sama leitarsvæði, allt norður að sýslumörkum gagnvart Dalasýslu.

Ólíkt þeim fjallskilareglugerðum frá því seint á 19. öld sem hér var vitnað til kemur ekki fram í fjallskilareglugerðum frá 20. öld hversu langt til norðurs leitarsvæði Hítardalsréttar nái. Í 33. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu, dagsettri 2. júní 1921, kemur fram að leitarsvæði Hítardalsréttar sé „Öll afrjettarlönd og heimalönd í Hraunhreppi, að undanskildu Ytra-Hraundalslandi og Svarfhólsmúla.“ Í sömu fjallskilareglugerð kemur fram að lönd Ytra-Hraundals og Svarfhólsmúla séu leituð til Hraundalsréttar ásamt öllum afréttarlöndum og heimalöndum tilheyrandi Álftaneshreppi. Þá kemur fram í 33. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu nr. 175/1952 að leitarsvæði Hítardalsréttar sé „Öll afréttarlönd og heimalönd í Hraunhreppi, að undanskildu fjalllendi Ytri Hraundals.“ Í sömu fjallskilareglugerð segir að „fjallland Ytra-Hraundals“ sé leitað til Hraundalsréttar ásamt öllum afréttarlöndum og heimalöndum tilheyrandi Álftaneshreppi. Ennfremur kemur fram í 33. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu nr. 377/1975 að leitarsvæði Hítardalsréttar sé „Öll afréttarlönd og heimalönd í Hraunhreppi, að undanskildu fjalllendi Ytri Hraundals.“ Í sömu fjallskilareglugerð kemur fram að „fjallland Ytra-Hraundals“ sé leitað til Hraundalsréttar ásamt öllum afréttarlöndum og heimalöndum og heimalöndum tilheyrandi Álftaneshreppi.

Í skjali sem ber yfirskriftina „AFRÉTTARLÖND í Mýrasýslu“ og fylgdi með svari sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dagsettu 13. nóvember 1985, vegna fyrirspurnar dómsmálaráðuneytisins um afréttarmálefni, er mörkum leitarsvæðis Hítardalsréttar lýst með nákvæmari hætti heldur en í fjallskilareglugerðunum. Í skjalinu segir m.a. eftirfarandi:

> Í fjallaskilareglugerð Mýrasýslu útg. 29/8. 1975 33. gr., er gerð grein fyrir þeim leitarsvæðum, sem leituð eru til hinna ýmsu safnrétta í sýslunni. Er þar talað óbeint um afréttarlönd, er leituð séu til réttanna, hverrar um sig, án þess að gerð sé nánari grein fyrir þessum svæðum, staðsetningu þeirra eða kenninöfnum. Skal nú leitast við að bæta nokkuð úr þessu, og verður um leið höfð til hliðsjón af áðurnefndri 33. grein reglugerðarinnar um röð leitarsvæða, til að auðvelda samanburð.
>
> [...]
>
> Hítardalsrétt. – Hraunhreppur á afréttarlönd á Hítardal innanverðum, að vestan móti löndum Kolbeinsstaðahrepps frá Klifssandi, inn Vatnshlíðareggjar að mörkum Dalasýslu. Þá ráða mörk Dalasýslu eins og vötnum hallar til Þröskuldardals að norðanvestan og svo austur svonefndan Svínbjúg til Mjódals. Að austan ráða leitarmörk Álftaneshrepps að því er

> virðist eins og vötnum hallar á hálendinu frá Tröllakirkju, fyrir botn Þórarinsdals og austan Háleiksvatn til Grjótárdals.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið verður annað séð en a.m.k. frá því landamerkjabréf afréttarlands Hraunhrepps var gert, árið 1923, hafi sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar verið talinn innan marka svæðis sem er nýtt sem sameiginlegur afréttur fyrir jarðir í Hraunhreppi. Þá benda framangreindar fjallskilareglugerðir frá 19. og 20. öld, sem og skjalið sem fylgdi svari sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, frá 1985, vegna fyrirspurnar dómsmálaráðuneytisins um afréttarmálefni, til þess að umræddur hluti ágreiningssvæðisins hafi í heild sinni talist til leitarsvæðis Hítardalsréttar. Ennfremur kom fram við skýrslutökur í máli þessu að svæðið sé nýtt sem upprekstrarland og sé smalað. Að mati óbyggðanefndar er því nægilega í ljós leitt að þessi hluti ágreiningssvæðisins sé afréttur.

Af því sem hér var rakið verður að mati óbyggðanefndar ráðið að sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar hafi í heild sinni verið innan leitarsvæðis Hítardalsréttar.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að á því svæði sem hér um ræðir, svo sem merki þess eru skilgreind hér að framan, hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[676] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Hraunhreppi, nú Borgarbyggð.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið sérstaklega fjallað um og talið þjóðlenda og afréttur eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að suðausturhluti Fjalllendis Hraunhrepps, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er á vatnaskilum ofan við Tröllkonugil. Þaðan fylgir línan gildrögum vestan við sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni í norðanvert vatnið. Þaðan er Háleiksvatni fylgt að þeim stað þar sem Grjótá rennur úr því. Þaðan er ánni fylgt þar til hún rennur í Grjótárvatn. Þaðan er Grjótárvatni fylgt til suðvesturs og síðan dregin bein lína frá Grjótárvatni í vatnaskil í Álftaskörðum. Frá Álftaskörðum er línan dregin um vatnaskil norðaustan Tindaborgar, þaðan um*

[676] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

*Rauðhálsa í Grjótárós og þaðan í Háheiðarkoll. Frá Háheiðarkolli er vatnaskilum fylgt í Dagmálafjallshyrnu. Þaðan er línan dregin um hæstu fjallseggjar í hæsta hnjúkinn norðvestur af Háleiksvatni. Þaðan er vatnaskilum fylgt að upphafspunkti ofan við Tröllkonugil.*

Að því leyti sem stöðuvötn ráða mörkum þjóðlendunnar vísast um legu merkjanna til ákvæða 4. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hraunhreppi, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem njóta veiðiréttar í ám og vötnum á svæðinu, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

## 6.4 Fjalllendi Álftaneshrepps

### 6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hefur verið nefnt Fjalllendi Álftaneshrepps. Sveitarfélagið Borgarbyggð gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns en eigandi Ytri-Hrafnabjarga gerir kröfu um að viðurkenndur verði réttur hans til beitar og hefðbundinna afréttarnota á hluta svæðisins. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1, 3.3 og 3.7.

Um er að ræða landsvæði sem afmarkað er í landamerkjabréfi fyrir Fjalllendi Álftaneshrepps, dagsettu 20. júní 1923 og þinglýstu 21. júní 1924, og nýtt er sem afréttur jarða á svæðinu. Eins og ítarlega er rakið í kafla 5.4 hér að framan og einnig er fjallað um hér á eftir liggur fyrir fjöldi eldri heimilda um réttindi tiltekinna jarða og kirkna á svæðinu og einstökum hlutum þess. Þannig liggja fyrir heimildir allt frá 14. öld um afrétt Hítardalskirkju á Langavatnsdal. Þá liggja fyrir heimildir allt frá 12. öld um að Staðarhraunskirkja hafi átt afrétt á Langavatnsdal. Heimildir um að Hafursstaðir (eða Hafrastaðir) hafi tilheyrt Akrakirkju ná aftur til 13. aldar. Getið er um Kvígindisdal og Sandnes í heimildum um eignir og réttindi Akrakirkju frá því um 1500 og síðar. Samkvæmt *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, tilheyrði Kvígindisdalur á þeim tíma bæði Akrakirkju og Hjörseyjarkirkju. Nánar tiltekið kemur þar fram að Hjörsey eigi selstöðu á Kvígindisdal. Ennfremur liggur fyrir kaupbréf frá 14. öld um að Hrafnabjörgum tilheyri beitarréttur á Langavatnsdal og aftur er getið um þau réttindi í landamerkjabréfi frá 20. öld. Loks kemur fram í *Jarðabók* Árna og Páls að flestum jörðum í Álftaneshreppi tilheyri afréttur á Langavatnsdal.

Öll þau svæði sem hér um ræðir tilheyra nú afrétti Álftaneshrepps. Gagnaðili íslenska ríkisins í máli þessu hefur lýst kröfum vegna svæðisins í heild, án aðgreiningar milli einstakra hluta þess. Heimildum um ágreiningssvæðið og einstaka hluta þess verða gerð frekari skil í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 200 m y. s. og hefur meginleguna norður–suður. Landsvæðið er fjalllent og giljum skorið og rís hæst í Tröllakirkju (941 m) norðvestast á svæðinu. Að austanverðu liggur Langavatn og Langavatnsdalur norðan þess. Einungis vesturhluti Langavatnsdals fellur innan Fjalllendis Álftaneshrepps. Vestur upp af Langavatni liggur Langavatnsmúli (663 m) og Kvígindisdalur vestan hans. Sandvatnsnes liggur við suðvesturenda Langavatns og liggur Sandvatn þar sunnan við. Háleiksvatn liggur fyrir miðjum vesturmörkum svæðisins.[677]

[677] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, samanber kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

### 6.4.2 Sjónarmið aðila

Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins í máli þessu tekur til Fjalllendis Hraunhrepps, Álftaneshrepps og Borgarhrepps, auk Staðartungu og Beilárheiðar, án sérstakrar aðgreiningar á milli einstakra landsvæða. Fjalllendi Álftaneshrepps fellur þannig innan stærra kröfusvæðis og taka sjónarmið íslenska ríkisins mið af því.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggi utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir, eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Hvað varðar Fjalllendi Álftaneshrepps sérstaklega hafi íslenska ríkið við afmörkun þess kröfusvæðis fyrst og fremst litið til landamerkjabréfs Álftaneshreppsafréttar, sem og landamerkjalýsinga aðliggjandi jarða. Eldri heimildir um svæðið vísi til einstakra dala eða svæða, samanber máldaga Hítardalskirkju frá 14. og 16. öld, máldaga Akrakirkju frá 15. og 16 öld og *Jarðabók* Árna og Páls. Fram komi í *Jarðabókinni* að fjölmargar jarðir hafi notað afrétt á Langavatnsdal. Þá sé vísað til Langavatnsdals sem afréttarsvæðis í sóknalýsingu fyrir kirkjuna Borg frá 1840 og fleiri sóknalýsingum á 19. öld, auk þess sem í sóknalýsingu frá 1855 sé vísað til svæðisins sem almennings. Þá komi fram í svörum sýslumanna / hreppstjóra til Stjórnarráðsins um almenninga og afrétti, árið 1920, að ekki sé vitað til að neinn einstaklingur eigi tilkall til afréttarlands Álftaneshrepps. Af fyrirliggjandi heimildum megi ráða að Langavatnsdalur hafi um aldaraðir verið nýttur sem afréttarsvæði Álftaneshrepps, og ekki verði séð að nokkur jörð hafi átt meira tilkall til svæðisins en önnur. Svæðið hafi því aldrei verið nýtt til annars en hefðbundinna afréttarnota og engar heimildir séu um búsetu á svæðinu. Svæðið hafi þannig frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi. Þó heimildir bendi til landnáms á svæðinu telur íslenska ríkið að heimildir um notkun svæðisins, staðhættir og landfræðileg lega þess bendi ekki til annars en að það hafi eingöngu verið numið til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota, eða, hafi beinn eignarréttur stofnast, hafi hann fallið niður og svæðið síðar verið tekið til takmarkaðra afnota.

Af hálfu sveitarfélagsins Borgarbyggðar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að landið sé allt innan upphaflegs landnáms í Borgarfirði. Rík tengsl hafi verið milli Hólmslanda og Langavatnsdals, sem sé hálfur innan hins umdeilda lands, og líkur standi til þess að löndin hafi náð saman. Byggð hafi lagst snemma af í Langavatnsdal og telja megi líklegt að forveri landeiganda hafi eignast landið fyrir kaup þó sá gerningur virðist nú glataður og líkur standi til þess að það hafi gerst þegar sýsluskrifstofan í Borgarnesi brann árið 1920.

Byggt er á því að ekki séu heimildir um annað en að landið hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma og að innan landamerkja hafi eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn bendi til annars en að landið hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.

Vísað er til þess að lög hafi frá öndverðu kveðið á um merkjagerð jarða en þrátt fyrir það sé merkjalýsingar sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafa. Heimildir um merki jarða hafi almennt aðeins verið varðveittar í munnlegri geymd fram að setningu landamerkjalaga árið 1882. Hafa beri í huga að samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni. Styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu.

Gagnaðili íslenska ríkisins telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Þá vísar gagnaðili íslenska ríkisins til meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga en samkvæmt henni sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á aðila máls að þeim sé ómögulegt að mæta henni. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur megi nefna að gagnaðila íslenska ríkisins sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja landsvæðisins, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum, en landamerkjabréf séu oftast eina gagnið sem landeigendur hafi undir höndum, sem sanni beinan eignarrétt þeirra. Í þessu tilviki hátti þó svo til að sönnunargögn um eignarréttindi hafi farið forgörðum þegar sýsluskrifstofan í Borgarnesi brann árið 1920 og óeðlilegt og ósanngjarnt sé að láta landeigendur gjalda þess.

Að mati gagnaðila íslenska ríkisins hafa handhafar ríkisvaldsins margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt hans, sem og forvera hans, innan lýstra merkja, enda hafi heimildarskjölum þeirra fyrir landinu verið þinglýst athugasemdalaust. Gagnaðili íslenska ríkisins telur ennfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa sé fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Vegna þessa hafi gagnaðili íslenska ríkisins og forverar hans í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að landsvæðið væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og aðgerðir ríkisins fram til þessa hafi aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Þá byggir gagnaðili íslenska ríkisins á því að þótt hluti hins umdeilda landsvæðis hafi verið nýttur sem afréttur hin síðari ár, teljist það ekki vera

samnotaafréttur í lagalegum skilningi. Vísar hann um það til fyrrnefndra sjónarmiða um tilvist beins eignarréttar að landsvæðinu, enda hafi svæðið verið nýtt að mestu án athugasemda landeiganda allt fram á þennan dag á grundvelli samninga og/eða venju. Slík nýting á eignarlandi til beitarafnota sé alvanaleg og í samræmi við hefðbundna búskaparhætti, en feli ekki í sér framsal eða afsal beins eignarréttar, eða að beinn eignarréttur að landinu hafi fallið niður enda sé ekki fyrir hendi lagalegur grundvöllur til slíks.

Til vara byggir gagnaðili íslenska ríkisins kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Af hálfu eiganda Ytri-Hrafnabjarga, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að í eldri heimildum um jörðina Hrafnabjörg sé getið um að jörðinni fylgdi „tuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal“. Þá hafi þess réttar verið getið í landamerkjabréfi Borgarhreppslands frá 1920 og viðurkennt af öllum þeim sem rituðu undir bréfið.

### 6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar þeirra landsvæða er saman mynda Fjalllendi Álftaneshrepps er rakin í kafla 5.5 hér að framan. Einungis vesturhluti Langavatnsdals fellur innan Fjalllendis Álftaneshrepps, en austurhluti hans fellur innan ágreiningssvæðis vegna Fjalllendis Borgarhrepps, sem fjallað er um í kafla 6.5. Í umfjöllun um heimildir sem tengjast Langavatnsdal verður einkum vísað til heimilda er varða vesturhluta dalsins. Í sumum tilvikum liggur ekki ljóst fyrir hvort heimildir eigi við um austur- eða vesturhluta dalsins. Þeim heimildum verða gerð skil hér, að því leyti sem þær geta skipt máli við úrlausn um ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar. Um austurhluta Langavatnsdals vísast til kafla 6.5.3.3.

Heimildir um Akrakirkju benda til þess að kirkjunni hafi tilheyrt hálfir Hafursstaðir og réttindi á Kvígindisdal ásamt Sandnesi (eða Sandvatnsnesi). Þá kemur fram í sumum heimildum, frá 18. og 19. öld, að Hjörseyjarkirkja hafi átt hálfan Kvígindisdal á móti Akrakirkju en þessar kirkjusóknir voru sameinaðar árið 1896 og Hjörseyjarkirkja lögð niður. Auk þess liggja fyrir heimildir um að Hítardalskirkja, Staðarhraunskirkja og fjölmargar jarðir hafi átt afrétt á Langavatnsdal. Þann 24. febrúar 1902 var gerður kaupsamningur þar sem Einar Friðgeirsson á Borg keypti „lönd þau og ítök á Lángavatnsdal, sem fyr átti Akrakirkja“ af eigendum Akra. Þann 17. mars 1903 var gefið út afsal vegna kaupanna, þ.e. afsal fyrir „Hálfum Hafursstöðum, Kvígildisdal öllum og Sandvatnsnesi (áður nefnt Sandnes)“, og því þinglýst 26. maí sama ár. Í millitíðinni mun Einar hafa selt Álftaneshreppi hið sama því þann 26. maí árið 1910 var þinglýst afsalsbréfi Einars fyrir „fjalllandi á Langavatnsdal“ til Álftaneshrepps, sem var dagsett 31. október 1902.

Í ljósi framangreinds þarf einkum að skoða hvort, og þá að hvaða marki, einstakir hlutar landsvæðis þess sem deilt er um, og telst nú til Fjalllendis

Álftaneshrepps, hafi verið eignarlönd tiltekinna jarða og/eða kirkna eða hvort þau hafi haft aðra stöðu.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki Fjalllendis Álftaneshrepps. Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir „fjalllendi Álftaneshrepps“ þann 20. júní 1923 og því þinglýst 21. júní 1924. Bréfið var undirritað um samþykki fyrir hönd hreppsnefnda Hraunhrepps og Borgarhrepps og vegna aðliggjandi jarða. Landamerkjabréfið er eina fyrirliggjandi heimildin þar sem er að finna heildstæða lýsingu á merkjum ágreiningssvæðisins. Ekki eru fyrir hendi eldri heimildir um merki þess og ekki liggja heldur fyrir heimildir um merki þeirra einstöku hluta ágreiningssvæðisins sem áður hefur verið getið um. Í þessu sambandi verða jafnframt kannaðar heimildir um merki aðliggjandi landsvæða.

Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki svæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því. Að fenginni niðurstöðu um merki ágreiningssvæðisins verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Vestan megin við ágreiningssvæðið er Fjalllendi Hraunhrepps, sem fjallað er um í kafla 6.3. Sunnan við ágreiningssvæðið er vestast hornmark gagnvart óumdeildu eignarlandi Fjalllendis Ytri-Hraundals, þar austan við er óumdeilt eignarland Syðri-Hraundals og því næst óumdeilt eignarland Grímsstaða. Austan við ágreiningssvæðið er syðst ágreiningssvæði vegna Staðartungu, sem fjallað er um í kafla 6.7, og þar norðan við ágreiningssvæði vegna Fjalllendis Borgarhrepps, sem fjallað er um í kafla 6.5. Norðan við er ágreiningssvæði vegna Fjalllendis Hrafnabjarga en ágreiningur um það svæði er til úrlausnar í máli nr. 3/2016 á svæði 9A hjá óbyggðanefnd.

Verða nú fyrst vesturmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Kröfulýsing íslenska ríkisins tekur ásamt ágreiningssvæðinu og án aðgreiningar til svæðisins þar vestan við, þ.e. Fjalllendis Hraunhrepps. Vesturmerkjum ágreiningssvæðisins er því ekki lýst sérstaklega af hálfu íslenska ríkisins. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er vesturmerkjunum lýst svo:

> Úr efsta tindi Tröllakirkju (pt. 1) á móti fjalllendi Hraunhrepps á vatnaskilum suðvestan Tröllakirkju (pt. 2) og á móti Þrengslum (pt. 3) að Þórarinsdals á við Þrengsli (pt. 4) þaðan er ánni fylgt að Tröllkonugili (pt. 5) og þaðan í norðanvert Háleiksvatn (pt. 6) og þaðan í Grjótá við Háleiksvatn (pt. 7) og eftir ánni þar til hún rennur í Grjótárvatn (pt. 8) úr Grjótárvatni (pt. 9) beina línu í vatnaskil í Álftaskörðum (pt. 10).

Vesturmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst svo í landamerkjabréfi fyrir Fjalllendi Álftaneshrepps frá 1923: „Úr Tröllakirkju (Oki hjá Álfthreppingum) suðaustan Smjörhnúk – hjá Þórarinsdal – nálægt Þrengslum Þórarinsdalsbotna, suðaustan við Moldarmúla, vestanvið sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni og í austurhornið á vatninu; þá ræður vatnið og úr því Grjótá austan Kúfusand niður í Grjótárvatn. Úr suðausturhorni vatnsins bein lína í Álftaskörð.“

Vestan við er ágreiningssvæði vegna Fjalllendis Hraunhrepps sem fjallað er um í kafla 6.3. Í landamerkjabréfi afréttarlands Hraunhrepps dags. 19. júní 1923, þinglýstu 21. júní 1924, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „Úr Tröllakirkju (=Ok hjá Álfthreppingum) suðaustur Smjörhnúk – við Þórarinsdal – nálægt Þrengslum Þórarinsdalsbotna, suðaustan við Moldarmúla, vestan við sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni og í austurhornið á vatninu; þá ræður vatnið og úr því Grjótá austan Kúfusand niður í Grjótarvatn. Úr suðaustur horni vatnsins bein lína í Álftaskörð.“ Landamerkjabréfið var undirritað um samþykki vegna Álftaneshrepps.

Landamerkjabréfið fyrir Fjalllendi Álftaneshrepps, frá árinu 1923, og landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá sama ári, eru samkvæmt því sem hér var rakið samhljóða um merkin milli þessara tveggja svæða. Þá er kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins í málinu, líkt og landamerkjabréfin, miðuð við Tröllakirkju, punkt nálægt Þrengslum Þórarinsdalsbotna, Háleiksvatn, Grjótá og Álftaskörð. Ennfremur er kröfulínan dregin suðaustan við Smjörhnjúk, suðaustan við Moldarmúla, vestan við sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni og austan við Kúfusand, þó svo að ekki sé getið um þessi örnefni í kröfulýsingunni, og er kröfulínan því einnig að því leytinu til í samræmi við landamerkjabréfin.

Í landamerkjabréfunum er merkjunum lýst „ … suðaustan við Moldarmúla, vestan við sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni og í austurhornið á vatninu; … “. Gagnaðili íslenska ríkisins dregur þennan hluta kröfulínu sinnar um Tröllkonugil en það er suðaustan við Moldarmúla. Í texta kröfulýsingar gagnaðila íslenska ríkisins kemur aftur á móti ekki fram með hvaða hætti línan sé dregin frá Tröllkonugili í Háleiksvatn. Á kröfulínukorti sést þó að þessi hluti kröfulínu hans er dreginn eftir gildrögum norðan Háleiksvatns og vestan við sandhæðina norðaustur af því þar til komið er að vatninu. Að mati óbyggðanefndar er þessi hluti kröfulínunnar því dreginn í samræmi við landamerkjabréfið fyrir Fjalllendi Álftaneshrepps, frá árinu 1923, og landamerkjabréf afréttarland Hraunhrepps, frá sama ári, og verður við úrlausn málsins miðað við að umræddur hluti vesturmerkja ágreiningssvæðisins sé dreginn með þessum hætti.

Í landamerkjabréfunum er merkjunum lýst um „austurhornið“ á Háleiksvatni en kröfulínan er aftur á móti miðuð við „norðanvert“ Háleiksvatn. Hér er til þess að líta að í sumum öðrum heimildum sem liggja fyrir í málinu, þar sem merkjum landsvæða er lýst, er orðið „norður“ notað til að lýsa stefnu til norðvesturs og orðið „suður“ að sama skapi til að lýsa stefnu til suðausturs, sem rennir stoðum undir að þar sem getið er um „austurhorn“ Háleiksvatns kunni að vera átt við stað við norðanvert vatnið. Hér er jafnframt til þess að líta að lögun Háleiksvatns er með þeim hætti að vart verður séð að við austanvert vatnið sé staður sem rökrétt sé að vísa til sem „austurhorns“ vatnsins, enda er austurbakki þess nokkuð beinn en vatnið aftur á móti mjóst nyrst. Ennfremur er til þess að líta í þessu sambandi að norðurendi Háleiksvatns er vestan við sandhæðina norðaustur af vatninu, en í landamerkjabréfunum er

merkjalínan dregin vestan við umrædda hæð. Að teknu tilliti til þessara atriða er niðurstaða óbyggðanefndar sú að kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins sé að þessu leyti í samræmi við landamerkjabréfin.

Í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins er kröfulínan dregin um Þórarinsdalsá að Tröllkonugili. Umræddra kennileita er ekki getið í landamerkjabréfunum sem hér eru til skoðunar heldur er þessum hluta merkjalínunnar lýst þar svo: „ … hjá Þórarinsdal – nálægt Þrengslum Þórarinsdalsbotna, suðaustan við Moldarmúla, … “. Verður þó ekki annað séð en að kröfulínan fái einnig samræmst landamerkjabréfunum að þessu leyti því Tröllkonugil er sunnan við Moldarmúla og Þórarinsdalsá rennur m.a. austan við sama múla.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á vestanverðu ágreiningssvæðinu sé í samræmi við landamerkjabréfið fyrir afréttarland Hraunhrepps, frá árinu 1923, sem og landamerkjabréf aðliggjandi landsvæða, en eins og áður segir liggja ekki fyrir eldri heimildir þar að lútandi.

Næst verða merki ágreiningssvæðisins að sunnanverðu tekin til skoðunar. Af hálfu íslenska ríkisins er suðurmerkjunum lýst svo: „ … inní Álftaskörð (9). Úr Álftaskörðum um norðurbrún Jafnadals og í Hrafnagil (10), það ræður svo í Sandvatn (11), en úr gilinu þar sem það kemur í vatnið bein lína í suðurhorn Lambafells (12). Úr suðurhorni Lambafells bein lína í Skarðsheiðarvað á Langá (13).“ Þá er umræddum hluta merkjanna lýst svo af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins: „ … í vatnaskil í Álftaskörðum (pt. 10) Þaðan liggja merkin á móti Syðri-Hraundal í Hrafnagil (pt. 11) og eftir gilinu á meðan endist (pt. 12) þaðan í Sandvatn á móts við Hrafnagil (pt. 13) og þaðan í suðurhorn Lambafells (pt. 14). Þaðan á móti Grímsstöðum í Skarðsheiðarvað á Langá (pt. 15) … “. Kröfulínur beggja málsaðila eru því miðaðar við sömu kennileiti og eru auk þess dregnar með sama hætti á kort.

Suðurmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1923: „3. Móti Ytri-Hraundal og SyðriHraundal:Úr Álftaskörðum um norðurbrún Jafnadals og í Hrafnagil; það ræður svo í Sandvatn, en úr gilinu þar sem það kemur í vatnið bein lína í suðurhorn Lambafells. 4. Móti Grímsstöðum: Úr suðurhorni Lambafells bein lína í Skarðsheiðarvað á Langá.“ Kröfulínur málsaðila eru því í samræmi við landamerkjabréfið að þessu leyti en eins og áður segir liggja ekki fyrir eldri heimildir um afmörkun ágreiningssvæðisins.

Sunnan megin við ágreiningssvæðið liggur sem fyrr segir vestast hornmark gagnvart Fjalllendi Ytri-Hraundals, þar austan við land jarðarinnar Syðri-Hraundals og austast land jarðarinnar Grímsstaða. Í ódagsettu landamerkjabréfi Ytri-Hraundals, frá því í september 1883 og þinglýstu 3. júlí 1889, er þeim hluta merkja jarðarinnar sem liggur næst ágreiningssvæðinu lýst svo: „Millum Haundalanna úr fyrrnefndum Álftaskörðum (skarðið) … “. Landamerkjabréfið hefur ekki að geyma áritun vegna ágreiningssvæðisins. Álftaskörð eru þannig nyrsta örnefnið sem getið er um í

landamerkjabréfinu. Í ódagsettu landamerkjabréfi Syðri-Hraundals, frá því í mars 1923 og þinglýstu 14. júní sama ár, er mörkum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „ … úr suður-horni Lambafells í Hrafnagil og svo ræður Hrafnagil svo langt sem það nær, og þaðan í Álftaskörð (skarð).“ Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki fyrir hönd Álftaneshrepps og aðliggjandi jarða. Í ódagsettu landamerkjabréfi Grímsstaða, frá því í apríl 1923 og þinglýstu 14. júní sama ár, er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „Frá fyr nefndu Skarðsheiðarvaði sjónhending í suðurhornið (sic) á Lambafelli.“ Landamerkjabréfið var samþykkt vegna aðliggjandi jarða en ekki fyrir hönd Álftaneshrepps.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið liggja norðurmörk jarðanna sunnan ágreiningssvæðisins um línu sem dregin er um Álftaskörð í Hrafnagil, um Hrafnagil svo langt sem það nær, þaðan í suðurhorn Lambafells og þaðan í Skarðsheiðarvað. Í kröfulýsingum málsaðila, sem og í landamerkjabréfinu fyrir Fjalllendi Álftaneshrepps, frá árinu 1923, er auk þessara kennileita getið um Sandvatn, nánar tiltekið þannig að Hrafnagil ráði í Sandvatn en úr gilinu þar sem það kemur í vatnið sé dregin bein lína í suðurhorn Lambafells. Að því gættu að Hrafnagil nær að Sandvatni verður að mati óbyggðanefndar ekki annað séð en samræmi sé milli landamerkjabréfs Fjalllendis Álftaneshrepps, frá árinu 1923, og landamerkjabréfa þeirra jarða sem liggja að sunnanverðu ágreiningssvæðinu. Afmörkun málsaðila á sunnanverðu ágreiningssvæðinu er jafnframt í samræmi við umræddar heimildir.

Næst verða austurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Kröfulýsing íslenska ríkisins tekur ásamt ágreiningssvæðinu og án aðgreiningar til svæðisins þar austan við, þ.e. Fjalllendis Borgarhrepps. Austurmerkjum ágreiningssvæðisins er því ekki lýst sérstaklega af hálfu íslenska ríkisins. Af hálfu gagnaðila þess er austurmerkjunum lýst svo:

> […] í Skarðsheiðarvað á Langá (pt. 15) og þaðan á móti Staðartungu eftir Langá að þeim stað sem hún fellur úr Langavatni (pt. 16). Þaðan á móti Borgarhreppslandi yfir vatnið og að þeim stað sem Langavatnsdals á fellur í vatnið (pt. 17) og þaðan er ánni fylgt þangað til Mjóadalsá fellur í hana (pt. 18) og eftir Mjóadalsá upp á Sauðahrygg (pt. 19) […].

Austurmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst svo í landamerkjabréfi Fjalllendis Álftaneshrepps, frá árinu 1923: „Frá Skarðsheiðarvaði ræður Langá inní Langavatn. Þaðan ræður vatnið eins og það nær lengst inná Langavatnsdal, þaðan ræður Langvatnsdalsá að gljúfrum, Mjóadalsár og þaðan ræður Mjóadalsá að fyrstnefndum Sauðahrygg.“ Annars staðar í sama landamerkjabréfi, þ.e. í umfjöllun um norðurmerkin, er fjallað um staðsetningu Sauðahryggjar. Þar segir að Sauðarhryggur sé „Klettahryggur fast við Mjóadalsá við austurhornið á Fossmúla“. Landamerkjabréfið var áritað um samþykki vegna Borgarhrepps. Bæði í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins og í landamerkjabréfinu eru austurmerkin miðuð við línu sem dregin er um Langá frá Skarðsheiðarvaði að Langavatni og þaðan um vatnið að

þeim stað þar sem Langavatnsdalsá fellur í það. Þaðan er Langavatnsdalsá fylgt að Mjóadalsá og síðan Mjóadalsá að Sauðahrygg. Kröfulýsing gagnaðila íslenska ríkisins er því í fullu samræmi við landamerkjabréfið að þessu leyti.

Austan við ágreiningssvæðið er að sunnanverðu ágreiningssvæði vegna Staðartungu, sem fjallað er um í kafla 6.7. Að norðanverðum austurmerkjunum liggur ágreiningssvæði vegna Fjalllendis Borgarhrepps, sem fjallað er um í kafla 6.5. Í landamerkjabréfi Staðartungu, dagsettu 20. nóvember 1923 og þinglýstu 1. júlí 1924, er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „ … að Langá á Skarðsheiði; þá ræður úr því Langá alla leið norður í Langavatn, … “. Landamerkjabréfið hefur ekki að geyma áritun vegna fjalllendis Álftaneshrepps. Landamerkjabréfum Fjalllendis Álftaneshrepps, frá árinu 1923, og Staðartungu, frá sama ári, ber samkvæmt þessu saman um að Langá ráði merkjum þar á milli. Í fyrrnefnda landamerkjabréfinu kemur fram að hún ráði merkjum frá Skarðsheiðarvaði en í því síðarnefnda er getið um Skarðsheiði í þessu sambandi. Að mati óbyggðanefndar bendir þó ekkert til annars en að þar sé átt við sama kennileitið. Verður því ekki annað séð en að fullt samræmi sé milli landamerkjabréfanna um merkin milli Fjalllendis Álftaneshrepps og Staðartungu.

Í óþinglýstu landamerkjabréfi afréttarlands Borgarhrepps, dagsettu 25. febrúar 1892, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „Frá Langavatni ræður Langavatnsdalsá innað Mjóadalsá, svo ræður Mjóadalsá þartil Sauðarhryggur kemur að henni … “. Í landamerkjabréfi afréttarlands Borgarhrepps, dagsettu 2. nóvember 1920 og þinglýstu 25. júní 1923, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „ … ræður Langavatn þar til Langavatnsdalsá fellur í það, þá ræður Langavatnsdalsá, þar til Mjóadalsá fellur í hana. Mjóadalsá ræður síðan merkjum upp að svonefndum Sauðarhrygg.“ Landamerkjabréfin voru bæði árituð um samþykki fyrir hönd Álftaneshrepps. Bæði landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps eru því í samræmi við landamerkjabréf Fjalllendis Álftaneshrepps, frá árinu 1923, hvað það varðar að merkin liggi um Langavatn og síðan Langavatnsdalsá að Mjóadalsá og þaðan ráði Mjóadalsá að Sauðahrygg. Þessi afmörkun er einnig í samræmi við afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á austurmerkjum ágreiningssvæðisins, eins og áður segir.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins eru ármót Langavatnsdalsár og Mjóadalsár staðsett á kröfulínukort u.þ.b. þar sem Langavatnsdalsá og Víðidalsá mætast í punkti nr. 18. Af fyrirliggjandi kortum má aftur á móti ráða að ármót Langavatnsár og Mjóadalsár séu staðsett nokkru norðar. Þá segir eftirfarandi í örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir „Borghreppingaafrétt“:

> Á móts við Svarthól eða heldur neðar í dalnum kemur á að norðaustan í Langavatnsdalsá, er heitir **Víðidalsá** (26a). Myndast þar tunga milli þeirra, láglend og frjósöm; nokkuð framar kemur önnur á í Langavatnsdalsá, fyrst Fossdalsá að vestan og svo **Mjóadalsá** (27), er kemur eftir samnefndum dal. Þessi á er á leitarmerkjum. Í mynni dalsins gengur frá norðaustri niður að

> henni grasi gróinn urðarhryggur, er heitir **Sauðahryggur** (28). En hann gengur niður frá **Víðimúla** (29), en það er allhár múli, sem er fyrir botni dalsins. Liggja leitarmerkin upp hann og upp á hátrumbuna.

Af þessu verður, líkt og af fyrirliggjandi kortum, ráðið að ármót Langavatnsdalsár og Mjóadalsár séu norðar heldur en gagnaðili íslenska ríkisins hefur staðsett þau á kort. Nánar tiltekið felst þessi mismunur í því að gagnaðili íslenska ríkisins virðist byggja á því að nyrsti hluti Langavatnsdalsár, miðað við fyrirliggjandi kort og örnefnaskrá, sé í raun syðsti hluti Mjóadalsár. Af þessu tilefni óskaði óbyggðanefnd eftir upplýsingum frá Veðurstofu Íslands um vatnasvið umræddra áa og ármót þeirra. Á korti sem barst frá Veðurstofunni í kjölfarið og var lagt fram í málinu kemur fram að ármót Langavatnsdalsár og Mjóadalsár séu staðsett nálægt norðurmörkum ágreiningssvæðisins, nánar tiltekið við mynni Mjóadals, u.þ.b. 200 m norðvestar heldur en sveitarfélagamörkin eru dregin á kort, en þau eru jafnframt norðurmörk svæðis 8B hjá óbyggðanefnd.

Í þessu sambandi skal tekið fram að ármótin, eins og þau eru skilgreind af Veðurstofu Íslands, eru staðsett nokkru vestar heldur en syðsti hluti Sauðahryggjar. Ef lagt er til grundvallar að ármótin séu staðsett með þeim hætti, þá er það Langavatnsdalsá en ekki Mjóadalsá sem rennur sunnan við Sauðahrygg og við þann hluta Fossamúla sem liggur næst Sauðahrygg, en sem fyrr segir kemur fram í landamerkjabréfi Fjalllendis Álftaneshrepps, frá árinu 1923, að Langavatnsdalsá og síðar Mjóadalsá ráði þessum hluta merkjanna að Sauðahrygg. Fær sú merkjalýsing vart staðist nema gengið sé út frá því að átt hafi verið við nyrsta hluta Langavatnsdalsár þegar getið var um Mjóadalsá í þessu sambandi.

Að teknu tilliti til þessara atriða er það niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á að talið hafi verið að umrædd á gengi undir nafninu Mjóadalsá á þeim stað þar sem Sauðarhryggur er næstur henni, og um leið næstur Fossamúla, a.m.k. á þeim tíma þegar framangreindar heimildir voru skráðar. Virðist það jafnframt vera í samræmi við hvernig gagnaðili íslenska ríkisins staðsetur kröfupunkt nr. 19, sem er nyrsti punktur austurmerkjanna samkvæmt kröfulýsingu hans. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að hvort sem gengið er út frá því að það sé nyrsti hluti Langavatnsdalsár eða syðsti hluti Mjóadalsár sem ræður nyrsta hluta austurmerkja ágreiningssvæðisins þá sé um að ræða sömu ána og miðað er við bæði í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins og landamerkjabréfum Fjalllendis Álftaneshrepps og afréttar Borgarhrepps. Álitaefni þetta snýr því aðeins að heiti árinnar sem ræður merkjunum, en ekki legu þeirra.

Sá staður þar sem Mjóadalsá rennur sunnan við Sauðahrygg og við þann hluta Fossamúla sem liggur næst Sauðahrygg er, bæði samkvæmt rannsókn óbyggðanefndar og því hvernig gagnaðili íslenska ríkisins staðsetur kröfulínu sína á kort, litlu sunnar en upphafleg norðurmörk svæðis 8B hjá óbyggðanefnd. Var því tekin ákvörðun um það við endurupptöku málsins að færa norðurmörk svæðisins til samræmis við legu

kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins að þessu leyti og var kröfulína íslenska ríkisins jafnframt færð til samræmis við breytt mörk svæðis 8B.

Samkvæmt þvi sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á austurmerkjum Fjalllendis Álftaneshrepps sé í samræmi við fyrirliggjandi heimildir.

Loks verða norðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Af hálfu íslenska ríkisins er sýslumörkum og afmörkun svæðis 8B hjá óbyggðanefnd fylgt að þessu leyti. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er norðurmerkjunum lýst frá Sauðahrygg eftir vatnaskilum á Fossamúla í Tröllakirkju.

Norðurmerkjum Fjalllendis Álftaneshrepps er lýst svo í landamerkjabréfinu frá árinu 1923: „Merkin byrja á Sauðahrygg – sem er Klettahryggur fast við Mjóadalsá við austurhornið á Fossmúla – og liggja eftir hryggnum og hæstu brúnum Fossmúla allaleið að norður-horni Oks (=Tröllakirkju).“

Norðan við ágreiningssvæðið er Fjalllendi Hrafnabjarga en ágreiningur um það svæði er til úrlausnar í máli nr. 3/2016 á svæði 9A hjá óbyggðanefnd. Í landamerkjabréfi fyrir Ytri- og Fremri-Hrafnabjörg í Hörðudal, dagsettu 18. maí 1883 og þinglýstu 28. sama mánaðar, er þeim hluta merkjanna sem hér skiptir máli lýst svo: „Fjallland sem Hrafnabjörg eiga, er sem hjer greinir: fyrst úr tjörninni vestanverðri á Mjóadalsdrögum, þaðan Mjóadal allan báðu megin suður í Hrútagil, eptir Hrútagili upp í Hrútaborg, … “. Landamerkjabréfið hefur ekki að geyma áritun vegna ágreiningssvæðisins. Hrútagil er vestan við Víðimúla. Þegar landamerkjabréfið fyrir Ytri- og Fremri-Hrafnabjörg var gert árið 1883 náði Fjalllendi Hrafnabjarga ekki lengra austur en að Hrútagili og tók því ekki til austasta hluta norðurmarka ágreiningssvæðisins. Þann 28. júní 1918 var gerður samningur um kaup eiganda Hrafnabjarga á „vesturhluta Víðimúla“ af Hörðudalshreppi. Í samningnum er austasta hluta norðurmarka gagnvart ágreiningssvæðinu lýst, en þar segir: „Frá Sauðahrygg við Mjóadalsá í hákoll á Víðimúla, þaðan eptir há Víðimúla sem vötn deila til Hrútagilsbotns; þaðan ræður Hrútagil til Mjóadalsár; þá ræður Mjóadalsá til Sauðahryggs.“ Afsal vegna kaupanna er dagsett 22. desember sama ár og því var þinglýst 8. júlí 1919.

Merkjalýsing landamerkjabréfs Fjalllendis Álftaneshrepps felur í sér að „hryggir og hæstu brúnir Fossamúla“ ráði milli Tröllakirkju og Sauðahryggs. Merkjalýsing landamerkjabréfs fyrir Fjalllendi Hrafnabjarga felur í sér að Mjóidalur allur „báðu megin“, að Hrútagili tilheyri Hrafnabjörgum. Þessi merkjalýsing bendir til þess að mati óbyggðanefndar að vatnaskil á Fossamúla hafi verið talin ráða merkjum svæðisins. Það er í samræmi við afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á norðurmerkjum ágreiningssvæðisins. Samkvæmt afsalinu frá 1918 um vesturhluta Víðimúla ræður Mjóadalsá frá Hrútagili að Sauðahrygg. Það er einnig í samræmi við kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins, þar sem miðað er við að Sauðarhryggur ráði merkjunum. Í málinu liggja fyrir gögn frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskila á

Fossamúla. Þar kemur fram að þau eru staðsett nokkurn veginn með sama hætti og sveitarfélaga- og sýslumörk eru teiknuð á fyrirliggjandi kröfulínukort, en þó ekki nákvæmlega eins. Við endurupptöku málsins var tekin ákvörðun um að færa afmörkun svæðis 8B til samræmis við legu vatnaskilanna að því leyti sem vatnaskilin liggja innan upphaflegu norðurmarka svæðisins. Færðust kröfulínur málsaðila til samræmis við þetta. Að teknu tilliti til þess sem hér var rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á norðurmerkjum ágreiningssvæðisins sé í samræmi við fyrirliggjandi heimildir.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að lýsing gagnaðila íslenska ríkisins á merkjum Fjalllendis Álftaneshrepps sé í heild sinni í samræmi við fyrirliggjandi heimildir.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í *Landnámu* segir að Bersi goðlauss, sonur Bálka Blængssonar úr Hrútafirði, hafi numið Langavatnsdal allan og búið þar. Sem fyrr segir liggja austurmörk ágreiningssvæðisins um Langavatnsdal og er vesturhluti hans innan þess. Þá segir að Þórhaddur, sonur Steins mjöksiglanda Vígbjóðssonar, Böðmóðssonar úr búlkarúmi, hafi numið Hítardal allan ofan til Grjótár fyrir sunnan, en ágreiningssvæðið afmarkast af Grjótá við sunnanverð vesturmörkin. Af þessari frásögn verður dregin sú ályktun að Langavatnsdalur hafi verið numinn, en aftur á móti verður ekki fullyrt með vissu um landfræðileg mörk þess svæðis sem vísað var til sem Langavatnsdals í *Landnámu*. Þar sem ekkert kemur fram um landnám annarra hluta ágreiningssvæðisins verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af frásögnum *Landnámu* þar að lútandi. Staðhættir og fjarlægðir mæla því heldur ekki í mót, að mati óbyggðanefndar, að ágreiningssvæðið hafi verið numið a.m.k. að hluta. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, samanber umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar,* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist

að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004. Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Svo sem greint er frá hér að framan eru innan ágreiningssvæðisins nokkur smærri svæði sem heimildir fjalla sérstaklega um. Auk þess tilheyrðu réttindi á einstökum hlutum þess mismunandi aðilum. Að teknu tilliti til þess, sem og fjölda heimilda sem liggur fyrir um svæðið, þykir rétt að fjalla með aðgreindum hætti um einstaka hluta ágreiningssvæðisins og heimildir þeirra kirkna og jarða sem réttindi á svæðinu tilheyrðu áður en forsendum fyrir niðurstöðu er lýst. Verða fyrst raktar heimildir um afrétt Hítardalskirkju og Staðarhraunskirkju á Langavatnsdal. Að því búnu verða raktar heimildir um afrétt annarra jarða á Langavatnsdal. Því næst verður fjallað um heimildir um eignarréttindi Akrakirkju og Hjörseyjarkirkju á Hafursstöðum (Hafrastöðum), Kvígindisdal og Sandnesi (Sandvatnsnesi) og þá aðrar heimildir um byggð á Langavatnsdal.

#### 6.4.3.1 Heimildir Hítardalskirkju og Staðarhraunskirkju um afrétt á Langavatnsdal

Elsta fyrirliggjandi heimild þar sem getið er um Langavatnsdal er máldagi Þorláks biskups Þórhallssonar fyrir kirkjunni undir Hrauni (Staðarhrauni), sem ársettur er 1185. Þar er m.a. getið um „afreitr j langa vatzdal notum [nautum] ollom. oc lia eigi oþrom“, í umfjöllun um eignir og réttindi kirkjunnar.

Elsta heimild um réttindi Hítardalskirkju á Langavatnsdal er máldagi kirkjunnar, frá árinu 1354. Þar kemur fram að kirkjan eigi „afreit j Lanngavatnnsdal“. Í Vilchinsmáldaga fyrir Hítardalskirkju, frá árinu 1397, segir að kirkjan eigi „afriett j Langavatsdal“.

Í máldaga Staðarhraunskirkju, sem talinn er frá árabilinu 1491–1518, segir m.a. eftirfarandi um eignir kirkjunnar: „Afriettur í Langavatnsdal naut ollum og lia ei odrum.“ Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Hítardal, frá því um 1570, segir að

kirkjan eigi „affriett i Langavatzdal“. … “. Í vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar fyrir Hítardalskirkju, frá 19. september 1642, segir að hún eigi „afriett I Langavatsdal fyrer alltt sitt gielldfie“.

Í ódagsettri lögfestu fyrir Hítardal, sem þinglesin er 1697, er m.a. lögfest: „geldfiár afrett á Langavatnsdal, … “. Í prófastsvísitasíu kirkjunnar að Hítardal frá 17. maí 1694, segir m.a. um eignir kirkjunnar að hún eigi: „Afriett I Längavatnsdal firer allt Sitt gielld fie Effter þui Sem gietur I visitatione Anno 1642. Huar vænst er ad þad I tak Sie Skriffad effter Hytardals Skrä.“ Í vísitasíu Þórðar biskups Þorlákssonar fyrir Hítardal, frá 20. september 1676, kemur fram að kirkjan eigi „Afrett i Längavatnsdal fyrer allt Sitt Gelldfie, effter þui Sem I Visitatiubok M. Brynjölfs er Skrifad effter Hytardals Skrä, … “. Í ódagsettri lögfestu Jóns Halldórssonar fyrir Hítardal, sem lesin var upp á manntalsþingi að Lækjarbug árið 1699 kemur fram að hann lögfesti sinn „Veitingarstad Hytardal med allri hans Heimalands Eign, Selförum og Hytardals kyrkju Itókum, nefnilega Gjeldfjár Afrétt á Langavatnsdal, … “. Í vísitasíu Jóns biskups Vídalíns fyrir kirkjuna í Hítardal, frá 27. ágúst 1702, kemur fram að kirkjan eigi „ … afriett i Langavatnzdal firer allt sitt gielld fie effter þvj sem i visitatiubok M. Briniolfs er skrifad effter Hÿtardalz skrä … “.

Í umfjöllun um Hítardal í kaflanum um Hraunhrepp í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, kemur fram að jörðinni fylgi „Afrjett á Lángavatnsdal fyrir alt sitt geldfje.“

Í ódagsettri lögfestu Jóns prests Halldórssonar fyrir Hítardalskirkju, sem var þinglesin á manntalsþingi á Lækjarbug 3. maí 1710, segir m.a. eftirfarandi: „Eg Jon prestur Halldorsson Lögfesti hier i dag minn Veitingarstad Hytardal med allri sinni heimalands eign Selförum Afriettum og Hýtardals kyrkiu Itökum nefnilega gielldfiár afriett á Lángavatnsdal, … “. Í ódagsettri lögfestu fyrir Hítardal, sem lesin var upp á manntalsþingi á Kaldárbakka þann 4. júní 1712, segir: „Eg Jón Haldórsson Lögfesti hér í dag minn Veitingarstad Hÿtardals Stad, med allri sinne Heimalands Eign og gjædum, Selförum og Itökum, nefniliga Gjeldfjár Afrétt á Lángavatnsdal“.

Í vísitasíu Hítardalskirkju frá 13. október 1724, segir: „Allra heilagra kyrkia ad Hytardal, A heimaland Allt med gógnum og giædum, Reka halfann a GómluEire, Afriett ij Langavatnsdal fyrer allt sitt gielldfe, efter þvi sem ij Visitatiu Mag: Brinjölfs er skrifad efter Hytardals Skrä, … “.

Í lögfestu fyrir eignum Hítardalskirkju, sem er ódagsett en var þinglýst 23. apríl 1731 segir: „Eg Jon prestur Halldorsson Lögfeste hier i Dag minn Veiting<arstad> Hÿtardal med allre sinne Heimalandseign, Selförum afriettum og Hytardalskyrkiu Itökum Nefnelega Gielldfiar afriett á Lángavatnsdal … “.

Í lögfestu fyrir Hítardalskirkju frá árinu 1733 segir: „Eg Jon prestur Halldorsson Lögfeste hier I dag minn Veitingar Stad Hytardal, med allre hanns Heimalands Eign, og Hytardals Kyrkiu Itökum nefnelega gielldfiár afriett á Lángavatnsdal … “. Í prófastsvísitasíu kirkjunnar að Hítardal frá 31. maí 1737, segir

m.a. um eignir kirkjunnar: „Hun (Kyrkiann) a Heimaland allr med gógnum og giædum reka hälfann a gómlu Eyre, afriett I Längavatnsdal fyrer allt sitt gieldfe effter þvi sem i Visitatiu Bök M. Brinjolfs er skrifad effter Hytardals Skrä, … “.

Í vísitasíu kirkjunnar að Hítardal frá 27. maí 1759, segir m.a. um eignir kirkjunnar: „Hun ä Heimaland allt med Gógnum og Giædum Reka halfann ä Gómlu Eyre, Afrett i LängaVatnsDal fyrer allt sitt gielldfe, effter þvi sem I Visitatiu Mag. Brinjolfs er skrifad, effter Hytardals Skrä. … “.

Í lögfestu fyrir Hítardalskirkju frá 9. apríl 1776, sem lesin var á manntalsþingum 11. og 13. apríl og 4. maí sama ár, er ekki getið um afrétt í Langavatnsdal. Hið sama á við um lögfestu fyrir Hítardalskirkju frá 3. júní 1782, sem þinglesin var samdægurs. Í vísitasíu sömu kirkju, frá 23. ágúst 1783, er hins vegar aftur minnst á afrétt í Langavatnsdal. Þar segir: „Enn framar á hún Afrett i Lángavatnsdal fyrer allt sitt Geldfe, … “. Ekki er minnst á afréttinn í Langavatnsdal í lögfestu Hítardalskirkju, frá 26. mars 1790, sem þinglesin var á manntalsþingum 7., 8. 12. og 13. apríl sama ár.

Í jarðamati Mýrasýslu, frá 1804, kemur fram að Hítardalur eigi afrétt sem aðrir í byggðalaginu reki fé í yfir sumartímann gegn gjaldi. Ekki kemur fram hvort þar sé átt við afrétt á Langavatnsdal eða eftir atvikum Fjalllendi Hítardals, sem fjallað er um í kafla 6.3 hér að framan.

Í prófastsvísitasíu að Hítardal, þann 14. nóvember 1810, er m.a. fjallað um útmælingu fyrir nýbýli á Langavatnsdal. Þar er getið um svæðið sem „Hitardals kyrkju Eign Afrettar Land fyrir Stadarins Geldpening [Stadarins Geldpening, orðaröð leiðrétt með tölustöfum ofan línu] a sokolludum Langavatnsdal, … “. Fram kemur að presturinn álíti landið vera „Hitardals Beneficiario fÿrir nærverandi sem eftir-Tíd aldeilis omissandi, hvar Fyrir honum tilsegist a tilhlydil. Stodum ad anmæld … “. Í prófastsvísitasíu kirkjunnar að Hítardal þann 15. desember 1812, kemur eftirfarandi fram um umrædda stofnun nýbýlis á Langavatnsdal: „A vidkomandi Stödum hefir Presturinn síra Björn géfid til kÿnna Níbíla Uppteknĭngu a Hitardals kyrkju tilheirandi Afrettarlandi a Lángavatnsdal, en til datum eckert áreidanlegt [áreidanlegt, ofan línu] … “. Í prófastsvísitasíu Hítardalskirkju frá 4. janúar 1814, er fjallað um eignarhald á Langavatnsdal. Þar segir m.a.: „ … beheldur ogso öllum sínum Eigindómi utan sem innan Stocks ad undanteknu Afrettar Landi á Langavatnsdal, sem fyri nærverandi tíd [tíd, ofan línu] er bÿgdt, þo Stadarhalldarans Sira B. Benedictssonar Leÿfis of Samþÿckis.“

Í vísitasíu fyrir Hítardal, frá 10. ágúst 1831, eru taldar upp eignir kirkjunnar. Þar segir meðal annars: „En framar á hún Afrétt á Lángavatnsdal fyrir allt sitt Géldfé … “. Í ódagsettri lögfestu fyrir Hítardal, sem þinglesin var á manntalsþingi að Lækjarbug þann 12. júní 1832 segir meðal annars: „Lógfesti hér í Dag minn Veitíngarstad Hÿtardal med allri hans Heimalandseign, gjædum og Selfórum og Hytardalskyrkju Itókum og Eignum, nefniliga: gjeldfjár Afrétt á LángaVatnsdal. … “.

Hið sama kemur fram í tveimur öðrum lögfestum fyrir Hítardalskirkju sem þinglesnar voru sama dag og daginn eftir.

Í lögfestu fyrir Hítardalskirkju sem dagsett er 6. júní 1849, og þinglesin sama dag segir m.a.:

> Eg Thorsteinn Erlendsson Hialmarsen, Soknarprestur til Hytardals Safnadar, og Prófastur fyrir Mýrasýslu Prófastsdæmi, lögfesti hér í dag minn veitíngarstad Hýtardal med allri hans heimalands eign selförum, afréttum, og Hytardals kyrkju ítökum, nefnilega: Géldpenings Afrétt á Lángavatnsdal fyrri allt sitt géldfé, […].

Í úttekt Staðarhraunskirkju, frá 25. júlí 1890, er „[u]pprekstur á Langavatnsdal“ talinn upp meðal ítaka og hlunninda kirkjunnar.

Hítardalssókn var lögð niður árið 1875 þegar hún var sameinuð Staðarhraunssókn.

#### 6.4.3.2 Heimildir um afrétt annarra jarða á Langavatnsdal

Fyrir liggja allmargar heimildir um að jörðum í Álftneshreppi hafi tilheyrt afréttur á Langavatnsdal. Þá eru einnig fyrir hendi heimildir um að Hrafnabjörgum í Hörðudal hafi tilheyrt upprekstrarréttur þar. Verða þessum heimildum gerð skil hér á eftir.

Elsta heimild um að Hrafnabjörgum tilheyri réttindi í Langavatnsdal er kaupbréf sem er dagsett 31. desember 1393. Þar kemur fram að meðal hins selda sé „[t]uttugu gelldfiar kugilldabeit i Langavatnzdal.“

Í umfjöllun um Hrafnabjörg í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1703, er ekkert minnst á afrétt í Langavatnsdal.

Í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, er aftur á móti að finna sérstaka umfjöllun um Langavatnsdal. Þar segir:

> Lángevatns Dalur heitir eyðipláts í fjöllum þeim, er liggja ámillum Mýrasveita og Breiðafjarðardala.
>
> […]
>
> Er það nú brúkað fyrir afréttarland á sumur, sem fyr segir. En öngvu að síður eru vissum kirkjum eignuð ítök á þessum Lángavatnsdal í vissum takmörkum, sem síðar mun getið verða. En ekki vita menn, að eftir þau ítök hafi tollar goldist fyrir beit afrjettarpeníngsins, heldur hefur beitin lángvarandi haldist og brúkuð verið í óþakklæti tollfrí, af þessari sveit að sunnanverðu, en Álftanesshrepp að vestan, í þessum Lángavatnsdal.

Í þessari sömu umfjöllun um Langavatnsdal í *Jarðabókinni* er getið um frásagnir um forna byggð í dalnum. Nánar er fjallað um það í kafla 6.4.3.4 hér á eftir.

Í einni athugasemd Árna Magnússonar við *Jarðabókina* segir að Langavatnsdalur sé almenningur. Þar segir: „Það sem hér er skrifað um Langavatnsdalseign, er í bland órétt undi<r>éttað og þarf því að corrigerast [þ.e. leiðréttast], nefnilega um ítök í dalinn. Hann er almenningur so nær sem Hafrastaðir.“

Eftirfarandi kemur fram í umfjöllun um Hvítstaði í Álftaneshreppi í *Jarðabókinni*:

> Afrjett brúkar þessi jörð, so sem aðrar í sveitinni, fyrir geldfje og lömb, og stundum fyrir naut og hesta vestantil á Lángavatnsdal, tollfrí um lángan aldur. En fyrir átroðníng, sem þetta afrjettarfje gjörir í Hraundalslandi syðra, er venja, að hvör maður gjaldi til bóndans í Hraundal v fiska virði árlega, sá sem þetta afrjettarfje á. Fyrir 4 árum var þessi rjett eður upprekstur eki brúkuð um nokkur ár sökum harðinda og grasleysis.

Þá kemur fram í umfjöllun um flestar aðrar jarðir í Álftaneshreppi í sömu heimild að þeim fylgi afréttur á Langavatnsdal með sama hætti og Hvítstöðum. Þetta eru jarðirnar Háihóll, Valshamar, Urriðaá, Langárfoss, Smiðjuhólskot, Leirulækur, Lambastaðir, Miðhús, Suðurbær, Litlibær, Álftanes, Sandhús, Straumfjörður, Knararnes, Vogalækur, Hofstaðir, Krossnes, Álftárós, Þurrholt, Álftárbakki, Arnarstapi, Álftártunga, Grímsstaðir og Syðri-Hraundalur. Nánar tiltekið segir um þetta í umfjöllun *Jarðabókarinnar* um Syðri-Hraundal:

> Afrjett ut supra, og er fje úr þessari afrett rekið alt í þessarar jarðar land að Hraundalsrjett, og fyrir þann átroðning, sem rjettarfjeð og hestar fólksins, sem þángað sækir, gjöra í landinu, geldur hver bóndi, sem fje rekur til rjettarinnar, eitt v fiska virði, vide Hvítstaði supra.

Í umfjöllun *Jarðabókarinnar* um hjáleigur Álftaness, þ.e. Tanga, Einarsneskot, Kvíslhöfða, Fornasel og Sandhús kemur eftirfarandi fram: „Afrjett og haga brúka hjáleigurnar óskift, so sem hvör þarf af heimajarðarinnar landi, og afrjett á Lánga Vatnsdal ut supra.“

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, frá árunum 1752–1757, segir að Langavatnsdalur sé „[n]ú á tímum ágætis afréttur“. Til forna hafi verið þar kirkjusókn og fjöldi bæja. Nánar er vikið að þessu er varðar byggðina í kafla 6.4.3.4 hér á eftir.

Í svari Þorgríms Sigurðssonar, sýslumanns í Mýrasýslu, til Landsnefndarinnar, frá árinu 1770, er dalurinn nefndur „Eyde Plátz“ og fram kemur að hann sé nýttur sem „Almennings Afriett“. Nánar er fjallað um þessa heimild í kafla 6.4.3.4 hér á eftir.

Í sóknalýsingu Páls Guðmundssonar á Borg, frá árinu 1840 fyrir Borgar- og Álftanessóknir, sem birtist í ritinu *Sýslu- og sóknarlýsingar* fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur, er getið um Langavatnsdal sem afrétt. Þar segir:

> *Afréttarlönd* eru hér sem almenningur brúkar: Langivatnsdalur með til liggjandi fjöllum og afdölum; hafa þar upprekstur bæði Álftanes- og Borgarhreppur sem leita hvör til sinnar réttar. Heitir sú Hraundalsrétt sem Álftaneshrepp tilheyrir, en hin Þinghólsrétt sem tilheyrir Borgarhrepp og eru báðar haldnar; sú síðarnefnda fimmtudaginn, hin föstudaginn 21 viku af sumri.

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum* er jafnframt að finna sóknalýsingu séra Ólafs Pálssonar í Stafholti, frá árinu 1853, þar sem hann fjallar um afréttarlönd í Stafholts- og Hjarðarholtssóknum. Þar segir að bæirnir vestan Gljúfurár eigi afrétt á Langavatnsdal. Loks segir í *Sýslu- og sóknarlýsingum* fyrir Dalasýslu að Hörðdælingar hafi upprekstur innanvert á Langavatnsdal, sem sé almenningur. Ekki liggur fyrir hvort þessar heimildir eigi við um þann hluta Langavatnsdals sem er innan ágreiningssvæðisins og ekki hafa komið fram kröfur í málinu vegna jarða í Hörðudalshreppi, fyrir utan þær kröfur sem gerðar eru af hálfu eiganda Ytri-Hrafnabjarga og gerð er grein fyrir í kafla 3.7.

Í „reglugjörð um notkun afrjetta, rjettir, fjallskil, o.fl. í Mýrasýslu", sem samþykkt var á fundi amtráðsins í Vesturumdæminu 11.−13. júlí 1878, er m.a. fjallað um leitarmörk. Þar kemur fram að Hraundalsrétt tilheyri öllum jörðum í Álftaneshreppi og skuli leita til hennar öll heimalönd þeirra „og öll fjall-lönd þau, er þar að liggja, allt að löndum Dalamanna og afrjettum hraunhreppinga að vestan, og Borghreppinga að sunnan." Hið sama kemur fram að því er varðar mörk leitarsvæðis Álftaneshreppsréttar í „reglugjörð fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar" frá árinu 1892.

Eins og að framan er rakið, samanber einnig kafla 5.5 um sögu Fjalllendis Borgarhrepps, er landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps dagsett 2. nóvember 1920 og því þinglýst 25. júní 1923. Hjörtur Sigurðsson á Ytri-Hrafnabjörgum undirritaði bréfið með eftirfarandi athugasemd: „Samþykkur framanskrifuðum landamerkjum að öðru leyti en því að Hrafnabjörg eiga samkvæmt Hrafnabjarga máldaga tuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal." Undir landamerkjabréfinu er svo eftirfarandi athugasemd sem Jóhann Magnússon undirritar fyrir hönd hreppsnefndar Borgarhrepps: „Ath. Hrafnabjargamáldagi getur ekki um hvoru megin á Langavatnsdal ítak Hrafnabjarga er. Ítakið er því sennilega á öllum dalnum beggja megin, eða aðeins að vestanverðu."

Í svari hreppstjórans í Álftaneshreppi, dagsettu 28. júlí 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns í tilefni af beiðni Stjórnarráðs Íslands um skýrslur frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenninga eða afrétta segir meðal annars:

> En um afréttarland Álftaneshrepps veit ég það eitt, að það liggur að afréttarlandi hraunhrepps að vestan, Dalamanna að norðan og Borghreppinga að austan.
>
> Ekki veit ég til að neinn einstaklingur eigi tilkall til þessarar landspildu, hvorki vatns eða annars, utan séra Einar Friðgeirsson á Borg, sem telur sig eiga veiðirétt í parti af Langá, Langavatni og nokkrum parti af Langavatnsdalsá, sem rennur í Langavatn á Langavatnsdal.

Í 33. gr. fjallskilareglugjörðar fyrir Mýrasýslu, dags. 2. júní 1921, er mörkum leitarsvæðis Hraundalsréttar lýst á þann veg að það sé: „Öll afrjettarlönd og

heimalönd tilheyrandi Álftaneshreppi, svo og alt Ytra-Hraundalsland og Svarfhólsmúli í Hraunhreppi.“ Mörkum leitarsvæðis Hraundalsréttar er lýst svo í 33. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu nr. 175/1952 að það sé: „Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Álftaneshreppi, svo og fjallland Ytra-Hraundals.“ Þá er mörkum leitarsvæðisins lýst með nákvæmlega sama hætti í 33. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu nr. 377/1975.

Í svari sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dagsettu 13. nóvember 1985, vegna fyrirspurnar dómsmálaráðuneytisins um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. segir um afréttarland Álftaneshrepps:

> 5. Hraundalsrétt. – Álftaneshreppur á afréttarland á innanverðum Hraundal og á Langavatnsdal, vestan vatns og áa, samhliða leitarmörkum Borgarhrepps að austan. Er óvíst að leitarsvæði Álfthreppinga nái að sýslumörkum Dalasýslu að norðan, því svo virðist sem lönd Hraunhrepps og Borgarhrepps nái saman á Mjóadal. En afréttarlönd Álftaneshrepps liggja að afréttarlöndum Hraunhrepps allt suður að Álftaskörðum við Grjótárdal. – Að sunnan afmarkast afrettarlönd Álftaneshrepps af heimalöndum jarðanna Ytri-Hraundals í Hraunhreppi og Syðri-Hraundals í Álftaneshreppi.

#### 6.4.3.3 Heimildir um eignarréttindi Akrakirkju og Hjörseyjarkirkju á Hafursstöðum (Hafrastöðum), Kvígindisdal og Sandnesi (Sandvatnsnesi)

Elsta heimild um Hafursstaði er máldagi kirkjunnar á Ökrum, frá árinu 1258. Þar segir eftirfarandi um eignir kirkjunnar: „hvn a halft land heima oc .vj. kyr. oc .cc. frið oc hafrstaðe halfa.“

Í Vilchinsmáldaga kirkjunnar að Ökrum frá árinu 1397, segir m.a. eftirfarandi um eignir kirkjunnar: „Mariukirkia aa Ökrum a heimaland halft. Hafurstadi halfa.“

Máldagi Akrakirkju sem talinn er vera frá árabilinu 1491–1518, er elsta heimild þar sem getið er um Kvígindisdal. Þar segir: „Mariu kýrkia ad Økrum a heimaland halfft. Prestur þar skal hafa hejtolla af 7 bæium og qvijndisdal allann med Sandnese, halfa Hafurstade, … “.

Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Akrakirkju, frá því um 1570, segir: „Kirkian ad Aukrum á heimaland hálfft. Kviendisdal allann med Sandnese. hálffa Haffursstade.“ Í vísitasíu kirkjunnar að Ökrum þann 31. ágúst 1642 segir m.a. um eignir kirkjunnar: „Mariukyrckia ä Aukrum ä heimaland halfft hafurstadi halfa [eyða] epter Bädum mäldógunum, enn epter Visitatiu Bökinni framar Kvijindisdal allann med Sandnesi er nu huorrtveggia eydi,

Í vísitasíu Akrakirkju frá 3. september 1676 segir eftirfarandi um eignir kirkjunnar: „Mariukyrkia ad Økrum ä Heimaland hälfft, Hafurstade hälfa Kuyindisdal halfann, effter lisingu Jardar eigandans Finns Sigurdssonar, enn allann effter visitatiubok H. Gysla Jonssonar og þar ad auk Sandnes, … “. Í prófastsvísitasíu kirkjunnar að Ökrum frá 13. maí 1694, segir m.a. um eignir kirkjunnar:

> Mariu Kyrkia ad Økrum Hun [Hun, ofan línu] ä effter Biskupanna Mäldógum Hälfft heimaland og halfa HaffurStade. Item Halffann Kuyindisdal effter Lysingu Jardar Eigandans Finns Sigurdssonar Stendur i Mäldaga Mag. Þördar Anni 1676 Enn allann effter Mäldaga Hr. Gÿsla Jönssonar […].

Í vísitasíu Jóns biskups Vídalíns fyrir Akrakirkju þann 29. ágúst 1702, segir m.a. um eignir kirkjunnar: „Hün ä Heimaland Halfft Hafurstade halfa Kviindisdal allann effter visitatiu Hr. Gijsla Jönssonar og M. Briniolfs og þar ad auke Sandnes. ... “.

Elsta fyrirliggjandi heimild um að Hjörseyjarkirkju tilheyri réttindi á ágreiningssvæðinu er *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709. Þar segir:

> Selstöðu á jörðin í fjarska við sig á fjöllum, þar sem heitir Kvígindisdalur, og er yfir máta erfitt að sækja, meir en dagferð vegalengdar, og því aflögð selstaðan fyrir manna minni. Þar er nú í staðinn fjárupprekstur í landið, sem Hjörtseyjarmenn hafa frí.

Þá segir eftirfarandi í umfjöllun um Akra í sama riti:

> Kirkjan á eftir sínum máldögum hálfan Kvíindisdal á móts við Hjörtseyjarkirkju.
>
> Enn á hún eyðiból nokkkurt, það er heitið skal hafa H a f r a s t a ð i r, og menn ætla sje á Hafradal, sem gengur út af eyðilandinu Lángavatnsdal. [Það vill vera það, sem í Borgarhrepp eru skrifaðir Hafursstaðir]. Af hverugu þessu síðastnefndu landsplátsi hafa nú Akramenn gagn um lángar stundir.

Í prófastsvísitasíu kirkjunnar á Ökrum frá 1. nóvember 1712, segir m.a. um eignir kirkjunnar. Þar segir: „Sama Dag visiterud Mariu Kirkia ad Ókrum, hun ä epter Mäldógunum og visitatium biskupanna, Heimaland hälft, Hafursstade hälfa, Kviindisdal allann og þar ad auke Sandnes … “.

Í vísitasíu, frá 17. júní 1725, segir m.a. um eignir kirkjunnar að Ökrum: „Mariæ kirkia ad Aukrum ä heimaland halfft Hafurs Stade hälfa, Kvigyndisdal allann med Sandnese.“ Í vísitasíu Akrakirkju frá 8. maí 1737, segir m.a. um eignir kirkjunnar: „Hun ä allt heimaland hälft, Hafursstade hälfa, Kvijindesdal allann, effter visitatium Biskupanna, Hr Gisla Jönssonar, og Mag: Brinjölfs. Þar ad auke Sandnes.“

Í vísitasíu Akrakirkju frá 11. júní 1759, segir m.a. um eignir kirkjunnar: „Hun a Heimaland hälft, Hafurzstade hälfa, KvyindesDal allann og Sandnes … “.

Í prófastsvísitasíu kirkjunnar að Ökrum frá 29. maí 1771, segir m.a. um eignir kirkjunnar: „Hun á epter Máldaugunum sem hun beheldr enn nu, hálfft Heimaland, Hálfa Hafurstade, Qvíendis-dal allann og Sand-nes.“

Í vísitasíu Akrakirkju frá 12. september 1783 segir m.a. um eignir kirkjunnar: „Hún á Heimaland hálft, Hafurstade hálfa, Kvíendisdal allann og Sandnes.“

Í jarðamati Mýrasýslu, frá árinu 1804, verður ekki ráðið að neitt komi fram um Kvígindisdal.

Í vísitasíu Akrakirkju, frá 27. júlí 1831 segir m.a. um eignir kirkjunnar: „Hún á Heimaland hálft, Hafursstadi hálfa, Qvígindisdal allann og Sandnes.“

Á manntalsþingi að Álftártungu í Álftaneshreppi, höldnu þann 27. apríl árið 1841, lögfesti Benedikt Jónsson Hjörsey, auk jarðanna Hamraenda, Selja og Lambhússtúns. Einnig lögfesti hann hálfan Kvígindisdal og friðlýsti sömu lönd og hann lögfesti. Lögfesta Benedikts var dagsett 13. apríl 1840 og í henni segir meðal annars: „Logfestir jardirnar Hiörtsey, Hamraenda, Selja og Lambhústún og fjalllandid hálfan Kvíildisdal, samt fridlýsir tédra jarda Land etc.“

Í umfjöllun um Hjörsey í Jarðamati Hraunhrepps í Mýrasýslu 1849-1850 er ekki getið um Kvígindisdal. Í umfjöllun um Akra í sama jarðamati er getið um kirkjuítök en ekki er getið sérstaklega um Kvígindisdal.

Fyrir liggur bréf Jóns Eyjólfssonar til prófastsins á Borg, dagsett 1. desember 1856, þar sem hann óskaði eftir því að prófastur útvegi sér áreiðanlega vissu fyrir ítökum Akrakirkju. Þar segir:

> Samkvæmt Vísitaciubók Akr~~n~~akyrkju sem seigir ad kyrkjan eigi hálfa Hafursstadi 11 hndr. í Sandnesi allan Qvíindisdisdal /: ad líkindum liggja ítök þessi á langavassdal :/ bid eg ydar Velæruverdugheyt ad útvega mer áreidanlega vissu fyrir þessum í tokum, og hvört eg eigi og meigi nota þessi í tök Kyrkjunnar vegna?

Fyrir liggur að prófasturinn á Borg ritaði bréf til biskups, dagsett 15. janúar 1857, þar sem hann áframsendi erindi Jóns Ejólfssonar. Biskup svaraði bréfi prófasts með bréfi, dagsettu 6. mars 1857, og sendi honum útdrátt úr máldögum Vilkins og Gísla biskupa, varðandi ítök Akrakirkju. Þá segir í svarbréfi biskups: „ … það er ekkert efamál, að fjárhaldsmanni tjeðrar kirkju getur ekki annað en verið heimilt að nota þau þar í nefndu ítök.“

Í prófastsvísitasíu kirkjunnar að Ökrum frá 6. júní 1884, er fjallað um eignarhald kirkjunnar á Langvatnsdal. Þar segir m.a.: „Hún á hálft Akra heimaland, Kvígindisdal allan með Sandnesi og hálfa Hafursstaði í Langavatnsdal.“

Í landamerkjabréfi Akra í Hraunhreppi, dagsettu 28. júní 1884 og þinglýstu 3. júlí sama ár, er getið um ítök kirkjunnar á Langavatnsdal. Þar segir meðal annars: „Ítök Akrakirkju eru eftir gömlum máldögum á Langavatnsdal, Kvíildisdalur allur með Sandvatnsnesi og Hafursstaði hálfa er hafa staðið í Haf[ra] dal innan Langavatnsmúla.“

Sóknir Akrakirkju og Hjörseyjarkirkju voru sameinaðar þann 27. júní 1895, að því er fram kemur í ritinu *Kirkjur Íslands*.

Í grein Brynjólfs Jónssonar sem bar yfirskriftina „Rannsókn nokkurra eyðibyggða í Mýrasýslu sumarið 1895“ og birtist í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, árið 1896, segir eftirfarandi: „Hafurstaðir eiga að hafa staðið við minnið á Hafradal. Sjálfur er dalurinn þröngur og undirlendislaus. Á rennur fram úr

honum, og hefir hún brotið burtu sljetta velli, sem verið hafa við dalsmynnið, svo nú er að eins lítið eftir af þeim.“ Einnig segir í sama riti:

> Hafurstaðir sagði hún [Halldóra Guðmundsdóttir (1766-1843)] að hefði verið vestanmegin Hafradalsár við mynni þess dals. [...]
>
> Sjálfur kom Halldór [Bjarnason (1824-1902)] oft í Langavatnsdal, og veitti eftirtekt, hvort rústir sæist þar sem kerling hafði tilnefnt. Þá er hann kom þar fyrst 1840, (unglingur hjá foreldrum sínum) sá hann þúfnabarð, þar sem kerling hafði vísað á Hafurstaði. En er hann kom þar síðar, hafði áin brotið af þessu þúfnabarði meir og meir, og 1887, er hann kom þar síðast, var það mjög svo horfið.

Í sömu heimild segir ennfremur um Borg og Hafursstaði: „Það hafði Halldóra [Guðmundsdóttir] enn fremur sagt, að í ungdæmi sínu hefði almennt verið talið víst, að *Borg* [hin eldri] væri sami bær sem *Torfhvalastaðir*, er Landnáma nefnir. Sá bær hefði verið mestur í dalnum, en þar næst Hafurstaðir.“

Þann 24. febrúar 1902, var gerður kaupsamningur um þau lönd og ítök sem Akrakirkja átti áður fyrr. Kaupsamningurinn var þinglesinn 26. maí 1903. Þar segir meðal annars:

> Vjer Eiríkur, Bjarni og Jón, sem erum núverandi eigendur Akra í Hraunhreppi, seljum lönd þau og ítök á Lángavatnsdal, sem fyr átti Akrakirkja, en sem varð vor fulla eign við afhendingu kirkjunnar í hendur safnaðsrins. Eign þessi er, eftir skjölum og máldögum Akra: Hálfir Hafursstaðir, Kvígildisdalur allur, ásamt Sandnesi, sem nú er kallað Sandvatnsnes.

Afsal vegna kaupanna er dagsett 17. mars 1903 og var þinglesið 26. maí sama ár. Þar segir meðal annars:

> Þar eð Einar prófastur Friðgeirsson á Borg hefur nú fullnægt framanrituðu kaupbréfi með því að borga í peningum 200 krónur og gefa oss út skuldabrjef fyrir 300 krónum, þá segjum vjer hann rjettan eiganda að landstilkalli voru á Langavatnsdal: Hálfum Hafursstöðum, Kvígildisdal öllum og Sandvatnsnesi (áður nefnt Sandnes), afsölum vjer hjermeð eign þessari til hans frá oss og vorum erfingjum.

Á manntalsþingi fyrir Álftaneshrepp, þann 26. maí 1910, var þinglesið afsalsbréf fyrir fjalllandi á Langavatnsdal til Álftaneshrepps.

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar*, III. bindi, er vitnað til frásagnar *Jarðabókar* Árna og Páls varðandi Hafursstaði, eða Hafrastaði, og fram kemur að líklegt sé að jörðin hafi verið vestan Langavatnsdalsár gegnt Borg, en þar heiti Hafradalur og Hafradalseyjar.

### 6.4.3.4 Aðrar heimildir um byggð á Langavatnsdal

Í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, er sem fyrr segir að finna sérstaka umfjöllun um Langavatnsdal. Þar segir:

> Lángevatns Dalur heitir eyðipláts í fjöllum þeim, er liggja ámillum Mýrasveita og Breiðafjarðardala. Það er almenn sögn og fyrir satt haldið, að í þessum dal hafi að fornu bygð verið og lítil sveit. Kemur mönnum ekki saman um tölu bæjanna, hvað margir verið hafi. Þrír eru nefndir. Borg, sem verið skuli hafa kirkjustaður. Vatnsende annar, og skuli sjást á báðum þessum bygðarmerki forn. Þriðja Hafurstaðir. Ekki sjást þar girðíngar. Fleiri bæi kunna menn ei að nefna. Þessi sveit skal eyðilagst hafa í plágunni miklu, þá hjer var pest á landinu Anno 1400. Hefur síðan aldrei bygst, og er ómögulegt að byggja fyrir vetrarríki. Er það nú brúkað fyrir afréttarland á sumur, sem fyr segir. En öngvu að síður eru vissum kirkjum eignuð ítök á þessum Lángavatnsdal í vissum takmörkum, sem síðar mun getið verða. En ekki vita menn, að eftir þau ítök hafi tollar goldist fyrir beit afrjettarpeníngsins, heldur hefur beitin lángvarandi haldist og brúkuð verið í óþakklæti tollfrí, af þessari sveit að sunnanverðu, en Álftanesshrepp að vestan, í þessum Lángavatnsdal.

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, frá árunum 1752–1757, segir að Langavatnsdalur sé „[n]ú á tímum ágætis afréttur“. Til forna hafi verið þar kirkjusókn og fjöldi bæja en byggðin lagst af í svarta. Byggðin hafi lagst í eyði í „plágu þeirri, sem geisaði á Íslandi 1402–1404 og kölluð er *svarti dauði*.“ Síðan segir:

> Það gegnir furðu, að svo fagurt hérað skyldi ekki byggjast upp á ný, þó að nágrannabændurinir kysu heldur að nota það sem ókeypis afrétt fyrir búsmala sinn. Þegar við fórum um Langavatnsdal sumarið 1754, sáum við hin fornu tún standa þar í fullum blóma, rétt eins og þau hefðu notið árlegrar umhirðu og áburðar. Árið 1255 var dóttir prestsins í Langavatnsdal talin ein auðugastur kvenkostur á öllu Vesturlandi, og biðlaði Þorgils skarði til hennar, en hann var af ætt Sturlunga og umboðsmaður Hákonar konungs.

Fyrir liggja heimildir um að á 18. öld hafi verið uppi umræður um að endurreisa byggð á Langavatnsdal. Mun dalurinn hafa verið einn þeirra staða sem Landsnefndinni fyrri, sem starfaði á árunum 1770–1771, var falið að kanna með tilliti til viðreisnar eyðibyggða. Í svari Þorgríms Sigurðssonar sýslumanns í Mýrasýslu til Landsnefndarinnar, frá árinu 1770, er dalurinn nefndur „Eyde Plátz“ og fram kemur að hann sé nýttur sem „Almennings Afriett“. Þá segir að Langavatnsdalur sé „ummkringdur ummhverfes af Fiöllumm“ og að Langavatn liggi eftir honum endilöngum. Fram kemur að hann sýnist „ej helldur byggelegur, þar bæde er af Ám og Fiallskridumm fordiarfadur“.

Fyrir liggur að Ólafur Stephensen amtmaður kannaði Langavatnsdal árið 1788 ásamt sýslumanni Mýrasýslu með það fyrir augum hvort þar mætti reisa byggð á ný. Í lýsingu sem amtmaður ritaði til Rentukammers árið 1789 kemur m.a. fram að hann telji að sex til sjö bæir hafi verið byggðir í dalnum áður fyrr en allir farið í eyði í

svartadauða 1402. Þá kemur fram að hann telji sig hafa séð rústir gamla kirkjustaðarins, sem nefndur var Borg, í miðjum dalnum.

Í jarðamati Mýrasýslu, frá árinu 1804, í athugasemd við jörðina Galtarholt, segir stuttlega frá fornri byggð á Langavatnsdal. Þess er getið að nú sé dalurinn álitinn vera almenningur og að bændur hafi stundum farið þangað og sótt sér silung í vatnið.

Í prófastsvísitasíu að Hítardal þann 14. nóvember 1810, er sem fyrr segir m.a. fjallað um útmælingu fyrir nýbýli á Langavatnsdal. Þar er getið um svæðið sem „Hitardals kyrkju Eign Afrettar Land fyrir Stadarins Geldpening [Stadarins Geldpening, orðaröð leiðrétt með tölustöfum ofan línu] a sokolludum Langavatnsdal, … “. Fram kemur að presturinn álíti landið vera „Hitardals Beneficiario fÿrir nærverandi sem eftir-Tíd aldeilis omissandi, hvar Fyrir honum tilsegist a tilhlydil. Stodum ad anmæld … “. Í prófastsvísitasíu kirkjunnar að Hítardal þann 15. desember 1812, kemur eftirfarandi fram um umrædda stofnun nýbýlis á Langavatnsdal: „A vidkomandi Stödum hefir Presturinn síra Björn géfid til kÿnna Níbíla Upptekníngu a Hitardals kyrkju tilheirandi Afrettarlandi a Lángavatnsdal, en til datum eckert áreidanlegt [áreidanlegt, ofan línu] … “.

Í ritinu *Almenn Landaskipunarfræði*, frá árinu 1821, er þess getið að Langavatnsdalur hafi fyrrum verið ein kirkjusókn en lagst í eyði í svartadauða „öndverðliga á 15. öld“.

Í sóknalýsingu séra Ólafs Pálssonar í Stafholti á Stafholts- og Hjarðarholtssóknum frá árinu 1853 segir m.a. í umfjöllun um eyðijarðir: „*Eyðijarðir* má telja: Borg og *Hafursstaði* sem tjást verið hafa á Langavatnsdal … “.

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 1947, er fjallað um Langavatnsdal í kafla um Dalasýslu eftir Þorstein Þorsteinsson sýslumann. Þar segir meðal annars:

> Dalur sá er stór og grösugur. Slægjulönd eru þar allgóð. Munnmæli segja, að þar hafi verið byggð allt fram að Svartadauða frá landnámsöld, er Bersi hinn goðlausi hóf þar búskap og bjó að Torfhvalastöðum. Hitt þykir mér sennilegra, að þar hafi ekki haldizt byggð til lengdar, og víst er um það, að Staðarhraunskirkja á nautauppprekstur á dalinn þegar á 12. öld, og Hítardalur á þar upprekstrarland um miðja 14. öld, og fyrir 1400 er seld með Hrafnabjörgum sumarbeit (ítak) í Langavatnsdal fyrir 20 geldfjárkúgildi. Nefndir hafa verið þrír eða fjórir bæir, auk landnámsbæjarins, sem þar hafa átt að vera, en ekki sjást nú verksummerki þeirra. Þar sem bærinn Borg átti að hafa staðið, var reist nýbýli um aldamótin 1800, og hurfu þá síðustu leifar hins forna bæjar. Mér virðist líklegt, þar sem talað er um nautagöngu eða upprekstur á Langavatnsdal almennt, að þá hafi engin byggð verið þar, annars mundi hafa verið talað þar um afmarkað svæði eða t.d. „í landi“ ákveðinnar jarðar. Mundi það þá helzt hafa verið eyðijörð. Í Sturlungu er nokkrum sinnum getið ferða yfir Langavatnsdal, en aldrei er þar getið bæja. Sennilegt er, að byggð hafi ekki haldizt þar lengur en eitthvað á þriðju öld, eða fram yfir 1100.

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar*, III. bindi, er að finna umfjöllun um eyðibýlin þrjú á Langavatnsdal sem getið er um í *Jarðabók* Árna og Páls. Fram kemur að í upphafi 19. aldar hafi verið reist nýbýli á Langavatnsdal, þar sem Borg hafi verið. Sæmundur Pálsson og Þorbjörg Sveinsdóttir hafi reist þar bú árið 1811 og haldist þar við „með ósköpum“ til 1814 því Sæmundur hafi orðið úti við eldssókn að Grísartungu árið 1813 en Þorbjörg og dóttir hennar verið teknar fyrir hrossastuld „í bjargarleysi“ árið 1814. Fram kemur að fleiri hafi litið björtum augum til búskapar í Langavatnsdal, þótt ekki hafi orðið úr því. Bæjarhús á Borg hafi staðið við Langavatnsdalsá, austan árinnar, norðan við Skógarmannagil, skammt innan við vatnið. Af þessu verður ráðið að bærinn Borg hafi staðið utan við það ágreiningssvæði sem hér er til umfjöllunar en aftur á móti innan þess ágreiningssvæðis sem fjallað er um í kafla 6.5, þ.e. Fjalllendis Borgarhrepps. Í sömu heimild kemur fram að ekki sé vitað hvar býlið Vatnsendi stóð.

#### 6.4.3.5 Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið, í köflum 6.4.3.1–6.4.3.4, samanber einnig ítarlegri umfjöllun í kafla 5.4, liggur fyrir fjöldi heimilda þar sem getið er um afrétt í Langavatnsdal. Sú elsta er máldagi fyrir Staðarhraunskirkju, sem talinn er vera frá árinu 1185, þar sem fram kemur að Staðarhraunskirkja eigi afrétt í Langavatnsdal. Aftur er getið um umrædd réttindi Staðarhraunskirkju í máldaga hennar frá því einhvern tíma á árunum 1491–1518 og í úttekt kirkjunnar frá árinu 1890.

Þá er elsta heimild um afrétt Hítardalskirkju á Langavatnsdal máldagi þeirrar kirkju, frá árinu 1354. Getið er um þessi réttindi kirkjunnar í fjölda annarra heimilda, þ.e. Vilchinsmáldaga, frá árinu 1397; máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Hítardal, frá því um 1570; vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar fyrir Hítardalskirkju, frá 19. september 1642; vísitasíu Þórðar biskups Þorlákssonar fyrir Hítardal, frá 20. september 1676; ódagsettri lögfestu fyrir Hítardal, sem þinglesin var 1697; prófastsvísitasíu kirkjunnar að Hítardal frá 17. maí 1694; ódagsettri lögfestu Jóns Halldórssonar fyrir Hítardal, sem lesin var upp á manntalsþingi að Lækjarbug árið 1699; vísitasíu Jóns biskups Vídalíns fyrir kirkjuna í Hítardal, frá 27. ágúst 1702; *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709; ódagsettri lögfestu Jóns prests Halldórssonar fyrir Hítardalskirkju, sem var þinglesin á manntalsþingi á Lækjarbug 3. maí 1710; ódagsettri lögfestu fyrir Hítardal, sem lesin var upp á manntalsþingi á Kaldárbakka þann 4. júní 1712; vísitasíu Hítardalskirkju frá 13. október 1724; lögfestu Jóns Halldórssonar fyrir eignum Hítardalskirkju, sem er ódagsett en var þinglýst 23. apríl 1731; lögfestu Jóns Halldórssonar fyrir Hítardalskirkju frá árinu 1733; prófastsvísitasíu kirkjunnar að Hítardal frá 31. maí 1737; vísitasíu kirkjunnar að Hítardal frá 27. maí 1759; vísitasíu Hítardalskirkju, frá 23. ágúst 1783; prófastsvísitasíu að Hítardal frá 14. nóvember 1810; prófastsvísitasíu kirkjunnar að Hítardal þann 15. desember 1812; prófastsvísitasíu Hítardalskirkju frá 4. janúar 1814; vísitasíu fyrir Hítardal, frá 10. ágúst 1831; þremur lögfestum fyrir Hítardal, sem

þinglesnar voru á manntalsþingum 12. og 13. júní 1832 og loks lögfestu fyrir Hítardalskirkju sem dagsett er 6. júní 1849.

Elsta heimildin um að Hrafnabjörgum tilheyri réttindi á Langavatnsdal er sem fyrr segir kaupbréf sem dagsett er 31. desember 1393. Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um þessi réttindi Hrafnabjarga á dalnum fyrr en tæpum 527 árum síðar þegar Hjörtur Sigurðsson á Ytri-Hrafnabjörgum gerði athugasemd við landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps, dagsett 2. nóvember 1920, þess efnis að Hrafnabjörg eigi „samkvæmt Hrafnabjarga máldaga tuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal.“ Ekki liggur fyrir í málinu máldagi fyrir Hrafnabjörg þar sem þetta kemur fram, en vera kann að átt hafi verið við kaupbréfið frá árinu 1393. Í þessu sambandi skal áréttað að ekkert er getið um þessi réttindi Hrafnabjarga á Langavatnsdal í umfjöllun um þá jörð í *Jarðabók* Árna og Páls.

Þrátt fyrir allar framangreindar heimildir sem einar og sér kynnu eftir atvikum að benda til þess að Hítardalskirkja og Staðarhraunskirkja hafi átt sérstakan rétt umfram eigendur annarra jarða á svæðinu til afréttarnota á Langavatnsdal þá bendir það sem fram kemur í *Jarðarbók* Árna og Páls til þess að slíkur réttur hafi tilheyrt mun fleiri jörðum. Fram kemur í umfjöllun *Jarðabókarinnar* um Hvítstaði í Álftaneshreppi að jörðin brúki afrétt „fyrir geldfje og lömb, og stundum fyrir naut og hesta vestantil á Lángavatnsdal tollfrí um lángan aldur.“ Þá mun sams konar réttur hafa tilheyrt a.m.k. flestum öðrum jörðum í Álftaneshreppi samkvæmt *Jarðabókinni*. Það að fram kemur að um hafi verið að ræða réttindi vestan til á dalnum bendir til að um hafi verið að ræða þann hluta dalsins sem er á ágreiningssvæðinu sem hér er til umfjöllunar. Þá bendir það að afréttarnotin hafi verið „tollfrí um lángan aldur“ til þess að þau hafi ekki verið háð sérstöku leyfi umráðamanna Hítardalskirkju eða Staðarhraunskirkju eða endurgjaldi til umræddra kirkna. Að mati óbyggðanefndar kann þetta að benda til þess að umræddum jörðum hafi tilheyrt sams konar réttur til afréttarnota á Langavatnsdal eins og Hítardalskirkju og Staðarhraunskirkju. Það sem fram kemur í *Jarðabókinni* um að ekki sé vitað til þess að goldist hafi tollar fyrir afréttarnot á dalnum þrátt fyrir að vissum kirkjum séu eignuð þar ítök bendir til hins sama. Fleiri heimildir styðja þessa sömu ályktun. Má í því sambandi nefna svar Þorgríms Sigurðssonar, sýslumanns í Mýrasýslu, til Landsnefndarinnar, frá árinu 1770, þar sem fram kemur að Langavatnsdalur sé nýttur sem „Almennings Afriett“ og það sem fram kemur í jarðamati Mýrasýslu, frá árinu 1804, þess efnis að Langavatnsdalur sé álitinn vera almenningur. Frásögn Páls Guðmundssonar í *Sýslu- og sóknarlýsingum* frá árinu 1840, þar sem getið er um Langavatnsdal sem afréttarland „sem almenningur brúkar“, bendir ennfremur til hins sama. Þar kemur eins og áður segir fram að bæði Álftanes- og Borgarhreppur hafi þar upprekstur og leiti hvor til sinnar réttar. Loks skal nefnt í þessu sambandi að svar hreppstjórans í Álftaneshreppi, dagsett 28. júlí 1920, sem varðaði afréttarmál í hreppnum, er getið um svæðið sem afréttarland Álftaneshrepps og fram kemur að hann viti ekki til þess að

neinn einstaklingur eigi tilkall til svæðisins, utan einn sem eigi veiðirétt í hluta Langár, Langavatni og hluta af Langavatnsdalsá. Hvað síðastnefndu heimildina varðar skal þess þó getið að hún er frá því eftir að Einar Friðgeirsson á Borg hafði afsalað „fjalllandi á Langavatnsdal“ til Álftaneshrepps 31. október 1902.

Það sem fram kemur í prófastsvísitasíum Hítardalskirkju, frá árunum 1810 og 1812, þar sem getið er um „Hitardals kyrkju Eign Afrettar Land fyrir Stadarins Geldpening a sokolludum Langavatnsdal, … “, og að presturinn hafi „géfid til kÿnna Níbíla Upptekníngu a Hitardals kyrkju tilheirandi Afrettarlandi a Lángavatnsdal, … “, kynni aftur á móti að benda til þess að Hítardalskirkju hafi tilheyrt meiri réttindi á Langavatnsdal heldur en þeim jörðum í Álftaneshreppi sem taldar eru upp í *Jarðabók* Árna og Páls í tengslum við afréttarnot á Langavatnsdal. Að mati óbyggðanefndar nægja þó hvorki umræddar prófastsvísitasíur né aðrar þær heimildir sem hér hafa verið raktar um réttindi Hítardalskirkju á Langavatnsdal til að lagt verði til grundvallar að Hítardalskirkja hafi átt meiri rétt en umræddar jarðir á ágreiningssvæðinu þegar horft er til þess hve margar aðrar fyrirliggjandi heimildir benda til hins gagnstæða. Þetta sama gildir um þær heimildir sem liggja fyrir um afrétt Staðarhraunskirkju á Langavatnsdal. Hafi raunin verið sú að umræddum kirkjum tilheyrði ríkari réttur á Langavatnsdal heldur en öðrum jörðum sem þar áttu upprekstrarrétt er jafnframt til þess að líta í þessu sambandi að framangreint landamerkjabréf Fjalllendis Álftaneshrepps var gert árið 1923 og þinglýst ári síðar án þess að þar sé getið um réttindi umræddra kirkna á svæðinu. Ekkert liggur heldur fyrir um að af hálfu Staðarhraunskirkju hafi eftir þann tíma verið gerðar ráðstafanir til að halda hugsanlegum réttindum kirkjunnar á svæðinu til haga, en Hítardalssókn var lögð undir Staðarhraunssókn árið 1875.

Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að líta jafnframt til þess að ekkert liggur fyrir um hvort umrædd réttindi Hítardalskirkju á Langavatnsdal hafi lotið sérstakri afmörkun gagnvart öðru svæði á dalnum sem hafi verið í sameiginlegum afréttarnotum margra jarða og þá ekki heldur hvernig þeirri afmörkun kunni að hafa verið háttað, hafi hún á annað borð verið til staðar. Þetta á jafnframt við um réttindi Staðarhraunskirkju á Langavatnsdal.

Af öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar því sú að hvorki Hítardalskirkju, né Staðarhraunskirkju, hafi tilheyrt ríkari réttur á Langavatnsdal en þeim jörðum sem áttu þar upprekstrarrétt.

Margar af þeim heimildum sem hér voru raktar benda til þess að á öldum áður kunni að hafa verið byggð í Langavatnsdal. Þær heimildir sem greina frá fornri byggð í Langavatnsdal benda til þess að hún hafi snemma lagst af að fullu, ekki síðar en í svartadauða, skömmu eftir aldamótin 1400. Engar samtímaheimildir liggja þó fyrir sem ótvírætt styðji síðari tíma frásagnir um slíka byggð. Elsta heimildin þar sem fjallað er um byggð í Langavatnsdal er *Jarðabók* Árna og Páls, sem var rituð meira en 300 árum eftir að byggðin á í síðasta lagi að hafa lagst af, þ.e. árið 1709. Þar kemur

fram að ekki hafi verið byggð í dalnum frá því hún lagðist af í svartadauða og að ómögulegt sé að byggja þar vegna vetrarríkis. Jafnframt er fjallað um forna byggð í Langavatnsdal í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, frá árunum 1752–1757. Þar kemur eins og áður segir fram að til forna hafi verið þar kirkjusókn og fjöldi bæja. Þá hafi höfundar séð „hin fornu tún“ standa „í fullum blóma“ þegar þeir fóru þar um árið 1754.

Fram kemur í lýsingu þeirri sem Ólafur Stephensen amtmaður skrifaði til Rentukammers árið 1789 að hann telji að sex til sjö bæir hafi verið í dalnum áður en byggð lagðist af í svartadauða. Kvaðst hann telja sig hafa séð rústir gamla kirkjustaðarins, sem nefndur var Borg, í miðjum dalnum. Í ritinu *Almenn Landaskipunarfræði*, frá árinu 1821, kemur sömuleiðis fram að Langavatnsdalur hafi fyrrum verið ein kirkjusókn en lagst í eyði í svartadauða. Ennfremur kemur fram í *Árbók* Ferðafélags Íslands, frá árinu 1947, að munnmæli hermi að byggð hafi verið í Langavatnsdal allt fram að svartadauða frá landnámsöld þegar Bersi hinn goðlausi hafi hafið þar búskap og búið að Torfhvalastöðum. Kveðst höfundur frásagnarinnar þó telja sennilegra að þar hafi ekki haldist byggð til lengdar og vísar í því sambandi til þess að Staðarhraunskirkja hafi átt nautauppprekstur á dalinn þegar á 12. öld, Hítardalur hafi átt þar upprekstrarland um miðja 14. öld og þess að sumarbeit (ítak) í Langavatnsdal hafi verið seld með Hrafnabjörgum fyrir árið 1400.

Elsta samtímaheimildin sem veitir mögulega vísbendingu um byggð á ágreiningssvæðinu er máldagi kirkjunnar á Ökrum, frá árinu 1258, þar sem getið er um „hafrstaðe halfa“ í umfjöllun um eignir kirkjunnar. Ekki verður þó ráðið með neinni vissu af heimildinni hvort byggð hafi þá verið á Hafursstöðum. Þetta sama kemur fram í Vilchinsmáldaga fyrir Akrakirkju frá árinu 1397 og máldaga sömu kirkju, sem talinn er vera frá því einhvern tíma á árunum 1491–1518. Í síðastnefndum máldaga kemur einnig fram að kirkjan eigi „qvijndisdal allann med Sandnese“. Hið sama kemur fram varðandi eignarhald Akrakirkju á hálfum Hafursstöðum og Kvígindisdal með Sandnesi í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Akrakirkju, frá því um 1570, og í vísitasíu Akrakirkju frá 31. ágúst 1642. Í síðastnefndri heimild kemur fram að hvort tveggja sé í eyði. Í vísitasíu Akrakirkju, frá 3. september 1676, er þess enn getið að kirkjan eigi hálfa Hafursstaði en jafnframt kemur fram að hún eigi hálfan Kvígindisdal. Er það frábrugðið hinum eldri heimildum að því leyti að í þessum heimildum er getið um hálfan en ekki allan Kvígindisdal. Hið sama er að segja um prófastsvísitasíu Akrakirkju, frá 13. maí 1694. Í vísitasíu Jóns biskups Vídalíns fyrir Akrakirkju, frá 29. ágúst 1702, segir aftur á móti að kirkjan eigi allan Kvígindisdal, auk þess sem þar er getið um hálfa Hafursstaði og Sandnes. Hið sama er að segja um prófastsvísitasíu kirkjunnar á Ökrum frá 1. nóvember 1712; vísitasíu sömu kirkju, frá 17. júní 1725; vísitasíu Akrakirkju frá 8. maí 1737; vísitasíu Akrakirkju frá 11. júní 1759; prófastsvísitasíu kirkjunnar að Ökrum frá 29. maí 1771; vísitasíu Akrakirkju frá 12. september 1783; vísitasíu Akrakirkju, frá 27. júlí 1831;

prófastsvísitasíu kirkjunnar að Ökrum frá 6. júní 1884; landamerkjabréfi Akra í Hraunhreppi, dagsett 28. júní 1884 og þinglýst 3. júlí sama ár; kaupsamning um lönd og ítök Akrakirkju, dagsettan 24. febrúar 1902; og loks afsal vegna umræddra kaupa, dagsett 17. mars 1903.

Í málinu liggja eins og hér var rakið fyrir heimildir allt aftur til ársins 1258 um að hálfir Hafursstaðir hafi tilheyrt Akrakirkju. Ekki liggur fyrir hvort þeir hafi á þeim tíma verið í byggð. Aftur á móti verður ráðið af vísitasíu sömu kirkju, frá árinu 1642, að Hafursstaðir hafi ekki verið í byggð á þeim tíma. Í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, þar sem Hafursstaðir eru nefndir „eyðiból“ kemur fram að menn ætli að þeir séu á Hafradal. Þá kemur fram í landamerkjabréfi Akra, frá árinu 1884, að Hafursstaðir hafi staðið í Hafradal innan við Langavatnsmúla. Ennfremur kemur fram í grein Brynjólfs Jónssonar sem bar yfirskriftina „Rannsókn nokkurra eyðibyggða í Mýrasýslu sumarið 1895“ og birtist í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, árið 1896, að Hafursstaðir eigi að hafa staðið við mynnið á Hafradal, og í sömu heimild er vísað í frásögn þess efnis að þeir hafi staðið vestan Hafradalsár við mynni dalsins. Að öðru leyti liggur ekkert fyrir um hvernig land Hafursstaða hafi afmarkaðast. Þá er í þessu sambandi einnig til þess að líta að Akrakirkja kallaði einungis til eignarréttar á hálfum Hafursstöðum en ekkert liggur fyrir um hvernig eignarrétti á hinum helmingi þeirra kunni að hafa verið háttað.

Hvað varðar Kvíndisdal og Sandnes (Sandvatnsnes) þá er þeirra, eins og að framan er rakið, ekki getið í elstu máldögum Akrakirkju, frá 1258 og 1354, heldur er þeirra fyrst getið í máldaga hennar sem talinn er vera frá árabilinu 1491–1518, þ.e. um 250 árum síðar en elsti varðveitti máldagi kirkjunnar var gerður. Frá þeim tíma er þess getið í mörgum heimildum um Akrakirkju að hún eigi *allan* Kvígindisdal með Sandnesi (eða Sandvatnsnesi). Á það við um máldaga kirkjunnar frá 16. öld og flestar vísitasíur hennar frá 17., 18. og 19. öld. Undantekningar frá þessu er þó að finna í vísitasíu Akrakirkju, frá árinu 1676, prófastsvísitasíu hennar, frá árinu 1694, og í umfjöllun um Akra í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709. Í síðastnefndu heimildinni kemur fram að Hjörseyjarkirkja eigi hinn helming Kvígindisdals á móti Akrakirkju. Þá er getið um hálfan Kvígindisdal í lögfestu fyrir Hjörsey og fleiri jarðir, frá árinu 1840. Heimildum ber því ekki öllum saman um hvort það hafi verið hálfur eða allur Kvígindisdalur sem tilheyrði Akrakirkju og sumar þeirra benda til að hann hafi hálfur tilheyrt Akrakirkju en hinn helmingurinn Hjörseyjarkirkju. Þessi mismunur skiptir þó minna máli en ella þegar horft er til þess að Hjörseyjarkirkja var lögð niður árið 1896 og sóknin sameinuð Akrakirkju. Má ætla að með því hafi forræði á eignum Hjörseyjarkirkju færst til Akrakirkju. Frekari skoðun á því hvort Kvígindisdalur hafi að öllu leyti verið í eigu Akrakirkju, eða einungis að hálfu leyti og þá á móti Hjörseyjarkirkju, er því ekki nauðsynleg við úrlausn málsins.

Um sex árum eftir að Hjörseyjarkirkja var lögð niður og sóknir hennar og Akrakirkju voru sameinaðar, þ.e. 24. febrúar 1902, var gerður kaupsamningur þar sem

fram kemur að eigendur Akra selji Einari Friðgeirssyni á Borg „lönd þau og ítök á Lángavatnsdal, sem fyr átti Akrakirkja, en sem varð vor fulla eign við afhendingu kirkjunnar í hendur safnaðarins.“ Fram kemur að eign þessi sé eftir skjölum og máldögum Akra „Hálfir Hafursstaðir, Kvígildisdalur allur, ásamt Sandnesi, sem nú er kallað Sandvatnsnes.“ Þá kemur fram í afsalinu, dagsettu 17. mars 1903 og þinglýstu 26. maí 1903, sem gert var vegna umræddra kaupa, að seljendur lýsi Einar Friðgeirsson „rjettan eiganda að landstilkalli voru á Langavatnsdal: Hálfum Hafursstöðum, Kvígildisdal öllum og Sandvatnsnesi (áður nefnt Sandnes), … “. Ennfremur liggur fyrir að á manntalsþingi fyrir Álftaneshrepp, sem haldið var á Smiðjuhóli 26. maí 1910, var þinglesið „afsalsbréf séra Einars Friðgeirssonar á Borg, dagsett 31. okt. 1902, fyrir fjalllandi á Langavatnsdal til Álftaneshrepps“. Afsal þetta finnst ekki hjá sýslumannsembættinu í Borgarnesi og hefur heldur ekki fundist annars staðar við kerfisbundna gagnaleit óbyggðanefndar og Þjóðskjalasafns Íslands. Vera kann að ástæða þess sé sú að mikið af skjölum sýslumannsembættisins í Borgarnesi eyðilagðist í bruna árið 1920. Að mati óbyggðanefndar verður þó að telja að líkur standi til þess að það „fjallland á Langavatnsdal“ sem Álftaneshreppur fékk afsalað frá Einari Friðgeirssyni hafi verið hið sama og Einar keypti af eigendum Akra með kaupsamningnum frá 24. febrúar 1902, samanber afsal þeirra til hans, dagsett 17. mars 1903. Fær engu breytt um þá ályktun þótt afsal Einars til Álftaneshrepps sé dagsett fyrr en afsal eigenda Akra til hans, enda bendir dagsetning kaupsamningsins til þess að búið hafi verið að semja um kaup Einars á umræddu svæði af eigendum Akra áður en hann afsalaði „fjalllandi á Langavatnsdal“ til Álftaneshrepps. Álftaneshreppur sameinaðist Borgarbyggð árið 1998 en Borgarbyggð er sem fyrr segir aðili að málinu og gerir kröfu um eignarrétt á ágreiningssvæðinu.

Við mat á því hvaða þýðingu umrædd kaup Álftaneshrepps kunni að hafa að því er varðar möguleg réttindi Borgarbyggðar á ágreiningssvæðinu stendur þó eftir að fjalla nánar um hvað liggur fyrir um inntak og afmörkun þeirra réttinda sem kaupin lutu að. Þá verður að meta efnislegt inntak lögskipta þessara á grundvelli þeirrar meginreglu eignarréttar að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir tilkalli sínu og að sá sem afsalar landi getur ekki veitt viðtakanda sínum víðtækari rétt en hann sjálfur átti.

Eins og áður segir er getið um hálfa Hafursstaði í elsta varðveitta máldaga Akrakirkju, frá árinu 1258. Kvígindisdals og Sandness er aftur á móti ekki getið þar Hið sama er að segja um máldaga kirkjunnar frá árinu 1354. Kvígindisdals og Sandness er fyrst getið í máldaga Akrakirkju sem talinn er vera frá árabilinu 1491–1518, þ.e. um 250 árum síðar en elsti máldagi kirkjunnar og um 100 árum eftir að sú byggð sem sagnir herma að hafi verið í Langavatnsdal á í síðasta lagi að hafa lagst af. Bendir þetta að mati óbyggðanefndar til þess að réttindi kirkjunnar á Kvígindisdal og Sandnesi (Sandvatnsnesi) hafi komið til mörgum öldum síðar en réttindi hennar á hálfum Hafursstöðum. Þá liggur ekkert fyrir um hvernig þau eru upphaflega til komin,

svo löngu eftir landnám og eftir að möguleg byggð lagðist af í Langavatnsdal. Ennfremur liggja ekki fyrir heimildir sem staðfesti ótvírætt að byggð hafi verið á Kvígindisdal og Sandnesi og ekki er í ljós leitt að umrædd svæði hafi verið hluti af jörð eða jörðum.

Þótt hálfra Hafursstaða sé aftur á móti getið í elstu heimildum Akrakirkju þá liggur ekkert fyrir um afmörkun lands sem kunni að hafa tilheyrt þeim, hve lengi byggð kunni að hafa verið þar eða hver kunni að hafa kallað til eignarréttar á hinum helmingi þeirra. Í þessu sambandi er ennfremur til þess að líta að ekki var gert landamerkjabréf fyrir Kvígindisdal, Sandnes eða Hafursstaði í kjölfar gildistöku landamerkjalaga nr. 5/1882, þrátt fyrir að þar hafi verið kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja. Engar heimildir liggja því fyrir um landfræðilega afmörkun réttinda Akrakirkju og Hjörseyjarkirkju á svæðinu.

Eins og áður hefur komið fram er þess getið í mörgum fyrirliggjandi heimildum að Akrakirkja eigi Kvígindisdal *allan*. Að mati óbyggðanefndar er þó ekki hægt að slá því föstu á þeim grundvelli að réttindi kirkjunnar hafi falist í beinum eignarrétti. Vísast í því sambandi til dóms Hæstaréttar frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga). Í því máli var niðurstaða Hæstaréttar sú að um þjóðlendu væri að ræða þrátt fyrir að fyrir lægju heimildir um að Hofskirkja í Vopnafirði hefði átt Steinvarartungu *alla*. Var talið að inntak réttinda kirkjunnar hefði verið bundið við þau óbeinu eignarréttindi sem felast í rétti til upprekstrar búfjár til sumarbeitar og annarra hefðbundinna afréttarnota, þ.e. afréttareign.

Sem fyrr segir liggur ekkert fyrir um hvernig Akrakirkja var upphaflega komin að rétti sínum til hálfra Hafursstaða, Kvígindisdals og Sandness (Sandvatnsness) og ekki heldur hvert inntak þeirra réttinda var eða landfræðileg afmörkun. Hið sama gildir einnig um þau réttindi sem sumar heimildir greina að hafi tilheyrt Hjörseyjarkirkju innan ágreiningssvæðisins. Þá er svæðið landfræðilega aðskilið frá landi kirknanna. Eins og áður er getið verður sú ályktun dregin af fyrirliggjandi landnámslýsingum að telja verður líklegt að ágreiningssvæðið hafi verið numið, a.m.k. að hluta. Jafnvel þótt land Hafursstaða, Kvígindisdals Sandness (Sandvatnsness) kunni að hafa verið numið í öndverðu, í heild eða að hluta, þá verður sem endranær að hafa þann fyrirvara að sú staðreynd sker ekki með afdráttarlausum hætti úr um tilvist beins eignarréttar síðar. Þarf þá m.a. að líta til þess hvort og hvernig slík eignarréttindi hafa yfirfærst til síðari rétthafa, hver tengslin eru sögulega séð, hvernig umrædd fasteign er nú afmörkuð og hvernig sú afmörkun samræmist eldri heimildum um nám. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og að landsvæði hafi í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess mismunandi sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar eftir því hvort um óvéfengjanlegan hluta jarðar er að ræða, afrétt einstakra jarða og/eða stofnana eða loks samnotaafrétt og má við það mat styðjast við fjölda dóma í

sambærilegum málum. Sjá nánar um þetta kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Að mati óbyggðanefndar bendir það sem hér hefur verið rakið til þess að réttindi Akrakirkju á hálfum Hafursstöðum, Kvígindisdal og Sandnesi (Sandvatnsnesi) hafi falist í óbeinum eignarrétti fremur en beinum. Hið sama gildir einnig um þau réttindi sem sumar heimildir greina að hafi tilheyrt Hjörseyjarkirkju innan ágreiningssvæðisins. Með afsali Einars Friðgeirssonar á Borg til Álftaneshrepps, dagsettu 31. okt. 1902 og þinglýstu 26. maí 1910, gat Álftaneshreppur, sem Borgarbyggð leiðir rétt sinn frá, ekki eignast frekari rétt en Einar Friðgeirsson átti áður og þar áður Akrakirkja. Er því ekki unnt að fallast á kröfu um beinan eignarrétt á ágreiningssvæðinu á grundvelli heimilda um réttindi Akrakirkju á hálfum Hafursstöðum, Kvígindisdal og Sandnesi, og ekki heldur á grundvelli heimilda um réttindi Hjörseyjarkirkju innan ágreiningssvæðisins. Um inntak þeirra óbeinu eignaréttinda sem hér um ræðir og þýðingu þeirra við úrlausn málsins verður fjallað síðar. Enn minna liggur fyrir um afmörkun og yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem kunna að hafa verið fyrir hendi á öðrum jörðum sem sagnir herma að hafi fyrrum staðið í Langavatnsdal. Er því ekki heldur unnt að fallast á kröfu um beinan eignarrétt á ágreiningssvæðinu á grundvelli umræddra heimilda.

Hvað varðar þær heimildir sem liggja fyrir um áform um stofnun nýbýlis á Langavatnsdal skal þess fyrst getið að eins og nánar er fjallað um í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka) var á grundvelli ákvæða nýbýlatilskipunarinnar unnt að stofna til eignarréttar á áður eigendalausu landi að skilyrðum tilskipunarinnar uppfylltum. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt. Byggingarbréfinu skyldi síðan þinglýst og „álítast og gilda sem viss og óbrigðul heimild“. Útgáfa byggingarbréfs og þinglýsing þess tekur þannig af vafa um stofnun eignarlands á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar og land þess þá frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum, sbr. dóm Hæstaréttar 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Að öðru leyti þarf að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan.

Í máli þessu liggur hins vegar ekkert fyrir um að stofnað hafi verið til nýbýlis innan ágreiningssvæðisins á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar með útmælingu viðkomandi landsvæðis, útgáfu amtmanns á byggingarbréfi og þinglýsingu þess. Er því ekki unnt að fallast á beinan eignarrétt innan ágreiningssvæðisins á þeim grundvelli. Að öðru leyti vísast um þetta til kafla 6.5 um Fjalllendi Borgarhrepps eftir því sem við getur átt.

Heimildum um að Hítardalskirkja, Staðarhraunskirkja og flestar jarðir í Álftaneshreppi auk Hrafnabjarga í Dalasýslu hafi átt afrétt á Langavatnsdal hafa verið gerð skil hér að framan og komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé unnt að leggja til

grundvallar að Hítardalskirkju og Staðarhraunskirkju hafi tilheyrt ríkari réttur á svæðinu heldur en öðrum jörðum sem þar áttu upprekstrarrétt. Þá verður í þessu sambandi að líta til þess að ekki er getið um réttindi umræddra kirkna í landamerkjabréfinu fyrir Fjalllendi Álftaneshrepps, sem var útbúið árið 1923 og þinglýst ári síðar, og ekkert liggur heldur fyrir um að nokkrar ráðstafanir hafi verið gerðar eftir þann tíma til að halda umræddum réttindum þessara kirkna á svæðinu til haga. Þá eru ekki gerðar kröfur í málinu af hálfu Staðarhraunskirkju, en Hítardalskirkja var sem fyrr segir lögð undir Staðarhraunskirkju árið 1875. Af þessum ástæðum eru að mati óbyggðanefndar engar forsendur til að líta svo á að Staðarhraunskirkja eigi bein eða óbein réttindi innan ágreiningssvæðisins. Kemur það atriði því ekki til frekari skoðunar við úrlausn málsins.

Í fjölda fyrirliggjandi heimilda er Langavatnsdals getið sem afréttar eða almennings. Það sem fram kemur í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, bendir til þess að sá réttur hafi tilheyrt a.m.k. flestum jörðum í Álftaneshreppi. Þá var gert landamerkjabréf fyrir allt ágreiningssvæðið árið 1923 og þinglýst ári síðar en þar er vísað til til þess sem „fjalllendis Álftaneshrepps“. Aðrar fyrirliggjandi heimildir benda til þess að frá þeim tíma hafi það verið nýtt sem sameiginlegur afréttur jarða í Álftaneshreppi, sem sameinaðist Borgarbyggð árið 1998. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið ásamt öðru til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið samnotaafrétt.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.[678]

Hvað varðar ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar þá liggja engar heimildir fyrir sem bendi til þess að þar hafi verið búið eftir gildistöku hefðarlaga nr. 46/1905 og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. laganna um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að svæðinu getur því ekki hafa stofnast handa Álftaneshreppi eða jarðeigendum sem áttu þar upprekstrarrétt, fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu

[678] Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

gagnaðila, samanber dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða þar sem háttar til eins og í tilviki þess lands sem hér um ræðir. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á með gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að þessum hluta ágreiningssvæðisins fyrir hefð.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanenfndar sú að ágreiningssvæðið sé þjóðlenda og jafnframt afréttur þeirra jarða sem hafa nýtt það til sumarbeitar fyrir búfé. Hvað varðar afmörkun afréttar innan ágreiningssvæðisins er til þess að líta sem að framan greinir í umfjöllun um merki svæðisins, einkum þess að svæðið er allt innan marka landamerkjabréfs Fjalllendis Álftaneshrepps, frá árinu 1923. Þá kemur fram í fjallskilareglugerðum fyrir Mýrasýslu frá árunum 1878 og 1892 að Hraundalsrétt tilheyri öllum jörðum í Álftaneshreppi og skuli leita til hennar öll heimalönd þeirra „og öll fjall-lönd þau, er þar að liggja, allt að löndum Dalamanna og afrjettum hraunhreppinga að vestan, og Borghreppinga að sunnan.“ Einnig kemur fram í svari hreppstjórans í Álftaneshreppi, dagsettu 28. júlí 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns í tilefni af beiðni Stjórnarráðs Íslands um skýrslur frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenninga eða afrétta að afréttarland Álftaneshrepps liggi að afréttarlandi Hraunhrepps að vestan, Dalamanna að norðan og Borghreppinga að austan. Benda þessar heimildir til þess að allt ágreiningssvæðið hafi verið talið tilheyra leitarsvæðinu. Á hinn bóginn kemur fram í svari sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dagsettu 13. nóvember 1985, vegna fyrirspurnar dómsmálaráðuneytisins um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. að óvíst sé að leitarsvæði Álfthreppinga nái að sýslumörkum Dalasýslu að norðan, því svo virðist sem lönd Hraunhrepps og Borgarhrepps nái saman á Mjóadal. Mjóidalur er sem fyrr segir við norðurmörk ágreiningssvæðisins. Þrátt fyrir það sem fram kemur í síðastnefndri heimild verður hér lagt til grundvallar að mörk afréttarins nái allt norður að norðurmörkum ágreiningssvæðisins, enda benda aðrar framangreindar heimildir til þess.

Hvað varðar sérstaklega þýðingu heimilda um að Akrakirkja og síðar Álftaneshreppur, sem gagnaðili íslenska ríkisins í máli þessu leiðir rétt sinn frá, hafi átt réttindi á hálfum Hafursstöðum, Kvígindisdal og Sandnesi (Sandvatnsnesi) er til þess að líta að ekkert liggur fyrir um afmörkun umræddra réttinda gagnvart öðrum hlutum ágreiningssvæðisins sem eru í sameiginlegum afréttarnotum jarða í fyrrum Álftaneshreppi, nú Borgarbyggð. Þá eru ekki efni til annars en að ætla að búfénaður hafi leitað án hindrana milli einstakra hluta ágreiningssvæðisins. Ennfremur hefur

Borgarbyggð, gagnaðili íslenska ríkisins í málinu, ekki aðgreint þennan hluta ágreiningssvæðisins frá öðrum hlutum þess í kröfugerð sinni. Að teknu tilliti til þessara atriða eru að mati óbyggðanefndar ekki forsendur til úrskurða um að Borgarbyggð tilheyri afréttareign á landi hálfra Hafursstaða, Kvígindisdals og Sandness, sem sé sérgreind frá afrétti jarða í fyrrum Álftaneshreppi, nú Borgarbyggð.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að innan merkja Fjalllendis Álftaneshrepps, svo sem þau eru skilgreind hér að framan hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[679] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Álftaneshreppi, nú Borgarbyggð.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið sérstaklega fjallað um og talið þjóðlenda og afréttur eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Í máli þessu gerir eigandi jarðarinnar Ytri-Hrafnabjarga í Dalabyggð kröfu um beitarrétt og hefðbundin afréttarnot á Langavatnsdal, samanber kafla 3.7. Eins og rakið er hér að framan liggur fyrir kaupbréf dagsett 31. desember 1393, þar sem fram kemur að meðal hins selda sé „[t]uttugu gelldfiar kugilldabeit i Langavatnzdal.“ Þá liggur fyrir að getið er um umrædd réttindi Hrafnabjarga á Langavatnsdal í landamerkjabréfi afréttarlands Borgarhrepps, dagsettu 2. nóvember 1920 og þinglýstu 25. júní 1923. Ekki liggja fyrir í málinu fleiri heimildir um umrædd réttindi. Aftur á móti fer nú fram kerfisbundin leit að skjölum um Hrafnabjörg, Ytri-Hrafnabjörg og Fremri-Hrafnabjörg vegna meðferðar máls nr. 3/2016 á svæði 9A hjá óbyggðanefnd. Óbyggðanefnd telur ekki unnt að leysa úr kröfum eiganda Ytri-Hrafnabjarga í máli þessu fyrr en þeirri leit er að fullu lokið, samanber rannsóknarskyldu óbyggðanefndar sem kveðið er á um í 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, samanber einnig 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Verður úrlausn óbyggðanefndar um þessa kröfu því frestað og leyst úr henni samhliða úrlausn um kröfur í máli nr. 3/2016.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Fjalllendi Álftaneshrepps, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá efsta tindi Tröllakirkju er fylgt vatnaskilum suðvestan Tröllakirkju og á móti Þrengslum að Þórarinsdalsá við Þrengsli. Þaðan er ánni fylgt að Tröllkonugili og þaðan er línan dregin um drög þess upp á vatnaskil. Þaðan fylgir línan gildrögum vestan við sandhæðina*

[679] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

*norðaustur af Háleiksvatni í norðanvert vatnið. Þaðan er Háleiksvatni fylgt að þeim stað þar sem Grjótá rennur úr því. Þaðan er ánni fylgt þar til hún rennur í Grjótárvatn. Þaðan er Grjótárvatni fylgt til suðvesturs og síðan dregin bein lína frá Grjótárvatni í vatnaskil í Álftaskörðum. Þaðan er dregin bein lína í Hrafnagil og eftir gilinu á meðan endist. Þaðan er línan dregin í Sandvatn á móts við Hrafnagil og þaðan í suðurhorn Lambafells. Þaðan er línan dregin í Skarðsheiðarvað á Langá og þaðan eftir Langá að þeim stað þar sem hún fellur úr Langavatni. Þaðan er Langavatni fylgt að þeim stað þar sem Langavatnsdalsá fellur í vatnið. Þaðan er ánni fylgt þangað til Mjóadalsá fellur í hana og Mjóadalsá síðan fylgt að Sauðahrygg. Þaðan er fylgt vatnaskilum að upphafspunkti á efsta tind Tröllakirkju.*

Að því leyti sem stöðuvötn ráða mörkum þjóðlendunnar vísast um legu merkjanna til ákvæða 4. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Álftaneshreppi, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem njóta veiðiréttar í ám á svæðinu, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

## 6.5 Fjalllendi Borgarhrepps

### 6.5.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hefur verið nefnt Fjalllendi Borgarhrepps. Sveitarfélagið Borgarbyggð gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns en eigandi Ytri-Hrafnabjarga gerir kröfu um að viðurkenndur verði réttur hans til beitar og hefðbundinna afréttarnota á hluta svæðisins. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1, 3.4 og 3.7.

Hvað heimildir varðar skiptist ágreiningssvæðið vegna Fjalllendis Borgarhrepps í meginatriðum í nokkra hluta, þ.e. Víðidal, Langavatnsdal, Réttarmúla, Hróbjargardal ásamt vesturhluta Fossdals, Mjóadal og vesturhluta Sátudals. Öll svæðin hafa í seinni tíð verið sameinuð sem afréttarland Borgarhrepps. Gagnaðili íslenska ríkisins í máli þessu hefur lýst kröfum vegna framangreindra landsvæða í heild og án sérstakrar aðgreiningar.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur í yfir 200 m y.s. og hefur meginleguna norður – suður. Landsvæðið er fjalllent og giljum skorið og rís hæst í um 800 m y.s. norðvestast á svæðinu. Að suðvestanverðu liggur Langavatn og Langavatnsdalur norðan þess. Einungis austurhluti Langavatnsdals fellur innan Fjalllendis Borgarhrepps. Hálendið austan Langavatns kallast Réttarmúli og norðan hans eru lægðadrög sem skera sundur hálendið og nefnast Moldskörð. Skilja þau að Réttarmúla og Borgarhraunseggjar sem eru gljúfraskorinn fjallgarður hömrum settur og hækkar til norðurs í um 750 m y.s. Norður af Langavatnsdal liggur Víðidalur á milli Víðimúla og Borgarhraunseggja. Um Víðidal rennur Víðidalsá suður í Langavatnsá. Samhliða Langavatnsdal liggur Hróbjargardalur og eftir honum rennur Hróbjargardalsá. Austan Hróbjargardals er Fossdalur og milli dalanna að norðanverðu er hár og breiður múli sem nefnist Moldarmúli. Hróbjargardalsá og Fossdalsá renna saman sunnan dalanna og mynda Beilá. Við botn Fossdals koma saman tveir dalir, Mjóidalur vestar og Sátudalur sá eystri, og liggja þeir í norðausturhorni ágreiningssvæðisins.[680]

### 6.5.2 Sjónarmið aðila

Þjóðlendukarafa íslenska ríkisins í máli þessu tekur til Fjalllendis Hraunhrepps, Álftaneshrepps og Borgarhrepps, auk Staðartungu og Beilárheiðar, án sérstakrar aðgreiningar á milli einstakra landsvæða. Fjalllendi Borgarhrepps fellur þannig innan stærra kröfusvæðis og taka sjónarmið íslenska ríkisins mið af því.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlenda, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggi utan landnáms og eingöngu verið nýtt

[680] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, samanber kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

sem afréttir, eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Hvað varðar Fjalllendi Borgarhrepps sérstaklega hafi íslenska ríkið við afmörkun þess kröfusvæðis fyrst og fremst litið til landamerkjabréfs afréttarlands Borgarhrepps, sem og landamerkjalýsinga aðliggjandi jarða. Eldri heimildir um svæðið vísi til einstakra dala eða svæða, sbr. máldaga Hítardalskirkju frá 14. og 16. öld, máldaga Hjarðarholtskirkju frá 14. – 16. öld og lögfestur Hjarðarholtskirkju frá 1707 og 1708, og fjalli þá um viðkomandi svæði sem afrétti. Fram komi í *Jarðabók* Árna og Páls að fjölmargar jarðir hafi notað afrétt á Langavatnsdal og að fjalllendið sem kallað væri Réttarmúli hafi tilheyrt jörðinni Galtarholti en að það land væri þá afréttarland sveitarinnar. Í *Jarðabókinni* komi einnig fram að það sé almenn sögn að í Langavatnsdal hafi að fornu verið byggð og þar séu nefndir þrír bæir sem hafi átt að standa þar; Borg, Hafursstaðir og Vatnsendi. Þá er byggt á því af hálfu ríkisins að vísað sé til Langavatnsdals sem afréttarsvæðis í sóknalýsingu fyrir kirkjuna Borg frá 1840 og fleiri sóknalýsingum á 19. öld, auk þess sem í Jarðamati Mýrasýslu frá 1804 og sóknalýsingu frá 1855 sé vísað til svæðisins sem almennings. Þá komi fram komi í svörum sýslumanna / hreppstjóra til Stjórnarráðsins um almenninga og afrétti árið 1920, að afréttarlönd þau, er hreppurinn noti, séu m.a. Fossdalur hálfur, Hróbjargardalur allur, Langavatnsdalur hálfur og Víðidalur hálfur. Af fyrirliggjandi heimildum megi ráða að landsvæðið hafi um aldaraðir verið nýtt sem afréttarsvæði Borgarhrepps, þó einhverjar jarðir hafi hugsanlega átt meira tilkall til hluta þess en aðrar. Svæðið hafi því aldrei verið nýtt til annars en hefðbundinna afréttarnota. Fáar og óljósar heimildir séu um búsetu á svæðinu, og liggi ekki fyrir hvort slík búseta, hafi hún verið til staðar, hafi verið í tengslum við afréttarnot svæðisins eða með öðrum hætti. Svæðið hafi þannig frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi.

Af hálfu sveitarfélagsins Borgarbyggðar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að landið sé allt innan upphaflegs landnáms í Borgarfirði. Rík tengsl hafi verið milli Hólmslanda og Langavatnsdals, sem sé hálfur innan hins umdeilda lands, og líkur standi til þess að löndin hafi náð saman.

Byggt er á því að ekki séu heimildir um annað en að landið hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma og að innan landamerkja hafi eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Byggð hafi verið í Langavatnsdal, sem hafi lagst af í upphafi 15. aldar, og telja megi líklegt að forveri landeiganda hafi eignast landið fyrir kaup þó sá gerningur virðist nú glataður og líkur standi til þess að það hafi gerst þegar sýsluskrifstofan í Borgarnesi brann árið 1920. Þá hafi tilraunir verið gerðar á 19. öld til þess að byggja jörðina Borg í Langavatnsdal að

nýju. Heimildir bendi til þess að sótt hafi verið um stofnun nýbýlis á Langavatnsdal eftir ákvæðum nýbýlatilskipunarinnar og að áreið hafi verið gerð á Langavatnsdal árið 1810 þar sem fyrirhuguð nýbýli hafi verið afmörkuð og amtmaður í kjölfarið gefið út nýbyggjarabréf.

Á því er byggt að stór hluti hins umdeilda landsvæðis hafi verið meðal sérmetinna eigna Stafholtskirkju í Jarðamatinu 1849-1850 og það verið selt á opinberu uppboði árið 1853, skv. heimild í konungsúrskurði, og kaupandi greitt fyrir það verð sem teljast yrði hátt verð fyrir land sem, skv. málatilbúnaði íslenska ríkisins, var einskis manns land. Harla ólíklegt verði að telja, að sveitarstjórnarmenn á miðri 19. öld hafi farið svo ósparlega með almannafé. Þá hafi íslenska ríkið og Guðmundur Daníelsson haft með sér makaskipti á hluta hins umdeilda lands og landi Staðartungu árið 1937, auk þess sem íslenska ríkið hafi selt forvera sveitarfélagsins Borgarbyggðar hið umdeilda landsvæði með heimild í lögum árið 1940, og af þeim viðskiptum verði ekki annað ráðið en að fyrir liggi að íslenska ríkið hafi viðurkennt fullkominn eignarrétt á landsvæðinu. Engin gögn bendi til annars en að landið hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.

Vísað er til þess að lög hafi frá öndverðu kveðið á um merkjagerð jarða en þrátt fyrir það sé merkjalýsingar sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafa. Heimildir um merki jarða hafi almennt aðeins verið varðveitt í munnlegri geymd fram að setningu landamerkjalaga árið 1882. Hafa beri í huga að samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verður ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu.

Gagnaðili íslenska ríkisins telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfum þess, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Þá vísar gagnaðili íslenska ríkisins til meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga en samkvæmt henni sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á aðila máls að þeim sé ómögulegt að mæta þeim, en sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur megi nefna að gagnaðila íslenska ríkisins sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja landsvæðisins, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum, en landamerkjabréf séu oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sannar beinan eignarrétt þeirra. Í þessu tilviki hátti þó svo til að sönnunargögn um eignarréttindi hafi farið forgörðum þegar sýsluskrifstofan í Borgarnesi brann árið 1920 og óeðlilegt og ósanngjarnt sé að láta landeigendur gjalda þess.

Að mati gagnaðila íslenska ríkisins hafa handhafar ríkisvaldsins margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt gagnaðila íslenska ríkisins, sem og forvera hans, innan lýstra merkja, enda hafi heimildarskjölum þeirra fyrir landinu verið þinglýst athugasemdalaust. Gagnaðili íslenska ríkisins telur ennfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa sé fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Vegna þessa hafi gagnaðili íslenska ríkisins í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að landsvæðið væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og aðgerðir ríkisins fram til þessa hafi aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Þá byggir gagnaðili íslenska ríkisins á því að þótt hluti hins umdeilda landsvæðis hafi verið nýttur sem afréttur hin síðari ár, teljist það ekki vera samnotaafréttur í lagalegum skilningi og vísar um það til fyrrnefndra sjónarmiða um tilvist beins eignarréttar að landsvæðinu, enda hafi svæðið verið nýtt að mestu án athugasemda landeiganda allt fram á þennan dag á grundvelli samninga og/eða venju. Slík nýting á eignarlandi til beitarafnota sé alvanaleg og í samræmi við hefðbundna búskaparhætti, en feli ekki í sér framsal eða afsal beins eignarréttar, eða að beinn eignarréttur að landinu hafi fallið niður enda ekki fyrir hendi lagalegur grundvöllur til slíks.

Til vara byggja landeigendur kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Af hálfu eiganda Ytri-Hrafnabjarga, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að í eldri heimildum um jörðina Hrafnabjörg sé getið um að jörðinni fylgdi „tuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal“. Þá hafi þess réttar verið getið í landamerkjabréfi Borgarhreppslands frá 1920 og viðurkennt af öllum þeim sem rituðu undir bréfið.

### 6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar þeirra landsvæða er saman mynda Fjalllendi Borgarhrepps er rakin í kafla 5.5 hér að framan. Þar er fjallað um heimildir Stafholtskirkju sem gefa til kynna að kirkjunni hafi tilheyrt réttindi á Hróbjargardal og hálfum Fossdal, jörðinni Svignaskarði hafi tilheyrt réttindi á austurhluta Víðidals, jörðinni Galtarholti hafi tilheyrt réttindi í Réttarmúla og á Beilárvöllum og að hólmarnir í Langavatni hafi tilheyrt barón Charles Gouldrée-Boilleau sem settist að á Íslandi árið 1898. Þar eru einnig raktar heimildir um að ágreiningur hafi verið uppi milli hreppsnefnda Borgarhrepps og Hörðudalshrepps á síðari hluta 19. aldar um vesturhluta Víðidals auk þess sem raktar eru heimildir um að fjölmargar jarðir hafi átt afrétt „á Langavatnsdal í Réttarmúla“. Aftur á móti liggja ekki fyrir heimildir sem taka sérstaklega til Mjóadals og vesturhluta Sátudals, sem eru við norðausturhorn ágreiningssvæðisins.

Borgarhreppur keypti Hróbjargardal og hálfan Fossdal, ásamt Beilárheiði, á uppboði í maí 1852. Árið 1880 fóru fram makaskipti á Beilárheiði og Réttarmúla milli Borgarhrepps og eiganda jarðarinnar Galtarholts og svo keypti Borgarhreppur vesturhluta Víðidals af Hörðudalshreppi í júní 1918. Í mars árið 1937 tilkynnti dóms- og kirkjumálaráðherra um makaskiptasamning á milli ríkissjóðs og bóndans í Svignaskarði, þar sem íslenska ríkið skyldi fá, „hálfan Víðdal allan“, í stað Staðartungu. Var þar átt við austurhluta Víðidals. Í september árið 1940 tilkynnti svo landbúnaðarráðherra um sölu á austurhluta Víðidals til hreppsnefndar Borgarhrepps í Mýrasýslu. Í mars 1942 afsalaði ekkja séra Einars Friðgeirssonar á Borg hólmunum í Langavatni til Borgarhrepps, en séra Einar hafði keypt þá af dánarbúi Charles Gouldrée-Boilleau. Engar heimildir liggja fyrir um að Borgarhreppur hafi keypt Langavatnsdal en fjölmargar heimildir fjalla um fyrirhugaða búsetu þar á 19. öld.

Í ljósi framangreinds þarf einkum að skoða hvort, og þá að hvaða marki, landsvæðin sem deilt er um, og teljast nú til Fjalllendis Borgarhrepps, hafi verið eignarlönd eða hvort þau hafi haft aðra stöðu.

Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir „afréttarlandi Borgarhrepps“ 25. febrúar 1892 og er það jafnframt elsta heimildin sem lýsir merkjum ágreiningssvæðisins með heildstæðum hætti. Þar er merkjum lýst að undanskildum vesturhluta Víðidals en að meðtöldum hluta Beilárheiðar. Í bréfinu kemur fram að innan merkjanna séu ekki ítök, nema jarðarinnar Svignaskarðs í „allan hálfan Víðidal“. Bréfið var undirritað um samþykki fyrir hönd Álftanes- og Hörðudalshreppa en ekki finnast heimildir um að því hafi verið þinglýst. Annað landamerkjabréf var gert fyrir „afréttarland Borgarhrepps“ 2. nóvember 1920 og því þinglýst 25. júní 1923. Þar er merkjum lýst að meðtöldum vesturhluta Víðidals og allri Beilárheiði. Í bréfinu kemur fram að innan merkjanna séu ekki ítök, nema að jörðin Svignaskarð eigi „hálfan Víðidal allan“ og séra Einar Friðgeirsson Hólmana í Langavatni. Bréfið var undirritað um samþykki af eiganda Svignaskarðs og Einari Friðgeirssyni vegna framangreindra „ítaka“. Þá var það undirritað um samþykki fyrir hönd hreppsnefndar Álftaneshrepps og vegna Ytri-Hrafnabjarga, Fremri-Vífilsdals, Hvassafells, Hraunsnefs, Brekku, Hreðavatns, „Stafholtskirkjueigna“, Jafnaskarðs og Múlakots.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki Fjalllendis Borgarhrepps. Er þar um að ræða landamerkjabréfið fyrir afréttarlandi Borgarhrepps frá 1892, kaupsamning um vesturhluta Víðidals frá 1918 og landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps frá 1920. Í því sambandi verða jafnframt kannaðar heimildir um merki aðliggjandi landsvæða. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki svæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því. Að fenginni niðurstöðu um merki Fjalllendis Borgarhrepps verður fjallað sérstaklega eignarréttarlega stöðu þeirra landsvæða, sem saman mynda Fjalllendi Borgarhrepps, í köflum 6.5.3.1 – 6.5.3.4.

Sunnan við ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar er ágreiningssvæði vegna Beilárheiðar, sem fjallað er um í kafla 6.6, og óumdeilt eignarland jarðarinnar Grísartungu. Að vestanverðum suðurmerkjum svæðisins liggur Langavatn og ágreiningssvæði vegna Staðartungu, sem fjallað er um í kafla 6.7, sunnan þess. Vestan megin er ágreiningssvæði vegna Fjalllendis Álftaneshrepps, sem fjallað er um í kafla 6.4, en Langavatn skilur að svæðin við sunnanverð vesturmörkin. Norðvestan ágreiningssvæðisins er Fjalllendi Hrafnabjarga og norðan og norðaustan megin er Fjalllendi Fremri-Vífilsdals, en ágreiningur um þau svæði er til úrlausnar í máli nr. 3/2016 á svæði 9A hjá óbyggðanefnd. Austan megin við ágreiningssvæðið er ágreiningssvæði vegna vesturhluta Ystutunguafréttar, sem fjallað er um í máli nr. 2/2014 hjá óbyggðanefnd, og óumdeild eignarlönd sameignarlands Hvassafells I og II og jarðanna Hraunsnefs, Brekku og Hreðavatns.

Verða nú fyrst suðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Kröfulýsing íslenska ríkisins tekur ásamt ágreiningssvæðinu og án aðgreiningar til svæðisins þar sunnan við, þ.e. Beilárheiðar. Suðurmerkjum ágreiningssvæðisins er því ekki lýst sérstaklega af hálfu íslenska ríkisins. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er suðurmerkjunum lýst svo:

> … og þaðan ræður Fossdalsá […] og síðan Beilá á móti Beilárheiði (pt. 15) allt að s.k. Merkjahól (pt. 16) og þaðan ræður Beilá áfram á móti Grísartungu að Lækjarfarvegi við Langavatn (pt. 17) sem ræður merkjum að [þeim stað þar sem Langá fellur úr Langavatni (pt.1)].

Suðurmerkjum ágreiningssvæðisins gagnvart Beilárheiði er eingöngu lýst að hluta í landamerkjabréfi fyrir afréttarland Borgarhrepps frá 1892, en sem fyrr segir nær merkjalýsing þess til hluta Beilárheiðar án sérstakrar aðgreiningar. Þar er merkjum lýst svo að þau nái til norðaustasta hluta Beilárheiðar, þ.e. um Lambafell, og svo segir: „ … svo ræður Beilá í Langavatn, þar til Langavatnsdalsá fellur í það.“ Þá er suðurmerkjum einnig lýst að hluta í landamerkjabréfi fyrir afréttarland Borgarhrepps frá 1920 þar sem merkjalýsing þess tekur til Beilárheiðar í heild og án sérstakrar aðgreiningar. Þar er merkjum lýst svo: „Frá Beilárósi ræður Langavatn […] þaðan í einstakan hól, sem er vestanvert við vaðið á Beilá; loks ræður Beilá merkjum í Langavatn.“

Sunnan megin við ágreiningssvæðið liggur sem fyrr segir ágreiningssvæði vegna Beilárheiðar sem fjallað er um í kafla 6.6 og jörðin Grísartunga. Svo sem rakið er hér að framan og í kafla 6.6 fóru fram makaskipti milli Borgarhrepps og eiganda jarðarinnar Galtarholts á Beilárheiði og Réttarmúla árið 1880 og í kjölfar þess lét eigandi Galtarholts bæta við umfjöllun um merki Beilárheiðar í landamerkjabréf Galtarholts. Nánar tiltekið voru landamerkin skráð 20. maí 1885 og þeim þinglýst 21. maí 1885. Þar er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „… í hól þann, er stendur neðan fram við vaðið á Beilá […]. Síðan ræður Beilá fram fyrir heiðarhornið. Svo kemur Fossdalsá, og ræður hún uppeftir, þar til Skammá kemur í ána … “. Í

landamerkjabréfi Grísartungu frá 20. nóvember 1923, þinglýstu 1. júlí 1924, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „Þá ræður Langavatn merkjum að Beilá, því næst ræður merkjum Beilá að hól þeim hinum einstaka sem upphaflega er nefndur.“ Annars staðar í sama landamerkjabréfi er fjallað um staðsetningu hólsins. Þar segir að merkjum ráði hóll „sá einstakur, sem er vestanvert við vaðið á Beilá“. Landamerkjabréfið var undirritað um samþykki vegna Borgarhrepps.

Landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps frá 1892 og 1920 eru samkvæmt því sem hér var rakið samhljóða um að Beilá ráði merkjum að Langavatni. Landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps frá 1920, landamerkjabréf Grísartungu frá 1923 og landamerkjabréf Galtarholts frá 1885 eru samhljóða um að Beilá ráði í hól sem er vestanvert við vaðið á Beilá. Þá segir í landamerkjabréfi Galtarholts, sem er jafnframt eina heimildin sem lýsir suðurmerkjum ágreiningssvæðisins með heildstæðum hætti, að Beilá ráði þar til hún mætir Fossdalsá og þá ráði Fossdalsá að Skammá. Kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins í málinu er, líkt og framangreindar heimildir, miðuð við Fossdalsá þar til hún mætir Beilá, þá Beilá að „Merkjahól“ og áfram á móti Grísartungu að Langavatni, og er kröfulínan að því leytinu til í samræmi við heimildirnar. Hins vegar á sá hluti kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins, sem miðuð er við Lækjarfarveg við Langavatn og suðurenda Langavatns að þeim stað þar sem Langá fellur úr Langavatni, sér ekki stoð í heimildum um afmörkun ágreiningssvæðisins.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar að suðurmörk Fjalllendis Borgarhepps séu með þeim hætti að Fossdalsá ræður þaðan sem Skammá fellur í hana og þar til hún mætir Beilá. Þá ræður Beilá að merkjahól vestan við vaðið á Beilá og áfram í Langavatn.

Næst verða merki ágreiningssvæðisins að vestanverðu tekin til skoðunar. Kröfulýsing íslenska ríkisins tekur ásamt ágreiningssvæðinu og án aðgreiningar til svæðisins þar vestan við, þ.e. Fjalllendis Álftaneshrepps. Vesturmerkjum ágreiningssvæðisins er því ekki lýst sérstaklega af hálfu íslenska ríkisins. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er vesturmerkjum lýst svo:

> […] á móti Álftaneshreppslandi yfir vatnið og að þeim stað sem Langavatnsdalsá fellur í vatnið (pt. 2) og þaðan er ánni fylgt þangað til Mjóadalsá fellur í hana (pt. 3) og eftir Mjóadalsá upp á Sauðahrygg (pt. 4).

Vesturmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst svo í landamerkjabréfi fyrir afréttarland Borgarhrepps frá 1892: „ … Langavatn [þaðan sem Beilá rennur í það], þar til Langavatnsdalsá fellur í það“ og „Frá Langavatni ræður Langavatnsdalsá innað Mjóadalsá, svo ræður Mjóadalsá þar til Sauðarhryggur kemur að henni…“. Í landamerkjabréfi afréttarlands Borgarhrepps frá 1920 er vesturmerkjum lýst svo: „Frá Beilárósi ræður Langavatn þar til Langavatnsdalsá fellur í það, þá ræður Langavatnsdalsá, þar til Mjóadalsá fellur í hana. Mjóadalsá ræður síðan merkjum upp að svonefndum Sauðarhrygg.“ Landamerkjabréfin eru bæði árituð um samþykki

vegna Álftaneshrepps. Bæði í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins og í landamerkjabréfunum eru vesturmerkin miðuð við línu sem dregin er um Langavatn að þeim stað þar sem Langavatnsdalsá fellur í það. Þaðan er Langavatnsdalsá fylgt að Mjóadalsá og síðan Mjóadalsá að Sauðarhrygg. Kröfulýsing gagnaðila íslenska ríkisins er því í fullu samræmi við landamerkjabréfið að þessu leyti.

Vestan við ágreiningssvæðið er ágreiningssvæði vegna Fjalllendis Álftaneshrepps sem fjallað er um í kafla 6.4. Í landamerkjabréfi Fjalllendis Álftaneshrepps, dags. 20. júní 1923 og þinglýstu 21. júní 1924, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „Þaðan ræður vatnið [Langavatn] eins og það nær lengst inná Langavatnsdal, þaðan ræður Langvatnsdalsá að gljúfrum, Mjóadalsár og þaðan ræður Mjóadalsá að fyrstnefndum Sauðarhrygg.“ Annars staðar í sama landamerkjabréfi, þ.e. í umfjöllun um norðurmerkin, er fjallað um staðsetningu Sauðarhryggjar. Þar segir að Sauðarhryggur sé „Klettahryggur fast við Mjóadalsá við austurhornið á Fossamúla“. Landamerkjabréf Fjalllendis Álftaneshrepps er því í samræmi við bæði landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins eru ármót Langavatnsdalsár og Mjóadalsár staðsett á kröfulínukort u.þ.b. þar sem Langavatnsdalsá og Víðidalsá mætast í punkti nr. 3. Af fyrirliggjandi kortum má aftur á móti ráða að ármót Langavatnsár og Mjóadalsár eru staðsett nokkru norðar. Þá segir eftirfarandi í örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir „Borghreppingaafrétt“:

> Á móts við Svarthól eða heldur neðar í dalnum kemur á að norðaustan í Langavatnsdalsá, er heitir **Víðidalsá** (26a). Myndast þar tunga milli þeirra, láglend og frjósöm; nokkuð framar kemur önnur á í Langavatnsdalsá, fyrst Fossdalsá að vestan og svo **Mjóadalsá** (27), er kemur eftir samnefndum dal. Þessi á er á leitarmerkjum. Í mynni dalsins gengur frá norðaustri niður að henni grasi gróinn urðarhryggur, er heitir **Sauðahryggur** (28). En hann gengur niður frá **Víðimúla** (29), en það er allhár múli, sem er fyrir botni dalsins. Liggja leitarmerkin upp hann og upp á hátrumbuna.

Af þessu verður, líkt og af fyrirliggjandi kortum, ráðið að ármót Langavatnsdalsár og Mjóadalsár eru norðar heldur en gagnaðili íslenska ríkisins hefur staðsett þau á korti. Nánar tiltekið felst þessi mismunur í því að gagnaðili íslenska ríkisins virðist byggja á því að nyrsti hluti Langavatnsdalsár, miðað við fyrirliggjandi kort og örnefnaskrá, sé í raun syðsti hluti Mjóadalsár. Af þessu tilefni óskaði óbyggðanefnd eftir upplýsingum frá Veðurstofu Íslands um vatnasvið umræddra áa og ármót þeirra. Á korti sem barst frá Veðurstofunni í kjölfarið og var lagt fram í málinu kemur fram að ármót Langavatnsdalsár og Mjóadalsár eru staðsett nálægt norðurmörkum ágreiningssvæðisins, nánar tiltekið við mynni Mjóadals, u.þ.b. 200 m norðvestar heldur en sveitarfélagamörkin eru dregin á kort, en þau eru jafnframt norðurmörk svæðis 8B hjá óbyggðanefnd.

Í þessu sambandi skal tekið fram að ármótin, eins og þau eru skilgreind af Veðurstofu Íslands, eru staðsett nokkru vestar heldur en syðsti hluti Sauðarhryggjar. Ef lagt er til grundvallar að ármótin séu staðsett með þeim hætti þá er það Langavatnsdalsá en ekki Mjóadalsá sem rennur sunnan við Sauðarhrygg og við þann hluta Fossamúla sem liggur næst Sauðarhrygg, en sem fyrr segir kemur fram í landamerkjabréfi afréttarlands Borgarhrepps, frá árinu 1920, að Langavatnsdalsá og síðar Mjóadalsá ráði þessum hluta merkjanna að Sauðarhrygg. Fær sú merkjalýsing vart staðist nema gengið sé út frá því að átt hafi verið við nyrsta hluta Langavatnsdalsár, þegar getið var um Mjóadalsá í þessu sambandi.

Að teknu tilliti til þessara atriða er það niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á að talið hafi verið að umrædd á gengi undir nafninu Mjóadalsá á þeim stað þar sem Sauðarhryggur er næstur henni, og um leið næstur Fossamúla, a.m.k. á þeim tíma þegar framangreindar heimildir voru skráðar. Virðist það jafnframt vera í samræmi við það hvernig gagnaðili íslenska ríkisins staðsetur kröfupunkt nr. 4, sem er nyrsti punktur vesturmerkjanna samkvæmt kröfulýsingu hans. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að hvort sem gengið er út frá því að það sé nyrsti hluti Langavatnsdalsár eða syðsti hluti Mjóadalsár sem ræður nyrsta hluta vesturmerkja ágreiningssvæðisins, þá sé um að ræða sömu ána og miðað er við bæði í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins og landamerkjabréfum afréttarlands Borgarhrepps og Fjalllendis Álftaneshrepps. Álitaefni þetta snýr því aðeins að heiti árinnar sem ræður merkjunum, en ekki legu þeirra.

Sá staður þar sem Mjóadalsá rennur sunnan við Sauðarhrygg og við þann hluta Fossamúla sem liggur næst Sauðarhrygg er, bæði samkvæmt rannsókn óbyggðanefndar og því hvernig gagnaðili íslenska ríkisins staðsetur kröfulínu sína á kort, litlu sunnar en upphafleg norðurmörk svæðis 8B hjá óbyggðanefnd. Var því tekin ákvörðun um það við endurupptöku málsins að færa norðurmörk svæðisins til samræmis við legu kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins að þessu leyti og var kröfulína íslenska ríkisins jafnframt færð til samræmis við breytt mörk svæðis 8B.

Svo sem fyrr greinir liggja fyrir í málinu heimildir sem gefa til kynna að hólmarnir í Langavatni hafi tilheyrt barón Charles Gouldrée-Boilleau á Hvítárvöllum, en um er að ræða tvo hólma sem eru nálægt austurströnd Langavatns. Svo sem fyrr greinir eru vesturmörk ágreiningssvæðisins, bæði í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins og í landamerkjabréfum afréttarlandsins frá 1892 og 1920, miðuð við línu sem dregin er um Langavatn að þeim stað þar sem Langavatnsdalsá fellur í það og að því leyti fullt samræmi milli afmörkunar gagnaðila íslenska ríkisins og landamerkjabréfanna. Hins vegar er hvorki í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins né í landamerkjabréfunum getið sérstaklega um hvort merkin nái til hólmanna í vatninu. Í landamerkjabréfinu frá 1920 segir hins vegar: „Innan þessara merkja eru ekki ítök, nema hvað Svignaskarð á hálfan Víðidal allan, og sjera Einar Friðgeirsson Hólmana í Langavatni.“ Samkvæmt þessu var við gerð landamerkjabréfsins gert ráð

fyrir því að hólmarnir í vatninu væru taldir innan afréttarlands Borgarhrepps. Þar sem bæði landamerkjabréfin eru undirrituð um samþykki fyrir hönd Álftaneshrepps, sem liggur vestan Langavatns, má ráða að litið hafi verið svo á að hólmarnir í vatninu féllu innan þess landsvæðis sem tilheyrir Fjalllendi Borgarhrepps. Verður við það miðað hér.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar sú að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á vesturmerkjum Fjalllendis Borgarhrepps sé í samræmi við fyrirliggjandi heimildir.

Næst verða norðurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Af hálfu íslenska ríkisins er sýslumörkum og afmörkun kröfusvæðis fylgt að þessu leyti. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er norðurmerkjunum lýst svo:

> [Frá Sauðarhrygg] á móti sameignarlandi Fremri- og Ytri-Hrafnabjarga í Dalabyggð eftir vatnaskilum á Víðimúla (pt. 5) og vatnaskilum sunnan Hrútaborgar (pt. 6) og í punkt norðaustan Hrútagilsdraga (pt. 7). Þaðan á móti landi Vífilsdals í Dalabyggð á vatnaskilum á Rangárdalsbrúnum (pt. 8) og áfram á vatnaskilum (pt. 9 og 10) að vatnaskilum á Borgarhraunseggjum (pt. 11) og áfram á vatnaskilum norðan Sátudals (pt. 12).

Norðurmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1892: „ … þaðan [sem Mjóadalsá mætir Sauðarhrygg] sjónhending uppá Víðimúlakoll, þaðan austnorður hámúlanum og í botn á vestustu skál á Víðimúla, þaðan eptir gili því er rennur úr skálinni ofanúr Víðidalsá, þaðan eptir Víðidalsá og inní hæðstu drög á honum þaðan sjónhending fyrir dalabotna austur fyrir Mjóadal … “. Árið 1918 keypti Borgarhreppur, sem fyrr segir, vesturhluta Víðidals og er vesturmerkjum hans lýst svo í kaupsamningnum: „Frá Sauðarhrygg við Mjóadalsá, beina ~~leið~~ sjónhending í hákoll á Víðimúla, þaðan ræður eins og vötnum hallar til Víðidals alt í Víðidalsbotn.“ Í landamerkjabréfinu frá 1920 hefur vesturhluta Víðidals verið bætt við merkjalýsinguna í samræmi við kaupsamninginn en þar er þessum merkjum lýst svo: „Þaðan [sem Mjóadalsá mætir Sauðarhrygg] eru merkin sjónhending upp á hæðstu trumbuna á Víðimúla. Þaðan eftir háeggjum fyrir efstu drög Víðidals síðan eins og vötnum hallar frá háfjalli suður í hæðstu drög á Sátudal …“.

Norðvestan við ágreiningssvæðið er Fjalllendi Hrafnabjarga og norðan og norðaustan megin er Fjalllendi Fremri-Vífilsdals, en ágreiningur um þau landsvæði er til úrlausnar í máli nr. 3/2016 á svæði 9A hjá óbyggðanefnd. Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Ytri- og Fremri Hrafnabjörg frá árinu 1883 náði Fjalllendi Hrafnabjarga að Hrútagili. Lýsing bréfsins tók því ekki til vestasta hluta norðurmarka ágreiningssvæðisins. Þann 28. júní 1918 var gerður samningur um kaup eiganda Hrafnabjarga á „vesturhluta Víðimúla“ af Hörðudalshreppi. Í samningnum er vestasta hluta norðurmarka ágreiningssvæðisins lýst, en þar segir: „Frá Sauðarhrygg við Mjóadalsá í hákoll á Víðimúla, þaðan eptir há Víðimúla sem vötn deila til Hrútagilsbotns … “. Afsal vegna kaupanna er dagsett 22. desember sama ár og

þinglýst 8. júlí 1919. Framangreindum heimildum um afmörkun Fjalllendis Borgarhrepps og kaupsamningnum um vesturhluta Víðimúla frá 1918 ber samkvæmt þessu saman um að mörkin séu dregin frá Sauðarhrygg í hæsta punkt Víðimúla og þaðan ráði vatnaskil.

Í ódagsettu landamerkjabréfi Fremri-Vífilsdals, þinglýstu 28. maí 1885, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „ … svo fyrir Arnkelsdals og Vífilsdalbotna sem vötnum hallar. Sömuleiðis vestur Seljamúla og fyrir Rangárdalsbotn.“ Landamerkjabréfið var ekki undirritað um samþykki vegna Borgarhrepps. Rangárdalur, Vífilsdalur og Arnkelsdalur liggja allir norðan við ágreiningssvæðið. Að mati óbyggðanefndar lýsir landamerkjabréfið merkjum Fremri-Vífilsdals eftir vatnaskilum sunnan dalanna. Framangreindum heimildum um afmörkun Fjalllendis Borgarhrepps ber saman um að vatnaskilum sé fylgt frá hæsta punkti Víðimúla í hæstu drög Víðidals. Hins vegar er merkjum þaðan ekki lýst með sama hætti í landamerkjabréfum afréttarlands Borgarhrepps frá 1892 og 1920. Í landamerkjabréfinu frá 1892 segir að frá hæstu drögum Víðidals sé „sjónhending fyrir dalabotna austur fyrir Mjóadal“, og í landamerkjabréfinu frá 1920 segir „síðan eins og vötnum hallar frá háfjalli suður í hæðstu drög á Sátudal“. Með tilvísun landamerkjabréfsins frá 1892 í „dalabotna“ er, að mati óbyggðanefndar, átt við Vífilsdal og Arnkelsdal sem liggja austan við Víðidal, við austanverð norðurmörk ágreiningssvæðisins. Er það í samræmi við fyrrgreint landamerkjabréf Fremri-Vífilsdals frá 1885 þar sem miðað er við vatnaskil dalanna.

Norðaustast á ágreiningssvæðinu er svo Mjóidalur og austan hans Sátudalur, sem er hálfur innan ágreiningssvæðisins. Landamerkjabréfið frá 1892 lýsir merkjunum þannig að þau nái „austur fyrir Mjóadal og eptir eystri brúninni á honum“ og landamerkjabréfið frá 1920 þannig að vatnaskil ráði „í hæstu drög á Sátudal“. Að þessu leyti er því ósamræmi á milli landamerkjabréfanna tveggja um hversu langt austur norðurmörkin ná, en engum eldri heimildum er fyrir að fara um það atriði. Sem fyrr segir liggja ekki fyrir heimildir um að landamerkjabréfinu frá 1892 hafi verið þinglýst auk þess sem bréfið er eingöngu undirritað um samþykki vegna Álftanes- og Hörðudalshreppa, en ekki vegna Stafholtstungnahrepps eða annarra landsvæða austan ágreiningssvæðisins. Landamerkjabréfinu frá 1920 var hins vegar þinglýst og það undirritað af hreppstjóra Stafholtstungahrepps og vegna óumdeildra eignarlanda jarða austan og sunnan ágreiningssvæðisins. Í málinu liggja einnig fyrir gögn frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskila á svæðinu og samkvæmt þeim liggja vatnaskil, milli ágreiningssvæðisins og fyrrnefndra dala norðan þess, austur fyrir Mjóadal að punkti norðan við hæstu drög Sátudals. Að teknu tilliti til þessara atriða er það því mat óbyggðanefndar að rétt sé að taka mið af þeim merkjum, sem lýst er í landamerkjabréfinu frá 1920. Í þessu sambandi er þýðingarmikil sú ályktun í *Hrd. 11. október 2012, í máli nr. 457/2011* (landamerki Krýsuvíkur, Hrauns og jarða á Vatnsleysuströnd), að landamerkjabréf séu „ ... í eðli sínu samningar séu þau

samþykkt af eigendum eða umráðamönnum aðliggjandi jarða.“ Af þessu leiðir að formlegur áskilnaður 2. gr. landamerkjalaga um uppáskrift eigenda aðliggjandi fasteigna veiti landamerkjabréfinu að þessu leyti efnislega þýðingu og að sönnunarbyrðin um það að ekki verði byggt á bréfinu hvíli á þeim sem vill hnekkja því.[681]

Að öllu þessu virtu verða þær heimildir sem hér hafa verið raktar því túlkaðar þannig að litið hafi verið svo á að norðurmörk ágreiningssvæðisins liggi frá Sauðarhrygg upp á hæsta punkt Víðimúla og að þaðan sé vatnaskilum fylgt í hæstu drög Víðidals. Þaðan er svo vatnaskilum fylgt austur þar til komið er að vatnaskilum norðan við Sátudal. Svo sem rakið er hér að framan er kröfulýsing gagnaðila íslenska ríkisins orðuð með öðrum hætti og eru í því sambandi nefnd ýmis kennileiti. Að mati óbyggðanefndar felur kröfulýsingin þó í sér að miðað sé við línu sem dregin er frá Sauðarhrygg í hæsta punkt Víðimúla og þaðan sé vatnaskilum fylgt allt þar til komið er að vatnaskilum norðan Sátudals. Önnur kennileiti eru einungis nefnd til stuðnings legu vatnaskila. Verður því ekki annað séð en að fullt samræmi sé milli kröfulýsingar gagnaðila íslenska ríkisins og landamerkjabréfa afréttarlands Borgarhrepps.

Á fyrirliggjandi kröfulínukorti eru sveitarfélagamörk á svæðinu, sem dregin eru á grundvelli stafrænna gagna frá Landmælingum Íslands, að nokkru leyti með öðrum hætti en kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins. Sá mismunur er óverulegur en er á fjórum stöðum á þann veg að sveitarfélagamörk eru dregin norðar en kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins. Í fyrsta lagi er um að ræða línu sem dregin er frá Sauðarhrygg í hæsta punkt Víðimúla, þ.e. milli kröfupunkta 4 og 5 á kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins. Í öðru lagi svæði við norðvesturhorn ágreiningssvæðisins, þ.e. á milli punkta nr. 7 og 8 á kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins. Í þriðja lagi svæði við efstu drög Víðidals, þ.e. á milli punkta nr. 8 og 9 á kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins og í fjórða lagi svæði við efstu drög Hróbjargardals, þ.e. á milli punkta nr. 11 og 12 á kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins. Að öðru leyti er ýmist samræmi milli þessara lína eða mismunurinn á þann veg að sveitarfélagamörk eru dregin sunnar.

Hvað varðar línu gagnaðila íslenska ríkisins, sem er dregin frá Sauðarhrygg í hæsta punkt Víðimúla, þá vísast í umfjöllun um vesturmerki ágreiningssvæðisins. Þar kom fram að það væri mat óbyggðanefndar að gagnaðili íslenska ríkisins hafi staðsett nyrsta punkt vesturmerkja með réttum hætti, þ.e. kröfupunkt nr. 4 við Sauðarhrygg, en að sá punktur sé hins vegar ekki í samræmi við það hvernig sveitarfélagamörk á svæðinu eru dregin og þar með afmörkun svæðis 8B hjá óbyggðanefnd. Í kjölfarið var afmörkun kröfusvæðis 8B breytt með þeim hætti að afmörkun þess var færð suður að kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins. Eftir breytinguna er kröfulína gagnaðila íslenska

[681] Sjá einnig t.d. Hrd. 10. september 2015, mál nr. 637/2014 (Merki Brekku og Snartarstaða) og Hrd. 15. október 2015, mál nr. 127/2015 (Dyrhólaey).

ríkisins milli Sauðarhryggs og hæsta punkts Víðimúla í samræmi við kröfulínu íslenska ríkisins.

Þar sem heimildir um afmörkun ágreiningssvæðisins verða að mati óbyggðanefndar túlkaðar svo að vatnaskil ráði austur frá hæsta punkti Víðimúla þar til komið er að punkti norðan við Sátudal, kallaði nefndin eftir gögnum frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskila á svæðinu. Þar kemur fram að þau eru í samræmi við kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins á því svæði sem er við norðvesturhorn ágreiningssvæðisins, þ.e. á milli punkta nr. 7 og 8, sem og á því svæði sem er við efstu drög Hróbjargardals, þ.e. á milli punkta nr. 11 og 12. Þar kemur einnig fram að vatnaskilin liggja norðar en kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins við norðausturhorn ágreiningssvæðisins, þ.e. á milli punkta nr. 8 og 9, en þó sunnar en sveitarfélagamörkin. Við meðferð málsins ákvað óbyggðanefnd, að höfðu samráði við málsaðila, að breyta mörkum svæðis 8B á þann veg að þar sem sveitarfélagamörkin, eins og þau eru teiknuð á fyrirliggjandi kröfulínukort, náðu lengra til norðurs en vatnaskil á svæðinu voru mörk svæðisins færð til samræmis við vatnaskil. Í kjölfarið gerði íslenska ríkið breytingu á sinni kröfulínu til samræmis við breytta afmörkun svæðisins.

Eftir þessa breytingu á norðurmörkum svæðis 8B er kröfulína gagnaðila íslenska ríkisins við norðvesturhorn ágreiningssvæðisins, þ.e. á milli punkta nr. 7 og 8, sem og kröfulína við efstu drög Hróbjargardals, þ.e. á milli punkta nr. 11 og 12, í samræmi við kröfulínu íslenska ríkisins. Hins vegar er enn misræmi við norðausturhorn ágreiningssvæðisins, þ.e. á milli punkta nr. 8 og 9. Að mati óbyggðanefndar er orðalag kröfugerðar gagnaðila íslenska ríkisins í samræmi við heimildir um afmörkun norðurmarka ágreiningssvæðisins, þ.e. að línan fylgi vatnaskilum, en kröfulínan fylgdi þó ekki vatnaskilunum á korti. Við endurupptöku málsins hjá óbyggðanefnd 29. ágúst 2016 lagði lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins fram yfirlýsingu þess efnis að ef óbyggðanefnd teldi að afmörkun kröfusvæða í máli nr. 1/2014 væri ekki í samræmi við lýsingar í fyrirliggjandi heimildum, væri nefndinni heimilt að draga merkjalínur þar sem hún telur þau liggja samkvæmt heimildum. Með tilvísun til yfirlýsingarinnar verður umræddur hluti kröfulínunnar færður norðar til samræmis við legu vatnaskila samkvæmt fyrirliggjandi gögnum frá Veðurstofu Íslands og verður þá í samræmi við kröfulínu íslenska ríkisins. Að mati óbyggðanefndar var ekki talin þörf á að kalla eftir afstöðu íslenska ríkisins til þessarar breytingar þar sem aðeins er um að ræða tilfærslu línu á korti en ekki efnislega breytingu á kröfugerð gagnaðila þess.

Loks verða merki ágreiningssvæðisins að austanverðu tekin til skoðunar. Af hálfu íslenska ríkisins er austurmerkjum lýst svo: „Fossdalsá/Fossá er fylgt [þaðan sem Skammá fellur í hana] í Sátugil (23), úr Sátugili í hæstu drög á Sátudal (24) að sýslumörkum við Dalasýslu (að afmörkun kröfusvæðis í norðri) (25).“ Þá er umræddum hluta merkjanna lýst svo af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins: „[Frá

vatnaskilum norðan Sátudals] á móti fjalllendi Munaðarness í Sátudalsdrög (pt. 13) í Hærrifossa í Fossdalsá (pt. 14) og þaðan ræður Fossdalsá á móti sameignarlandi Hvassafells I og II, Hraunsnefi, Brekku, Hreðavatni … “.

Austurmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1892: „eptir eystri brúninni á [Mjóadal] ofanúr hærri fossa á Fossdal, svo ræður Fossdalsá … “. Austurmerkjum ágreiningssvæðisins er lýst svo í landamerkjabréfinu frá 1920: „ … eins og vötnum hallar frá háfjalli suður í hæðstu drög á Sátudal, þá ræður Sátugil merkjum niður í Fossdalsá, þá Fossdalsá niður í Skammá … “. Svo sem fram kom í umfjöllun um norðurmerki ágreiningssvæðisins er ósamræmi á milli landamerkjabréfanna tveggja um hversu langt austur nyrsti hluti austurmarka nær, en engum eldri heimildum er fyrir að fara um það atriði. Með hliðsjón af því að landamerkjabréfinu frá 1892 var hvorki þinglýst né undirritað um samþykki vegna aðliggjandi landsvæða að austanverðu er það mat óbyggðanefndar að rétt sé að taka mið af þeim merkjum, sem lýst er í landamerkjabréfinu frá 1920.

Samkvæmt lýsingu landamerkjabréfsins frá 1920 ráða vatnaskil merkjum í hæstu drög á Sátudal, þá Sátugil í Fossdalsá og síðast Fossdalsá þangað sem Skammá rennur í hana. Örnefnið Sátugil finnst ekki í örnefnasjá Landmælinga Íslands og er ekki nefnt í þeim örnefnaskrám sem liggja fyrir og varða landsvæðið. Hins vegar liggur fyrir að upptök Fossdalsár eru innst í Sátudal, og áin rennur eftir dalnum, og því er hægt að draga þá ályktun að umrætt gil sé á milli hæstu draga Sátudals og upptaka Fossdalsár.

Austan við Fjalllendi Borgarhrepps er ágreiningssvæði vegna vesturhluta Ystutunguafréttar og óumdeild eignarlönd sameignarlands Hvassafells I og II og jarðanna Hraunsnefs, Brekku og Hreðavatns. Fjallað er sérstaklega um vesturhluta Ystutunguafréttar í máli nr. 2/2014. Svo sem þar er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að öllum heimildum ber saman um að vesturmörk gagnvart Fjalllendi Borgarhrepps séu um línu sem er dregin úr Hærri fossum í Fossdalsá um Sátudal að vatnaskilum. Þá sé vatnaskilum fylgt norður. Í landamerkjabréfi Hvassafells, dags. 16. apríl 1885, þinglýstu 22. maí 1896, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „ … í Fossdalsá, svo ræður hún til hærri fossa.“ Í landamerkjabréfi Hraunsnefs, dags. 1. apríl 1887, þinglýstu 20. maí 1890, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „Að vestan ræður Fossdalsá … “. Í landamerkjabréfi Brekku, dags. 13. mars 1886, þinglýstu 25. maí sama ár, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „ … sjónhenda í Fossdalsá nálægt lægri fossum; að norðan ræður Fossdalsá … “. Í ódagsettu landamerkjabréfi Hreðavatns, þinglýstu 27. júní 1923, segir um merki gagnvart ágreiningssvæðinu: „ … þá ræður Skammá, þá Fossdalsá fram að lægri fossum … “. Verður ekki annað séð en að fullt samræmi sé á milli þessara heimilda og landamerkjabréfs afréttarlands Borgarhrepps frá 1920 hvað varðar austurmörk ágreiningssvæðisins.

Aðilar að málinu orða kröfur sínar ekki með sama hætti, en kröfulínur beggja málsaðila eru dregnar með sama hætti á kort. Báðir málsaðilar staðsetja nyrsta kröfupunkt austurmarka við vatnaskilapunkt norðan Sátudals og fylgja vatnaskilum suður í hæstu drög Sátudals. Íslenska ríkið dregur þaðan línu í Sátugil, sem er punktur nr. 23 á kröfulínu þess, þaðan sem Fossdalsá er fylgt. Gagnaðili íslenska ríkisins orðar þennan hluta kröfulínunnar svo að austurmörk liggi frá Sátudalsdrögum í „Hærrifossa í Fossdalsá“ sem er punktur nr. 14 á kröfulínu hans, og þaðan ráði Fossdalsá. Orðalag kröfu íslenska ríkisins er í samræmi við landamerkjabréfið fyrir afréttarland Borgarhrepps frá 1920. Svo sem að framan greinir hefur ekki reynst unnt að staðsetja Sátugil með fullri vissu en orðalag landamerkjabréfsins gefur þó til kynna að gilið sé innst í dalnum, milli hæstu draga hans og upptaka Fossdalsár. Íslenska ríkið staðsetur hins vegar kröfupunkt sinn vegna Sátugils við gil sem er við mynni Sátudals á svipuðum stað og gagnaðili íslenska ríkisins staðsetur kröfupunkt sinn vegna Hærri fossa. Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir „Borghreppingaafrétt“ segir eftirfarandi um svæðið sem um ræðir:

> Nokkuð hér framar er **Fossdalsbotn** (54); þar koma fossar, er heita **Hærrifossar** (55). Koma þar saman tveir dalir, **Mjóidalur** (56) vestar og **Sátudalur** (57) sá eystri. Eftir þeim eru ár, er heita **Mjóadalsá** (58) og Fossdalsá. Þessir dalir liggja báðir hærra en Fossdalurinn. Því myndast hér fossarnir fram úr dalkjöftunum, og eins og fyrr segir, heita þeir Hærrifossar. Fossinn úr Sátudalnum er hærri.

Af lýsingu örnefnaskrárinnar má ráða að „Hærri fossar“ eru tveir aðskildir fossar við mynni hvors dals fyrir sig. Sé tekið mið af því hvernig gagnaðili íslenska ríkisins dregur kröfulínu sína þá miðar hann kröfu sína við þann foss sem er staðsettur við mynni Sátudals en á þeim stað er jafnframt það gil sem íslenska ríkið miðar við í kröfu sinni að sé Sátugil. Þrátt fyrir að málsaðilar orði kröfur sínar með mismunandi hætti virðist þó sem þeir miði við sömu afmörkun svæðisins enda eru línur þeirra, sem fyrr segir, dregnar með sama hætti. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið miða báðir málsaðilar kröfu sína við vatnaskil suður í hæstu drög Sátudals, þaðan eftir Fossdalsá og í Hærri fossa. Þá miða báðir málsaðilar við að Fossdalsá ráði merkjum þaðan allt þar til Skammá rennur í hana. Er það mat óbyggðanefndar að kröfur beggja aðila séu í samræmi við heimildir um austurmerki ágreiningssvæðisins.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar að Fjalllendi Borgarhrepps afmarkist samkvæmt heimildum þannig:

> Fossdalsá ræður þaðan sem Skammá fellur í hana og þar til hún mætir Beilá. Þá ræður Beilá að merkjahól vestan við vaðið á Beilá og áfram í Langavatn sem ræður að þeim stað þar sem Langavatnsdalsá fellur í það. Þaðan er Langavatnsdalsá fylgt að Sauðarhrygg og frá Sauðarhrygg ræður sjónhending upp á hæsta punkt Víðimúla. Þaðan er vatnaskilum fylgt í hæstu drög Víðidals og áfram austur þar til komið er að vatnaskilum

norðan við Sátudal. Þaðan er vatnaskilum fylgt suður í hæstu drög Sátudals og þaðan í Fossdalsá sem ræður merkjum allt þar til Skammá rennur í hana.

Afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á Fjalllendi Borgarhrepps til vesturs, norðurs, austurs og suðausturs er í samræmi við heimildir. Hins vegar á sá hluti kröfu gagnaðila íslenska ríkisins, um að suðurmörk ágreiningssvæðisins séu miðuð við Lækjarfarveg við Langavatn og suðurenda Langavatns að þeim stað þar sem Langá fellur úr Langavatni, sér ekki stoð í heimildum um afmörkun ágreiningssvæðisins. Afmörkun íslenska ríkisins er í fullu samræmi við heimildir að því marki sem svæðið er afmarkað í kröfum þess, en eins og áður segir taka kröfur íslenska ríkisins sameiginlega og án aðgreiningar til ágreiningssvæðisins og svæðanna sunnan og vestan þess.

Kemur þá til skoðunar hver er eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í *Landnámu* segir að Bersi goðlauss, sonur Bálka Blængssonar úr Hrútafirði, hafi numið Langavatnsdal allan og búið þar. Sem fyrr segir liggja vesturmörk ágreiningssvæðisins um Langadal og er austurhluti hans innan þess. Þar kemur einnig fram að Vífill, leysingi Auðar djúpúðgu, hafi þegið af henni Vífilsdal, en ágreiningssvæðið afmarkast að norðanverðu af Vífilsdal. Þá er þar greint frá því að Skallagrímur hafi gefið leysingum sínum lönd uppi við fjöll, Grísi Grísartungu og Grími Grímsdal auk þess sem getið er um að Karl hafi numið Karlsdal upp frá Hreðavatni og búið undir Karlsfelli hafi átt land ofan til Jafnaskarðs til móts við Grím. Grímsdalur og Grísartunga liggja sunnan ágreiningssvæðisins og jarðirnar Hreðavatn og Jafnaskarð liggja við sunnanverð austurmörk þess.

Af þessari frásögn verður dregin sú ályktun að Langavatnsdalur hafi verið numinn en aftur á móti verður ekki fullyrt með vissu um landfræðileg mörk þess svæðis sem vísað var til sem Langavatnsdals í *Landnámu*. Þar sem ekkert kemur fram um landnám annarra hluta ágreiningssvæðisins verða engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af frásögnum *Landnámu* þar að lútandi. Staðhættir og fjarlægðir mæla því ekki í mót, að mati óbyggðanefndar, að ágreiningssvæðið hafi verið numið a.m.k. að hluta. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, samanber umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og

annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004. Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins."

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án e.k. aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Í máli þessu liggja fyrir tvö landamerkjabréf sem taka til ágreiningssvæðisins. Merkjalýsing eldra bréfsins frá 1892 tekur þó ekki til norðvestasta og norðaustasta hluta þess, en yngra bréfið frá 1920 tekur til alls svæðisins. Svo sem fram kom í umfjöllun um merki ágreiningssvæðisins er það mat óbyggðanefndar að rétt sé að leggja yngra landamerkjabréfið til grundvallar í ljósi þess að því var þinglýst og það undirritað um samþykki vegna aðliggjandi landsvæða. Þá liggur jafnframt fyrir fjöldi máldaga, vísitasía og lögfesta frá 12. til 19. aldar sem geta um réttindi tiltekinna kirkna innan umrædds svæðis. Óbyggðanefnd og dómstólar hafa almennt lagt minna upp úr máldögum, vísitasíum og lögfestum heldur en landamerkjabréfum jarða, sem

sönnunargögnum um tilvist beins eignarréttar. Ávallt er þó um að ræða heildstætt mat á sönnunargildi fyrirliggjandi heimilda og þar kunna atriði á borð við staðhætti, gróðurfar, fjarlægð frá byggð og nýtingu viðkomandi landsvæðis einnig að hafa áhrif.

Af þeim heimildum sem liggja fyrir um ágreiningssvæðið má ráða að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði það stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni.

Svo sem greint er frá hér að framan benda heimildir til þess að ýmsir aðilar hafi kallað til réttinda á tilteknum landsvæðum innan Fjalllendis Borgarhrepps. Að teknu tilliti til þess þykir rétt að fjalla um eignarréttarlega stöðu þeirra landsvæða hvers um sig. Fyrst verður fjallað um Hróbjargardal og hálfan Fossdal. Næst verður fjallað um Víðidal. Þá austurhluta Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum. Að lokum verður svo fjallað um Mjóadal og hálfan Sátudal.

#### 6.5.3.1 Hróbjargardalur og vesturhluti Fossdals

Svo sem fyrr greinir er saga þessara tveggja landsvæða rakin í kafla 5.5 hér að framan. Þar eru raktar heimildir Stafholtskirkju sem benda til þess að kirkjunni hafi tilheyrt réttindi á Hróbjargardal og vesturhluta Fossdals.

Hvað varðar afmörkun landsvæðanna þá liggja sem fyrr segir engar heimildir fyrir um hana. Af því tilefni óskaði óbyggðanefnd eftir gögnum frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskila á svæðinu og liggja þau fyrir í málinu. Þar sem engin önnur gögn hafa fundist sem gefa vísbendingu um afmörkun framangreindra dala er það mat óbyggðanefndar að taka eigi mið af legu vatnaskila umhverfis dalina eins og þau eru skilgreind af Veðurstofu Íslands.

Samkvæmt gögnum Veðurstofu Íslands afmarkast landsvæðið þannig að upphafspunktur er þar sem Hróbjargardalsá og Fossdalsá renna saman og mynda Beilá. Þaðan er vatnaskilum vestan Hróbjargardals fylgt norður að Borgarhraunseggjum og eftir þeim allt norður að vatnaskilum við norðurmörk ágreiningssvæðisins. Þaðan er vatnaskilum austan Hróbjargardals fylgt suður að vatnaskilum Fossdals á Moldarmúla. Þaðan er vatnaskilum norðan Fossdals fylgt austur í Fossdalsá og þaðan ræður Fossdalsá suður að upphafspunkti.

Elsta heimild sem getur um Hróbjargardal er máldagi Steina prests Þorvarðssonar fyrir Stafholtskirkju frá því um 1140. Þar eru taldar upp þær eignir sem lagðar voru til kirkjunnar, þar á meðal: „afreit j hroþr biargardal a bac jafna skarði.“ Í máldaganum er ekki minnst á Fossdal. Máldagar kirkjunnar frá 1354, 1397, 1480, einhvern tíma á árunum 1491-1518 og 1570, geta allir um að kirkjan eigi afrétt á Hróbjargardal en sem fyrr er ekki minnst á Fossdal.

Fossdals er fyrst getið meðal eigna kirkjunnar í vísitasíu hennar frá árinu 1639. Þar eru taldar upp eignir kirkjunnar, þar á meðal „Afrjett i Rjödzbjargardal“ og

„halfann Fossdal Nordan framm“. Tilgreining vísitasíunnar á þessum hlutum ágreiningssvæðisins er ólík að því leyti að annars vegar er getið um *afrétt í Hróbjargardal* og hins vegar *hálfan Fossdal*. Hið sama á einnig við um fjölda annarra heimilda kirkjunnar sem liggja fyrir og ná fram til 19. aldar, sbr. vísitasíur hennar frá árunum 1681, 1694, 1702, 1725, 1744, 1749 1751, 1759, 1783 og 1831, sem og lögfestur frá árunum 1663, 1707, 1714, 1754,1766 og 1831.

Í umfjöllun um Stafholt í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, kemur fram að staðurinn eigi selstöðu „á Rjóðsbjargadal [svo] með tilliggjandi löndum, öllum Rjóðsbjargardal [svo] og hálfum Fossdal norðanfram.“ Þá segir: „Þessi selstaða hefur ekki brúkast utan næstliðið ár, og hefur áður verið (eftir því sem kirkjunnar máldagi segir) afrjettarland, hjer nefndur Rjóðsbjargardalur sem og sellöndin á Bjarnadal, nefnilega hálfur Vesturárdalur.“

Í sóknalýsingu séra Páls Guðmundssonar fyrir Borgar- og Álftanessóknir frá árinu 1840 er getið um Afréttarlönd „sem almenningur brúkar“ en þar er ekki getið um Hróbjargardal eða Fossdal.

Í umfjöllun um Beilárheiði í jarðamati Mýrasýslu frá 1849–50 segir: „C, Beilárheiði, með hálfum Grímsdal og hálfum Fossdal og öllum Hróbjargardal, ofan að Beilá, sem árnar ráða, er Kenndar eru við dalinn, allt beint upp undan Grísatungu; heiðarland tilheyrandi Stafholts kirkju.“ Beilárheiði er aðliggjandi að Hróbjargardal og Fossdal að sunnanverðu.

Á manntalsþingi að Hjarðarholti 17. maí 1851 voru þinglesin „forboð fyrir Stafholtskirkjulöndum“, annars vegar á Fossdal og hins vegar á Hróbjargardal og Beilárheiði. Ekki er getið nánar um innihald forboðsins í þinglýsingarbók en draga má þá ályktun að um sé að ræða bann við upprekstri á umrædd landsvæði. Slíkt forboð fyrir Fossdal var einnig lesið upp 19. maí sama ár á manntalsþingi að Eskiholti.

Þann 7. júní 1851 skrifaði séra Ólafur Pálsson í Stafholti bréf til prófasts með upplýsingum um kauptilboð í „fjalllendi nokkurt, sem tilheyrir Stafholts Kyrkju og nær yfir talsverdann hluta Beilárheidar, med adliggjandi smádölum: Hróbjargardal öllum, Fossdal hálfum og ad nokkru leiti Grímsdal.“ Óskaði hann eftir áliti prófasts á kauptilboðinu auk þess sem hann lét í ljós skoðun sína á því. Þar segir m.a.:

> Fjallland þetta var við sídasta jardamat matid á 50rbd og er, þótt ekki svo lítid ad ummáli, vída graslítid. Þad hefir í mörg ár verid notad af ýmsum í óþakklæti, til þess ad reka þángad stódhross og annan fjenad, enginn ardur feingist af því, þángad til eg hin seinast lidnu ár hefi ad nafninu til gétad leigt þad, og fyrir ári sídann fékk tédur bóndi leyfi til þess hjá mér, ad hafa þar selstödu um sláttartímann. Yfir höfud ad tala er því svo varid, ad eg gét ekki fundid, ad nú sem stendur géti af fjall landi þessu feingist sami ardur og af hinu tilbodna andvirdi. Hid annad, sem hér er um ad tala, er þad, hvort land þetta sé missanlegt kyrkjunni edur beneficíarío hér í Stafholti, og vil eg í því tilliti géta þess, ad Kyrkjann á tvær selstödur bádar hagkvæmari en þessa: Stadartúngu, sem nú er brúkud til selstödu hér frá stadnum og Bjarnadal nær

> allan, sem ad nú sem stendur er leigdur ödrum. Þar ad auki liggur undir kyrkjuna upprekstur fyrir allan fénad á Hellistúngum. Eg álít yfir höfud land þetta því missanlegra, sem reynslan mun sanna flestum, ad mörg þvílík ítök er ördugt ad verja fyrir ólögmætri notkun annarra.

Þann 10. júní 1851 áframsendi prófastur bréf séra Ólafs til biskups ásamt áliti sínu á kauptilboðinu. Þar segir m.a.:

> … þá verd jeg ad öllu leiti ad vera samdóma því, sem tjádur Prestur seigir […] þekki jeg gjörla fjalllendid og veit ad ítak þetta hefur aldreigi ordid Stafholtskirkju ad notum, svo leingi sem menn muna eda tilvita, og álít jeg bod þetta í fleiru enn einu tilliti adgeingilegt, bædi þegar gætt er virdíngarverds Lands þessa vid jardamatid og líka þegar athugad er, hve stopul hin fornu kirkju ítök yfirhöfud eru.

Í sóknalýsingu séra Ólafs Pálssonar í Stafholti á Stafholts- og Hjarðarholtssóknum, sem er skrifuð í ágústmánuði árið 1853 er að finna umfjöllun um afréttarlönd. Þar segir m.a.: „Bæirnir vestan Gljúfurár eiga afrétt á *Langavatnsdal.*“ Þar er hins vegar hvorki minnst á Hróbjargardal né Fossdal.

Borgarhreppur keypti Beilárheiði ásamt Hróbjargardal og hálfum Fossdal á uppboði 21. maí árið 1852. Afsal vegna kaupanna var gefið út 22. desember 1853 og þar segir m.a.: „Með konúnglegum allrahæstum úrskurði af 5$^{ta}$ Maí 1852 var það leyft að selja við opinbert uppboð selland það, er Stafholtskyrkja á í Beilárheiði upp frá heimalöndum jarðanna Grísartungu og Múlakoti ásamt aðliggjandi dölum Hróbjargar (Rjóðsbjargar) dal og hálfum Fossdal.“

Í sóknalýsingu séra Þorkels Eyjólfssonar á Borg fyrir Borgar- og Álftanessóknir frá árinu 1873 segir um afréttarlönd í Borgarsókn: „Borgarsóknarmenn eiga með öðrum Borghreppingum afrétt inná Langavatnsdal og Beilárheiði og sækja Þinghólsrétt.“

Í „reglugjörð um notkun afrjetta, rjettir, fjallskil, o.fl. í Mýrasýslu“, sem samþykkt var á fundi amtráðsins í Vesturumdæminu 11.–13. júlí 1878, er m.a. fjallað um leitarmörk. Þar kemur fram að Þinghólsrétt tilheyri öllum jörðum í Borgarhreppi og skuli leita til hennar öll heimalönd þeirra „og öll fjall-lönd þau, er þar að liggja, allt að löndum Dalamanna.“ Hið sama kemur fram að því er varðar mörk leitarsvæðis Borgarhreppsréttar í „reglugjörð fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar“ frá árinu 1892.

Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir „afréttarlandi Borgarhrepps“ 25. febrúar 1892. Merkjalýsing bréfsins tekur til Hróbjargardals og þess hluta Fossdals sem er vestan Fossdalsár, auk annarra landsvæða, án sérstakrar aðgreiningar þar á milli. Bréfið var undirritað um samþykki fyrir hönd Álftanes- og Hörðudalshreppa en ekki finnast heimildir um að því hafi verið þinglýst. Annað landamerkjabréf var gert fyrir „afréttarland Borgarhrepps“ 2. nóvember 1920, þinglýst 25. júní 1923, og nær lýsing þess jafnframt til Hróbjargardals og vesturhluta Fossdals án aðgreiningar.

Stjórnarráð Íslands óskaði árið 1919 eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis. Í svari hreppstjóra Borgarhrepps, dags. 8. júlí 1920, segir hann :

> Afréttarlönd þau, er hreppurinn notar nú, er Beilárheiði með hálfum Grímsdal, Fossadalur hálfur og Hróbjargardalur allur. Land þetta var keypt af Stafholtskirkju til handa hreppnum fyrir mörgum árum síðan, og er hans eign nú. Þá er Langivatnsdalur hálfur ásamt fjalli austanvert við hann. […] Ekkert af löndum þessum hefur verið skoðað almenningar, heldur afréttarlönd.

Svo sem að framan er rakið er landsvæða þeirra sem hér eru til umfjöllunar getið í fjölda heimilda í tengslum við upprekstur og afréttarnot, líkt og á við um marga afrétti einstakra jarða eða stofnana. Sú staðreynd að í mörgum heimildum Stafholtskirkju er sérstaklega getið um *afrétt í Hróbjargardal* en aftur á móti jafnan getið um *Fossdal hálfan* gæti eftir atvikum gefið til kynna að munur hafi verið á eignarréttarlegri stöðu Hróbjargardals og Fossdals. Hins vegar liggja ekki fyrir heimildir sem styðja að svo hafi verið. Í umfjöllun um Stafholt í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, kemur t.a.m. fram að staðurinn eigi selstöðu á Hróbjargardal „með tilliggjandi löndum, öllum Rjóðsbjargardal [svo] og hálfum Fossdal norðanfram“. Þá er ekki að sjá af afsali vegna kaupa landsvæðisins frá 22. desember 1853 að greinarmunur sé gerður á svæðunum tveimur.

Í þessu sambandi skal þess sérstaklega getið að í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Af þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.[682] Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu lands.

Þá hefur komið fram að þess er getið í mörgum fyrirliggjandi heimildum að Stafholtskirkja eigi Hróbjargardal *allan* og Fossdal *hálfan*. Að mati óbyggðanefndar er þó ekki hægt að slá því föstu á þeim grundvelli að réttindi kirkjunnar hafi falist í beinum eignarrétti. Vísast í því sambandi til dóms Hæstaréttar frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga). Í því máli var niðurstaða Hæstaréttar sú að um þjóðlendu væri að ræða þrátt fyrir að fyrir lægju heimildir um að Hofskirkja í Vopnafirði hefði átt Steinvarartungu *alla*. Var talið að inntak réttinda kirkjunnar hefði verið bundið við þau óbeinu eignarréttindi sem felast í rétti til upprekstrar búfjár til sumarbeitar og annarra hefðbundinna afréttarnota, þ.e. afréttareign.

Ekkert liggur fyrir um hvernig Stafholtskirkja var upphaflega komin að rétti sínum til þessara landsvæða og ekki heldur hvert inntak þeirra réttinda var eða

[682] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar (í viðauka).

landfræðileg afmörkun. Þá eru svæðin landfræðilega aðskilin frá landi Stafholts. Eins og áður er getið verða ekki dregnar afdráttarlausar ályktanir um landnám á þessum hluta ágreiningssvæðisins þó svo að staðhættir og fjarlægðir mæli því ekki í mót, að mati óbyggðanefndar, að svæðin hafi verið numin. Jafnvel þó svo að þau kunni að hafa verið numið í öndverðu, í heild eða að hluta, þá verður sem endranær að hafa þann fyrirvara að sú staðreynd sker ekki með afdráttarlausum hætti úr um tilvist beins eignarréttar síðar. Þarf þá m.a. að líta til þess hvort og hvernig slík eignarréttindi hafa yfirfærst til síðari rétthafa, hver tengslin eru sögulega séð, hvernig umrædd fasteign er nú afmörkuð og hvernig sú afmörkun samræmist eldri heimildum um nám. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og að landsvæði hafi í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess mismunandi sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar eftir því hvort um óvéfengjanlegan hluta jarðar er að ræða, afrétt einstakra jarða og/eða stofnana eða loks samnotaafrétt og má við það mat styðjast við fjölda dóma í sambærilegum málum. Sjá nánar um þetta kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum.

Heimildir um afnot landsvæðanna fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not, svo sem selstöðu, og engar heimildir liggja fyrir um að þar hafi nokkru sinni verið byggð eða að Hróbjargardalur og vesturhluti Fossdals hafi verið hluti jarðar. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem liggja nærri ágreiningssvæðinu eru bæði eignarlönd og þjóðlendur sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á svæðinu á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar,* þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.[683]

Hvað Hróbjargardal og vesturhluta Fossdals varðar er óumdeilt að þar hefur aldrei verið byggð og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að svæðinu getur því ekki hafa stofnast handa þeim, sem leiddu rétt sinn frá fyrri eigendum þess, fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í

[683] Sbr. kafli 3.2. í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.*

12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, sbr. dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá liggur fyrir í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða þar sem háttar til eins og á umræddu landsvæði. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til.

Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á það með gagnaðila íslenska ríkisins, þ.e. Borgarbyggð, að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að svæðinu fyrir hefð.

Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til Hróbjargardals og vesturhluta Fossdals hafi orðið til á þann veg að landið hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Þá voru snemma settar opinberar reglur um afréttarnotkun og fjallskil sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Hróbjargardalur og vesturhluti Fossdals séu eignarlönd, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[684] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að umrætt landsvæði sé í afréttareign Borgarbyggðar sem leiðir þann rétt frá Stafholtskirkju fyrir milligöngu Borgarhrepps.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Hróbjargardalur og vesturhluti Fossdals, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

> *Upphafspunktur er þar sem Hróbjargardalsá og Fossdalsá renna saman og mynda Beilá. Þaðan er vatnaskilum vestan Hróbjargardals fylgt norður að Borgarhraunseggjum og eftir þeim allt norður að vatnaskilum við norðurmörk Fjalllendis Borgarhrepps. Þaðan er vatnaskilum austan Hróbjargardals fylgt suður að vatnaskilum Fossdals á Moldarmúla. Þaðan er vatnaskilum norðan Fossdals fylgt austur í Fossdalsá og þaðan ræður Fossdalsá suður að upphafspunkti.*

Sama landsvæði er í afréttareign Borgarbyggðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga, sem nýtur veiðiréttar í ám og vötnum skv. 5. gr. laga nr. 58/1998, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

[684] Sbr. einnig lokakafla í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar (í viðauka).

#### 6.5.3.2 Víðidalur

Svo sem fyrr greinir er saga landsvæðisins rakin í kafla 5.5 hér að framan. Í kaflanum eru raktar heimildir sem benda til þess að jörðinni Svignaskarði hafi tilheyrt réttindi á austurhluta Víðidals og að ágreiningur hafi verið uppi milli hreppsnefnda Borgarhrepps og Hörðudalshrepps á síðari hluta 19. aldar um vesturhluta Víðidals. Í júní árið 1918 keypti Borgarhreppur vesturhluta Víðidals af Hörðudalshreppi og í mars árið 1937 tilkynnti dóms- og kirkjumálaráðherra um makaskipti ríkissjóðs og bóndans í Svignaskarði, þar sem íslenska ríkið skyldi fá, „hálfan Víðdal allan", í stað Staðartungu. Var þar átt við austurhluta Víðidals.

Hvað varðar afmörkun Víðidals þá liggja ekki fyrir neinar heimildir sem lýsa merkjum dalsins með heildstæðum hætti enda ekki sömu aðilar sem kölluðu til réttinda austan og vestan Víðidalsár. Víðidalur liggur á nyrsta hluta ágreiningssvæðisins vegna Fjalllendis Borgarhrepps og svo sem kom fram í umfjöllun um afmörkun þess var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir „afréttarlandi Borgarhrepps" 25. febrúar 1892. Þar er merkjum lýst að undanskildum vesturhluta Víðidals og bréfið var undirritað um samþykki fyrir hönd Álftanes- og Hörðudalshreppa en ekki finnast heimildir um að því hafi verið þinglýst. Annað landamerkjabréf var gert fyrir „afréttarland Borgarhrepps" 2. nóvember 1920 og því þinglýst 25. júní 1923. Þar er merkjum lýst að meðtöldum vesturhluta Víðidals og er sú lýsing í samræmi við lýsingu á vesturhluta Víðidals í samningi um kaup Borgarhrepps á landsvæðinu 1918. Bréfið var undirritað um samþykki af eiganda Svignaskarðs og vegna aðliggjandi landsvæða. Er því miðað við landamerkjabréfið frá 1920 um afmörkun ágreiningssvæðisins að norðanverðu. Er það niðurstaða óbyggðanefndar að norðurmörk Fjalllendis Borgarhrepps, og þ.a.l. Víðidals, liggi frá Sauðarhrygg upp á hæsta punkt Víðimúla og að þaðan sé vatnaskilum fylgt í hæstu drög Víðidals. Þaðan er svo fylgt vatnaskilum Víðidals og aðliggjandi dala að norðanverðu.

Í samningnum um kaup á vesturhluta Víðidals frá júní 1918 er vesturmerkjunum lýst svo að frá Sauðarhrygg sé sjónhending í hæsta punkt Víðimúla og þaðan ráði „eins og vötnum hallar til Víðidals alt í Víðidalsbotn." Víðidalsá rennur eftir dalbotninum suðvestur þar til hún fellur í Langavatnsá. Þá segir í landamerkjabréfi afréttarlands Borgarhrepps frá 1892 að Víðidalsá ráði í hæstu drög Víðidals, en sem fyrr segir tekur landamerkjabréfið ekki til vesturhluta Víðidals. Samkvæmt lýsingunum má draga þá ályktun að Víðidalsá ráði merkjum á milli vestur- og austurhluta Víðidals en þess er ekki getið með hvaða hætti suðurmörkin liggja milli Sauðarhryggjar og Víðidalsár. Sem fyrr segir rennur Víðidalsá suður í Langavatnsá. Þá ræður Langavatnsá merkjum Fjalllendis Borgarhrepps að Sauðarhrygg. Þar sem engum heimildum er fyrir að fara sem lýsa merkjum milli Víðidalsár og Sauðarhryggjar verður við það miðað að Víðidalsá sé fylgt þar til hún fellur í Langavatnsá og Langavatnsá svo fylgt að Sauðarhrygg.

Þá er ekki heldur fyrir að fara neinum heimildum sem lýsa suðurmerkjum austurhluta Víðidals. Af því tilefni óskaði óbyggðanefnd eftir gögnum frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskila við Víðidal og liggja þau fyrir í málinu. Þar sem engin önnur gögn hafa fundist sem veita vísbendingu um suðurmörk austurhluta Víðidals er það mat óbyggðanefndar að taka eigi mið af legu vatnaskila sunnan og suðaustan dalsins eins og þau eru skilgreind af Veðurstofu Íslands.

Samkvæmt framangreindu afmarkast vesturhluti Víðidals svo að frá Sauðarhrygg er sjónhending í hæsta punkt Víðimúla, þaðan er vatnaskilum fylgt í hæstu drög Víðidals. Þaðan ræður Víðidalsá merkjum að ármótum Víðidalsár og Langavatnsár. Þaðan ræður Langavatnsá að upphafspunkti við Sauðarhrygg. Þá afmarkast austurhluti Víðidals svo að upphafspunktur er við ármót Víðidalsár og Langavatnsár. Þaðan ræður Víðidalsá í hæstu drög Víðidals. Þaðan er svo vatnaskilum austan Víðidals fylgt að fyrrnefndum ármótum Víðidalsár og Langavatnsár.

Að teknu tilliti til þeirrar tvískiptingar Víðidals sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan þykir rétt að fjalla um eignarréttarlega stöðu hans í tvennu lagi í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir. Fyrst verður fjallað um austurhluta Víðidals, og að því búnu verður fjallað um vesturhluta Víðidals.

#### 6.5.3.2.1 Austurhluti Víðidals

Elsta heimild sem getur um austurhluta Víðidals er máldagi kirkjunnar að Svignaskarði frá því um 1325 þar sem segir: „enn kirkian atte at fornu […] halfann vididal etcetara.“ Í Vilchinsmáldaga fyrir kirkjuna að Svignaskarði frá árinu 1397 er að finna tilvísun til fyrri máldaga kirkjunnar. Árið 1511 vitnaði Oddgeir Grímsson um það að Halldór nokkur Guðmundsson hafi goldið Þorleifi Björnssyni „fyrir 30 ára eða meir“ jörðina Svignaskarð í próventu sína. Í vitnisburðinum er ekki getið um Víðidal. Þann 11. júlí árið 1512, samþykkti og staðfesti Stefán biskup Jónsson í Skálholti máldaga Svignaskarðskirkju á Mýrum, og úrskurðaði jafnframt Þorstein Þorleifsson réttan halds og eignarmann jarðarinnar. Í bréfi biskupsins er ekki getið um Víðidal. Þann 23. júlí árið 1512, úrskurðaði Jón Sigmundsson, lögmaður norðan og vestan yfir Íslandi, kaup þeirra Þorleifs Björnssonar og Halldórs Guðmundssonar um Svignaskarð, sem getið er um í framangreindum vitnisburði frá árinu 1511, löglegt. Í úrskurði lögmannsins er ekki getið um Víðidal.

Einhvern tíma á árunum 1534–1539 seldi Ögmundur biskup Pálsson í Skálholti, Svignaskarð í Stafholsstungum til Orms bónda Guðmundssonar. Í bréfi þar sem biskup upplýsir um söluna segir að jörðin hafi verið seld „med ollum þeim gognum oc giædum sem greindre iaurdu fylger oc fylgt hefur ad fornu oc nyu til sios oc landz. til frials forrædis ok fullrar eignar.“ Þar er ekki getið um Víðidal. Í minnisgrein Gizurar Einarssonar Skálholtsbiskups, frá 11. september 1541, kemur fram að í stað Svignaskarðs hafi kirkjan fengið jarðirnar Ingunnarstaði í Garpdalskirkjusókn og Hóla í Reykhólakirkjusókn.

Þann 30. júní árið 1567 dæmdi tylftardómur á Öxarárþingi kaup Henriks Gerkens á hálfu Svignaskarði og Sigmundarnesi lögleg og 25. ágúst árið 1568 úrskurðaði Ormur Sturluson, lögmaður norðan og vestan yfir Íslandi, hálft Svignaskarð og hálft Sigmundarnes rétta eign Henriks Gerkens. Hvorki í dómnum frá 1567 né í úrskurðinum frá 1568 er minnst á Víðidal.

Í Gíslamáldaga fyrir hálfkirkjuna á Svignaskarði frá því um 1570 segir m.a. um eignir hennar að hún eigi „Jtem allann hälffann Vijdedal.“ Hér er Víðidals sérstaklega getið í fyrsta sinn síðan í fyrrgreindum máldaga frá árinu 1325, en þess ber jafnframt að geta að enginn sjálfstæður máldagi var gerður fyrir kirkjuna í millitíðinni.

Af framangreindum heimildum má draga þá ályktun að jörðin Svignaskarð hafi verið seld frá kirkjunni einhvern tíma 1534–1539, en hálfkirkja verið áfram á staðnum og kirkjan haldið „hálfum Víðidal“. Fær það stuðning af umfjöllun um Svignaskarð í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1709 en þar segir m.a.: „Hjer er hálfkirkja, og veitast tíðir, þá heimamenn eru til sacramentis. […] Eigandi að hálfri jörðunni er Ragnheiður Þorsteinsdóttir að Skarði á Skarðsströnd. Eigandi að öðrum helmíngi kvinna Guðmundar West á Stokkseyri á Eyrarbakka.“ Ekki er minnst á Víðidal í ritinu. Þá er Víðidals hvorki getið í umfjöllun um jörðina Svignaskarð í jarðamati Mýrasýslu frá 1804, né jarðamati Mýrasýslu frá 1849–50.

Landamerkjabréf fyrir Svignaskarð finnst ekki í landamerkjabókum Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Þó má sjá af dóma- og þingbók að á manntalsþingi að Eskiholti 23. maí árið 1887 var lesin landamerkjaskrá fyrir Svignaskarð og í henni hefur verið getið um Víðidal. Í dómabókinni segir: „19). Lesin landamerkjaskrá fyrir Svignaskarði, vantar undirskrift Borgarhreppsnefndar að því er Víðidal snertir.“ Afrit af landamerkjabréfinu sjálfu hefur ekki fundist.

Þann 25. febrúar 1892 var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir afréttarland Borgarhrepps og tók merkjalýsing þess sem fyrr segir m.a. til austurhluta Víðidals án sérstakrar tilgreiningar hans, en ekki til vesturhluta Víðidals. Landamerkjabréfið var undirritað um samþykki vegna Hörðudalshrepps og Álftaneshrepps en ekki er að sjá að því hafi verið þinglýst. Í landamerkjabréfinu segir einnig: „Innan þessara landamerkja eru ekki ítök, nema Svignaskarðs í allan hálfan Víðidal.“

Í fasteignamati Mýrasýslu frá 1916–1918 er Guðmundur Daníelsson sagður vera eigandi Svignaskarðs og í umfjöllun um jörðina kemur m.a. fram eftirfarandi athugasemd: „Eftir gömlum máldögum telur jarðareigandi að jörðin eigi þessi ítök í annara lönd: „Hálfan Víðidal allan“ í afrétti […] en ekki er talið að jörðin hafi neinn arð af þessum ítökum.“ Af orðalagi athugasemdarinnar má ráða að eigandi Svignaskarðs hafi ekki litið svo á að um eignarland hans á Víðidal hafi verið að ræða heldur ítak í „annara lönd“. Þá má einnig ráða að hann hafi byggt tilkall um slíkt ítak á máldögum kirkjunnar að Svignaskarði. Það liggja hins vegar engin gögn fyrir um það hvort eða með hvaða hætti þessi réttindi fluttust frá kirkjunni til jarðareiganda.

Í kjölfar þess að Borgarhreppur keypti vesturhluta Víðidals var gert nýtt landamerkjabréf fyrir afréttarland Borgarhrepps 2. nóvember 1920, þinglýst 25. júní 1923, og tók því lýsing þess til bæði austur- og vesturhluta Víðidals. Þá segir í bréfinu: „Innan þessara merkja eru ekki ítök, nema hvað Svignaskarð á hálfan Víðidal allan, og sjera Einar Friðgeirsson Hólmana í Langavatni.“ Bréfið er undirritað um samþykki vegna aðliggjandi hreppa og jarða og auk þess skrifaði undir það „Guðmundur Daníelsson eigandi að Víðidal öllum hálfum“.

Þann 12. mars 1937 fór Guðmundur Daníelsson þess á leit við dóms- og kirkjumálaráðuneytið að eiga makaskipti á Víðidal og Staðartungu. Í bréfi hans segir m.a.: Í framhaldi af viðtali mínu við háttvirtan landbúnaðarráðherra, leyfi eg mér að fara þess á leit að hinu háa dóms- og kirkjumálaráðuneyti mætti þóknast að hafa makabýtti við mig á afréttarlandi því er eg á á Víðidal austan megin Langavatnsdals og Staðartungu ~~úr Grísatungulandi~~ sem er eign Stafholtskirkju. Ástæðan fyrir þessari beiðni minni er sú, að hin borgfirðska sauðfjárpest hefir enn eigi komið í fjárstofn minn, þrátt fyrir að veikin geisar á bæjum í næsta nágrenni við mig. Hefi eg því ákveðið að gera mitt ítrasta til að verja féð gegn smitun veikinnar. Þetta er mér ekki unt að gera með girðingum á heimalandi jarðarinnar þar sem sýktur fénaður frá Fróðhúsum hefir haft aðgang að þessu landi.“ Þann 13. mars 1937 veitti Páll Zóphóníasson ráðunautur og formaður fjárpestarvarnarnefndar álit vegna beiðninnar um makaskipti. Í áliti hans segir m.a.: „Ég tel að það sé beggja hagur að af skiptunum verði og byggist það á: 1. Land Guðmundar liggur svo langt frá jörðinni að hann hefur þess engin not nema til upprekstrar. […] 4. Aftur er afréttarland Guðmundar betra sumarland og verðmeira sem afréttarland, og því betri eign en Staðartungan, til þess að leigja hana upprekstrarfélögum eða hreppsfélögum. Ég mæli því eindregið með því að makaskiptin verði.“

Þann 20. mars árið 1937 tilkynnti dóms- og kirkjumálaráðherra um makaskipti ríkissjóðs og eiganda Svignaskarðs. Við makaskiptin skyldi íslenska ríkið fá, „hálfan Víðdal allan“, í stað Staðartungu. Samningnum var þinglýst 31. júlí 1939. Í millitíðinni, þ.e. 31. maí 1939, hafði hreppsnefnd Borgarhrepps tekið á leigu „hálfan Víðidal allan“ af ríkissjóði og var leigusamningnum þinglýst 31. júlí sama ár.

Þann 10. september 1940 gerði landbúnaðarráðherra kunnugt um sölu á hálfum Víðidal inn af Langavatnsdal, fyrir hönd ríkissjóðs. Í samningnum segir: „Að ég samkvæmt heimild í lögum nr. 20 frá 12. febr. 1940 um sölu á hálfum Víðidal inn af Langavatnsdal og fyrir hönd ríkissjóðs, sel hér með og afsala hreppsnefnd Borgarhrepps í Mýrasýslu vegna Borgarhrepps, hálfan Víðidal („hálfan Víðidal allan“) inn að Langavatnsdal i Mýrasýslu, eins og ríkissjóður hefur eignast hann með makaskiptasamingi, dags. 20. marz 1937, sbr. leigusamning hreppsnefndar Borgarhrepps fyrir hálfum Víðidal („hálfum Víðidal öllum“) frá 31. maí 1839.“ Afsalinu var þinglýst 4. desember árið 1942.

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að heimildir sem geta um austurhluta Víðidals eru takmarkaðar og engar heimildir hafa fundist sem varða afmörkun landsvæðisins. Í tveimur máldögum kirkjunnar að Svignaskarði, annars vegar frá árinu 1325 og hins vegar frá árinu 1570, er kirkjunni eignaður hálfur Víðidalur, en samkvæmt heimildum er óljóst hvert umfang og inntak þess réttar var eða hvernig kirkjan var að því landi komin. Heimildir benda til þess að jörðin Svignaskarð hafi verið seld frá kirkjunni á fyrri hluta 16. aldar, en hálfkirkja verið áfram á staðnum og kirkjan haldið „hálfum Víðidal“. Ekki verður séð að eftir árið 1570 hafi kirkjan haldið fram rétti sínum til þessa landsvæðis, þ. á m. ekki í þessu máli hjá óbyggðanefnd. Þá byggja gagnaðilar íslenska ríkisins ekki á því að þeir leiði rétt sinn frá kirkjunni. Af þessu leiðir að heimildir um tilkall kirkjunnar til beins eignarréttar koma ekki til frekari skoðunar.

Ekki liggja fyrir nein gögn í málinu sem styðja eignarréttarlegt tilkall eiganda Svignaskarðs til umrædds landsvæðis rúmlega þremur öldum eftir sölu jarðarinnar, sbr. ætlaða tilgreiningu Víðidals í landamerkjabréfi jarðarinnar sem var þinglýst 23. maí árið 1887. Landamerkjabréfið sjálft hefur þó ekki fundist og því liggur ekkert fyrir um inntak þeirra réttinda sem um var getið í bréfinu. Sem fyrr segir má ráða af athugasemd við umfjöllun um jörðina Svignaskarð í fasteignamati Mýrasýslu frá 1916–1918, að eigandi Svignaskarðs hafi ekki litið svo á að um eignarland hans á Víðidal hafi verið að ræða, heldur taldi hann sig eiga ítak í „annara lönd“ og byggði hann tilkall um slíkt ítak á máldögum kirkjunnar að Svignaskarði.

Eins og áður er getið verða ekki dregnar afdráttarlausar ályktanir um landnám á þessum hluta ágreiningssvæðisins. Í fyrirliggjandi heimildum er þess svæðis, sem hér er sérstaklega til umfjöllunar, getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot og engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð eða önnur not en sumarbeit og e.t.v. aðrar takmarkaðar nytjar. Það er fjarri byggð og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að svæðið hafi verið afréttur í þeim skilningi að það hafi verið undirorpið óbeinum eignarréttindum fremur en beinum eignarrétti. Svo virðist sem nýting landsins hafi verið með þeim hætti að það hafi verið í sameiginlegum afréttarnotum jarða í fyrrum Borgarhreppi, nú Borgarbyggð, a.m.k. frá þeim tíma sem hreppurinn gerði sérstakt landamerkjabréf fyrir afréttarland Borgarhrepps árið 1892.

Sú ráðstöfun eiganda Svignaskarðs að geta um landsvæðið í landamerkjabréfi jarðarinnar árið 1887 gat ekki breytt eignarréttarlegri stöðu þess frá því sem fyrir var, enda ljóst að ekki er unnt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með þeim hætti. Þá skal í þessu sambandi áréttað að á þeim tíma var ekki lengur unnt að nema til eignar ný lönd, heldur gátu eigendalaus svæði eingöngu orðið undirorpin beinum eignarrétti á grundvelli þeirra reglna sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðijarða, frá 15. apríl 1776, kvað á um. Samkvæmt þessu skorti því eiganda Svignaskarðs viðhlítandi eignarheimild til að ráðstafa landsvæðinu með umræddum

samningi um makaskipti á „hálfum Víðidal öllum“ og Staðartungu, dags. 20. mars 1937.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á umræddu svæði á grundvelli afsals landbúnaðarráðherra, dags. 10. september 1940, þá vísast til dóma Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell) og 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar), sem og kafla 11.1.X í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Af framangreindum dómum Hæstaréttar má ráða að fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur landsvæða geti ráðið úrslitum um það hvort umrædd landsvæði verði talin undirorpin beinum eignarrétti, jafnvel þótt viðkomandi handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Á þetta við í þeim tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að litið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf því að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Hvað varðar sérstaklega þýðingu fyrrgreinds afsals landbúnaðarráðherra, þar sem hreppsnefnd Borgarhrepps er afsalað „hálfum Víðidal inn að Langavatnsdal i Mýrasýslu, eins og ríkissjóður hefur eignast hann með makaskiptasamingi, dags. 20. marz 1937“, þá er til þess er að líta að orðalag og framsetning í afsalinu sker ekki úr um það hvort ætlunin var sú að afsala beinum eignarrétti á landinu eða afréttareign. Umrædd framsetning mun þess utan sækja sér fyrirmynd í staðlaða texta við sölu fasteignaréttinda ríkisins frá þeim tíma. Því verður, að mati óbyggðanefndar, að meta efnislegt inntak lögskipta þessara á grundvelli þeirrar meginreglu íslensks eignarréttar að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir tilkalli sínu og að sá sem afsalar landi getur ekki veitt viðtakanda sínum víðtækari rétt en hann sjálfur átti. Samkvæmt framansögðu tekur sú meginregla jafnframt til eignarheimilda sem stafa frá íslenska ríkinu standi ekki svo sérstaklega á sem rakið er hér að framan. Af framangreindu virtu er það mat óbyggðanefndar að afsalið frá 1940 hafi þannig ekki sjálfstætt gildi til stuðnings beinum eignarrétti þar sem ekki sé ljóst hvers kyns réttindum var verið að afsala. Efni afsalsins og not landsvæðisins áður en það er selt, þ.e. leiga landsvæðisins til upprekstrarnota, bendi fremur til þess að ráðstafað hafi verið hefðbundinni afréttareign en ekki beinum eignarrétti.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir búpening og annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á umræddu svæði á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og

*Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði" 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Hvað austurhluta Víðidals varðar er óumdeilt er að þar hefur aldrei verið byggð og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að þessum hluta ágreiningssvæðisins getur því ekki hafa stofnast fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, sbr. dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum sambærilegum svæðum. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til.

Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á það með gagnaðila íslenska ríkisins, þ.e. Borgarbyggð, að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að austurhluta Víðidals fyrir hefð.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að innan marka austurhluta Víðidals, svo sem þau eru skilgreind hér að framan, hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[685] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Borgarhreppi.

#### 6.5.3.2.2 Vesturhluti Víðidals

Elsta heimild sem getur um vesturhluta Víðidals er bréf hreppsnefndar Borgarhrepps til hreppsnefndar Hörðudalshrepps, dagsett 2. mars 1880, sem varðar ágreining um hreppamörk. Þar segir eftirfarandi:

> Víðidalur er það, sem hefur verið aðal þrætu efnið og er hann þá hálfur eign Svignaskarðs. og svo litla sönnun sem Borghreppingar þikja að hafa fyrir hinni helft hans, þá hafa Hörðdælingar hana ekki meiri svo kunnugt sjé. fyrir

[685] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

> merkja Dómi er það mikið ólíklegt að Hörðdælingar nái til lands þess, fyrir sunnan fjalla brúnir, sem þeir hafa eingin skilríki eða eignar ~~heimild~~ heimild fyrir. með brjefi þessu er það því meining vor, að fara þess á leit við yður, að þið vilduð samþikkja svo látandi landamerki.

Þá eru nánar tiltekin merki í bréfinu og svo segir:

> Ef þið vilduð samþikkja merki þessi yrði allri þrætu lokið, enn svo fremt það ekki fæst verður að útgjöra um það mál með merkja Dómi og verður þá krafa vor nokkuð meiri hver sem verður endir þess máls. enn svo fremt þið sleppið tilkalli til Víðidals gefum við kost á að borga Sigurdór í Lækjarskógi fyrir að hann vann grenið í víðimúla næstliðið vor, og sömu leiðis vöku manninum – sem og að sjá um grenja leit þar fram veigis.- gjörið svo vel að rita okkur sem fyrst við víkjandi þessu máli.

Þann 15. nóvember 1883 skrifaði hreppsnefnd Hörðudalshrepps bréf til oddvita Borgarhrepps vegna fyrrgreinds ágreinings um landamerki hreppanna. Þar segir eftirfarandi:

> Með því að þér herra Oddviti fyrir hönd meðnefndarmanna yðar hafið ritað oss bréf dags: 8 Október þ.á. viðvíkjandi landamerkjum milli Borgarhrepps og Hörðudals, og farið þess á leit að merkin yrðu innar framveigis en venja hefur verið, þá svörum vér brefi yðar þannig.Það væri óneitanlega best og ákjósanlegast, að gott samkomulag gjæti orðið í þessu sem áður milli hreppanna því ef til Merkjadóms kémur, mun hann verða kostbær og máské öðrum hvurjum hlutaðeigendum ógeðfeldur. En þareð Hörðdælingar hafa álitið og vér einnig álítum en, að allur Víðidalur fyrir vestan Víðidalsá, og allur Víðimúli hafi verið og sé Hörðdælinga eign, og hefur verið í fleiri hundruð ár notað og hreinsað af Hörðdælinum án þess Borghreppingar hafi nokkurn tíma hirt um það land, eður gjört til kall til þess, þángað til Seljalandsrétt var aflögð en réttin bygd á Hólmanum, og gétum vér því ekki að svo komnu fallis á, eður samþykkt merki þau sem þér farið fram á í bréfi yðar og vonum vér að þér samþykkið landamerki þau sem verið hafa nefnil að Víðidalsá sé og verði landamerki milli Borgarhrepps og Hörðudals.

Í málinu liggja ekki fyrir frekari heimildir um ágreining Borgar- og Hörðudalshreppa en 25. febrúar 1892 var undirritaður leigusamningur milli Borgarhrepps og Hörðudalshrepps um að Borgarhreppur myndi leigja „afrjettarland“ Hörðudalshrepps, Víðimúla, en svo sem fram er komið fellur austurhluti Víðimúla innan vesturhluta Víðidals. Sama dag var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir afréttarland Borgarhrepps og tók merkjalýsing þess sem fyrr segir ekki til vesturhluta Víðidals. Landamerkjabréfið var undirritað um samþykki vegna Hörðudalshrepps og Álftaneshrepps en ekki er að sjá að því hafi verið þinglýst.

Þann 27. júní 1918 keypti Borgarhreppur „innarihluta“ Víðidals af Hörðudalshreppi og var afsal vegna kaupanna gefið út 30. desember sama ár. Afsalinu var svo þinglýst 8. júlí 1919. Í kjölfarið var gert nýtt landamerkjabréf fyrir afréttarland

Borgarhrepps 2. nóvember 1920, þinglýst 25. júní 1923, og tók lýsing þess sem fyrr segir til bæði austur- og vesturhluta Víðidals.

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að heimildir sem fjalla um vesturhluta Víðidals eru takmarkaðar. Elsta fyrirliggjandi heimild sem getur um landsvæðið er fyrrgreint bréf hreppsnefndar Borgarhrepps til hreppsnefndar Hörðudalshrepps, dagsett 2. mars 1880, sem varðar ágreining milli hreppanna um vesturhluta Víðidals. Af orðalagi bréfsins má ráða að umrætt landsvæði hafi verið þrætuefni í nokkurn tíma milli hreppanna og að hvorugur þeirra hafi getað sýnt fram á gögn til þess að styðja kröfu sína, sbr. eftirfarandi setningu úr bréfinu: „og svo litla sönnun sem Borghreppingar þikja að hafa fyrir hinni helft hans, þá hafa Hörðdælingar hana ekki meiri svo kunnugt sjé. fyrir merkja Dómi er það mikið ólíklegt að Hörðdælingar nái til lands þess, fyrir sunnan fjalla brúnir, sem þeir hafa eingin skilríki eða eignar ~~heimild~~ heimild fyrir.“ Þá má draga þá ályktun af heimildunum að sá ágreiningur hafi staðið yfir allt til ársins 1892 þegar Borgarhreppur gerði þann 25. febrúar bæði leigusamning við Hörðudalshrepp um leigu á umræddu landsvæði og landamerkjabréf fyrir afréttarland Borgarhrepps sem tók ekki til þess. Virðist sem hrepparnir hafi náð samkomulagi um að vesturhluti Víðidals skyldi tilheyra Hörðudalshreppi. Engin gögn liggja hins vegar fyrir sem styðja það að Hörðudalshreppi hafi tilheyrt eignarréttur á svæðinu.

Eins og áður er getið verður sú ályktun dregin af fyrirliggjandi landnámslýsingum að telja verði ólíklegt að þessi hluti ágreiningssvæðisins hafi verið innan upphaflegs landnáms og í fyrirliggjandi heimildum er hans getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð eða önnur not en sumarbeit og e.t.v. aðrar takmarkaðar nytjar. Landsvæðið liggur utan byggðar og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana. Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að svæðið hafi verið afréttur í þeim skilningi að það hafi verið undirorpið óbeinum eignarréttindum fremur en beinum eignarrétti. Svo virðist sem nýting landsins hafi verið með þeim hætti að það hafi verið í sameiginlegum afréttarnotum jarða í fyrrum Borgarhreppi, nú Borgarbyggð, a.m.k. frá þeim tíma sem hreppurinn tók svæðið á leigu árið 1892.

Sú ráðstöfun hreppsnefndar Borgarhrepps að kaupa vesturhluta Víðidals árið 1918 og gera nýtt landamerkjabréf fyrir afréttarland Borgarhrepps eftir kaupin, þar sem vesturhluta Víðidals hefur verið bætt við þau landsvæði sem voru innan merkjalýsingar eldra landamerkjabréfs, gat ekki breytt eignarréttarlegri stöðu þess frá því sem fyrir var. Þá skal í þessu sambandi áréttað að á þeim tíma var ekki lengur unnt að nema til eignar ný lönd, heldur gátu eigendalaus svæði eingöngu orðið undirorpin beinum eignarrétti á grundvelli þeirra reglna sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðijarða, frá 15. apríl 1776 kvað á um.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarbeitar fyrir

búpening og annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á umræddu svæði á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

Hvað vesturhluta Víðidals varðar er óumdeilt er að þar hefur aldrei verið byggð og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að þessum hluta ágreiningssvæðisins getur því ekki hafa stofnast fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, sbr. dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum sambærilegum svæðum. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til.

Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á það með gagnaðila íslenska ríkisins, þ.e. Borgarbyggð, að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að vesturhluta Víðidals fyrir hefð.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að innan marka vesturhluta Víðidals, svo sem þau eru skilgreind hér að framan, hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[686] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Borgarhreppi.

[686] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

#### 6.5.3.2.3 Niðurstaða

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem nefnt er Víðidalur, svo sem það er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

> *Upphafspunktur er við Sauðarhrygg. Þaðan er sjónhending í hæsta punkt Víðimúla og þaðan er vatnaskilum fylgt í hæstu drög Víðidals. Þaðan er vatnaskilum Víðidals fylgt að ármótum Víðidalsár og Langavatnsár og þaðan ræður Langavatnsá að upphafspunkti við Sauðarhrygg.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Borgarhreppi, nú sveitarfélaginu Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem njóta veiðiréttar í ám og vötnum á svæðinu, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

### 6.5.3.3 Austurhluti Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum

Saga landsvæðanna rakin í kafla 5.5 hér að framan. Þar eru raktar heimildir sem benda til þess að fjölmargar jarðir hafi átt afrétt á Langavatnsdal og Réttarmúla. Þá liggja fyrir heimildir sem gefa til kynna að jörðinni Galtarholti hafi tilheyrt sérstök réttindi í Réttarmúla og á Beilárvöllum og að barón Charles Gouldrée-Boilleau á Hvítárvöllum hafi tilheyrt hólmarnir í Langavatni. Þá liggja einnig fyrir fjölmargar heimildir sem varða fyrirhugaða nýbýlastofnun á Langavatnsdal. Svo sem fyrr greinir fellur einungis austurhluti Langavatnsdals innan Fjalllendis Borgarhrepps, en vesturhluti hans fellur innan ágreiningssvæðis vegna Fjalllendis Álftaneshrepps, sem fjallað er um í kafla 6.4. Í umfjöllun um heimildir sem tengjast Langavatnsdal verður einkum vísað til heimilda er varða austurhluta dalsins. Í sumum tilvikum liggur ekki ljóst fyrir hvort heimildir eigi við um austur- eða vesturhluta dalsins. Þeim heimildum verða gerð skil hér, að því leyti sem þær geta skipt máli við úrlausn um ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar. Um vesturhluta Langavatnsdals vísast til kafla 6.4.3

Hvað varðar afmörkun landsvæðanna þá liggja sem fyrr segir engar heimildir fyrir sem lýsa merkjum þeirra með heildstæðum hætti Réttarmúli liggur í suðvestur horni ágreiningssvæðisins og Langavatnsdalur liggur vestan og norðan hans. Svo sem fram kom í umfjöllun um afmörkun Fjalllendis Borgarhrepps liggja fyrir tvö landamerkjabréf fyrir „afréttarland Borgarhrepps“, frá 1892 og 1920. Þar er merkjum lýst að meðtöldum austurhluta Langavatnsdals, Réttarmúla og Beilárvöllum. Er því miðað við lýsingu landamerkjabréfanna um afmörkun ágreiningssvæðisins að sunnan- og vestanverðu. Það er niðurstaða óbyggðanefndar að Beilá ráði merkjum að merkjahól vestan við vaðið á ánni og áfram í Langavatn. Þá ræður Langavatn

merkjum þangað sem Langavatnsá rennur í það og þaðan ræður Langavatnsá til norðurs.

Norðan megin við svæðið liggur Víðidalur, sem fjallað er um í kafla 6.5.3.2 og austan megin Hróbjargardalur, sem fjallað er um í kafla 6.5.3.1. Svo sem rakið er í kafla 6.5.3.2 er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Víðidals til suðurs liggi frá ármótum Víðidalsár og Langavatnsár og þaðan er vatnaskilum Víðidals fylgt allt í efstu drög Víðidals. Svo sem rakið er í kafla 6.5.3.1 er það niðurstaða óbyggðanefndar að mörk Hróbjargardals til vesturs liggi þaðan sem Hróbjargardalsá og Fossdalsá renna saman og mynda Beilá og þaðan er vatnaskilum vestan Hróbjargardals fylgt norður. Þar sem engin gögn liggja fyrir sem gefa vísbendingu um afmörkun Langavatnsdals og Réttarmúla til norðurs og austurs er það mat óbyggðanefndar að taka eigi mið af afmörkun aðliggjandi landsvæða, þ.e. Víðidals og Hróbjargardals.

Samkvæmt framansögðu afmarkast það landsvæði, sem hér hefur verið nefnt austurhluti Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum þannig að upphafspunktur er þar sem Hróbjargardalsá og Fossdalsá renna saman og mynda Beilá. Þaðan ræður Beilá að merkjahól vestan við vaðið á Beilá og þaðan áfram í Langavatn. Þá ræður Langavatn merkjum þangað sem Langavatnsá rennur í það og þaðan ræður Langavatnsá þangað sem Víðidalsá rennur í hana. Þaðan er vatnaskilum Víðidals fylgt austur að vatnaskilum við Hróbjargardal. Þá er vatnaskilum vestan Hróbjargardals fylgt suður í upphafspunkt.

Að teknu tilliti til þess hve margir mismunandi aðilar kölluðu til réttinda innan landsvæðisins sem um ræðir, sem og fjölda heimilda sem liggja fyrir um það, þykir rétt að fjalla með aðgreindum hætti um heimildir þeirra jarða sem réttindi á svæðinu tilheyrðu áður en grein verður gerð fyrir niðurstöðum.

Verða fyrst raktar heimildir um tilkall Hítardalskirkju til afréttar á Langavatnsdal. Að því búnu verða raktar heimildir um afrétt annarra jarða á Langavatnsdal. Því næst verður fjallað um heimildir um byggð á Langavatnsdal. Þá verður fjallað um heimildir um réttindi Galtarholts í Réttarmúla og á Beilárvöllum og að lokum um heimildir um eignarhald á hólmum í Langavatni.

#### 6.5.3.3.1 Heimildir Hítardalskirkju um afrétt á Langavatnsdal

Elsta fyrirliggjandi heimild þar sem getið er um Langavatnsdal er máldagi Þorláks biskups Þórhallssonar fyrir kirkjunni undir Hrauni (Staðarhrauni), sem ársettur er 1185. Þar er m.a. getið um „afreitr j langa vatzdal notum [nautum] ollom. oc lia eigi oþrom“, í umfjöllun um eignir og réttindi kirkjunnar.

Elsta heimild um réttindi Hítardalskirkju á Langavatnsdal er máldagi kirkjunnar, frá árinu 1354. Þar kemur fram að kirkjan eigi „afreit j Lanngavatnnsdal“. Í Vilchinsmáldaga fyrir Hítardalskirkju, frá árinu 1397, segir að kirkjan eigi „afriett j Langavatsdal“.

Í máldaga Staðarhraunskirkju, sem talinn er frá árabilinu 1491–1518, segir m.a. eftirfarandi um eignir kirkjunnar: „Afriettur í Langavatnsdal naut ollum og lia ei odrum.“ Í máldaga Gísla biskups Jónssonar fyrir Hítardal, frá því um 1570, segir að kirkjan eigi „affriett i Langavatzdal“. … “. Í vísitasíu Brynjólfs biskups Sveinssonar fyrir Hítardalskirkju, frá 19. september 1642, segir að hún eigi „afriett I Langavatsdal fyrer alltt sitt gielldfie“.

Í ódagsettri lögfestu fyrir Hítardal, sem þinglesin er 1697, er m.a. lögfest: „geldfiár afrett á Langavatnsdal, … “. Í prófastsvísitasíu kirkjunnar að Hítardal frá 17. maí 1694, segir m.a. um eignir kirkjunnar að hún eigi: „Afriett I Längavatnsdal firer allt Sitt gielld fie Effter þui Sem gietur I visitatione Anno 1642. Huar vænst er ad þad I tak Sie Skriffad effter Hytardals Skrä.“ Í vísitasíu Þórðar biskups Þorlákssonar fyrir Hítardal, frá 20. september 1676, kemur fram að kirkjan eigi „Afrett i Längavatnsdal fyrer allt Sitt Gelldfie, effter þui Sem I Visitatiubok M. Brynjölfs er Skrifad effter Hytardals Skrä, … “. Í ódagsettri lögfestu Jóns Halldórssonar fyrir Hítardal, sem lesin var upp á manntalsþingi að Lækjarbug árið 1699 kemur fram að hann lögfesti sinn „Veitingarstad Hytardal med allri hans Heimalands Eign, Selförum og Hytardals kyrkju Itókum, nefnilega Gjeldfjár Afrétt á Langavatnsdal, … “. Í vísitasíu Jóns biskups Vídalíns fyrir kirkjuna í Hítardal, frá 27. ágúst 1702, kemur fram að kirkjan eigi „ … afriett i Langavatnzdal firer allt sitt gielld fie effter þvj sem i visitatiubok M. Briniolfs er skrifad effter Hÿtardalz skrä … “.

Í umfjöllun um Hítardal í kaflanum um Hraunhrepp í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, kemur fram að jörðinni fylgi „Afrjett á Lángavatnsdal fyrir alt sitt geldfje.“

Í ódagsettri lögfestu Jóns prests Halldórssonar fyrir Hítardalskirkju, sem var þinglesin á manntalsþingi á Lækjarbug 3. maí 1710, segir m.a. eftirfarandi: „Eg Jon prestur Halldorsson Lögfesti hier i dag minn Veitingarstad Hytardal med allri sinni heimalands eign Selförum Afriettum og Hýtardals kyrkiu Itökum nefnilega gielldfiár afriett á Lángavatnsdal, … “. Í ódagsettri lögfestu fyrir Hítardal, sem lesin var upp á manntalsþingi á Kaldárbakka þann 4. júní 1712, segir: „Eg Jón Haldórsson Lögfesti hér í dag minn Veitingarstad Hÿtardals Stad, med allri sinne Heimalands Eign og gjædum, Selförum og Itökum, nefniliga Gjeldfjár Afrétt á Lángavatnsdal“.

Í vísitasíu Hítardalskirkju frá 13. október 1724, segir: „Allra heilagra kyrkia ad Hytardal, A heimaland Allt med gógnum og giædum, Reka halfann a GómluEire, Afriett ij Langavatnsdal fyrer allt sitt gielldfe, efter þvi sem ij Visitatiu Mag: Brinjölfs er skrifad efter Hytardals Skrä, … “.

Í lögfestu fyrir eignum Hítardalskirkju, sem er ódagsett en var þinglýst 23. apríl 1731 segir: „Eg Jon prestur Halldorsson Lögfeste hier i Dag minn Veiting<arstad> Hÿtardal med allre sinne Heimalandseign, Selförum afriettum og Hytardalskyrkiu Itökum Nefnelega Gielldfiar afriett á Lángavatnsdal … “.

Í lögfestu fyrir Hítardalskirkju frá árinu 1733 segir: „Eg Jon prestur Halldorsson Lögfeste hier I dag minn Veitingar Stad Hytardal, med allre hanns Heimalands Eign, og Hytardals Kyrkiu Itökum nefnelega gielldfiár afriett á Lángavatnsdal … “. Í prófastsvísitasíu kirkjunnar að Hítardal frá 31. maí 1737, segir m.a. um eignir kirkjunnar: „Hun (Kyrkiann) a Heimaland allr med gógnum og giædum reka hälfann a gómlu Eyre, afriett I Längavatnsdal fyrer allt sitt gieldfe effter þvi sem i Visitatiu Bök M. Brinjolfs er skrifad effter Hytardals Skrä, … “.

Í vísitasíu kirkjunnar að Hítardal frá 27. maí 1759, segir m.a. um eignir kirkjunnar: „Hun ä Heimaland allt med Gógnum og Giædum Reka halfann ä Gómlu Eyre, Afrett i LängaVatnsDal fyrer allt sitt gielldfe, effter þvi sem I Visitatiu Mag. Brinjolfs er skrifad, effter Hytardals Skrä. … “.

Í lögfestu fyrir Hítardalskirkju frá 9. apríl 1776, sem lesin var á manntalsþingum 11. og 13. apríl og 4. maí sama ár, er ekki getið um afrétt í Langavatnsdal. Hið sama á við um lögfestu fyrir Hítardalskirkju frá 3. júní 1782, sem þinglesin var samdægurs. Í vísitasíu sömu kirkju, frá 23. ágúst 1783, er hins vegar aftur minnst á afrétt í Langavatnsdal. Þar segir: „Enn framar á hún Afrett i Lángavatnsdal fyrer allt sitt Geldfe, … “. Ekki er minnst á afréttinn í Langavatnsdal í lögfestu Hítardalskirkju, frá 26. mars 1790, sem þinglesin var á manntalsþingum 7., 8. 12. og 13. apríl sama ár.

Í jarðamati Mýrasýslu, frá 1804, kemur fram að Hítardalur eigi afrétt sem aðrir í byggðalaginu reki fé í yfir sumartímann gegn gjaldi. Ekki kemur fram hvort þar sé átt við afrétt á Langavatnsdal eða eftir atvikum Fjalllendi Hítardals, sem fjallað er um í kafla 6.3 hér að framan.

Í prófastsvísitasíu að Hítardal, þann 14. nóvember 1810, er m.a. fjallað um útmælingu fyrir nýbýli á Langavatnsdal. Þar er getið um svæðið sem „Hitardals kyrkju Eign Afrettar Land fyrir Stadarins Geldpening [Stadarins Geldpening, orðaröð leiðrétt með tölustöfum ofan línu] a sokolludum Langavatnsdal, … “. Fram kemur að presturinn áliti landið vera „Hitardals Beneficiario fÿrir nærverandi sem eftir-Tíd aldeilis omissandi, hvar Fyrir honum tilsegist a tilhlydil. Stodum ad anmæld … “. Í prófastsvísitasíu kirkjunnar að Hítardal þann 15. desember 1812, kemur eftirfarandi fram um umrædda stofnun nýbýlis á Langavatnsdal: „A vidkomandi Stödum hefir Presturinn síra Björn géfid til kÿnna Níbíla Uppteknígu a Hitardals kyrkju tilheirandi Afrettarlandi a Lángavatnsdal, en til datum eckert áreidanlegt [áreidanlegt, ofan línu] … “. Í prófastsvísitasíu Hítardalskirkju frá 4. janúar 1814, er fjallað um eignarhald á Langavatnsdal. Þar segir m.a.: „ … beheldur ogso öllum sínum Eigindómi utan sem innan Stocks ad undanteknu Afrettar Landi á Langavatnsdal, sem fyri nærverandi tíd [tíd, ofan línu] er bÿgdt, þo Stadarhalldarans Sira B. Benedictssonar Leÿfis of Samþÿckis.“

Í vísitasíu fyrir Hítardal, frá 10. ágúst 1831, eru taldar upp eignir kirkjunnar. Þar segir meðal annars: „En framar á hún Afrétt á Lángavatnsdal fyrir allt sitt Géldfé

… “. Í ódagsettri lögfestu fyrir Hítardal, sem þinglesin var á manntalsþingi að Lækjarbug þann 12. júní 1832 segir meðal annars: „Lógfesti hér í Dag minn Veitíngarstad Hÿtardal med allri hans Heimalandseign, gjædum og Selfórum og Hytardalskyrkju Itókum og Eignum, nefniliga: gjeldfjár Afrétt á LángaVatnsdal. … “. Hið sama kemur fram í tveimur öðrum lögfestum fyrir Hítardalskirkju sem þinglesnar voru sama dag og daginn eftir.

Í lögfestu fyrir Hítardalskirkju sem dagsett er 6. júní 1849, og þinglesin sama dag segir m.a.:

> Eg Thorsteinn Erlendsson Hialmarsen, Soknarprestur til Hytardals Safnadar, og Prófastur fyrir Mýrasýslu Prófastsdæmi, lögfesti hér í dag minn veitíngarstad Hýtardal med allri hans heimalands eign selförum, afréttum, og Hytardals kyrkju ítökum, nefnilega: Géldpenings Afrétt á Lángavatnsdal fyrri allt sitt géldfé, […].

Hítardalssókn var lögð niður árið 1875 þegar hún var sameinuð Staðarhraunssókn. Í úttekt Staðarhraunskirkju, frá 25. júlí 1890, er „[u]pprekstur á Langavatnsdal“ talinn upp meðal ítaka og hlunninda kirkjunnar.

#### 6.5.3.3.2 Heimildir um afrétt annarra jarða á austurhluta Langavatnsdals

Elsta heimild um að Hrafnabjörgum tilheyri réttindi í Langavatnsdal er kaupbréf sem er dagsett 31. desember 1393. Þar kemur fram að meðal hins selda sé „[t]uttugu gelldfiar kugilldabeit i Langavatnzdal.“

Í umfjöllun um Hrafnabjörg í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1703, er ekki getið um afrétt á Langavatnsdal.

Í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, er aftur á móti að finna sérstaka umfjöllun um Langavatnsdal. Þar segir:

> Lángevatns Dalur heitir eyðipláts í fjöllum þeim, er liggja ámillum Mýrasveita og Breiðafjarðardala.
>
> […]
>
> Er það nú brúkað fyrir afréttarland á sumur, sem fyr segir. En öngvu að síður eru vissum kirkjum eignuð ítök á þessum Lángavatnsdal í vissum takmörkum, sem síðar mun getið verða. En ekki vita menn, að eftir þau ítök hafi tollar goldist fyrir beit afrjettarpeníngsins, heldur hefur beitin lángvarandi haldist og brúkuð verið í óþakklæti tollfrí, af þessari sveit að sunnanverðu, en Álftanesshrepp að vestan, í þessum Lángavatnsdal.

Í þessari sömu umfjöllun um Langavatnsdal í *Jarðabókinni* er getið um frásagnir um forna byggð í dalnum. Nánar er fjallað um það í kafla 6.5.3.3.5 hér á eftir.

Í einni athugasemd Árna Magnússonar við *Jarðabókina* segir að Langavatnsdalur sé almenningur. Þar segir: „Það sem hér er skrifað um

Langavatnsdalseign, er í bland órétt undi<r>éttað og þarf því að corrigerast [þ.e. leiðréttast], nefnilega um ítök í dalinn. Hann er almenningur so nær sem Hafrastaðir.“

Eftirfarandi kemur fram í umfjöllun um Stóra-Fjall í *Jarðabókinni*:

> Afrjett frá þessari jörðu, (sem öðrum í þessari sveit), er brúkuð á Lángavatnsdal í Rjettarmúla öldungis tollfrí, bæði fyrir hesta, geldfje og naut; hefur þetta verið so um lángan aldur.

Þá kemur fram í sömu heimild að flestum öðrum jörðum í Borgarhreppi fylgi afréttur á Langavatnsdal með sama hætti og Stóra Fjalli. Þetta eru jarðirnar Tandarasel (Tandrasel), Gljúfurá, Svignaskarð og hjáleiga þess Fróðhús, Litla-Gröf, Laxholt, Galtarholt, Eskilholt, Ferjubakki, Ölvaldsstaðir, Beigaldi, Brennistaðir, Einarsnes, Hamar, Borg, Þjóðstaðir, Rauðanes, Ánabrekka (Litlabrekka og Stórabrekka), Jarðlangsstaðir, Stangarholt, Valbjarnarvellir og Litla-Fjall. Nánar tiltekið segir um þetta í umfjöllun um jörðina Borg: „Afrjett á Lángavatnsdal, en ekki gelst híngað tollur þar af.“

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, frá árunum 1752–1757, segir að Langavatnsdalur sé „[n]ú á tímum ágætis afréttur“. Til forna hafi verið þar kirkjusókn og fjöldi bæja. Í svari Þorgríms Sigurðssonar, sýslumanns í Mýrasýslu, til Landsnefndarinnar, frá árinu 1770, er dalurinn nefndur „Eyde Plátz“ og fram kemur að hann sé nýttur sem „Almennings Afriett“. Nánar er vikið að framangreindum heimildum hvað varðar byggð í kafla 6.5.3.3.5 hér á eftir.

Í jarðamati Mýrasýslu frá 1804 er fjallað stuttlega um Langavatnsdal. Þar segir m.a. frá fornri byggð á Langavatnsdal en nú sé dalurinn álitinn vera almenningur og að bændur hafi stundum farið þangað og sótt sér silung í vatnið.

Í málinu liggja fyrir svarbréf hreppstjóra Borgar- og Álftaneshreppa, sem og presta í nærliggjandi kirkjusóknum til E. Sverrissonar sýslumanns frá því á fyrri hluta ársins 1832. Bréfin bera það með sér að þeir hafi verið beðnir álits á fyrirhugaðri nýbýlastofnun í Langavatnsdal. Í öllum svarbréfunum er óskað eftir því að slíkri beiðni verði hafnað. Í bréfi G. Þórðarsonar hreppstjóra Borgarhrepps frá 28. janúar 1832 segir m.a.:

> Ad svo synist mér skadlegt fyrir bændur í þessari Sveit, ad missa þad frá aldödli brúkada Afréttarpláss Lángavatnsdal, med Byggíngu Þar, sem þad einasta er Sveit þessari tilheyrir, og tilheyrt hefur – ad fullur Þridjungur byla hreppsins hliti i Audn ad Vera, og eptir Því fæcka Málnytupeníngur, til framfæris búanda fólki.“ Í bréfi Magnúsar Jónssonar hreppstjóri Stafholtstungahrepps frá 3. febrúar sama árs segir m.a.: „hvad Afréttin Snerter þá er þad þó enn Skadlegra Fyrer hina Hreppana sem þar eiga uppreksturinn ad öllu leiti […].

Í bréfi J. Sigurðssonar Hreppstjóra Álftaneshrepps frá 10. febrúar sama árs segir m.a.: „1) Lángivatnsdalur hefur svo vel [svo vel, ofan línu] frá gamallri tíd verid

afréttar og frítt upprekstrar pláts Alptaness Hrepps sem og eptir Jarda bókinni af 1760 tileinkad Alptaness hrepp."

Í bréfi Péturs Péturssonar prests í Stafholtssókn frá 29. febrúar sama ár segir m.a.: „hvert dalurinn má missast fra Þeim Sképnum, sem á hann eru á hverju Sumri, sem Afrétt, reknar, sest betst, þa adgiætt er: hver margir, bædi a Langavatnsdal og önnur vid hann, á allar Sydur áföst Fiöll og dali, reka géld [géld, ofan línu] Pening sinn, c: ur ÿtstutúngu, öllum Borgar- og Álptaness-Hreppum; eru í Þessu Bÿgdarlagi full 80. Bÿli og á sumum Gieldfiár-Fiöldi."

Í bréfi Páls Guðmundssonar prests í Borgar- og Álftanessókn frá 12. mars sama árs segir m.a.:

> Hvad hinu fyrra vidvikur, þá neita ég aldeilis ad nockur Bÿggd ÿfir höfud ad tala kunni ad reisast á Lángavatnsdal, án Stórs Skada fÿrir nærliggiandi Sveitir; þvj, einsog menn vita utgjörir dalur sá med tilliggiandi afdölum öllum, stærsta og besta Stykkid, já einmidt adal merginn midjuna og hiartad úr öllum Afréttarlöndum þeim, sem 6 kringumliggiandi Folkríkar og Penings margar Sveitir hafa med frjálsu haft upprekstur á og brúkad hvört Sumar – um nockrar 100 ára Aldir edur frá óminnislegum Tidum – til beitar fyrir allann Gieldpening sinn […].

Af framangreindum svörum má ráða að hreppstjórar Borgar- og Álftaneshrepps og sóknarprestar aðliggjandi kirkjusókna hafi litið svo á að Langavatnsdalur væri ekki einkaeign heldur sameiginlegt upprektrarland hreppanna.

Árið 1840 hófust á ný bréfaskipti vegna beiðna tveggja manna um stofnunar nýbýlis á Langavatnsdal. Sem fyrr voru hreppstjórar Borgarhrepps og Álftaneshrepps beðnir álits um álitaefnið. Í svarbréfi hreppstjóra Borgarhrepps, dags. 22. janúar 1841, kemur m.a. fram: „Eg Borgarhrepps vegna motsegi Þar alt nibili Þared eg veit ei betur, Enn Borgarhreppur hafi att fra aldödle og eigi þar enn ítak til omissanlegs uppReksturs firir allann seinn gieldpening, hvers Ítaks hann má ei án vera edur sviftast;"

Í sóknalýsingu Páls Guðmundssonar á Borg fyrir Borgar- og Álftanessóknir frá árinu 1840 er getið um Langavatnsdal sem afrétt. Þar segir:

> *Afréttarlönd* eru hér sem almenningur brúkar: Langivatnsdalur með til liggjandi fjöllum og afdölum; hafa þar upprekstur bæði Álftanes- og Borgarhreppur sem leita hvör til sinnar réttar. Heitir sú Hraundalsrétt sem Álftaneshrepp tilheyrir, en hin Þinghólsrétt sem tilheyrir Borgarhrepp og eru báðar haldnar; sú síðarnefnda fimmtudaginn, hin föstudaginn 21 viku af sumri.

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum* er jafnframt að finna sóknalýsingu séra Ólafs Pálssonar í Stafholti, frá árinu 1853, þar sem hann fjallar um afréttarlönd í Stafholts- og Hjarðarholtssóknum. Þar segir að bæirnir vestan Gljúfurár eigi afrétt á Langavatnsdal. Loks segir í *Sýslu- og sóknarlýsingum* fyrir Dalasýslu að

Hörðdælingar hafi upprekstur innanvert á Langavatnsdal, sem sé almenningur. Ekki liggur fyrir hvort þessar heimildir eigi við um austurhluta Langavatnsdals og ekki hafa komið fram kröfur í málinu vegna jarða í Hörðudalshreppi, fyrir utan þær kröfur sem gerðar eru af hálfu eiganda Ytri-Hrafnabjarga og gerð er grein fyrir í kafla 3.7.

Í sóknalýsingu séra Þorkels Eyjólfssonar á Borg fyrir Borgar- og Álftanessóknir frá árinu 1873 segir um afréttarlönd í Borgarsókn: „Borgarsóknarmenn eiga með öðrum Borghreppingum afrétt inná Langavatnsdal og Beilárheiði og sækja Þinghólsrétt."

Í „reglugjörð um notkun afrjetta, rjettir, fjallskil, o.fl. í Mýrasýslu", sem samþykkt var á fundi amtráðsins í Vesturumdæminu 11.−13. júlí 1878, er m.a. fjallað um leitarmörk. Þar kemur fram að Þinghólsrétt tilheyri öllum jörðum í Borgarhreppi og skuli leita til hennar öll heimalönd þeirra „og öll fjall-lönd þau, er þar að liggja, allt að löndum Dalamanna." Hið sama kemur fram að því er varðar mörk leitarsvæðis Borgarhreppsréttar í „reglugjörð fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar" frá árinu 1892.

Í svari hreppstjórans í Borgarhreppi, dagsettu 26. janúar 1920, vegna fyrirspurnar sýslumanns í tilefni af beiðni Stjórnarráðs Íslands um skýrslur frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenninga eða afrétta segir m.a.:

> Afréttarlönd þau, er hreppurinn notar nú, er Beilárheiði með hálfum Grímsdal, Fossadalur hálfur og Hróbjargardalur allur. Land þetta var keypt var keypt af Stafholtskirkju til handa hreppnum fyrir mörgum árum síðan, og er hans eign nú. Þá er Langivatnsdalur hálfur ásamt fjalli austanvert við hann. Þetta land mun að flestu eða öllu leyti hafa einnig verið keypt til hreppsins, enda metið sem hluti af öllum jörðum í hreppnum í síðasta jarðamati og áður skoðað sem hluti jarðanna. Innan af Langavatnsdal er Víðidalur, keyptur hálfur síðastliðið ár, af Hörðudalshreppi í Dalasýslu, til handa hreppnum. Ekkert af löndum þessum hefur verið skoðað almenningar, heldur afréttarlönd.

Sem fyrr segir er landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps dagsett 2. nóvember 1920, þinglýst 25. júní 1923. Í bréfinu er merkjum afréttarlandsins lýst og svo segir: „Innan þessara merkja eru ekki ítök, nema hvað Svignaskarð á hálfan Víðidal allan, og sjera Einar Friðgeirsson Hólmana í Langavatni." Bréfið er undirritað um samþykki vegna aðliggjandi hreppa og jarða og auk þess skrifaði undir það „Einar Friðgeirsson eigandi að Hólmunum í Langavatni". Hjörtur Sigurðsson á Ytri-Hrafnabjörgum undirritaði bréfið með eftirfarandi athugasemd: „Samþykkur framanskrifuðum landamerkjum að öðru leyti en því að Hrafnabjörg eiga samkvæmt Hrafnabjarga máldaga tuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal." Undir landamerkjabréfinu er svo eftirfarandi athugasemd sem Jóhann Magnússon undirritar fyrir hönd hreppsnefndar Borgarhrepps: „Ath. Hrafnabjargamáldagi getur ekki um

hvoru megin á Langavatnsdal ítak Hrafnabjarga er. Ítakið er því sennilega á öllum dalnum beggja megin, eða aðeins að vestanverðu.“

Í 33. gr. fjallskilareglugjörðar fyrir Mýrasýslu, dags. 2. júní 1921, er mörkum leitarsvæðis Þinghólsréttar lýst á þann veg að það sé: „Öll afrjettarlönd og heimalönd tilheyrandi Borgarhreppi og Borgarneshreppi.“ Mörkum leitarsvæðis Skarðsréttar er lýst svo í 33. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu nr. 175/1952 að það sé: „Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Borgarhreppi og Borgarneshreppi.“ Þá er mörkum leitarsvæðisins lýst með nákvæmlega sama hætti í 33. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Mýrasýslu nr. 377/1975.

Í svari sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dagsettu 13. nóvember 1985, vegna fyrirspurnar dómsmálaráðuneytisins um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. segir um afréttarland Borgarhrepps:

> 4. Skarðsrétt. – Leitarsvæði hennar eru afréttarlönd, eign Borgarhrepps, sem eru 1) Staðartunga öll sunnan Langavatns, frá Langá að vestan og Gljúfurá að sunnan. 2) Langavatnsdalur, austan vatns og Langavatnsdalsár, að Mjóadalsá. Þá norðan Mjódalsár að mörkum Dalasýslu á Sópandaskarði. Að norðan ráða svo mörk Dalasýslu, uns við taka að austan lönd jarða í Norðurárdal. Er til um þetta gömul merkjaskrá, án dagsetningar og undirskriftar, en með áritun sr. Einars Friðgeirssonar á Borg, um að hún sé gerð af Jóhannesi fyr á Gufuá. Samkv. þessari skrá liggja mörkin "eins og vötnum hallar suður svonefnt Sléttafjall alt að fyrstu upptökum Sátudalsár sem er upp af Fossdal, þá ræður Sátudalsá ofan fyrir hærri fossa svonefnda, svo Fossdalsá eptir að þær koma saman alt til Skammár. Svo ræður Skammá í Vikravatn, þá Vikravatn að Lambafelli. Þaðan eru landamerki eptir Grímsdal alt að landamerkjum Grísatungu, svo ráða þau merkjum vestur að Beilárósi".
>
> Ennfremur á Borgarhreppur jörðina Tandrasel, sem hreppurinn notar fyrir afréttarland.

#### 6.5.3.3.3 Heimildir um réttindi Galtarholts í Réttarmúla og á Beilárvöllum

Í umfjöllun um jörðina Galtarholt í Borgahreppi í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1709, segir eftirfarandi:

> Jarðardýrleiki $xl^c$ og hefur svo tíundast í 50 ár eður lengur. Áður segjast men heyrt hafa, að þessi jörð hafi talin verið $l^c$ að dýrleika, með fjalllendi því, sem liggur við Lángavatnsdal og kallað er Rjettarmúli. Þetta land er nú afrjett almennilega þessarar sveitar, ut supra. En ekki vita menn með hverjum rjetti að þetta land er gengið undan jörðunni, og gjört að almenníngsafrjett.

Sem fyrr greinir segir í sama riti í umfjöllun um Stóra-Fjall: „Afrjett frá þessari jörðu, (sem öðrum í þessari sveit), er brúkuð á Lángavatnsdal í Rjettarmúla öldungis tollfrí, bæði fyrir hesta, geldfje og naut; hefur þetta verið so um lángan aldur.“

Þá kemur fram í sömu heimild að flestum öðrum jörðum í Borgarhreppi fylgi afréttur á Langavatnsdal með sama hætti og Stóra Fjalli. Þetta eru jarðirnar Tandarasel (Tandrasel), Gljúfurá, Svignaskarð og hjáleiga þess Fróðhús, Litla-Gröf, Laxholt, Galtarholt, Eskilholt, Ferjubakki, Ölvaldsstaðir, Beigaldi, Brennistaðir, Einarsnes, Hamar, Borg, Þjóðstaðir, Rauðanes, Ánabrekka (Litlabrekka og Stórabrekka), Jarðlangsstaðir, Stangarholt, Valbjarnarvellir og Litla-Fjall.

Í jarðamati Mýrasýslu frá 1849-50 eru „Beilárvellir með Réttarmúla“ sagðir landspartur frá Galtarholti. Í sóknalýsingu séra Ólafs Pálssonar í Stafholti fyrir Stafholts- og Hjarðarholtssóknir, frá 1853, segir um selstöðu á Beilárvöllum: „31. Selstöður eiga þar ekki bæir að fráteknu Galtarholti sem á selland á Beilárvöllum austanvert við Langavatn, en það er aðeins notað til haustbeitar fyrir sauðfé.“ Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir „Borghreppingaafrétt“ segir að Beilárvellir séu sléttir vellir „innan við“ vaðið á Beilá. Samkvæmt örnefnasjá Landmælinga Íslands eru Beilárvellir staðsettir norðan við vaðið á Beilá.

Þann 12. janúar 1880 sendi sýslunefnd Mýrasýslu bréf til hreppsnefndar Borgarhrepps þar sem samþykkt var beiðni um makaskipti Borgarhrepps og eiganda Galtarholts á Beilárheiði og Réttarmúla, en Réttarmúli er norðan Beilárheiðar og innan afréttarlands Borgarhrepps. Formlegur makaskiptasamningur hefur ekki fundist og því ekki ljóst hvenær eða hvort slíkur samningur var gerður.

Þann 6. júní 1922 sendi oddviti Borgarhrepps fyrirspurn til Þjóðskjalasafns Íslands um heimildir fyrir eignarhaldi Galtarholts á Réttarmúla eða um makaskipti á Réttarmúla og Beilárheiði. Ástæðan fyrirspurnarinnar var sú að þáverandi hreppsnefnd Borgarhrepps taldi sig réttan eiganda að Beilárheiði. Af fyrirspurninni má ráða tvennt: Í fyrsta lagi að hreppsnefndin hafði ekki fyrrgreindan makaskiptasamning undir höndum, og hafi því efast um að makaskiptin hefðu átt sér stað, og í öðru lagi að hreppsnefndin hafi efast um upphaflegt eignarhald eiganda Galtarholts á Réttarmúla. Í svari Þjóðskjalasafns segir:

> […] í safninu finnast engar heimildir fyrir eignarrétti Galtarholts fyrir Réttarmúla eða neitt um makaskipti á Réttarmúla og Beilárheiði, er þér segið, að muni hafa farið fram milli 1870 og 1880. Í þessu skyni hefur vandlega verið farið yfir þingbækur Mýrasýslu frá 1850 – 1882, en ekki finnst þar neitt um leyfi sýslunefndar til þessara makaskipta, og ekki finnst þeirra heldur getið í gömlum hreppsbókum Borgarhrepps, en þær ná að vísu ekki lengra hér í safninu en til 1877.

### 6.5.3.3.4 Heimildir um eignarhald á hólmum í Langavatni

Á manntalsþingi fyrir Borgarhrepp 22. maí 1913 var þinglesið afsal frá 1. apríl 1909 fyrir hólmum í Langavatni. Í dómabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu segir:

> 1. Voru þinglesin þessi skjöl:
>
> [...]

í). Afsalsbréf skiftaráðandans í dánarbúi baróns C. G. Boilleau, dags. 1. apríl 1909, fyrir hólmum í Langavatni til séra Einars Friðgeirssonar. Guðmundur bóndi Daníelsson í Svignaskarði bað bókað, að hann áliti að átt hefði að bjóða Borgarhreppi hólmana í Langavatni áður en þeir voru seldir öðrum.

Afsal þetta hefur ekki fundist við kerfisbundna leit Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar.

Svo sem fyrr er rakið er landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps dagsett 2. nóvember 1920, þinglýst 25. júní 1923. Í bréfinu er merkjum afréttarlandsins lýst og svo segir: „Innan þessara merkja eru ekki ítök, nema hvað Svignaskarð á hálfan Víðidal allan, og sjera Einar Friðgeirsson Hólmana í Langavatni.“ Bréfið er undirritað um samþykki vegna aðliggjandi hreppa og jarða og auk þess skrifaði undir það „Einar Friðgeirsson eigandi að Hólmunum í Langavatni“.

Í *Lesbók Morgunblaðsins* 5. janúar 1936 var birt greinin „Baróninn á Hvítárvöllum“. Í greininni er rakin saga franska barónsins, Charles Gouldrée Boilleu. Samkvæmt greininni mun hann hafa keypt veiðirétt í Langavatni af Borgarhreppi og látið reisa þar bústað þar sem hann dvaldi langdvölum. Samkvæmt greininni stóð bústaðurinn enn á ritunartíma hennar.

Þann 15. nóvember 1941 var útgefið veðbókarvottorð fyrir hólmum í Langavatni þar sem segir: „Samkvæmt afsals- og veðmálaskrám Mýra- og Borgarfjarðarsýslu vottast að dánarbú Einars Friðgeirssonar er eigandi að hólmum í Langavatni. Hólma þessa keypti sjera Einar Friðgeirsson á Borg af dánarbúi Barónsins á Hvítárvöllum.“

Þann 25. febrúar 1942 sendi Egill Einarsson bréf, fyrir hönd móður sinnar og ekkju séra Einars, til hreppsnefndar Borgarhrepps þar sem hann bauð hreppsnefndinni kaup á „hólmunum í Langavatni fyrir sama verð og hér hafa verið boðið í þá ásamt veiði í vatninu sem eru kr. 2000,00.“ Þetta boð til hreppsins sýnist tengjast þreifingum um kaup á hólmunum, en 7. mars 1942 gerðu tólf menn úr Borgar- og Borgarneshreppum formlegt kauptilboð í hólmana og þar segir: „Við undirritaðir, búsettir menn í Borgar og Borgarneshreppi samþykkjum að kaupa, hólmana í Langavatni á Langavatnsdal, ásamt þeim réttindum sem þeim fylgir og fylgja ber, (veiði og fleira).“

Niðurstaðan varð sú að hreppsnefnd Borgarhrepps keypti hólmana og 17. mars 1942 var þeim afsalað til hreppsins og afsalinu þinglýst samdægurs. Í afsalinu segir m.a.:

> Jeg undirritaður Egill Einarsson bóndi á Langárfossi afsala hjermeð fyrir hönd móður minnar Jakobínu Sigurðardóttur, samkvæmt heimild í umboði dags. 20/11 f.á., til Borgarhrepps eignarrjetti yfir tveim hólmum í Langavatni er faðir minn sjera Einar Friðgeirsson á Borg keypti af dánarbúi Barónsins á Hvítárvöllum.

> Kaupverð hinnar seldu eignar er 2000 – tvö þúsund – krónur og hefir kaupandinn greitt mjer þá upphæð að fullu.
>
> Eignin er seld með þeim rjettindum öllum er henni fylgdu er faðir minn keypti hana, og nýtur kaupandi arðs af henni frá þessum degi, en greiðir jafnframt alla skatta og skyldur afhenni frá sama tíma.

Þann 3. maí 1942 var haldinn hreppsnefndarfundur Borgarhrepps. Á meðal þeirra atriða sem rædd voru á fundinum lögð var eignarhald á Hólmunum í Langavatni. Í fundargerð fundarins segir: „3. Hólmarnir í Langavatni: Samþykt var að hreppurinn eigi þá með 15 atkv. gegn 3.“

Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir „Borghreppingaafrétt“ segir um hólmana í Langavatni og tengsl baróns Charles Gouldrée Boilleu við svæðið:

> Fram af [Stóratanga] eru hólmar, sem ekki hafa nein nöfn svo vitað sé. Næsta vík innan við Stóratanga heitir Barónsvík (12). Upp frá henni er nokkuð sléttlendi. Þessi vík er kennd við franska baróninn á Hvítárvöllum, er fékk leyfi til að stunda veiðiskap í vatninu. Hann flutti þangað tréskúr í flekum og reisti hann við víkina, var svo hér við veiðar heilt sumar, undi vel hag sínum og hugði á vetrardvöl. En þá gerði íslenzkan norðanbyl eins og bezt lætur, hann hrökklaðist til byggða og kom hér aldrei meir. En Borghreppingar keyptu skúrinn og höfðu fyrir leitarkofa.

#### 6.5.3.3.5 Heimildir um byggð á austurhluta Langavatnsdals

Í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, er sem fyrr segir að finna sérstaka umfjöllun um Langavatnsdal. Þar segir:

> Lángevatns Dalur heitir eyðipláts í fjöllum þeim, er liggja ámillum Mýrasveita og Breiðafjarðardala. Það er almenn sögn og fyrir satt haldið, að í þessum dal hafi að fornu bygð verið og lítil sveit. Kemur mönnum ekki saman um tölu bæjanna, hvað margir verið hafi. Þrír eru nefndir. Borg, sem verið skuli hafa kirkjustaður. Vatnsende annar, og skuli sjást á báðum þessum bygðarmerki forn. Þriðja Hafurstaðir. Ekki sjást þar girðíngar. Fleiri bæi kunna menn ei að nefna. Þessi sveit skal eyðilagst hafa í plágunni miklu, þá hjer var pest á landinu Anno 1400. Hefur síðan aldrei bygst, og er ómögulegt að byggja fyrir vetrarríki. Er það nú brúkað fyrir afréttarland á sumur, sem fyr segir. En öngvu að síður eru vissum kirkjum eignuð ítök á þessum Lángavatnsdal í vissum takmörkum, sem síðar mun getið verða. En ekki vita menn, að eftir þau ítök hafi tollar goldist fyrir beit afrjettarpeníngsins, heldur hefur beitin lángvarandi haldist og brúkuð verið í óþakklæti tollfrí, af þessari sveit að sunnanverðu, en Álftanesshrepp að vestan, í þessum Lángavatnsdal.

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, frá árunum 1752–1757, segir að Langavatnsdalur sé „[n]ú á tímum ágætis afréttur“. Til forna hafi verið þar kirkjusókn og fjöldi bæja. Byggðin hafi lagst í eyði í plágu þeirri, sem geisaði á Íslandi 1402–1404 og kölluð sé *svarti dauði*. Síðan segir:

> Það gegnir furðu, að svo fagurt hérað skyldi ekki byggjast upp á ný, þó að nágrannabændurinir kysu heldur að nota það sem ókeypis afrétt fyrir búsmala sinn. Þegar við fórum um Langavatnsdal sumarið 1754, sáum við hin fornu tún standa þar í fullum blóma, rétt eins og þau hefðu notið árlegrar umhirðu og áburðar. Árið 1255 var dóttir prestsins í Langavatnsdal talin ein auðugastur kvenkostur á öllu Vesturlandi, og biðlaðis Þorgils skarði til hennar, en hann var af ætt Sturlunga og umboðsmaður Hákonar konungs.

Fyrir liggja heimildir um að á 18. öld hafi verið umræður um að endurreisa byggð á Langavatnsdal. Mun dalurinn hafa verið einn þeirra staða sem Landsnefndinni fyrri, sem starfaði á árunum 1770–1771, var falið að kanna með tilliti til viðreisnar eyðibyggða. Í svari Þorgríms Sigurðssonar sýslumanns í Mýrasýslu til Landsnefndarinnar, frá árinu 1770, er dalurinn nefndur „Eyde Plátz“ og fram kemur að hann sé nýttur sem „Almennings Afriett“. Þá segir að Langavatnsdalur sé „ummkringdur ummhverfes af Fiöllumm“ og að Langavatn liggi eftir honum endilöngum. Fram kemur að hann sýnist „ej helldur byggelegur, þar bæde er af Ám og Fiallskridumm fordiarfadur“.

Fyrir liggur að Ólafur Stephensen amtmaður kannaði Langavatnsdal árið 1788 ásamt sýslumanni Mýrasýslu með það fyrir augum hvort þar mætti reisa byggð á ný. Í lýsingu sem amtmaður ritaði til Rentukammers árið 1789 kemur m.a. fram að hann telji að sex til sjö bæir hafi verið byggðir í dalnum áður fyrr en allir farið í eyði í svartadauða 1402. Þá kemur fram að hann telji sig hafa séð rústir gamla kirkjustaðarins, sem nefndur var Borg, í miðjum dalnum.

Þann 2. febrúar 1800 auglýsti Bjarni Guðmundsson að hann ætlaði að byggja bæ á Langavatnsdal í samræmi við nýbýlatilskipunina frá 1776. Skoraði hann á þá sem teldu sig eiga nokkurn eignarrétt á svæðinu að tilkynna um það til amtmanns svo hann gæti metið hið eignarréttarlega tilkall. Þann 29. apríl 1800, skrifaði Bjarni bréf til landfógeta varðandi áform sín að byggja býli á Langavatnsdal, sem hann segist ekki vita til að neinn hafi gert eignarréttarlegt tilkall til, heldur hafi landið verið nýtt sem afréttur á sumrin. Þá segist hann ætla strax við næsta landþing að þinglýsa nýbýlastofnun sinni en óskar þó eftir að fá að byrja strax að byggja býli. Þann 2. júlí 1800 sendi Jón Guðmundsson amtmanni auglýsingu um áform sín um að byggja bæ á Langavatnsdal í samræmi við nýbýlatilskipunina. Skoraði hann á þá sem teldu sig eiga nokkurn eignarrétt á svæðinu að tilkynna um það til amtmanns svo hann gæti metið hið eignarréttarlega tilkall.

Þann 30. september 1800 sendi presturinn í Hítardal mótmæli við áformum Bjarna Guðmundssonar um að byggja á Langavatnsdal. Þar segir hann að samkvæmt máldögum og jarðabók kirkjunnar eigi hún afrétt á Langavatnsdal fyrir allt sitt fé og með yfirlýsingunni væri hann að tilkynna um réttindi sín. Á manntalsþingi að Lækjarbug í Hraunhreppi 18. apríl 1801 voru upplesin mótmæli sveitarmanna við ósk Bjarna Guðmundssonar um að fá að byggja á Langavatnsdal og á manntalsþingi

(þinghaldsstaðar ekki getið) 23. júní 1801 voru „tekin fyrir þingvitni um hvort Bjarna Guðmundssyni frá Húnavatnssýslu kynni að byggjast Langavatnsdalur eftir ósk hans" og var því hafnað.

Í málinu liggja ekki fyrir frekari heimildir um fyrirhugaða byggingu Bjarna Guðmundssonar og Jóns Guðmundssonar á Langavatnsdal og engin gögn benda til þess að þar hafi verið byggt á þessum tíma.

Þann 8. janúar 1810 ritaði Jörundur Ólafsson á Hliði bréf til amtmanns þar sem hann tilkynnti um fyrirhugaða búsetu á Langavatnsdal í samræmi við ákvæði nýbýlatilskipunarinnar. Í samræmi við tilskipunina óskaði hann þess að amtmaður auglýsti um áform hans og fæli sýslumanni að framkvæma útmælingu. Þann 25. janúar 1810 sendi amtmaðurinn í Vesturamtinu auglýsingu til stiptamtmanns yfir Íslandi, um áform Jörundar um að byggja á Langavatnsdal. Í auglýsingunni skorar hann á þá, sem telja sig eiga nokkurn rétt til landsvæðisins vegna „langvinnrar brúkunar þess plásts sem afréttar" að gefa sig fram tafarlaust. Þann 5. mars 1810 sendi amtmaðurinn í Vesturamti bréf til sýslumannsins í Mýrasýslu um áform Jörundar um að byggja á Langavatnsdal. Í bréfinu tekur hann fram að kirkjur aðliggjandi hreppa, þ.e. kirkjur Stafholts, Hjarðarholts, Borgar, Álftaness, Staðarhrauns og Álftartungu, hafi ekki viljað nýta forgangsrétt sinn til að byggja á Langavatnsdal. Amtmaðurinn í Vesturamti ritaði bréf til Jörundar sama dag þar sem hann tilkynnti honum að hann hefði falið sýslumanni Mýrasýslu að framkvæma útmælingu í samræmi við beiðni Jörundar og skyldi hún fara fram á komandi vori. Engin gögn hafa fundist um útmælinguna en í afriti af Kirkjubók Hítardals, dags. 14. nóvember 1810, segir þó : „Þess ber ad minnast: ad eptir Stadarhaldarans Sr B. Benedictssonar Undirréttíngu, hefir ófyrirsynju verid útmælt til Nýbýla Upptekningar bónda frá Alptanesi Jörundi Ólafssyni, Hítardals Kyrkju Eign, Afréttarland fyrir Stadarins Géldpening á sokölludum Lángavatnsdal, hvört land velnefndur Presturinn álýtur Hýtardals Beneficiario fyrir nærverandi sem Eftirtíd aldeilis ómissandi." Af athugasemdunum má ráða að útmælingin hefur farið fram. Engin gögn liggja hins vegar fyrir um að Jörundur hafi tekið upp búsetu á Langavatnsdal.

Samkvæmt frásögnum eiga hjónin Sæmundur Pálsson og Þorbjörg Sveinsdóttir að hafa flutt ásamt börnum sínum á Langavatnsdal árið 1811. Engin gögn liggja fyrir er varða nýbýlastofnun Sæmundar og Þorbjargar. Þó liggur fyrir í málinu bréf Péturs Péturssonar prests í Stafholti til sýslumanns Mýrasýslu frá 29. febrúar 1832 sem varpar nokkru ljósi á búsetu á svæðinu. Tilefni bréfsins var það að presturinn hafði verið beðinn um að gefa álit sitt á fyrirhugaðri nýbýlastofnun á Langavatnsdal það ár. Í bréfinu lýsir hann vanköntum við búsetu á Langavatnsdal og rekur m.a. sögu fyrri búsetu, þ.e. frá árabilinu 1811 – 1813. Um búsetuna segir:

> „Mönnum her i Bigdarlagi er ecki ennu ur Minni lidid, þa Bóndinn Jörundur Olafsson á Álptanesi sÿdra, med Fagurmælum og einberum Ósannindum, um Lángavatnsdals Landskosti og Giædi, gÿlldti hann svo fÿrir 2. Mönnum, sem

> ej hofdu minnstu Þeckíngu á hönum, ad Jörundi tókst ad yfirlata þa og ganta, ad flÿtja þángad, austanaf Landi, buferlum, c: Gudmund nockurn Jonsson og Sæmund Paulsson, af hverjum sa fyrrnefndi kom þángad Sumarid 1811, hvar hann vidheldst ej fullt Arid og Þókti godt, eftir afstadinn kulda, Sult og Seiru, samt ímisl. Raunir, i Ofærd og Illvidrum, ad briótast, um Veturinn til Bÿgda, til óumflÿanlegra Naudsÿnja sinna, ad sleppa af dalnum med lífi, Vorid eftir. Sjálfur mátti hann vera ljósmódir ad Tvíburum, er kona hanns, um Jóla tídir, fæddi í Heiminn og þeir Þann 3. April deÿa óskírdir nema ef þau hafa borid Skÿn á, ad veita þeim þá svokölludu skémmri Skírn, en – hversu farid hefdi, ef konuskepnunni ej hefdi geingid greidt ad fæda 2. Börn, edur hefdi Þurft ad brúka einhver ljósmódurleg Handtök, má nærri géta, Þar eingin Manneskja var í Kotinu, nema Gudmundur einn og Barn þeirra á ödru Ari. Svo mikil Snjóþÿngsli gjördust a Dalnum um Veturinn, ad kofarnir foru í kaf og lá vid ad sligudust; og þær fáu Skepnur sem Gudmundur hafdi, hlaut hann öndverdan Vetur ad taka á Hús og Hej. Sumarid 1812, þa Gudmundur for af Lángavatnsdal, kom Sæmundur í hanns Stad, hvers Vera þar þannig lÿktadi: ad þá hann, þann 7da Febr. 1813, villdi leita til Bÿgda eftir Eldi, edur einhverju ödru, brast á megn Fjúk-hríd, í hverri hann, sökum ókunnugleika, villtist vestur á Skardsheÿdi og hlaut ad láta þar lífid. Ad Þórbjörgu eckju Sæmundar heitins, þa hann var fráfallinn, og 2r Börnum þeirra, sem alt vard ad hírast í kofunum til Vorsins, Þreingdi Húngur Neidin svo mikid, ad þetta Folk vard ad leingia líf sitt, á Ófrjálsu og mátti fyrir þad sæta Laga Tiltali og verdskulldudu Straffi; […]. Einungis í eitt Skipti, birtist þetta Langavatnsdals Folk her vid kÿrkju c: Gudmundur og kona hanns, um Vorid 1812, þá þau fóru alfarin burt og um sama Tímabil, árid eptir, Mædgurnar Þórbjörg og Gudrún, nálægt þeirra burtferdar Tíd.“

Þann 3. apríl 1812 var skráð færsla í prestsþjónustubók Stafholts um andlát tveggja barna á Langavatnsdal og 7. febrúar 1813 var skráð færsla í prestsþjónustubók Stafholts um andlát Sæmundar Pálssonar á Langavatnsdal. Þá liggur fyrir dómur Extrahéraðsréttar í Hjarðarholti, dags. 25. júlí 1814 þar sem Guðrún, dóttir Sæmundar, og Þorbjörg ekkja hans voru dæmdar fyrir hrossaþjófnað á Langavatnsdal. Atvik málsins eru rakin í dóminum og þar kemur m.a. fram að Guðrún hafi ferjað hestinn „heim til sín að kotinu á Langavatnsdal“. Þessi gögn styðja því framangreinda frásögn um að búið hafi verið á Langavatnsdal, a.m.k. á árunum 1811 – 1814. Sem fyrr segir hefur útmælingarskjal hins vegar ekki fundist og ekkert liggur fyrir um afmörkun býlisins. Þá liggja engin gögn fyrir sem benda til þess að gefið hafi verið út byggingarbréf vegna stofnunar nýbýlisins.

Í ritinu *Almenn Landaskipunarfræði*, frá árinu 1821, er þess getið að Langavatnsdalur hafi fyrrum verið ein kirkjusókn en lagst í eyði í svartadauða „öndverðliga á 15. öld“.

Þann 18. september 1822, skrifaði Jón Jónsson á Vesturholtum í Eyjafjallasveit bréf til Moltke stiftamtmanns með beiðni um stofnun á býli á

Langavatnsdal ef svo kynni að fara að jörð sín yrði óbyggileg vegna yfirstandandi eldgoss. Þann 4. október 1822, skrifaði Moltke stiftamtmaður og amtmaður í suðuramti bréf til Bjarna Thorsteinssonar amtmanns í Vesturamti varðandi hugsanlegt flóttafólk úr Rangárvallasýslu vegna eldgoss. Í málinu liggja ekki fyrir frekari heimildir og engin gögn benda til þess að byggt hafi verið á Langavatnsdal á þessum tíma.

Þann 6. september 1831, skrifaði Jóhannes Grímsson amtmanni Vesturamts vegna áforma sinna um að stofna nýbýli á Langavatnsdal og óskaði hann þess að amtmaður skipaði sýslumann til að framkvæma útmælingu. Í kjölfarið hófust miklar bréfaskriftir vegna beiðninnar sem stóðu yfir allt þar til í júlí 1833, en málinu lauk án þess að kæmi til byggingar nýbýlis á Langavatnsdal.

Árið 1840 hófust á ný bréfaskipti vegna fyrirliggjandi beiðna um upptöku nýbýlis á Langavatnsdal. Bréfaskipti vegna fjölda slíkra beiðna áttu sér stað reglulega allt til ársins 1846 án þess að kæmi til stofnunar nýbýlis.

Þann 13. nóvember 1848, skrifaði Jósafat Jónsson bréf til amtmanns Vesturamts með beiðni um að fá að reisa nýbýli á Langavatnsdal. Eftir töluverð bréfaskipti var honum tilkynnt með bréfi amtmanns Vesturamts, dags. 25. mars 1849, að dagsetning útmælingar nýbýlis hefði verði ákveðin. Þann 22. júní 1849 fór sýslumaður ásamt fjórum bændum á Langavatnsdal til þess að úthluta landi fyrir nýbýli handa Jósafat, sem var einnig viðstaddur. Nokkrir fleiri bændur sem áttu lönd að nefndum dal voru einnig viðstaddir. Eftir að Jósafat hafði skoðað sig betur um, kvaðst hann vilja falla frá þessu „fyrirtæki sínu, þar ýmis vankvæði væri á fyrir sér að fara þangað, og kvaðst ekki heyra um að landið yrði sér útmælt.“ Vegna þessa var hætt við útmælinguna.

Í sóknalýsingu séra Ólafs Pálssonar í Stafholti á Stafholts- og Hjarðarholtssóknum frá árinu 1853 segir m.a. í umfjöllun um eyðijarðir: „*Eyðijarðir* má telja: Borg og *Hafursstaði* sem tjást verið hafa á Langavatnsdal … “. Í neðanmálsgrein segir að Borg hafi verið „nýbýli fyrir tæpum mannsaldri síðan, en lagðist niður af örbirgð.“

Þann 3. september 1873 fór Halldór Bjarnason á Litlu-Gröf þess á leit við sýslumann Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að hann mældi út fyrir nýbýli sér til handa á Langavatnsdal. Nokkur bréfaskipti áttu sér stað í kjölfarið en ekki varð af byggingu þess. Þann 4. október 1877 sendi sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu bréf til amtmanns Vesturamts ásamt reikningi vegna fyrirhugaðrar útmælingar á nýbýli á Langavatnsdal fyrir Halldór Bjarnason. Í bréfinu segir m.a.: „ … vil eg jafnframt geta þess, að Halldór, sem í vor, þegar hann krafðist af mér útmælingar, var staðráðinn í því að reisa byggð á téðum dal, þegar eg eptir beiðni hans með 4 tilkvöddum mönnum kom á Langavatnsdal 30. júní þ. á. lét í ljósi að hann nú væri hættur við þetta áform sitt og óskaði því engrar útmælingar.“

Í grein Brynjólfs Jónssonar sem bar yfirskriftina „Rannsókn nokkurra eyðibyggða í Mýrasýslu sumarið 1895“ og birtist í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, árið 1896, segir eftirfarandi:

> [...] og verður þá fyrst að geta þess, að Langavatn tekur yfir allt undirlendi i suðurhelmingi dalsins, svo þar hafa aldrei bæir getað verið, nema ef til vill á Baulárvöllum, sem liggja í litlum afdal, austur frá suðurhorni vatnsins. Þar hefir verið fagurt og byggilegt, en engin sjást þess merki og engin munnmæli geta þess, að þar hafi bær verið.

Í sömu heimild segir ennfremur um Borg og Hafursstaði: „Það hafði Halldóra [Guðmundsdóttir (1766-1843)] enn fremur sagt, að í ungdæmi sínu hefði almennt verið talið víst, að *Borg* [hin eldri] væri sami bær sem *Torfhvalastaðir*, er Landnáma nefnir. Sá bær hefði verið mestur í dalnum, en þar næst Hafurstaðir.“

Í *Árbók Ferðafélags Íslands*, frá árinu 1947, er fjallað um Langavatnsdal í kafla um Dalasýslu eftir Þorstein Þorsteinsson sýslumann. Þar segir meðal annars:

> Dalur sá er stór og grösugur. Slægjulönd eru þar allgóð. Munnmæli segja, að þar hafi verið byggð allt fram að Svartadauða frá landnámsöld, er Bersi hinn goðlausi hóf þar búskap og bjó að Torfhvalastöðum. Hitt þykir mér sennilegra, að þar hafi ekki haldizt byggð til lengdar, og víst er um það, að Staðarhraunskirkja á nautupprekstur á dalinn þegar á 12. öld, og Hítardalur á þar upprekstrarland um miðja 14. öld, og fyrir 1400 er seld með Hrafnabjörgum sumarbeit (ítak) í Langavatnsdal fyrir 20 geldfjárkúgildi. Nefndir hafa verið þrír eða fjórir bæir, auk landnámsbæjarins, sem þar hafa átt að vera, en ekki sjást nú verksummerki þeirra. Þar sem bærinn Borg átti að hafa staðið, var reist nýbýli um aldamótin 1800, og hurfu þá síðustu leifar hins forna bæjar. Mér virðist líklegt, þar sem talað er um nautagöngu eða upprekstur á Langavatnsdal almennt, að þá hafi engin byggð verið þar, annars mundi hafa verið talað þar um afmarkað svæði eða t.d. „í landi“ ákveðinnar jarðar. Mundi það þá helzt hafa verið eyðijörð. Í Sturlungu er nokkrum sinnum getið ferða yfir Langavatnsdal, en aldrei er þar getið bæja. Sennilegt er, að byggð hafi ekki haldizt þar lengur en eitthvað á þriðju öld, eða fram yfir 1100. Nýbýlið á Langavatnsdal varð ekki langætt. Voru þar hjón með tveimur börnum. Þegar börnin voru nokkuð á legg komin, drapst eldurinn þar um vetur og fór bóndinn til byggða að sækja eld, en það er alllöng leið. Gerði þá hríð á hann, og varð hann úti. Náð var þó í eld, en þegar fram á veturinn leið, varð þar bjargarlaust. Náði þá dóttirin hesti inni í Hörðudal og slátraði honum. Komst upp stuldurinn, og var móðir og börnin bæði flutt úr dalnum og refsað, en kotið fór í eyði.

Í ritinu *Byggðir Borgarfjarðar*, III. bindi, er að finna umfjöllun um eyðibýlin þrjú á Langavatnsdal sem getið er um í *Jarðabók* Árna og Páls. Fram kemur að í upphafi 19. aldar hafi verið reist nýbýli á Langavatnsdal, þar sem Borg hafi verið. Sæmundur Pálsson og Þorbjörg Sveinsdóttir hafi reist þar bú árið 1811 og haldist þar

við „með óskröpum“ til 1814 því Sæmundur hafi orðið úti við eldssókn að Grísartungu árið 1813 en Þorbjörg og dóttir hennar verið teknar fyrir hrossaþjófnað „í bjargarleysi“ árið 1814. Fram kemur að fleiri hafi litið björtum augum til búskapar á Langavatnsdal, þótt ekki hafi orðið úr því. Bæjarhús á Borg hafi staðið við Langavatnsdalsá, austan árinnar, norðan við Skógarmannagil, skammt innan við vatnið. Af þessu má álykta að nýbýlið Borg hafi staðið innan þess ágreiningssvæðis sem hér er til umfjöllunar.

### 6.5.3.3.6 Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið, í köflum 6.5.3.3.1–6.5.3.3.5, samanber einnig ítarlegri umfjöllun í kafla 5.5, liggur fyrir fjöldi heimilda þar sem getið er um afrétt í Langavatnsdal. Sú elsta er máldagi Hítardalskirkju frá árinu 1354 sem getur um að kirkjan eigi afrétt á Langavatnsdal. Getið er um þessi réttindi kirkjunnar í fjölda annarra heimilda, þ.e. í máldögum kirkjunnar frá árunum 1397 og 1570, vísitasíum hennar frá 1642, 1694, 1702, 1724, 1737, 1759, 1783, 1810, 1812, 1814 og 1831 og lögfestum hennar frá 1676, 1697, 1699, 1710, 1712, 1731, 1733, 1832 og 1849. Þá er einnig getið um þessi sömu réttindi í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1709.

Elsta heimildin um að Hrafnabjörgum tilheyri réttindi á Langavatnsdal er sem fyrr segir kaupbréf sem dagsett er 31. desember 1393. Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um þessi réttindi Hrafnabjarga á dalnum fyrr en 527 árum síðar þegar Hjörtur Sigurðsson á Ytri-Hrafnabjörgum gerði athugasemd við landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps, dagsett 2. nóvember 1920, þess efnis að Hrafnabjörg eigi „samkvæmt Hrafnabjarga máldaga tuttugu geldfjár kúgilda beit í Langavatnsdal.“ Ekki liggur fyrir í málinu máldagi fyrir Hrafnabjörg þar sem þetta kemur fram en vera kann að átt hafi verið við kaupbréfið frá árinu 1393. Í þessu sambandi skal áréttað að ekkert er getið um þessi réttindi Hrafnabjarga á Langavatnsdal í umfjöllun um þá jörð í *Jarðabók* Árna og Páls.

Þrátt fyrir framangreindar heimildir um Hítardalskiskirkju, sem einar og sér kynnu eftir atvikum að benda til þess að kirkjan hafi átt sérstakan rétt umfram eigendur annarra jarða á svæðinu til afréttarnota á Langavatnsdal, þá bendir það sem fram kemur í *Jarðarbók* Árna og Páls til þess að slíkur réttur hafi tilheyrt fleiri jörðum. Fram kemur í umfjöllun *Jarðabókarinnar* um Stóra-Fjall í Borgarhreppi að jörðin brúki afrétt „á Lángavatnsdal í Rjettarmúla öldungis tollfrí, bæði fyrir hesta, geldfje og naut; hefur þetta verið so um lángan aldur.“ Þá mun sams konar réttur hafa tilheyrt a.m.k. flestum öðrum jörðum í Borgarhreppi samkvæmt *Jarðabókinni*. Það að fram kemur að um hafi verið að ræða réttindi á Langavatnsdal í Réttarmúla bendir til að um hafi verið að ræða austurhluta dalsins. Þá bendir sú staðhæfing að afréttarnotin hafi verið „tollfrí um lángan aldur“ til þess að þau hafi ekki verið háð sérstöku leyfi umráðamanna Hítardalskirkju eða endurgjaldi til umræddrar kirkju. Að mati

óbyggðanefndar kann þetta að benda til þess að umræddum jörðum hafi tilheyrt sams konar réttur til afréttarnota á Langavatnsdal eins og Hítardalskirkju. Það sem fram kemur í *Jarðabókinni* um að ekki sé vitað til þess að goldist hafi tollar fyrir afréttarnot á dalnum þrátt fyrir að kirkjunni séu eignuð þar ítök bendir til hins sama. Fleiri heimildir styðja þessa sömu ályktun. Má í því sambandi nefna svar Þorgríms Sigurðssonar, sýslumanns í Mýrasýslu, til Landsnefndarinnar, frá árinu 1770, þar sem fram kemur að Langavatnsdalur sé nýttur sem „Almennings Afriett“ og það sem fram kemur í jarðamati Mýrasýslu, frá árinu 1804, þess efnis að Langavatnsdalur sé álitinn vera almenningur. Frásögn Páls Guðmundssonar í *Sýslu- og sóknarlýsingum* frá árinu 1840, þar sem getið er um Langavatnsdal sem afréttarland „sem almenningur brúkar“, bendir ennfremur til hins sama. Þar kemur eins og áður segir fram að bæði Álftanes- og Borgarhreppur eigi þar upprekstur.

Það sem fram kemur í prófastsvísitasíum Hítardalskirkju, frá árunum 1810 og 1812, þar sem getið er um „Hitardals kyrkju Eign Afrettar Land fyrir Stadarins Geldpening a sokolludum Langavatnsdal, … “ og að presturinn hafi „géfid til kÿnna Níbíla Upptekníngu a Hitardals kyrkju tilheirandi Afrettarlandi a Lángavatnsdal, … “, kann aftur á móti að benda til þess að Hítardalskirkju hafi tilheyrt meiri réttindi á Langavatnsdal heldur en þeim jörðum í Borgarhreppi sem taldar eru upp í *Jarðabók* Árna og Páls í tengslum við afréttarnot á Langavatnsdal. Að mati óbyggðanefndar nægja þó hvorki umræddar prófastsvísitasíur né aðrar þær heimildir sem hér hafa verið raktar um réttindi Hítardalskirkju á Langavatnsdal til að lagt verði til grundvallar að Hítardalskirkja hafi átt meiri rétt en umræddar jarðir á ágreiningssvæðinu þegar horft er til þess að margar aðrar fyrirliggjandi heimildir benda til hins gagnstæða. Hafi raunin verið sú að umræddri kirkju tilheyrði ríkari réttur á Langavatnsdal heldur en þeim jörðum sem þar áttu upprekstrarrétt er jafnframt til þess að líta að í framangreindum landamerkjabréfum afréttarlands Borgarhrepps, sem eru dagsett annars vegar 25. febrúar 1892, og hins vegar dagsett 2. nóvember 1920 og þinglýst 25. júní 1923, er ekki getið um réttindi kirkjunnar á svæðinu. Sem fyrr greinir var Hítardalssókn lögð niður árið 1875 og sameinuð Staðarhraunssókn, og ekkert liggur fyrir um að af hálfu Staðarhraunskirkju hafi, eftir gerð landamerkjabréfs afréttarlands Borgarhrepps, verið gerðar ráðstafanir til að halda hugsanlegum réttindum kirkjunnar á svæðinu til haga.

Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að líta jafnframt til þess að ekkert liggur fyrir um hvort umrædd réttindi Hítardalskirkju á Langavatnsdal hafi lotið sérstakri afmörkun gagnvart öðru svæði á dalnum, sem verið hafi þá í sameiginlegum afréttarnotum margra jarða og þá ekki heldur hvernig þeirri afmörkun kunni að hafa verið háttað, hafi hún á annað borð verið til staðar.

Af öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar því sú að Hítardalskirkju hafi ekki tilheyrt ríkari réttur á Langavatnsdal en þeim jörðum sem áttu þar upprekstrarrétt.

Í málinu liggja fyrir, eins og áður er rakið, heimildir sem gefa til kynna að jörðinni Galtarholti hafi tilheyrt réttindi í Réttarmúla og á Beilárvöllum. Þrátt fyrir að sumar þeirra heimilda kynnu eftir atvikum að benda til þess að Galtarholt hafi átt rétt umfram aðrar jarðir á Réttarmúla, þá bendir það sem fram kemur í *Jarðarbók* Árna og Páls árið 1709 til þess að svo hafi ekki verið á ritunartíma hennar, heldur hafi réttindi á svæðinu tilheyrt fleiri jörðum „um langan aldur". Í frásögn *Jarðabókarinnar* greinir frá því að menn „hafi heyrt" að Réttarmúli hafi tilheyrt Galtarholti en viti ekki hvernig landið „hafi gengið undan" jörðinni og verið gert að „almennings afrétt". Þá kemur fram að flestar jarðir í Borgarhreppi hafi brúkað afrétt „á Lángavatnsdal í Rjettarmúla" um langan aldur. Þá bendir það að afréttarnotin hafi verið „tollfrí um lángan aldur" til þess að þau hafi ekki verið háð sérstöku endurgjaldi eða leyfi eiganda Galtarholts.

Ekki finnast aðrar heimildir um þessi réttindi Galtarholts á Réttarmúla fyrr en 140 árum síðar þegar „Beilárvellir með Réttarmúla" eru sagðir landspartur frá Galtarholti í Jarðamati Mýrasýslu frá 1849-50. Jarðamatið er jafnframt elsta heimildin sem tilgreinir réttindi Galtarholts á Beilárvöllum. Í sóknalýsingu séra Ólafs Pálssonar í Stafholti frá árinu 1853 segir um þau réttindi að jörðin eigi þar selland sem sé „aðeins notað til haustbeitar fyrir sauðfé". Þessar heimildir eru jafnframt þær einu sem fjalla um rétt Galtarholts á Beilárvöllum en hvorki er minnst á svæðið í bréfi sýslunefndar Mýrasýslu um makaskiptin á Beilárheiði og Réttarmúla frá 1880 né síðar.

Í þessu sambandi skal þess sérstaklega getið að í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Af þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.[687] Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu lands.

Svo sem fyrr greinir liggur samningur um makaskipti á Réttarmúla og Beilárheiði ekki fyrir. Þá er ekki unnt að staðhæfa hvort umrædd makaskipti hafi tekið til Beilárvalla. Sem fyrr segir var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir afréttarland Borgarhrepps 25. febrúar 1892 og nær merkjalýsing bréfsins til bæði Réttarmúla og Beilárvalla án þess að þeirra sé getið sérstaklega. Ekkert liggur því fyrir um landfræðilega afmörkun þess svæðis sem framangreindum makaskiptum var ætlað að ná yfir. Þá má ráða af fyrirspurn oddvita Borgarhrepps til Þjóðskjalasafns frá 6. júní 1922, um heimildir fyrir eignarhaldi Galtarholts á Réttarmúla eða um makaskipti á Réttarmúla og Beilárheiði, að hreppsnefndin hafði ekki makaskiptasamning undir

[687] Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar (í viðauka).

höndum auk þess sem ráða má að hún hafi dregið í efa upphaflegt eignarhald eiganda Galtarholts á Réttarmúla.

Þegar litið er til allra þessara atriða er að mati óbyggðanefndar ekki unnt að fallast á kröfu um beinan eignarrétt í Réttarmúla og á Beilárvöllum á grundvelli heimilda um réttindi Galtarholts. Hvað varðar sérstaklega þýðingu mögulegra makaskipta Galtarholts og Borgarhrepps á Réttarmúla og Beilárheiði þá er einkum til þess að líta að svo sem fyrr segir liggur enginn skriflegur makaskiptasamningur liggur fyrir. Þá verður að meta mögulegt efnislegt inntak þeirra lögskipta á grundvelli þeirrar meginreglu eignarréttar að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir tilkalli sínu og að sá sem afsalar landi getur ekki veitt viðtakanda sínum víðtækari rétt en hann sjálfur átti.

Eins og áður er rakið liggja fyrir heimildir sem benda til þess að barón Charles Gouldrée-Boilleau á Hvítárvöllum hafi tilheyrt hólmarnir í Langavatni. Elsta heimildin þar að lútandi er dómabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu sem getur um að 22. maí 1913 hafi verið þinglýst afsali, dagsettu 1. apríl 1909, fyrir hólmunum í Langavatni. Samkvæmt dómabókinni var það skiptastjóri dánarbús barónsins sem afsalaði hólmunum til séra Einars Friðgeirssonar á Borg. Afsalið hefur svo sem fyrr greinir ekki fundist. Ekkja séra Einars afsalaði svo „tveim hólmum í Langavatni“ til Borgarhrepps 17. mars 1942 og var afsalinu þinglýst samdægurs.

Ekki liggur skýrt fyrir hvenær eða hvernig baróninn var kominn að rétti sínum til hólmanna. Samkvæmt þeim heimildum sem liggja fyrir settist hann að á Íslandi árið 1898 og lést árið 1901 og af því leiðir að eignarréttarlegt tilkall hans til þeirra hefur stofnast á þeim tíma. Samkvæmt greininni „Baróninn á Hvítárvöllum“ í *Lesbók Morgunblaðsins* mun hann hafa keypt veiðirétt í Langavatni af Borgarhreppi, en samkvæmt frásögn Ara Gíslasonar í örnefnaskrá fyrir „Borghreppingaafrétt“, fékk hann aðeins leyfi til að stunda veiðiskap í vatninu. Hvort sem veiðiréttur honum til handa var keyptur eða tilkominn með öðrum hætti, og hvort framsali þess réttar hafi í raun fylgt réttur til alls landsvæðis hólmanna í vatninu, þá má af framangreindum heimildum ráða að rétturinn var upphaflega leiddur frá Borgarhreppi. Fær það enn fremur stuðning af því hólmarnir féllu innan afmörkunar afréttarlands Borgarhrepps samkvæmt landamerkjabréfi þess frá árinu 1892.

Þegar litið er til allra framangreindra atriða er að mati óbyggðanefndar ekki unnt að fallast á kröfu um eignarrétt á hólmunum í Langavatni á grundvelli heimilda um eignarhald baróns Charles Gouldrée-Boilleau á svæðinu. Á grundvelli þeirrar meginreglu eignarréttar, að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verði að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir tilkalli sínu og að sá sem afsalar landi geti ekki afsalað viðtakanda sínum víðtækari rétt en hann sjálfur átti, ræðst eignarréttarleg staða hólmanna því sem endranær af stöðu þeirra á þeim tíma sem landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps var gert árið 1892.

Að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið fyrir að fara sérstökum rétti Hítardalskirkju á Langavatnsdal umfram aðrar jarðir sem þar áttu upprekstrarrétt. Þá er hvorki unnt að fallast á kröfu um sérstök réttindi á Réttarmúla og Beilárvöllum á grundvelli heimilda um eignarrétt Galtarholts né á hólmunum í Langavatni á grundvelli heimilda um eignarrétt baróns Charles Gouldrée-Boilleau. Þessu næst kemur til skoðunar hvernig eignarrétti að svæðinu er háttað á grundvelli annarra heimilda og hvort þar er fyrir að fara beinum eignarrétti eða aðeins takmörkuðum réttindum í formi upprekstrarréttar. Þar er fyrst og fremst um að ræða heimildir um afréttarnot jarða í Borgarhreppi, Hrafnabjarga í Dalasýslu og Hítardalskirkju á svæðinu. Auk þess koma til skoðunar heimildir um áformaða nýbýlastofnun og byggð á Langavatnsdal.

Eins og áður er rakið liggja fyrir í málinu heimildir um forna byggð á Langavatnsdal. Þær heimildir benda til þess að hún hafi snemma lagst af, ekki síðar en í svartadauða, skömmu eftir aldamótin 1400. Engar samtímaheimildir styðja þó síðari tíma frásagnir um slíka byggð. Elsta heimildin þar að lútandi er *Jarðabók* Árna og Páls, sem var rituð meira en 300 árum síðar, þ.e. árið 1709. Þar kemur fram að ekki hafi verið byggð í dalnum frá því hún lagðist af í svartadauða og að ómögulegt sé að byggja þar vegna vetrarríkis. Jafnframt er fjallað um forna byggð á Langavatnsdal í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, frá árunum 1752–1757. Þar kemur eins og áður segir fram að til forna hafi verið þar kirkjusókn og fjöldi bæja. Þá hafi höfundar séð „hin fornu tún“ standa „í fullum blóma“ þegar þeir fóru þar um árið 1754.

Ennfremur kemur fram í lýsingu þeirri sem Ólafur Stephensen amtmaður skrifaði til Rentukammers árið 1789 að hann telji að sex til sjö bæir hafi verið í dalnum áður en byggð lagðist af í svartadauða. Kvaðst hann telja sig hafa séð rústir gamla kirkjustaðarins, sem nefndur var Borg, í miðjum dalnum. Í ritinu *Almenn Landaskipunarfræði*, frá árinu 1821, kemur sömuleiðis fram að Langavatnsdalur hafi fyrrum verið ein kirkjusókn en lagst í eyði í svartadauða. Þá kemur fram í *Árbók* Ferðafélags Íslands, frá árinu 1947, að munnmæli segi að byggð hafi verið á Langavatnsdal frá landnámsöld þegar Bersi hinn goðlausi hafi hafið þar búskap og búið að Torfhvalastöðum. Sú byggð hafi þó lagst af í svartadauða. Þann fyrirvara verður þó að gera að höfundur frásagnarinnar kveðst þó telja sennilegra að þar hafi ekki haldist byggð til lengdar og vísar í því sambandi til þess að Staðarhraunskirkja hafi átt nautauppreekstur á dalinn þegar á 12. öld, Hítardalur hafi átt þar upprekstrarland um miðja 14. öld og að fyrir árið 1400 hafi sumarbeit (ítak) í Langavatnsdal verið seld með Hrafnabjörgum.

Í ritinu *Byggðir* Borgarfjarðar, III. bindi, er að finna umfjöllun um eyðibýlið Borg og þar segir að bæjarhús á Borg hafi staðið austan Langavatnsár, norðan við Skógarmannagil, nálægt Langavatni. Að öðru leyti liggur ekkert fyrir um hvernig jörðin Borg afmarkaðist.

Eins og áður segir er líklegt að mati óbyggðanefndar að ágreiningssvæðið hafi verið numið að verulegu leyti. Þá geta ýmsar fyrirliggjandi heimildir um að byggð hafi risið á a.m.k. hluta af ágreiningssvæðinu í kjölfar landnáms. Í fyrri úrlausnum óbyggðanefndar hefur slíkt stutt niðurstöðu um eignarland. Í því sambandi þarf þó einnig að gæta að því hvað liggur fyrir um afmörkun og yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem kunni að hafa stofnast til við landnám, þ.e. hvort samhengi eignarréttar og sögu liggi fyrir. Í því sambandi vísast t.d. til dóms Hæstaréttar frá 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007 (Þórsmörk).

Ekkert liggur fyrir um afmörkun þess landsvæðis sem Borg á að hafa tilheyrt auk þess sem ekkert liggur fyrir um það hversu lengi búseta á að hafa varað á Borg, hafi á annað borð verið um jörð að ræða. Með tilliti til þessara atriða er að mati óbyggðanefndar ekki unnt að fallast á kröfu um eignarrétt á ágreiningssvæðinu á grundvelli heimilda um forna búsetu á Borg. Enn minna liggur fyrir um afmörkun og yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem kunna að hafa verið fyrir hendi á öðrum jörðum sem sagnir herma að hafi fyrrum staðið í dalnum. Er því ekki heldur unnt að fallast á eignarrétt á ágreiningssvæðinu á grundvelli þeirra heimilda.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins á grundvelli stofnunar nýbýlis á Langavatnsdal þá vísast til fjölmargra heimilda þar að lútandi í kafla 6.5.3.3.5, sbr. einnig ítarlegri umfjöllun í kafla 5.5. Svo sem þar er rakið benda gögn til þess að útmæling fyrir nýbýli til handa Jörundi Ólafssyni hafi farið fram vorið 1810 en hins vegar liggur útmælingarskjalið sjálft ekki fyrir og engar vísbendingar um að því ferli sem nýbýlatilskipunin ráðgerði hafi verið fylgt til enda. Af því tilefni skal áréttað, eins og nánar er fjallað um í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka), að á grundvelli ákvæða nýbýlatilskipunarinnar var unnt að stofna til eignarréttar á áður eigendalausu landi að skilyrðum tilskipunarinnar uppfylltum. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt. Byggingarbréfinu skyldi síðan þinglýst og „álítast og gilda sem viss og óbrigðul heimild“. Útgáfa byggingarbréfs og þinglýsing þess tekur þannig af vafa um stofnun eignarlands á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar og land þess þá frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum, sbr. dóm Hæstaréttar 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli). Að öðru leyti þarf að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan.

Byggingarbréf fyrir stofnun nýbýlisins á Langavatnsdal hefur ekki fundist við kerfisbundna leit Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og engar heimildir fundist sem benda til þess að slíkt bréf hafi verið gefið út. Að því virtu að formskilyrðum nýbýlatilskipunarinnar um útgáfu slíks bréfs virðist ekki hafa verið fullnægt standa engin rök til þess að viðurkenna að til nýbýlastofnunar hafi komið á Langavatnsdal í samræmi við ákvæði nýbýlatilskipunarinnar, sem breytt hafi eignarréttarlegri stöðu svæðisins.

Í fjölda fyrirliggjandi heimilda er Langavatnsdals getið sem afréttar eða almennings. Það sem fram kemur í *Jarðabók* Árna og Páls, frá árinu 1709, bendir til þess að sá réttur hafi tilheyrt a.m.k. flestum jörðum í Borgarhreppi. Þá var gert landamerkjabréf fyrir allt ágreiningssvæðið árið 1920 en þar er vísað til þess sem „afréttarlands Borgarhrepps". Aðrar fyrirliggjandi heimildir benda til þess að frá þeim tíma hafi það verið nýtt sem sameiginlegur afréttur jarða í Borgarhreppi. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið ásamt öðru til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið samnotaafrétt.

Svæðið er allt innan marka landamerkjabréfs Fjalllendis Borgarhrepps, frá árinu 1920. Þá kemur fram í fjallskilareglugerðum fyrir Mýrasýslu frá árunum 1878 og 1892 að leitarsvæði taki til alls þess lands sem hér um ræðir, allt að mörkum gagnvart Dalasýslu.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði" 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.[688]

Hvað varðar þann hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar þá liggur fyrir að þar hefur ekki verið búið síðan 1814 og ekkert liggur fyrir um að eftir þann tíma hafi umráðum landsins nokkru sinni verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að svæðinu getur því ekki hafa stofnast handa Borgarhreppi eða jarðeigendum sem áttu þar upprekstrarrétt, fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, samanber dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða þar sem háttar til eins og í tilviki þess lands sem hér um ræðir. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á með gagnaðila

[688] Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hans eða hann sjálfur hafi unnið beinan eignarrétt að þessum hluta ágreiningssvæðisins fyrir hefð.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að innan merkja austurhluta Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum, svo sem landsvæðið er skilgreint hér að framan, hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Áréttuð skal sú niðurstaða óbyggðanefndar að ætlaðar ráðstafanir einstakra hluta ágreiningssvæðisins með löggerningum á 19. og 20. öld hafa ekki neina þýðingu að eignarrétti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[689] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða sem ráku fé til sumarbeitar á svæðið. Í samræmi við kröfugerð í málinu tilheyrir sá réttur nú jörðum í fyrrum Borgarhreppi, nú Borgarbyggð.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið sérstaklega fjallað um og talið þjóðlenda og afréttur eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Í máli þessu gerir eigandi jarðarinnar Ytri-Hrafnabjarga í Dalabyggð kröfu um beitarrétt og hefðbundin afréttarnot á Langavatnsdal, samanber kafla 3.7. Eins og rakið er hér að framan liggur fyrir kaupbréf dagsett 31. desember 1393, þar sem fram kemur að meðal hins selda sé „[t]uttugu gelldfiar kugilldabeit i Langavatnzdal.“ Þá liggur fyrir að getið er um umrædd réttindi Hrafnabjarga á Langavatnsdal í landamerkjabréfi afréttarlands Borgarhrepps, dagsettu 2. nóvember 1920 og þinglýstu 25. júní 1923. Ekki liggja fyrir í málinu fleiri heimildir um umrædd réttindi. Aftur á móti fer nú fram kerfisbundin leit að skjölum um Hrafnabjörg, Ytri-Hrafnabjörg og Fremri-Hrafnabjörg vegna meðferðar máls nr. 3/2016 á svæði 9A hjá óbyggðanefnd. Óbyggðanefnd telur ekki unnt að leysa úr kröfum eiganda Ytri-Hrafnabjarga í máli þessu fyrr en þeirri leit er að fullu lokið, samanber rannsóknarskyldu óbyggðanefndar sem kveðið er á um í 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, samanber einnig 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Verður úrlausn óbyggðanefndar um þessa kröfu því frestað og leyst úr henni samhliða úrlausn um kröfur í máli nr. 3/2016.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að austurhluti Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er þar sem Hróbjargardalsá og Fossdalsá renna saman og mynda Beilá. Þaðan ræður Beilá að merkjahól vestan við vaðið á Beilá og þaðan áfram í Langavatn. Þá ræður Langavatn*

[689] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

*merkjum þangað sem Langavatnsá rennur í það og þaðan ræður Langavatnsá þangað sem Víðidalsá rennur í hana. Þaðan er vatnaskilum Víðidals fylgt austur að vatnaskilum við Hróbjargardal. Þá er vatnaskilum vestan Hróbjargardals fylgt suður í upphafspunkt.*

Að því leyti sem stöðuvötn ráða mörkum þjóðlendunnar vísast um legu merkjanna til ákvæða 4. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, með síðari breytingum.

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Borgarhreppi, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem njóta veiðiréttar í ám og vötnum á svæðinu, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

#### 6.5.3.4 Mjóidalur og vesturhluti Sátudals

Loks stendur eftir að fjalla um eignarréttarlega stöðu Mjóadals og vesturhluta Sátudals. Umræddur hluti ágreiningssvæðisins er við norðausturmörk þess og afmarkast að vestanverðu af vatnaskilum vestan Mjóadalsár, að austanverðu af nyrsta hluta Fossdalsár og vatnaskilum norðan Sátudals, að norðanverðu af vatnaskilum norðan Mjóadals og að sunnanverðu af vatnaskilum sunnan Mjóadals. Eins og fram kemur hér að framan er umræddur hluti ágreiningssvæðisins utan marka þess svæðis á Hróbjargardal og hálfum Fossdal sem Stafholtskirkja kallaði til eignarréttar yfir, sé miðað við að þau mörk miðist við vatnaskil, eins og óbyggðanefnd telur rétt með tilliti til fyrirliggjandi heimilda. Þá liggja heldur ekki fyrir neinar heimildir um að aðrir hafi kallað til eignarréttinda á þeim hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar fyrr en fyrra landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps var gert 25. febrúar 1892, en merkjalýsing þess tekur hluta svæðisins, þ.e. Mjóadals. Síðara landamerkjabréf afréttarlands Borgarhrepps er dagsett 2. nóvember 1920, þinglýst 25. júní 1923, og er allt landsvæðið innan merkjalýsingar þess.

Fyrirliggjandi fjallskilareglugerðir frá 19. og 20. öld taka ekki af tvímæli um það hvort Mjóidalur og vesturhluti Sátudals hafi talist til leitarsvæða Borghreppinga. Í „reglugjörð um notkun afrjetta, rjettir, fjallskil, o.fl. í Mýrasýslu“, sem samþykkt var á fundi amtráðsins í Vesturumdæminu 11.–13. júlí 1878, segir að Þinghólsrétt tilheyri öllum jörðum í Borgarhreppi og skuli því leita til hennar „öll heimalönd tjeðra jarða og öll fjall-lönd þau, sem þar að liggja allt að löndum Dalamanna.“ Þá segir í „reglugjörð fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar“, frá árinu 1892, að Borgarhreppsrétt, sem kennd sé við Þinghól, tilheyri öllum jörðum í Borgarhreppi og skuli smala til hennar „í öllum leitum öll heimalönd þeirra jarða og fjalllönd þau, er þar liggja, allt að löndum Dalamanna.“ Þá segir í fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, dagsettri 2. júní 1921, að leitarsvæði Þinghólsréttar sé „Öll afrjettarlönd og heimalönd tilheyrandi Borgarhreppi og Borgarneshreppi.“ Í

fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu nr. 175/1952 er mörkum leitarsvæða lýst. Þar segir um Skarðsrétt: „Leitarsvæði er: Öll afréttarlönd og heimalönd tilheyrandi Borgarhreppi og Borgarneshreppi.“ Leitarsvæði Skarðsréttar er einnig lýst með nákvæmlega sama hætti í fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu nr. 377/1975.

Í svari sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dagsettu 13. nóvember 1985, vegna fyrirspurnar dómsmálaráðuneytisins um afréttarmál, er leitarsvæðinu lýst með nákvæmari hætti heldur en gert er í fjallskilareglugerðunum sem hér hefur verið vitnað til. Í svarinu segir meðal annars:

> Í fjallaskilareglugerð Mýrasýslu útg. 29/8. 1975 33. gr., er gerð grein fyrir þeim leitarsvæðum, sem leituð eru til hinna ýmsu safnrétta í sýslunni. Er þar talað óbeint um afréttarlönd, er leituð séu til réttanna, hverrar um sig, án þess að gerð sé nánari grein fyrir þessum svæðum, staðsetningu þeirra eða kenninöfnum. Skal nú leitast við að bæta nokkuð úr þessu, og verður um leið höfð til hliðsjón af áðurnefndri 33. grein reglugerðarinnar um röð leitarsvæða, til að auðvelda samanburð.
>
> [...]
>
> 4. <u>Skarðsrétt</u>. – Leitarsvæði hennar eru afréttarlönd, eign Borgarhrepps, sem eru 1) Staðartunga öll sunnan Langavatns, frá Langá að vestan og Gljúfurá að sunnan. 2) Langavatnsdalur, austan vatns og Langavatnsdalsár, að Mjóadalsá. Þá norðan Mjódalsár að mörkum Dalasýslu á Sópandaskarði. Að norðan ráða svo mörk Dalasýslu, uns við taka að austan lönd jarða í Norðurárdal. Er til um þetta gömul merkjaskrá, án dagsetningar og undirskriftar, en með áritun sr. Einars Friðgeirssonar á Borg, um að hún sé gerð af Jóhannesi fyr á Gufuá. Samkv. þessari skrá liggja mörkin "eins og vötnum hallar suður svonefnt Sléttafjall alt að fyrstu upptökum Sátudalsár sem er upp af Fossdal, þá ræður Sátudalsá ofan fyrir hærri fossa svonefnda, svo Fossdalsá eptir að þær koma saman alt til Skammár. […]

Það sem þarna kemur fram um mörk leitarsvæðisins bendir að mati óbyggðanefndar til þess að sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar hafi talist til leitarsvæðisins. Þegar horft er til þess, sem og þess að umræddur hluti ágreiningssvæðisins er innan afmörkunar landamerkjabréfs afréttar Borgarhrepps, frá árinu 1920, verður lagt til grundvallar að hann hafi verið hluti af afréttinum.

Í þeim takmörkuðu heimildum sem liggja fyrir um þennan hluta ágreiningssvæðisins er hans getið í tengslum við upprekstur og afréttarnot. Engar heimildir eru um að þar hafi verið byggð eða önnur not en sumarbeit og e.t.v. aðrar takmarkaðar nytjar. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Eins og áður er vikið að er ekki útilokað að sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar hafi verið numinn. Jafnvel þó svo hafi mögulega verið

þá liggur ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kynni að hafa verið stofnað til. Í því efni brestur því sönnun; samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra.

Hvað varðar kröfu gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* (í viðauka), þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.[690]

Hvað varðar þann hluta ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til umfjöllunar þá liggja engar heimildir fyrir sem sýna fram að þar hafi verið búið og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905 um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að svæðinu getur því ekki hafa stofnast handa þeim sem höfðu afréttarnot af svæðinu, fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings beinni eignarréttarkröfu gagnaðila, samanber dóm Hæstaréttar 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á með gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu að forverar hennar eða hún sjálf hafi unnið beinan eignarrétt að þessum hluta ágreiningssvæðisins fyrir hefð.

Í málinu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds landsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til veiðar og sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Þá voru snemma settar opinberar reglur um afréttarnotkun og fjallskil sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að svæðið sem hér er til umfjöllunar sé eignarland, hvorki fyrir nám hefð né aðra þá stofnunarhætti eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig

[690] Sbr. kafli 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.[691] Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Borgarhreppi, sem nú tilheyrir Borgarbyggð.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið sérstaklega fjallað um og talið þjóðlenda og afréttur eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarsvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Mjóidalur og vesturhluti Sátudals, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er þar sem Mjóadalsá rennur í Fossdalsá. Þaðan er fylgt vatnaskilum sunnan, vestan og norðan Mjóadals þar til komið er að vatnaskilum norðan Sátudals. Þaðan er þeim vatnaskilum fylgt að hæstu drögum Sátudals. Þaðan er Fossdalsá fylgt að upphafspunkti þar sem Mjóadalsá rennur í hana.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Borgarhreppi, nú í sveitarfélaginu Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem njóta veiðiréttar í ám og vötnum á svæðinu, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

## 6.6 Beilárheiði

### 6.6.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem hefur verið nefnt Beilárheiði. Sveitarfélagið Borgarbyggð gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.5.

Landsvæðið sem um ræðir liggur í yfir 200 m y.s. og rís land hæst fyrir miðju svæðinu í rúmlega 390 m y.s. Það er hallalítið, mjótt að norðaustanverðu og breikkar til suðurs. Á norðausturhluta Beilárheiðar er Lambafell og norðaustan þess er Vikravatn. Grímsdalur liggur suður með austurmörkum Beilárheiðar og er vesturhluti dalsins því innan ágreiningssvæðisins. Dalbotn Grímsdals er í Lambafellsgili sem er gil sem liggur inn með Beilárheiði og Lambafelli. Litlaá rennur suður Grímsdal. Beilá liggur að norðan- og norðvestanverðu og rennur í Langavatn sem er vestan við

[691] Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

svæðið. Frá bæjarstæði Grísartungu að suðausturhorni Beilárheiðar eru um 2,5 km mælt í beinni loftlínu.[692]

### 6.6.2 Sjónarmið aðila

Þjóðlendukarafa íslenska ríkisins í máli þessu tekur til Fjalllendis Hraunhrepps, Álftaneshrepps og Borgarhrepps, auk Staðartungu og Beilárheiðar, án sérstakrar aðgreiningar á milli einstakra landsvæða. Beilárheiði fellur þannig innan stærra kröfusvæðis og taka sjónarmið íslenska ríkisins mið af því.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að landsvæði innan þjóðlendukrafna þess séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggi utan landnáms og hafa eingöngu verið nýtt sem afréttir, eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins teljist vera afréttir og utan eignarlanda jarða.

Hvað varðar Beilárheiði sérstaklega hafi íslenska ríkið við afmörkun þess kröfusvæðis fyrst og fremst litið til landamerkjalýsingar Beilárheiðar, sem og landamerkjalýsinga aðliggjandi landsvæða. Byggt er á því að fram komi í jarðamati Mýrasýslu frá 1849–50 að heiðarlandið Beilárheiði tilheyri Stafholtskirkju auk þess auk þess sem fram komi í svörum sýslumanna / hreppstjóra til Stjórnarráðsins um almenninga og afrétti árið 1920, að afréttarlönd þau, er hreppurinn noti, séu m.a. Beilárheiði, með hálfum Grímsdal. Af fyrirliggjandi heimildum megi ráða að landsvæðið hafi um aldaraðir verið nýtt sem afréttarsvæði Borgarhrepps, þó Stafholt hafi hugsanlega átt meira tilkall til þess en aðrar jarðir. Svæðið hafi því aldrei verið nýtt til annars en hefðbundinna afréttarnota. Svæðið hafi þannig frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi.

Af hálfu sveitarfélagsins Borgarbyggðar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að landið sé allt innan upphaflegra landnáma í Borgarfirði. Þá megi ráða af fjölmörgum vitnisburðum frá árunum 1677–1679 að Beilárheiði hafi legið undir Grísartungu frá öndverðu og hafi síðar verið skipt úr landi jarðarinnar og seld Galthyltingum og eftir það fallið innan lýsinga í landamerkjabréfi Galtarholts. Því gildi ekki önnur sjónarmið um hið umdeilda landsvæði en önnur landsvæði sem skipt hafi verið út úr landi jarða og hafi eftir atvikum verið lögð til afréttar. Því sé um eignarland að ræða.

Byggt er á því að ekki séu heimildir um annað en að landið hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landamerkja hafi

[692] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, samanber kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildi um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn bendi til annars en að landið hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.

Vísað er til þess að lög hafi frá öndverðu kveðið á um merkjagerð jarða en þrátt fyrir það sé merkjalýsingar sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafi. Heimildir um merki jarða hafi almennt aðeins verið varðveittar í munnlegri geymd fram að setningu landamerkjalaga árið 1882. Hafa beri í huga að samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu.

Gagnaðili íslenska ríkisins telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Þá vísar gagnaðili íslenska ríkisins í meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga en samkvæmt henni sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á aðila máls að þeim sé ómögulegt að axla hana. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur megi nefna að gagnaðila íslenska ríkisins sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja landsvæðisins, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum, en landamerkjabréf séu oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sanni beinan eignarrétt þeirra. Í þessu tilviki hátti þó svo til að sönnunargögn um eignarréttindi hafi farið forgörðum þegar sýsluskrifstofan í Borgarnesi brann árið 1920 og óeðlilegt og ósanngjarnt sé að láta landeigendur gjalda þess.

Að mati gagnaðila íslenska ríkisins hafa handhafar ríkisvaldsins margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt gagnaðila íslenska ríkisins, sem og forvera hans, innan lýstra merkja, enda hafi heimildarskjölum þeirra fyrir landinu verið þinglýst athugasemdalaust. Gagnaðili íslenska ríkisins telur ennfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa sé fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu. Vegna þessa hafi gagnaðili íslenska ríkisins í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að landsvæðið væri undirorpið fullkomnum eignarrétti hans og aðgerðir ríkisins fram til þessa hafi aðeins styrkt hann í þeirri trú.

Þá byggir gagnaðili íslenska ríkisins á því að þótt hluti hins umdeilda landsvæðis hafi verið nýttur sem afréttur hin síðari ár, teljist það ekki vera samnotaafréttur í lagalegum skilningi og vísar um það til fyrrnefndra sjónarmiða um tilvist beins eignarréttar að landsvæðinu, enda hafi svæðið verið nýtt að mestu án athugasemda landeiganda allt fram á þennan dag á grundvelli samninga og/eða venju.

Slík nýting á eignarlandi til beitarafnota sé alvanaleg og í samræmi við hefðbundna búskaparhætti, en feli ekki í sér framsal eða afsal beins eignarréttar, eða að beinn eignarréttur að landinu hafi fallið niður enda ekki fyrir hendi lagalegur grundvöllur til slíks.

Til vara byggir gagnaðili íslenska ríkisins kröfu sína á því að hann hafi hefðað landið, enda hafi hann byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

### 6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Beilárheiðar er rakin í kafla 5.6 hér að framan. Í kaflanum eru raktar heimildir um Stafholtskirkju sem benda til þess að kirkjunni hafi tilheyrt Beilárheiði og Grímsdalur frá því á 17. öld, en vesturhluti Grímsdals er innan ágreiningssvæðisins. Þá eru raktar heimildir kirkjunnar um að henni hafi tilheyrt jörðin Grísartunga og að Beilárheiði hafi fyrrum heyrt undir hana. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Grísartungu er aðliggjandi ágreiningssvæðinu að sunnan og suðvestanverðu en það hvort Beilárheiði hafi tilheyrt jörðinni, á sama hátt og annað land hennar, eða haft aðra stöðu er hinsvegar atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Í arfskiptagerð frá árinu 1640 er að finna fyrstu tilvísun til ágreiningssvæðisins, en þar sem kemur fram að Grímsdalur tilheyri Stafholti. Beilárheiðar er fyrst getið sérstaklega í vitnisburði um Beilárheiði og Grímsdal frá árinu 1677, en fyrir liggja 12 slíkir vitnisburðir frá árunum 1677–1679, vegna ágreinings sem kom upp um selstöðu á Grímsdal. Merkjum ágreiningssvæðisins er fyrst lýst í einum vitnisburðanna, þ.e. vitnisburði Dags Jónssonar frá 3. maí 1678, en þá aðeins að hluta. Þá er merkjum ágreiningssvæðisins lýst í nokkrum lögfestum Stafholtskirkju fyrir Grísartungu frá árunum 1678–1679 og árinu 1711, en í þeim er merkjum Grísartungu lýst þannig að þau nái til Beilárheiðar, eins og hún er afmörkuð í þessu máli, og án þess að hún sé sérstaklega tilgreind.

Merkjum Beilárheiðar er fyrst lýst með heildstæðum hætti, og þá aðskilinni frá Grísartungu, í ódagsettum útdrætti sem er sagður skrifaður „samkvæmt vísitasíu Steingríms biskups Jónssonar 31. júlí 1831“. Þá er að finna sérstaka umfjöllun um Beilárheiði, aðskilda frá umfjöllun um Grísartungu, í jarðamati Mýrasýslu frá 1849–50. Þar er Beilárheiði „með hálfum Grímsdal og hálfum Fossdal og öllum Hróbjargardal“ sögð vera „heiðarland tilheyrandi Stafholts kirkju“.

Árið 1853 keypti Borgarhreppur Beilárheiði ásamt „aðliggjandi dölum“ í eigu kirkjunnar og var afsalinu þinglýst 22. maí 1857. Í janúar árið 1880 samþykkti sýslunefnd Mýrarsýslu beiðni hreppsnefndar Borgarhrepps um makaskipti milli Borgarhrepps og eiganda Galtarholts á Beilárheiði og Réttarmúla, en Réttarmúli er norðan Beilárheiðar og innan afréttarlands Borgarhrepps. Jörðin Galtarholt liggur sunnan ágreiningssvæðisins, aðskilið frá því af öðrum jörðum. Þann 20. maí 1885 lét eigandi Galtarholts svo skrá merki Beilárheiðar sem viðbót við landamerkjabréf

Galtarholts. Á eftir lýsingu merkjanna segir: „Útdráttur úr kirkjubók Stafholtsprestakalls“ og að mati óbyggðanefndar er þar átt við fyrrnefndan „útdrátt úr máldögum Stafholtskirkju“, þar sem landamerkja Beilárheiðar er fyrst getið með heildstæðum hætti, en landamerkjalýsingarnar eru samhljóða. Lýsing á merkjum Beilárheiðar í landamerkjabréfi Galtarholts var undirrituð um samþykki vegna Hreðavatns, Jafnaskarðs og Múlakots, og var henni þinglýst 21. maí sama ár.

Í kjölfar makaskiptanna leigði Borgarhreppur Beilárheiði af eiganda Galtarholts til uppreksturs en þeirri leigu var sagt upp árið 1900. Þó virðist sem Borgarhreppur hafi áfram nýtt Beilárheiði til uppreksturs óátalið því tæpum fjórum áratugum eftir makaskiptin, þ.e. árið 1917, hóf hreppsnefnd Borgarhrepps sérstaka athugun á eignarhaldi Beilárheiðar og mótmælti þá eignarhaldi Galtarholts á heiðinni en makaskiptasamningurinn sjálfur lá ekki fyrir. Fór svo að 2. nóvember 1920 var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir afréttarland Borgarhrepps og tekur merkjalýsing þess til fjalllendisins norðan Beilárheiðar og landsvæðis Beilárheiðar án sérstakrar aðgreiningar. Landamerkjabréfinu var þinglýst 25. júní 1923 en ekki var ritað undir það af eiganda Beilárheiðar. Ágreiningur um eignarhald á Beilárheiði virðist hafa legið niðri fram til ársins 1932 þegar oddviti Borgarhrepps sendi dóms- og kirkjumálaráðuneytinu beiðni um gjafsókn vegna máls sem hreppurinn ætlaði að höfða gegn eiganda Galtarholts vegna Beilárheiðar. Var þeirri beiðni synjað og af fyrirliggjandi heimildum verður ekki ráðið að frekar hafi verið aðhafst af hálfu Borgarhrepps vegna málsins. Árið 1954 gáfu eigendur Galtarholts Borgarhreppi svo Beilárheiði.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Beilárheiðar er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Er þar um að ræða landamerkjalýsingu Beilárheiðar frá 1885, ódagsettan útdrátt sem er sagður skrifaður „samkvæmt vísitasíu Steingríms biskups Jónssonar 31. júlí 1831“, þrjá vitnisburði um Beilárheiði frá árunum 1678 og 1679, lögfestur fyrir Grísartungu frá 1678, 1679 og 1711 og landamerkjabréf fyrir afréttarland Borgarhrepps frá 1920. Sem fyrr segir eru landamerkjalýsing Beilárheiðar og hinn ódagsetti útdráttur samhljóða og verður því ekki vísað sérstaklega til útdráttarins í eftirfarandi athugun. Þá verður höfð hliðsjón af heimildum um merki aðliggjandi jarða. Austan við ágreiningssvæðið eru óumdeild eignarlönd Múlakots, Jafnaskarðs og Hreðavatns. Norðan og norðvestan við það er ágreiningssvæði vegna fjalllendis Borgarhrepps, sem fjallað er um í kafla 6.5, og sunnan og suðvestan þess er óumdeilt eignarland Grísartungu. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Austurmerkjum er lýst svo í landamerkjalýsingu Beilárheiðar frá 1885:

> … þar til Skammá kemur í ána [Fossdalsá], sem rennur úr Vikravatni framantil, og löndin skilur. Síðan ræður Vikravatn ofan eftir til enda, þá ræður

laut, skammt frá götunni ofan í Grímsdalsbotn, hjá Lambafellsgili. Síðan ræður Litlaá, er rennur eftir dalnum […].

Í vitnisburði Dags Jónssonar frá 1678 er austurmerkjum lýst svo: „Litla ä rædur ad Sunnann, efftir Endelaungum Grijmsdal, Sÿdann Siönhending, sem siä mä upp ür Dalnum, og i vestra Vikravatnz enda, þä Rædur Vikravatn og ad Skammä, þä Skammä og i Beijlä … “. Í vitnisburði Ólafs Ólafssonar frá 1678 og vitnisburði Gunnars Ingimundarsonar frá 1679 er merkjunum lýst með sama hætti og í vitnisburði Dags Jónssonar. Í lögfestu fyrir Grísartungu frá 1678 er austurmerkjum lýst svo: „Litla aa rædur ad Sunnann, epter endelóngum Grijmsdal, Sijdann rædur Siönhending sem siä mä upp ür Grijmsdal, og so i Vestra Vikravatns Enda, þä rædur Vikravatn og ad Skammaa, þä rædur Skammaa I Beylaa … “. Merkjunum er lýst með sama hætti í lögfestum fyrir Grísartungu frá 1679 og 1711. Í landamerkjabréfi afréttarlands Borgarhrepps er merkjunum lýst svo: „Skammá í Vikravatn, þá Vikravatn að Lambafelli; þá ræður merkjum laut sú sem er á milli Vikrafells og Lambafells, þar sem hún er lægst alt ofan í Litluá í Grímsdal. Svo ræður Litlaá niður eftir Grímsdal … “.

Austan megin við ágreiningssvæðið liggja jarðirnar Múlakot, Jafnaskarð og Hreðavatn. Í landamerkjabréfi Múlakots, dags. 16. maí 1890 og þinglýst 21. maí sama ár, er mörkum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo að Litlaá ráði frá Ketilgili. Landamerkjabréfið var samþykkt vegna jarðanna Litlaskarðs og Jafnaskarðs. Í landamerkjabréfi Jafnaskarðs, dags. 1. maí 1886 og þinglýst 21. maí 1890, er mörkum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „ … að norðan ræður laut sunnan til við Lambafell úr lautinni í Litluá hún ræður ofan á móts við Ketilgil.“ Landamerkjabréfið var samþykkt vegna Hreðavatns, Beilárheiðar, Litlaskarðs, Laxfoss og Múla. Í landamerkjabréfi Hreðavatns, sem var þinglýst 27. júní 1923, er mörkum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst svo: „ … úr Vikrafellsöxl í Vikravatn þá ræður Skammá …“. Landamerkjabréfið var samþykkt vegna Brekku, jafnaskarðs, Borgarhrepps, Laxfoss, Svartagils og Veiðilækjar.

Íslenska ríkið miðar kröfulínu sína um austurmörk Beilárheiðar við að Litluá sé fylgt norður í laut við mynni Grímsdals og þaðan eftir lautinni í Vikravatn. Úr Vikravatni er svo Skammá fylgt þar til hún rennur í Fossdalsá. Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfur sínar um austurmörk svo: „á móti Múlakoti er Litluá fylgt að Ketilgili og svo áfram móti Jafnaskarði og Hreðavatni ráða Skammá og Fossdalsá að ármótum við Beilá.“ Gagnaðili íslenska ríkisins orðar það ekki sérstaklega hvernig hann dregur kröfulínu sína milli Litluár og Skammár, heldur miðar þar eingöngu við landamerki Jafnaskarðs og Hreðavatns.

Þeim heimildum, sem varða afmörkun austurmarka Beilárheiðar, ber öllum saman um að Litlaá ráði eftir Grímsdal. Í eldri heimildum Stafholtskirkju segir svo að sjónhending ráði úr Grímsdal og í vesturenda Vikravatns. Í landamerkjalýsingu Beilárheiðar frá 1885 segir að laut ráði ofan í Grímsdalsbotn hjá Lambafellsgili og í

landamerkjabréfi afréttarlands Borgarhrepps frá 1920 segir að sú laut ráði sem er á milli Vikrafells og Lambafells þar sem hún er lægst allt ofan í Litluá í Grímsdal. Eru lýsingarnar frá 1885 og 1920 jafnframt í samræmi við afmörkun Jafnaskarðs samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar. Þá ber framangreindum heimildum öllum saman um að Vikravatn ráði að Skammá og svo ráði Skammá. Í ljósi þess sem að framan greinir er það niðurstaða óbyggðanefndar að austurmörk Beilárheiðar séu með þeim hætti sem lýst er í landamerkjalýsingu Beilárheiðar frá 1885, þ.e. að Skammá ráði í norðurenda Vikravatns, svo ráði Vikravatn og úr suðurenda þess ráði laut ofan í Grímsdalsbotn og þaðan ræður Litlaá. Er það jafnframt í samræmi við kröfulínu beggja aðila um austurmörk ágreiningssvæðisins.

Norður- og norðvesturmerkjum Beilárheiðar er lýst svo í landamerkjalýsingunni frá 1885: „Síðan ræður Beilá fram fyrir heiðarhornið. Svo kemur Fossdalsá, og ræður hún uppeftir, þar til Skammá kemur í ána … “. Í vitnisburði Dags Jónssonar frá 1678 er merkjunum lýst svo: „ … þä rædur Beijlä og i Längavatn.“ Í vitnisburði Ólafs Ólafssonar frá 1678 og vitnisburði Gunnars Ingimundarsonar frá 1679 er merkjunum lýst með sama hætti og í vitnisburði Dags Jónssonar. Í lögfestu fyrir Grísartungu frá 1678 er merkjunum lýst svo: „ … þä Beylaaa uti Länga Vatn … “. Merkjunum er lýst með sama hætti í lögfestum fyrir Grísartungu frá 1679 og 1711.

Norðan og norðvestan við Beilárheiði er ágreiningssvæði vegna fjalllendis Borgarhrepps, sem fjallað er um í kafla 6.6. Í landamerkjabréfi afréttarlands Borgarhrepps frá 1920 er norður og norðvesturmörkum Beilárheiðar ekki lýst sérstaklega þar sem bréfið lýsir sem fyrr segir merkjum alls afréttarlandsins að Beilárheiði meðtalinni og án aðgreiningar.

Beilárheiði er hluti af stærra ágreiningssvæði íslenska ríkisins og því er ekki lýst sérstaklega kröfum um norður og norðvesturmörk hennar. Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfur sínar við Fossá, þaðan sem Skammá fellur í hana, að ármótum við Beilá og þaðan ræður Beilá. Að mati óbyggðanefndar eru mörk Beilárheiðar til norðurs og norðvesturs með þeim hætti sem lýst er í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins.

Suður- og suðvesturmerkjum Beilárheiðar er lýst svo í landamerkjalýsingunni frá 1885:

> Frá Litluá hjá stöllunum neðan Ketilgils ráða stallarnir og hnúksbrúnir í útnorður, og úr hnjúk klifinu sjónhending í hól þann, er stendur neðan fram við vaðið á Beilá, heiðar megin við Múlakotsengið.

Þeir þrír vitnisburðir sem liggja fyrir um Beilárheiði frá 1678 og 1679 lýsa ekki suður- og suðvesturmerkjum landsvæðisins. Þá er í lögfestum Stafholtskirkju fyrir Grísartungu lýst merkjum jarðarinnar auk Beilárheiðar án sérstakrar aðgreiningar og því er ekki fyrir að fara lýsingu á suður og suðvesturmerkjum hennar. Í landamerkjabréfi afréttarlands Borgarhrepps frá 1920 er merkjunum lýst svo: „Svo

ræður Litlaá niður eftir Grímsdal, þar til sjónhending næst norðvestur eftir Bárðarfjalls og Staðarhnúksbrúnum í Klif, er vegurinn liggur yfir, norðanvert við Brúnavatn, þaðan í einstakan hól, sem er vestanvert við vaðið á Beilá … “.

Sunnan og suðvestan við Beilárheiði er jörðin Grísartunga. Í landamerkjabréfi Grísartungu, dags. 20. nóvember 1923 og því þinglýst 1. júlí 1924, segir um mörk gagnvart Beilárheiði: „Fyrst ræður merkjum hóll sá einstakur, sem er vestanvert við vaðið á Beilá, þvínæst sjónhending úr tjeðum hól í klif eitt auðkennilegt, sem vegur liggur eftir fyrir norðan Brúnavatn, því næst Staðarhnúksbringu og Bárðarfjallsbrúnin suður að Litluá … “. Bréfið var undirritað um samþykki vegna aðliggjandi jarða og landsvæða, þ. á m. Beilárheiðar.

Íslenska ríkið miðar kröfur sínar um suður og suðvesturmörk Beilárheiðar við línu sem dregin er suðaustur frá „hól einstökum“ sem er vestanvert við vaðið á Beilá, sjónhending úr hólnum í klif eitt auðkennilegt sem vegur liggur eftir fyrir norðan Brúnavatn, því næst Staðarhnúksbringa og Bárðarfjallsbrúnin suður að Litluá. Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfur sínar við Merkjahól við Beilá, að Klifi og þaðan eftir Bárðarfjallsbrúnum að Litluá. Að mati óbyggðanefndar er krafa beggja aðila um suður og suðvesturmörk í samræmi við landamerkjalýsingu Beilárheiðar frá 1885.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins á Beilárheiði sé í samræmi við heimildir. Afmörkun íslenska ríkisins er einnig í fullu samræmi við heimildir að því marki sem svæðið er afmarkað í kröfum þess, en eins og áður segir taka kröfur íslenska ríkisins sameiginlega og án aðgreiningar til ágreiningssvæðisins og svæðisins norðan og norðvestan þess.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Í *Landnámu* er greint frá því að Skallagrímur hafi gefið leysingjum sínum lönd uppi við fjöll, Grísi Grísartungu og Grími Grímsdal. Þá er þar getið um að Karl hafi numið Karlsdal upp frá Hreðavatni og búið undir Karlsfelli og að hann hafi átt land ofan til Jafnaskarðs til móts við Grím. Grímsdalur liggur, sem fyrr segir, meðfram austurmörkum Beilárheiðar og er vesturhluti dalsins því innan ágreiningssvæðisins. Austurhluti Grímsdals er hins vegar innan jarðarinnar Jafnaskarðs, sem er aðliggjandi ágreiningssvæðinu að austanverðu. Því má draga þá ályktun af lýsingunum að a.m.k. hluti jarðarinnar Jafnaskarðs hafi verið innan þess landsvæðis sem Grímur þáði af Skallagrími.

Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun framangreindra lýsinga verður að telja líklegt að svæðið hafi verið numið. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þeirra, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar,* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004. Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Auk þess sem að framan er rakið kann að vera að í landamerkjabréfi sé afmarkað landsvæði sem að hluta til er háð beinum eignarrétti og að hluta til

takmörkuðum rétti án þess að mörkum þar á milli sé sérstaklega lýst. Skal um þetta efni sérstaklega vísað til dóma Hæstaréttar frá 28. september 2006, í máli nr. 498/2005 (Stafafell), og frá 5. október 2006, í máli nr. 67/2006 (Skjaldbreiður).

Í máli þessu liggja, sem fyrr segir, fyrir tvö landamerkjabréf sem taka til ágreiningssvæðisins en jafnframt fjöldi vísitasía og lögfesta frá 17. til 19. öld sem geta um réttindi Stafholtskirkju á umræddu svæði. Óbyggðanefnd og dómstólar hafa almennt lagt minna upp úr máldögum, vísitasíum og lögfestum heldur en landamerkjabréfum jarða, sem sönnunargögnum um tilvist beins eignarréttar. Ávallt er þó um að ræða heildstætt mat á sönnunargildi fyrirliggjandi heimilda og þar kunna atriði á borð við staðhætti, gróðurfar, fjarlægð frá byggð og nýtingu viðkomandi landsvæðis einnig að hafa áhrif.

Af kaupum Borgarhrepps á Beilárheiði árið 1853, leigu hreppsins á henni sem upprekstrarlandi eftir að makaskiptin áttu sér stað um 1880, sem og nýtingu hennar frá því hreppurinn eignaðist hana aftur árið 1954, leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni.

Sem fyrr segir er *Landnáma* elsta heimild sem getur um jörðina Grísartungu. Samkvæmt gjafabréfi dagsettu 10. október 1522 gaf séra Helgi Jónsson, þá prófastur yfir Mýraprófastsdæmi, sonarsyni sínum Helga Helgasyni jörðina Grísartungu en í bréfinu kemur ekkert fram um afmörkun jarðarinnar. Ekki liggur fyrir hvernig Grísartunga komst í eigu Stafholtskirkju en jarðarinnar er fyrst getið meðal jarða í eigu Stafholtskirkju í vísitasíu kirkjunnar frá 1639. Þá liggur fyrir fjöldi heimilda sem benda til þess að Stafholtskirkju hafi tilheyrt Beilárheiði og Grímsdalur frá því á 17. öld, auk þess sem heimildir frá 17. öld benda til þess að Beilárheiði hafi verið hluti jarðarinnar Grísartungu. Í heimildum kirkjunnar frá því fyrir þann tíma, þ.e. í máldögum hennar frá 1140, 1354, 1397, 1480, 1491-1518 og 1570 er ekki minnst á Beilárheiði, Grímsdal eða Grísartungu. Í máldögunum er þess hins vegar getið að kirkjan eigi afrétt í Hróbjargardal og í máldaganum frá 1140 segir hún eigi „afreit j hroþr biargardal a bac jafna skarði.“ Hið sama segir í máldaga hennar frá árabilinu 1491-1518, þ.e. „afriett i Hrödurbiargar dal a bak Jafnaskardi.“ Hróbjargardalur liggur norðan við Beilárheiði, en Beilárheiði skilur á milli hans og Jafnaskarðs. Þessi tilvísun í máldögunum styður þann skilning að Beilárheiði gæti hafa verið hluti jarðarinnar Jafnaskarðs og fær það jafnframt stuðning af lýsingum á landnámi á svæðinu, sbr. umfjöllun hér að framan. Í því sambandi er þó til þess að líta að ekki liggja fyrir aðrar heimildir um jörðina Jafnaskarð frá þessum tíma en heimildir Stafholtskirkju og því engar heimildir sem skera með afgerandi hætti úr því hvort henni gæti hafa tilheyrt Beilárheiði.

Sem fyrr segir er vísitasía Stafholtskirkju frá 1639 elsta heimild sem getur um eignarhald kirkjunnar á Grísartungu en þar er ekki getið um Beilárheiði. Í arfskiptagerð frá árinu 1640 er getið um Grímsdal, en sem fyrr segir liggur Grímsdalur við austurmörk ágreiningssvæðisins. Í skjalinu er lýst skiptum erfingja Helga Vigfússonar að Stóru Gröf og þar segir m.a.: „ … enn af þvi Arnarhollt reindist ecke Dÿrara til Arfa Skiffta enn 30 hndr. og Vier Hyggjum Grijmsdal Stafhollte tilheira, enn ecke Arnarhollte, þä tilsógdust Halldöre Helgasÿne, ónnur 10 hndr. i ädur Nefndre Jórdu Störu Gróf.“

Í maí árið 1663 var þinglesin lögfesta séra Sigurðar Oddssonar fyrir eignum Stafholtskirkju og þar lögfestir hann m.a. „GrijsaTüngur, med Saudhüspartinum“. Sauðhúspartur þessi er Sauðhússkógur sem er suðvestan við Grísartungu. Í lögfestunni er hvorki getið um Beilárheiði né Grímsdal.

Á árunum 1677–1679 voru skráðir 12 vitnisburðir um „Beilárheiði og Grímsdal“. Samkvæmt vitnisburðunum var hálfur Grímsdalur og Beilárheiði eign Stafholtskirkju sem og selstaða fyrir framan Ketilsgil. Getið er um í nokkrum vitnisburðanna að Stafholtsprestur hafi leigt út selstöðuna, sem stundum er nefnd Arnarholtssel og stundum Hlöðutúnssel, m.a. „Olafe heitnum Jönssÿne, sem þä var äbüande ä Arnarhollte“. Þá er í þremur vitnisburðanna getið um merki Beilárheiðar að hluta.

Í apríl árið 1678 var þinglesin lögfesta séra Páls Gunnarssonar í Stafholti fyrir jörðinni Grísartungu. Í lögfestunni er að finna fyrstu lýsinguna á landamerkjum Grísartungu og nær sú lýsing ásamt Grísartungu til Beilárheiðar og Staðartungu án aðgreiningar landsvæðanna. Í maí árið 1679 var lesin önnur lögfesta séra Páls fyrir jörðinni Grísartungu og var merkjum þar lýst með sambærilegum hætti og árið áður.

Í júní árið 1679 voru kvaddir til menn til þess að skoða og vitna um niðurbrot og eyðileggingu á selhúsum við Ketilsgil á Grímsdal. Finnur Þórarinsson hafði haft selhúsin á leigu af prestinum Séra Páli Gunnarssyni sem hafði gefið leyfi sitt fyrir því að Finnur byggði upp selhúsin og notaði þau til selvistar. Þann 18. júlí sama ár gaf Finnur Þórarinsson vitnisburð um málið. Þar segir hann Árna Halldórsson [í Arnarholti] hafa unnið skemmdarverkin, eða látið vinna þau, og vitnar um það að hafa greitt séra Páli leigu fyrir selið. Þann 21. júlí 1679 stefndi séra Páll Árna í Arnarholti til fimmtarþings fyrir ólöglega skógaryrkju og niðurbrot selhúsa á Grímsdal sem Páll sagði í eigu Stafholtskirkju. Við sama tilefni lögfesti hann „skóg og land allt“ innan tiltekinna merkja. Var þar lýst austurmerkjum Grísartungu og Beilárheiðar sem og norður- og norðvesturmerkjum Beilárheiðar. Þann 26. júlí 1679 var svo haldið fimmtarþing vegna kæru séra Páls á hendur Árna. Séra Páll lagði þar fram vitnisburði um eignarhald Stafholtskirkju á hálfum Grímsdal með Beilárheiði og lögfestur kirkjunnar fyrir Grísartungu frá árunum 1678 og 1679, sem fyrr er greint frá. Þá fóru fram sættir með málsaðilum og um það segir:

> Enn sem so var komed framannskrifad mälefne, i midlum Sr Päls yngra Gunnarssonar og Arna Halldörssonar, forlijkadest og fridsamlega nidursettist sü äkiæra og Sakargiffter er Sr Päll Gunnarsson hafde uppä Arna fyrer ölóglega yrkiu og Selbrot (ad Presturenn hiellt) ä þvi Sele er Stafholltskyrkiu tilheyrde og heyrdt hefur, effter nü frammlógdum vitnisburdum og Skilrijkjumm, sem fyrr greiner af Sr Päls Hende, fyrer Hälfum Grijmsdal med Beylarheide allre, undergeingust nü velnefnd mædgin Elizabet Isleifsdötter og Arne Halldörsson, ad þau hvorke skylldu nie äformudu effter þennann dag Sr Päl med Tiltale, Vitnisburdatekiu, edur annare Äkiæru önäda, edur Klógumal hefia, og ei hefia läta, þad framast þaug ummräda mættu, fyrer Sinn allann Hluta, sem þaug I Arnarhollte eiga, edur Grijmsdal þykiast ätt hafa. Enn Presturenn aptur i möt, fyrer Tillógur og medalgóngu underskrifadra manna (Þad framast Hónum forsvaranlegt være) uppgaf i alla Stade þä äkiæru og Tiltal er hann hafde Arna Halldörssyne ä Hendur, fyrer liötlegt Nidurbrot ä þvi Sele sem Stafhollts kyrkiu tilheyrer ä Kietilsgilsbarme framannverdum ä Grijmsdal […].

Af framangreindum heimildum má ráða að ábúandi Arnarholts hafi, a.m.k. um tíma, leigt selstöðu af Stafholtskirkju á Grímsdal og að síðar hafi Árni Halldórsson á Arnarholti gert tilkall til þerrar selstöðu sem eignar sinnar. Draga má þá ályktun að ágreiningurinn hafi verið kominn upp árið 1677 þegar fyrstu vitnisburðirnir um „Beilárheiði og Grímsdal“ voru gefnir og að endanlega hafi verið skorið úr deilunni með sátt við fimmtarþing þann 26. júlí 1679.

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 1681 er Grísartungu getið meðal jarða í eigu kirkjunnar en hvorki er getið sérstaklega um Beilárheiði né Grímsdal. Hið sama á við um vísitasíur kirkjunnar frá 1725, 1744, 1749, 1751, 1759, 1783 og 1831.

Þann 7. maí 1683 leigði séra Páll Gunnarsson Finni Þórarinssyni selstöðu Stafholtskirkju fyrir framan Ketilsgil á Grímsdal.

Þann 30. maí 1707 tók séra Jón Jónsson við Stafholti og lögfesti hann eignir kirkjunnar 24. júlí sama ár. Í lögfestunni getur hann ekki um aðrar jarðir en heimajörð kirkjunnar, en getið er séstaklega um „Hälfann Grijmsdal framann Kietils gil“ meðal ítaka og eigna kirkjunnar. Þann 31. júlí sama ár lögfesti hann eignir kirkjunnar á ný og var þá getið um heimajörðina, auk þriggja þeirra átta jarða sem voru nefndar meðal kirkjujarða í lögfestunni frá 1663, en ekki getið um Grísartungu. Þá er þar getið um „hälfann grijmsdal framann Kietils Gil“. Lögfestan var þinglesin sama dag og aftur 3. september 1713. Samkvæmt þessu virðist sem umráðamenn Stafholtskirkju hafi farið að lögfesta sérstaklega hálfan Grímsdal eftir að framangreindum deilum um selstöðu kirkjunnar lauk.

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1709 segir að Grísartunga sé í eigu Stafholtskirkju. Þá segir : „Munnmæli eru að hjer hafi að fornu bænhús verið, en engin sjást þar ljós merki til. Jarðardýrleiki […] og so hefur tíundast fátækum í næstu þrjátíu ár. Þar fyrir segja menn hún hafi lángvaranlega í auðn legið, í 200 ár eður

lengur. […] Ábúandinn Ari Gíslason.“ Af frásögninni má ráða að Grísartunga hafi lengi verið í eyði en hún hafi verið í byggð þegar ritið var skrifað. Samkvæmt manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands var Grísartunga í byggð árin 1703, 1816, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1855, 1870, 1880, 1890, 1901, 1910 og 1920.

Þann 30. ágúst 1711 lögfesti séra Jón Jónsson í Stafholti Grísartungu sérstaklega og innan tiltekinna ummerkja og nær sú lýsing til Beilárheiðar og Staðartungu án þess að svæðin séu þar sérstaklega tilgreind eða afmörkuð. Lögfestunni var þinglýst sama dag og aftur 3. september 1713. Þá lögfesti hann allar eignir Stafholtskirkju þann 14. maí 1714. Þar er Grísartungu getið meðal kirkjujarða „til vissra landamerkja, sem ad fornu hafa halldinn verid“ auk þess sem hann lögfesti sérstaklega „Hälfann Grijmsdal framann Kietils gil“ meðal eigna og ítaka kirkjunnar.

Í lögfestum Sigurðar Jónssonar prófasts fyrir eignum Stafholts- og Hjarðarholtskirkna frá árunum 1754 og 1766 eru lögfestar „Grysatungur, til vissra landamer[kia sem ad for][693]nu vered hafa, og vera eiga“ auk þess sem hálfur Grímsdalur fyrir framan Ketilsgil er lögfestur sérstaklega meðal eigna og ítaka kirkjunnar. Í lögfestu Péturs Péturssonar Prófasts fyrir Stafholts- og Hjarðarholtskirkjur frá 5. maí 1831 er Grísartungu og Grímsdals getið með sama hætti.

Í málinu liggur fyrir „útdráttur úr máldögum Stafholtskirkju“ þar sem landamerkja Beilárheiðar er fyrst getið með heildstæðum hætti. Hvorki kemur fram í skjalinu hver sé höfundur útdráttarins, né hvenær hann er skrifaður. Þó stendur að hann sé skrifaður „samkvæmt vísitasíu Steingríms biskups Jónssonar 31. júlí 1831“. Þá er skjalið vottað um að „eftirritið“ sé rétt skrifað upp. Ekki verður ráðið af orðalagi bréfsins hvort átt sé við að umrædd vísitasía hafi verið dagsett þennan dag eða hvort útdrátturinn hafi verið skrifaður þá. Vísitasía fyrir Stafholtskirkju, sem hefur að geyma lýsingu á merkjum Beilárheiðar, hefur ekki fundist við kerfisbundna leit Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar. Í málinu liggur fyrir vísitasía Steingríms biskups Jónssonar, sem er dagsett 24. júlí 1831, en í henni er ekki að finna lýsingu á merkjum Beilárheiðar.

Í jarðamati Mýrasýslu frá árinu 1849–50, kemur fram að Grísartunga sé eign kirkjunnar í Stafholti. Þá segir í jarðamatinu um Beilárheiði: „Beilárheiði, með hálfum Grímsdal og hálfum Fossdal og öllum Hróbjargardal, ofan að Beilá, sem árnar ráða, er Kenndar eru við dalinn, allt beint upp undan Grísartungu; heiðarland tilheyrandi Stafholts kirkju.“ Fossdalur og Hróbjargardalur eru aðliggjandi að Beilárheiði, þó Beilá skilji á milli, en samkvæmt eldri heimildum Stafholtskirkju átti hún „afrétt á Hróbjargardal“ og „hálfan Fossdal“. Svo virðist sem á þessum tíma hafi verið farið að líta á Beilárheiði og fyrrnefnda dali sem sérstakt „heiðarland“, enda allt svæðið notað til upprekstur.

[693] Hér er eyða í handriti vegna skemmdar.

Á manntalsþingi að Hjarðarholti 17. maí 1851 var þinglesið bann við upprekstri á Stafholtskirkjuland Beilárheiði. Þann 7. júní 1851 skrifaði séra Ólafur Pálsson í Stafholti bréf til prófasts með upplýsingum um kauptilboð í „fjalllendi nokkurt, sem tilheyrir Stafholts Kyrkju og nær yfir talsverdann hluta Beilárheidar, med adliggjandi smádölum: Hróbjargardal öllum, Fossdal hálfum og ad nokkru leiti Grímsdal." Óskaði hann eftir áliti prófasts á kauptilboðinu auk þess sem hann lét í ljós skoðun sína á kauptilboðinu. Þar segir m.a.:

> Fjallland þetta var við sídasta jardamat matid á 50rbd og er, þótt ekki svo lítid ad ummáli, vída graslítid. Þad hefir í mörg ár verid notad af ýmsum í óþakklæti, til þess ad reka þángad stódhross og annan fjenad, enginn ardur feingist af því, þángad til eg hin seinast lidnu ár hefi ad nafninu til gétad leigt þad, og fyrir ári sídann fékk tédur bóndi leyfi til þess hjá mér, ad hafa þar selstödu um sláttartímann. Yfir höfud ad tala er því svo varid, ad eg gét ekki fundid, ad nú sem stendur géti af fjall landi þessu feingist sami ardur og af hinu tilbodna andvirdi. Hid annad, sem hér er um ad tala, er þad, hvort land þetta sé missanlegt kyrkjunni edur beneficíarío hér í Stafholti, og vil eg í því tilliti géta þess, ad Kyrkjann á tvær selstödur bádar hagkvæmari en þessa: Stadartúngu, sem nú er brúkud til selstödu hér frá stadnum og Bjarnadal nær allan, sem ad nú sem stendur er leigdur ödrum. Þar ad auki liggur undir kyrkjuna upprekstur fyrir allan fénad á Hellistúngum. Eg álít yfir höfud land þetta því missanlegra, sem reynslan mun sanna flestum, ad mörg þvílík ítök er ördugt ad verja fyrir ólögmætri notkun annarra.

Þann 10. júní 1851 áframsendi prófastur bréf séra Ólafs til biskups ásamt áliti sínu á kauptilboðinu. Þar segir m.a.:

> … þá verd jeg ad öllu leiti ad vera samdóma því, sem tjádur Prestur seigir […] þekki jeg gjörla fjalllendid og veit ad ítak þetta hefur aldreigi ordid Stafholtskirkju ad notum, svo leingi sem menn muna eda tilvita, og álít jeg bod þetta í fleiru enn einu tilliti adgeingilegt, bædi þegar gætt er virdíngarverds Lands þessa vid jardamatid og líka þegar athugad er, hve stopul hin fornu kirkju ítök yfirhöfud eru.

Borgarhreppur keypti Beilárheiði ásamt Hróbjargardal og hálfum Fossdal á uppboði þann 21. maí árið 1852. Afsal vegna kaupanna var gefið út 22. desember 1853 og þar segir m.a.: „Með konúnglegum allrahæstum úrskurði af 5$^{ta}$ Maí 1852 var það leyft að selja við opinbert uppboð <u>selland það, er Stafholtskyrkja á í Beilárheiði</u> upp frá heimalöndum jarðanna Grísartungu og Múlakoti ásamt aðliggjandi dölum Hróbjargar (Rjóðsbjargar) dal og hálfum Fossdal."

Á manntalsþingi að Hjarðarholti 20. maí 1858 voru þinglesin landamerki Grísartungu, frá 18. maí sama árs, en ekki er getið um hver þau voru í dómabókinni. Á manntalsþingi að Eskiholti 21. maí 1858 voru þinglesin landamerki Grísartungu „sem á Hjardarholtsþingi" en ekki getið um hver þau voru í dómabókinni. Á manntalsþinginu 21. maí var merkjunum mótmælt fyrir hönd Borgarhrepps „einkum

hvad Ránghalaveg snertir, þared hann veit ei betur en ad hreppurinn hafi keypt Beilárheidi ad Stöllum er svo kallast og ad Brúnavatnsgötu.“

Þann 12. janúar 1880 sendi sýslunefnd Mýrarsýslu bréf til hreppsnefndar Borgarhrepps þar sem samþykkt var beiðni um makaskipti milli Borgarhrepps og eiganda Galtarholts á Beilárheiði og Réttarmúla, en Réttarmúli er norðan Beilárheiðar og innan afréttarlands Borgarhrepps. Jörðin Galtarholt liggur sem fyrr segir sunnan ágreiningssvæðisins, aðskilið frá því af öðrum jörðum. Formlegur makaskiptasamningur hefur ekki fundist og því ekki ljóst hvenær eða hvort slíkur samningur var gerður.

Þann 20. maí 1885 lét eigandi Galtarholts skrá merki Beilárheiðar sem viðbót í landamerkjabréf Galtarholts. Á eftir lýsingu merkjanna segir: „Útdráttur úr kirkjubók Stafholtsprestakalls.“ Sem fyrr segir er það mat óbyggðanefndar að átt sé við fyrrnefndan útdrátt „úr máldögum Stafholtskirkju“, þar sem landamerkja Beilárheiðar er fyrst getið með heildstæðum hætti, en landamerkjalýsingarnar eru samhljóða. Þessi viðbót við landamerkjabréf Galtarholts var undirrituð um samþykki vegna Hreðavatns, Jafnaskarðs og Múlakots, og henni þinglýst 22. maí sama ár. Í umfjöllun um Galtarholt í fasteignamati Mýrasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin eigi upprekstur með öðrum jörðum hreppsins og auk þess eigi hún „sérstakt fjallland allmikið, sem nefnt er Beilárheiði, er liggur uppfrá Grísartungulandi og stundum hefir verið seld á leigu fyrir alt að 30 kr. árgjald.“

Sem fyrr segir leigði Borgarhreppur Beilárheiði af eiganda Galtarholts til uppreksturs í kjölfar makaskiptanna. Með bréfi dags. 23. mars 1900 sagði Einar Friðgeirsson, fyrir hönd hreppsnefndar Borgarhrepps, upp leigusamningnum. Þó virðist sem Borgarhreppur hafi áfram nýtt Beilárheiði til uppreksturs óátalið því tæpum fjórum áratugum eftir makaskiptin, þ.e. árið 1917, hóf hreppsnefnd Borgarhrepps sérstaka athugun á eignarhaldi Beilárheiðar, en hún taldi svæðið eign hreppsins. Hreppsnefndin sendi bréf til yfirjarðamatsnefndar um eignarhald á Beilárheiði í ágúst árið 1917. Þar segir m.a.:

> Í uppkasti því að jarðamati, sem liggur til sýnis í Eskiholti er Galtarholti eignuð Beilárheiði, sem séreign í fjalllandi en vér vitum ekki betur en að sú heiði sé enn hluti af upprekstrarlandi því, sem allar jarðir í Borgarhreppi eiga tilkall til í hlutfalli við hundraða tölu þeirra. Beilárheiði var keypt á uppboði í Hjarðarholti 21. maí 1853 (á manntalsþingsdegi). […] Vér mótmælum því hérmeð sem algjörlega röngu að Galtarholt eigi meira tilkall til Beilárheiðar, en að réttu hlutfalli við aðrar jarðir í sveitinni.

Af bréfinu má ráða að hreppsnefndin hafði ekki makaskiptasamning undir höndum og hafi því efast um að makaskiptin hefðu átt sér stað. Fór svo að 2. nóvember 1920 var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir afréttarland Borgarhrepps og tekur merkjalýsing þess til fjalllendis norðan Beilárheiðar og landsvæðis Beilárheiðar án sérstakrar aðgreiningar. Ekki var ritað undir það af eiganda Beilárheiðar.

Þann 6. júní 1922 sendi oddviti Borgarhrepps fyrirspurn til Þjóðskjalasafns Íslands um heimildir fyrir eignarhaldi Galtarholts á Réttarmúla eða um makaskipti á Réttarmúla og Beilárheiði. Í svari Þjóðskjalasafns segir:

> … í safninu finnast engar heimildir fyrir eignarrétti Galtarholts fyrir Réttarmúla eða neitt um makaskipti á Réttarmúla og Beilárheiði, er þér segið, að muni hafa farið fram milli 1870 og 1880. Í þessu skyni hefur vandlega verið farið yfir þingbækur Mýrasýslu frá 1850 – 1882, en ekki finnst þar neitt um leyfi sýslunefndar til þessara makaskipta, og ekki finnst þeirra heldur getið í gömlum hreppsbókum Borgarhrepps, en þær ná að vísu ekki lengra hér í safninu en til 1877.

Í kjölfar leitarinnar af makaskiptasamningnum lét hreppsnefnd Borgarhrepps þinglýsa framangreindu landamerkjabréfi afréttarlands Borgarhrepps þann 25. júní 1923. Ekki er að sjá af heimildum að þinglýsingunni hafi verið mótmælt af hálfu eiganda Beilárheiðar.

Þann 10. febrúar 1932 skrifaði umboðsmaður Jóns Jónssonar í Galtarholti bréf til hreppsnefndar Borgarhrepps. Með bréfinu tilkynnti hann hreppsnefndinni að eigandi Galtarholts hafi beðið hann um að selja fyrir sig „fjalllendið Beilárheiði“ og þar sem það væri aðliggjandi afréttarlandi Borgarhrepps óskaði hann eftir afstöðu nefndarinnar um hvort hún óskaði þess að kaupa landið. Þann 23. apríl sama ár sendi oddviti Borgarhrepps dóms- og kirkjumálaráðuneytinu beiðni um gjafsókn vegna máls sem hreppurinn ætlaði að höfða gegn eiganda Galtarholts vegna Beilárheiðar. Var þeirri beiðni synjað með bréfi dags. 30. maí sama ár. Af fyrirliggjandi heimildum er ekki að sjá að frekar hafi verið aðhafst af hálfu Borgarhrepps vegna málsins. Þann 26. apríl árið 1954 var Borgarhreppi svo gefin Beilárheiði til eignar af eigendum Galtarholts.

Stjórnarráð Íslands óskaði árið 1919 eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis. Í svari hreppstjóra Borgarhrepps, dags. 8. júlí 1920, segir hann : „Afréttarlönd þau, er hreppurinn notar nú, er Beilárheiði með hálfum Grímsdal, Fossadalur hálfur og Hróbjargardalur allur. Land þetta var keypt var keypt af Stafholtskirkju til handa hreppnum fyrir mörgum árum síðan, og er hans eign nú. […] Ekkert af löndum þessum hefur verið skoðað almenningar, heldur afréttarlönd.“

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar getið í fjölda heimilda í tengslum við upprekstur og afréttarnot, líkt og á við um marga afrétti einstakra jarða eða stofnana. Heimildir um afnot landsvæðisins fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not, svo sem selstöðu, og engar heimildir liggja fyrir um að þar hafi nokkru sinni verið byggð. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignaréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn er til þess að líta að heimildir benda til þess að a.m.k. hluti svæðisins hafi orðið undirorpinn beinum eignarrétti í kjölfar landnáms og heimildir um Stafholtskirkju benda til að kirkjan hafi snemma eignast meiri réttindi á svæðinu en einungis afréttareign. Vísast sérstaklega um það til lögfesta séra Páls Gunnarssonar fyrir Grísartungu frá árunum 1678 og 1679, sem og lögfestu séra Jóns Jónssonar frá 1711, en í þeim er merkjum Grísartungu lýst þannig að þau nái til Beilárheiðar, eins og hún er afmörkuð í þessu máli, og án þess að hún sé sérstaklega tilgreind. Á þeim tíma sýnist þannig hafa verið litið á landsvæðið sem hluta jarðar. Þá benda heimildir til þess að Stafholtskirkja hafi farið með umráð og hagnýtingu Beilárheiðar og hálfs Grímsdals a.m.k. frá fyrri hluta 17. aldar og má ráða af þeim að hún hefur ekki staðið öðrum til afnota án leyfis.

Ekki verður séð að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skipti. Sá ágreiningur sem var uppi á síðari hluta 17. aldar milli Stafholtsprests og ábúanda Arnarholts virðist einkum hafa staðið um selstöðu á Grímsdal, sem ábúandi Arnarholts gerði tilkall til sem eignar sinnar. Úr þeim ágreiningi var leyst við fimmtarþing þann 26. júlí 1679 og eftir þann tíma er ekki að sjá að neinn annar hafi véfengt eignarhald Stafholtskirkju á svæðinu. Þá verður ekki heldur séð að ágreiningurinn hafi staðið um eignarréttarlega stöðu landsvæðisins.

Árið 1853 komst Beilárheiði í eigu Borgarhrepps og síðar, árið 1880, í eigu Galtarholts með makaskiptum. Tæpum fjórum áratugum síðar, þ.e. árið 1917, hóf hreppsnefnd Borgarhrepps sérstaka athugun á eignarhaldi Beilárheiðar, en hún taldi svæðið eign hreppsins á grundvelli kaupanna 1853. Að mati óbyggðanefndar er líklegt að sá ágreiningur skýrist af því að langur tími hafði liðið frá því makaskiptasamningurinn var gerður og virðist sem hreppurinn hafi átölulaust nýtt svæðið til upprekstrar a.m.k. frá árinu 1900. Þá átti ágreiningurinn sér stað rúmum sex áratugum eftir sölu Beilárheiðar frá Stafholtskirkju og hefur því ekki þýðingu við mat á eignarréttarlegri stöðu hennar

Rétt er að taka fram að í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Af þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.[1] Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu lands.

Að Beilárheiði liggja eignarlönd til austurs, suðurs og suðvesturs, sé sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu. Líkur á stofnun og tilvist eignarréttar aukast, sé tekið tillit til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Í

fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland.

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að Beilárheiði geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að Stafholtskirkja, sem gagnaðili íslenska ríkisins leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Beilárheiðar, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

## 6.7 Staðartunga

### 6.7.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefnist Staðartunga. Sveitarfélagið Borgarbyggð gerir kröfu til þessa landsvæðis sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.6.

Landsvæðið sem um ræðir er hálendisbunga sem liggur í yfir 200 m y. s. og rís land hæst fyrir miðju svæðinu í um 330 m y. s. Landsvæðið liggur milli Gljúfurár í suðri og Langavatns í norðri og er hvergi mjög bratt heldur hallar nokkuð jafnt til allra átta. Langá rennur úr Langavatni vestan við Staðartungu og austan við hana er jörð Grísartungu, en Seldalur skilur á milli. Frá bæjarstæði Grísartungu að vestasta hluta Seltjarnar á Seldal eru um 3,8 km mælt í beinni loftlínu.[694]

### 6.7.2 Sjónarmið aðila

Þjóðlendukarafa íslenska ríkisins í máli þessu tekur til afréttarsvæðis Hraunhrepps, Álftaneshrepps og Borgarhrepps, auk Staðartungu og Beilárheiðar, án sérstakrar aðgreiningar á milli einstakra landsvæða. Staðartunga fellur þannig innan stærra kröfusvæðis og taka sjónarmið íslenska ríkisins mið af því.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins, að landsvæði innan þjóðlendukrafna þess séu svæði utan eignarlanda og teljist þannig vera þjóðlenda, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggi utan landnáms og hafa eingöngu verið nýtt sem afréttir, eða, hafi svæðin verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið

[694] Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, samanber kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðisins teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Hvað varðar Beilárheiði sérstaklega hafi íslenska ríkið við afmörkun þess kröfusvæðis fyrst og fremst litið til landamerkjalýsingar Stafholts, sem og landamerkjalýsinga aðliggjandi landsvæða. Byggt er á því að fram komi í landamerkjabréfi Stafholtstungu frá 1890 að Stafholt eigi, auk kirkjujarðanna, eignir og ítök, m.a. í Staðartungu, auk þess sem fram komi í svörum sýslumanna / hreppstjóra til Stjórnarráðsins um almenninga og afrétti árið 1920, að afréttarlönd þau, er hreppurinn noti, séu m.a. Staðartunguland sem hreppurinn leigi af Stafholtskirkju. Af fyrirliggjandi heimildum megi ráða að landsvæðið hafi um aldaraðir verið nýtt sem afréttarsvæði Borgarhrepps, þó Stafholt hafi hugsanlega átt meira tilkall til þess en aðrar jarðir. Svæðið hafi því aldrei verið nýtt til annars en hefðbundinna afréttarnota. Svæðið hafi þannig frá fornu fari verið nýtt sem samnotasvæði til upprekstrar fyrir fé eða í öðrum sambærilegum tilgangi.

Af hálfu sveitarfélagsins Borgarbyggðar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að landið sé allt innan upphaflegra landnáma í Borgarfirði. Staðartunga hafi verið meðal sér metinna eigna Stafholtskirkju í Jarðamatinu 1849-1850 og falli innan lýsingar í landamerkjabréfi Stafholts frá 1890. Þá sé ljóst samkvæmt heimildum að Staðartunga hafi frá fornu fari verið innan landamerkja Grísartungu, sem einnig var eign Stafholtskirkju, en síðar verið skipt út úr landi jarðarinnar. Því gildi ekki önnur sjónarmið um hið umdeilda landsvæði en önnur landsvæði sem skipt hefur verið út úr landi jarða og hafa eftir atvikum verið lögð til afréttar og því sé um eignarland að ræða.

Byggt er á því að ekki séu heimildir um annað en að landið hafi verið byggt og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma og að innan landamerkja hafi eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildir um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn bendi til annars en að landið hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.

Vísað er til þess að lög hafi frá öndverðu kveðið á um merkjagerð jarða en þrátt fyrir það sé merkjalýsingar sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafa. Heimildir um merki jarða hafi almennt aðeins verið varðveitt í munnlegri geymd fram að setningu landamerkjalaga árið 1882. Hafa beri í huga að samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni og styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu.

Gagnaðili íslenska ríkisins telur að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri

þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Þá vísar gagnaðili íslenska ríkisins til meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga en samkvæmt henni sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á aðila máls að þeim sé ómögulegt að mæta henni, en sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur megi nefna að gagnaðila íslenska ríkisins sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja landsvæðisins, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum, en landamerkjabréf séu oftast eina gagnið sem landeigendur hafa undir höndum, sem sanni beinan eignarrétt þeirra. Í þessu tilviki hátti þó svo til að sönnunargögn um eignarréttindi hafi farið forgörðum þegar sýsluskrifstofan í Borgarnesi brann árið 1920 og óeðlilegt og ósanngjarnt sé að láta landeigendur gjalda þess.

Að mati gagnaðila íslenska ríkisins hafa handhafar ríkisvaldsins margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt gagnaðila íslenska ríkisins, sem og forvera hans, innan lýstra merkja, enda hafi heimildarskjölum þeirra fyrir landinu verið þinglýst athugasemdalaust. Gagnaðili íslenska ríkisins telur enn fremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa sé fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu. Vegna þessa hafi gagnaðili íslenska ríkisins í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að landsvæðið væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og aðgerðir ríkisins fram til þessa hafi aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Þá byggir gagnaðili íslenska ríkisins á því að þótt hluti hins umdeilda landsvæðis hafi verið nýttur sem afréttur hin síðari ár, teljist það ekki vera samnotaafréttur í lagalegum skilningi og vísar um það til fyrrnefndra sjónarmiða um tilvist beins eignarréttar að landsvæðinu, enda hafi svæðið verið nýtt að mestu án athugasemda landeiganda allt fram á þennan dag á grundvelli samninga og/eða venju. Slík nýting á eignarlandi til beitarafnota sé alvanaleg og í samræmi við hefðbundna búskaparhætti, en feli ekki í sér framsal eða afsal beins eignarréttar, eða að beinn eignarréttur að landinu hafi fallið niður enda ekki fyrir hendi lagalegur grundvöllur til slíks.

Til vara byggja landeigendur kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

### 6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Staðartungu er rakin í kafla 5.7 hér að framan. Af þeim heimildum sem þar er getið má ráða að jörðin Grísartunga hafi verið sjálfstæð jörð og að Staðartunga hafi fyrrum heyrt undir hana. Í kaflanum eru raktar heimildir um Stafholtskirkju sem benda til þess að kirkjunni hafi tilheyrt jörð Grísartungu frá því á fyrri hluta 17. aldar. Óumdeilt eignarland jarðarinnar Grísartungu er aðliggjandi ágreiningssvæðinu að austanverðu en það hvort

Staðartunga hafi tilheyrt jörðinni, á sama hátt og annað land hennar, eða haft aðra stöðu, er hinsvegar atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

*Landnáma* er elst þeirra heimilda sem geta um Grísartungu. Elsta heimild sem getur um réttindi Stafholtskirkju á Grísartungu er vísitasía kirkjunnar frá 1639 þar sem kemur fram að hún eigi jörðina. Ágreiningssvæðisins er fyrst getið sérstaklega í jarðamati Mýrasýslu frá 1849-50 þar sem kemur fram að Staðartunga tilheyri Stafholti.

Merkjum ágreiningssvæðisins er fyrst lýst í lögfestu Stafholtskirkju fyrir Grísartungu frá árinu 1678, en aðeins að hluta. Í lögfestunni er merkjum Grísartungu lýst þannig að þau nái til Staðartungu, eins og hún er afmörkuð í þessu máli, og án þess að hún sé sérstaklega tilgreind. Merkjunum er lýst með sama hætti í lögfestum kirkjunnar frá 1679 og 1711. Merkjum ágreiningssvæðisins er lýst í heild eða að hluta í fleiri heimildum á 19. til 20. öld, svo sem nánar verður rakið hér síðar Í jarðamati Mýrasýslu frá 1849-50 er Staðartungu fyrst getið sérstaklega og aðskilinni frá Grísartungu, en þar er hún sögð vera landspartur fyrir vestan Grísartungu tilheyrandi Stafholtskirkju, en merkjum hennar er ekki lýst.

Sérstakt landamerkjabréf var gert fyrir Stafholt í maí 1890 og því þinglýst 23. maí 1892. Þar er Staðartungu getið meðal eigna og ítaka kirkjunnar og merkjum hennar lýst að hluta. Þá var sérstakt landamerkjabréf gert fyrir Staðartungu 20. nóvember 1923, þinglýst 1. júlí 1924, en um er að ræða fyrstu merkjalýsinguna þar sem merkjum ágreiningssvæðisins er lýst heildstætt. Þann 20. mars árið 1937 var svo gerður samningur milli ríkissjóðs og Guðmundar Daníelssonar um makaskipti á Staðartungu og „hálfum Víðidal öllum“ og 28. nóvember sama ár var gerður leigusamningur milli Guðmundar og Borgarhrepps þar sem hreppnum var leigð Staðartunga. Samkvæmt síðarnefnda samningnum skyldi Borgarhreppur leigja Staðartungu meðan Guðmundur og konan hans væru á lífi en eignast landsvæðið eftir þeirra dag. Samningnum var þinglýst 10. desember 1937. Borgarhreppur eignaðist svo Staðartungu eftir andlát ekkju Guðmundar, en hún lést 29. september 1958.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Staðartungu er lýst í fyrirliggjandi heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Staðartungu, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Er þar um að ræða lögfestur fyrir Grísartungu frá 1678, 1679 og 1711, landamerkjabréf Stafholts frá 1890 og landamerkjabréf Staðartungu frá 1923. Jafnframt verður höfð hliðsjón af heimildum um merki aðliggjandi jarða. Norðan og norðvestan við ágreiningssvæðið er Langavatn og ágreiningssvæði vegna fjalllendis Álftaneshrepps, sem fjallað er um í kafla 6.4. Sunnan og suðaustan við eru óumdeild eignarlönd Grímsstaða, Grenja, Litla – Fjalls og Valbjarnarvalla. Austan við er óumdeilt eignarland Grísartungu. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Norður og norðvesturmerkjum Staðartungu er lýst svo í landamerkjabréfi Staðartungu frá 1923: „ … þá ræður úr því Langá alla leið norður í Langavatn, þá ræður merkjum Langavatn austur að fyrrnefndum læk, eða lækjarfarveg, vestan Staðarhnúk …“. Í landamerkjabréfi Stafholts frá 1890 er norðurmörkum ekki lýst en um norðvesturmerki segir: „ … Staðartungu alla […] vestur að Langá á Skarðsheiði …“. Í lögfestu fyrir Grísartungu frá 1678 er merkjunum lýst svo: „ … sijdann rædur Länga Vatn ofann til Längär, þä Längaa, allt ad Gliüfuraa, … “. Merkjunum er lýst með sama hætti í lögfestum fyrir Grísartungu frá 1679 og 1711.

Norðan við Staðartungu er, sem fyrr segir, Langavatn. Norðvestan við Staðartungu er ágreiningssvæði vegna Fjalllendis Álftaneshrepps, sem fjallað er um í kafla 6.4. Í landamerkjabréfi fjalllendis Álftaneshrepps, dags. 20. júní 1923, þinglýstu 21. júní 1924, segir um merki gagnvart Staðartungu: „Frá Skarðsheiðarvaði ræður Langá inní Langavatn.“ Landamerkjabréfið var samþykkt af fulltrúum Borgar- og Hraunhreppa.

Staðartunga er hluti af stærra ágreiningssvæði íslenska ríkisins og því er ekki lýst sérstaklega kröfum um norður og norðvesturmörk hennar. Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfu sína um norðvesturmörk við að Langá ráði [frá Skarðheiðarvaði] móti fjalllendi Álftaneshrepps þangað sem hún fellur úr Langavatni. Gagnaðili íslenska ríkisins lýsir ekki sérstaklega norðurmörkum í kröfu sinni en dregur kröfulínu sína austur eftir Langavatni. Að mati óbyggðanefndar er afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins í samræmi við heimildir um merki Staðartungu.

Suður og suðvesturmerkjum Staðartungu er lýst svo í landamerkjabréfi Staðartungu frá 1923: „ … því næst ræður merkjum Gljúfurá sunnan og vestanvert við Staðartungu alla leið að Langá á Skarðsheiði; þá ræður úr því Langá … “. Í landamerkjabréfi Stafholts frá 1890 segir um suðurmörk að Gljúfurá ráði frá Grísartungumörkum. Í lögfestu fyrir Grísartungu frá 1678 er merkjunum lýst svo: „ … Sijdann rædur Gæiüfuraa ofann [frá Langá]… “. Merkjunum er lýst með sama hætti í lögfestum fyrir Grísartungu frá 1679 og 1711.

Sunnan og suðvestan við Staðartungu eru jarðirnar Grímsstaðir, Grenjar, Litla-Fjall og Valbjarnarvellir. Í landamerkjabréfi Grímsstaða, dags. í apríl 1923 og þinglýstu 14. júní sama ár, segir um merki gagnvart Staðartungu: „Frá fyr nefndu Skarðsheiðarvaði sjónhending í suðurhornið (sic) á Lambafelli.“ Í landamerkjabréfi Grenja, dags. 1. apríl 1884 og þinglýstu 24. maí sama ár, segir um merki gagnvart Staðartungu: „Fyrst ræður Langá merkjum alla leið frá Skarðsheiðarvaði niður eftir að Landamerkjakeldu þar sem hún rennur í Langá …“. Í landamerkjabréfi Litla-Fjalls, dags. 15. apríl 1884, þinglýstu 23. maí sama ár, segir um merki gagnvart Staðartungu: „ … eftir miðri Gljúfurá frá Landamerkjafljóti til ármóta.“ Í landamerkjabréfi Valbjarnarvalla, dags. 15. apríl 1884, þinglýstu 23. maí sama ár, segir um merki gagnvart Staðartungu: „Eftir miðri Gljúfurá.“

Íslenska ríkið miðar kröfur sínar um suður og suðvesturmörk Staðartungu við Langá frá Skarðsheiðarvaði þar til Gljúfurá rennur í hana. Þaðan ræður Gljúfurá að Nautakrók. Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfu sína við Gljúfurá [frá Kliflæk] uns komið er að hólma milli Langár og Gljúfurár og þaðan eftir landi Grenja uns komið er að Skarðsheiðarvaði á Langá. Kröfum aðila ber ekki saman að öllu leyti, en kröfulínur þeirra eru þó dregnar með sama hætti. Hólmi sá sem vísað er til í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins er staðsettur við ármót Gljúfurár og Langár auk þess sem landamerkjabréf Grenja, sem hann miðar við í lýsingu sinni, miðar mörk gagnvart Staðartungu um Langá. Samkvæmt þessu miða báðir aðilar kröfu sína við Langá, frá Skarðsheiðarvaði að ármótum Langár og Gljúfurár, og svo við Gljúfurá að austurmerkjum, en nánar verður fjallað um þau hér á eftir. Að mati óbyggðanefndar er afmörkun beggja aðila í samræmi við heimildir um merki Staðartungu.

Austurmerkjum Staðartungu er lýst svo í landamerkjabréfi Staðartungu frá 1923: „[Úr Langavatni] ræður merkjum lækur eða lækjarfarvegur vestan Staðarhnúk alla leið niður í Seltjörn, þá Kliflækur, sem fellur úr Seltjörn suður í Gljúfurá …“. Í landamerkjabréfi Stafholts frá 1890 er austurmörkum Staðartungu ekki lýst að öðru leyti en því að hún sé „vestur frá Grísartungumörkum“. Austurmerkjum Staðartungu er ekki lýst í lögfestunum fyrir Grísartungu frá 1678, 1679 og 1711, en sem fyrr segir er þar merkjum Grísartungu lýst að Staðartungu og Beilárheiði meðtöldum og án þess að landsvæðin séu tilgreind eða sérstaklega afmörkuð.

Austan megin við ágreiningssvæðið liggur jörðin Grísartunga. Í landamerkjabréfi Grísartungu, dags. 20. nóvember 1923 þinglýstu 1. júlí 1924, segir um mörk gagnvart Staðartungu: „[Frá Nautakrók] ræður enn merkjum Kliflækur svo nefndur, sem fellur úr Seltjörn, þvínæst ræður lækur eða lækjarfarvegur frá Seltjörn alla leið norður í Langavatn.“ Bréfið var undirritað um samþykki vegna aðliggjandi jarða og landsvæða.

Íslenska ríkið miðar kröfulínu sína um austurmörk Staðartungu við að frá Nautakrók í Gljúfurá sé Kliflæk fylgt í Seltjörn og úr Seltjörn ráði lækur eða lækjarfarvegur norður í Langavatn. Gagnaðili íslenska ríkisins miðar kröfur sínar um austurmörk við lækjarfarveg milli Langavatns og Seltjarnar og í Seltjörn og þaðan í Gljúfurá við Kliflæk. Kröfulýsingu beggja aðila ber saman um lækjarfarvegur ráði úr Langavatni í Seltjörn og úr Seltjörn ráði Kliflækur í Gljúfurá. Í kröfulýsingu íslenska ríkisins kemur fram að Kliflækur falli í Gljúfurá við Nautakrók en það er ekki tekið fram í kröfulýsingu gagnaðila íslenska ríkisins. Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar fyrir Grísartungu segir um Nautakrók: „Innan við Nauthóla og Sakakrók er skörp beygja á ánni [Gljúfurá], er heitir Nautakrókur (19). Þar í ána rennur lækur, er heitir Kliflækur (20) og kemur úr Seltjörn … “. Samkvæmt þessu ber kröfulýsingu beggja aðila saman um austurmerki Staðartungu. Að mati óbyggðanefndar er afmörkun beggja aðila í samræmi við heimildir um merki Staðartungu.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Í *Landnámu* er greint frá því að Skallagrímur hafi gefið leysingjum sínum lönd uppi við fjöll, Grísi Grísartungu og Grími Grímsdal. Af þessari frásögn verður engin afdráttarlaus ályktun dregin um hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun lýsinganna verður þó að telja líklegt að svæðið hafi verið numið.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar,* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004. Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri

stöðu landsins, svo sem hvort eignarréttur hafi verið gefinn upp eða glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Í máli þessu liggja, sem fyrr segir, fyrir tvö landamerkjabréf sem taka til ágreiningssvæðisins en jafnframt fjöldi vísitasía og lögfesta frá 17. til 19. öld sem geta um réttindi Stafholtskirkju á umræddu svæði. Óbyggðanefnd og dómstólar hafa almennt lagt minna upp úr máldögum, vísitasíum og lögfestum heldur en landamerkjabréfum jarða, sem sönnunargögnum um tilvist beins eignarréttar. Ávallt er þó um að ræða heildstætt mat á sönnunargildi fyrirliggjandi heimilda og þar kunna atriði á borð við staðhætti, gróðurfar, fjarlægð frá byggð og nýtingu viðkomandi landsvæðis einnig að hafa áhrif.

Af leigu Borgarhrepps á Staðartungu sem upprekstrarlandi árið 1937 sem og nýtingu hennar frá því hreppurinn eignaðist hana árið 1958 leiðir að við gildistöku þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til 1998. Hvort í því fólust bein eða óbein eignarréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða svæðisins var fyrir þann tíma sem makaskiptasamningurinn var gerður árið 1937, nánar tiltekið hvort Staðartunga hafi verið hluti af landi jarðarinnar Grísartungu eða jörðinni hafi aðeins fylgt óbein eignarréttindi að landsvæðinu.

Sem fyrr segir er Grísartungu fyrst getið í Landnámu. Þá er jarðarinnar getið tvívegis í Egils sögu. Þar segir annars vegar „[L]ét Skalla-Grímr gera bæ uppi við fjallit ok átti þar bú, lét þar varðveita sauðfé sitt. Þat bú varveitti Gríss, ok er við hann kennd Grísartunga.“ og hins vegar segir „Þorsteinn lét gera garð um þvera Grísartungu milli Langavatns ok Gljúfrár.“ Samkvæmt síðarnefndri tilvitnun lá jörð Grísartungu milli Langavatns og Gljúfurár þar sem landsvæði Staðartungu er nú, sbr. umfjöllun um merki ágreiningssvæðisins hér að framan.

Samkvæmt gjafabréfi dagsettu 10. október 1522 gaf séra Helgi Jónsson, þá prófastur yfir Mýraprófastsdæmi, sonarsyni sínum Helga Helgasyni jörðina Grísartungu en í bréfinu kemur ekkert fram um afmörkun jarðarinnar. Ekki liggur fyrir hvernig Grísartunga komst í eigu Stafholtskirkju en jarðarinnar er fyrst getið meðal jarða í eigu Stafholtskirkju í vísitasíu kirkjunnar frá 1639, en þar er ekki getið sérstaklega um Staðartungu. Í maí árið 1663 var þinglesin lögfesta séra Sigurðar Oddssonar fyrir eignum Stafholtskirkju og þar lögfesti hann m.a. „GrijsaTüngur, med Saudhüspartinum“. Samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er Sauðhúspartur þessi Sauðhússkógur sem er suðvestan við Grísartungu. Í lögfestunni er ekki getið um Staðartungu.

Í apríl árið 1678 var þinglesin lögfesta séra Páls Gunnarssonar í Stafholti fyrir jörðinni Grísartungu. Í lögfestunni er að finna fyrstu lýsinguna á landamerkjum Grísartungu og nær sú lýsing til Staðartungu og Beilárheiðar án þess að svæðin séu þar sérstaklega tilgreind eða afmörkuð. Í maí árið 1679 var lesin önnur lögfesta séra Páls fyrir jörðinni Grísartungu og var merkjum þar lýst með sambærilegum hætti og árið áður.

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 1681 er Grísartungu getið meðal jarða í eigu kirkjunnar en ekki er getið sérstaklega um Staðartungu. Hið sama á við um vísitasíur kirkjunnar frá 1702, 1725, 1744, 1749, 1751, 1759, 1783 og 1831.

Þann 30. maí 1707 tók séra Jón Jónsson við Stafholti og lögfesti hann eignir kirkjunnar 24. júlí sama ár. Í lögfestunni getur hann ekki um aðrar jarðir en heimajörð kirkjunnar og getur svo um aðrar eignir og ítök. Þar er ekki minnst á Staðartungu. Þann 31. júlí sama ár lögfesti hann eignir kirkjunnar á ný og var þá getið um heimajörðina, auk þriggja þeirra átta jarða sem voru nefndar meðal kirkjujarða í lögfestunni frá 1663, en hvorki var þar minnst á Grísartungu né Staðartungu. Lögfestan var þinglesin sama dag og aftur 3. september 1713.

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1709 segir að Grísartunga sé í eigu Stafholtskirkju. Þá segir : „Munnmæli eru að hjer hafi að fornu bænhús verið, en engin sjást þar ljós merki til. Jarðardýrleiki […] og so hefur tíundast fátækum í næstu þrjátíu ár. Þar fyrir segja menn drún hafi lángvaranlega í auðn legið, í 200 ár eður lengur. […] Ábúandinn Ari Gíslason.“ Af frásögninni má ráða að Grísartunga hafi lengi verið í eyði en hún hafi verið í byggð þegar ritið var skrifað. Samkvæmt manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands var Grísartunga í byggð árin 1703, 1816, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1855, 1870, 1880, 1890, 1901, 1910 og 1920.

Þann 30. ágúst 1711 lögfesti séra Jón Jónsson í Stafholti Grísartungu sérstaklega og innan tiltekinna ummerkja og nær sú lýsing til Staðartungu og Beilárheiðar án þess að svæðin séu þar sérstaklega tilgreind eða afmörkuð. Lögfestunni var þinglýst sama dag og aftur 3. september 1713. Þá lögfesti hann allar eignir Stafholtskirkju 14. maí 1714. Þar er Grísartungu getið meðal kirkjujarða „til vissra landamerkja, sem ad fornu hafa halldinn verid“. Í lögfestum Sigurðar Jónssonar prófasts fyrir eignum Stafholts- og Hjarðarholtskirkna frá árunum 1754 og 1766 og lögfestu Péturs Péturssonar Prófasts fyrir Stafholts- og Hjarðarholtskirkjur frá 1831 er Grísartungu getið með sama hætti og í lögfestunni frá 1714.

Í jarðamati Mýrasýslu frá árinu 1849–50, kemur fram að Grísartunga sé eign kirkjunnar í Stafholti. Þá segir í jarðamatinu um Staðartungu: „Staðartunga, fyrir <u>vestan</u> Grísartúngu, landspartur tilheyrandi Stafholtskirkju.“ Svo virðist því sem á þessum tíma hafi verið farið að líta á Staðartungu sem sérstakan „landspart“, enda svæðið notað til upprekstrs af kirkjunni en Grísartunga leigð ábúanda.

Þann 7. júní 1851 skrifaði séra Ólafur Pálsson í Stafholti bréf til prófasts með upplýsingum um kauptilboð í „fjalllendi nokkurt, sem tilheyrir Stafholts Kyrkju og

nær yfir talsverdann hluta Beilárheidar, med adliggjandi smádölum: Hróbjargardal öllum, Fossdal hálfum og ad nokkru leiti Grímsdal.“ Óskaði hann eftir áliti prófasts á kauptilboðinu auk þess sem hann lét í ljós skoðun sína á kauptilboðinu. Þar segir m.a.: „Hid annad, sem hér er um ad tala, er þad, hvort land þetta sé missanlegt kyrkjunni edur beneficíarío hér í Stafholti, og vil eg í því tilliti géta þess, ad Kyrkjann á tvær selstödur bádar hagkvæmari en þessa: Stadartúngu, sem nú er brúkud til selstödu hér frá stadnum og Bjarnadal nær allan, sem ad nú sem stendur er leigdur ödrum.“ Samkvæmt bréfinu var haft í seli frá Stafholti í Staðartungu á þessum tíma og fær það jafnframt stuðning af sóknalýsingu séra Ólafs Pálssonar fyrir Stafholts- og Hjarðarholtssóknir frá 1853, en þar segir: „Frá Stafholti er og notuð selstaða í kirkjunnar landi Staðartungu, vestur frá Grísatungu.“

Þann 2. júní 1855 var gerð úttekt á eignum Stafholtskirkju. Meðal þeirra eigna sem metnar voru var Grísartunga en ekki var minnst á Staðartungu. Þó var tekið fram að eign kirkjunnar á Bjarnadal, sem áður var nefnd sem önnur tveggja selstaða kirkjunnar ásamt Staðartungu, væri leigð sveitarfélaginu í Stafholtstungum.

Á manntalsþingi að Hjarðarholti 21. maí 1869 voru að beiðni prófasts þinglesin tvö vottorð sem lutu að því að Staðartunga væri ekki byggð ábúandanum á Grísartungu með nefndri jörðu. Í þinglýsingarbókinni segir:

> Var að beiðni sama [þ.e. prófasts sr. St. Þorvaldssonar] lesin 2 vottorð, útgefin 12. Maí 1869 og 13. Jan. 1868 […] sem lúta að því að Staðartungan sje eigi byggð hinum núverandi ábúanda Grísatungu með nefndri jörðu, heldur sje Beneficiaris Stafholtsprestakalls heimilt að leigja Staðartunguna sjerskilt. Þessum vottorðum mótmælti ábúandinn á Grísatungu sem var viðstaddur upplestur þeirra, og áleit hann eða virtist að álíta að Staðartungan væri sjer byggð ásamt með jörðinni Grísatungu.

Þann 15. apríl 1884 var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir jörðina Litla-Fjall, sem liggur sunnan Staðartungu, og því þinglýst 23. maí sama ár. Í umfjöllun um merki gagnvart Staðartungu segir: „Milli Litlafjalls og Grísartungu, eftir miðri Gljúfurá …“. Landamerkjabréfið er undirritað um samþykki „fyrir Grísartungu vegna Stafholtskirkju“. Þá var þann 15. apríl 1884 gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Valbjarnarvelli, sem liggur sunnan Staðartungu að hluta og Grísartungu að hluta, og því þinglýst 23. maí sama ár. Í umfjöllun um merki gagnvart Staðartungu og Grísartungu segir: „Á milli Valbjarnarvalla og Grísatungu. Eftir miðri Gljúfurá.“

Á manntalsþingi að Hjarðarholti 24. maí 1886 landamerkjakrá „fyrir jörðunni Grísartungu dags. 15. maí 1886“, en ekki er getið um það í dómabókinni hver landamerkin voru.

Í vísitasíu Stafholtskirkju frá 1887 eru talin upp fasteignir, ítök og hlunnindi í eigu kirkjunnar. Þar er annars vegar getið um Grísartungu, sem er sögð í eyði, og hins vegar um Staðartungu sem sé selland.

Sem fyrr segir var gert sérstakt landamerkjabréf fyrir Stafholt í maí 1890 og því þinglýst 23. maí 1892. Þar er getið um „Staðartungu alla vestur frá Grísatungumörkum“ meðal eigna og ítaka kirkjunnar og merkjum hennar lýst að hluta.

Þann 6. apríl 1910 var gerður leigusamningur milli á milli umráðamanns Stafholts og hreppsnefndar Borgarhrepps um „fjallland það, er Staðartunga heitir“ og hann samþykktur af biskupi 8. nóvember sama ár. Samkvæmt samningnum skyldi hann standa í 10 ár og skyldi ábúandinn í Grísartungu hafa leyfi til að slá á Staðartungu á sumrin. Í bréfi dags. 26. maí sama ár, sem prófastur sendi biskupi til þess að skýra honum frá leigusamningnum, kemur fram að Borgarhreppur hefði fengið Staðartungu á leigu „fyrir tæpum 20 árum til sumarbeitar afréttarfénaði Borghreppinga“ en sá samningur væri að renna út.

Í umfjöllun um Grísartungu í fasteignamati Mýrasýslu 1916–1918 segir: „Staðartunga, sem áður fylgdi jörðinni, enda áföst við hana, hefir verið undan jörðinni tekin, og er land það með sérmati nú …“. Í kafla um Staðartungu í sama fasteignamati segir: „Staðartunga, sem er kyrkjufjallaland, samanber Nr. 28 [Grísartunga], hér að framan, eign Stafholtskyrkju, er nú leigt Borghreppingum.“

Stjórnarráð Íslands óskaði árið 1919 eftir skýrslu frá sýslumönnum um þau svæði sem teldust til almenninga eða afrétta innan hvers og eins sýslumannsembættis. Í svari hreppstjóra Borgarhrepps, dags. 8. júlí 1920, nefnir hann nokkur afréttarlönd „er hreppurinn notar nú“ og svo segir: „Ennfremur hefur hreppurinn á leigu land, er nefnist Staðartunga og er eign Stafholtskirkju.“

Jarðalýsing fyrir Grísartungu var gerð sama ár í tilefni af væntanlegri sölu hennar. Í lýsingunni segir m.a.: „Tún er þar fremur harðbalalegt og gefur ekki að jafnaði nú orðið meira af sér en 45–50 hesta. En aftur eru þar töluvert miklar útheysslægjur, því að ábúandi hefir leyfi til að slá á svonefndri Staðartungu, sem er eign Stafholtskirkju, en fylgir ekki jörðinni.“ Ekki varð af sölunni.

Sem fyrr segir var sérstakt landamerkjabréf gert fyrir Staðartungu 20. nóvember 1923, og því þinglýst 1. júlí 1924. Bréfið er undirritað af umráðamanni Staðartungu og undirritað um samþykki vegna Litla – Fjalls og Valbjarnarvalla. Í bréfinu er að finna fyrstu merkjalýsinguna þar sem merkjum ágreiningssvæðisins er lýst heildstætt.

Þann 22. apríl 1930 var undirritaður leigusamningur þar sem Stafholtstungnahreppur leigði hreppsfélagi Borgarhrepps „fjalllandið Staðartungu“ til 20 ára. Samkvæmt samningnum skyldi landið eingöngu leigt til upprekstururs og var ábúanda Grísartungu heimil beit og slægjur á landinu.

Þann 12. mars 1937 fór Guðmundur Daníelsson bóndi á Svignaskarði þess á leit við dóms- og kirkjumálaráðuneytið að hafa makaskipti á Víðidal og Staðartungu. Í bréfi hans segir: „ … leyfi eg mér að fara þess á leit að hinu háa dóms- og kirkjumálaráðuneyti mætti þóknast að hafa makabýtti við mig á afréttarlandi því er eg

á á Víðidal austan megin Langavatnsdals og Staðartungu ~~úr Grísatungulandi~~ sem er eign Stafholtskirkju.“ Þann 20. mars sama ár var gerður samningur milli ríkissjóðs og Guðmundar Daníelssonar um makaskipti á Staðartungu og „hálfum Víðidal öllum“ og 28. nóvember sama ár var gerður leigusamningur milli Guðmundar og Borgarhrepps þar sem hreppnum var leigð Staðartunga. Samkvæmt síðarnefnda samningnum skyldi Borgarhreppur leigja Staðartungu meðan Guðmundur og konan hans væru á lífi en eignast landsvæðið eftir þeirra dag. Samningnum var þinglýst 10. desember 1937. Borgarhreppur eignaðist svo Staðartungu eftir andlát ekkju Guðmundar, en hún lést 29. september 1958.

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að heimildir sem geta sérstaklega um Staðartungu eru takmarkaðar. Heimildir um afnot landsvæðisins frá miðri 19. öld og fram til 20. aldar fjalla fyrst og fremst um beit, selstöðu eða önnur þrengri og sambærileg not. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignaréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn liggur fyrir að í heimildum Stafholtskirkju fram til ársins 1849, þegar Staðartungu er fyrst getið sérstaklega í jarðamati Mýrasýslu, var landsvæðið tilgreint með öðru landi Grísartungu án þess að séð verði að um eignarréttarlega aðgreiningu hafi verið að ræða milli þess og annars lands jarðarinnar. Vísast sérstaklega um það til lögfesta séra Páls Gunnarssonar fyrir Grísartungu frá árunum 1678 og 1679, sem og lögfestu séra Jóns Jónssonar frá 1711. Þær merkjalýsingar sem er að finna í framangreindum heimildum benda til þess að litið hafi verið á svæðið sem hluta af Grísartungu. Þá er fyrstu lýsingu á austurmörkum Staðartungu gagnvart Grísartungu að finna í landamerkjabréfi fyrir Staðartungu frá 1923. Um þetta vísast einnig til umfjöllunar um Grísartungu í fasteignamati Mýrasýslu 1916 – 1918 þar sem segir: „Staðartunga, sem áður fylgdi jörðinni, enda áföst við hana, hefir verið undan jörðinni tekin, og er land það með sérmati nú … “.

Heimildir benda til þess að Stafholtskirkja hafi farið með umráð og hagnýtingu Grísartungu, og þar með Staðartungu, a.m.k. frá fyrri hluta 17. aldar og má ráða af þeim að hún hefur ekki staðið öðrum til afnota án leyfis. Ekki verður séð að fram hafi komið athugasemdir yfirvalda eða ágreiningur við nágranna sem máli skipti. Sá ágreiningur sem var uppi á síðari hluta 19. aldar milli umráðamanna Stafholts og ábúanda Grísartungu virðist hafa staðið um það að sá síðarnefndi hafi litið svo á að Staðartunga væri hluti af jörð Grísartungu, og honum byggð með jörðinni, sem staðfestir enn fremur þá ályktun sem fyrr greinir. Enda þótt nýting svæðisins hafi eðli máls samkvæmt verið takmarkaðri annarra hluta jarðarinnar leiðir það eitt og sér ekki til eignarréttarlegrar aðgreiningar.

Í þessu tilliti er rétt að taka fram að í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Af

þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.[1] Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu lands.

Að Staðartungu liggja eignarlönd til suðurs, suðausturs og austurs, sé sé litið heildstætt á niðurstöður óbyggðanefndar í málinu. Líkur á stofnun og tilvist eignarréttar aukast, sé tekið tillit til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland.

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að Staðartunga geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að Stafholtskirkja, sem gagnaðili íslenska ríkisins leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka Staðartungu, eins og þau eru skilgreind hér að framan, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

## 6.8 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin ennfremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu og er málskostnaður úrskurðaður til einstakra málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gefur tilefni til.

Eftir að kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur á svæði 8B komu fram tilkynnti Borgarbyggð óbyggðanefnd um að sveitarfélagið hefði haft forgöngu um samstarf landeigenda vegna hagsmunagæslu. Auk þess að leita til lögmanna hefði sveitarfélagið í samstarfi við landeigendur ráðið Óðin Sigþórsson til starfa. Var óskað eftir því af hálfu Borgarbyggðar að óbyggðanefnd greiddi launakostnað Óðins vegna þessa. Var beiðnin m.a. sett fram með vísan til þess að vinna hans kæmi til með að auðvelda vinnu lögmanna vegna hagsmunagæslunar og draga úr kostnaði við hana.

Eftir að hafa aflað frekari upplýsinga um vinnu Óðins, auk þess sem lögmönnum málsaðila var gefið færi á að veita umsagnir um erindi Borgarbyggðar, féllst óbyggðanefnd á að taka þátt í greiðslu kostnaðar vegna hennar. Við ákvörðun málskostnaðar vegna vinnu lögmanns gagnaðila íslenska ríkisins í málinu var m.a. litið til þessa.

Þess skal getið að hluti af úrskurðuðum málskostnaði gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu hefur þegar verið greiddur og koma þær greiðslur til frádráttar við uppgjör málskostnaðarins, svo sem nánar greinir í úrskurðarorði.

## 7 ÚRSKURÐARORÐ

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. suðausturhluti Fjalllendis Hraunhrepps, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Upphafspunktur er á vatnaskilum ofan við Tröllkonugil. Þaðan fylgir línan gildrögum vestan við sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni í norðanvert vatnið. Þaðan er Háleiksvatni fylgt að þeim stað þar sem Grjótá rennur úr því. Þaðan er ánni fylgt þar til hún rennur í Grjótárvatn. Þaðan er Grjótárvatni fylgt til suðvesturs og síðan dregin bein lína frá Grjótárvatni í vatnaskil í Álftaskörðum. Frá Álftaskörðum er línan dregin um vatnaskil norðaustan Tindaborgar, þaðan um Rauðhálsa í Grjótárós og þaðan í Háheiðarkoll. Frá Háheiðarkolli er vatnaskilum fylgt í Dagmálafjallshyrnu. Þaðan er línan dregin um hæstu fjallseggjar í hæsta hnjúkinn norðvestur af Háleiksvatni. Þaðan er vatnaskilum fylgt að uppafspunkti ofan við Tröllkonugil.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Hraunhreppi, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Fjalllendi Álftaneshrepps, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

> *Frá efsta tindi Tröllakirkju er fylgt vatnaskilum suðvestan Tröllakirkju og á móti Þrengslum að Þórarinsdalsá við Þrengsli. Þaðan er ánni fylgt að Tröllkonugili og þaðan er línan dregin um drög þess upp á vatnaskil. Þaðan fylgir línan gildrögum vestan við sandhæðina norðaustur af Háleiksvatni í norðanvert vatnið. Þaðan er Háleiksvatni fylgt að þeim stað þar sem Grjótá rennur úr því. Þaðan er ánni fylgt þar til hún rennur í Grjótárvatn. Þaðan er Grjótárvatni fylgt til suðvesturs og síðan dregin bein lína frá Grjótárvatni í vatnaskil í Álftaskörðum. Þaðan er dregin bein lína í Hrafnagil og eftir gilinu á meðan endist. Þaðan er línan dregin í Sandvatn á móts við Hrafnagil og þaðan í suðurhorn Lambafells. Þaðan er línan dregin í*

*Skarðsheiðarvað á Langá og þaðan eftir Langá að þeim stað þar sem hún fellur úr Langavatni. Þaðan er Langavatni fylgt að þeim stað þar sem Langavatnsdalsá fellur í vatnið. Þaðan er ánni fylgt þangað til Mjóadalsá fellur í hana og Mjóadalsá síðan fylgt að Sauðahrygg. Þaðan er fylgt vatnaskilum að upphafspunkti á efsta tind Tröllakirkju.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Álftaneshreppi, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Hróbjargardalur og vesturhluti Fossdals, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er þar sem Hróbjargardalsá og Fossdalsá renna saman og mynda Beilá. Þaðan er vatnaskilum vestan Hróbjargardals fylgt norður að Borgarhraunseggjum og eftir þeim allt norður að vatnaskilum við norðurmörk Fjalllendis Borgarhrepps. Þaðan er vatnaskilum austan Hróbjargardals fylgt suður að vatnaskilum Fossdals á Moldarmúla. Þaðan er vatnaskilum norðan Fossdals fylgt austur í Fossdalsá og þaðan ræður Fossdalsá suður að upphafspunkti.*

Sama landsvæði er í afréttareign Borgarbyggðar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Víðidalur, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er við Sauðarhrygg. Þaðan er sjónhending í hæsta punkt Víðimúla og þaðan er vatnaskilum fylgt í hæstu drög Víðidals. Þaðan er vatnaskilum Víðidals fylgt að ármótum Víðidalsár og Langavatnsár og þaðan ræður Langavatnsá að upphafspunkti við Sauðarhrygg.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Borgarhreppi, nú sveitarfélaginu Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. austurhluti Langavatnsdals ásamt Réttarmúla og Beilárvöllum, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er þar sem Hróbjargardalsá og Fossdalsá renna saman og mynda Beilá. Þaðan ræður Beilá að merkjahól vestan við vaðið á Beilá og þaðan áfram í Langavatn. Þá ræður Langavatn merkjum þangað sem Langavatnsá rennur í það og þaðan ræður Langavatnsá þangað sem Víðidalsá rennur í hana. Þaðan er*

*vatnaskilum Víðidals fylgt austur að vatnaskilum við Hróbjargardal. Þá er vatnaskilum vestan Hróbjargardals fylgt suður í upphafspunkt.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Borgarhreppi, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Mjóidalur og vesturhluti Sátudals, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er þar sem Mjóadalsá rennur í Fossdalsá. Þaðan er fylgt vatnaskilum sunnan, vestan og norðan Mjóadals þar til komið er að vatnaskilum norðan Sátudals. Þaðan er þeim vatnaskilum fylgt að hæstu drögum Sátudals. Þaðan er Fossdalsá fylgt að upphafspunkti þar sem Mjóadalsá rennur í hana.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Borgarhreppi, nú í sveitarfélaginu Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. sömu laga.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Friðbjörns Garðarssonar hrl.: Sveitarfélagið Borgarbyggð vegna Fjalllendis Hraunhrepps, Fjalllendis Álftaneshrepps, Fjalllendis Borgarhrepps, Beilárheiðar og Staðartungu: 4.300.000 kr. Þar af hafa 1.850.000 kr. þegar verið greiddar. Guðmundur Freyr Geirsson vegna Ytri-Hrafnabjarga: 100.000 kr., sem þegar hafa verið greiddar.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Karl Axelsson

Allan Vagn Magnússon

Hulda Árnadóttir

# A L M E N N A R   N I Ð U R S T Ö Ð U R

# Ó B Y G G Ð A N E F N D A R

**með viðaukum**

**Svæði 1–8A**

**Sérprentun 11. október 2016**

# EFNISYFIRLIT

**FORMÁLI** ... **2**

**1. INNGANGUR** ... **3**

**2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR** ... **3**

**3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA** ... **4**

3.1. Landnám ... 4
3.2. Hefð ... 7
3.3. Lög ... 12

**4. FLOKKUN LANDS** ... **13**

4.1. Almennt ... 13
4.2. Jörð ... 14
4.3. Almenningar ... 20
4.4. Afréttir ... 23
4.5. Jörð eða afréttur? ... 30
4.6. Jöklar ... 31
4.7. Fjallskil ... 37
4.8. Ítök ... 40
4.9. Fjörur og rekaeign ... 44

**5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD** ... **49**

5.1. Almennt ... 49
5.2. Jarðamöt og jarðabækur ... 49
5.3. Máldagar og vísitasíur ... 52
5.4. Lögfestur ... 54
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf ... 55
5.6. Afsals- og veðmálabækur ... 59
5.7. Aðrar heimildir ... 61

**6. NIÐURSTAÐA** ... **62**

**7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5** ... **67**

7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum ... 67
*7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða ... 67*
*7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi ... 70*

**8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6** ... **71**

8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum ... 71
8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana ... 72

**9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A** ... **75**

9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum ... 75

**10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B** ... **76**

10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum ... 76
10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar ... 77
10.3. Heimildir um legu jarða til forna ... 79

## FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–8A. Fer sá texti hér á eftir, í köflum 1–6.

Í úrskurðum á svæðum 3–8A hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirliggjandi *Almennar niðurstöður*. Tilefni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi gafst einkum á svæðum 5, 6, 7A, 7B og 8A og fer sá texti lítillega styttur hér á eftir, í köflum 7–11.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður* með viðaukum, og vísa til þeirra.

## 1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

## 2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglendisbelti, hlíðabelti og hálendis- eða fjallbelti.*[1] Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglendisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglendisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

[1] Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $^{2}/_{3}$ hluta af yfirborði landsins.[2] Mikill hluti láglendis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálendinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglendis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $^{1}/_{4}$ hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglendi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $^{1}/_{4}$ hluta landsins í heild og um $^{10}/_{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálendisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um $^{1}/_{100}$ hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálendinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálendisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

## 3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

### 3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.[3]

[2] Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

[3] Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10–11. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II (fjölr.). Reykjavík. S. 133–134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874–930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.[4] Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.[5] Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinnar. Stundum virðist kvikféð sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjǫllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“[6]

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.[7] Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið

[4] *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.

[5] *Landnámabók* 1986, s. 321.

[6] *Landnámabók* 1986, s. 337.

[7] Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6–7, 20. Jón Jóhannesson, 1954–58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags.* S. 225–226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193–222.

skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.[8] Ennfremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrufari eða búskaparháttum.[9] Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.[10] Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og

---

[8] Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia.* Lundi. S. 203–217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222–225, 231–233.

[9] Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578–584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímni. Riti um nafnfræði*. 1–3. b. (1980–1996).

[10] Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.

fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

### 3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr ,átǫlulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lǫgleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“[11]

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar[12]. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „…sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.[13]

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli

---

[11] *Jónsbók.* Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

[12] Sbr. *Biskupa sögur.* 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

[13] Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder.* 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287–288.

einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

> Jtem huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal þad ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist þad sie j panta sett edur lient.[14]

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.[15] Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabil væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

> Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.[16]

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.[17]

---

[14] *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933–1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912–1914. S. 425–426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917–1918. S. 33–35.

[15] *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.

[16] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum 1802–1873*. 3. b. Reykjavík 1925–1931. S. 360–374.

[17] *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellíið í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíið bar málið undir Landsyfirrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.[18]

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafaþingið frumvarp kansellísins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafaþinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.[19]

Þrátt fyrir að Landsyfirréttur hefði um árabil dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30–40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.[20] Í dómi Landsyfirréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu

[18] *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5 augúst 1845*. Reykjavík 1845. S. 2–12.

[19] *Tíðindi frá Alþingi…1845*, s. 466.

[20] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 3. b. (1886–1889) Reykjavík 1890. S. 236–241.

hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli uppreksturs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. llb. i.f.[21]

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapítula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

> Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra siðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalífið, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalífið, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. …
>
> Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjalögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845...[22]

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.[23]

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að

---

[21] *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum*. 5. b. (1895–1898) Reykjavík 1901. S. 327–330.

[22] *Alþingistíðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426–428.

[23] *Alþingistíðindi* 1905, A, s. 140. Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignarréttur* II, s. 156, 159.

hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignaréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.[24] Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yfirráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómar þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmanna-afréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaða-heiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

Þá kemur til skoðunar hverjar séu kröfur dómstóla til eignarhefðar þegar um er að ræða land sem liggur innan merkja jarðar. Í H 1997 2792 (Laugavellir) var eignar-hefð viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaup-samning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H 1939 28 (Einarsnes) taldist eignarhefð einnig fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Þá er og ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkja-bréfi hennar, sbr. H 1991 1444 (Skógar og Brúsholt) og H 1995 2120 (Nefsholt og Gata).

Það er áður rakið að skýrum réttarreglum um hefð var ekki til að dreifa fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að hefðarlög giltu afturvirkt en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.

[24] Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“ (óbirt fjölrit), s. 14–15.

Um þýðingu venjuréttar er það að segja að afnot lands sem ekki uppfylla skilyrði hefðarlaga til hefðarhalds, geta ekki stofnað til eignarréttinda yfir landinu. Hins vegar kann viðurkennd beiting tiltekinna eignarráða, sem styðjast við aðrar eignarheimildir, að hafa áhrif á mat á því hvers eðlis eignarráðin eru, t.d. um sönnunarbyrði fyrir gildi eða efni eignarheimildar. Þýðing venju er því sönnunarlegs eðlis fremur en að þar geti verið um að ræða sjálfstæða eignarheimild.

### 3.3. Lög

Þá verður hugað að stofnun eignarréttinda með lögum. Átjánda öldin hefur löngum verið talin eitt mesta harðindatímabil í sögu þjóðarinnar og fjöldi jarða lagðist í eyði. Viðbrögð stjórnvalda voru þau að senda til landsins þriggja manna nefnd (landsnefndina fyrri) til að kynna sér landshagi og leggja fram tillögur um úrbætur. Það var við þessar aðstæður sem nýbýlatilskipunin um landnám og byggingu eyðijarða var gefin út, 15. apríl 1776. Í henni fólst heimild til að byggja jarðir á óbyggðum svæðum, jafnvel innan eignarlanda. Tilgangurinn var að hamla gegn fólksfækkun og eyðingu jarða með því að hvetja ungt fólk til að stofna heimili og byggja upp hin eyddu býli.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar var skylt að taka í notkun „útlendi“ jarða sem lá notalaust og átti jarðeigandinn að hafa forgangsrétt til að byggja þar upp nýbýli. Ef hann gerði það ekki var öðrum látið það eftir. Á öðrum óbyggðum landsvæðum, þ. á m. „afréttaralmenningum“, höfðu allir jafnan rétt til að stofna nýbýli samkvæmt tilteknum reglum. Þetta gilti einnig um lönd og jarðir sem forðum voru í byggð en höfðu um langan aldur legið í eyði. Var þá litið svo á að enginn gæti lengur talist eigandi eða erfingi slíkra jarða.

Nýbýlatilskipunin var í gildi í rúm hundrað ár en ekki verður séð að hún hafi borið þann árangur sem til var ætlast. Þó er talið að um þrjátíu jarðir og hjáleigur hafi verið byggðar fyrstu tíu árin sem tilskipunin var í gildi, flestar að frumkvæði þeirra sem töldust eigendur þessara eyðijarða. Sjaldgæft er því að stofnað hafi verið til eignarréttinda á grundvelli nýbýlatilskipunar.[25]

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni var kveðið á um að nýbýli mætti stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn gæti sannað sína eign. Í 2. gr. laganna var kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skyldi láta vita um fyrirætlun sína ef hann vildi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu. Skilyrði til stofnunar nýbýla voru þannig þrengd

[25] Þorkell Jóhannesson, 1950: *Saga Íslendinga*. 7. b. Reykjavík. S. 254–255.

verulega og munu þess engin þekkt dæmi að nýbýli hafi verið reist á grundvelli þessara nýbýlalaga.[26]

# 4. FLOKKUN LANDS

## 4.1. Almennt

Flokkun lands á grundvelli eignarhalds hefur verið með ýmsu móti í íslenskum rétti og hugtakanotkun ekki alltaf samræmd. Lengst af var að meginstefnu til greint á milli *jarða* og *afrétta*, auk *almenninga*. Þessi skipting kemur þegar fram í Grágás og má glögglega sjá í eftirfarandi ákvæði Jónsbókar:

> Svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra ok hit ytra; en ef menn skilr á, kallar annarr sér, annar afrétt eða almenning, þá festi sá lǫg fyrir er sér kallar ok stefni þing er menn eigu því máli at skipta, ok hafi haft upp þingboð fyrir fimt. [27]

Hér má að auki nefna tilskipun um veiði á Íslandi 1849 og frumvarp til landbúnaðarlaga 1878.[28] Í nýbýlatilskipun 1776 og landamerkjalögum, bæði 1882 og 1919, er gengið út frá flokkun lands í jarðir og afrétti en hugtakið almenningur er ekki notað. Þess í stað er í nýbýlatilskipun talað um „afréttaralmenninga“ og í landamerkjalögum um „aðrar óbyggðar lendur“.[29] Á síðari tímum hefur þessi flokkun riðlast, ný hugtök komið fram og hin eldri verið notuð í fleiri en einni merkingu.

Með þjóðlendulögunum er komið á þeirri nýskipan að land er flokkað í tvennt, *eignarland* og *þjóðlendu*, sjá 1. gr. laga nr. 58/1998. Eignarland er skilgreint sem „landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.“ Þjóðlenda er skilgreind sem „landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.“ Hugtakið afréttur er ekki lengur notað sem lýsing á ákveðnu eignarformi lands og er skilgreint sem „landsvæði utan

[26] Þorkell Jóhannesson, 1948: *Alþingi og atvinnumálin. Landbúnaður og útvegsmál. Höfuðþættir*. (Saga Alþingis IV.) Reykjavík. S. 70.

[27] *Jónsbók* 1904, s. 185 (52. k. llb). Sbr. einnig *Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins.* Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík 1992. S. 342, 369 (46. k., 74. k. lbþ.).

[28] Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit meirihlutans), Reykjavík 1877. Frumvarp til landbúnaðarlaga fyrir Ísland (álit minnihlutans). Reykjavík 1878. Sjá einnig 1.–2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849 (*Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 316).

[29] Í nýbýlatilskipuninni er greint á milli víðátta í byggðum sveitum, eignarlanda, afréttaralmenninga og loks eyðilanda og eyðijarða í byggð (*Lovsamling for Island.* 4. b. Kaupmannahöfn 1854. S. 251–257). Sjá 1. gr. landamerkjalaga nr. 5/1882 og 41/1919.

byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.“ Afréttur getur þannig verið hvort heldur er í eignarlandi eða þjóðlendu.

Hugtökin jörð, afréttur og almenningur samkvæmt hinni eldri flokkun hafa þýðingu við úrlausn mála á grundvelli þjóðlendulaga. Ræðst hún nánar af því hvernig þau falla að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*. Verður nú hugað að *jörðum*, *afréttum* og *almenningum* í þessu sambandi og einkanlega litið til stofnunar, nýtingar, afmörkunar og inntaks réttinda og skyldna. Óbyggðanefnd leggur þó áherslu á að sú flokkun er ekki fortakslaus og að dæmi finnist um landsvæði sem ekki verða felld í neinn framangreindra flokka, sbr. einnig umfjöllun í kafla 4.5.

## 4.2. Jörð

Komið hefur fram að helstu stofnunarhættir beins eignarréttar hér á landi eru nám, hefð og lög. Samkvæmt því sem í Landnámu greinir voru sum landnám í öndverðu mjög stór en var smám saman skipt niður í smærri einingar, jarðir. Um þetta eru ýmis dæmi, sbr. t.d. eftirfarandi frásögn af Skalla-Grími Kveldúlfssyni:

> Skalla-Grímr var þar um vetrinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til Hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnfǫll deila til sjóvar. …Síðan skipaði hann heraðit sínum félǫgum, ok þar námu margir menn síðan land með hans ráði. Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjǫrð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri. Úlfr hét son hans, faðir Hrólfs í Geitlandi.[30]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög gert ráð fyrir að landsvæði jarðar væri afmarkað með landamerkjum.[31] Þannig er mælt fyrir um það í Jónsbók að við sölu lands skyldu aðilar „kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í ǫnnur lǫnd, eða aðrir menn eigi þanneg 'tǫk“. Jafnframt var seljanda jarðar skylt að ganga á merki innan tólf mánaða, með þeirri undantekningu m.a. að eigi var „skylt at ganga á merki þar er fjǫll þau eru, er vatnfǫll deilaz millum heraða, ok eigi er skylt at ganga ór búfjárgangi á fjǫll upp, kveða skal þar á merki“[32]. Væri uppi ágreiningur um eignarhald á tilteknu landsvæði og „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ skyldi leysa úr því máli eftir ákveðnum reglum. Í því fólst m.a. að sá „er sér kallar þá jǫrð“ þurfti að leiða fram vitni máli sínu til stuðnings. Svardagi

[30] *Landnámabók* 1986, s. 71, sbr. einnig s. 139–146, 230–232.

[31] *Grágás* 1992, s. 342 (46. k. lbþ.).

[32] *Jónsbók* 1904, s. 124 (6. k. lbb). Samkvæmt ákvæðum Jónsbókar voru menn einnig í vissum tilvikum skyldir til að gera svokallaðan „löggarð“ um töðuvöll sinn, engjar og einnig bæja á milli, sbr. bls. 159-163 (31.–32. k. llb.).

vitnis skyldi vera á þessa leið: „þat hefir ek heyrt, at þar skilr mark á meðal eignar bónda ok almennings eða afréttar... “[33]

Með landamerkjalögum, nr. 5/1882, var þó fyrst kveðið á um almenna skyldu landeiganda eða umráðamanns jarðar til að setja glögg landamerki fyrir jörð sinni, þar sem þau voru ekki fyrir, halda þeim við og skrásetja, sbr. 1.–3. gr. Samsvarandi ákvæði eru í 1.–3. gr. núgildandi landamerkjalaga, nr. 41/1919.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur jarðeiganda innan merkja jarðar sinnar. Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, veiði, vatns, reka og jarðefna. Síðar verður vikið að hliðstæðum atriðum varðandi afrétti.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur landeigandi átt beit og annan jarðargróður á jörð sinni, sjá nánar í kafla 4.7. Hann hefur sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hefur að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni.[34] Í sumum tilvikum hefur beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.[35]

Hér má að auki nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr.[36] Regla þessi á rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.[37] Um vatnsréttindi voru þó að sönnu fábrotin fyrirmæli lengst af í íslenskri löggjöf og lutu þá fyrst og fremst að notum vatns til neyslu og áveitu. Stóð um það nokkur fræðilegur ágreiningur í hvaða mæli vatnsréttindi tilheyrðu viðkomandi fasteign og endurspeglast sá ágreiningur m.a. í viðhorfum innan Fossanefndarinnar svokölluðu sem lagði drögin að gildandi löggjöf um vatnsréttindi, vatnalögum nr. 15/1923.[38] Með þeim var sú tilhögun þó óumdeilanlega staðfest að allir

---

[33] *Jónsbók* 1904, s. 186 (52. k. llb.).

[34] Sjá t.d. *Jónsbók* 1904, s. 188–192 (56.–57. k. llb.); 1. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 121. gr. vatnalaga, nr. 15/1923; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957; 1. mgr. 2. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 2. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, og 2. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

[35] Sjá t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954 og 1. mgr. 4. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966.

[36] Sjá nú einnig 2.–3. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

[37] Sjá t.d. *Grágás* 1992, s. 324–325, 350–351 (34., 35. og 52. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 188–190 (56. k. llb.).

[38] Ólafur Lárusson sýnist þó hafa verið þeirrar skoðunar að vatnsréttindi, þ.m.t. réttur til grunnvatns, hafi jafnan fylgt landareign og studdi þá skoðuna sína m.a. túlkun ákvæða Grágásar og Jónsbókar þ.a.l., sbr. Ólafur Lárusson, Skrifaðir kaflar úr hlutarétti, Vatnsrjettur, Reykjavík 1929. Í H 1963 173 segir

helstu þættir vatnsréttinda og vatnsnota tilheyrðu þeirri fasteign sem land ætti undir vatninu, þ.m.t. orkunýtingarrétturinn, sbr. 49. gr. laganna. Hefur það enn frekar verið staðfest með síðari niðurstöðum Hæstaréttar, sbr. t.d. H 1955 431 og H 1963 173. Með lögtöku laga nr. 57/1998 var jafnframt staðfest að eigandi fasteignar færi með eignarráð þess grunnvatns sem undir fasteign hans fyndist.

Á sama hátt hefur sú meginregla gilt að hver maður ætti reka fyrir sínu landi.[39] Rekabálkur Jónsbókar er að stærstum hluta enn í gildi, sjá nánar í kafla 4.9.

Af ákvæðum Grágásar um rétt leiglendings til mótaks í leigulandi og Jónsbókar um sams konar rétt til torfskurðar verður jafnframt ályktað að jarðeigandi hafi átt einkarétt til jarðefna á jörð sinni.[40] Sama meginregla virðist koma óslitið fram í síðari tíma löggjöf.[41] Framangreind lagaákvæði miðast við og endurspegla tilganginn með stofnun hverrar jarðar, að stunda þar búskap og nýta þannig landið til viðurværis.

Þá hafa eigendur og ábúendur jarða átt sérstökum lögákveðnum skyldum að gegna. Nefna má að samkvæmt ákvæðum Grágásar og Jónsbókar skyldu þeir bera boð um þinghald milli bæja.[42] Höfuðskyldan hefur þó fyrr og síðar falist í skattgreiðslum.

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97.[43] Tíund var í reynd 1% eignarskattur sem lagður var á jarðnæði bænda og flestar aðrar eigur landsmanna. Með jarðabókum á 17. öld og síðar leituðust stjórnvöld við að fá sem gleggsta hugmynd um skattskyldar jarðeignir í landinu og verðmæti þeirra og eru dæmi um að reynt hafi verið að meta jarðir að nýju til að komast sem næst raunvirði þeirra. Sjá nánar í kafla 5.2.

Notkun hugtaksins *jörð* í löggjöf hefur verið breytileg og á stundum óljós. Þannig bregður fyrir hugtakinu *aðalbóli* í Grágás og *höfuðbóli* í Jónsbók þegar rætt er um þær jarðir sem síst skyldi farga undan ættargóssi. Hugtakið *staður* er einnig víða notað í heimildum um sérstakan flokk kirkjujarða. Það táknaði fyrst og fremst full eignarráð kirkjustofnunar yfir heimalandi sínu.[44]

---

síðan beinlínis að það sé forn regla í íslenskum rétti að hver maður eigi vatn og veiði fyrir sinni jörð, sbr. 56. kap. llb. Jónsbókar.

[39] Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 194–196 (6. og 60. k. llb.).

[40] Sjá *Grágás* 1992, s. 345 (48. k. lbþ.). *Jónsbók* 1904, s. 135–136 (6. og 7. k. llb.).

[41] Sjá 3. k., 8.–10. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi (*Lovsamling for Island*. 5. b. Kaupmannahöfn 1855. S. 454–455), 1. mgr. 3. gr. og 13. gr. námulaga, nr. 61/1907, 1. gr. námulaga, nr. 24/1973 og 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998.

[42] *Grágás* 1992, s. 182 (42. k. um fjárleigur). *Jónsbók* 1904, s. 106–108, 110–112 (29. og 32. k. ffb.).

[43] Sjá einnig t.d. lög um fasteignamat, nr. 22/1915, 3/1938, 70/1945, 28/1963, 94/1976, 6/2001.

[44] Sbr. Magnús Stefánsson 2000: *Staðir og staðamál. Studier i islandske egenkirkelige og beneficialrettslige forhold i middelalderen*. I. Bergen. S. 35.

Í Grágás og Jónsbók er ekki minnst á hjáleigur enda var leiguliða óheimilt að leigja út frá sér nema með leyfi landeiganda.[45] Ekkert virðist þó hafa verið því til fyrirstöðu að sjálfseignarbóndi leigði öðrum skika af landi sínu. Sjálft hugtakið *hjáleiga* kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en í byrjun 15. aldar.[46] Fram að þeim tíma voru önnur hugtök notuð eins og *heimalönd*, *smálönd* og *hjábýli.*[47] Hjáleigubyggð mun fyrst hafa myndast á 13. öld en vaxið mjög á 14. öld.[48]

Sumar hjáleigur urðu til í sellöndum þegar reynt var að breyta selstæði í varanlegan bústað.[49] Á grundvelli nýlegra rannsókna hefur þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Þar er jafnframt dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.[50] Um þetta verður þó varla fullyrt nema hvert tilvik sé skoðað sérstaklega.

Hvernig sem til hjáleigubúskapar var stofnað í öndverðu var lengi ekki gert ráð fyrir að hjáleigur væru tíundaðar sérstaklega í jarðabókum. Það er ekki fyrr en í tilskipun um nýtt jarðamat frá 1. september 1848 að kveðið er á um að hjáleigur skuli metnar sem sérstakar jarðir ef þær hafi sín sérstöku landmerki og virðist þeirri reglu hafa verið fylgt í löggjöf eftir þann tíma.

*Lögbýli* var annað hugtak yfir jörð og þá gjarnan notað til að greina á milli *heimajarðar* og hjáleigu. Elstu dæmi þess í Orðabók Háskólans eru frá 16. öld. Í Grágás kemur þó fyrir hugtakið *lögbú* þegar rætt er um þá menn sem rétt sé að kveðja til búakviðar, en merkingin er að öðru leyti óljós. Í Jarðabók Árna og Páls má einnig sjá þess merki að lögbýli hafi verið skilgreint sem jörð er ætti skyldurekstur á afrétt.[51] Þau

[45] *Grágás* 1992, s. 344 (48. k. lbþ.).

[46] *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 660 (árið 1401). Ólafur Lárusson (1944) telur elstu öruggu heimildina þar sem *hjáleiga* kemur fyrir vera frá 1431 (*Byggð og saga*. Reykjavík. S. 55).

[47] Árni Daníel Júlíusson, 1996: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund*. Kaupmannahöfn. S. 94.

[48] Helgi Þorláksson, 1991: *Vaðmál og verðlag*. Reykjavík. S. 462–463.

[49] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 398. *Jarðabók Árna og Páls* 5 (Kph. 1931–1933), s. 98. *Jarðabók Árna og Páls* 6 (Kph. 1938), s. 231. *Jarðabók Árna og Páls* 7 (Kph. 1940), s. 232. *Jarðabók Árna og Páls* 8 (Kph. 1926), s. 382, 398, 431. *Jarðabók Árna og Páls* 9 (Kph. 1930), s. 335. *Jarðabók Árna og Páls* 10 (Kph. 1943), s. 4, 298. *Jarðabók Árna og Páls* 11 (Kph. 1943), s. 13, 66, 96, 98, 111, 123, 148, 153, 225, 252, 257, 272, 280, 333, 347, 368.

[50] Hitzler, Egon 1979: *Sel – Untersuchungen zur Geschichte des isländischen Sennwesens seit der Landnahmezeit.* Ósló. S. 213–215, 226.

[51] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 13. b. *Fylgiskjö*l. Reykjavík. S. 24.

hugtök sem hér hefur verið gerð grein fyrir lýsa mismunandi tegundum jarða en veita ekki frekari vitneskju um eignarréttarlega þýðingu hugtaksins jörð í samanburði við hugtökin afréttur og almenningur.

Þá kemur til athugunar hvort land innan jarðar geti haft mismunandi eignarréttarlega stöðu.

Hugtakið *heimaland* kemur víða fyrir í heimildum, ekki síst máldögum. Í Jónsbók birtist það fyrst í fyrirsögn 53. kafla landsleigubálks: „Um afréttarfé ef það gengur í heimaland.“ Einnig er minnst á það í réttarbót Hákonar Magnússonar konungs árið 1305:

> Þat er góðr vilji várr um geldfé at þat sé sektalaust í heimalǫndum ef hreppstjórar og grannar lofa ok gefa enga sǫk á því.[52]

Hér sýnist *heimaland* merkja jörð aðskilda frá því landsvæði þar sem geldfé gengur að jafnaði, þ.e. afrétti.

Í máldögum er heimaland haft um þá jörð sem kirkja stóð á, stundum til aðgreiningar frá öðrum jörðum sem eignaðar voru kirkjunni. Í yngri heimildum eru þó dæmi um að heimaland hafi verið sérstök bújörð, aðskilin frá þeirri jörð sem hún heyrði undir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir t.d. um jörðina Íshól í Ljósavatnshreppi að hún sé eign staðarins í Laufási og kallist „heimaland þess staðar“, þó að þaðan liggi næstum hálf önnur þingmannaleið, eða 50 km, til Íshóls.[53]

Einnig hefur verið bent á að í heimildum frá 18. öld virðist *heimaland* stundum vera haft um „einskonar millistig á milli lögbýlis og hjáleigu, þó skyldara hjáleigu“. Býli sem á þennan hátt nefnist heimalönd í fyrrgreindum heimildum séu einatt mjög forn hjálönd eða hjáleigur sem byggst hafi áður en kom til hinnar eiginlegu hjáleigubyggðar. Venjuleg merking orðsins heimaland sé önnur, þ.e. afmörkuð landareign ákveðinnar, einstakrar jarðar heima fyrir, gagnstætt afrétti.[54]

Hugtök þau sem hér hefur verið fjallað um koma víða fyrir í fjallskilareglugerðum án þess að þau séu skilgreind nánar. Þó er að finna undantekningar eins og fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu, nr. 88/1892, en þar segir meðal annars svo í 4. gr.:

> *Heimalönd*. Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorið af annarri landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aftur skipta í tvennt:

[52] *Jónsbók* 1904, s. 292.

[53] *Jarðabók Árna og Páls* 11, s. 143.

[54] Björn Teitsson,1973: *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu 1703–1930*. Reykjavík. S. 78–79.

*a. Búfjárhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hér með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staflið.

*b. Útlenda* kallast hér sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjárhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fé, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt.[55]

Í tilvitnaðri fjallskilareglugerð er gert ráð fyrir að útlenda sé hluti heimalands. Sami eða svipaður skilningur kemur reyndar fram í nýbýlatilskipuninni 15. apríl 1776 þegar fjallað er um „útlendi" eignarlanda en þar skyldi jarðeigandinn hafa forgangsrétt til að byggja upp nýbýli. Einnig er rétt að benda á það sem Þorvaldur Thoroddsen segir í riti sínu Lýsing Íslands að útlendur „[heiti] þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum".[56]

Í löggjöf tuttugustu aldar gætir þess í sívaxandi mæli að þær fasteignir eða fasteignaréttindi sem áður höfðu án sundurgreiningar verið felld undir jarðarhugtakið séu flokkaðar og skipt upp með nýjum hætti. Í fjölda laga er vikið að hugtökunum jörð, lögbýli, landareign lögbýla, eyðijarðir og heimaland jarða. Settar eru fram ýmsar skilgreiningar, sem oft vísa til annarra laga að einhverju leyti.[57]

Niðurstaða óbyggðanefndar er sú að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi farið með umráð og hagnýtingu, ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland almennt.

Landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Heimaland jarðar sýnist að jafnaði hafa tekið til alls lands henni tilheyrandi, gagnstætt hins vegar afréttum. Ekki virðist almennt hafa verið gert ráð fyrir skiptingu jarðar í heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og annað land, úthaga eða afréttarland, í takmarkaðri notum. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar undir einstakar jarðir lá

---

[55] *Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1892*. B-deild. Reykjavík 1892. S. 140.

[56] Þorvaldur Thoroddsen, 1919: *Lýsing Íslands*. 3. b. Kaupmannahöfn. S. 189.

[57] Sjá t.d. vatnalög, lög um lax- og silungsveiði, jarðalög, ábúðarlög og lög um fasteignamat.

eða liggur sjálfstætt afréttur, sjá einnig kafla 4.4. og 4.5. Í slíkum tilvikum er þó oft fyrir að fara glöggum og óumdeildum merkjum milli heimajarðar og afréttar, sbr. t.d. afréttina Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Af slíkum einstökum dæmum verða hins vegar engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar. Sýnist þvert á móti mega leggja þá meginreglu til grundvallar að heimaland jarðar nái til alls lands henni tilheyrandi, nema sérstök frávik leiði til annars.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.

Þó svo að hugtakanotkun hafi ekki fyrr og síðar verið samræmd milli einstakra laga á þessu sviði, er ekki þar með sagt að hún stangist á. Mestu máli skiptir í þessu sambandi að við það mat sem fram fer fyrir óbyggðanefnd sýnist eftir sem áður mega líta til hinnar fornu og almennu skiptingar í *jarðir, afrétti* og *almenninga*, þar sem *jörð* hefur þá réttarstöðu og réttarsögulegu stöðu, sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

### 4.3. Almenningar

Hugtakið almenningur hefur haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að almenningar séu á landi, hafi og í vötnum en hugtakið hefur allt eins verið notað um ítaksrétt, t.d. rétt til nytja af skógi eða fjöru.[58] Eftirfarandi umfjöllun miðast fyrst og fremst við landalmenninga, þ.e. afmarkað landsvæði. Um slík landsvæði giltu tilteknar reglur sem einkum vörðuðu rétt til beitar, veiði og reka.

Fræðimenn hefur greint á um hvernig háttað sé eignarrétti að almenningum og hvort þá sé fyrst og fremst að finna inn til lands eða út við haf.[59] Sett hefur verið fram sú kenning að land sé annað hvort eignarland eða almenningur. Almenningar séu svæði inn til lands sem fjórðungsmenn hafi átt saman á grundvelli Grágásar og síðar Jónsbókar. Þar væri um að ræða sektarfé til fjórðungsmanna, land sem varð eftir þegar farið var að setja merki á milli býla, eða ónumið land.[60] Eignarrétturinn hefði flust yfir til ríkisins ekki síðar en við gildistöku nýbýlatilskipunarinnar 1776. Hugtakið afréttur fæli einvörðungu í sér ítaksrétt í almenningsland, þ.e. ríkisland, að þeim tilvikum

[58] Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn.* 2. b. Kaupmannahöfn 1893. S. 305, 310, 620, 708, 866, 868–869. *Íslenskt fornbréfasafn.* 4. b. Kaupmannahöfn 1897. S. 141. *Íslenskt fornbréfasafn.* 9. b. Reykjavík 1909–1913. S. 642.

[59] Sbr. Þorvaldur Thoroddsen 1919, s. 187–189.

[60] Bjarni Jónsson frá Vogi, 1917–1919: *Almenningar og afrjettir.* Nefndarálit meiri hluta Fossanefndar (B). S. 20–22, 24. Sjá hins vegar Eggert Briem, 1917: „Um afrjettir og almenninga." *Lögrjetta* 11. apríl 1917. S. 61–62.

undanskildum þegar um beitiland tilheyrandi einstökum jörðum væri að ræða.[61] Ítaksrétturinn fæli fyrst og fremst í sér rétt til beitar og veiði. Þessum sömu sjónarmiðum var haldið fram af hálfu ríkisins í H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) en var hafnað.

Einnig hafa komið fram gerólíkar kenningar um almenninga. Almenningar hafi legið við sjó og verið veiðistöðvar en ekki grasnytjar eða upprekstrarlönd til fjalla. Þeir hafi orðið til löngu eftir að landið var numið, með samkomulagi við landeiganda. Alþýða manna í fjórðungnum hafi þá öðlast þar þau réttindi sem lög gerðu ráð fyrir í almenningum, yfirleitt gegn greiðslu tolls.[62]

Helsta ákvæði Grágásar um almenninga hljóðar svo:

> Það er mælt að almenningar eru á landi hér. Það er almenning er fjórðungsmenn eiga allir saman. Þar eiga menn að fiskja og fygla svo að koma þangað er mánaður lifir vetrar og vera þar sjö mánaði. Þá skal almenning liggja fimm mánaði svo að sá einn skal þá beita er næstur býr. Þar eiga menn að höggva við og telgja og færa til skips eða búða, og er þá heilagur viðurinn.[63]

Helsta ákvæði Jónsbókar um almenninga hljóðar svo:

> Þat eru almenningar er at fornu hafa verit. Sætr má hverr þeira gera er þann almenning eigu er vill at sitja í sumarsetri, ef þat er ór búfjárgangi. En ef tveir menn ganga báðir í eina sláttu senn, hafi báðir þat er þeir slá. En ef þá skilr á, hvárr þeira fyrri orti á, hafi sá sitt mál er sannar með einseiði, nema hinn hafi fleiri vátta í móti. Fiskivǫtn ǫll i almenningi eru ǫllum jafnheimil; þar megu menn fiskja ok fygla. Engi skal beita almenning frá krossmessu á vár ok til Bótólfsvǫku; þar eigu menn at telgja við ok fœra til skips eða búða, ok er þá heilagr viðrinn. Nú koma menn þar ǫðru skipi ok fá eigi þar farm, en aðrir hafa meirr en farm sínu skipi, hvárt er þat er viðr eða hvalr, þá er rétt at þeir taki farm sínu skipi, ok bœti hinum fyrir starf sitt. Nú kemr hvalr, þá er menn eru í almenningi, þá skal boð upp skera sá er næstr býr ok láta fara alla vega sem dagr deiliz; sekr er hann sex aurum við konung, ef hann skerr eigi boð upp, en eyri hverr er fellir, nema nauðsyn banni...[64]

Samkvæmt Jónsbók var gerður sá meginmunur á almenningum og afréttum að í þeim fyrrnefndu mátti slá og gera sel en í þeim síðarnefndu ekki.[65]

Því hefur verið haldið fram að ýmis ákvæði Jónsbókar um almenninga upp til fjalla miðist við aðstæður í Noregi en ekki á Íslandi.[66] Í því sambandi hefur verið bent

---

[61] Bjarni Jónsson frá Vogi 1917–1919, s . 27–30.

[62] Eggert Briem 1917, s. 61–62.

[63] *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).

[64] *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).

[65] *Jónsbók* 1904, s. 176, 193 (46. og 59. k. llb.).

á beina samsvörun tveggja helstu ákvæða Jónsbókar um þetta efni, í 52. og 59. k. llb., við norsk lög.[67] Óvíst er því að hve miklu leyti þau hafa haft raunverulega þýðingu hér á landi, a.m.k. er ljóst að afréttarsvæði er að finna víða um land en almenninga „hið efra“ sér lítinn stað. Að löggjöf frátalinni eru heimildir um þá ekki aðrar en örnefni á stöku stað. Heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru hins vegar all-nokkrar. Þá sjaldan vísað er í fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar virðist hafa verið um slíka almenninga að ræða.[68] Hins vegar verður ekki séð að almenningur hafi almennt verið notað um óbyggð svæði sem enginn hafði nytjar af. Um slík svæði virðist fremur hafa verið notað orðið óbyggðir, stundum e.t.v. einnig öræfi.[69]

Þess eru samt sem áður ýmis dæmi í síðari tíma löggjöf að fjallað sé um almenninga.[70] Hugtakið er þá oft notað í mun víðtækari merkingu en áður. Þannig er gert ráð fyrir að almenningar séu landsvæði sem enginn aðili geti talið til einstaklings-eignarréttinda yfir.[71] Ekki er þá gerður greinarmunur á annars vegar almenningum skv. hinum eldri skilningi hugtaksins, og hins vegar öræfasvæðum, sem engar hefðbundnar nytjar eru af.[72]

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram.[73] Heimildir skortir hins vegar um hvernig það kann að hafa gerst. Í

---

[66] Eggert Briem 1917, s. 61–62.

[67] Sjá eldri Frostaþingslög (k. XIV, 7 og 8) og landslög Magnúsar Hákonarsonar (llb., 61. k.) í *Norges gamle love indtil 1387*. 1. b. Christiania 1846. S. 250–251. *Norges gamle love indtil 1387*. 2. b. Christiania 1848. S. 144–145.

[68] Sjá t.d. *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 485. Að vísu kemur hugtakið almenningur fyrir sem afmarkað beitiland í svonefndum Þjórsártungudómi, en um sanngildi hans leikur vafi. Sbr. Aðalgeir Kristjánsson og Stefán Karlsson, 1979: „Fimm hundruð ára dómur eða fals?“ *Gripla* III. S. 104–114.

[69] Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 43.

[70] Sjá t.d. 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1879 ásamt fylgiskjölum þeirra laga, 4. gr laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 4. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

[71] Gaukur Jörundsson, 1982–1983: *Eignaréttur* II, s. 133. Þorgeir Örlygsson: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 576. Sjá einnig 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954; 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966; 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; 8.–1. gr. tilskipunar frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi. Sjá einnig 1. gr. námulaga, nr. 50/1909.

[72] Sbr. t.d. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 5/1882, 1. mgr. 1. gr. landamerkjalaga, nr. 41/1919.

[73] Ólafur Lárusson, 1950: *Eignarréttur.* Reykjavík. S. 83.

því sambandi má benda á að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru jöfnum höndum notuð orðin afréttur og almenningur eða almenningsafrétt, þegar um er að ræða afrétt sem margir nota sameiginlega.[74] Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Ekki er þó útilokað að slík landsvæði finnist og eins getur hugtakið haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum.

## 4.4. Afréttir

Uppruni hugtaksins *afréttur* er óljós en sett hefur verið fram sú kenning að afréttur hafi í upphafi merkt þá athöfn að reka geldfé úr heimahögum til fjarlægara beitilands. Síðar hafi það að auki farið að merkja réttinn til að reka fé í þetta beitiland. Loks hafi þriðja merkingin komið við hlið hinna, þ.e. svæðið sem rekið var á.[75]

Afréttur hefur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland.[76] Þessi skýring virðist komast einna næst því sem sagt er um afrétti í Grágás og Jónsbók.[77]

Allt frá tíma Grágásar hafa íslensk lög fyrst og fremst gert ráð fyrir að afréttur væri afmarkaður frá aðliggjandi jörðum, fremur en að þess gerðist þörf að hann væri skýrt afmarkaður í heild sinni. Í kafla 4.2. var gerð grein fyrir ákvæðum Jónsbókar um úrlausn ágreinings er „kallar annarr sér, annarr afrétt eða almenning“ og merkjalýsingu (eða merkjagöngu) við sölu lands. Sá er næstur bjó afrétt gat stefnt þeim við sig til garðlags er afréttinn áttu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.[78] Ákvæði Grágásar voru mjög keimlík því sem hér hefur verið lýst en ekki eins ítarleg. Í landamerkjalögum, nr. 5/1882, er einungis kveðið á um að landamerkjum afrétta og annarra óbyggðra lendna skuli haldið við „að því leyti því verður við komið“. Skylda jarðeigenda til merkjasetningar, viðhalds merkja og skrásetningar þeirra er hins vegar afdráttarlaus. Landamerkjalög, nr. 41/1919, sem enn gilda, verður að skilja svo að landamerki afrétta skuli skrásett. Hins vegar kemur skýrt fram að einungis skuli setja merki og halda við merkjum ef sá krefst þess sem land á að afrétti. Enn sem fyrr

[74] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 12. b. Atriðisorðaskrá. Reykjavík 1990. S. 7 (almenningsafrétt, almenningur).

[75] Bjarni Jónsson frá Vogi 1917–1919, s. 43.

[76] Efnislega svo í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. Sjá jafnframt 1. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998.

[77] *Jónsbók* 1904, s. 176–177, 187 (46. og 54. k. llb.). Sbr. einnig Grágás 1992, s. 330–331, 340, 342 (38., 44. og 46. k. lbþ.).

[78] *Jónsbók* 1904, s. 187 (54. k. llb.).

miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Síður er talin þörf á að afmarka afrétti í heild sinni með skýru móti. Sjá nánar í kafla 5.5.

Ætla má að sum afréttarlönd hafi legið innan upphaflegra landnáma. Önnur hafa legið utan þeirra. Sú kenning hefur verið sett fram að réttur til afrétta hafi í upphafi orðið til með afnotanámi á landi sem hvorki var háð eignarrétti einstaklinga né ríkis.[79] Af heimildum verður hins vegar ekki ráðið að landnámsmenn hafi numið land til annars en fullrar eignar. Afréttir virðast þannig hafa orðið til á þrennan hátt. Í fyrsta lagi er mögulegt að landsvæði hafi verið numið, gengið kaupum og sölum og fyrr eða síðar verið lagt til afréttar. Í öðru lagi getur verið um það að ræða að land hafi verið numið en beinn eignarréttur ekki yfirfærst og fallið niður. Í aldanna rás hafi menn óátalið farið að nýta svæðið sem afrétt. Í þriðja lagi kann ónumið landsvæði að hafa verið tekið til afnota sem afréttur, enda þótt með óformlegum hætti væri.

Með tilliti til uppruna afrétta má flokka þá í þrennt. Í fyrsta lagi er um þá afrétti að ræða sem kalla má *samnotaafrétti*. Þar er um að ræða afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Sýnast afréttir þeir sem lögbækurnar tóku til einkum falla í þennan flokk. Óhætt sýnist að álykta sem svo að hluti þeirra landsvæða, a.m.k., sem viðkomandi afréttir taka og/eða tóku til hafi legið utan þeirra svæða sem numin voru en eignarheimildir snemma fallið niður, hafi svo verið. Rétturinn til þeirra hafi orðið til með því að íbúar byggðarlagsins hafi tekið viðkomandi landsvæði, sem legið hefur utan þáverandi byggðarmarka, til sumarbeitar fyrir búpening og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota.

Í öðru lagi er um að ræða *afrétti einstakra jarða og stofnana*, en þar er um þá afrétti að ræða sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Rekstur annarra aðila var þá heimill skv. venjum og samningum, en gegn greiðslu afréttartolls. Umræddir afréttir eru að megin-stefnu til skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða í sumum tilvikum af öðrum fasteignum. Tilurð þessara afrétta er ekki með öllu ljós en þeim skýringum hefur m.a. verið hreyft að umræddir afréttir hafi verið hluti af landnámi einstakra landnámsjarða, en vegna legu sinnar, landkosta og búskaparhátta verið nýttir til upprekstrar.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða að land eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lagt til afréttar.

Eignarréttarleg þýðing hugtaksins í löggjöf hefur verið á reiki. Hefðbundin greining gerir ráð fyrir að afréttir verið flokkaðir í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða afrétti sem eru fullkomið eignarland, t.d. þegar lönd jarðar hafa verið lögð til afréttar. Í öðru lagi geta afréttir verið í afréttareign, og hún eingöngu talin fela í sér þrengri eignarráð, fyrst og fremst beitarrétt og veiði. Í þriðja og síðasta lagi er um að ræða

[79] Þórður Eyjólfsson: „Um afrétti og réttindi, sem afréttareign fylgja.“ September 1970 (ópr. fjölr.). S.1.

afréttarítök sem felast þá í rétti jarðar eða jarða til uppreksturs á afrétt tilheyrandi annarri jörð eða stofnun, oftast gegn gjaldi. Sá afréttur getur verið hvort heldur er háður beinum eignarrétti eða einungis afréttareign, sbr. fyrri flokkana tvo. Hugtakið afréttareign getur svo haft víðtækari skírskotun, þ.e. framangreint afbrigði takmarkaðra eignarréttinda að landi.

Þá kemur til skoðunar hver hafi verið réttur manna til landsnytja innan afrétta (og almenninga). Þar verður einna helst litið til þeirra landsnytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. beitar, reka, veiði, vatns og jarðefna, sbr. kafla 4.2.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hefur verið kveðið á um það í löggjöf hverjir mættu reka á afrétt, hvenær, hversu lengi mætti beita þar og hverjar skorður yrðu settar við fjölda fjár. Ákvæði Grágásar og Jónsbókar miðuðust við afrétt er menn „eigu tveir eða fleiri saman.“ Samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969 áttu „allir búfjáreigendur, sem landsafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði...“ upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem lá undir einstaka jörð eða stofnun, fór hins vegar eftir fornri venju eða samningum. Sömu reglur er að finna í núgildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.[80] Sjá nánar í kafla 4.7.

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru rýmri en varðandi afréttina. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur, sjá nánar í kafla 4.9.[81]

Í Grágás er kveðið á um rétt manna til að veiða í almenningum.[82] Sams konar ákvæði voru í gildi samkvæmt Jónsbók.[83] Ekki er minnst á afrétti sérstaklega í þessu sambandi. Árið 1849 er gefin út tilskipun um veiði á Íslandi og réttur til veiði á afréttum, sem fleiri eigi saman, bundinn við þá menn sem afrétt heyri til en í almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil.[84] Með lögum nr. 63/1954 eru reglur um fuglaveiðar rýmkaðar mjög og öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaðar fuglaveiðar í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Heimild til dýraveiða í almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, er veitt íslensk-

[80] *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbþ.). Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 42/1969, 7.–8. gr., og nr. 6/1986, 7.–8. gr.

[81] *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). Grágás 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).

[82] *Grágás* 1992, s. 349, 369 (50. og 74. k. lbþ.).

[83] *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.).

[84] Sjá 2. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

um ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili hér á landi með lögum nr. 64/1994.[85]

Engin sérákvæði hafa verið í íslenskri löggjöf um vatnsréttindi á afréttum og almenningum. Miklar deilur urðu um það í byrjun síðustu aldar hvernig eignarrétti að vatni væri háttað, í tilefni af auknum möguleikum til nýtingar vatnsorku. Lyktir urðu þær að í vatnalögum, nr. 15/1923, er sett sú almenna regla að vatnsréttindi fylgi eignarrétti að landi. Þess skal þó getið að við undirbúning vatnalaganna var Fossanefndin svokallaða sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna.[86]

Með vatnalögum, nr. 15/1923, var heimild til veiða í vötnum á afréttum og almenningum, sem héruð ættu eða notuðu með löglegri heimild og væru ekki einstaks manns eign, bundin við héraðsmenn. Öllum var hins vegar heimil veiði í vötnum á afréttum og almenningum og öðrum lendum utan landareigna lögbýla, enda gæti enginn sannað einstaklingsréttar heimild til þeirra. Umrædd regla þótti ekki fyllilega skýr og var það fyrst með dómi Hæstaréttar í Landmannaafréttarmálinu, H 1955 108 og með gildistöku 5. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 53/1957 sem tekið var af skarið um það, og án tillits til þess hvort að fyrir lægi sönnun um eignarrétt að viðkomandi landsvæði, að veiði í vötnum á afrétti tilheyrði búendum sem upprekstrarrétt ættu á afréttinn til búsþarfa á sama hátt sem verið hefði enda væri veiðiréttur í þeim vötnum ekki í einkaeign, sbr. nú 5. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Allt að einu þykir verða að skýra 5. gr. lax- og silungsveiðilaga til samræmis við eignarhald viðkomandi afréttar/landsvæðis og að hún samkvæmt hljóðan sinni taki fyrst og fremst til samnotaafrétta. Lúti viðkomandi landsvæði, þ.e. afréttur beinum eignarrétti er veiðirétturinn að sama skapi á hendi þess sama aðila og fer með hinar beinu eignarréttarheimildir, skv. meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 76/1970, einstaklinga, sveitarfélaga eða annarra. Sé afréttarland ekki undirorpið beinum eignarrétti, en allt að einu í afréttareign ákveðinna aðila, sbr. flokkunin í afrétti kirkna og stofnana hér að framan og afréttareignin eftir atvikum verið framseld sem slík, þá er ástæða til þess að ætla að veiðiréttur sé á hendi þess aðila sem er handhafi afréttareignarinnar. Á öðrum þeim landsvæðum sem hvorki falla í flokk afrétta né sýnt verði

[85] Sjá 2. mgr. 5. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 63/1954, 2. mgr. 5. gr. laga fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966 og 1. mgr. 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

[86] Nefndarálit minnihluta Fossanefndar, bls. IV og 32 og Nefndarálit meirihluta Fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. þess frumvarps og athugasemdir við þær greinar.

fram á tilvist einstaklingseignarréttarheimilda til veiði þá tilheyrir veiðiréttur, að óbreyttu, íslenska ríkinu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 58/1998.[87]

Í Grágás og Jónsbók er ekki fjallað um rétt til jarðefna utan eignarlanda. Með tilskipun frá árinu 1878 er mælt fyrir um heimild hvers og eins til hagnýtingar tilgreindra jarðefna á fjöllum, þjóðvegum og öðrum stöðum, sem einskis eign væru. Árið 1907 er kveðið á um það í lögum að landssjóður teljist námueigandi í „afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika".[88]

Skyldur þeirra er hagsmuna hafa átt að gæta á afréttum hafa fyrst og síðast falist í að fylgja lagareglum, samþykktum eða samningum um tilhögun nýtingarinnar. Heimildir benda ekki til þess að afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts fyrr en á 20. öld. Sjá nánar í kafla 5.2.

Frá tíma nýbýlatilskipunarinnar 1776 má, a.m.k. framan af, merkja þann mun á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana að löggjafinn hefur talið sig hafa rýmri heimildir til að skipa málum á hinum fyrrnefndu.[89] Í nýbýlatilskipuninni er einn flokkur óbyggðra landsvæða nefndur *afréttaralmenningur,* sbr. kafla 4.3. Það hugtak á sér eldri sögu og kemur m.a. fyrir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í svipaðri merkingu og *samnotaafréttur.* Í nýbýlatilskipuninni virðist ekki gert ráð fyrir að afréttaralmenningar séu háðir beinum eignarrétti en viðurkennt að eigendur og ábúendur nærliggjandi jarða kunni að eiga þar einhvern nýtingarrétt.

Í 1. gr. nýbýlalaga, nr. 15/1897, sem við tóku af nýbýlatilskipuninni segir svo:

> Nýbýli má stofna á eyðijörðum og í öðrum óbyggðum löndum, er enginn getur sannað sína eign. Svo má og stofna nýbýli í afrjettum, er sveitarfélög eiga, og almenningum, ef sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga er afrjettina eiga eða eiga

---

[87] Sjá 123. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, lög um lax- og silungsveiði, nr. 61/1932; lög um lax- og silungsveiði, nr. 112/1941; 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957 og 5. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

[88] Sbr. tilskipun frá 13. júní 1787 um verslunar og siglingamálefni á Íslandi, 8.–10. gr.; 13. gr. námulaga, nr. 61/1907; og 1. gr. námulaga, nr. 50/1909. Í síðari löggjöf um þetta efni er ekki fjallað sérstaklega um afrétti og almenninga.

[89] Skýr dæmi um þetta má sjá í 1. og 4. gr. nýbýlalaga frá 1897, hugsanlega 2. gr. veiðitilskipunar frá 20. júní 1849, 1. og 13. gr. námulaga nr. 61/1907, 1. mgr. 12. gr. laga um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28/1963, 7. og 8. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, sbr. greinargerð með upphaflegu frumvarpi til þeirra laga. Auk þess má benda á þau gögn sem lágu til grundvallar þingsályktunartillögum frá 1917 og 1919 og svo sjálfum vatnalögunum frá 1923. Það veldur þó vafa að í viðkomandi lögum eru ekki alltaf gerðir fyrirvara vegna þeirra landsvæða eða afrétta sem sveitarfélög hafa eignast á síðari tímum og eiga hugsanlega fullkomnar eignarheimildir fyrir.

hagsmuna að gæta í almenningnum, leyfa það, og sýslunefndin veitir til þess samþykki sitt.

Í 2. gr. laganna er kveðið sérstaklega á um það að nýbýlingur skuli láta vita um fyrirætlun sína ef hann vilji stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbyggðu landi og var þá gefinn sex mánaða frestur ef einhver vildi gefa sig fram með heimildarskírteini fyrir landinu.

Í upphaflegu frumvarpi til nýbýlalaga var ekki miðað við afrétti sveitarfélaga heldur afrétti ótilgreint. Stjórnarráðið taldi það hins vegar ekki ætlun þingsins að lögin tækju til afrétta sem væru eign einstakra aðila, jarða eða kirkna og því var orðalagi ákvæðisins breytt til þessa horfs.

Á sama tíma sýnast afréttir einstakra jarða og stofnana hafa verið aðgreindir frá samnotaafréttum og þá yfirleitt ekki neinir fyrirvarar gerðir varðandi grunneignarrétt jarðeigandans. Sama afstaða endurspeglast og í þeim sölum ríkisjarða sem áttu sér stað á fyrstu áratugum aldarinnar en þá voru afréttir einstakra jarða og stofnana seldir, að því er virðist sem bein og fyrirvaralaus eignarlönd.[90] Breytingar má þó merkja í síðari tíma löggjöf þar sem ekki virðist gerður neinn grundvallarmunur á samnotaafréttum og afréttum einstakra jarða og stofnana.[91]

Dómstólar hafa frá árinu 1955 fjallað um eignarréttartilkall einstaklinga, sveitarfélaga og ríkis til einstakra afrétta.[92] Í H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri) og H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari) var tekist á um eignarréttartilkall að Landmannaafrétti. Í fyrra málinu var beinu eignarréttartilkalli afréttarhafa hafnað, enda voru þeir ekki taldir hafa sýnt fram á tilvist slíks réttar, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Afnot sem falist hefðu í sumarbeit fyrir sauðfé, veiði og öðrum takmörkuðum notum styddu ekki eignarréttartilkall í beinni merkingu. Í H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur), H 1971 1137 (Reyðarvatn) um afrétt Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði) var eignarréttartilkalli afréttarhafa í öllum tilvikum hafnað.

Auk þeirra atriða sem réðu tilhögun sönnunarbyrði í Landmannaafréttardóminum fyrri sýnast lega, staðsetning og landshættir hafa áhrif, sem og upplýsingar sem raktar verða til Landnámu og þá eru gerðar kröfur um heimildir varðandi órofa framsal réttinda yfir viðkomandi afréttum. Afsöl og/eða aðrar eignarheimildir sýnast þá ekki heldur duga einar og sér heldur eru þær kröfur gerðar að meintur rétthafi sýni fram á að sá sem afsalaði hafi í raun verið réttilega komin að umræddum réttindum. Í

---

[90] Sjá H 1994 2227 (Geitland) og H 1997 1162 (Auðkúluheiði).

[91] Í dæmaskyni má benda á að samkvæmt ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1966 um fuglaveiði og fuglafriðun og 2. gr. námulaga nr. 24/1973, sbr. athugasemdir með þeirri grein, sýnist sönnunarbyrðin um beinan eignarrétt að afrétti í öllum tilvikum hvíla á þeim aðila, sem heldur slíkum rétti fram.

[92] Sjá jafnframt Lyfrd. eldri VII-223 og Lyfrd. yngri V-327.

H 1971 1137 (Reyðarvatn) var eignarréttur Andakílshrepps að afrétti sínum staðfestur en til afréttarins hafði sérstaklega verið lögð Gullberastaðatunga, úr landi jarðarinnar Gullberastaða. Til athugunar í því sambandi er einnig niðurstaðan í H 1975 55, landamerkjamáli á Arnarvatnsheiði, þar sem engir fyrirvarar voru a.m.k. gerðir um eignarrétt Hálsa- og Reykholtsdalshreppa að afrétti sínum, landsvæði sem fyrrum hafði verið skipt út úr jörðinni Kalmanstungu.

Séu framangreindir dómar skoðaðir með hliðsjón af því sem áður greindi um flokkun afrétta með tilliti til uppruna virðist óhætt að fella Landmannaafrétt undir *samnotaafrétt*, sbr. H 1955 108 og H 1981 1584. Þá sýnast afréttir Lundarreykjadalshrepps austan Reyðarvatns, Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði verða felldir undir flokkinn *afréttir einstakra jarða og stofnana*, sbr. H 1971 1137, H 1997 1162, H 1997 1183 og að auki H 1969 510 (Nýjabæjarafréttur). Loks virðast Gullberastaðatunga við Reyðarvatn og Kalmanstunguland á Arnarvatnsheiði dæmi um það að *lönd eða hluti lands einstakra jarða hafi verið lögð til afréttar*, sbr. H 1971 1137 og H 1975 55.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarbeit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem lagt hefur verið til afréttar vísast til kafla 4.2. um hugtakið *jörð*, sbr. einnig H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).

### 4.5. Jörð eða afréttur?

Hér hefur að framan verið gerð grein fyrir þeirri flokkun lands sem byggt var á fram að gildistöku þjóðlendulaga og fól í sér skiptingu í jarðir, afrétti og almenninga. Í kafla 4.2. kemur fram að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Um hugtakið jörð segir einnig að þó svo hvorki verði ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt sé gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu, annars vegar heimaland, undirorpið sérstakri og meiriháttar nýtingu, og hins vegar annað land, úthagi eða afréttarland í takmarkaðri notum, þá finnist allt að einu einstök dæmi um slíka skiptingu. Af slíkum dæmum verði þó engar almennar ályktanir dregnar um mismunandi eignarréttarlega stöðu lands innan jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. Í fyrsta lagi samnotaafrétti, þ.e. þá afrétti sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi afrétti einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lögpersónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Umræddir afréttir eru að meginstefnu skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærilegar sönnunarkröfur og um eignarhald að landi jarða yfirleitt.

Til viðbótar og fyllingar þessum meginforsendum er óhjákvæmilegt að huga nokkru nánar að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka. Innan merkja jarða kunna að finnast svæði sem kölluð eru afréttur en hafa þó ekki sjálfstæða afmörkun. Jafnvel er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu á einhvern hátt afmörkuð. Hér má einnig nefna svæði sem kölluð eru afréttarland, fjallhagi, beitiland, upprekstrarland eða eru auðkennd með sambærilegum hætti. Í þessu þarf ekki að felast mismunandi eignarréttarleg staða lands innan jarðarinnar. Hugsanlegt er að vísað sé til gamalgróinnar notkunar á viðkomandi jarðarhluta sem beitarlandi. Þýðing hugtaksins afréttur hefur lengi verið á reiki og ekki ósennilegt að notkun þess í tímans rás sé með einhverjum afbrigðum, e.t.v. tengdum staðháttum. Í sveitarfélögum þar sem ekki finnast afréttir samkvæmt þeirri flokkun sem óbyggðanefnd hefur lagt til grundvallar kann það jafnvel að vera notað um fjalllendi jarða á svæðinu almennt. Það er mat óbyggðanefndar að slík aðstaða ein og sér, og þá einkum ef svæði er kallað afréttur án sjálfstæðrar afmörkunar, raski ekki þeim eignarréttarlegu forsendum, þ.m.t. sönnunarstöðu, sem óbyggðanefnd hefur byggt á viðvíkjandi réttarstöðu jarða. Gera þarf hins vegar skýran greinarmun á tilvikum af þessu tagi og afréttum einstakra jarða eða stofnana sem eru skildir frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða öðrum fasteignum.

Í þessu samhengi skal það rifjað upp að land jarða kann að vera nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé

alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Eins og fram kemur í almennri umfjöllun óbyggðanefndar um fjallskil, sbr. kafla 4.7., gefur slík tilhögun ein og sér hins vegar enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi. Í sögulegu ljósi getur það þó haft þýðingu við sönnunarmat um tilvist eignarréttar ef einstök landsvæði, sem gert er tilkall til sem hluta jarðar, hafa verið nýtt sem upprekstrarland af einhverju tagi af eigendum og ábúendum annarra jarða. Einstök tilvik af þessum toga verður að meta sérstaklega.

### 4.6. Jöklar

Í Landnámu er þess hvergi getið að menn hafi numið jökla til eignar, og kann því að hafa verið trúað að þar byggju hálftröll eða goðumlíkar persónur (sbr. frásagnirnar um Bárð Snæfellsás og Hallmund í Balljökli). Enda þótt jöklar séu ekki nefndir sérstaklega í lögbókunum fornu verður sú ályktun dregin að lögsaga þjóðveldisins hafi einnig náð til þeirra; sakamenn voru a.m.k. ekki óhultir á „fjöllum" og í „óbyggðum".[93] Ef marka má frásögn Grettis sögu hafa grið milli manna tekið jafnt yfir fjöll og jökla sem byggðar lendur.[94]

Því hefur verið haldið fram að einhverjir hinna norsku landnámsmanna hafi þekkt jökla af eigin raun úr heimkynnum sínum. Hins vegar er erfitt að segja til um hversu nákvæm og víðtæk þekking þeirra á jöklum var.[95] Elsta lýsing á jöklum á Íslandi er í riti Saxo Grammaticus (Saxa hins málspaka), *Gesta Danorum*, sem samið var um 1200. Þar er í fyrsta skipti lýst hreyfingu skriðjökla, nánar tiltekið hverfihreyfingu, þegar neðri hluti jökulsins hverfist upp á yfirborðið.[96] Saxi lýsir þessu sem furðufregn, og er alls ekki víst að frumbyggjar Íslands hafi í öndverðu verið betur að sér en hann um þann eiginleika skriðjökla að færast úr stað.[97] Hér er einnig ástæða til að benda á það sem stendur í formála Guðmundar sögu Arasonar eftir Arngrím ábóta Brandsson (rituð um 1350):

---

[93] Sbr. *Grágás* 1992, s. 472. *Jónsbók* 1904, s. 43, 272–273.

[94] *Íslendinga sögur*. 6. b. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 233 (72. k.): „Nú skulum vér vera sáttir ok sammála hverr við annan í huga góðum, hvárt sem vér finnumst á fjalli eða fjöru, skipi eða skíði, jörðu eða jökli, í hafi eða á hestbaki…"

[95] Sigurður Þórarinsson, 1960: „Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. A Historical Outline." *Jökull. Ársrit Jöklarannsóknafélags Íslands*. S. 1–2, 15.

[96] Sigurður Þórarinsson 1960, s. 14–15.

[97] Sbr. Saxo Grammaticus, 1985: *Danmarks Krønike*. Kaupmannahöfn. S. XXII–XXIII.

> Á sjánum liggja þeir hafísar, at með sínum ofvægilegum vexti taka þeir at fylla norðrhöfin, en yfir háfjöll landsins svo *óbræðiligir jöklar* með yfirvættis hæð og vídd, at þeim mun ótrúligt þykkja, sem fjarri eru fæddir.[98]

Landsmenn áttu eftir að komast að því, þótt síðar yrði, að stærð jökla var ekki föst og óbreytanleg heldur gátu þeir hlaupið fram í náttúruhamförum eins og gerðist við eldgosið í Knappafellsjökli 1362. En hægfara breytingar gátu einnig átt sér stað, og má nefna sem dæmi að um 1700 var landnámsbærinn Fell (Fjall) við Breiðá kominn undir jökul.[99] Um svipað leyti (1695) lauk Þórður Þorkelsson Vídalín Skálholtsrektor við ritgerð sína um jökulfjöll á Íslandi þar sem hann, sennilega fyrstur manna, setti fram frostþenslukenninguna svonefndu til skýringar á jöklaskriði.[100] Þá er þess að geta að jökulhlaup voru eitt af því sem Árni Magnússon og Páll Vídalín áttu að gefa sérstakan gaum að þegar þeir voru sendir í rannsóknarleiðangur um landið í byrjun 18. aldar.[101]

Jökull hefur verið skilgreindur sem massi af ís og snjó sem orðinn er þjáll og hreyfanlegur og hnígur og skríður undan eigin fargi.[102] Í aðdraganda að setningu vatnalaga í byrjun 20. aldar var ágreiningur um eignarrétt að vatni og eignarhæfi þess. Niðurstaðan varð sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, er ekki kveðið á um eignarrétt landeiganda að vatni á landi sínu heldur felst í þeim að landeigandi á aðeins þann rétt sem lögin heimila honum sérstaklega. Þar var raunar um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir vatns.[103] Vatnalögin gera mun á mismunandi afbrigðum vatns en um jökla er ekki fjallað sérstaklega.

Eignarréttarleg staða jökulsvæða hefur ekki verið til sérstakrar umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Jöklar hafa einna helst verið nefndir sem dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nytjar af, eða landalmenninga samkvæmt síðari tíma flokkun. Með því hefur þó alls ekki verið útilokað að jökull geti fallið innan eignarlands og jafnvel gerður skýr fyrirvari um að sá möguleiki væri fyrir hendi.[104]

---

[98] *Byskupa sögur*. 3. b. Hólabyskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. [Reykjavík] 1953. S. 150. (Skáletur óbn.)

[99] *Landnámabók* 1986, s. 233 (1. nmgr.).

[100] *Dissertationcula de montibus Islandiæ chrystallinis* (Smárit um jökulfjöll Íslands) (sbr. Sigurður Þórarinsson 1960, s. 16–17).

[101] *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 38.

[102] Minnisblað Odds Sigurðssonar, jöklafræðings, til óbyggðanefndar, dags. 13.1.2003.

[103] Um aðdragandann að setningu vatnalaganna, sjá t.d. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 43.

[104] Sbr. þessi orð Sigurðar Líndals: „Auk afrétta og almenninga kunna að vera til lönd inni á hálendinu, til dæmis öræfa- og jöklasvæði, sem enginn einstaklingur getur leitt heimildir að eða skírskotað til sérréttinda yfir né heldur neinn almannaréttur er bundinn við“ („Eignarréttur á landi og orkulindum.“ *Sérprentun úr skýrslu aðalfundar Sambands íslenskra rafveitna* 1983. S. 18). – Sbr. einnig Þorgeir Örlygsson: „Landalmenningur er landsvæði, sem enginn aðili telur til einstaklingseignarréttinda yfir. Nú á tímum er erfitt að benda á staði, sem ótvírætt verða taldir til landalmenninga, þótt e.t.v. sé það

Í almennum athugasemdum við frumvarp til þjóðlendulaga kemur fram að byggt sé á nokkrum meginatriðum, m.a. þessum:

> Tekið verði upp nýtt hugtak fyrir landsvæði utan eignarlanda, þjóðlenda. Þetta hugtak taki til þeirra landsvæða sem nú eru ýmist nefnd afréttur, almenningur, óbyggðir eða hálendi utan eignarlanda. Jöklar, sem ekki teljast innan eignarlanda, falli undir flokk þjóðlendna.[105]

Um jökla er ekki fjallað að öðru leyti í greinargerðinni og þeir eru ekki nefndir í ákvæðum laganna.

Um ákvörðun eignarmarka/landamerkja að eða á jökli hefur ekki verið tekið af skarið í íslenskri réttarframkvæmd. Jaðrar jökla taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Meginálitaefnið er hvernig með skuli fara þegar landamerki virðast miðuð við jökuljaðar og merkjum jarðar að jökli því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi.

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er vikið að mörkum afréttar innan þjóðlendu við jökul og talið að með hliðsjón af því að um einhliða ákvörðun afréttarmarka sé að ræða en ekki mörk tveggja afrétta eða afréttar og eignarlands sé fullnægjandi að miða við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna, enda eingöngu um beitarréttindi að ræða sem ráðist af gróðurfari og hafi ekki þýðingu í öðru sambandi. Engin afstaða er tekin til þessa álitamáls að því er eignarland varðar, enda ekki gefið að sömu reglur eigi að gilda. [106] Verður nú hugað nánar að því atriði.

Í grein sinni „Landamerki fasteigna“ reifar Tryggvi Gunnarsson þrjár leiðir sem til álita komi um mörk eignarlanda við jökul. Í fyrsta lagi mætti hugsa sér að merkin væru breytileg og miðuðust við jökulbrún á hverjum tíma. Í öðru lagi gætu þau náð að elstu þekktu jökulbrún, sbr. reglu vatnalaga um „fornan miðjan farveg“ í ám. Loks væri í þriðja lagi hægt að taka mið af jökulbrún á þeim tíma þegar landamerkin voru skráð eða þau ákveðin með öðrum hætti.[107] Taka ber fram að grein þessi er rituð fyrir gildistöku þjóðlendulaganna 1998. Niðurstaða Tryggva er sú að réttast sé að landamerkin séu breytileg og miðist við jökulbrúnina eins og hún er á hverjum tíma. Telur Tryggvi að þeir sem völdu jökul sem landamerkjaviðmiðun hafi

---

ekki útilokað. Miðað við landnýtingu og búskaparhætti síðustu áratugi má ætla, að erfitt sé að finna landsvæði utan fullkominna eignarlanda og sérstakra friðlanda, sem ekki hafa að einhverju marki verið nýtt til sauðfjárbeitar eða sauðfé farið þar um á sumrin og verið smalað að hausti. Ekki er þó hægt að útiloka, að slík svæði finnist inni á hálendinu. Jöklar landsins, að því marki sem þeir falla ekki innan fullkominna eignarlanda, teljast að öllum líkindum almenningar“ („Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík 1994. S. 592).

[105] Þskj. 598. Alþtíð. 1997–1998, 122. lögþ. A: 2598.

[106] Sjá t.d. kafla 12.10. í máli nr. 5/2000 hjá óbyggðanefnd.

[107] Tryggvi Gunnarsson, 1994: „Landamerki fasteigna.“ *Afmælisrit: Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 510–512.

gert sér grein fyrir því að jökulbrúnin færðist til. Með vísan til reglna íslensks réttar varðandi breytingu á fjöru og landauka sem þar myndast sé ástæða til að ætla að dómstólar beiti hliðstæðri reglu varðandi breytingar á landamerkjum þar sem jökulbrún færist til og landamerki í samræmi við breytingar á jökulbrúninni. Sérstök sjónarmið kunni síðan að koma upp, ef jökull hverfi með öllu þar sem hann hafi áður skilið að fasteignir.

Ástæða er til að huga hér nánar að reglum um merki sjávarjarða til hafsins, sjá einnig kafla 4.9. Þau hafa ýmist verið miðuð við neðri mörk fjöru eða netlög.[108] Fjaran er svæðið á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls. Netlög eru í ýmsum lögum skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist landauka til sjávar.[109] Fjara jarðarinnar og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki hennar þar með. Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett.

Samkvæmt ákvæði 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, er eignarhaldi á landi skipt í tvo flokka, eignarlönd og landsvæði utan eignarlanda, þ.e. þjóðlendur. Um leið eru þjóðlendur lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til þjóðlendulaganna kemur skýrt fram að jökull getur hvort heldur er verið í eignarlandi eða þjóðlendu, sbr. þá athugasemd sem að framan greindi. Þetta bendir ótvírætt til þess að löggjafinn hafi ekki álitið að jökulrönd væri í eðli sínu afmörkun á eignarlandi og þjóðlendu. Breytingar á stöðu jökuls ættu því ekki að hafa í för með sér að eignarland breyttist í þjóðlendu og öfugt. Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer þannig eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Gildistaka þjóðlendulaganna hafði í för með sér endanlega skiptingu lands í annars vegar eignarland og hins vegar þjóðlendur. Hér skilur á milli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins og þjóðlendulaga. Í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir að nýtt land, þ.e. landauki, eigi eftir að verða til og merki eða eignamörk því ekki fastsett. Í síðara tilvikinu er hins vegar fjallað um allt land sem við gildistöku laganna var ofan sjávar, þ.m.t. landsvæði undir jökli, og merki endanlega fastsett. Land sem kemur undan jökli er þannig ýmist

[108] Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

[109] Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I. Reykjavík. S. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II. Reykjavík. S. 136.

eignarland eða þjóðlenda, um það fer ekki eftir reglunni um merki sjávarjarða til hafsins.

Vatnsréttindi á jökulsvæðum í eignarlandi og túlkun vatnalaga í því sambandi er ekki til úrlausnar fyrir óbyggðanefnd. Tilkall annarra en íslenska ríkisins til vatnsréttinda á jökulsvæðum í þjóðlendum verður að meta í hverju tilviki fyrir sig.

Kemur þá til skoðunar hvort taka skuli mið af elsta þekkta jökuljaðri, legu jökuls þegar landamerki voru skráð, við gildistöku þjóðlendulaganna eða einhverju öðru, í þeim tilvikum að landamerki virðast miðuð við jökuljaðar.

Vísindamenn hafa slegið því föstu að jöklar landsins séu stærri nú en á landnámstíma.[110] Hafi landnám náð að jökli hefur það land sem horfið hefur undir jökul tilheyrt aðliggjandi jörðum. Þar getur jafnvel verið um að ræða heilar jarðir sem lítið eða ekkert er vitað um í dag. Lega jökuls á landnámstíma verður ekki ákvörðuð með nokkurri vissu. Töluvert er hins vegar vitað um stöðu jökuls við lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu, þegar sett höfðu verið landamerkjalög og ætla má að flest landamerkjabréf hafi verið gerð. Jöklar voru þá stærstir á sögulegum tíma en síðan hafa þeir almennt hopað, þó ekki alla leið aftur til stöðu sinnar um landnám. Innan þess jökuljaðars sem miðað kann að hafa verið við í kringum 1900 er í sumum tilvikum jökullaust land nú. Við gildistöku þjóðlendulaga 1998 lá jökuljaðarinn þannig á milli upphaflegra landnámsmarka og stöðu við gerð flestra landamerkjabréfa um aldamótin 1900, almennt séð þó nær hinni síðarnefndu. Óhætt er þannig að slá fastri þeirri meginreglu að land sem komið hefur undan jökli á tímabilinu frá því landamerkjalög eru sett 1882 og þar til þjóðlendulög taka gildi 1998 var jökullaust við landnám.

Óljóst er hvort landnámsmenn hafa gert sér grein fyrir því að jökuljaðar væri breytingum undirorpinn en ekki fer á milli mála að um aldamótin 1900 var löngu orðið ljóst að svo væri. Jaðar jökulsins hefur að sjálfsögðu afmarkað það landsvæði sem nýtanlegt hefur verið og með honum eru dregin glögg skil frá náttúrunnar hendi. Eðli máls samkvæmt er hins vegar erfitt að finna þar fastan viðmiðunarpunkt. Mun þetta ástæða þess að merkjum er oft lýst „í jökul“ ótilgreint eða kennileiti skammt undan jökli. Sums staðar á landinu hagar þannig til að ein og sama jörðin liggur milli sjávar og jökuls. Jafnglögg merki af völdum náttúrunnar kunna að hafa verið talin svo sjálfsögð viðmiðun að ekki þyrfti umfjöllunar við í landamerkjalýsingu. Gagnvart

---

[110] Sjá eftirfarandi greinar Odds Sigurðssonar jarðfræðings: „Útbreiðsla jökla á Íslandi á sögulegum tíma.“ Greinargerð, júlí 2001. „Minnispunktar um breytingar jökla frá landnámi Íslands“, dags. 7.6.2002. „Variations of termini of glaciers in Iceland in recent centuries and their connection with climate.“ Óbirt handrit, ódags. Minnisblað Odds Sigurðssonar, jarðfræðings, um hugtakið jökul o.fl., dags. 13.1.2003. – Helgi Björnsson, 1979: „Glaciers in Iceland.“ *Tímaritið Jökull. Jöklarannsóknafélag Íslands*. 29. árg. – Sigurður Þórarinsson, 1974: „Ofgnótt jökla.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 43–48.

jöklinum sjálfum er þá engri landamerkjalínu lýst. Ekki verður talið að viðkomandi jarðeigandi hafi þar með lýst því yfir að hann gæfi eftir eignarrétt eða afsalaði sér tilkalli til þess lands sem í tímans rás hefur horfið undir jökul. Líkur eru hins vegar á að í flestum tilvikum sé útilokað að afmarka það. Óbyggðanefnd ber að draga mörk á milli eignarlanda og þjóðlendna, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998, og niðurstaðan hverju sinni hlýtur að ráðast af tiltækum heimildum og almennum sönnunarreglum. Staðhættir og sönnunarstaða geta því leitt til sambærilegrar niðurstöðu og ef eignarréttur hefði verið gefinn eftir.

Ef líkindi eru fyrir því að land hafi verið numið inn til jökla styður það þá niðurstöðu að land sem jökullinn hefur skilað frá gerð landmerkjabréfanna falli til aðliggjandi jarða. Ekki verður talið að jökull hafi hopað svo hratt undanfarna rúma öld að komið sé í ljós að ráði land jarða sem ofar kunna að hafa legið, enda staða jökuls 1998 nær því sem var um 1900 en um landnám. Tilkall til lands sem komið hefur undan jökli kann jafnframt að byggjast á hefðarreglum. Til skoðunar koma þá almenn atriði eins og tímalengd, yfirráð, hagnýting, ráðstafanir að lögum, viðhorf hefðanda og annarra aðila o.fl. Staðhættir kunna að vera með þeim hætti að um eðlilegt framhald tiltekinnar jarðar sé að ræða, líkt og landauki til hafs, og nýting annarra útilokuð. Frávik frá þessum almennu ályktunum eru þó að sjálfsögðu möguleg og verður að skoða hvert tilvik fyrir sig. Jafnframt hlýtur réttur þessi að takmarkast við land sem komið var undan jökli við gildistöku þjóðlendulaga 1998, þegar löggjafinn kvað á um eignarhald ríkis á öllu því landi sem ekki væri sannanlega undirorpið beinum eignarrétti. Mögulegar væntingar jarðeigenda um rétt til þess lands sem kemur undan jökli eftir þann tíma njóta ekki réttarverndar sem eignarréttindi í skilningi 72. gr. stjórnarskrár. Þá ber þess að geta að frá gildistöku þjóðlendulaganna er ekki unnt að öðlast eignarréttindi innan þjóðlendna fyrir nám eða hefð, sbr. 8. mgr. 3. gr.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að gildistaka þjóðlendulaga hafi undir þessum kringumstæðum haft það í för með sér að merki jarða gagnvart jökli væru fastsett, án tillits til síðari breytinga á jökuljaðrinum. Sú niðurstaða er jafnframt í eðlilegu samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. þjóðll., enda sé jökullinn í þjóðlendu. Lega jökuljaðarsins kann þó að virðast óljós þar sem smájöklar eða fannir liggja aðskilið frá meginjöklinum. Í þeim tilvikum þar sem eignarland liggur að jökli í þjóðlendu verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem þannig kann að vera fyrir hendi. Óbyggðanefnd telur því eðlilegt að í slíkum tilvikum miðist þjóðlendulína við jaðar meginjökuls, eins og hann er skilgreindur af sérfræðingum á því sviði. Smájöklar og fannir verða þá innan eignarlands á sama hátt og jökulsker eða annað land umlukið jökli verður innan þjóðlendu.

Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar þau almennu sjónarmið um túlkun landamerkja sem óbyggðanefnd hefur áður gert grein fyrir. Ljóst er að enda þótt lega jökuljaðarsins verði ákvörðuð með landfræðilegum gögnum er hann óhentug viðmiðun vegna lögunar sinnar og breytileika. Önnur og e.t.v. heppilegri útfærsla er hins vegar ekki á valdsviði óbyggðanefndar, en sá möguleiki fyrir hendi að ríkisvaldið og einstakir jarðeigendur nái um slíkt samkomulagi, eftir atvikum með nauðsynlegri aðkomu löggjafarvalds, sbr. ákvæði 40. gr. stjórnarskrár og II. kafla þjóðll.

### 4.7. Fjallskil

Af dómsúrlausnum má ráða að fyrirkomulag og tilhögun fjallskila og smölunar og nýting því tengd kunni að hafa áhrif við mat á eðli og inntaki eignarréttar að viðkomandi landi og þá þannig að litið sé til þess hvort með land hefur verið farið sem eignarland varðandi fjallskil eða ekki.

Lagafyrirmæli um smölun og fjallskil hafa haldist í hendur við byggð og búskap í landinu. Í þjóðveldislögunum, Grágás, voru allmörg ákvæði um afrétti, almenninga og ágang búfjár og munu þau flest hafa verið tekin upp í Jónsbók. Þá voru ennfremur tekin upp ákvæði í þessa veru í Réttarbót Eiríks konungs frá 1294. Þessi ákvæði giltu, a.m.k. að formi til, allt til þess að sett voru lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Í Jónsbók kemur skýrt fram að landeigandi eða leiguliði hans átti einn beit á jörð sinni og skyldi greiða honum bætur, áverkabót og landnám, ef þessi réttur var brotinn.[111] Í réttarbót Hákonar konungs frá 1305 er þó mælst til þess að geldfé sé sektarlaust í heimalöndum ef hreppstjórar og grannar lofa og gefa enga sök á því.[112] Jarðeigandi átti einnig gróður á jörð sinni að því undanskildu að sá sem átti engi á annars manns landi mátti eiga þar rifhrís.[113]

Í Grágás og Jónsbók giltu mjög svipaðar reglur um hvenær mætti fara með búfé í sel, almenninga og afrétti og hvaða leiðir skyldu farnar. Markmiðið var hvort tveggja að vernda nærliggjandi bújarðir fyrir ágangi upprekstrarfjár og tryggja hagsmuni allra þeirra sem hlut áttu í afréttinum. Meginreglan var sú að allir þeir sem afrétt áttu skyldu reka fé sitt í miðjan afrétt er átta vikur voru af sumri en úr afrétti er fjórar vikur lifðu sumars. Tekið var sérstaklega fram að menn skyldu ekki reka málnytu sína í afrétt nema ítala væri. Samkvæmt Grágás máttu þeir menn er næstir bjuggu afrétti beita þangað búfé sínu yfir vetrarmánuðina en í Jónsbók var þetta bundið því skilyrði að þeir ættu hlut í afréttinum. Afréttareiganda var vetrarbeit því

[111] Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 134–136, 144–145 (6. og 18. k. llb.).

[112] *Jónsbók* 1904, s. 292.

[113] *Jónsbók* 1904, s. 152–154 (24. k. llb.).

aðeins heimil að hann þyrfti ekki að reka fé sitt yfir land annarra. Þó skyldi ævinlega hvíla afrétt í tvær vikur, frá því er sex vikur voru af sumri til áttundu viku.[114]

Fleiri ákvæði voru sett til að vernda hina sameiginlegu beit afréttareigenda; t.d. mátti ekki gera sel og slá í afrétti.

Um lögréttir á haust og fjallgöngur sagði svo m.a. í 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar:

> Eigi skulu réttir fyrr vera en .iiii.[þ.e. fjórar] vikur lifa sumars. Hverr maðr er sauði á skal ganga eitt sinn á fjall, ok um landeign sína hvert sinn er lǫgrétt skal vera, skipa svá ǫðrum gǫngum sem þeir ráða. Sekr er sá hálfri mǫrk við konung er eigi gengr um landeign sína, ok ábyrgiz sauði við þá er eigu, alla þá er í hans landi váru sénir þá er hann átti gǫnguna.

Síðan er kveðið á um það hvað gert skuli við óskilafé. Í tilvitnaðri grein er gert ráð fyrir að hver maður smali sitt eigið land jafnframt því sem hann gangi á fjall að hausti ásamt öðrum afréttareigendum. Ef afréttarfé gekk í land bónda var honum heimilt að reka það í miðjan afrétt. Hann gat einnig haft það áfram í sínu eigin landi eða rekið það heim til þess manns sem féð átti. Í Jónsbók er ekki fjallað um aðra afrétti en þá sem voru í sameign tveggja manna eða fleiri. Í heimildum frá miðöldum má þó finna dæmi um beitarlönd sem kölluð voru afréttir og töldust í einkaeign. Var þá greint á milli „eignar sérlegrar“, sem var í einkanotum, og „afréttar“, sem tilteknir bændur höfðu heimild til að nýta gegn ítölu.[115]

Ákvæði lögbókanna um beit í almenningi voru að því leyti frábrugðin því sem hér hefur verið greint frá að nýtingartími þeirra var annar. Samkvæmt Grágás var heimilt að beita almenning frá því er mánuður lifði vetrar og næstu sjö mánuði en með lögtöku Jónsbókar virðist beit hafa verið leyfð í almenningi allan ársins hring nema frá krossmessu á vor (3. maí) til Bótólfsvöku (17. júní). Í Grágás var þeim sem næstur bjó almenningi heimilað að beita almenning þá fimm mánuði sem hann annars átti að liggja ónýttur en um slíkt er ekki getið í Jónsbók. Enn fremur var tekið fram að hver sem vildi mætti gera sel í almenningi, en það var bannað í afréttum, og öllum var heimilt að nýta sér reka í almenningi, hvort heldur var viður eða hvalur, svo framarlega sem hann hafði ekki áður verið öðrum merktur.[116]

Í tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 39. gr., var svo fyrir mælt að sýslunefnd skyldi semja reglugerðir um notkun afrétta, fjallskil, fjárheimtur o.fl. Fóru sýslunefndir eftir það að semja fjallskilareglugerðir. Voru í fjallskilareglugerðunum sett ítarleg ákvæði um þessi efni er byggðu að mestu á ákvæðum Jónsbókar. Í mörgum tilvikum voru ákvæði þessara reglugerða misvísandi og í öðrum tilvikum stönguðust

[114] *Jónsbók* 1904, s. 176–177 (46. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 330–331 (38. k. lbþ.).

[115] *Íslenskt fornbréfasafn*. 8. b. Reykjavík 1906–1913. S. 149.

[116] *Jónsbók* 1904, s. 193–194 (59. k. llb.). *Grágás* 1992, s. 369 (74. k. lbþ.).

þau beinlínis á við gildandi rétt. Af fjallskilareglugerðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um það efni sem hér er til úrlausnar, en einstaka reglugerð, sett með stoð í tilskipuninni frá 1872 eða síðari löggjöf, getur vissulega skipt máli að því er tekur til mats einstakra svæða.

Um afréttamálefni og fjallskil voru fyrst sett heildarlög hér á landi árið 1969, lög nr. 42/1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. Voru þau lög síðar endurútgefin með áorðnum breytingum sem núgildandi lög nr. 6/1986. Það var þannig fyrst með löggjöf þessari sem hin dreifðu ákvæði í landsleigubálki Jónsbókar og réttarbót Eiríks konungs frá 1294 voru leyst af hólmi. Ákvæði gildandi laga taka í ýmsu mið af reglum eldri löggjafar.

Ef litið er til helstu fyrirmæla gildandi laga er ljóst þegar af 3. og 4. gr. laganna að fyrirmæli þeirra taka að meira eða minna leyti til afrétta, annarra sameiginlegra sumarbeitilanda og heimalanda. Skulu nánari fyrirmæli sett í fjallskilasamþykktir fyrir einstök svæði, sbr. 3. gr. Í 4. gr. er skilgreint það land sem fjallskil taka til og það greint í annars vegar afrétti og hins vegar heimalönd. Samkvæmt lögunum er stjórn afréttamálefna og fjallskila í höndum héraðsnefndar. Í II. kafla laganna er fjallað um afrétti og notkun þeirra og þá greint á milli sameiginlegra afrétta hreppa eða upprekstrarfélaga, sbr. 7. gr., afréttarlanda, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, sbr. 8. gr., og loks beitilanda einstakra jarða sem notað sé sameiginlega til beitar með líkum hætti og afréttir, sbr. 12. gr., og skuli reglum laganna um afrétti beitt um þau svæði eftir því sem við geti átt. Í V. kafla laganna eru síðan fyrirmæli um göngur og réttir, í VI. kafla er fjallað um smölun heimalanda eftir réttir og í VII. kafla er fjallað um eftirleitir og öræfaleitir.

Í meginatriðum má greina lagareglur þessar á þann veg að þar er í fyrsta lagi fjallað um notkun afrétta og rétt til þeirra nota. Í annan stað er síðan fjallað um smölun afréttanna og fyrirkomulag smölunar sem og skiptingu þess sameiginlega kostnaðar sem af hlýst og falla í þann flokk lönd þeirra einstöku jarða sem fjallað er um í 12. gr. laganna. Allt að einu er í lögunum, sbr. einkum ákvæði V. og VI. kafla, fjölþætt ákvæði sem taka til heimalanda einstakra jarða og kveða m.a. á um skyldu til vor-smölunar, sbr. 36. gr., skyldu jarðeiganda til smölunar heimlands samhliða leitum á afrétti, sbr. 39. gr., skyldu til smölunar heimalanda eftir réttir, sbr. 52. gr. o.s.frv. Um smölun eyðijarða er svo ákvæði í 41. gr. laganna. Að meginstefnu til er hins vegar gert ráð fyrir því að smölun heimalands annist jarðeigandinn sjálfur og beri af henni allan kostnað. Sinni eigandi ekki þeirri skyldu skal honum gert að greiða kostnað eftir mati. Í 2. mgr. 40. gr. laganna er svo sérstök regla þess efnis að heimilt sé að ákveða í fjallskilasamþykkt að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila, að meira eða minna leyti, eftir því sem til hagar á hverjum stað.

Þá mun nokkuð víða hátta þannig til að bændur sammælist um smölun heima-landa sinna og standa sameiginlega að smölun í landi tveggja eða fleiri jarða. Slík

samvinna um smölun fellur þó alla jafna algjörlega utan þeirra lögbundnu fjallskila sem um er fjallað í lögum og fjallskilasamþykkt.

Af öllu þessu má sjá að löggjafinn hefur um langan aldur mælt fyrir um skyldur landeigenda til að smala jarðir sínar, sbr. upphaflega fyrirmæli 49. kapítula landsleigubálks Jónsbókar. Þá sýnist líka beinlínis hafa verið gengið út frá því að land einstakra jarða sé nýtt sem beitiland með svipuðum hætti og afréttir, jafnvel þannig að viðkomandi landsvæði sé alfarið tekið undir fjallskilaframkvæmd. Í slíkum tilvikum gefa fjallskil þannig alls enga vísbendingu um eðli eignarhalds að því landi.

Í dómum Hæstaréttar Íslands hefur svo sem fyrr segir verið litið til þess í nokkrum tilvikum hvernig fjallskilum hefur verið háttað á landsvæði því sem þá er til eignarréttarlegrar meðferðar. Í þessum dómum hefur ekki verið talið sannað að um beinan eignarrétt væri að ræða að viðkomandi landsvæði og sú niðurstaða þá m.a. rökstudd með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á eða í ljós leitt að með viðkomandi land hafi verið farið sem eignarland varðandi fjallskil. Verður ekki annað ráðið af dómum þessum en að fjallskil geti út af fyrir sig haft þýðingu um úrlausn máls en verði þó ekki ráðandi um niðurstöðu. Í dómum eru vísbendingar fremur í þá átt að framkvæmd fjallskila gæti hugsanlega stutt eignartilkall en að eignarréttur sem talin verður sannaður á grundvelli annarra gagna verði vefengdur á grundvelli þess hvernig framkvæmd fjallskila hefur verið háttað.

Í ljósi alls þessa er það mat óbyggðanefndar að ekki verði dregnar víðtækar ályktanir um eignarrétt að landi af upplýsingum um framkvæmd fjallskila að fornu og nýju. Skiptir þar auðvitað mestu máli sú staðreynd að lengst af hefur smölun heimlanda, þ.e. lands einstakra jarða, ekki einungis verið háð lögbundnum skyldum og kvöðum um skyldur til smölunar, heldur hefur því jafnframt verið þannig háttað að lönd einstakra jarða hafa verið nýtt með sambærilegum hætti og afréttir og þá fallið í einu og öllu undir viðkomandi fjallskilaframkvæmd. Eftir sem áður hafa slík landsvæði ekki verið talin falla í flokk afrétta, þau óumdeilt legið innan landamerkja viðkomandi jarðar og eftir atvikum enginn ágreiningur verið uppi um eignarrétt að þeim. Þannig getur bæði háttað svo til að með öllu skorti á upplýsingar um fjallskilaframkvæmd og/eða smölun á viðkomandi landsvæði eða að forsendur séu með einhverju því sérstaka móti sem nú hefur verið gerð grein fyrir. Hvað sem þessu líður verður þó ekki útilokað fyrirfram að upplýsingar í þessa veru geti haft eitthvert vægi við eignarréttarlegt mat. Það þarfnast þá sérstakrar skoðunar í hverju einstöku tilviki þar sem glöggar upplýsingar um tilhögun og forsendur fjallskila liggja á annað borð fyrir.

### 4.8. Ítök

Í íslenskum rétti hafa ítök eða ítaksréttindi verið skilgreind sem réttindi er veiti rétthafa tiltekin þröng umráð og takmörkuð not fasteignar sem er í eigu og umráðum

annars eða annarra aðila.[117] Réttindi af þessum toga eiga sér langa sögu hér á landi og verður fyrst vikið að því hvað ráða megi af eldri rétti um ítök og inntak ítaksréttinda.

Í lögbókunum Grágás og Jónsbók er hugtakið *ítak* ekki skilgreint sérstaklega, en af einstökum ákvæðum má ráða í merkingu þess. Í landabrigðisþætti Grágásar er fjallað um þær réttarathafnir sem fram áttu að fara þegar maður vildi brigða öðrum land. Þar segir m.a. að brigðandi skyldi kveðja sér kviðar (væntanlega búakviðar) til að ganga úr skugga um hvort unnt væri að selja leiguból „eða ítök í annarra manna löndum“ áður en til þess kæmi að aðalbólið væri selt.[118]

Kaflinn um landamerki og lagakaup í Jónsbók (6. k. landsbrigðabálks) hefst á þessa leið:

> Nú vill maðr selja land sitt við verði, þá skulu þeir kveða á um merki með sér, um land ok skóga ok engjar ok reka, veiðar ok afréttu ef eru, ok allra gœða skulu þeir geta þeira, er því landi eigu at fylgja, þó at þat sé í ǫnnur lǫnd, eða aðrir menn eigi þanneg ítǫk; síðan skulu þeir takaz í hendr ok kaupa með váttum tveim eða fleirum.[119]

Annars staðar í lögbókinni er nánar rætt um sams konar réttindi án þess þó að tekið sé fram að um ítök sé að ræða. Þannig er fjallað um skóg, beituteig, fjöru, veiði og engi í annars jörðu en síður eða jafnvel ekki notuð orðin skógar-, beitar-, fjöru-, veiði- og engjaítak.[120] Ákvæði lögbókanna leiðir því til þeirrar niðurstöðu að ítak sé „réttur til ákveðinna nytja á landi annars“,[121] og fær það vel samrýmst hinni lögfræðilegu skilgreiningu hugtaksins nú á dögum.

Til ítaka var stofnað með ýmsum hætti. Ítakaeign mun t.d. hafa orðið til við tímabundin lán hlunninda, kaup og ítakaskipti.[122] Elsta skjallega heimildin um ítaka-eign mun vera máldagi Stafholtskirkju sem talinn hefur verið frá miðri 12. öld.[123] Þar er greint frá því að prestur nokkur, Steini Þorvarðsson, hafi gefið kirkjunni m.a. þrjá hluti laxveiðar í Þverá, kerveiði í Norðurá undir fossi, Engines á Ströndum norður „ok

---

[117] Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I. Reykjavík. S. 28 (hdr.). Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 6. Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 13.

[118] Sbr. *Grágás* 1992, s. 288.

[119] *Jónsbók* 1904, s. 124. Sambærilegur kafli er í Grágás (1992, s. 290) án þess að orðið *ítak* sé þar notað.

[120] Sbr. *Grágás* 1992, s. 296, 321, 329. *Jónsbók* 1904, s. 147–148, 150.

[121] Grágás 1992, s. 537. Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Jordejendom. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn. D. 671.

[122] Páll Sigurðsson, 1992: „Kirknaítök. Saga þeirra og réttarþróun.“ *Svipmyndir úr réttarsögu. Þættir um land og sögu í ljósi laga og réttarframkvæmdar.* Reykjavík. S. 277.

[123] *Íslenskt fornbréfasafn.* 1. b. Kaupmannahöfn 1857–76. S. 178–180. Sbr. Páll Sigurðsson 1992, s. 279.

reki með“ og selför í Þverárdal upp frá Kvíum. Í máldaganum er lýst einum algengasta stofnunarhætti kirknaítaka sem var gjöf í sáluhjálparskyni. Þannig hefur frá fyrstu tíð byggðar hér á landi verið stofnað til ítaka með beinni yfirfærslu eða afhendingu tiltekinna réttinda.

Frá 13. öld hafa varðveist nokkrar skrár um ítök, einkum reka, m.a. elsta rekaskrá Skálholtskirkju frá um 1270. Bendir það til þess að á þeim tíma hafi ítök verið orðin eftirsótt gæði sem ekki síst kirkjulegar stofnanir sóttust eftir.[124] Ítökum fjölgaði síðan jafnt og þétt, og í byrjun 18. aldar, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman, hafði myndast þéttriðið net ítaka um land allt.[125]

Ljóst er að ítakaeign skipti í margar aldir verulegu máli fyrir afkomu landsmanna og mun að einhverju leyti hafa stuðlað að jafnari dreifingu landgæða. Á sumum stöðum á landinu hagaði þannig til að jörð sem ekki átti mikilvæg hlunnindi eins og upprekstrarland, skóg eða fjörunytjar eða gat ekki nýtt þau í eigin landi vegna staðhátta fékk þau sem ítök í öðru landi. Nefna má sem dæmi að í Þórisdal í Lóni áttu nokkrar jarðir skógarítak. Ein þeirra var Efri-Fjörður í Lóni. Hún átti skógarítak í Skálahvömmum í Þórisdal eða Laxárdal, en í staðinn var heimilað útræði frá Klifunum (Þorgeirsstaðaklif).[126] Slík ítakaskipti munu víðar hafa tíðkast, ekki síst á þeim svæðum þar sem útræði var gott. Hraunskarð undir Jökli átti t.d. „frí kolatak í Hrísaskóg og raptvidahögg í jördunne til upheldis“ í staðinn fyrir uppsátur og „ítaksbúðir“ í Hraunskarðsjörð.[127] Annars staðar þar sem ekki var um ítök eða ítakaskipti að ræða var venjulega greitt ákveðið gjald fyrir útræðið, svonefndur vertollur.[128]

Mörg ítök gengu smám saman úr sér ýmist af völdum eyðingarafla náttúrunnar, ofnýtingar eða vegna breyttra búskaparhátta og urðu því ekki annað en inntakslaus réttur sem setti ákveðnar hömlur á eignarrétt fasteigna.[129] Um miðbik nýliðinnar aldar var því svo komið að fjölmörg þeirra ítaka sem á jörðum hvíldu komu ítakshafanum að litlu sem engu gagni auk þess sem ýmis þeirra virtist augljóslega

---

[124] *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 67–76. Tímasetning rekaskrárinnar er ekki örugg. Sbr. einnig sama rit, s. 4, 246–248 (ítakaskrá Viðeyjarklausturs [1284]), 248–251 (reka- og landamerkjaskrá Þingeyraklausturs [1285]).

[125] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 12. b. (Atriðisorðaskrá), undir *afrétt, beit/beitarítak, melaslægja/meltak, lax/laxveiði, fugl/fuglatekja, eggjatak/eggjatekja/eggver, skógur/skógarítak, hrís/hrísrif/hrístak, torf, móskurður/mótak, engjatak/engjaítak, reki/rekaítak*.

[126] Þetta kom fram í vitnisburði Vilhjálms Geirs Þórhallssonar, eiganda Efra-Fjarðar, við skýrslutöku 9.9. 2002 í máli nr. 5/2001 hjá óbyggðanefnd. Sbr. einnig vitnisburð Þorsteins Geirssonar á Reyðará við sömu skýrslutöku.

[127] *Íslenskt fornbréfasafn*. 3. b. Kaupmannahöfn 1896. S. 141. Fleiri dæmi eru um slík ítakaskipti í þessari heimild sem talin er frá um 1360.

[128] Sbr. *Jarðabók Árna og Páls* 12, undir *naust, uppsátur, útræði, verbúð, vertollur*.

[129] Sbr. hugtakið *servitut* í merkingunni *ítak eða ískylda*.

hagkvæmara að nýta samhliða nýtingu á viðkomandi jörð. Lagasetning frá þeim tíma ber skýran vott um þá stefnu löggjafans að tryggja það, að eðlileg gæði fasteigna fylgi þeim sjálfum og séu nytjuð í sambandi við notkun þeirra.[130] Það var einkum gert með því að banna að tiltekin hlunnindi, sem fasteign fylgdu, væru frá henni skilin auk þess sem eigendum fasteigna sem ítök hvíldu á var gert kleift að leysa þau af eignum sínum gegn fjárgreiðslu. Þannig var t.d. lausn veiðiítaka í ám og vötnum heimiluð með lögum nr. 40/1942, sbr. nú lög nr. 76/1970 og lausn skógarítaka af jörðum með lögum nr. 100/1940, sbr. nú lög nr. 3/1955, sbr. lög nr. 76/1984. Þá fjalla lög nr. 13/1956 um sölu kirkjuítaka. Veigamesti þátturinn í þessari viðleitni löggjafans var þó setning laga nr. 113/1952 um lausn ítaka af jörðum en þau taka til allra ítaka í jarðir annarra en lax- og silungsveiðiítaka í ám og vötnum og skógarítaka, sbr. 2. og 3. gr. laganna.[131] Með þeim var sú skylda lögð á þá sem töldu sig eiga slík ítök að lýsa þeim í samræmi við efni laganna. Væri það ekki gert féll ítakið úr gildi. Lögin hafa enn fremur að geyma reglur um það hvernig eigandi jarðar, sem ítak er í, eldra en 25 ára, getur leyst það af jörð sinni. Þrátt fyrir þessa viðleitni löggjafans er þó ljóst að enn kunna að finnast gild ítök hér á landi.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.[132] Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna óyggjandi fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Sem dæmi um slíkt má nefna ákvæði í máldögum um takmörkuð réttindi kirknanna í Biskupstungum á Biskupstungnaafrétti. Þannig segir í máldaga kirkjunnar á Torfastöðum frá 1331 að hún eigi „skógarteig í Sandvatnshlíð“.[133] Hið sama kemur fram í Vilkinsmáldaga frá 1397[134] og Gíslamáldaga frá 1570.[135] Þá segir í

[130] Þegar um miðja 19. öld tók að gæta þeirrar tilhneigingar löggjafans að sporna við frekari stofnun ítaka, sbr. 4. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

[131] Í 1. gr. laga nr. 113/1952 segir að ítak merki í lögunum hvers konar afnot fasteignar, sem eigi séu samfara vörslum hennar eða þess hluta hennar, sem afnotin taki til, enda sé réttur til afnotanna byggður á heimild einkaréttareðlis. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að umræddum lögum segir í athugasemdum að fylgt sé hinni venjulegu fræðilegu skýringu á því hvað ítak sé.

[132] Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 113/1952 er í athugasemdum tekið fram að lögin taki ekki til ítaka í kaupstaðarlóðir eða í afrétti, sem sveitarfélög eiga. Í lögunum er þannig gert ráð fyrir því að unnt sé eða hafi verið að stofna til ítaka í afréttarlöndum. Með hliðsjón af hinni almennu lögfræðilegu skilgreiningu á hugtakinu ítak verður þó að ætla að með því sé átt við afréttarlönd sem undirorpin eru beinum eignarrétti eða hafi verið það á þeim tíma þegar til ítaksins var stofnað.

[133] *Íslenskt fornbréfasafn* 2, s. 669.

[134] *Íslenskt fornbréfasafn* 4, s. 49.

Gíslamáldaga um kirkjuna í Bræðratungu að hún eigi „Skógartungu undir Bláfelli“.[136] Í máli nr. 4/2000, Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi, komst óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að Framafréttur Biskupstungna, það landsvæði sem framangreind réttindi kirknanna náðu til, væri þjóðlenda. Nefndin útilokaði þó ekki að umrætt landsvæði hefði einhvern tíma verið undirorpið beinum eignarrétti en taldi umrædda máldaga eina og sér ekki veita næga sönnun í þeim efnum. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu lögfræðilegu merkingu hugtaksins.

## 4.9. Fjörur og rekaeign

Eignarréttur að fasteign sem liggur að sjó nær einnig til fjörunnar fram af henni, þ.e. svæðisins á milli stórstraumsflóðmáls og stórstraumsfjörumáls.[137] Undir yfirborði sjávar taka við svokölluð netlög, sem í ýmsum lögum eru skilgreind sem sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareignar, sjá nánar síðar í þessum kafla.[138] Óumdeilt er að netlög fylgi sjávarjörðum en um hitt hefur fremur verið ágreiningur hvort eignarráð fasteignareiganda feli í sér beinan eignarrétt eða séu bundin við þau réttindi sem sérstaklega er mælt fyrir um í einstökum lögum.[139]

Kemur þá til skoðunar hver hafi verið réttur landeigandans í fjöru og netlögum jarðar sinnar. Þar verður helst litið til þeirra fjörunytja sem lengst hafa verið til umfjöllunar í löggjöf hér á landi, þ.e. reka og veiði.

Rekinn hefur verið helsta verðmæti fjörunnar. Elstu ákvæði laga um reka eru í Grágás. Þau voru síðan tekin upp lítið breytt í rekabálk Jónsbókar, og er sá bálkur enn í gildi ásamt viðbótum um skotinn hval og skotmannshlut sem gefnar voru út í konungsbréfum 1778 og 1779.[140] Meginreglan var sú að jarðeigandi átti reka fyrir landi sínu. Í Jónsbók er reki nánar skilgreindur með svofelldum hætti: „Hverr maðr á reka allan fyrir sínu landi viðar ok hvala, sela ok fiska, fugla og þara, nema lǫgum sé frá komit.“[141] Eignarréttur jarðeiganda á viðar- eða hvalreka var þó því aðeins hafinn

[135] *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 647.

[136] *Íslenskt fornbréfasafn* 15, s. 648.

[137] Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* I, s. 37. Þorgeir Örlygsson, 1998: *Kaflar úr eignarétti* I, s. 57.

[138] Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994; og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

[139] Í H 1996 2518 og 2525 er talinn vafi um beinan eignarrétt fasteignareiganda í netlögum.

[140] Sbr. opið bréf um rekatilkall á Íslandi frá 4. maí 1778, 5. gr., og konungsbréf (til stiftamtmanns) um landshlut af flutningshvölum á Íslandi frá 23. júní 1779, 1.–2. gr.

[141] *Jónsbók* 1904, s. 194.

yfir vafa að hann merkti sér rekann eða kæmi böndum á hann.[142] Allan reka utan *reka-marka* var hverjum manni heimilt að flytja að landi, marka sér og slá eign sinni á, en landeigandi skyldi eiga alla aðra flutninga hvals og viðar.[143]

Sú skýring hefur verið gefin á rekamarki að það sé „sá hluti fjöru og hafs sem bóndi eða rekamaður má nýta á allan reka“.[144] Lúðvík Kristjánsson taldi hins vegar rekamark vera sömu merkingar og fjörumark og tákna merki milli deildra reka.[145] Í Staðarhólsbók Grágásar er rekamark við það miðað „að sjá mundi mega þaðan fisk á borði ef eigi bæri land fyrir“.[146] Lýsing Konungsbókar á rekamarki er nokkru ítarlegri, og er hún sambærileg við skilgreiningu Jónsbókar á *fiskhelgi*:

> Maður á að flytja við þann er hann finnur á floti fyrir utan það er fisk sér af borði, óflattan, fyrir annars manns landi. Það skal þorskur vera, sá skal svo mikill vera að hann sé álnar í öxarþærum flattur [álnarbreiður milli þunnildisnefja]. Sá fiskur heitir gildingur. Á því borði skal sjá þann fisk er til lands veit, þaðan úr fjöru er fyrvir [fellur út] utast.[147]

Fiskhelgi í þessu samhengi táknar svæðið út að rekamörkum sem að sínu leyti miðast við að óflattur þorskur sé í sjónmáli frá ströndinni.[148]

Síðar, sennilega snemma á 14. öld, var kveðinn upp svofelldur alþingisdómur um rekamark til lands:

> Rekamarck til landz sem leingst ut fiarar. og flod geingur leingst i logne. þa hvorke æser brim nie vindur.
>
> Þad var logtekid um rekamark a Auxararþijnge af badum lôgmônnunum og allri logriettunne a dogum Häkonar kongz. sem væri i almennelegu flædarmäle þa siör rædur sier. Enn hvad hann æser brim edur vindur. edur kastar yfer Mälarkamp. edur eírartanga. so sem i logbok utvijsar. edur a land

[142] *Grágás* 1992, s. 351–352. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 194–195.

[143] *Grágás* 1992, s. 353–354. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Á öðrum stað í *Jónsbók* (s. 203) segir þó að þess hvals sem fluttur sé, eigi flytjendur þriðjung en landeigandi tvo hluti nema skot finnist í, þá eigi skotmaður þriðjung. Þetta ákvæði virðist eiga sér nokkra samsvörun í 71. k. landabrigðisþáttar Grágásar (*Grágás* 1992, s. 365).

[144] *Grágás* 1992, s. 552. Í Jónsbók virðist einnig gert ráð fyrir að rekamark geti tekið til hafsvæðis *út fyrir* netlög, sbr. þetta orðalag: „Ef maðr veiðir hval í rekamarki, þar er fisk sér á borði ok fyrir utan netlÄg, þá á sá allan er veiðir“ (*Jónsbók* 1904, s. 206 sbr. einnig s. 197).

[145] Lúðvík Kristjánsson, 1980: *Íslenzkir sjávarhættir*. 1. b. Reykjavík. S. 219.

[146] *Grágás* 1992, s. 353 (Staðarhólsbók). Skilgreining Konungsbókar er ítarlegri (sbr. *Grágás* 1992, s. 353–354). Samkvæmt *Jónsbók* 1904 (s. 206) var rekamark „þar er fisk sér á borði“.

[147] *Grágás* 1992, s. 353–354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 203 og 206 (6. og 8. k. rekabálks).

[148] Sbr. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hvalfangst“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 7. Kaupmannahöfn. D. 169.

> upp. þar sem so vid vijkur. þa eignast þad landeigande hvort þad er trie edur hvalur.[149]

Hér virðist lögrétta skilgreina það sem í síðari löggjöf er nefnt stórstraumsflóðmál.

Algengt var á miðöldum og síðar að fjara innan merkja tiltekinnar jarðar væri nýtt frá annarri jörð. Eigandi hinnar síðarnefndu nefndist þá *rekamaður* eða *fjörumaður*, en rétturinn var þó bundinn jörð hans en ekki persónu. Landeigandi og fjörumaður skiptu með sér fjörugögnum eftir ákveðnum reglum. Um þetta segir í Jónsbók:

> Ef maðr kaupir reka af landi manns at lǫgmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjørr en svá, þá á landeigandi af fjǫru þeiri álnarlǫng kefli ǫll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, og svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel; hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn á land en .v. [5], þá á rekamaðr.[150]

Rekamaður átti einnig allan ómerktan við og hval sem menn fluttu úr almenningi[151], ef þeir fylgdu ekki festum eins og skylt var, og að auki allt það sem flaut í netlögum. Landeigandi átti hins vegar veiði alla í netlögum, flutninga hvals og viðar og allt það sem flaut utan netlaga og að rekamörkum og aðrir höfðu ekki áður eignað sér.[152] Enn fremur skyldi landeigandi en ekki fjörumaður (rekamaður) varðveita vogrek, þar til eigandi kæmi fram en eignast ella, og skotmannshlut og fá ágóða af og hafa þriðjung af öllum þeim hvölum „er fyrir mönnum hlaupa á land“.[153] Í heimildum frá miðöldum eru einnig mörg dæmi um að rekinn væri ekki miðaður við ákveðið svæði heldur tiltekið magn af viði sem ýmist var kallað afdráttur eða afreiðsla.[154]

Af því sem hér hefur verið rakið má álykta að fjörueign í landi annarrar jarðar hafi fyrst og síðast verið ítak en ekki falið í sér eignarrétt á landinu sjálfu.[155] Í því sambandi má benda á þau orð Hans Kuhn að fjöruítök séu í elstu máldögum og skrám

---

149 *Íslenskt fornbréfasafn* 11, s. 1–2.

150 *Jónsbók* 1904, s. 196–197.

151 Í Jónsbók er landeiganda eignaður allur flutningur (*Jónsbók* 1904, s. 197).

152 *Grágás* 1992, s. 354–355, 365. *Jónsbók* 1904, s. 196–197. Sambærilegt ákvæði um rétt rekamanns til flutninga úr almenningi er ekki í Jónsbók.

153 *Grágás* 1992, s. 354. *Jónsbók* 1904, s. 197, 201–203, 208–209.

154 Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 220. Sjá einnig *Íslenskt fornbréfasafn* 3, s. 56–57.

155 Sbr. einnig hugtakið *ítaksreki* um þann reka jarða eða hluta hans sem gengið hafði undan jörðinni (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 204).

aðeins kölluð fjörur eða rekafjörur.[156] Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að rekamanni tilheyrði ekki einvörðungu fjaran í merkingunni fjöruítak heldur einnig *rekagrunnurinn*, enda missti hann ekki rétt sinn til rekans þótt orpinn væri sandi eða grjóti.[157] Þegar þess er gætt að fjörur (reki) voru í mörgum tilvikum ítak í landi annarra en þeirra sem áttu rekann, þarf ekki að koma á óvart að fjörumörk og landamerki jarða til sjávar fóru ekki alltaf saman eins og t.d. landamerkjabréf jarða í Öræfum vitna um. Samkvæmt lögum um lausn ítaka af jörðum, nr. 113/1952, féllu önnur ítök en skógarítök og lax- og silungsveiðiítök úr gildi væri ítaksrétti ekki lýst með tilteknum hætti, sjá nánar í kafla 4.8.

Í lögbókunum er einnig gert ráð fyrir að fjörur geti verið almenningur og heimildir um almenninga við sjávarsíðuna eru allnokkrar.[158] Þar skyldu fjórðungsmenn eiga reka allan nema þann sem skot var í. Þá skyldu þeir menn varðveita „er lönd eigu næst“.[159] Samkvæmt þessu virðist ekki gert ráð fyrir því að almenningsfjara sé ítak í eignarlandi, en dæmi um slíkt kunna þó að finnast.[160]

*Netlögum* má líkja við „fiskveiðilögsögu“ sjávarjarða. Þau eru skilgreind á þessa leið í fornlögum:

> Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða af skeri og komi flár [þ.e. flotholt] upp úr sjánum að fjöru þá er þinur [þ.e. teinn á neti] stendur grunn. En fyrir það utan á hver að veiða að ósekju er vill.[161]

Landeigandinn átti einn alla veiði í netlögum og í fjörunni, og gilti einu þó að annar hefði eignast aðrar nytjar í fjöru og netlögum.[162] Eins og áður hefur komið fram virðist fiskhelgi samkvæmt Jónsbók hafa verið miðuð við rekamörk og verður því ekki í öllum tilvikum lögð að jöfnu við netlög.

---

[156] Kuhn, Hans, 1943–1948: „Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur.“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*. S. 73. Austfirðingar nota orðið *sandur* um það sem Sunnlendingar kalla fjöru (Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 218).

[157] Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

[158] Sjá nánar í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar um hugtakið almenningar.

[159] *Grágás* 1992, s. 369. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 193–194.

[160] Af þessu yfirliti má sjá að samkvæmt lögbókunum, Grágás og Jónsbók, áttu nokkrir aðilar lögverndaðan rétt til hvals eftir ákveðnum reglum: Í fyrsta lagi var það landeigandinn, í öðru lagi rekamaður, ef rekinn hafði verið seldur undan jörð, í þriðja lagi skotmaður, sem átti hálfan hval sem hann náði ekki að festa í fjöru og loks fjórðungsmenn ef um almenningsfjöru var að ræða. Fleiri áttu einnig sinn rétt til rekahvals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og leiglendingur og sá sem fyrstur kom að hval er fluttur hafði verið úr almenningi (sbr. „finnandaspik“). Sbr. *Grágás* 1992, s. 356, 365. Jónsbók 1904, s. 135.

[161] *Grágás* 1992, s. 354. Sbr. *Jónsbók* 1904, s. 196.

[162] *Jónsbók* 1904, s. 197.

Ekki er ljóst af lögbókunum hversu langt til sjávar netlög náðu enda mun það að nokkru hafa farið eftir aðstæðum eins og grunnsævi við sjávarstrendur. Lúðvík Kristjánsson getur sér þess til að netlög hafi verið miðuð við 6 þumlunga selmöskvalegg, og hefur því mesta dýpt netlaga um fjöru verið 120 þumlungar eða 6 álnir.[163] Alin jafngilti um 47,7 sm svo að netlög hafa náð út að 2,9 m dýpi.

Í skipan goðorðsmannsins Sæmundar Ormssonar um almenninga í Hornafirði, sem talin er frá um 1245, er því lýst yfir að land og fjöru skyldi helga 30 faðma þaðan frá sem efst féll í meðalflæðum. Rekald þar fyrir utan skyldi vera *almenningur*.[164] Talið hefur verið að Sæmundur hafi í skipan sinni verið að lýsa netlögum.[165] Í löggjöf frá miðbiki 19. aldar var miðað við 60 faðma (u.þ.b. 112 metra) frá stórstraumsfjörumáli.[166] Í 20. aldar löggjöf hefur fyrst og fremst verið við það miðað að netlög séu 115 metrar á haf út miðað við stórstraumsfjörumál.[167] Sýnist nú óhætt að miða þau mörk sem meginreglu, þó svo önnur viðmið gildi vissulega skv. þeim eldri lögum sem enn eru í gildi.

Merki sjávarjarða til hafsins miðast annað hvort við ytri mörk fjöru eða netlaga. Um þetta álitaefni er ekki þörf ítarlegrar umfjöllunar hér, enda fjalla þjóðlendulögin einungis um land ofan sjávar. Ljóst er að strandlengja landsins tekur breytingum, á einum stað kann að verða landrof en á öðrum landauki. Dómstólar hafa lagt til grundvallar að eigandi sjávarjarðar eignist þann landauka sem til verður í fjöru og netlögum fyrir landi hans.[168] Það á a.m.k. við um þann landauka sem til verður af náttúrulegum ástæðum eða fyrir tilverknað þriðja manns.[169]

Með lögum nr. 73/1990 voru auðlindir hafsbotnsins utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær lýstar eign íslenska ríkisins, sbr. 1. gr. Netlög eru þar skilgreind með sama hætti og áður, sbr. 3. mgr. 2. gr., og ekki verður talið að ætlunin hafi verið að afnema til frambúðar áðurgreindan rétt sjávarjarða til landauka og fastsetja þar með í eitt skipti fyrir öll mörk sjávarjarða til hafsins. Vilji löggjafans

---

[163] Lúðvík Kristjánsson 1980, s. 203.

[164] *Íslenskt fornbréfasafn* 1, s. 536.

[165] Sbr. Þorgeir Örlygsson, 1993: „Er Hornafjörður almenningur?“ *Tímarit Háskóla Íslands*. 6. árg. nr. 6. Reykjavík. S.33.

[166] Sbr. t.d. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849.

[167] Sjá t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998; 1. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, og 1. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970.

[168] Sbr. H 1946 345. Sjá einnig Ólafur Lárusson, 1950: *Eignaréttur* I, s. 45 og Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II, s. 136.

[169] Ekki verður ráðið af fyrirliggjandi réttarheimildum og fræðiskrifum að greinarmunur sé í þessu sambandi gerður á landauka sem til verður fyrir tilstilli fasteignareigandans sjálfs. Á það er þó bent að réttur fasteignareiganda í þessa veru geti ekki, í ljósi tækniframfara og nýrra viðhorfa, verið án takmarkana. Þær takmarkanir helgast þá af hagsmunum íslenska ríkisins, fullveldisrétti þess og eignarrétti, sbr. t.d. lög nr. 73/1990.

til slíkrar breytingar hefði þurft að koma skýrt fram. Gildistaka laga nr. 73/1990 hafði þannig ekki í för með sér að merki sjávarjarða til hafsins væru endanlega fastsett. Fjara og netlög færast út og inn í samræmi við landauka eða landtap, þ.e. breytt stórstraumsfjörumál, og landamerki þar með.

# 5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD

## 5.1. Almennt

Í köflunum „Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð voru“ undir „Gögn og gagnaöflun“ í hverjum úrskurði fyrir sig kemur fram hvaða flokkar frumheimilda, útgefinna og óútgefinna, voru yfirfarnir á vegum óbyggðanefndar í þeim tilgangi að fullnægja rannsóknarskyldu nefndarinnar, sbr. einnig sérstakan kafla í hverjum úrskurði um það efni. Hér verður gerð nánari grein fyrir nokkrum mikilvægum heimildum og þýðingu þeirra fyrir úrlausnarefni óbyggðanefndar.

## 5.2. Jarðamöt og jarðabækur

Elsta dæmi um jarðamat á Íslandi er að finna í tíundarlögunum 1096/97. Jarðir voru metnar til hundraða en eitt hundrað á landsvísu jafngilti 120 álnum vöruvaðmáls eða einu kýrverði. Í tilefni af sölu konungsjarða á 17. öld var ákveðið að hvert jarðarhundrað skyldi jafngilda tveimur hundruðum á landsvísu (kúgildum).[170]

Lítið er vitað um matsreglur eða viðmiðanir þegar jarðamatið fór upphaflega fram. Þegar elsta varðveitta jarðabókin var gerð 1639, um jarðeignir konungs, var við það miðað að dýrleiki skyldi vera tuttuguföld landskuld. Sama var gert í jarðabókinni 1686 en hún er elsta varðveitta jarðabókin sem hefur að geyma jarðir í einkaeign. Í jarðabókinni 1695 var aftur snúið til hins gamla mats enda jafnan við það stuðst í fasteignaviðskiptum.[171] Þó ber að taka fram að í þessari jarðabók var eignarhlutur kirkju í heimalandi yfirleitt ekki reiknaður með í jarðamatinu og þess vegna var dýrleiki sumra kirkjujarða ekki í fullu samræmi við raunvirði þeirra.[172]

Á árunum 1702–1712 var gerð hér á landi ný og mjög nákvæm jarðabók. Jarðabók þessi er jafnan kennd við þá tvo menn sem unnu mest að henni, Árna Magnússon og Pál Vídalín. Jarðabókin þykir mjög traust heimild og skýrist það einkum af því hvernig að verki var staðið. Þeir Árni og Páll eða umboðsmenn þeirra ferðuðust um nær land allt að boði konungs og reyndu að kynna sér aðstæður á hverjum stað en jafnframt höfðu þeir þann háttinn á að boða bændur í héraði til fundar

[170] Sbr. *Lovsamling for Island*. 1. b. Kaupmannahöfn. S. 356.

[171] Sbr. Björn Lárusson, 1967: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundi. S. 18. Björn Lárusson, 1982: *Islands jordebok under förindustriell tid.* Lundi. S. 18.

[172] Björn Lárusson 1967, s. 63.

og láta hvern ábúanda gera vandlega grein fyrir jörð sinni. Þetta var jafnharðan skráð niður og í lokin staðfest af áreiðanlegum mönnum í sveitinni. Þrátt fyrir það voru brögð að því að vitnisburður manna um jarðir sínar væri ekki nákvæmur, t.d. að meira væri gert úr landspjöllum en efni stóðu til eða að ekki væri samræmi á milli þess sem landeigendur sögðu og leiguliðar þeirra. En þá var stundum hægt að leiðrétta misræmið með samanburði við jarðabréf sem þeir Árni og Páll söfnuðu einnig á ferðum sínum. Í tengslum við jarðabókarverkið voru samdar tillögur að nýju jarðamati. Í tillögunum var gert ráð fyrir að grundvöllur matsins væri fóðurgildi jarðar, þ.e. hversu mörg kúgildi hún gæti borið í meðalári. Afréttur, útigangur, sellönd og ýmis hlunnindi skyldu metin til hundraða eftir ákveðnum reglum og greiða af þessu bæði tíund og landskyld. Frá því var horfið að ráðast í nýtt jarðamat hér á landi. Í stað þess lögðu þeir Árni og Páll hið forna jarðamat til grundvallar og höfðu hliðsjón af „almúgans tilsögn og undirrjettingu" í votta viðurvist. Þó má sjá þess merki að reynt hafi verið í einhverjum mæli að leggja nýtt mat á jarðirnar, einkum þegar getið er sérstaklega um heyfóður og nýtingu úthaga, afrétta og hlunninda.

Tillögur þær sem hér hefur verið vikið að eru að verulegu leyti í samræmi við svonefnda „Bergþórsstatútu" sem sögð var frá fyrri hluta 12. aldar. Í statútunni var þó reiknað með að ákveðið hlutfall væri á milli fóðurgildis jarðar og stærðar hennar; eins kýreldis tún væri 140 norskir faðmar að stærð. Afrétti og heiðalönd skyldi meta til helmings á við beit í heimalandi og virðast því tún hafa verið sex sinnum verðmætari miðað við hverja einingu lands en afréttir.[173] Þess skal getið að samkvæmt Jónsbók var meðalkýr lögð að jöfnu við sex ær „og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar."[174]

Flestum fræðimönnum ber saman um að Bergþórsstatúta sé fölsuð. Hún getur því ekki talist heimild um annað en það hvernig menn töldu á sínum tíma eðlilegt að meta jarðir og hlunnindi þeirra. Engu að síður má ætla að fóðurgildið, bæði af heyfeng og hagbeit, hafi upphaflega verið lagt til grundvallar jarðamatinu og þá ef til vill reiknað sem ákveðið hlutfall af smjörfjórðungum.[175] Þessu til stuðnings má nefna að skerðing á engi jarðar gat lækkað dýrleika hennar verulega og einnig eru dæmi um að selland hafi verið metið sérstaklega til tíundar.[176] Á sama hátt er svo að sjá sem afréttur einstakra jarða hafi, að minnsta kosti í sumum tilvikum, verið reiknaður með í jarðamatinu, einkum ef þær höfðu tekjur af upprekstrartollum.

---

[173] Halldór Einarsson, 1833: *Om Værdie-Beregning paa Landsviis og Tiende-Ydelsen i Island*. Kaupmannahöfn. S. 165–175.

[174] *Jónsbók* 1904, s. 215 (6. k. kb.).

[175] Björn Lárusson 1982, s. 17.

[176] Sbr. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 10. b. Kaupmannahöfn 1943. S. 177. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.* 4. b. Kaupmannahöfn 1925 og 1927. S. 317.

Dýrleikinn var mikilvægt auðkenni jarða og grundvöllur skattlagningar og erfðaskipta en ýmsar heimildir, einkum kaupbréf, benda til að dýrleikinn hafi ekki ævinlega sýnt raunvirði jarða. Úr því var reynt að bæta í byrjun 19. aldar þegar fram fór jarðamat um land allt á árunum 1800–1806. Viðmiðunarreglur voru þó hinar sömu og áður, þ.e. hversu mörg kúgildi hver jörð gat borið, en jafnframt skyldu ýmis hlunnindi og útigangur metin sérstaklega til dýrleika.[177] Árið 1848 kom út jarðatal kennt við J. Johnsen en þar var nær einvörðungu farið eftir gömlu jarðamati. Sama ár, 27. maí, gaf konungur út tilskipun um nýtt jarðamat á Íslandi og skyldi hver jörð metin til peningaverðs „að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eptir gæðum sínum".[178] Hjáleigur voru ekki metnar sérstaklega til dýrleika fyrr en 1848 og því ekki getið um dýrleika þeirra í jarðamötum fyrr en eftir þann tíma. Jarðamat þetta var gefið út 1861 undir heitinu *Ný jarðabók fyrir Ísland*. Hinni fornu verðeiningu, hundraði, er haldið, en að baki henni stóð ekki lengur kúgildi heldur slegin mynt og seðlar.

Með lögum um fasteignamat nr. 22/1915, var kveðið svo á í 1. gr., að allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skyldi meta til peningaverðs tíunda hvert ár. Hér var um að ræða mikla breytingu frá því óreglulega fasteignamati sem tíðkast hafði, oft með löngu millibili.

Heimildir segja ekki ótvírætt til um það hvort afréttir hafi verið tíundaðir sérstaklega til skatts þó að sjá megi viðleitni í þá veru í þeim tillögum um nýjar jarðamatsreglur frá byrjun 18. aldar sem Árni Magnússon og Páll Vídalín virðast hafa ætlað að fara eftir og áður er getið. Þær tillögur tóku þó aldrei gildi. Í reglugerð rentukammers um nýtt jarðamat 1. sept. 1848 er gert ráð fyrir að tún og engjar, hagi og útbeit séu metin og einnig hlunnindi jarða en ekki er þar minnst á afrétti. Það mun ekki hafa verið fyrr en með fasteignalögunum nr. 22/1915 sem kveðið var skýrt á um að afréttir skyldu teknir til greina við jarðamat. Í 7. gr. laganna segir á þessa leið:

> Afrjettarlönd þau, sem eru eign sveita og einungis notuð til upprekstururs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.
>
> Þrætulönd milli jarða skulu metin sjer í lagi.

Óbyggðanefnd telur að jarðamöt sýni tilvist sjálfstæðrar jarðar á þeim tíma sem um ræðir. Dýrleiki jarðar sé hins vegar fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum, einkum grasfeng og útigang, en miklu síður um stærð jarða eða víðáttu. Jarðabækur og jarðamöt geta þannig gefið vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og í einstaka tilvikum jafnvel um landamerki.

[177] *Lovsamling for Island*. 6. b. Kaupmannahöfn 1856. S. 475–481.

[178] *Lovsamling for Island*. 14. b. Kaupmannahöfn 1868. S. 175.

## 5.3. Máldagar og vísitasíur

Hugtakið *máldagi* var í fornu máli haft um hvers kyns samninga, munnlega og skriflega, en í þrengri merkingu var máldagi samningur sem gerður var við stofnun kirkju. Máldaginn kvað á um réttindi og skyldur allra þeirra sem hagsmuna áttu að gæta, en hann var jafnframt skrá yfir eignir viðkomandi kirkju. Í kristinna laga þætti Grágásar segir svo:

> Þar er maður leggur fé til kirkju, hvort sem það er í löndum eða lausum aurum, í búfé eða tíundum af þeim bólstöðum er héraðsmenn skulu þangað inna, og skal sá maður er kirkju varðveitir láta gera þann máldaga á skrá allan, hvað hann hefir fjár gefið þangað, eða aðrir héraðsmenn til þeirrar kirkju. Þann máldaga er honum rétt að lýsa að Lögbergi eða í lögréttu eða á vorþingi því er hann heyr, hvað þar liggur fjár til þeirrar kirkju. Hann skal láta ráða [lesa] skrá og lýsa þann máldaga heima að kirkju um sinn [einu sinni] á tólf mánuðum hverjum, þá er menn hafa þangað tíðasókn flestir.[179]

Ákvæði þetta er talið vera frá biskupsárum Gissurar Ísleifssonar (1082–1118) og að líkindum sett í kjölfar tíundarlaganna 1096/1097.[180] Eins og fram kemur í tilvitnuðu ákvæði öðlaðist máldagi gildi um leið og honum hafði verið þinglýst á alþingi eða vorþingi.

Máldagi var í reynd samningur milli þriggja aðila: kirkjubónda, biskups og safnaðar. Bóndinn lagði kirkjunni til ákveðið stofnfé í samráði við biskup og nefndist það *heimanfylgja* hennar. Ávöxtur stofnfjár, svonefnd *afvinna*, ásamt tíund átti að duga fyrir rekstri kirkju en að auki bættust smám saman við gjafir af ýmsum toga, bæði í föstu og lausu, sem kirkjubóndinn eða einhver annar, er biskup skipaði til þess, hafði umsjón með. Sóknarfólkið greiddi tíund en fékk í staðinn kirkjulega þjónustu, sálusorgun og sakramenti í kirkju sinni. Hlutverk biskups var fyrst og síðast fólgið í því að gæta þess að kirkjan væri ekki hlunnfarin. Það gerði hann einkum í árlegum vísitasíuferðum sínum.[181]

Eins og flest opinber skjalagögn frá miðöldum fylgdi efnisskipan máldaga ákveðinni reglu sem var þáttur í trúverðugleika skjalsins. Venja var að greina fyrst frá stofnfé kirkjunnar. Engin eign var kirkju mikilvægari en grunnurinn sem hún stóð á og þess vegna var yfirleitt byrjað á því að tilgreina hversu stóran hlut kirkjan átti í heimalandi, þ.e. þeirri jörð sem hún stóð á. Hvorki aðrar fasteignir, eins og útjarðir (þ.e. jarðir utan heimajarðar kirkjunnar), né heldur afréttir gátu myndað þann grundvöll sem kirkja þurfti til að geta talist myndug og sjálfstæð, m.ö.o. *staður* að

---

[179] *Grágás* 1992, s. 12.

[180] Magnús Stefánsson, 1999: „Die isländischen Stiftungsurkunden – Kirkjumáldagar.“ *Karl von Amira zum Gedächtnis.* Peter Lang. Europäischer Verlag der Wissenschaften. S. 134–135.

[181] Hólabiskup átti að fara um allt umdæmi sitt á einu ári en Skálholtsbiskup á þremur árum.

skilningi kirkjulaga. Þetta kom skýrt fram í svokölluðum *staðamálum* á síðari hluta 13. aldar.[182] Jafnframt gilti sú regla að kirkjueign mátti aldrei láta af hendi hvorki að hluta til né í heild sinni, nema önnur jafngóð kæmi í staðinn.[183]

Því næst voru aðrar eignir kirkjunnar taldar upp, fasteignir, fríður peningur og hlunnindi, síðan kirkjugripir, messuskrúði og bækur sem notaðar voru við helgihaldið. Að lokum var lýst kvöðum sem hvíldu á kirkjueigninni, ef nokkrar voru, og greint frá tíundarumdæmi eða upphæð tíundar um tiltekinn tíma. Þessi niðurröðun gat raskast af ýmsum ástæðum. Það gerðist t.d. þegar ný eign var færð inn í máldaga neðan við þann texta sem fyrir var í stað þess að skrifa hann allan upp að nýju. Í máldögum má því stundum sjá fasteignir nefndar á fleiri en einum stað ef þær voru lagðar til kirkju á mismunandi tímum.

Í kristinna laga þætti Grágásar var tekið fram að máldaginn skyldi lesinn upp við kirkju á þeim degi þegar tíðasókn þangað var mest. Trúlega hefur það verið á vígsludegi kirkjunnar eða einhverjum öðrum hátíðisdegi. Á þann hátt var reynt að tryggja hagsmuni kirkju og sóknarbarna í viðurvist vitna jafnframt því sem réttargildi heimildarinnar var endurnýjað. Ákvæði þetta hélst að mestu óbreytt í nýjum kristinrétti sem samþykktur var fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1275 og síðar (1354) einnig fyrir Hólabiskupsdæmi.[184] Þar var hins vegar ekki lengur tekið fram að máldaga skyldi lýst á alþingi (Lögbergi, lögréttu) eða vorþingi. Líklega hefur staðfesting biskups í viðurvist votta þá verið talin nægja til löggildingar máldaga. Um líkt leyti hafa biskupar eða skrifarar þeirra farið að skrá máldaga í sérstakar máldagabækur sem geymdar voru á biskupsstólunum. Á vísitasíuferðum hefur biskup síðan borið saman máldaga einstakra kirkna við það sem áður hafði verið skráð í máldagabók embættisins og var máldagabókin talin að öllu jöfnu hafa meira réttargildi. Elsta varðveitta máldagasafnið er frá 1318, kennt við Auðun rauða Þorbergsson biskup á Hólum.[185]

Máldagar eru flestir varðveittir í afskriftum frá 17. öld og eru þeir birtir í Íslensku fornbréfasafni. Sú útgáfa er með þeim annmörkum að þar hefur máldagasöfnum verið sundrað og einstakir máldagar tímasettir af mismikilli nákvæmni. Engu að síður hafa máldagar verið taldir með mikilvægustu heimildum okkar frá fyrri tíð. Til marks um það má geta þess að í íslensku lagasafni er enn að finna konungsbréf frá 5. apríl 1749 þar sem kveðið er á um að máldagi Gísla biskups Jónssonar (frá um 1575) sé auk máldagabókar Vilkins biskups (frá 1397) „áreiðanlegt og authentiskt“

[182] Sjá t.d. Magnús Stefánsson, 1978: „Frá goðakirkju til biskupskirkju.“ *Saga Íslands*. 3. b. Reykjavík. S. 123–126, 223–226.

[183] Sjá *Álitsgerð kirkjueignanefndar*. Fyrri hluti. 1984. S. 40–49.

[184] *Norges gamle love indtil 1387*. 5. b. Christiania, 1895. S. 35.

[185] Magnús Már Lárusson, 1981: „Máldagi.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 11. b. Kaupmannahöfn. D. 265.

kirkjuregistur.[186] Eftir siðaskipti tóku vísitasíubækur við af máldagabókum og voru þær lögboðnar með konungsbréfi 1. júlí 1746.[187]

Sagnfræðingar hafa yfirleitt ekki séð ástæðu til að efast um heimildargildi máldaga þó að sjálfsagt þyki að kynna sér varðveislusögu þeirra, aldur og samsetningu. Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildargildi máldaga og vísitasía um tilvist eignarréttinda er metið með mikilli varfærni en að þessar heimildir geti þó, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

## 5.4. Lögfestur

Í íslenskum réttarheimildum kemur hugtakið *lögfesta* fyrst fyrir í Jónsbók (1281) en mun þangað komið úr landslögum Magnúsar lagabætis. Lögfesta var að fornu notuð um lögformlega athöfn sem átti að tryggja tiltekin réttindi í fasteign. Leiguliði gat lögfest ábúðarrétt sinn gagnvart landeiganda (llb. 4), heimilt var að lögfesta landamerki milli jarða, beitarrétt og önnur ítök o.s.frv. (llb. 16, 26). Í öllum þessum tilvikum beindist lögfestan gegn ákveðnum einstaklingum (llb. 26). Einnig var unnt að lögfesta réttindi í þeim tilgangi að hún gilti almennt, en þá skyldi henni lýst við kirkju eða á þingi. Slík lögfesta gilti aðeins í 12 mánuði (llb. 17).[188]

Í Jónsbók er ætlast til að lögfestu sé fylgt eftir með dómsmáli, að öðrum kosti falli hún úr gildi (llb. 52). Í 26. kafla landsleigubálks segir í upphafi:

> Alt þat er menn skilr á um áverka á akri eða eng, holti eða haga, skóga, eða reka, þá skal lǫgfesta fyrir. Sá leggi fimtarstefnu er heldr þykkiz þurfa; hann skal svá mæla: Ek lǫgfesti eign þessa er N. heitir eða þar liggr, bú ok lóð, og alt þat er þar má til gagns af hafa, þar til er dómr fellur á, at lǫgmáli réttu…

Að vísu er ekki alls staðar tekið fram þar sem fjallað er um lögfestur að þeim skuli fylgt eftir með málsókn en gera verður ráð fyrir að til þess hafi verið ætlast. Páll Vídalín lögmaður skýrir þetta svo að lögfesta sé „að festa lög, lofa lögum“, þ.e. fylgja máli eftir til laga.[189] Fleiri dæmi má nefna um að löglærðir menn hafi lagt þennan sama skilning í ákvæði Jónsbókar um lögfestur. Ólafur Árnason á Höfðaströnd í Jökulfjörðum greinir t.d. frá því í bréfi 10. apríl 1704 að hann hafi 12. apríl 1686 lögfest 6 hundruð í Neðrabakka. Lögmaðurinn hafi hins vegar sagt sér í lögréttu (á Alþingi) að hafa lagasókn á eigninni eftir landabrigðum. Ólafur hafði enn ekki komið lagasókninni í verk með heimstefnu, þegar hann ritaði fyrrnefnt bréf, „sökum

---

[186] *Lagasafn. Íslensk lög 1. október 1995*. S. 513–514.

[187] Björn K. Þórólfsson, 1956: *Biskupsskjalasafn*. Skrár Þjóðskjalasafns 3. Reykjavík. S. 47–48.

[188] Sbr. Sigurður Líndal, 1982: „Foreløpige rettsmidler. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 21. b. Kaupmannahöfn. D. 175–176.

[189] Páll Vídalín, 1854: *Skýríngar yfir Fornyrði Lögbókar þeirrar, er Jónsbók kallast…* Reykjavík. S. 165.

harðinda, fjúka og óveðráttu“. Hann varð því að sjá af þessum 6 hundruðum í Neðra-bakka.[190] Annað dæmi er fimmtarstefna og dómsúrskurður sem fylgdi í kjölfar lögfestu Sigurðar Sigurðssonar landþingsskrifara fyrir jörðinni Háeyri.[191]

Hér má einnig geta þess að á Alþingi 1751 var langvarandi hefð eigenda Holts í Flóa á engjaplássinu Ljósateigi dæmd áreiðanlegri eignarheimild en einhliða lögfesta ráðsmannsins í Skálholti.[192] Þrátt fyrir fleiri dæmi af sama toga[193] virðist sú skoðun hafa verið almenn að lögfesta hafi nægt sem eignarheimild ef enginn hreyfði við andmælum.

Dómstólar hafa lagt lítið upp úr lögfestum sem sönnunargögnum um tilvist eignarréttinda en ekki er þó útilokað að þær geti, ásamt öðru, haft nokkra þýðingu.

## 5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf

Fyrir gildistöku landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru í gildi ákvæði Jónsbókar um að gera skyldi skriflegan samning við jarðakaup.[194] Fjöldi jarðabréfa hefur varðveist frá fyrri tíð en jafnljóst er að mikið hefur glatast auk þess sem ekki er víst að slíkir samningar hafi ævinlega verið gerðir við jarðakaup þrátt fyrir ákvæði laganna. Jarða-bréfin eru einnig með þeim annmörkum að í þeim er sjaldan lýst umfangi jarða eða landamerkjum. Á vegum óbyggðanefndar fór fram athugun á rúmlega 1500 útgefnum jarðabréfum frá ýmsum tímum, einkum 17. og 18. öld. Niðurstaðan var sú að í 72 þeirra (um 5%) er landamerkjum lýst, stundum ítrekað um sömu jörð. Tekið skal fram að hér er ekki einungis um kaupbréf að ræða, heldur jarðabréf af hvers kyns toga, svo sem testamentisbréf, eignayfirlýsingar og vísitasíur. Jarðir voru gjarnan seldar „með öllum þeim gögnum og gæðum, landsnytjum og ítökum sem fylgt hefur og fylgja ber að fornu og nýju í ystu landamerki“ eða álíka orðalagi. Gera verður ráð fyrir að samningsaðilum hafi verið kunnugt um landamerkin, hvort sem þau voru til skráð eða einvörðungu varðveitt í munnlegri geymd.

Frá 1847 og til setningar landamerkjalaga 1882 komu ítrekað fram á Alþingi mál er vörðuðu nauðsyn þess að landamerki jarða hér á landi yrðu skýrð og skráð.[195] Af umfjöllun þingsins má ráða það almenna álit þingmanna að landamerki víða um

---

[190] *Jarðabók Árna og Páls* 13, s. 303. Sbr. *Jarðaskjöl frá 16. og 17. öld. Útdrættir.* Reykjavík 1993. S. 162.

[191] *Alþingisbækur*. 15. b. Reykjavík 1982. S. 519–521.

[192] Sjá *Alþingisbækur.* 14. b. Reykjavík 1977. S. 17, 28. Sbr. einnig *Alþingisbækur* 15, s. 300.

[193] Sjá t.d. *Alþingisbækur*. 10. b. Reykjavík 1967. S. 179.

[194] Sjá *Jónsbók* 1904, s. 222 (12. k. kb.).

[195] Sjá *Tíðindi frá Alþíngi Íslendínga* 1847, s. 67–68; 1849, s. 26, 261–263. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 515–516; 1879 (fyrri partur), s. 24–28; 1881 (síðari partur), s. 118.

land væru í ólestri.[196] Þingmenn virtust sammála um að eignarrétturinn væri að sama skapi óviss og brýn þörf úrbóta. Gera þyrfti mönnum mögulegt að vernda eignarréttindi sín til fasteigna landsins. Koma þyrfti fastri og áreiðanlegri skipan á landamerki og fyrirbyggja óvissu eftirleiðis.[197] Skyldu landeigenda til að gera landamerkjalýsingar var líkt við að skipa mönnum að merkja fé sitt, svo sem lögskipað hefði verið frá ómunatíð.[198] Þá var nefnt að slík skrásetning skapaði hentugan grundvöll fyrir nýtt fasteignamat.[199] Af þessu má ráða að setning landamerkjalaga 1882 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 3.3. og 5.2.

Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Skyldi einnig getið ítaka eða hlunninda annarra í viðkomandi jörð svo og meðfylgjandi henni í annarra manna lönd. Eigendur aðliggjandi lands sem og aðilar ítaka skyldu rita samþykki sitt á bréfið, enda væru þeir sammála efni þess. Auk þinglesturs á næsta manntalsþingi var varðveisla landamerkjaskráa nú tryggð með færslu í landamerkjabók sýslumanns. Skrásetningu landamerkja, merkjasetningu og þinglýsingu landamerkjaskráa skyldi lokið innan fimm ára frá gildistöku laganna, að viðlögðum sektum. Kveðið var á um eftirlit sýslumanns með því að menn uppfylltu skyldur sínar í þessu efni. Ágreining skyldi útkljá fyrir merkjadómi.

Skylda til að halda við glöggum landamerkjum gilti því aðeins um afrétti og aðrar óbyggðar lendur „að því leyti því verður við komið“, sbr. 1. gr., í stað afdráttarlausrar skyldu jarðeigenda. Í ákvæði 2. gr. um skyldu til merkjasetningar virðist miðað við mörk milli tveggja jarða og skylda til skrásetningar landamerkja hvíldi á eiganda eða umráðamanni „hverrar jarðar“, sbr. 3. gr. Ekkert er minnst á afrétti eða aðrar óbyggðar lendur í því sambandi. Lögunum virtist þannig fyrst og fremst ætlað að fjalla um landamerki milli jarða.

Landamerkjalögin frá 1882 þóttu ekki ná tilgangi sínum til hlítar. Landamerkjaskrár voru ekki gerðar fyrir allar jarðir á landinu og margar einungis að

[196] Sjá *Tíðindi frá Alþíngi Íslendínga* 1849, s. 28–29, 31, 337 *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (fyrri partur), s.197, 485; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766; 1881 (fyrri partur), s. 553; 1881 (síðari partur), s. 408, 422.

[197] Sjá *Tíðindi frá Alþíngi Íslendínga* 1849, s. 29, 31, 261, 274–275, 281, 513. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 517; 1879 (síðari partur), s. 763–764, 766, 783; 1879 (fyrri partur), s. 485. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919 A I, s. 172.

[198] Sjá *Alþingistíðindi* 1879 (síðari partur), s. 766.

[199] Sbr. *Alþingistíðindi* 1877 (fyrri partur), s. 516–518; 1879 (síðari partur), s. 783. Sjá ennfr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

nafninu til, án samþykkis allra hlutaðeigandi. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að endurskoða lögin og lauk þeirri vinnu með setningu núgildandi laga um landamerki o.fl., nr. 41/1919.[200] Í 1. gr. þeirra laga er kveðið á um skyldu eigenda eða fyrirsvarsmanna jarða til merkjasetningar. Jafnframt segir svo í ákvæðinu: „Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu." Í ákvæði laganna um viðhald merkja segir að eiganda eða fyrirsvarsmanni „lands" sé skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segi um merkjagerð, sbr. 3. gr. Þá virðist ákvæði laganna um skyldu til skrásetningar landamerkja rýmra en ákvæði eldri laga að því leyti að þar er nú fjallað um „land" í stað „jarðar" og „fyrirsvarsmann" í stað „umráðamanns", sbr. 2. gr. laga nr. 41/1919 og 3. gr. laga nr. 5/1882. Eðlilegt virðist að túlka ákvæðið þannig að afréttir falli þar undir eins og önnur landsvæði. Sú skylda kemur þó ekki skýrt fram. Samkvæmt þessu skyldi skrásetja fyrirliggjandi landamerki afrétta en einungis setja merki og halda við merkjum ef sá krafðist þess sem land átti að afrétti. Enn sem fyrr miðast því ákvæði landamerkjalaga fyrst og fremst við að afmarka lönd jarða. Þessi ákvæði eru enn í gildi.

Þá er kveðið á um það í 6. gr. að jafnskjótt sem lögin komi til framkvæmda skyldu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það hvort merkjaskrám þar hafi verið þinglýst. Komi í ljós að merkjaskrám hafi ekki verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vanti á þinglýsta merkjaskrá, skyldi valdsmaður gefa til þess ákveðinn frest, að viðlögðum sektum, sbr. 7. gr. Jafnframt var kveðið á um að valdsmaður skyldi af sjálfsdáðum kveðja aðila fyrir dóm þegar hann fengi vitneskju um ágreining eða vafa þeirra á meðal um landamerki eða merkjaskrá væri eigi afhent til þinglýsingar, sbr. 8. gr.

Ljóst er að landamerkjalögin mæla fyrir um formsatriði, svo sem hvernig landamerki skuli úr garði gerð og hvað skuli koma fram í landamerkjaskrá.[201] Orðin landamerkjalýsing og -bréf hafa einnig verið notuð um þessa löggerninga. Lögin kveða hins vegar ekki á um efnisleg atriði, þ.e. hvar mörk skuli dregin eða hvaða réttindi fylgja í lönd annarra. Í samræmi við þetta felur landamerkjabréf ekki í sér sönnun um beinan eignarrétt yfir því landsvæði sem afmarkað er.

Gildi landamerkjabréfs er komið undir ýmsum atriðum. Þannig dregur augljóslega úr vægi þess ef eigendur eða fyrirsvarsmenn aðliggjandi lands hafa ekki áritað um samþykki sitt. Samanburður við landamerkjabréf þeirra, séu þau fyrir hendi, ætti þó að geta leitt í ljós hvort þar var um ágreining að ræða. Þá gat verið vandkvæðum bundið að afla tilskilinna áritana ef menn áttu mörk til óbyggða. Eignarhald á slíku svæði eða fyrirsvar vegna þess var e.t.v. óljóst eða ekki á neins manns hendi. Væri um afrétt að ræða verður að telja hreppsnefnd í fyrirsvari, en samkvæmt

[200] Sjá *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 172.

[201] Sbr. *Alþingistíðindi* 1919, A I, s. 174.

17. gr. tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 skyldi hreppsnefnd sjá um „notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum,...“ Þess eru enda ýmis dæmi í kjölfar landamerkjalaganna að fyrirsvarsmenn hreppa áriti landamerkjabréf jarða sem liggja að afrétti og að gerð séu sérstök landamerkjabréf fyrir afrétti.

Auk þess að uppfylla formskilyrði þarf viðkomandi bréf að vera lögmætt að efni til. Þannig er ljóst að með gerð landamerkjabréfs máttu menn ekki einhliða auka við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Því dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Á sama hátt eykur það gildi landamerkjabréfs ef því má finna stuðning í eldri heimildum.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaga 1882 og 1919 skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldu sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Í þessu sambandi ber þess að geta að könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Þegar um hefur verið að ræða svæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða en verið keypt af hreppsfélögum og lögð til afrétta hefur landamerkjabréf verið talið ákvarða mörk eignarlands, sbr. H 1971 1137 (Reyðarvatn) og H 1975 55 (Arnarvatnsheiði).[202]

Hafi svæði hins vegar ekki legið innan landamerkja jarðar hefur landamerkjabréf haft aðra þýðingu. Litið hefur verið til margra atriða, svo sem Landnámu, staðhátta, gróðurfars og nýtingar, og komist að þeirri niðurstöðu að beinn eignarréttur væri ekki fyrir hendi. Tilvist landamerkjabréfs hefur ekki breytt þeirri niðurstöðu en bréfið talið ákvarða mörk afréttareignar, sbr. H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði).

Hæstiréttur hefur hins vegar í þremur refsimálum sýknað menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar á eignarlandi, þrátt fyrir að veiðarnar færu örugglega fram innan landamerkja jarðar samkvæmt landamerkjabréfi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), og H 1994 2227 (Geitland).[203] Í öllum tilvikum var um að ræða jarðir með mörk til óbyggða. Taldi Hæstiréttur að vafi léki á um beinan

[202] Ennfremur til athugunar í þessu sambandi er H 1997 2792.

[203] Þess ber þó að geta að Geitland hefur ekki verið nýtt sem jörð um langan aldur.

eignarrétt yfir viðkomandi landsvæði. Í tveimur þessara mála var um það að ræða að eldri heimildir en landamerkjabréf jarðarinnar voru ekki fyrir hendi, sbr. H 1999 2006 (Sandfellshagi) og H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur). Staðhættir, gróðurfar og nýting þóttu hins vegar ekki benda til að stofnast hefði til beins eignarréttar yfir landsvæðinu. Sömu sjónarmið voru uppi í H 1999 111 (Gilsá), auk þess sem vafi var um hvar ákærði var við veiðarnar og hvar hann náði bráð sinni. Í H 1994 2227 (Geitland) var hins vegar um það að ræða að eldri heimildir voru taldar valda vafa um hvort landið væri eignarland. Niðurstöður Hæstaréttar í þessum málum ber að skoða í ljósi þeirrar meginreglu refsiréttar að vafa beri að meta ákærða í hag. Tekið er sérstaklega fram í H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá) að vafi sé um að stofnast hafi að lögum til beins eignarréttar „þrátt fyrir" umrætt landamerkjabréf.

Í málum þessum var til úrlausnar hvort brotið hefði verið gegn einkarétti landeiganda til fuglaveiða og vafi um beinan eignarrétt nægði til sýknu. Með hliðsjón af því að dómstólar hafa ekki tekið óyggjandi afstöðu til þess að einkarétti hvernig jarðir skuli afmarkaðar gagnvart öðrum landsvæðum, fyrst og fremst óbyggðum, er skiljanlegt að í refsimálum hafi verið talinn vafi á ferðum. Það er hins vegar verkefni óbyggðanefndar að úrskurða að einkarétti um slík mörk þar sem vafi er á ferðum. Óbyggðanefnd telur því að almennar eða bindandi ályktanir um eignarréttarlega þýðingu landamerkjabréfa verði ekki dregnar af umræddum fjórum refsidómum.

## 5.6. Afsals- og veðmálabækur

Samkvæmt Grágás þurfti ekki að lýsa landakaupum á þingi en ýmsum kvöðum (lögmálum), svo sem forkaupsrétti og veði, skyldi lýsa að Lögbergi.[204] Samkvæmt 11. og 12. kapítula kaupabálks Jónsbókar var skylt að gera kaupbréf þegar menn keyptu jarðir. Ekki þurfti að lýsa gerningunum en áfram skyldi lesa lögmála á Alþingi, sbr. 8.–9. kapítula landsbrigðaþáttar í Jónsbók.[205]

Í 28. gr. 3. kapítula 5. bókar Dönsku laga, um kaup og sölu og makaskipti, sagði m.a. að afsöl á húsum og jörðum skyldu fram fara á þingi þar sem jörðin væri og skyldi lesa og árita öll afsalsbréf á fyrsta eða öðru þingi. Réttarfarsákvæði Norsku laga Kristjáns V. voru lögleidd hér með opnu bréfi 2. maí 1732. Í 1. bók, 10. gr. 3. kafla, voru ákvæði um störf manntalsþinga en á þeim skyldu fara fram þinglýsingar. Landsmenn hirtu ekki nægilega um skyldu þessa og var hún áréttuð með úrskurðum kansellísins 3. nóvember 1766 og 22. apríl 1790. Var stiftamtmanni falið að áminna menn um að láta lesa, áskrifa og bóka öll eignarskjöl og veðbréf en við það var miðað að þinglýsingar færu fram við lögþingsrétt. Áminning þessi kom fram með auglýsingu í lögþingsbókinni 1793. Ekki voru nánari reglur um hvernig skyldi standa að

[204] *Grágás* 1992, s. 300 (14. k. lbþ.).

[205] *Jónsbók* 1904, s. 127–128 (8.–9. k. lbb.), 221–222 (11.–12. k. kb.).

þinglýsingu jarðakaupa-, gjafa- og veðbréfa og var um það mikil óvissa hvar skyldi þinglýsa heimildarbréfum. Með tilskipun frá 24. apríl 1833, um afsalsbréf og pant-setníngar á Íslandi, voru settar ítarlegri reglur um þetta efni. Var þar kveðið svo á að efni heimildarbréfs um fasteign skyldi lesast á því þingi sem eigindómurinn heyrði til. Eftir gildistöku laga nr. 30/1928, um þinglýsing skjala og aflýsing, fóru þinglýsingar fram á manntalsþingi, en í Reykjavík bæjarþingi. Hætt var lestri sérhvers skjals en þess í stað voru ákvæði um lestur skrár yfir skjöl sem borist höfðu til þinglýsingar. Lög þessi tóku nær eingöngu til framkvæmdar þinglýsinga en snertu ekki efnisatriði nema í litlum mæli. Þau lög giltu fram að setningu núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Þinglýsingareglur fjölluðu fyrir gildistöku núgildandi þinglýsingalaga ekki um þýðingu þinglýsingar. Engu að síður var litið svo á að registur samkvæmt til-skipuninni frá 1833 ættu að veita hverjum sem hafa vildi „áreiðanlega skírslu um heimild að fasteignum, ískyldur þær (ítök, veðsetníngar o.s.frv.) er þeim fylgja, og hvört nokkuð það sé á þíngi birt sem verið geti umráðum eigandans til tálmunar ...“[206] Þá var talið að í gildistíð laga nr. 30/1928 mætti binda nokkurt traust við þær upplýsingar sem fá mátti í afsals- og veðmálabókum ásamt tilheyrandi skrám þeirra.[207] Nær engin ákvæði fjölluðu þó um réttaráhrif þinglýsingar og var það m.a. yfirlýst hlutverk með frumvarpi því, sem varð að þinglýsingalögum nr. 39/1978, að bæta úr brýnni þörf að því leyti.[208]

Eins og áður segir virðist hafa verið brotalöm í framkvæmd þinglýsinga fram undir lok 18. aldar og að þá hafi verið um það óvissa hvort lesa ætti heimildarbréf að fasteignum á manntalsþingum eða lögþingsréttinum (á Alþingi, síðar Lands-yfirréttinum). Eftir gildistöku tilskipunarinnar frá 1833 voru skjöl einungis lesin við undirrétt (manntalsþing) og hefur þá verið miðað við að það teldist til dómstarfa. Sama gegndi um þinglýsingar í gildistíð laga nr. 30/1928 og síðan núgildandi þinglýsingalaga nr. 39/1978 þangað til lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, öðluðust gildi 1. júlí 1992. Þá var kveðið svo á að störf við þinglýsingar teldust til stjórnsýslu. Enda þótt þinglýsing teldist til dómstarfa til ársins 1992, var viðurkennt að þau væru frábrugðin venjulegum dómstörfum þar sem um væri að ræða skráningu í bækur, samningu á skrám og framlagningu þeirra.[209] Það girti ekki fyrir dómsmeðferð ágreinings um efnisatriði skjala, þótt þeim hefði áður verið þinglýst og hafði þinglýsingin þannig ekki gildi sem dómur um það sem í skjalinu fjallaði. Einskorðaðist starf við þinglýsingu við formkönnun skjala.

---

[206] Jón Johnsen, 1840: *Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup, veðsetningar og peníngabrúkun á Íslandi.* Kaupmannahöfn. S. 57.

[207] Þorgeir Örlygsson, 1993: *Þinglýsingar. Mistök í þinglýsingum. Réttarreglur.* Reykjavík. S. 29.

[208] *Alþingistíðindi* A 1977–1978, s. 1382.

[209] Þorgeir Örlygsson 1993, s. 46.

Lestur skjala á þingi og skrásetning skjala í registur og síðar þinglýsingabækur hefur verið gerð í þeim tilgangi að skrá réttindi manna yfir viðkomandi eign. Skrár þessar hafa því verið réttindaskrár en þeim hefur aldrei verið ætlað það hlutverk að lýsa eiginleikum eignar eða ástandi á hverjum tíma.[210] Vissum skjölum hefur þó verið ætlað sérstakt hlutverk, svo sem jarðabréfum og landamerkjabréfum, en um þau hefur áður verið rætt. Þinglýsing slíkra skjala hefur þá haft svipað gildi og yfirlýsing gagnvart aðliggjandi jörðum eða svæðum, í því skyni að draga fram hugsanlegan ágreining um landamerki, en í þinglýsingunni fólst ekki staðfesting á efni skjalanna um stærð, legu eða annan eiginleika jarðanna.

### 5.7. Aðrar heimildir

Upplýsingar um eignarréttindi getur einnig verið að finna í ýmsum öðrum heimildum en þeim sem að framan greinir. Má þar fyrst nefna eldri dóma. Í því sambandi ber að líta til þess að vafi getur leikið á því hvort um frumrit sé að ræða, seinni tíma uppskrift eða jafnvel fölsun. Auk þess kann að vera vafi um upprunalegt gildi dómsins skv. þágildandi lögum. Þá er viðfangsefnið oft greiðsla afréttartolla, skylda til upprekstrar o.þ.h. Af úrlausnum verður sjaldan ráðið hvort til grundvallar er lagður beinn eða óbeinn eignarréttur að viðkomandi landsvæði, enda ekki ljóst í hvaða mæli hugtök eignarréttar voru notuð í sambærilegri merkingu og í dag. Almennt gildi eldri dóma verður því að teljast takmarkað en einstakir dómar hljóta að koma til athugunar á þeim svæðum sem þeir fjalla um. Hlýtur aldur dóms að skipta nokkru máli og óhjákvæmilegt annað en að gildir dómar sem gengið hafa í gildistíð samtíma réttarskipunar okkar verði eftir því sem við á lagðir til grundvallar efnislegri niðurstöðu um einstök álitaefni.

Heimildir um stjórnsýslu veraldlegra yfirvalda er að finna í bréfa- og gerðabókum sýslumanna og hreppstjóra og enn fremur í skjalasöfnum æðstu embættismanna þjóðarinnar. Um hendur þeirra fóru m.a. flest erindi sem snertu sölu kirkjueigna.

Heimildir um eignaumsýslu kirkjunnar eru umtalsverðar. Áður var gerð grein fyrir máldögum og vísitasíum en fleiri má nefna. Bréfabækur biskupa eru einhliða heimildir en styðjast þó oft við eldri gögn að því leyti sem lýst er eignum og ítökum kirkna. Þá voru við flestar kirkjur sérstakar bækur sem nefndust kirkjustóll. Í þær voru skráðar eignir kirknanna og annað efni eftir skoðunargerð biskups eða prófasts. Skjalaflokkurinn klausturumboð veitir einnig mikilsverðar upplýsingar um eignir þeirra jarða sem á miðöldum heyrðu undir klaustrin en konungur lagði hald á eftir siðbreytingu.

---

[210] Þorgeir Örlygsson 1993, s. 19.

Hér hefur verið fjallað um þær heimildir sem óbyggðanefnd telur almennt ástæðu til að kanna í hverju máli. Auk þeirra getur að sjálfsögðu verið sérstök ástæða til að kanna önnur prentuð eða óprentuð frumgögn. Jafnframt geta eftirheimildir á borð við almenn uppsláttarrit og ítarefni um svæðið, svo sem byggðar- og héraðslýsingar, t.d. sýslu- og sóknarlýsingar frá 19. öld og landfræðisaga Þorvaldar Thoroddsens, árbækur, o.s.frv. haft nokkra þýðingu. Loks geta fornleifarannsóknir varpað ljósi á búsetusögu viðkomandi svæðis.

Af úrlausnum dómstóla má ráða að heimildir af því tagi sem hér hefur verið gefið ágrip af, geti ásamt öðru haft nokkra þýðingu við mat á tilvist eignarréttinda.

## 6. NIÐURSTAÐA

Af úrlausnum dómstóla fyrir gildistöku þjóðlendulaga 1998 var ljóst að tiltekin landsvæði á hálendi Íslands væru ekki í eigu sveitarfélaga eða ríkis. Jafnframt mátti ætla að svipað ætti við um fleiri landsvæði en þau sem komið höfðu til umfjöllunar dómstóla. Réttarstaða þessara landsvæða var því að miklu leyti óljós. Þörfin á skýrum reglum um eignarráð og forræði jókst hins vegar með aukinni og fjölbreyttari nýtingu.

Þjóðlendulögin voru sett til að leysa úr þessum vanda. Með þeim er íslenska ríkið lýst eigandi slíkra svæða, þau kölluð þjóðlendur og óbyggðanefnd falið að greina á milli þeirra og eignarlanda. Jafnframt er gert ráð fyrir að innan þjóðlendu geti einstaklingar eða lögaðilar átt takmörkuð eignarréttindi og óbyggðanefnd falið að úrskurða um þau.

Hlutverk óbyggðanefndar er skilgreint í 7. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Samkvæmt því skal óbyggðanefnd:

> a. Kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
>
> b. Skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
>
> c. Úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Verkefni óbyggðanefndar er þannig lögbundið og felst í að upplýsa um mörk eignarlanda og þjóðlendna og skilgreina óbein eignarréttindi innan þjóðlendu. Við úrlausn verkefnis síns hlýtur óbyggðanefnd að byggja annars vegar á heimildum um eignarréttindi og hins vegar almennum sönnunarreglum. Það er ekki á valdsviði óbyggðanefndar að ákvarða frá grunni mörk, eftir atvikum ný mörk, svo sem á grundvelli hæðarlínu eða annarra almennra viðmiðana af því tagi, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Óbyggðanefnd hefur ekki heimild til að svipta menn eignarlöndum sínum eða skerða eignarréttindi þeirra á annan hátt. Í vafa- og takmarkatilvikum er þó óhjákvæmilegt annað en að ætla nefndinni nokkurt svigrúm við mat á mörkum eignarlanda og þjóðlendna, í samræmi við þær sönnunarreglur íslensks réttar sem nefndin er bundin af og grein er gerð fyrir í forsendum þessum. Þá telur nefndin að heimildir

hennar til afmörkunar og ákvörðunar marka afrétta innan þjóðlendu séu eðli málsins samkvæmt rýmri en þegar um fyrrgreind mörk eignarlanda og þjóðlendna er að ræða.

Frumstofnun eignarréttar hér á landi hefur farið fram með landnámi, hefð og lögum, sbr. löggjöf um nýbýli og þjóðlendur.

Landnáma er grundvallarheimildin um landnám Íslands en heimildargildi hennar er umdeilt meðal fræðimanna. Óbyggðanefnd telur að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða hennar. Af frásögnum þar og rannsóknum á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði virðist jafnframt óhætt að draga þá almennu ályktun að landnám hafi víða náð lengra inn til landsins en byggð á síðari tímum. Óbyggðanefnd telur jafnframt að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verða hins vegar engar afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Hefð er annar frumstofnunarháttur eignarréttar. Dómstólar hafa hafnað því að eignarhefð verði unnin á grundvelli hefðbundinna afréttarnota af landi utan landamerkja jarða. Eignarhefð hefur hins vegar verið viðurkennd á grundvelli sambærilegra nota innan landamerkja jarðar. Jafnframt er ljóst að nytjar af þessu tagi hafa ekki nægt til að vinna eignarhefð með útrýmandi hætti innan marka jarðar svo sem þau hafa verið afmörkuð í landamerkjabréfi hennar. Óbyggðanefnd telur að við mat á því hvort tekist hafi að fullna eignarhefð yfir landsvæði skipti máli hvort það er innan eða utan landamerkja jarðar. Skilyrði fyrir því að eignarhefð verði unnin á landsvæði utan landamerkja jarðar eru þröng, þó að ekki sé slíkt útilokað.

Þá telur óbyggðanefnd það ekki á færi sínu, þrátt fyrir lögbundna rannsóknarskyldu nefndarinnar, að ákvarða einstökum aðilum réttindi á grundvelli réttarskapandi úrræðis sem hefðar, án þess að til komi beint og ótvírætt tilkall viðkomandi aðila um ákveðin og afmörkuð eignarréttindi og að hann eftir atvikum beri fyrir sig og byggi rétt á hefð.

Lög eru þriðji frumstofnunarháttur eignarréttar. Stofnun nýbýla á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 15. apríl 1776 eða laga um nýbýli frá 6. nóvember 1897 virðist þó ekki hafa mikla almenna þýðingu í þessu sambandi enda fátíð, þó ekki sé hún dæmalaus.

Fram að gildistöku þjóðlendulaga var land að meginstefnu flokkað á grundvelli eignarhalds í *jarðir*, *afrétti* og *almenninga*. Þýðing þeirrar flokkunar nú ræðst af því hvernig hún fellur að hugtökunum *eignarland* og *þjóðlenda*.

Óbyggðanefnd telur að almennt megi gera ráð fyrir að jörð sé landsvæði sem upprunalega hefur verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hefur verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður getur að sjálfsögðu verið land innan jarðar sem ekki verður nýtt til landbúnaðar, enda getur setning merkja hæglega hafa tekið

mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hefur verið í samræmi við búskaparhætti og umfang bús á hverjum tíma. Land hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Innan merkja jarðar sinnar hefur eigandi almennt séð farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildir um eignarland yfirleitt. Óbyggðanefnd telur hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Staðhættir, gróðurfar og nýtingarmöguleikar verða ekki taldir hafa úrslitaáhrif í því sambandi. Einstök dæmi um slíka skiptingu finnast þó og eins kann það í öðrum tilvikum að valda nokkrum vafa þegar afréttur liggur eða lá sjálfstætt undir einstakar jarðir. Þá kunna að finnast svæði innan merkja jarða sem kölluð eru afréttur, e.t.v. með vísan til þess að sá hluti hennar hafi helst verið nýttur til beitar, án þess þó að eignarréttarleg staða þess landsvæðis hljóti að vera önnur. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Óbyggðanefnd telur að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það sem ítakið er á sé eða hafi einhvern tíman verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Þrátt fyrir þetta kunna að finnast ítök í landsvæðum sem ekki eru undirorpin beinum eignarrétti nú og ekki unnt að sýna fram á að hafi nokkurn tíman verið það. Í slíkum tilvikum kann þó að vera um annars konar réttindi að ræða en ítök í hinni hefðbundnu merkingu hugtaksins.

Óbyggðanefnd telur að heimildir bendi ekki til að hér á landi hafi verið að finna afmörkuð landsvæði inn til landsins sem lotið hafi reglum um almenninga svo óyggjandi sé. Hafi einhvern tíma svo verið, hefur munur á þeim og afréttum orðið lítill eða enginn er tímar liðu fram. Þá er ljóst að stærstur hluti lands utan einstakra jarða hefur fyrr og síðar verið í afréttarnotum. Samkvæmt þessu verður ekki talið að hugtakið almenningur hafi mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi sem verið hefur í slíkum notum. Það getur hins vegar haft þýðingu við mat á takmörkuðum eignarréttindum og eins verður ekki útilokað að slík landsvæði finnist.

Óbyggðanefnd telur ekki hægt að útiloka að landsvæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum eru samnotaafréttir hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti. Samhengi eignarréttar og sögu liggur hins vegar ekki fyrir. Nýting landsins hefur fyrr og síðar fyrst og fremst falist í sumarbeit fyrir búfénað. Reglur um afmörkun á afréttum hafa verið mun rýmri en varðandi jarðir og fyrst og fremst miðast við hagsmuni eigenda aðliggjandi jarða. Þá er ljóst að löggjafinn hefur ráðstafað eignarréttindum á afréttum til annarra en afréttarhafa og ekki lagt á þá sömu skyldur og eigendur jarða. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða,

hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðrar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er samnotaafréttur sé þjóðlenda. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem öðru heldur fram.

Að því er varðar afrétti einstakra jarða og stofnana, virðist munurinn sá að réttindi einstakra jarða til landsvæðisins og tilheyrsla þess í því sambandi eru meiri en varðandi samnotaafréttina. Jafnframt hefur löggjafinn ekki ráðstafað eignarréttindum á slíkum svæðum á sama hátt og á samnotaafréttum. Hvort tiltekinn afréttur einstakrar jarðar eða stofnunar er undirorpinn beinum eða óbeinum eignarrétti heimajarðar er hins vegar ekki einhlítt og verður að meta í hverju tilviki fyrir sig. Kröfur dómstóla til sönnunar að því er varðar annars vegar afrétti einstakra jarða og stofnana og hins vegar samnotaafrétti virðast þó sambærilegar.

Um lönd eða hluta lands einstakra jarða sem hefur verið lagt til afréttar vísast til umfjöllunar um hugtakið *jörð*.

Landfræðileg afmörkun fasteigna var ekki skráð á samræmdan máta fyrr en í lok 19. aldar. Fram er komið að fyrir þann tíma eru heimildir um mörk jarða fágætar. Þá liggur fyrir að heimildargildi Landnámu er umdeilt og lýsingar hennar oft ónákvæmar. Úrskurður um eignarland eða þjóðlendu verður ekki byggður á þeim einum.

Með setningu laga um landamerki, nr. 5/1882, var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Tilgangur löggjafans með setningu laga um landamerki 1882 og laga um hefð 1905 var sá að koma fastri skipan á afmörkun fasteigna og heimildir til þeirra. Hér má einnig nefna lög um fasteignamat 1915 þar sem kveðið var á um reglubundið mat fasteigna á tíu ára fresti. Með þessu móti leitaðist löggjafinn við að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna.

Samkvæmt ákvæðum landamerkjalaganna skyldi sýslumaður hafa eftirlit með því að menn uppfylltu skyldur sínar til skrásetningar merkja. Hafi bréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinnar jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Séu bréf aðliggjandi jarða samhljóða hlýtur það að benda til hins sama. Könnun óbyggðanefndar á dómum Landsyfirréttar á tímabilinu 1886–1920 bendir ekki til þess að í kjölfarið á setningu landamerkjalaganna hafi komið upp umtalsverður ágreiningur milli sveitarfélaga og eigenda efstu jarða um mörk jarða og afrétta. Jafnframt er ljóst að þinglýstir eigendur hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar

rétt lýst. Ennfremur hlýtur gildistaka hefðarlaga árið 1905 að styrkja eignartilkall slíkra aðila.

Ljóst virðist af úrlausnum dómstóla að við mat á gildi landamerkjabréfs, skiptir máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði. Hafi gögn máls þótt bera með sér að afréttarlandsvæði væri einungis óbeinum eignarréttindum háð hefur tilvist landamerkjabréfs ekki breytt þeirri niðurstöðu. Í slíkum tilvikum hafa landamerkjabréf einungis verið talin ákvarða mörk afréttareignar. Hins vegar hafa dómstólar í einkamálum talið landamerkjabréf ákvarða mörk eignarlands í tilvikum þar sem um var að ræða landsvæði sem áður höfðu legið innan landamerkja jarða.

Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telur óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Útilokað er að fullyrða um rétta afmörkun og órofa yfirfærslu eignarréttinda allt frá landnámi og til dagsins í dag. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafa samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur sem í beinum eignarrétti felast, verður að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera. Einstaklingar og lögaðilar hafa haft réttmætar ástæður til að vænta þess að beinn eignarréttur væri fyrir hendi og getað leitað til handhafa opinbers valds honum til verndar. Hins vegar er þó ljóst að meta verður sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dregur úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Á hinn bóginn telur óbyggðanefnd að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum hefur ekki með einum eða öðrum hætti tilheyrt jörð, hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Ekki er hægt að útiloka að þessi landsvæði hafi verið numin eða á annan hátt orðið undirorpin beinum eignarrétti en samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Í stað þeirra almennu heimilda til umráða, hagnýtingar, ráðstöfunar o.s.frv. sem eigandi jarðar hefur um aldir verið talinn fara með hefur einungis verið um að ræða heimildir til takmarkaðar nýtingar sem snemma urðu lögbundnar. Með vísan til úrlausna dómstóla er ljóst að beinn eignarréttur verður ekki byggður á slíkum notum. Sönnunarbyrðin hvílir því á þeim sem slíku heldur fram.

Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði. Þegar merki jarðar eru miðuð við jaðar jökuls og þeim því ekki lýst nema að takmörkuðu leyti í landamerkjabréfi ber þannig að miða við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga, 1. júlí 1998, enda sé jökullinn í þjóðlendu. Sé jökulsvæði innan merkja jarðar gilda hins vegar almenn sjónarmið um túlkun landamerkja. Merki sjávarjarða til hafsins fylgja breytingum á stórstraumsfjörumáli og landamerki færast inn og út í samræmi við landauka eða landtap.

# 7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5

## 7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum[211]

[...]

Á þeim tíma sem liðinn er frá því *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og viðauki við þær [sbr. kafla 1–6 hér að framan] birtist hefur Hæstiréttur kveðið upp nokkurn fjölda dóma sem fela í sér afstöðu réttarins til atriða sem almenna þýðingu hafa við efnislega úrlausn þjóðlendumála. Skal þar fyrst getið um dóm Hæstaréttar frá 6. september 2005 í máli nr. 367/2005, sem fjallað var um í inngangi að niðurstöðum óbyggðanefndar í málum á svæði 4 [mál nr. 1–6/2004]. Svo sem þar segir verður sú ályktun af honum dregin, sbr. nú einnig dóm Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006, að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, og verði að leysa úr máli á þeim grundvelli. Í tilvikum ríkisjarða hefur því þó verið lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á eignarlandi og því eigi niðurstaða óbyggðanefndar, að því leyti sem hún tekur til ríkisjarða, að ráðast af sömu atriðum og lögð séu til grundvallar um annað eignarland. Aðrir dómar varða fremur heimildamat og sönnunarkröfur, nánar tiltekið tveir dómar Hæstaréttar frá 21. október 2004 (mál nr. 47 og 48/2004); þrír dómar frá 11. maí 2006 (mál nr. 496/2005, 454/2005 og 345/2005); tveir dómar frá 28. september 2006 (mál nr. 497/2005 og 498/2005); tveir dómar frá 5. október 2006 (mál nr. 67/2006 og 133/2006) og nú síðast þrír dómar frá 16. maí 2007 (mál nr. 448/2006, 536/2006 og 24/2007).

[...]

Hér á eftir verður fyrst lagt mat á hvort dómar gefi tilefni til að herða sönnunarkröfur til landamerkjabréfa jarða og að því loknu fjallað almennt um stofnun heiðarbyggðar á Norðausturlandi. [...].

### 7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða[212]

Í forsendum dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796, tók rétturinn almenna afstöðu til mats á gildi landamerkjabréfa, annars vegar jarða og hins vegar annarra landsvæða, og inntaks eignarréttar á svæði, sem lýst er í landamerkjabréfi jarðar, sbr. einnig tilvísanir í síðari dómum í þjóðlendumálum, t.d. máli nr. 345/2005. Orðrétt segir svo:

> Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni

[211] Kafli 6.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

[212] Kafli 6.1.1. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

> jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Einnig kemur fram það álit réttarins að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Sama máli gegnir ef ekki hefur verið ágreiningur um merki viðkomandi jarðar. Hins vegar verði ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að fyrir gildistöku laga nr. 58/1998 hafi engum verið til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda. Þá verði þess að gæta að með því að gera landamerkjabréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Verði til þess að líta hvort til séu eldri heimildir sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfi, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu lands.

Segja má einnig að í nýjustu dómum, sbr. mál nr. 536/2006 og 24/2007, hafi enn verið hnekkt á þýðingu þess að landsvæði teljist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu er óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, sbr. umfjöllun um þau í *Almennum niðurstöðum*, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé.

Umfjöllun dómstóla um landamerkjabréf jarðanna Úthlíðar, Stafafells (hluta), Skaftafells og Hóla gefur þó tilefni til að huga sérstaklega að því hvort óbyggðanefnd beri að herða kröfur til sönnunar eignarlands innan landamerkjabréfa jarða, frá því sem lagt er til grundvallar í *Almennum niðurstöðum*. Viðkomandi landsvæði voru öll talin eignarlönd en í forsendum dóma samt sem áður lýst efasemdum um að svo væri að öllu leyti.

Í tilvikum Úthlíðar og þess hluta Stafafellslands sem liggur sunnan og vestan Jökulsár, sbr. mál nr. 48/2004 og 498/2005, lágu fyrir bæði landamerkjabréf og eldri heimildir um merki. Lýsingar þessar fengu vel samrýmst en beinn eignarréttur á hluta þeirra landsvæða sem afmörkuð voru þrátt fyrir það talinn vafa undirorpinn. Fram kemur að staðhættir og fyrirliggjandi heimildir um gróðurfar styðji ekki að þar hafi verið stofnað til beins eignarréttar með námi. Ekki voru þó talin skilyrði til að skilja þessi landsvæði undan eignarlandi jarðanna, einkum þar sem ekkert hefði komið fram af hálfu íslenska ríkisins sem leggja mætti til grundvallar við nánari afmörkun að þessu leyti. Varðandi umræddan hluta Úthlíðar var einnig tekið fram að ekki hefði verið sýnt fram á að landsvæðið hefði verið nýtt sem samnotaafréttur.

Í tilvikum Skaftafells og Hóla, sbr. mál nr. 496/2005 og 48/2004, voru landamerkjabréf fyrir hendi en engar eldri heimildir. Um landamerkjabréf Skaftafells, sem er ódagsett en var þinglesið á árinu 1890, segir svo í dómi Hæstaréttar:

> Þótt landamerkjabréfið geti haft sönnunargildi um mörk eignarlands Skaftafells með því að það var áritað um samþykki af eigendum aðliggjandi jarða, þinglesið og fært í landamerkjabók, verður að líta til þess að ekki var á valdi eigenda jarðarinnar að auka með landamerkjabréfinu við land sitt eða

annan rétt umfram það, sem áður hafði verið. Getur landamerkjabréf þetta því ekki eitt og sér nægt gegn andmælum áfrýjanda til að sanna beinan eignarrétt eigenda Skaftafells II að landinu á Skeiðarársandi, sem deilt er um í málinu, heldur verða önnur atriði jafnframt að koma til, sem stutt geta sömu niðurstöðu, sbr. dóm Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 [sem fjallar m.a. um Hóla], sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3796.

Hér skal einnig getið dóms í máli nr. 345/2004, varðandi jörðina Fell í Suðursveit. Þar lá fyrir skýr eldri heimild, nánar tiltekið lögfesta frá árinu 1851, þar sem merki inn til landsins voru m.a. miðuð við aðliggjandi jökul. Landamerkjabréf jarðarinnar frá árinu 1922 var mun óskýrara, náði skemur inn til landsins, þ.e. í átt að jökli, og gat ekki sérstaklega um merki gagnvart jöklinum. Fjalllendið næst jökli var dæmt þjóðlenda og þannig fremur miðað við hina yngri heimild, þ.e. landamerkjabréfið, sem náði skemur en hin eldri. Þar höfðu þó önnur atriði einnig vægi.

Óbyggðanefnd hefur nú þegar kveðið upp úrskurði sem fjalla um fjölda jarða á sunnanverðu landinu, þ.e. svæðum 1–4, og heimilda um afmörkun og eignarréttindi á ágreiningssvæðum verið skipulega leitað, m.a. á Þjóðskjalasafni og hjá sýslumannsembættum. Séu þær skoðaðar heildstætt kemur í ljós að landamerkjabréf hátt í tvöhundruð jarða hafa verið könnuð sérstaklega. Í upp undir helmingi tilvika hefur það verið elsta lýsing á merkjum jarðar og beinn samanburður við eldri heimildir þannig ekki mögulegur. Því fer einnig fjarri að eldri heimildir séu almennt heildstæðar merkjalýsingar. Þvert á móti geta þær verið brotakenndar og jafnvel fremur falið í sér vísbendingar en ótvíræðar lýsingar. Loks eru tíu tilvik þar sem ekkert landamerkjabréf, í skilningi landamerkjalaga, er fyrir hendi og verður ekki séð að það hafi nokkurn tíma verið gert. Að því er varðar mikinn meirihluta jarða á svæðum 1–4, var niðurstaðan sú að aðrar heimildir um merki, væru þær til, ýmist styddu lýsingu bréfs eða mæltu henni ekki í mót. Merkjum væri því rétt lýst í landamerkjabréfi, svo sem óbyggðanefnd skýrði það. Tekið skal fram að sú skýring var í ákveðnum tilvikum önnur en málsaðila.

Svo sem að framan greinir virðast dómstólar þannig gera fremur strangar kröfur til landamerkjabréfa jarða, þ. á m. að þau hafi stuðning af öðru og þá einkum eldri heimildum. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar niðurstöðu hverju sinni, þar á meðal mismunandi vægi eða trúverðugleiki einstakra heimilda, nýting, gróðurfar og staðhættir. Með hliðsjón af því og með tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd að fara beri varlega í að draga víðtækar ályktanir af þessari umfjöllun. Líta ber til þess að eftir að gengið hafði verið frá landamerkjabréfi, með tilheyrandi opinberri skráningu, hafði jarðeigandi síður ástæðu til að varðveita skjöl sem þar kann að hafa verið byggt á. Eðlilegt verður að telja að íslenska ríkið beri hallann af þeim vafa sem fyrir hendi kann að vera í slíkum tilvikum.

Niðurstaða óbyggðanefndar er því sú að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hefur verið lagt til grundvallar og samrýmist vel þeirri almennu afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa sem áður var lýst. Eftir sem áður er ljóst að dómstólar gera nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, sbr. einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telur til eignarréttar yfir landi verður að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu. Jafnframt liggur fyrir að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, þar sem segir svo:

> ...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

### 7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi[213]

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er gerð almenn grein fyrir þeirri stofnun eignarréttar sem heimilaður var í nýbýlatilskipun frá 15. apríl 1776, um landnám og byggingu eyðijarða, og síðar nýbýlalögum, nr. 15/1897.[214] Að því er varðar Norðausturland sérstaklega í þessu sambandi benda heimildir til að í kjölfar nýbýlatilskipunar og fram yfir miðja 19. öld hafi þar verið stofnað til heiðarbyggðar í meiri mæli en á þeim landshlutum sem áður hafa komið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Byggð þessi stóð að jafnaði stutt, oft slitrótt, og þegar komið var fram á miðja 20. öld var henni nær alveg lokið. Í kjölfar gildistöku landamerkjalaga voru ýmist gerð sérstök landmerkjabréf fyrir slík heiðarbýli eða þau felld innan landamerkjalýsingar tiltekinnar jarðar.

Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunar gat slík býlisstofnun hvort heldur er verið í landi jarðar eða utan þess. Kveðið var á um útmælingu viðkomandi landsvæðis undir stjórn sýslumanns og útgáfu amtmanns á byggingarbréfi til handa nýbýlingi, enda hefði skilyrðum verið fullnægt.

Í þeim tilvikum að stofnað var til nýbýlis í landi jarðar með lögformlegum hætti, sbr. einkum 2. gr. nýbýlatilskipunar, er ljóst að með því hefur ekki orðið breyting á eignarréttarlegri stöðu landsvæðisins. Hér gegnir sama máli og ef þar var stofnað til byggðar með öðrum hætti, svo sem leigu eða sölu hluta jarðar.[215] Um slík

[213] Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5).

[214] Sbr. kafla 3.3. [...].

[215] Sbr. kafla 4.2. [...].

landsvæði hlýtur því að fara eftir sömu sjónarmiðum og jarðir almennt, hvernig sem formlegum frágangi hefur verið háttað. Um jarðir almennt vísast nánar til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*.

Hafi hins vegar tekist byggð utan jarðar, sbr. einkum 4. gr. nýbýlatilskipunar, verður að kanna hvort þar hafi verið stofnað til lögformlegs nýbýlis. Hafi svo verið, er ljóst að viðkomandi landsvæði er eignarland, þá þegar af þeirri ástæðu. Ella verður að líta svo á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar á grundvelli þeirrar löggjafar. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis breyttist því ekki, hvernig sem henni var farið. Annað mál er að í kjölfarið kann að hafa stofnast þar eignarland á öðrum grundvelli, sbr. lög nr. 46/1905 um hefð.

Heiðarbyggð á Norðausturlandi er nefnd ýmsum nöfnum í heimildum, einkum nýbýli, afbýli, heiðarkot og hjáleiga. Notkun þessara hugtaka er misvísandi og tekur ekki endilega mið af ákvæðum nýbýlatilskipunar eða nýbýlalaga. Þannig kann tiltekið býli að vera nefnt nýbýli í heimildum án þess að byggingarbréf liggi fyrir. Málsmeðferð nýbýlaumsóknar getur þá af einhverjum ástæðum hafa lokið á einhverju stigi, svo sem eftir útmælingu, eða jafnvel ekki hafist yfirleitt. Á hinn bóginn getur verið að byggingarbréf hafi verið gefið út en býlið þrátt fyrir það nefnt annað en nýbýli, t.d. hjáleiga.

Útgáfa byggingarbréfs, sem stundum er nefnt nýbýlaleyfi, tekur af vafa um stofnun eignarlands og að landsvæði hafi frá þeim tíma öðlast stöðu jarðar að lögum. Að öðru leyti hlýtur að þurfa að leggja mat á eignarréttarlega stöðu viðkomandi landsvæðis áður en þar tókst byggð og hvort sú staða hafi tekið breytingum síðan. Í því sambandi ber að líta til þeirra krafna sem Hæstiréttur hefur gert til sönnunar eignarlands, sbr. kafla [7].1.1.

# 8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6

## 8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[216]

[...]

Frá því óbyggðanefnd kvað upp [...] úrskurði [síðast], í málum nr. 1–5/2005 (svæði 5), hafa gengið níu Hæstaréttardómar sem tengjast fyrri svæðum. Nánar tiltekið eru þetta fimm dómar frá 14. júní 2007, þ.e. í málum nr. 22/2007 (Þórsmörk og Goðaland), nr. 23/2007 (Steinsholt), nr. 25/2007 (Almenningar), nr. 26/2007 (Merkurtungur), nr. 28/2007 (Stakkholt), einn dómur frá 4. október 2007, í máli nr. 27/2007 (Grænafjall/Fljótshlíðarafréttur), einn dómur frá 11. október 2007, í máli nr. 99/2007 (Skaftártunguafréttur) og loks tveir dómar frá 18. október 2007, í málum nr. 47/2007 (Núpsstaður og fleiri jarðir í Fljótshverfi) og 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir).

[216] Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

Tveir hinir síðastnefndu dómar eru fremur til staðfestingar á [...] niðurstöðu [þeirri sem greinir í kafla 7.1.1.], þ.e. að ekki beri að herða sérstaklega kröfur til landamerkjabréfa jarða. Að öðru leyti telur óbyggðanefnd nauðsynlegt að taka til athugunar samhengi eldri og yngri dóma um eignarréttarlega stöðu tiltekinna afrétta einstakra jarða og/eða stofnana og hvort tilefni sé til breytinga á sönnunarmati óbyggðanefndar í sambærilegum tilvikum. Fer sú umfjöllun hér á eftir.

## 8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana[217]

Um þýðingu hugtakanna jörð, afréttur og almenningur er rækilega fjallað í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* [...]. Að því er varðar hugtakið jörð er niðurstaðan sú að almennt megi gera ráð fyrir að slíku landi hafi upphaflega verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Þannig eru taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi eða innan annarra ótvíræðra merkja, sé beinum eignarrétti háð. Tilvist landamerkjabréfs ein og sér ræður því ekki úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar.

Afrétti hefur óbyggðanefnd flokkað í þrennt á grundvelli uppruna, sbr. kafla 4.4. og 4.5. í áðurnefndum *Almennum niðurstöðum*. Þar eru í fyrsta lagi samnota-afréttir, þ.e. þeir afréttir sem skv. elstu heimildum hafa verið í sameiginlegum notum jarða í tilteknu sveitarfélagi eða á afmörkuðu svæði. Í öðru lagi eru afréttir einstakra jarða og stofnana, sem skv. elstu heimildum tilheyrðu einstökum jörðum, lög-persónum eða stofnunum, fyrst og fremst kirkjunum. Í þriðja lagi er um að ræða jarðir sem að hluta eða öllu leyti hafa verið lagðar til afréttar og gilda þar um sambærileg sjónarmið og að framan greindi um eignarhald á landi jarða yfirleitt.

Hafi umþrætt landsvæði ekki legið innan merkja jarðar hefur óbyggðanefnd talið að líkur séu á því að það hafi ekki orðið beinum eignarrétti háð fyrr en með setningu þjóðlendulaga. Tilvist landamerkjabréfs skiptir þá ekki grundvallarmáli en litið til atriða svo sem umfjöllunar í heimildum, nýtingar, staðhátta, gróðurfars og landnáms. Ekki er þó alltaf augljóst hvort landsvæði hefur stöðu jarðar eða afréttar. Á það álitaefni hefur sérstaklega reynt þegar undir einstakar jarðir og/eða stofnanir hafa legið svæði sem skilin hafa verið frá viðkomandi heimajörð með sjálfstæðum merkjum eða, í sumum tilvikum, af öðrum fasteignum. Eru aðstæður þá oft þær að landsvæðisins er getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og heimildir um afnot einskorðaðar við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Til úrlausnar hjá óbyggðanefnd hefur komið nokkur fjöldi landsvæða sem fella má undir framangreinda lýsingu. Þessi landsvæði hafa verið úrskurðuð þjóðlendur og

---

[217] Kafli 6.1.3. í málum nr. 1–5/2007 (svæði 6).

afréttir/landsvæði í afréttareign, eftir atvikum með vísan til heimilda, legu, sögu, staðhátta, nota o.fl. Ber hér að nefna Afrétt norðan vatna í máli nr. 4/2000 (svæði 1), Hrunaheiðar í máli nr. 5/2000 (svæði 1); Hoffellslambatungur í máli nr. 4/2001 (svæði 2); Þórsmörk, Goðaland, Almenninga, Teigstungur, Múlatungur, Merkurtungur, Stakkholt, Steinsholt, Hólatungur, Borgartungur og Skógafjall í máli nr. 5/2003 (svæði 3); Hvítmögu og Stórhöfða í máli nr. 6/2003 (svæði 3); Villingadal, Suðurfell og Múla í máli nr. 1/2005 (svæði 5); Steinvarartungu og Þorbrandsstaðatungur í máli nr. 3/2005 (svæði 5); Þverfellsland og sunnanverða Grímólfsártungu í máli nr. 4/2005 (svæði 5) og loks afréttarland á Hólsfjöllum í máli nr. 5/2005 (svæði 5).

Segja má að Hæstiréttur hafi einnig tekið skýra afstöðu til landamerkjabréfa annarra landsvæða en jarða, þegar í fyrstu dómum í þjóðlendumálum. Í forsendum réttarins í dómi frá 21. október 2004, máli nr. 48/2004, segir þannig svo:

> Við mat á gildi landamerkjabréfa og því hvert sé inntak eignarréttar á svæði, sem þar er lýst, skiptir almennt máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði, en þekkt er að landamerkjabréf hafa ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig til dæmis afrétti, sem ekki tengjast sérstaklega tiltekinni jörð. Felur landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega.

Að auki segir svo í dómi réttarins frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005:

> ...nær frá upphafi Íslandsbyggðar mörkuðu menn sér ekki eingöngu ákveðin landsvæði, sem voru háð beinum eignarrétti, heldur einnig mörk ítaka, afrétta og allra annarra réttinda í lönd sem einhverja þýðingu gátu haft fyrir afkomu manna. Meðan landsvæði gaf eitthvað af sér lágu hagsmunir til þess að halda merkjum réttindanna við, hvers eðlis sem þau voru. Af framanrituðu þykir leiða að skýra verði hvaða réttindi það séu sem menn voru að skipta á milli sín.

Þá hefur komið fram það skýra mat Hæstaréttar að sé ekki um jörð að ræða hafa landamerkjabréf takmarkaðra vægi sem „sönnunargagn um beinan eignarrétt“, sbr. dóm Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þær þjóðlendur og afrétti/landsvæði í afréttareign sem áður voru tilgreindar hafa verið staðfestir efnislega með dómum Hæstaréttar að því er varðar Afrétt norðan vatna, Hoffellslambatungur, Hrunaheiðar, Þórsmörk, Goðaland, Steinsholt, Almenninga, Merkurtungur og Stakkholt, sbr. dóma frá 21. október 2004, 28. september 2006, 5. október 2006 og 14. júní 2007 í málum nr. 47/2004, nr. 497/2005, nr. 133/2006, nr. 22/2007, nr. 23/2007, nr. 25/2007, nr. 26/2007 og nr. 28/2007. Í tilvikum Skógafjalls, Hvítmögu og Stórhöfða var sams konar niðurstöðum óbyggðanefndar á hinn bóginn snúið við og komist að þeirri niðurstöðu að þar væru eignarlönd en ekki þjóðlendur í afréttareign, sbr. dóma frá 16. maí 2007 í málum nr. 24/2007, nr. 536/2006 og nr. 448/2006. Önnur framangreind

landsvæði hafa ekki komið til kasta dómstóla en af dómum um eignarland frá því fyrir gildistöku þjóðlendulaga ber að nefna Hrd. frá 29. febrúar 1996 (Hrd. 1996/696) um Blikdal í Esju og dóm aukadómþings Árnessýslu 23. febrúar 1980 um Tunguheiði í Biskupstungum.

Úrskurðir óbyggðanefndar um þjóðlendur í afréttareign á þessum svæðum eru þannig almennt í góðu samræmi við úrlausnir Hæstaréttar, fyrr og síðar, þó svo forsendur séu ekki einsleitar í öllum tilvikum og taki þess utan mið af sérstöðu einstakra svæða. Dómar Hæstaréttar um landskikana þrjá sunnan Mýrdalsjökuls, þ.e. Skógafjall, Hvítmögu og Stórhöfða, skera sig þar hins vegar nokkuð úr.

Framangreind úrlausnarefni eiga það sameiginlegt að viðkomandi landsvæði hefur legið undir einstaka jörð/jarðir eða stofnun, landfræðilega aðskilið frá henni/þeim með einum eða öðrum hætti, jafnan getið með sérstökum hætti í heimildum, stundum beinlínis kallað afréttur og afnot einskorðuð við beit eða önnur þrengri og þá sambærileg not.

Ef reynt er að taka saman þau sameiginlegu atriði sem leiða til niðurstöðu Hæstaréttar um eignarland í umræddum þremur undantekningartilvikum, þá sýnist landfræðileg lega, m.a. gagnvart aðliggjandi eignarlöndum og að einhverju marki almennir staðhættir, vega mjög þungt. Í tilvikum Hvítmögu og Skógafjalls var á því byggt að svæðin hefðu verið innan merkja jarða og að hvorki staðhættir né gróðurfar mæltu gegn því að þau hefðu verið numin, a.m.k. að einhverju leyti. Beinn eignarréttur hefði þannig stofnast. Um Stórhöfða segir að líkur séu fyrir því að hann hafi verið innan upphaflegs landnáms eins og aðliggjandi lönd. Hann hafi ekki verið talinn til samnotaafrétta og ekkert sé komið fram í málinu sem stutt geti að munur verði að þessu leyti gerður á Stórhöfða og aðliggjandi landsvæðum. Nægilega sé því leitt í ljós að hann hafi frá landnámi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar.

Dómar Hæstaréttar um þjóðlendur í Þórsmörk, Goðalandi, Almenningum, Merkurtungum, Stakkholti og Steinsholti, eru kveðnir upp mánuði síðar en dómar um eignarlönd í Stórhöfða, Hvítmögu og Skógafjalli. Fyrstnefndu svæðin sex liggja norðan Eyjafjallajökuls og voru öll talin heyra undir einstaka jörð/jarðir sem þau eru landfræðilega aðskilin frá. Í forsendum Hæstaréttar er m.a. vísað til möguleikans á landnámi, legu og staðhátta, skorts á skriflegum eignarheimildum og samræmis milli þeirra innbyrðis. Tekið er sérstaklega fram að ekki sé sýnt fram á önnur not meintra rétthafa en hefðbundin afréttarnot til sumarbeitar fyrir búfé. Í öllum þessum sex tilvikum var dæmd þjóðlenda í afréttareign.

Sýnist þannig ekki vera fullt samræmi í mati réttarins að því er varðar hin tilgreindu atriði í annars vegar tilvitnuðum þremur dómum og hins vegar öðrum úrlausnum um sams konar landsvæði, auk eldri dóma um Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar.

Draga má þá ályktun af framangreindum dómum að það séu fyrst og fremst staðbundnar aðstæður, þ.m.t. staðhættir, en þó einkum lega viðkomandi þriggja

landsvæða að eignarlöndum til annarra átta en gagnvart Mýrdalsjökli sem úrslitum ráði. Til þess ber þó að líta að fleiri atriði eru hér samofin og lögð til grundvallar hverju sinni. Þá liggja fyrir eldri dómar um þjóðlendur á landsvæðum með svipaða legu gagnvart annars vegar eignarlöndum og hins vegar þjóðlendum, sbr. einkum Hoffellslambatungur og Hrunaheiðar í Hrd. 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 og Hrd. 5. október 2006 í mál nr. 133/2006. Ekki liggur fyrir skýr yfirlýsing Hæstaréttar um breytta afstöðu að þessu leyti. Með hliðsjón af framangreindu og að teknu tilliti til stjórnskipulegrar jafnræðisreglu telur óbyggðanefnd útilokað að líta svo á að umræddir þrír dómar, um Hvítmögu, Skógafjall og Stórhöfða, feli í sér að lega þrætusvæðis að eignarlandi eða eignarlöndum geti ein og sér vegið svo þungt að önnur sú sönnunarfærsla sem ella fer fram við slíkar kringumstæður hafi hverfandi þýðingu.

Óumdeilt er hins vegar að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða getur auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda haft vægi við eignarréttarlegt mat og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða. Má þar um vísa til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 varðandi efstu jarðir í Biskupstungnahreppi, sbr. einnig úrskurð óbyggðanefndar um þau landsvæði. Hið sama má segja um eignarland í dómi Hæstaréttar 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 um jarðir í Fljótshverfi, sbr. og úrskurð óbyggðanefndar um sama svæði.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að ekki séu forsendur til þess að breyta því sönnunarmati sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum tilvikum. Fyrir liggur að í málum nr. 4 og 5/2007 á svæði 6 hjá óbyggðanefnd snúa sérstök álitaefni af þessum toga að eftirtöldum landsvæðum: Hálsmannatungur, Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði, Tjarnahverfi á Gönguskarði, Finnsstaðadalur, Grímsland og Kambsmýrar í máli nr. 4/2007 og Upprekstrarland milli Höfðagilja og Eyvindará/Laufáshagi í máli nr. 5/2007.

## 9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A

### 9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[218]

[...]

Við uppkvaðningu úrskurða í málum nr. 1–5/2008, á svæði 7 suður, liggja ekki fyrir nýir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum en geta ber um ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. september 2008 í máli nr. 46461/06. Þar var því hafnað að taka til efnismeðferðar kærumál sem varðaði dóm Hæstaréttar Íslands frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Kærumálið varðaði nánar tiltekið landsvæðin Fjall og Breiðármörk í Öræfum, sem Hæstiréttur hafði dæmt þjóðlendur, og til skoðunar

[218] Kafli 6.1.2. í málum nr. 1–5/2008 (svæði 7A).

voru ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, í 1. gr. 1. viðauka [Friðhelgi eignarréttar], 1. mgr. 6. gr. [Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi] og 14. gr. [Bann við mismunun]. Kvörtun málshefjenda til Mannréttindadómstólsins varðaði bæði lög nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, og meðhöndlun Hæstaréttar á umræddu máli, þar á meðal sönnunarkröfur.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann ætti ekki við í umræddu máli þar sem umþrætt land teldist ekki eign kærenda í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi tók dómstóllinn sérstaklega fram að þegar um kröfu til eignarréttinda er að ræða geti sá sem hana hefur uppi einungis átt lögmætar væntingar til að um eign sé að ræða ef krafa hans hefur fullnægjandi stoð í landsrétti viðkomandi aðildarríkis, svo sem þegar fyrir hendi eru fordæmi dómstóla í þá veru. Þá kvað dómstóllinn Hæstarétt Íslands bæði hafa farið að viðeigandi lagaákvæðum og fylgt eigin fordæmum um að landamerkjabréf eitt og sér teljist ekki fullnægjandi sönnun ef eldri gögn mæla því í mót. Þannig taldi dómstóllinn að kærendur hefðu ekki sýnt fram á að þeir ættu lögmætar væntingar til þess að umþrætt land teldist eign þeirra og þeir gætu því ekki notið verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann að þessu leyti. Mannréttindadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. eða 14. gr. sáttmálans í máli kærenda og taldi því ekki að á þá hefði verið lögð óhóflega þung sönnunarbyrði.

## 10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B

### 10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[219]

[...]

Hér verður gerð grein fyrir þeim 22 dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi 22 dóma Hæstaréttar: Dómur frá 24. september 2009 í máli nr. 102/2009 (Brú og Brúaröræfi); dómur frá 29. október 2009 í máli nr. 685/2008 (Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, Elliðavatn, Vatnsendi, Lækjarbotnar og Geirland); dómur frá 19. nóvember 2009 í máli nr. 69/2009 (Gunnarsstaðir); dómur frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur); tveir dómar frá 3. júní 2010, í málum nr. 198/2009 (Selvogs- og Ölfusafréttur) og 184/2009 (Landsvæði aðliggjandi Ölfusafrétti); dómur frá 16. september 2010 í máli nr. 473/2009 (Krepputunga); sjö dómar frá 7. október 2010, í málum nr. 379/2009

[219] Kafli 6.1.2.1 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

(Heiðarmúli), nr. 517/2009 (Grímólfsártunga), nr. 722/2009 (Hvammur), nr. 723/2009 (Laxárdalur), nr. 748/2009 (Vatnsendi), nr. 749/2009 (Þverfellsland) og nr. 750/2009 (Hvappur); dómur frá 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna/norðaustanverður hluti Almenningsskóga Álftaness, Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands og Garðakirkjuland vegna Selskarðs); dómur frá 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður í Fljótsdal); dómur frá 11. apríl 2011 máli nr. 199/2011 (Hofsafréttur); tveir dómar frá 22. september 2011 í málum nr. 293/2010 (Þorvaldsstaðir og Hamar) og nr. 294/2010 (Mælifell og Selsárvellir); og loks þrír dómar frá 29. september 2011, í málum nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls), nr. 75/2011 (Grímsstaðir á Fjöllum) og nr. 56/2011 (Hvannstaðir).

Nítján af framangreindum 22 dómum fjalla um efnisleg atriði og í fjórtán þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í fimm tilvikum var henni hins vegar hnekkt og dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða landsvæðin Hvamm, Laxárdal, Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði.

Þau fimm mál, þar sem úrskurði óbyggðanefndar var hnekkt, varða í meginatriðum mat á efni og samhengi fyrirliggjandi heimilda um viðkomandi landsvæði. Niðurstöður þeirra leiða ekki til breytinga á sönnunarmati í málum af þessu tagi almennt en hnykkja á fyrirliggjandi meginreglum, sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Í næstu tveimur köflum er gerð nánari grein fyrir samhengi umræddra dóma og meginreglna.

## 10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar[220]

Í tveimur dómum Hæstaréttar frá 7. október 2010, um eignarland Hvamms og Laxárdals í Svalbarðshreppi, er fjallað um land innan afmörkunar í þinglýstum landamerkjabréfum jarða. Slíkt land hefur að meginreglu verið dæmt og úrskurðað eignarland en óbyggðanefnd taldi að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að innan bréfa Hvamms og Laxárdals væru þjóðlendur að hluta.

Það er ekki tilvist landamerkjabréfs ein og sér sem hefur ráðið úrslitum um mat á eignarrétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar. Mikilvægi landamerkjabréfa jarða felst í sönnunargildi þeirra en hvert og eitt bréf er metið sérstaklega. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

[220] Kafli 6.1.2.2 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

Á svæðum 1-7A eru fimmtán tilvik þar sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað að land innan landamerkjabréfs jarðar væri eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta. Er þá miðað við yngra landamerkjabréf viðkomandi jarðar, hafi verið gerð tvö, og skýringu óbyggðanefndar á texta viðkomandi bréfs, en hún getur verið önnur en skýring málsaðila.

Þau fimmtán tilvik sem hér um ræðir eru eftirfarandi: Þingvellir; Mörtunga á Síðu; Fell í Suðursveit; Stafafell í Lóni; Skriðuklaustur og Valþjófsstaður í Fljótsdal; Brú á Jökuldal; Þorvaldsstaðir og Hamar í Selárdal; Gunnarsstaðir, Kverkártunga og Miðfjörður í Skeggjastaðahreppi; Hvammur og Laxárdalur í Svalbarðshreppi; Reykjahlíð í Mývatnssveit. Að undanskildum Hvammi og Laxárdal hafa þeir dómar Hæstaréttar sem gengið hafa um þessi tilvik staðfest niðurstöðu óbyggðanefndar í öllum meginatriðum. Umfjöllun um Kverkártungu og Miðfjörð í fyrrum Skeggjastaðahreppi og Reykjahlíð í Mývatnssveit er ólokið hjá dómstólum.

Í flestum þessara tilvika hafa legið fyrir eldri heimildir um afmörkun jarðarinnar, stundum eldri landamerkjabréf, sem mælt hafa í mót lýsingu landamerkjabréfs. Þetta er þó ekki einhlítt og mál Þingvallakirkjulands, Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar í Fljótsdal vörðuðu fremur mat á heimildum um takmörkuð réttindi innan merkja. Loks getur hvort tveggja hafa verið fyrir hendi, eldri merkjalýsingar og heimildir um takmörkuð réttindi, sbr. einkum Stafafell í Lóni og Fell í Suðursveit.

Til viðbótar við framangreind fimmtán tilvik eru þess tvö dæmi á svæðum 1–7A að eignarréttur að jörð hafi verið gefinn upp eða glatast, sbr. dóma Hæstaréttar um Fjall og Breiðármörk frá 11. maí 2006.

Af framangreindu er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og ríkar kröfur gerðar í því sambandi. Nýjar úrlausnir dómstóla um jarðirnar Hvamm og Laxárdal í Svalbarðshreppi árétta þetta enn frekar. Þar taldi Hæstiréttur að land innan landamerkjabréfa annars vegar Hvamms og hins vegar jarðarinnar Laxárdals væri í heild sinni eignarland. Hafnað var þeirri röksemdafærslu óbyggðanefndar að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að þar væru þjóðlendur að hluta.

Loks skal þess getið að ýmis dæmi eru um að uppi hafi verið álitaefni af þeim toga sem hér um ræðir í málum sem lyktað hefur með niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarland. Úrskurðum um eignarland hefur almennt verið unað og þeir því ekki komið til endurskoðunar hjá dómstólum. Sem dæmi um ríkt sönnunargildi landamerkjabréfs jarðar í slíku máli má nefna Hjaltadal og Kambfellskjálka í máli nr. 3/2007 á svæði 6.

## 10.3. Heimildir um legu jarða til forna[221]

Eftir er þá að gera grein fyrir þremur nýjum dómum þar sem hnekkt var úrskurðum óbyggðanefndar um þjóðlendu, nánar tiltekið varðandi Vatnsenda í Svalbarðshreppi, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls í Öxarfjarðarhreppi og Hvannstaði, einnig í Öxarfjarðarhreppi.

Í þessum málum er fjallað um þýðingu þess að landsvæði hafi upphaflega verið hluti jarðar. Slíkt land hefur að meginreglu verið úrskurðað og dæmt eignarland, svo sem áður sagði. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land er þannig veigamikið atriði.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að svæði utan lands jarða sé þjóðlenda. Þá getur verið bæði jörð og afrétt(ur) innan sama bréfs, með eða án aðgreiningar af einhverju tagi, svo sem að framan greindi.

Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Þessu til viðbótar er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausu landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Umfjöllun í landamerkjabréfi og notkun hugtaksins afrétt(ur) eru þannig dæmi um atriði sem veita ekki einhlít svör við því hvort tiltekið landsvæði sé jörð, afrétt(ur) jarðar, afrétt(ur) kirkju og klausturs, samnotaafrétt(ur) eða annað land. Þess utan kunna heimildir að vera óljósar og brotakenndar, afmörkun og nýting breytileg, réttindi jafnvel gefin upp eða glötuð.

Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta hins vegar gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Í framangreindum þremur dómum Hæstaréttar, um Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði, felst áhersla á þetta atriði, enda þótt fleira komi þar til. Þar lagði dómstóllinn til grundvallar að umrædd landsvæði hefðu talist hluti af jörðinni Álandi, í tilviki Vatnsenda, og jörðinni Hólum, í tilvikum Fagradals, Víðirhóls, Hólssels, Nýhóls og Hvannstaða. Þau hefðu því verið háð beinum eignarrétti. Hafnað var þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að landsvæðin hefðu ekki stöðu jarðar að lögum.

[221] Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–2/2009 (svæði 7B).

Sem dæmi um skyld álitaefni í úrskurðum óbyggðanefndar þar sem niðurstaðan hefur verið eignarland má hér nefna Núpufellsdal og Þormóðsstaðasel í máli nr. 1/2008 á svæði 7a, Gnýsstaði í máli nr. 3/2005 á svæði 5 og Háreksstaði í máli nr. 2/2005 á svæði 5.

## 11. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A

### 11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum [222]

[...]

Hér verður gerð grein fyrir þeim tíu dómum sem gengið hafa frá því óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi [10] dóma Hæstaréttar: Dómur frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð); dómur frá 27. september 2012 í máli nr. 350/2011 (vesturhluti Hofsafréttar og Lambatungur); dómur frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga og hluti Mela); dómur frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur); dómur frá 19. september 2013 í máli nr. 656/2012 (Möðruvallaafréttur); dómur frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða); dómur frá 26. september 2013, í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár); dómur frá 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar); dómur frá 28. nóvember 2013 í máli nr. 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði og Hraunin) og loks dómur frá 18. september 2014 í máli nr. 24/2014 (Vaskárdalur).

Allir framangreindir dómar fjalla um efnisleg atriði og í átta þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í tveimur af dómunum var niðurstöðu nefndarinnar hins vegar hnekkt. Í öðrum þeirra var dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða þann dóm er varðar landsvæði sunnan Ölfusafréttar. Í máli því sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu Bleiksmýrardals austan Fnjóskár og mörk jarðanna Mjóadals, Kambfellskjálka, Hjaltadals og Sörlastaða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu var aftur á móti hnekkt þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár væri eignarland og dæmt að um þjóðlendu væri að ræða. Þá var mörkum umræddra jarða gagnvart þjóðlendu breytt nokkuð, nánar tiltekið á þann veg að landsvæði sem óbyggðanefnd hafði talið innan marka jarðanna var dæmt þjóðlenda.

[…]

[222] Kafli 6.1.2.1 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

## 11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir[223]

Af forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar um mörk framangreindra jarða í Þingeyjarsveit gagnvart þjóðlendu má ráða að það sé einkum tvennt sem ráði því að niðurstaða réttarins um afmörkun jarðanna er frábrugðin niðurstöðu óbyggðanefndar. Fyrra atriðið er að í tilvikum Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða er afmörkun jarðanna til fjalla að nokkru leyti miðuð við almenna staðhætti sem einkenna fjalllendið á svæðinu en ekki ákveðin náttúruleg kennileiti eða örnefni sem unnt er að staðsetja með nákvæmum hætti. Nánar tiltekið er fjallað um „eyðigrót og sanda“ í landamerkjabréfi Sörlastaða og „fjallið“ og „öræfi“ í landamerkjabréfi Hjaltadals. Taldi óbyggðanefnd að þrátt fyrir að landamerkjabréf jarðanna væru óljós um afmörkun þeirra til suðurs fengi sú afmörkun jarðanna sem krefjendur beins eignarréttar héldu fram, stoð í landamerkjabréfum þeirra og öðrum heimildum um þær. Hæstiréttur leit aftur á móti svo á að kröfur eigenda jarðanna um merki þeirra ættu sér ekki stoð í landamerkjabréfum þeirra að þessu leyti.

Síðara atriðið sem veldur mismunandi niðurstöðu óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðar samspil landamerkjabréfs og yngri heimildar um jörðina Mjóadal. Nánar tiltekið taldi Hæstiréttur að um merki Mjóadals til suðurs og vesturs yrði ekki byggt á landamerkjaskjali frá 1897 svo sem gert hafði verið í úrskurði óbyggðanefndar, þar sem leggja yrði til grundvallar að með því að eigandi jarðarinnar hefði látið útbúa og þinglýsa skrá yfir afréttarlönd árið 1904, sem tók m.a. til lands Mjóadals, hefði hann í raun fellt landamerkjaskjalið úr gildi að því leyti sem ekki gætti samræmis milli umræddra skjala. Óbyggðanefnd hafði aftur á móti lagt landamerkjabréfið til grundvallar um afmörkun Mjóadals og taldi að lýsing þess á vesturmerkjum Mjóadals samræmdist öðrum heimildum um merkin, þ.m.t. afréttarskránni. Í landamerkjabréfinu er vesturmerkjum Mjóadals lýst þannig að frá „hágrjóti“ liggi merkin norður háfjallið, eftir því sem vatnsföll deili sveita milli, norður gegnt upptökum Syðri-Bótarár. Í afréttarskránni er vesturmerkjunum lýst þannig að þeim ráði bein stefna vestan við öll drög er liggi að tilteknum ám að botni Syðri-Bótarár. Taldi óbyggðanefnd að samræmi væri milli þessara tveggja merkjalýsinga en Hæstiréttur ekki.

Í þessu samhengi skal þess ennfremur getið að þrátt fyrir að niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar um mörk jarðarinnar Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu væri hin sama má sjá af forsendum fyrir niðurstöðu dómsins að Hæstiréttur metur heimildir um tiltekinn hluta ágreiningssvæðisins með öðrum hætti en óbyggðanefnd gerði. Var þar um að ræða þann hluta ágreiningssvæðisins sem liggur handan við fjallgarðana sem liggja austan Mývatns og suður að línu sem liggur frá Veggjafelli í Bræðraklif í Hafragjá og þaðan beina stefnu til austurs í Jökulsá á Fjöllum. Umrætt

[223] Kafli 6.1.2.2 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

svæði er innan lýstra merkja Reykjahlíðar samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar en mat Hæstaréttar og óbyggðanefndar á tilteknum eldri heimildum um viðkomandi hluta ágreiningssvæðisins var ólíkt. Einkum voru það þrjú efnisatriði í þeim sem rétturinn taldi mæla gegn því að umræddur hluti ágreiningssvæðisins væri háður beinum eignarrétti. Í fyrsta lagi var þar um að ræða heimildir um að Möðrudal tilheyrðu tiltekin afnotaréttindi á svæðinu án þess að tiltekið væri að um væri að ræða ítak í landi annarra jarða. Í öðru lagi taldi rétturinn það sem fram kom í heimildunum um tilkall eigenda Reykjahlíðar til ómerkinga á svæðinu mæla gegn því að það væri háð beinum eignarrétti. Í þriðja lagi taldi rétturinn að umfjöllun í úrskurði frá 1506 um átölulaus afnot til rökstuðnings eignarrétti, m.a. með vísan til 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, mælti gegn því að svæðið væri háð beinum eignarrétti.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar voru með úrskurðum á svæði 1 og fylgja í viðauka með úrskurði þessum er m.a. fjallað um sönnunargildi landamerkjabréfa. Fram kemur að ljóst virðist af úrlausnum dómstóla í einkamálum að við mat á gildi landamerkjabréfs skipti máli hvort um er að ræða jörð eða annað landsvæði Með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telji óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Hins vegar sé þó ljóst að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót.

Í köflum 6.1.1 í úrskurðum óbyggðanefndar á svæði 5 er frekari umfjöllun um gildi landamerkjabréfa jarða og hefur sá kafli verið felldur inn í *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*. Þar er fjallað um nokkra dóma Hæstaréttar sem þá höfðu nýlega fallið og varða mat á sönnunargildi landamerkjabréfa jarða. Fram kemur það mat að í tilteknum dómum hafi enn verið hnykkt á þýðingu þess að landsvæði teldist innan merkja jarðar. Samkvæmt þessu sé óbyggðanefnd rétt að leggja áfram áherslu á landamerkjabréf jarða, samanber umfjöllun um þau í Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar, enda þótt með skýrum fyrirvörum sé. Lýst er þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að ekki sé ástæða til að herða sérstaklega kröfur um sönnun eignarlands innan lýsingar í landamerkjabréfi jarðar, umfram það sem áður hafi verið lagt til grundvallar og samrýmist vel almennri afstöðu Hæstaréttar til landamerkjabréfa. Eftir sem áður sé ljóst að dómstólar geri nokkuð strangar kröfur til sönnunar eignarlands, samanber einnig þá meginreglu í íslenskum rétti að sá sem telji til eignarréttar yfir landi verði að færa fram heimildir fyrir eignartilkalli sínu.

Afstaða óbyggðanefndar hefur samkvæmt framansögðu frá upphafi verið sú að þrátt fyrir meginregluna um að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar sé háð beinum eignarrétti sé ljóst að meta þurfi sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs. Þannig dragi úr gildi landamerkjabréfs ef eldri heimildir mæla því í mót. Dómarnir sem að framan er getið um mörk jarðanna Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka, Sörlastaða, Mjóadals og Reykjahlíðar gagnvart þjóðlendu fá að mati óbyggðanefndar

fyllilega samræmst umræddri meginreglu, enda er hún háð tilteknum undantekningum. Mismunandi niðurstaða óbyggðanefndar og Hæstaréttar varðandi mörk Hjaltadals ásamt Kambfellskjálka og Sörlastaða gagnvart þjóðlendu skýrist af mismunandi túlkun á landamerkjabréfunum að því leyti sem merkjalýsingar þeirra eru óljósar. Þá skýrist mismunandi afstaða nefndarinnar og réttarins til tiltekinna hluta þeirra landsvæða sem eru innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum Mjóadals og Reykjahlíðar af ólíkum ályktunum af öðrum heimildum um viðkomandi landsvæði. Forsendur og niðurstöður Hæstaréttar í þeim dómum sem hér hefur verið fjallað um kunna að kalla á breytt sönnunarmat óbyggðanefndar ef upp koma tilvik sem eru í öllum aðalatriðum sambærileg en kalla að mati nefndarinnar ekki, fremur er dómarnir sem raktir eru í köflum 6.1.1 í úrskurðum á svæði 5, á að nefndin herði almennt kröfur um sönnun þess að land sem afmarkað er í landamerkjabréfi jarðar teljist eignarland.

## 11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis[224]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 617/2012 snéri ágreiningurinn að því hvort tiltekið landsvæði sunnan Ölfusafréttar væri þjóðlenda eða eignarland. Umræddu ágreiningssvæði hafði verið skipt út úr landi tiltekinna jarða sunnan afréttarins og selt til Orkuveitu Reykjavíkur árið 1999. Íslenska ríkið var meðal seljenda. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að rétturinn túlkar landamerkjabréf umræddra jarða á þann veg að ágreiningssvæðið sé samkvæmt þeim innan merkja jarðanna. Rétturinn taldi hins vegar að eldri heimildir mæltu gegn því að land jarðanna hafi náð svo langt til norðurs áður en landamerkjabréf þeirra voru gerð á ofanverðri 19. öld.

Aftur á móti var litið til þess að íslenska ríkið var meðal þeirra sem gerðu kaupsamninga við Orkuveitu Reykjavíkur um landið. Í kaupsamningunum var vísað um afmörkun landsins til tiltekins uppdráttar þar sem mörk hins selda lands til norðurs og suðurs voru sýnd og þau jafnframt tilgreind nákvæmlega með hnitum. Að auki kom fram á uppdrættinum að ágreiningur væri um legu þverlínu á mörkum jarðanna til norðurs og í því sambandi voru sýndir tveir kostir. Í kaupsamningi íslenska ríkisins og Orkuveitunnar hafi þessu til viðbótar verið ákvæði þar sem fram hafi komið að báðum samningsaðilum væri kunnugt um að ágreiningur kynni að rísa um hvor þverlínan sem sýnd væri á uppdrættinum ætti að ráða merkjum jarðanna gagnvart Ölfusafrétti og tæki Orkuveitan alla áhættu af þeim ágreiningi. Í forsendum fyrir niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að óhjákvæmilegt væri að líta svo á að fyrirvarinn hlyti a.m.k. öðrum þræði að hafa verið settur með tilliti til þess að lög nr. 58/1998 höfðu tekið gildi. Í samningsákvæðinu hafi aðeins verið getið um tvo hugsanlega kosti

[224] Kafli 6.1.2.3 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

um legu þverlínu á norðurmerkjum landsins og þeir hafi báðir reynst vera langt norðan við þá línu sem þjóðlendukrafa ríkisins miðaðist við. Tekið er fram að því hafi verið haldið fram af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur að aðrir jarðeigendur sem áttu í hlut hafi ekki viljað ljúka samningum um kaupin fyrr en ljóst væri hvort og þá að hvaða leyti íslenska ríkið myndi í tengslum við söluna til Orkuveitunnar draga í efa að land á þessu svæði væri háð beinum eignarrétti. Þessari staðhæfingu hefði íslenska ríkið ekki andmælt. Síðan segir í dómnum:

> Með þessum gerðum viðurkenndi hann [þ.e. íslenska ríkið] ekki aðeins í lögskiptum sínum við áfrýjanda [þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur] að landið, sem skipt hafði verið út úr jörðunum Kröggólfsstöðum og Þúfu og var sýnt sunnan við þverlínu 1 á uppdrætti Forverks ehf. frá október 1998, væri háð beinum eignarrétti, svo sem leiða mátti samkvæmt áðursögðu af landamerkjabréfum fyrir þær frá 4. og 9. júní 1890, heldur mátti honum og vera ljóst að aðrir jarðeigendur, sem hér áttu í hlut, myndu leggja traust á að það sama hlyti að eiga við um landareignir þeirra. Aðalkrafa stefnda íslenska ríkisins fyrir óbyggðanefnd um mörk þjóðlendu og eignarlanda á landsvæðinu, sem áfrýjandi keypti eftir að því var skipt út úr jörðunum […], var þessu alls ósamrýmanleg, sbr. dóm Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um að fellt verði úr gildi ákvæði í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 um að landsvæðið á Hellisheiði sunnan Ölfusafréttar, sem um ræðir í máli þessu, sé þjóðlenda.

Af þessu má sjá að það eru fyrri athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við eigendur umræddra jarða sem ráða niðurstöðu Hæstaréttar um að ágreiningssvæðið sé eignarland en ekki þjóðlenda.

Óbyggðanefnd hafði áður úrskurðað að umrætt landsvæði væri þjóðlenda. Líkt og Hæstiréttur gerði síðar túlkaði óbyggðanefnd fyrirliggjandi heimildir um jarðirnar á þann veg að ágreiningssvæðið teldist ekki vera innan þeirra. Nefndin hafnaði því aftur á móti að framangreindar athafnir íslenska ríkisins í lögskiptum við kaupendur landsins hefðu áhrif á niðurstöðuna. Var sú niðurstaða einkum rökstudd með því að eigandi fasteignar getur ekki afsalað víðtækari eignarréttindum en hann sjálfur er sannanlega kominn að. Aðild ríkisins að umræddum kaupsamningnum gæti ekki haft aðra þýðingu en að styðja mögulegar og réttmætar væntingar samningsaðila til inntaks þess eignarréttar sem ráðstafað var í umræddum samningum. Þess væri á hinn bóginn að gæta að umrædd lögskipti hafi átt sér stað eftir lögtöku þjóðlendulaga og afsalshafa í lófa lagið að hafa uppi alla þá eignarréttarlegu fyrirvara sem þörf var á við samningsgerðina í ljósi þess réttarástands sem skapað var við lögfestingu þjóðlendulaga á árinu 1998. Að þessu virtu var því hafnað að aðkoma ríkisins með þessum hætti hefði getað skapað neinar þær væntingar sem gætu haft efnisleg áhrif á mat eignarréttar á svæðinu.

Vert er að fjalla í þessu samhengi einnig um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005. Þar var m.a. deilt um landsvæði á Skeiðarársandi sem er innan merkja jarðarinnar Skaftafells II samkvæmt ódagsettu landamerkjabréfi sem var þinglesið árið 1890. Hæstiréttur taldi aftur á móti að eldri heimildir styddu ekki að landið sem ágreiningur var um hefði verið numið til eignar og þannig orðið hluti jarðarinnar. Til þess verði á hinn bóginn að líta að í tengslum við ráðagerðir um stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli hafi tveir af þáverandi eigendum jarðarinnar gefið út afsal árið 1966 handa „Náttúruverndarráði vegna ríkissjóðs" fyrir hluta jarðarinnar. Í afsalinu, sem m.a. hafi verið undirritað af menntamálaráðherra fyrir hönd kaupandans, hafi verið vísað í landamerkjabréfið og „landamerki við það miðuð við söluna". Skeiðarársandur hafi verið undanskilinn við söluna. Þá hafi menntamálaráðherra og eigandi Skaftafells gert samning árið 1969 um að fela gerðardómi að draga landamerkjalínu samkvæmt fyrrnefndu afsali „til ríkissjóðs" og að „framkvæma landskipti milli samningsaðila á öllu óskiptu landi jarðarinnar Skaftafells". Við landskiptin, sem gerðardómurinn kvað á um sama ár, hafi stór hluti landsins, sem kom í hlut tiltekinna eigenda Skaftafells (annarra en íslenska ríkisins) og sé nú jörðin Skaftafell II, verið það sama og deilt var um í þessum þætti málsins. Þá liggi fyrir yfirlýsing Náttúruverndarráðs frá árinu 1987, þar sem fram komi að umrætt ágreiningssvæði liggi utan þjóðgarðsins og sé í eigu lögbýlisins. Var þar um merkin vísað til landamerkjabréfsins frá 1890. Síðan segir í dómnum:

> Með þessum gerðum hafa menntamálaráðherra og Náttúruverndarráð, sem hafði meðal annars með höndum stjórn þjóðgarða samkvæmt ákvæðum þágildandi laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, ítrekað í orði og verki lagt til grundvallar í lögskiptum við þá, sem núverandi eigendur Skaftafells II leiða rétt sinn frá, að landið á Skeiðarársandi, sem hér er deilt um, sé eignarland þeirra, svo sem leitt verður af landamerkjabréfinu frá 1890. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu […] eru þessu alls ósamrýmanlegar. Verður því staðfest niðurstaða héraðsdóms um sýknu þessara stefndu af kröfum áfrýjanda.

Af þessum forsendum fyrir niðurstöðu dómsins má ráða að hún hefði orðið önnur ef umræddar athafnir menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs í lögskiptum við eigendur jarðarinnar hefðu ekki komið til. Óbyggðanefnd hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að umrætt ágreiningssvæði væri innan marka jarðarinnar Skaftafells og væri eignarland. Ekki var sérstaklega fjallað um umrædd lögskipti ríkisins og eigenda Skaftafells í rökstuðningi fyrir þeirri niðurstöðu nefndarinnar heldur voru það aðrar heimildir sem réðu niðurstöðunni.

Það vekur athygli að í báðum þeim dómum Hæstaréttar sem hér um ræðir, þ.e. annars vegar um landsvæði sunnan Ölfusafréttar og hins vegar um landsvæði á Skeiðarársandi, ráða fyrri lögskipti handhafa ríkisvalds við eigendur viðkomandi jarða úrslitum um að umrædd landsvæði eru talin innan þeirra, jafnvel þótt viðkomandi

handhafar ríkisvalds hafi ekki verið bærir að lögum til að afsala landinu eða breyta eignarréttarlegri stöðu þess. Þau lögskipti sem um ræðir vegna landsvæðisins sunnan Ölfusafréttar áttu sér stað eftir gildistöku þjóðlendulaga og það var landbúnaðarráðherra sem undirritaði umrætt afsal fyrir hönd ríkisins. Framangreind lögskipti menntamálaráðherra og Náttúruverndarráðs við eigendur Skaftafells áttu sér aftur á móti stað fyrir gildistöku þjóðlendulaga. Af forsendum Hæstaréttar má ráða að rétturinn líti svo á að fyrir þann tíma hafi umrætt landsvæði á Skeiðarársandi verið eigendalaust en orðið undirorpið beinum eignarrétti vegna téðra lögskipta þrátt fyrir að þágildandi réttarreglur hafi ekki haft að geyma heimildir til handa menntamálaráðherra eða Náttúruverndarráði til að stofna til beins eignarréttar á eigendalausum svæðum.

Umræddir dómar Hæstaréttar kunna að leiða til breytts sönnunarmats óbyggðanefndar í tilvikum þar sem athafnir handhafa ríkisvalds í lögskiptum við hagsmunaaðila benda til að litið hafi verið svo á að viðkomandi ágreiningssvæði sé háð beinum eignarrétti. Í slíkum tilvikum þarf að meta sérstaklega hvort þau lögskipti hafi áhrif á niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu svæðisins. […] Aðrir fyrirliggjandi dómar hafa að mati óbyggðanefndar ekki áhrif á sönnunarmat nefndarinnar að þessu leyti.[225]

## 11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna[226]

[…]

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Landsyfirréttar frá 25. júní 1855 í máli nr. 1/1855, um Bleiksmýrardal austan Fnjóskár, hefði fyrir úrlausn málsins. Afstaða Hæstaréttar til þýðingar umrædds dóms Landsyfirréttar var frábrugðin afstöðu óbyggðanefndar, sem varð til þess að Hæstiréttur hnekkti niðurstöðu nefndarinnar um að þar væri eignarland.

Í máli því sem lauk með umræddum dómi Landsyfirréttar deildu Munkaþverárklaustur og eigendur Illugastaða um eignarrétt á svæðinu. Í dómi aukahéraðsréttar Þingeyjarsýslu, sem var að því leytinu til staðfestur af Landsyfirrétti, segir meðal annars:

> Afrjettarlandið Bleiksmýrardalur allur fyrir austan Fnjóská frá Hamarslæk og sudur á öræfi, á ad tilheyra Múnkaþverár klaustri, sem fullkomin og átölulaus eign, og eigindómur þess.

---

[225] Auk framangreindra dóma hefur óbyggðanefnd skoðað sérstaklega m.t.t. þessa eftirfarandi dóma Hæstaréttar: Dóm frá 3. nóvember 1994 í máli nr. 247/1994 (Geitland), dóm frá 10. apríl 1997 í máli nr. 66/1996 (Auðkúluheiði), dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur), dóm frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell), dóm frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga), dóm frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 (Mælifell), dóm frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og loks dóm einnig frá 26. september 2012 í máli nr. 413/2012 (Bleiksmýrardalur vestan Fnjóskár).

[226] Kafli 6.1.2.4 í málum nr. 1–4/2013 (svæði 8A).

Í máli nr. 3/2007 hjá óbyggðanefnd deildu íslenska ríkið og Þingeyjarsveit um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að um eignarland væri að ræða. Í úrskurði óbyggðanefndar kom m.a. fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í umræddum dómi Landsyfirréttar. Réð dómurinn niðurstöðu óbyggðanefndar um að um eignarland væri að ræða.

Í dómi Hæstaréttar er dregin sú ályktun af fyrirliggjandi heimildum að réttur Munkaþverárklausturs yfir landsvæðinu hafi verið bundinn við óbein eignarréttindi. Tekið er fram að aðilar að því máli sem lauk með dómi Landsyfirréttar hafi ekki verið þeir sömu og málsaðilar fyrir Hæstarétti og þeir síðarnefndu hafi heldur ekki á báða vegu komið í stað þeirra fyrrnefndu, enda hafi íslenska ríkið ekki komið í stað eigenda Illugastaða þó svo að Þingeyjarsveit leiddi rétt sinn frá Munkaþverárklaustri. Í skilningi einkamálaréttarfars hafi sakarefnið í því máli því ekki verið það sama. Dómur Landsyfirréttar hafi því ekki þau áhrif sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar. Hæstiréttur komst síðan að þeirri niðurstöðu að þótt dómsorð héraðsréttarins, sem Landsyfiréttur létt standa óraskað, hafi kveðið á um að afréttarlandið Bleiksmýrardalur fyrir austan Fnjóská tilheyrði Munkaþverárklaustri sem fullkomin og átölulaus eign hafi ekki að öllu leyti verið leyst úr því hvert inntak þessara réttinda væri. Dómur Landsyfirréttar geti því ekki haft sönnunargildi um það atriði skv. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sem vikið geti til hliðar þeirri ályktun, sem dregin var af öðrum fyrirliggjandi heimildum í málinu, að Munkaþverárklaustur hafi aðeins notið óbeinna eignarréttinda yfir Bleiksmýrardal fyrir austan Fnjóská.

Í dómi Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði í máli nr. 546/2012 reyndi einnig á atriði tengd áhrifum eldri dómsúrlausnar. Var þar um að ræða dóm réttarins frá 10 apríl 1997 í máli nr. 67/1996 en í því máli deildu Bólstaðahlíðarhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Seyluhreppur við Landsvirkjun um bótarétt vegna annars vegar fallréttinda (virkjunarréttinda) í Blöndu og hins vegar lands á heiðinni sem Landsvirkjun hafði fengið til ótímabundinna umráða og afnota vegna Blönduvirkjunar á grundvelli nánar tiltekins samnings við hreppana. Íslenska ríkinu var stefnt til réttargæslu. Hæstiréttur sýknaði Landsvirkjun af kröfum hreppanna í umræddu máli og var sú niðurstaða reist á því að Eyvindarstaðaheiði væri ekki háð beinum eignarrétti.

Í máli nr. 546/2012 deildu annars vegar íslenska ríkið og hins vegar Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Í dómi Hæstaréttar kom fram að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað hreppanna sem voru aðilar að fyrra málinu. Gagnaðili þeirra hafi á hinn bóginn verið Landsvirkjun en íslenska ríkið hafi aðeins átt þar hlut að máli á grundvelli 1. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991 (réttargæsluaðild) og hafi af þeim sökum ekki verið aðili

að því í skilningi 1. mgr. 116. gr. sömu laga. Þótt hrepparnir þrír hafi reist áðurnefndar dómkröfur sínar í fyrra málinu á þeim grunni að þeir nytu beins eignarréttar yfir Eyvindarstaðaheiði hafi þær snúið að viðurkenningu réttar hreppanna til bóta úr hendi Landsvirkjunar. Dómkröfur í þessu máli snéru á hinn bóginn að því hvort hnekkt yrði úrskurði óbyggðanefndar um að Eyvindarstaðaheiði og Hraunin séu þjóðlenda og eftir atvikum ákvörðun um hvers konar réttindi gagnaðilar íslenska ríkisins kynnu að njóta að þessum landsvæðum. Í skilningi einkamálaréttarfars væri sakarefnið málinu þannig ekki það sama og í fyrra dómsmálinu. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 hafi því ekki þau áhrif hér, sem um ræði í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, en hann hafi á hinn bóginn fullt sönnunargildi um þau málsatvik, sem í honum greinir, þar til það gagnstæða sé sannað, sbr. 4. mgr. sömu lagagreinar.

Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 5/2008, sem tók til landsvæðisins, kom fram að nefndin teldi ljóst að beinn eignarréttur hafi verið til úrlausnar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 67/1996. Þannig lægi fyrir dómsúrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar. Til þess beri þó að líta að dómurinn feli ekki í sér úrlausn um eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Til athugunar hljóti því að koma hjá óbyggðanefnd hvaða áhrif aðild að málinu sem þá var til umfjöllunar hjá nefndinni, gögn eða önnur þau atriði sem dómstólar hafa ekki þegar tekið afstöðu til, hafi á eignarréttarlega stöðu Eyvindarstaðaheiðar samkvæmt lögum nr. 58/1998. Síðan rakti nefndin að Sjálfseignarstofnunin Eyvindarstaðaheiði (sem var í eigu Húnavatnshrepps) og Sveitarfélagið Skagafjörður væru komin í stað þeirra hreppa sem áttu aðild að umræddu máli hjá Hæstarétti. Í málinu lægju ekki fyrir nein gögn sem sýni fram á rýmri rétt annarra hreppa sem sameinuðust undir merkjum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Húnavatnshrepps, til Eyvindarstaðaheiðar. Þá taldi nefndin, eftir að hafa borið skjalaskrá málsins saman við skjalaskrá Hæstaréttarmáls nr. 67/1996 að engin ný gögn væru komin fram í málinu sem skipt gætu máli að þessu leyti.

Af framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 411/2012 má ráða þá afstöðu réttarins að dómar Landsyfirréttar kunni að vera bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila máls og þeirra sem þeir leiða rétt sinn til að uppfylltum þeim skilyrðum og fram koma í 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með sambærilegum hætti og dómar þeirra dómstóla sem starfa samkvæmt núverandi réttarskipan. Samkvæmt ákvæðinu er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Í umræddu máli var um það að ræða að annar málaðilanna, þ.e. íslenska ríkið, átti ekki aðild að máli nr. 1/1855 fyrir Landsyfirrétti og leiddi ekki heldur rétt sinn til aðila þess máls. Dómurinn var því að mati Hæstaréttar ekki bindandi um úrslit sakarefnisins jafnvel þótt þar hafi verið dæmt um að svæðið væri „fullkomin og átölulaus eign“ þess aðila sem krefjendur eignarréttar í máli nr. 411/2012 leiddu rétt sinn til.

Með sambærilegum hætti var dómur Hæstaréttar í máli nr. 67/1996 ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í máli nr. 546/2012 þar sem íslenska ríkið átti ekki aðild að fyrrnefnda málinu auk þess sem dómkröfur voru ekki hinar sömu. Gilti einu í því sambandi þótt krefjendur beins eignarréttar í máli nr. 546/2012 leiddu rétt sinn til aðila sem Hæstiréttur hafði í máli nr. 67/1996 í reynd hafnað að ættu beinan eignarrétt á svæðinu. Er það í aðalatriðum í samræmi við þá afstöðu óbyggðaefndar til áhrifa hins eldra dóms sem fram kemur í forsendum fyrir niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 5/2008, enda lagði nefndin sjálfstætt mat á sönnunargildi dómsins en taldi hann ekki bindandi um úrslit sakarefnisins í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Fyrir liggja nokkrir dómar Hæstaréttar í þjóðlendumálum þar sem eldri dómsúrlausnir hafa verið taldar bindandi um niðurstöðu málsins. Í fyrsta lagi má nefna dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 þar sem íslenska ríkið og Bræðratungukirkja deildu um eignarréttarlega stöðu Tunguheiðar. Í málinu lá fyrir dómur aukadómþings Árnessýslu frá 23. febrúar 1980 í eignardómsmáli þar sem Bræðratungukirkja og íslenska ríkið deildu um eignarrétt á landinu. Viðurkennt var að Bræðratungukirkja ætti beinan eignarrétt á landinu. Í forsendum fyrir niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 kemur fram að umræddur dómur aukadómsþings Árnessýslu sé bindandi um úrslit sakarefnisins og hafi hlotið að vekja réttmætar væntingar Bræðratungukirkju um að eignarréttur kirkjunnar á landinu væri óumdeildur. Kröfugerð ríkisins í þjóðlendumálinu fengi ekki samrýmst þeirri afstöðu íslenska ríkisins að una dómi aukadómþingsins.

Í máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna) lá fyrir dómur landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar frá 14. desember 1971 þar sem skorið var úr um hver væru mörk Krýsuvíkur til norðurs og Garðakirkjulands til suðurs. Málið var rekið sem eignardómsmál og íslenska ríkið var þar meðal málsaðila. Aðildin að máli því sem lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 768/2009 var að nokkru leyti önnur en í landamerkjadómnum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að dómur landamerkjadómsins hafi fullt sönnunargildi um þau atvik sem þar var ráðið til lykta og feli í sér „bindandi úrslit sakarefnisins jafnt fyrir áfrýjendur sem aðra“. Dómurinn var því lagður til grundvallar um afmörkun þjóðlendunnar.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 294/2010, sem kveðinn var upp 22. september 2011, kom til skoðunar hvaða þýðingu dómur Héraðsdóms Austurlands frá 8. janúar 2004 í eignardómsmáli hefði varðandi eignarréttarlega stöðu Mælifells og Selsárvalla. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að þeir sem fengu eignardóminn hafi orðið eins settir og ef gefin hefði verið út skiptayfirlýsing um ráðstöfun viðkomandi réttinda. Þá segir að slík skiptayfirlýsing hefði í engu breytt réttarstöðu dómhafanna og áfrýjenda sem leiddu rétt sinn til þeirra gagnvart ákvæðum laga nr. 58/1998 og leiði þá af sjálfu sér að dómurinn frá 8. janúar 2004 geri það ekki heldur.

Þær forsendur fyrir niðurstöðum Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 og 546/2012 sem að framan eru raktar kunna að hafa áhrif á mat óbyggðanefndar á þýðingu eldri dómsúrlausna um eignarréttarlega stöðu landsvæða ef upp koma sambærileg tilvik. […] Aðrir fyrirliggjandi dómar Hæstaréttar gefa að mati óbyggðanefndar ekki tilefni til breytinga á sönnunarmati nefndarinnar. Niðurstaðan af framangreindri skoðun er í meginatriðum sú að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geta haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en fela aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess má draga þá ályktun að eldri dómsúrlausn feli því aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda.

**FYLGISKJÖL**

**I. Kort**
**II. Aðilaskrá**
**III. Skjalaskrá**

## II. Aðilaskrá

| | |
|---|---|
| Þjóðlendur | Fjármála- og efnahagsráðherra<br>f.h. íslenska ríkisins |
| Beilárheiði | Borgarbyggð |
| Fjalllendi Álftaneshrepps | Borgarbyggð |
| Fjalllendi Borgarhrepps | Borgarbyggð |
| Fjalllendi Hraunhrepps (Hítardalsfjalllendi) | Borgarbyggð |
| Staðartunga | Borgarbyggð |
| Ytri-Hrafnabjörg (Dalasýslu) | Guðmundur Freyr Geirsson |

## III. Skjalaskrá[695]

### Lagt fram af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármálaráðherra:

1 Kröfulýsing, dags. 10.12.2013.

1(1) a-b Skjalaskrá, dags. 10.12.2013, og viðbótar skjalaskrá, dags. 12.12.2013.

1(2) Tilvísanaskrá, dags. 10.12.2013.

1(3) Bréf lögmanns fjármála- og efnahagsráðherra til óbyggðanefndar um kröfulýsingu íslenska ríkisins vegna þjóðlendna á svæði 8B, dags. 10.12.2013.

1(4) Bréf óbyggðanefndar til fjármála- og efnahagsráðherra um meðferð á svæði 8B hjá óbyggðanefnd, dags. 30.1.2013.

1(5) Afrit af bréfi óbyggðanefndar til Akraneskaupstaðar varðandi frest fjármála- og efnahagsráðherra til að lýsa hugsanlegum þjóðlendukröfum á svæði 8B hjá óbyggðanefnd, dags. 26.2.2013.

1(6) Bréf lögmanns ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um að frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 8B, dags. 21.5.2013.

1(7) Bréf óbyggðanefndar til lömanns ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 4.6.2013.

1(8) Bréf lögmanns ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um að frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 8B, dags. 11.7.2013.

1(9) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 19.8.2013.

1(10) Bréf lögmanns ríkisins til óbyggðanefndar. Beiðni um að frest til að skila kröfulýsingum vegna svæðis 8B, dags. 14.10.2013.

1(11) Bréf óbyggðanefndar til lögmanns ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 15.10.2013.

1(12) Tölvupóstur óbyggðanefndar til lögmanns ríkisins. Beiðni um framlengingu á kröfulýsingafresti samþykkt, dags. 2.12.2013.

1(13) Greinargerð, dags. 5.6.2014.

1(14) Leiðrétting á þjóðlendukröfulínu vegna Beilárheiðar, dags. 22.6.2016.

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

2 Yfirlit/heildaskilabréf Þjóðskjalasafns Íslands yfir heimildaleit í óprentuðum (A-skjöl) og prentuðum (B-skjöl) frumgögnum, dags. 4.10.2016.

*Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):*

2(1) Tunga, dags. 21.5.1883. *Merkt 1.*

2(2) Staðartunga, dags. 20.11.1923. *Merkt 3 a-b.*

2(3) Galtarholt, dags. 5.12.1883 og Beilárheiði, dags. 20.5.1885, *Merkt 10.*

2(4) Selárdalur, dags. 11.5.1883. *Merkt 11 a-b.*

2(5) Hróbjargarstaðir og Hítardalsvellir, dags. 7.2.1885. *Merkt 17.*

2(6) Grenjar, dags. 1.4.1884. *Merkt 40 a-b.*

2(7) Grímsstaðir, dags. í apríl 1923. *Merkt 41 a-b.*

2(8) Grísatunga, dags. 20.11.1923, *Merkt 42 a-b.*

2(9) Hítardalur, dags. í júní 1923. *Merkt 45 a-b.*

2(10) Afréttarland Hraunahrepps, dags. í júlí 1923. *Merkt 46 a-c.*

2(11) Heggstaðir, dags. 6.6.1889. *Merkt 47.*

2(12) Fjallland Álftaneshrepps, dags. 20.6.1923. *Merkt 48 a-b.*

2(13) Hraunsnef, dags. 1.4.1887, *Merkt 49 a-b.*

2(14) Hreðavatn, ódags. en þingl. 27.6.1923. *Merkt 50 a-b.*

2(15) Afréttarland Borgarhrepps, dags. 2.11.1920. *Merkt 52 a-b.*

[695] Skjölum er raðað undir efnisflokka og þau því ekki í réttri númeraröð að öllu leyti. Sjá einnig í kafla 4.2.

2(16) Jafnaskarð, dags. 1.5. 1886. *Merkt 53 a-b.*
2(17) Litla-Fjall, dags, 15.4.1884. *Merkt 56 a-b.*
2(18) Múlasel, dags. í júlí 1923. *Merkt 57 a-b.*
2(19) Staðarhraun, dags. 22.1.1923. *Merkt 63 a-b.*
2(20) Svarfhóll, dags. 8.12.1883. *Merkt 65 a-b.*
2(21) Syðri-Hraundalur, dags. í mars 1923. *Merkt 67 a-b.*
2(22) Valbjarnarvellir, dags. 15.4.1884. *Merkt 68 a-b.*
2(23) Ytri-Hraundalur, dags. í september 1883. *Merkt 69 a-b.*
2(24) Dunkur, dags. 31.3.1883. *Merkt 72 a-b.*
2(25) Afréttarland Hörðdælinga, dags. 26.2.1892, ásamt óstaðfestri uppskrift frá sýslumanninum í Búðardal. *Merkt 73 a-b.*
2(26) Hóll, dags. 16.5.1884. *Merkt 75 a-b.*
2(27) Fremri- og Ytri Hrafnabjörg, dags. 18.5.1885. *Merkt 78 a-b.*
2(28) Gautarstaðir, ódags. en þinglesið 28.5.1885. *Merkt 79 a-b.*
2(29) Seljaland, dags. 16.5.1885. *Merkt 82 a-b.*
2(30) Hafursstaðir, dags. 18.2.1890. *Merkt 86.*
2(72) Múlakot, dags. 10.5.1890. *Merkt 87 a-b.*
2(73) Stafholt, ódags. maí 1890. *Merkt 64 a-c.*
2(74) Neðri-Vífilsdalur, ódags. maí 1885. *Merkt 84 a-b.*
2(75) Fremri-Vífilsdalur, ódags. maí 1885. *Merkt 85 a-b.*
2(293) Akrar, dags. 28.6.1884. *Merkt 101 a-b.*
2(296) Brekka í Norðurárdal, dags. 13.3.1886.

*Jarðabréf á Þjóðskjalasafni (skjalaflokkur A.2.):*

2(31) a-b Lögfesta fyrir Hól í Hörðudal, ásamt uppskrift, dags. 14.5.1691. *Merkt 12*
2(32) a-b Landamerki Syðri Hraundals eftir kálfskinsbréfi frá 17. öld, Ásmundi sendu, ásamt uppskrift. *Merkt 13.*

*Fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur A.5.):*

2(33) Jarðamat 1804: Galtarholt (Athugasemd um Langavatnsdal og að hann sé nú álitinn almenningur), Hítardalur (afréttur Hítardals nefndur), Staðarhraun (sagt eiga afrétt á Grjótárdal), Bjúgur, Hjörsey, Svignaskarð. *Merkt 15 – 20.*
2(34) Fasteignamat 1916-1918 undirmat: Afréttarland með Tjaldbrekku, Staðartunga, Dunkur, Fellsendi, Ytri-Hrafnabjörg, Fremri-Hrafnabjörg, Hóll, Selárdalur, Seljaland, Tunga, Vífilsdalur fremri, Vífilsdalur neðri, Grísatunga, Valbjarnarvellir, Litlafjall, Grenjar, Grímssstaðir, Syðri-Hraundalur, Ytri-Hraundalur, Hítardalur, Heggstaðir, Hafursstaðir, Galtarholt, Helgastaðir, Hreðavatn, Múlakot, Staðarhraun, Hróbjargarstaðir, Hraunsnef, Múlasel og Svarfhóll, Svignaskarð. *Merkt 4-5, 7-10, 12, 17-19, 21-22, 61, 63-70, 75 og 77-86.*
2(76) Fasteignamat 1916-1918 undirmat: Svignaskarð og Fróðhús. *Merkt 3.*
2(77) Jarðamat Dalasýslu 1849-1850: Tunga, Seljaland, Hrafnabjörg (Ytri og Fremri), Hóll, Selárdalur, Snóksdalur, Snóksdalsbotn, Gautastaðir, Dunkur og Vífilsdalur (Fremri og Neðri). *Merkt 101-2, 106, 108-111 og 117 -119.*
2(95) Jarðamat Mýra- og Hnappadalssýslu 1849-1850: Hvassafell, Hraunsnef, Hreðavatn, Stafholt, Grísatunga, Múlakot, Jafnaskarð, Staðartunga, Beilárheiði, Galtarholt, Beilárvellir með Réttarmúla, Hraundalur hinn syðri, Grímsstaðir, Hítardalur með fjalllendi og hjáleigunni Tjaldbrekku, Helgastaðir, Múlasel, Staðarhraun, Svarfhóll, Hraundalur ytri, Hróbjargarstaðir, Hafurstaðir, Heggstaðir, Hjörsey, Svignaskarð, Akrar. *Merkt 22,31,35,37,40,44 a-b,45, 50-51, 121 a-c og 122.*

*Bréfabækur, bréfasöfn og gerðabækur sýslumanna, hreppa og sáttanefnda (skjalaflokkur A.6.):*

2(101) a-b Afrit af landamerkjaskrá fyrir jörðinni Dunki í Hörðudal, ásamt uppskrift, dags. 31.3.1883. *Merkt c 26 a.*

2(102) a-b Afrit af landamerkjaskrá fyrir jörðinni Gautastöðum í Hörðudal, ásamt uppskrift, dags. apríl 1883. *Merkt c 27 a-b.*

2(103) a-b Manntalsþing að Eskjuholti, dags. 21.5.1858. Landamerki Grísatungu þinglesin og mótmælti hreppstjórinn í nafni Borgarhrepps, einkum hvað Ranghalaveg snertir, og telur að hreppurinn hafi keypt Beilárheiði að Sköllum og Brúnavatnsgötu, ásamt uppskrift. *Merkt b 14 a.*

2(104) a-b Manntalsþing að Eskiholti, dags. 22.5.1885. Þinglesin merkjaskrá fyrir Galtarholti og fjalllendi Galtarholts, Beilárheiði. Landamerkja ekki getið, ásamt uppskrift. *Merkt b 15 a-b.*

2(105) a-b Manntalsþing að Hjarðarholti, dags. 21.5.1869. Voru að beiðni prófasts þinglesin tvö vottorð sem lúta að því að Staðartunga sé ekki byggð ábúandanum á Grísatungu með nefndri jörðu, heldur sé beneficiarius Stafholtsprestakalls heimild að leigja Staðartungu. Ábúandinn á Grísatungu mótmælti, ásamt uppskrift. *Merkt b 46 a-d.*

2(106) a-b Manntalsþing að Hjarðarholti, dags. 17.5.1851. Upplesið forboð fyrir Stafholtskirkjulandi á Fossdal, dags. 12.5.1851. Einnig upplesið forboð fyrir landi Stafholtskirkju á Hróbjargardal og Beilárheiði, dags. 17.5.1851, ásamt uppskrift. *Merkt b 59 a.*

2(107) a-b Manntalsþing að Eskiholti, dags. 19.5.1851. Upplesið forboð fyrir Stafholtskirkjuland á Fossdal, eins og á næsta þingi, ásamt uppskrift. *Merkt b 60 a-b.*

2(184) Manntalsþing að Lækjarbug, dags. 6.6.1849. Auglýsing um að Jósafat Jónsson vilji reisa nýbýli á Langavatnsdal. Upplesin lögfesta prófastsins, dags. 6.6.1849, fyrir Hítardalskirkjujörðum og mótmæli presturinn lögfestunni „að svo miklu leiti sem hún væri gagnstæð lögfestu sinni fyrir Staðarhrauni þeirri í fyrra“. Inntaks lögfestunnar ekki getið. *Merkt b 72 a-b.*

2(185) Manntalsþing að Kaldárbakka, dags. 8.6.1849. Auglýsing um að Jósafat Jónsson vilji reisa nýbýli á Langavatnsdal. Upplesin lögfesta prófasts séra Hjálmarsens, dags. 6.6.1849, fyrir jörðum Hítardalskirkju í Kolbeinsstaðahreppi. Inntaks lögfestunnar ekki getið. *Merkt b 73a.*

2(186) a-b Manntalsþing að Kaldárbakka, dags. 24.6.1823. Upplesin lögfesta prestsins á Hítárdal fyrir kirkjustaðar heimajörð, og þar í tilnefndra kirkjujarða, hvar í hann lögfestir þessar jarðaeignir og ítök öll, til lands og vatns, innan þar tiltekinna ummerkja. Lögfestan er dags. 24.6.1823. Inntaks lögfestunnar ekki getið, ásamt uppskrift. *Merkt b 75 a.*

2(187) Manntalsþing að Kaldárbakka, dags. 2.7.1813. Upplesin lögfesta prestsins fyrir Hítardalskirkju eignum öllum og ítökum eftir þeim landamerkjum sem greind lögfesta tilgreinir, dags. 9.4.1813. Inntaks lögfestunnar ekki getið. *Merkt b 76 a.*

2(188) Manntalsþing að Lækjarbug, dags. 3.7.1813. Upplesin lögfesta sr. Björns í Hítardal fyrir Hítardalskirkjueignum. Inntaks lögfestunnar ekki getið. *Merkt b 77 a.*

2(189) a-b Manntalsþing að Lækjarbug, dags. 25.5.1857. Upplesið bréf prófasts Hjálmarsens í Hítardal, dags. 23.5.1857, fyrir Hítardalsafréttarlandi. Inntak bréfsins kemur ekki fram en presturinn á Staðarhrauni mótmælir skjalinu hvað viðvíkur takmörkum milli Múlasels og Helgastaða og lambarekstri á Grjótárdal. Takmörk ekki tilgreind. Einnig mótmælti hreppstjóri Hraunhrepps, ásamt uppskrift. *Merkt b 81 a-b.*

2(190) a-b Manntalsþing að Lækjarbug, dags. 20.6.1810. Upplesið skjal frá prestinum í Hítardal, dags. 19.6.1810, hvar í hann bauð upp til ábúðar tvo eða þrjá parta af ábýlisjörð sinni Hítardal. Enginn kom fram sem tók tilboðinu. Inntak umgetins skjal kemur ekki fram. Einnig var upplesið annað skjal, dags. sama dag, einnig frá prestinum í Hítardal, þar sem hann biður sveitarmenn að styrkja eða aðstoða sig við leitir í afréttarlandi Hítardals, ásamt uppskrift. *Merkt b 82 a.*

2(191) a-b Manntalsþing að Kaldárbakka, dags. 21.6.1810. Upplesið skjal frá prestinum í Hítardal, „það sama sem á Lækjarbugsþingstað, og vildi engin að því ganga.“

Þ.e. skjal um uppboð á pörtum Hítardals til ábúðar, ásamt uppskrift. *Merkt b 83 a-b.*

2(192) a-b Manntalsþing að Eskiholti, dags. 7.4.1790. Upplesin lögfesta prófasts sr. Halldórs Finnssonar fyrir Hýtardal, dags. 26.3.1790. Inntaks lögfestunnar ekki getið, ásamt uppskrift. *Merkt b 84 a-b.*

2(193) a-b Manntalsþing að Smiðjuhóli, dags. 8.4.1790. Upplesin [lögfesta] prófasts sr. Halldórs Finnssonar fyrir Hítardal, dags. 26.3.1790. Inntaks lögfestunnar ekki getið, ásamt uppskrift. *Merkt b 85 a-b.*

2(194) a-b Manntalsþing að Lækjarbug, dags. 10.4.1790. Upplesin lögfesta fyrir Hítardal af dato Hítardal, dags. 26.3.1790. Inntaks lögfestunnar er ekki getið, ásamt uppskrift. *Merkt b 86 a.*

2(195) a-b Manntalsþing að Kaldárbakka, dags. 12.4.1790. Upplesin lögfesta fyrir Hítardal. Inntaks lögfestunnar er ekki getið, ásamt uppskrift. *Merkt b 87 a.*

2(196) a-b Manntalsþing að Kaldárbakka, dags. 3.4.1797. Upplesin lögfesta „fyrir Hítardalseignum vestan Hítará af dags. dato.“ Inntaks lögfestunnar er ekki getið, ásamt uppskrift. *Merkt b 88 a.*

2(197) a-b Manntalsþing að Kaldárbakka, dags. 18.4.1803. „Upplesið byggingarleyfi prestsins í Hítardal til Illuga Bjarnasonar og Sigurðar Sigurðssonar að upptaka nýbýli á Breiðodda í Hítardal“, dags. 19.1.1803. Ekki kemur fram hvar í Hítardal nefndur Breiðoddi er, ásamt uppskrift. *Merkt b 89 a.*

2(198) a-b Manntalsþing að Lækjarbug, dags. 4.7.1885. Var birt bréf séra Jónasar Guðmundssonar á Staðarhrauni 20. f. m. um upprekstrartoll. Kváðust búendur tilbúnir að greiða 5 aura í toll fyrir hverja kind sem óvilhallir menn álitu að hefði næga og góða haga í afrétt í Hítardalslandi eða ef Tjaldbrekka yrði lögð niður. Inntaki bréfs ekki lýst frekar, ásamt uppskrift. *Merkt b 90 a-b.*

2(199) Manntalsþing að Lækjarbug, dags. 5.7.1886. Þinglesnar m.a. landamerkjalýsingar: c). Hítardals. d). Helgastaða og g). Staðarhrauns. Landamerki ekki tilgreind. *Merkt b 91 a-b.*

2(200) a-b Manntalsþing að Álftatungu, dags. 16.4.1842. Upplesin lögfesta prófastsins Hjálmarsens þar sem hann lögfestir allan Hítardal og áminnir Hraunhreppsmenn um að gjalda afréttartoll eftir téðan dal samkvæmt áðurgerðum löglegum samningum og úrskurðum, dags. 15.4.1842. Inntak lögfestunnar og samningsins ekki getið, ásamt uppskrift. *Merkt b 102 a-b.*

2(201) Manntalsþing að Álftártungu, dags. 3.6.1845. Upplesin lögfesta fyrir Akrakirkju eignum dags. 28.1.1845. Ekki kemur fram um hvaða eignir sé að ræða eða neinar frekari lýsingar á þeim. *Merkt 68 a-b.*

2(202) a-b Manntalsþing að Smiðjuhóli, dags. 26.5.1903. Þinglesið afsalsbréf, dags. 17.5.1903, fyrir löndum og ítökum á Langavatnsdal, áður tilheyrandi Akrakirkju, fyrir 500 kr. Ekki kemur fram um hvað lönd og ítök sé að ræða nema að þau séu á Langavatnsdal, ásamt uppskrift. *Merkt b 69 a-b.*

2(203) a-b Manntalsþing að Smiðjuhóli, dags. 9.4.1795. Upplesin lögfesta fyrir Hítardalskirkjueignum, einnig fyrirboð til Álftáróssmanna að byggja garð í Álftá. Inntaks lögfestunnar er ekki getið, ásamt uppskrift. *Merkt b 80 a.*

2(204) a-b Manntalsþing að Eskjuholti, dags. 22.5.1857. Lesið bréf prófasts O. Pálssonar [í Stafholti], dags. 22.12.1853, þar sem hann afsalar Hróbjargardal og hálfum Fossdal til Borgarhrepps. Inntak bréfs kemur ekki fram, ásamt uppskrift. *Merkt b 108 a.*

2(269) a-b Manntalsþing að Lækjarbug í Hraunhreppi, dags. 18.4.1801. Upplesin mótmæli sveitarmanna gegn ósk Bjarna Guðmundssonar að fá að byggja á Langavatnsdal, ásamt uppskrift. *Merkt 172 a-b.*

2(270) a-b Manntalsþing að Smiðjuhóli í Álftaneshreppi, dags. 29.4.1801. Á þinginu var spurt um byggingu á Langavatnsdal næstkomandi ári, ásamt uppskrift. *Merkt 173 a.*

2(271) a-b Manntalsþing, dags. 23.6.1801. Þinghaldsstaðar ekki getið. Tekin voru þingsvitni um hvort Bjarna Guðmundssyni frá Húnavatnssýslu kynni að byggjast

Langavatnsdalur eftir ósk hans og svaraði þingsóknin: *„... þvert ney!“*, ásamt uppskrift. *Merkt 174 a-b.*

2(272) a-b Manntalsþing að Dýrastöðum í Norðurárdal, dags. 31.5.1849. Upplesin auglýsing um að Jósafat Jónsson hafi óskað sér útmælt land á Langavatnsdal til að reisa þar nýbýli, ásamt uppskrift. *Merkt 175 a.*

2(273) a-b Manntalsþing að Eskiholti í Borgarhreppi, dags. 2.6.1849. Upplesin auglýsing um að Jósafat Jónsson hafi óskað sér útmælt land á Langavatnsdal til að reisa þar nýbýli, ásamt uppskrift. *Merkt 176 a-b.*

2(274) a-b Manntalsþing að Smiðjuhóli í Álftaneshreppi, dags. 4.6.1849. Upplesin auglýsing um að Jósafat Jónsson hafi óskað sér útmælt land á Langavatnsdal til að reisa þar nýbýli, ásamt uppskrift. *Merkt 177 a.*

2(275) a-b Manntalsþing að Lækjarbug í Hraunhreppi, dags. 6.6.1849. Upplesin auglýsing um að Jósafat Jónsson hafi óskað sér útmælt land á Langavatnsdal til að reisa þar nýbýli, ásamt uppskrift. *Merkt 178 a.*

2(276) a-b Manntalsþing að Kaldárbakka í Kolbeinsstaðahreppi, dags. 8.6.1849. Upplesin auglýsing um að Jósafat Jónsson hafi óskað sér útmælt land á Langavatnsdal til að reisa þar nýbýli, ásamt uppskrift. *Merkt 179 a.*

2(277) a-b Útmæling í Langavatnsdal. Sýslumaðurinn var ásamt hreppstjórum staddur á Langavatnsdal til að úthluta landi fyrir nýbýli handa Jósafat Jónssyni. Einnig voru mættir nokkrir fleiri bændur sem áttu lönd að nefndum dal. Jósafat hætti síðan við að fá úthlutað landi á dalnum og var því hætt við útmælinguna, dags 22.6.1849, ásamt uppskrift. *Merkt 180 a.*

2(278) a-b Manntalsþing að Jörfa í Haukadal, dags. 15.5.1845. Á þinginu var rætt við hreppstjóra og þá sem hafa óskað að setja nýbýli á Langavatnsdal, skv. amtsbréfi, dags. 6.3.1845, ásamt uppskrift. *Merkt 181 a-b.*

2(279) a-b Manntalsþing að Brennistöðum í Borgarhreppi, dags. 22.5.1913. Lesið afsalsbréf skiptaráðandans í dánarbúi barónsins C.G. Boilleau til Einars Friðgeirssonar fyrir hólmum í Langavatni. Guðmundur Daníelsson í Svignaskarði lét bóka að hann áliti að bjóða hefði átt Borgarhreppi hólmana í Langavatni áður en þeir voru seldir öðrum, ásamt uppskrift. *Merkt 182 a-c.*

2(280) a-b Manntalsþing fyrir Álftaneshrepp að Smiðjuhóli, dags. 26.5.1910. Lesið afsalsbréf Einars Friðgeirssonar, dags. 31.10.1902, fyrir fjallllandi á Langavatnsdal til Álftaneshrepps, ásamt uppskrift. *Merkt 183 a-b.*

2(299) Manntalsþing að Lækjarbug í Hraunhreppi 29.4.1800, upplesin lögfesta fyrir Hjörsey, með Hamraendum og Seljum, dags. 18.4.1800. *Merkt 188 a-b.*

2(300) Manntalsþing að Álftártungu í Álftaneshreppi, dags. 29.4.1801. Upplesin lögfesta, dags. 13.4.1840, fyrir Hjörsey, Hamraenda, Selja og Lambhússtúns. Einnig lögfest hálfur Kvígindisdal og friðlýst sömu lönd og þau er lögfestan tiltekur. *Merkt 189 a-b.*

2(301) a-b Manntalsþing að Hjarðarholti, dags. 20.5.1887. Boðin upp til ábúðar jörðin Grísatunga að beiðni séra Jóhanns Þorsteinssonar en ekkert boð kom, ásamt uppskrift. *Merkt b 49 a.*

2(302) a-b Manntalsþing að Hjarðarholti, dags. 20.5.1858. Þinglesin landamerkjalýsing fyrir Grísatungu, dags. 18.5.1858. Landamerkja ekki getið, ásamt uppskrift. *Merkt b 67 a.*

2(303) a-b Manntalsþing að Hjarðarholti, dags. 24.5.1886. Þinglesin landamerkjalýsing jarðarinnar Grístungu. Landamerkja ekki getið, ásamt uppskrift. *Merkt b 48 a-c.*

2(304) a-b Manntalsþing að Arnarholti, dags. 21.5.1901. Eftir beiðni prestsins í Stafholti var jörðin Grísatunga boðin upp til ábúðar, ásamt uppskrift. *Merkt b 47 a-c.*

2(305) a-b Manntalsþing að Hjarðarholti, dags. 20.5.1858. Lesin lýsing á landamerkjum Grísatungu, dags. 18.5.1858. Landamerkja ekki getið, ásamt uppskrift. *Merkt b 45 a.*

2(306) a-b Manntalsþing að Hjarðarholti, dags. 10.6.1786. Voru uppboðnar eyðijarðirnar Grísatunga, Múlakot og Jafnaskarð en enginn bauð í þær, ásamt uppskrift. *Merkt b 33 a-b.*

2(307) a-b Amtmaður á embættisreisu skrifar sýslumanni í Mýrasýslu vegna fyrirhugaðrar útmælingar á Langavatnsdal, dags. 3.7.1833, ásamt uppskrift. *Merkt d 6.*

2(308) a-b Bréf amtmanns til sýslumanns Mýrasýslu varðandi Jóhannes Grímsson og Langavatnsdal, dags. 4.5.1833, ásamt uppskrift. *Merkt d 5 a-d.*

2(309) a-b Bréf amtmanns til sýslumanns Dalasýslu varðandi Jóhannes Grímsson og Langavatnsdal, dags. 4.5.1833, ásamt uppskrift. *Merkt d 4 a-c.*

2(310) a-b Bréf sýslumanns Dalasýslu til Magnúsar hreppstjóra á Núpi varðandi Langavatnsdal, dags. 10.4.1845, ásamt uppskrift. *Merkt d 3.*

2(311) a-b Bréf sýslumanns Dalasýslu til Jóhannesar Grímssonar varðandi Langavatnsdal, dags. 31.5.1832, ásamt uppskrift. *Merkt d 2.*

2(312) a-b Vottorð er sýslumaður Dalasýslu gefur Jóhannesi Grímssyni á Staðarhóli, dags. 11.6.1831. ásamt uppskrift. *Merkt d 1 a-b.*

2(324) Manntalsþing að Eskiholti, dags. 23.5.1887. Þinglesin var landamerkjaskrá fyrir Svignaskarði. Undirskrift Borgarhreppsnefndar að því er Víðidal snertir vantar, eftir því sem dómabókin sjálf hermir. Sjálft landamerkjabréfið hefur ekki fundist þrátt fyrir leit. *Merkt b 190 a-c.*

2(325) a-b Vitnisburðir vegna hestaþjófnaðar á Langavatnsdal, dags. 20.5.1814, ásamt uppskrift. *Merkt b 191 a-h.*

2(326) a-b Extrahéraðsréttur í Hjarðarholti. Yfirheyrslur í þjófnaðarmáli Guðrúnar Sæmundsdóttur í Langavatnsdal, ásamt uppskrift, dags. 20.5.1814. *Merkt b 191 b-h.*

2(327) a-b Extrahéraðsréttur í Hjarðarholti. Yfirheyrslur í þjófnaðarmáli Guðrúnar Sæmundsdóttur í Langavatnsdal. Dómur felldur í málinu, ásamt uppskrift, dags. 25.7.1814. *Merkt b 192 a-d.*

2(328) a-b Manntalsþing að Blönduhlíð í Hörðadalshreppi í Dalasýsu, dags. 11.6.1796. Tekið þingvitni um hest sem drapst á Langavatnsdal, ásamt uppskrift. *Merkt b 193.*

2(329) a-b Manntalsþingsréttur að Jörva í Haukadal, Dalasýslu, dags. 15.5.1845. Óskað eftir við hreppstjóra, og þá sem óskað hafa eftir leyfi til nýbýlastofnunar á Langavatnsdal, að senda sýslumanni upplýsingar um þær fyrirætlani., ásamt uppskrift. *Merkt b 194.*

2(330) a-b Héraðsþingsréttur að Blönduhlíð í Hörðadalshrepp ií Dalasýslu, dags. 1.7.1814. Yfirheyrslur í þjófnaðarmáli Guðrúnar Sæmundsdóttur í Langavatnsdal, ásamt uppskrift. *Merkt b 195 a-d.*

*Kirknaskjöl (skjalaflokkur A.7.):*

2(35) a-b Afrit níu vitnisburða um nýtingu og takmörk Beilárheiðar frá 1677–1679. M.a. um selstöður í Grímsdal, ásamt uppskrift. *Merkt 10 a-h.*

2(36) a-b Lögfesta fyrir Hítardal, Hróbjargarstöðum og Helgastöðum 1699, ásamt uppskrift. *Merkt 19.*

2(37) a-b Lögfesta fyrir Hítardal, Hróbjargarstöðum og Helgastöðum 1712, dags. 4.6.1712, ásamt uppskrift. *Merkt 20 a-b.*

2(38) a-b Lögfesta fyrir Hítardal og Hróbjargarstöðum, dags. 12.6.1832, ásamt uppskrift. *Merkt 21 a-c.*

2(39) a-b Vitnisburðir um landamerki milli Helgastaða og Múlasels, dags. 20.12.1783 og 26.1.1784, ásamt uppskrift. *Merkt 22 a-b.*

2(40) a-b Pro memoria, dags. 8.6.1795, og úrskurður Ólafs Stephensens áhrærandi réttartollskröfu m.m. til Hraunhreppsbúenda, dags. 27.10.1795, ásamt uppskrift. *Merkt 23 a-c.*

2(41) a-b Í bréfi Hjálmarsens í Hítardal til „Det kongelige Ministerium for Kirkevæsenet“ kemur fram að Tjaldbrekka hafi verið byggð 1839 í heimalandi Hítardalskirkju: „som hjalege, der er opfört paa kirkens hjemmemark“, dags. 18.12.1854, ásamt uppskrift. *Merkt 24 a-b.*

2(161) a-b Lögfesta fyrir Stafholtskirkju, dags. 5.5.1831. Kirkjan á m.a. Grísatungu, selför í Þverárdal, afrétt í Hróbjargardal, Miðdalsmúla allan, Bjarnadal allan o.fl. Lesin á manntalsþingi að Hjarðarholti, dags. 13.5.1831, ásamt uppskrift. *Merkt 2 a-b.*

2(162) a-b Lögfesta fyrir Stafholtskirkju, dags. 2.4.1766. Lögfestir m.a. Grísatungu, selför í Þverárdal, afrétt í Hróbjargardal, afrétt í Vesturárdal, Miðdalsmúla allan, Bjarnadal allan o.fl. Lesin á manntalsþingi að Hjarðarholti og víðar vorið 1766, ásamt uppskrift. *Merkt 3 a-b.*

2(163) a-b Lögfesta fyrir Stafholtskirkju, dags. 13.6.1754. Lögfestir m.a. Grísatungu, selför í Þverárdal, afrétt í Hróbjargardal, afrétt í Vesturárdal, Miðdalsmúla allan, Bjarnadal allan o.fl. Lesin á manntalsþingi að Hjarðarholti, dags. 13.6.1754, ásamt uppskrift. *Merkt 4 a-b.*

2(164) a-b Lögfesta fyrir Stafholtskirkju, dags. 24.7.1707. Lögfestir m.a. selför í Þverárdal, afrétt í Hróbjargardal, afrétt í Vesturárdal, Miðdalsmúla allan, Bjarnadal allan o.fl. Upplesin að Hjarðarholtskirkju 5 sunnudag eftir trinitatis, ásamt uppskrift. *Merkt 5 a-b.*

2(165) a-b Lögfesta fyrir Stafholtskirkju, dags. 31.7.1707. Lögfestir m.a. selför í Þverárdal, afrétt í Hróbjargardal, afrétt í Vesturárdal, Miðdalsmúla allan, Bjarnadal allan o.fl. Lesin á manntalsþingi að Hjarðarholti, dags. 7.5.1708, ásamt uppskrift. *Merkt 6 a-b.*

*Vísitasíubækur biskupa (skjalaflokkur A.8.):*

2(108) a-b Akrar í Hraunhreppi, dags. 31.8.1642. Kirkjan á m.a. Kvígindisdal allan með Sandnesi. Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Sunnlendingafjórðung ásamt Þverárþingi vestan Hvítár og Þórsnesþingi 1642-1670, ásamt uppskrift. *Merkt 26 a-b.*

2(109) a-b Akrar í Hraunhreppi, dags. 3.9.1676. Kirkjan á m.a. Kvígindisdal allan. Vísitasíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695, ásamt uppskrift. *Merkt 46 a-b.*

2(110) a-b Akrar, dags. 29.8.1702. Kirkjan á m.a. Kvígindisdal allan. Vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699-1705 og 1710-1719, ásamt uppskrift. *Merkt 66 a-b.*

2(111) a-b Akrar, dags. 8.5.1737. Kirkjan á m.a. Kvígindisdal allan. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1742, ásamt uppskrift. *Merkt 78 a-b.*

2(112) a-b Akrar, dags. 17.6.1725. Kirkjan á m.a. Kvígindisdal allan. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 86 a-b.*

2(113) a-b Akrar, dags. 24.8.1751. Kirkjan á m.a. Kvígindisdal allan. Vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748-1752, ásamt uppskrift. *Merkt 107 a-b.*

2(114) a-b Akrar, dags. 11.6.1759. Kirkjan á m.a. Kvígindisdal allan. Vísitasíubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar 1756-1778, ásamt uppskrift. *Merkt 118 a-c.*

2(115) a-b Akrar, dags. 12.9.1783. Kirkjan á m.a. Kvígindisdal allan. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar 1780-1788, ásamt uppskrift. *Merkt 150 a-c.*

2(116) a-b Akrar, dags. 27.7.1831. Kirkjan á m.a. Kvígindisdal allan. Vísitasíubók Steingríms biskups Jónssonar og Helga biskups Thordersen 1828-1850, ásamt uppskrift. *Merkt 166 a-c.*

2(117) a-b Stafholt í Stafholtstungum, dags. 22.9.1639. Kirkjan á m.a. afrétt í Vesturárdal, Miðdalsmúli, afrétt í Rjóðsbjargardal, selför í Þverárdal og skógur í Skorradal. Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Vestfirðingafjórðung og Þverárþing 1639-1671, ásamt uppskrift. *Merkt 6 a-b.*

2(119) a-b Hítardalur, dags. 19.9.1642. Kirkjan á m.a. afrétt í Langavatnsdal. Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Sunnlendingafjórðung ásamt Þverárþingi vestan Hvítár og Þórsnesþingi 1642-1670, ásamt uppskrift. *Merkt 28 a-c.*

2(120) a-b Hítardalur, dags. 20.9.1676. Kirkjan á m.a. afrétt í Langavatnsdal. Vísitasíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695, ásamt uppskrift. *Merkt 48 a-c.*

2(121) a-b Stafholt, dags. 4.9.1681. Kirkjan á m.a. afrétt í Rjóðsbjargardal og afrétt í Þverárdal. Vísitasíubók Þórðar biskups Þorlákssonar 1675-1695, ásamt uppskrift. *Merkt 51 a-d.*

2(122) a-b Stafholt, dags. 25.8.1702. Kirkjan á m.a. afrétt í Rjóðsbjargardal. Vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699-

1705 og 1710-1719, ásamt uppskrift. *Merkt 63 a-c.*

2(123) a-b Hítardalur, dags. 27.8.1702. Kirjan á m.a. afrétt í Langavatnsdal. Vísitasíubók Jóns biskups Vídalín um Vestfirðingafjórðung og Sunnlendingafjórðung 1699-1705 og 1710-1719, ásamt uppskrift. *Merkt 64 a-b.*

2(124) a-b Hítardalur, dags. 13.10.1724. Kirkjan á m.a. afrétt í Langavatnsdal. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 84 a-c.*

2(125) a-b Stafholt, dags. 13.6.1725. Kirkjan á m.a. afrétt í Vesturárdal, Miðdalsmúli, afrétt í Rjóðsbjargardal og selför í Þverdalsskóg. Vísitasíubók Jóns biskups Árnasonar 1723-1733, ásamt uppskrift. *Merkt 85 a-c.*

2(126) a-b Hítardalur, dags. 27.5.1759. Kirkjan á m.a. afrétt í Langavatnsdal. Vísitasíubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar 1756-1778, ásamt uppskrift. *Merkt 116 a-b.*

2(127) a-b Stafholt, dags. 20.8.1751. Kirkjan á m.a. afrétt í Rjóðsbjargardal og selför í Þverárdal. Vísitasíubók Ólafs biskups Gíslasonar 1748-1752, ásamt uppskrift. *Merkt 106 a-b.*

2(128) a-b Stafholt, dags. 16.6.1759. Kirkjan á m.a. afrétt í Rjóðsbjargardal, selför í Þverárdal. Vísitasíubók Finns biskups Jónssonar og Hannesar biskups Finnssonar 1756-1778, ásamt uppskrift. *Merkt 119 a-c.*

2(129) a-b Stafholt, dags. 19.8.1783. kirkjan á m.a. afrétt í Rjóðsbjargardal, selför í Þverárdal. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar 1780-1788, ásamt uppskrift. *Merkt 147 a-b.*

2(130) a-b Hítardalur, dags. 23.8.1783. Kirkjan á m.a. afrétt í Langavatnsdal. Vísitasíubók Hannesar biskups Finnssonar 1780-1788, ásamt uppskrift. *Merkt 148 a-c.*

2(131) a-b Stafholt, dags. 24.7.1831. Kirkjan á m.a. afrétt í Rjóðsbjargardal, selför í Þverárdal. Vísitasíubók Steingríms biskups Jónssonar og Helga biskups Thordersen 1828-1850, ásamt uppskrift. *Merkt 165 a-c.*

2(132) a-b Hítardalur, dags. 10.8.1831. Kirkjan á m.a. afrétt í Langavatnsdal. Vísitasíubók Steingríms biskups Jónssonar og Helga biskups Thordersen 1828-1850, ásamt uppskrift. *Merkt 168 a-c.*

2(133) a-b Staðarhraun, dags. 1.9.1658. Mörk Hítardals og Staðarhrauns. Vísitasíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar um Sunnlendingafjórðung ásamt Þverárþingi vestan Hvítár og Þórsnesþingi 1642-1670, ásamt uppskrift. *Merkt 33 a-d.*

*Skjalasöfn presta og prófasta (skjalaflokkur A.9.):*

2(42) a-b Lögfesta fyrir Hítardal og Moldbrekku. Lögfestir allan dalinn Hítardal norðan af Bjúg. Einnig afrétt á Langavatnsdal, ódags. 1697. *Merkt 1 a-b.*

2(43) a-b Lögfesta fyrir Hítardal ásamt Hróbjargarstöðum, Völlum og Helgastöðum. Einnig fyrir Svarfhóli. Lögfestir allan dalinn Hítardal norðan af Bjúg. Einnig afrétt á Langavatnsdal, dags. 19.4.1699. *Merkt 2 a-c.*

2(44) a-b Lögfesta fyrir Hítardal ásamt Hróbjargarstöðum, Völlum, Helgastöðum og Svarfhóli. Lögfestir allan dalinn Hítardal norðan af Bjúg. Einnig afrétt á Langavatnsdal, dags. 3.5.1710. *Merkt 3 a-c.*

2(45) a-b Lögfesta fyrir Hítardal ásamt Hróbjargarstöðum, Völlum, Helgastöðum og Svarfhóli. Lögfestir allan dalinn Hítardal norðan af Bjúg. Einnig afrétt á Langavatnsdal, dags. 23.4.1731. *Merkt 5 a-b.*

2(46) a-b Skýrsla um Hítardals prestakalls inntekta og útgifta ástand. Nefnir m.a. hjáleigur Hítardals, Hraunkot og Hólma, eru báðar óbyggðar, dags. 22.3.1839, ásamt uppskrift. *Merkt 12 a-c.*

2(47) a-b Eignarlýsing Hítardalskirkju og staðar. Landamerki tilgreind nákvæmlega. Einnig um afrétt Hraunhreppinga, dags. 15.4.1842. *Merkt 13 a-c.*

2(48) a-b Lögfesta fyrir Hítardal m.m. Lögfestir allan dalinn Hítardal norðan af Bjúg, þ.m.t. lönd Hróbjargarstaða, Tjaldbrekku og Helgastaða. Lögfestir einnig Svarfhól og „afrétt á Langavatnsdal.“ Fyrirbýður geldfjárupprekstur á Hítardalsfjall á leyfis, dags. 6.6.1849. *Merkt 14 a-c.*

2(88) a-b Lögfesta fyrir Hítardal ásamt Hróbjargarstöðum, Völlum og Helgastöðum. Lögfestir allan dalinn Hítardal norðan af Bjúg. Einnig afrétt á Langavatnsdal,

ásamt uppskrift, dags. 4.6.1712. *Merkt 4 a-d.*

2(89) a-b Lögfesta fyrir Hítardal ásamt Hróbjargarstöðum, Völlum og Helgastöðum. Lögfestir allan dalinn Hítardal norðan af Bjúg. Einnig afrétt á Langavatnsdal, ásamt uppskrift, ódags. árið 1733. *Merkt 6 a-b.*

2(90) a-b Lögfesta fyrir Hítardal og Hagaskógi. Lögfestir allan dalinn Hítardal norðan af Bjúg, ásamt uppskrift, dags. 9.4.1776. *Merkt 7 a-b.*

2(91) a-b Lögfesta fyrir Hítardal og Hagaskógi. Lögfestir allan dalinn Hítardal norðan af Bjúg, ásamt uppskrift, dags. 3.6.1782. *Merkt 8.*

2(92) a-b Lögfesta fyrir Hítardal. Lögfestir allan dalinn Hítardal norðan af Bjúg, ásamt uppskrift, dags. 26.3.1790. *Merkt 10 a-b*

2(93) a-b Lögfesta fyrir Hítardal ásamt Hróbjargarstöðum, Völlum og Helgastöðum. Lögfestir allan dalinn Hítardal norðan af Bjúg, dags. 3.4.1797, ásamt uppskrift. *Merkt10 a-b.*

2(94) a-b Lögfesta fyrir Hítardal ásamt Hróbjargarstöðum Völlum og Helgastöðum. Lögfestir allan dalinn Hítardal norðan af Bjúg. Einnig geldfjárafrétt á Langavatnsdal, ásamt uppskrift, dags. 12.6.1832. *Merkt 18 a-c.*

2(99) a-b Vitnisburður Guðrúnar Ásmundsdóttur um landamerki á milli Helgastaða og Múlaselslands, ásamt uppskrift, dags. 20.12.1783. *Merkt 8 a-b.*

2(100) a-b Vitnisburður Ingibjargar Ásmundsdóttur um landamerki á milli Helgastaða og Múlaselslands, ásamt uppskrift, dags. 26.1.1784. *Merkt 9 a-b.*

2(134) a-b Prófastsvísitasía Staðarhrauns, dags. 25.7.1890. Kirkjan á m.a. upprekstur í Langavatnsdal, ásamt uppskrift. *Merkt 82 a-d.*

2(135) a-b Prestur á Staðarhrauni, byggir Hraunhreppi Tjaldabrekku og fjalllendi Hítardals, dags. 31.5.1893, ásamt uppskrift. *Merkt 83 a-d.*

2(136) a-b Prófastsvísitasía að Stafholti, dags. 18.6.1749. Kirkjan á m.a. afrétt í Róðsbjargardal, ásamt uppskrift. *Merkt 41 a-c.*

2(137) a-b Vísitasía að Stafholti, dags. 20.8.1751. Kirkjan á m.a.a afrétt í Róðsbjargardal, ásamt uppskrift. *Merkt 42 a-c.*

2(138) a-b Lögfesta fyrir Stafholti, dags. 21.7.1679. Merkjum Beilárheiðar lýst, ásamt uppskrift. *Merkt 43 a-b.*

2(139) a-b Lögfesta fyrir Stafholti, dags. 31.7.1707. Kirkjan á m.a. afrétt í Róðsbjargardal, ásamt uppskrift. *Merkt 44 a-c.*

2(140) a-b Lögfesta fyrir Stafholti, dags. 14.5.1714. Kirkjan á m.a. afrétt í Róðsbjargardal, ásamt uppskrift. *Merkt 45 a-d.*

2(141) a-b Lögfesta fyrir Stafholti, dags. 24.7.1707. Kirkjan á m.a. afrétt í Róðsbjargardal, ásamt uppskrift. *Merkt 46 a-c.*

2(142) a-b Lögfesta fyrir Grísatungur, Stafholtskirkjujörð, dags. 30.8.1711. Merkjum Beilárheiðar, Staðartungu og Grísatungu lýst, ásamt uppskrift. *Merkt 48 a-d.*

2(143) a-b Lögfesta fyrir Stafholti, dags. 19.5.1663, ásamt uppskrift. *Merkt 49 a-c.*

2(144) a-b Vitnisburðir um Beilárheiði og Grímsdal frá árunum 1677-1679, ásamt uppskrift. *Merkt 50 a-p.*

2(145) a-b Arfaskipti, dags. 26.10.1640. Grímsdalur hyggst tilheyra Stafholti, ásamt uppskrift. *Merkt 51 a-c.*

2(146) a-b Lögfesta, dags. 15.4.1678, fyrir Grísartungu. Merkjum lýst, ásamt uppskrift. *Merkt 59 a-b.*

2(147) a-b Lögfesta, dags. 29.5.1679, fyrir Grísartungu. Merkjum lýst, ásamt uppskrift. *Merkt 60 a-c.*

2(148) a-b Vitnisburðir um niðurbrot á selhúsum við Ketilsgil á Grímsdal frá júní og júlí 1679, ásamt uppskrift. *Merkt 61 a-d.*

2(149) a-b Fimmtarþing, dags. 16.7.1679, sett við seltóftir sem næstar eru fyrir framan Ketilsgil á Grímsdal (Beilárheiði) vegna niðurbrots á selhúsum og yrkingar á skógi, ásamt uppskrift. *Merkt 62 a-g.*

2(150) a-b Heimild fyrir byggingu á selstöðu fyrir framan ketilsgil á Grímsdal til selvistar og beitar undir sína málnytu, dags. 7.5.1683, ásamt uppskrift. *Merkt 63 a-b.*

| | |
|---|---|
| 2(151) a-b | Prófastsvísitasía fyrir Stafholti frá 1702, ásamt uppskrift. *Merkt 64 a-c.* |
| 2(152) a-b | Afhending Stafholts, dags. 30.5.1707, ásamt uppskrift. *Merkt 65 a-e.* |
| 2(153) a-b | Úttekt Stafholts, dags. 3.6.1740, m.a. selstaða á Grímsdal ásamt uppskrift. *Merkt 67 a-g.* |
| 2(154) a-b | Minnisgrein, dags. 2.8.1854, um að eftir konungsúrskurði, dags. 5.5.1852 hafi á þessu ári selland það sem kirkjan átti á Beilárheiði ásamt Hróbjargardal/Rjóðsbjargardal og hálfum Fossdal verið selt á opinberu uppboði, ásamt uppskrift. *Merkt 68.* |
| 2(155) a-b | Úttekt Stafholts, dags. 2.6.1855. Með prestakallinu var afhent söluandvirði Beilárheiðar, ásamt uppskrift. *Merkt 69 a-d.* |
| 2(156) a-b | Úttekt Stafholts, dags. 17.6.1867, ásamt uppskrift. *Merkt 71 a-e.* |
| 2(157) a-b | Biskupsvísitasía að Stafholti, dags. 12.8.1873. Um kaup Borgarhrepps 1853 á afréttar- eða fjalllandi á Beilárheiði ásamt Hróbjargar- eða Róðsbjargardal og hálfum Fossdal, ásamt uppskrift. *Merkt 72 a-b.* |
| 2(158) a-b | Úttekt og prófastsvísitasía Stafholts, dags. 6.6.1887, ásamt uppskrift. *Merkt 73 a-e.* |
| 2(159) a-b | Prófastsvísitasía Stafholts 1702. Meðal eigna kirkjunnar eru vitnisburðir um Grímsdal hálfan, ásamt uppskrift. *Merkt 99 a-b.* |
| 2(160) a-b | Skýrslur presta um háttalag prestakalla, lýsing Stafholts, dags. 12.5.1710, ásamt uppskrift. *Merkt 102 a-d.* |
| 2(166) a-b | Bréf séra Halldórs Finnssonar til stiftamtmanns, dags. 8.6.1795, um afrétt Hítardals, auk svars stiftamtmanns, dags. 27.10.1795, ásamt uppskrift. *Merkt 11 a-d.* |
| 2(167) a-b | Friðunarlýsing Hítardals fjárréttar hleðslu, dags. 15.9.1851, ásamt uppskrift. *Merkt 17.* |
| 2(168) a-b | Eignalýsing Hítardalskirkju og –staðar, dags. 23.5.1857, ásamt uppskrift. *Merkt 19 a-c.* |
| 2(169) a-b | Lögfesta frá 1832, fyrir landareign Hítardals, Moldbrekku, Syðri- og Ytri-Skógum, Hraunmúla, Brúarhraun og Litlahraun með reka, ásamt uppskrift. *Merkt 20 a-c.* |
| 2(170) a-b | Lögfesta, dags. 23.4.1731, fyrir Hítardal, Hróbjargarstöðum, Völlum, Haga, Helgastöðum, Svarfhóli og hálfum Hvalseyjum, ásamt uppskrift. *Merkt 21 a-d.* |
| 2(171) a-b | Prófastsvísitasía að Ökrum. Kirkjan á m.a. hálfan Kvígindisdal, ásamt uppskrift, dags. 13.5.1694. *Merkt 129 a-b.* |
| 2(172) a-b | Prófastsvísitasía að Hítardal. Kirkjan á m.a. afrétt í Langavatnsdal, ásamt uppskrift, dags. 17.5.1694. *Merkt 130 a-c.* |
| 2(173) a-b | Prófastsvísitasía að Stafholti. Kirkjan á m.a. afrétt í Hróðsbjargardal, ásamt uppskrift, dags. 26.8.1694. *Merkt 132 a-e.* |
| 2(174) a-b | Prófastsvísitasía að Ökrum. Kirkjan á m.a. Kvígindisdal allan, ásamt uppskrift, dags. 1.11.1712. *Merkt 135 a-b.* |
| 2(175) a-b | Prófastsvísitasía að Ökrum. Kirkjan á m.a. Kvígindisdal allan, ásamt uppskrift, dags. 8.5.1737. *Merkt 138 a-b.* |
| 2(176) a-b | Prófastsvísitasía að Hítardal. Kirkjan á m.a. afrétt í Langavatnsdal, ásamt uppskrift, dags. 31.5.1737. *Merkt 141 a-b.* |
| 2(177) a-b | Prófastsvísitasía að Stafholti. Kirkjan á m.a. afrétt í Róðsbjargardal, ásamt uppskrift, dags. 10.6.1744. *Merkt 149 a-b.* |
| 2(178) a-b | Prófastsvísitasía að Ökrum. Kirkjan á m.a. Kvígindisdal allan, ásamt uppskrift, dags. 29.5.1771. *Merkt 154 a-b.* |
| 2(179) a-b | Prófastsvísitasía að Hítardal. Um útmælingu nýbýlis í afréttarlandi staðarins á svokölluðum Langavatnsdal, ásamt uppskrift, dags. 14.11.1810. *Merkt 156 a-c.* |
| 2(180) a-b | Prófastsvísitasía að Hítardal. Presturinn hefur gefið til kynna nýbýlaupptekningu á afréttarlandi kirkjunnar á Langavatnsdal, ásamt uppskrift, dags. 15.12.1812. |

*Merkt 157 a-b.*

2(181) a-b Prófastsvísitasía að Hítardal. Kirkjan á m.a. afrétt í Langavatnsdal, ásamt uppskrift, dags. 4.1.1814. *Merkt 158.*

2(182) a-b Prófastsvísitasía að Ökrum. Kirkjan á m.a. Kvígindisdal allan og hálfa Hafursstaði í Langavatnsdal, ásamt uppskrift, dags. 6.6.1884. *Merkt 161.*

2(183) a-b Úttekt Stafholts, ásamt uppskrift, dags. 3.6.1740. *Merkt 177 a-e.*

2(218) a-b Eyðijarðir Kolbeinsstaðakirkju. Hafursstaður talin sem eyðijörð, ásamt uppskrift, dags. 8.7.1785. *Merkt 75 a-b.*

2(219) a-b Registur prestakalla í Mýrasýslu 1710, lýsing Hítardals. Þetta er skýrsla prófasts, unnin upp úr skýrslum prestanna, ásamt uppskrift. *Merkt 108 a-f.*

2(291) a-b Sáttaboð séra Björns Benediktssonar, dags. 16.9.1795, til bænda í Hraunhrepp varðandi afrétt og réttartoll, ásamt uppskrift. *Merkt 12 a-b.*

2(292) a-b Lögfesta séra Björns Benediktssonar fyrir Hítardal, Hróbjargarstöðum, Völlum, Helgastöðum, Moldbrekku, Syðri- og Ytri-Skógum, Hraunsmúla og Brúarhrauni, dags. 3.4.1797. *Merkt 13 a-b.*

2(313) a-b Bréf E. Sverrissonar sýslumanns til séra Th.E. Hialmarsen í Hítardal, dags. 6.8.1832, um nýbygingu á Langavatnsdal, með fylgir bréf amtmanns til sýslumanns um sama efni, dags. 24.6.1832, og bréf Jóhannesar Grímssonar til amtmanns varðandi sama efni, dags. 12.6.1832, ásamt uppskrift. *Merkt 206 a-e.*

2(314) a-b Færsla úr prestþjónustubók Stafholts varðandi andlát Sæmundar Pálssonar á Langavatnsdal. Dáinn 7.2.1813, ásamt uppskrift. *Merkt 205.*

2(315) a-b Færsla úr prestsþjónustubók Stafholts varðandi andlát tveggja barna á Langavatnsdal. Dáin 3.4.1812, ásamt uppskrift. *Merkt 204.*

*Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanna og landshöfðingja (skjalaflokkur A.10.):*

2(68) a-b Jörundur Ólafsson á Hliði tilkynnir amtmanni að hann hyggist taka upp búsetu í Langavatnsdal í samræmi við ákvæði nýbýlatilskipunarinnar frá 15.4.1776, ásamt uppskrift, dags. 8.1.1810. *Merkt 1 a-b.*

2(69) a-b Bréf amtmannsins í Vesturamtinu til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um áform Jörundar Ólafssonar um að setja byggð í Langavatnsdal, ásamt uppskrift, dags. 25.1.1810. *Merkt 2.*

2(70) a-b Amtmaðurinn í Vesturamti til sýslumannsins í Mýrasýslu, Péturs Ottesens, um áform Jörundar Ólafssonar um að setja byggð í Langavatnsdal, ásamt uppskrift, dags. 5.3.1810. *Merkt 3 a-b.*

2(71) a-b Amtmaðurinn í Vesturamti til Jörundar Ólafssonar á Hliði. Amtmaðurinn tilkynnir Jörundi að hann hafi tilkynnt sýslumanninn í Mýrasýslu Pétri Ottesen bréflega, um áform Jörundar Ólafssonar um byggð í Langavatnsdal, ásamt uppskrift, dags. 5.3.1810. *Merkt 4.*

2(205) a-b Afrit af bréfi prests í Stafholti til prófasts um sölu á Beilárheiði, ásamt Hróbjargardal, Fossdal og Grímsdal. Einnig minnst á selstöður Stafholtskirkju í Staðartungu og á Bjarnadal, ásamt upprekstri á Hellistungur, dags. 7.6.1851, ásamt uppskrift. *Merkt 47 a-c.*

2(206) a-b Bréf prófasts til biskups um sölu á Beilárheiði. Hann mælir með sölunni, dags. 10.6.1851, ásamt uppskrift. *Merkt 48 a.*

2(207) a-b Bréf stiftsyfirvalda til ministeriet for kirke- og undervisnings væsenet um sölu á Beilárheiði. Stiftsyfirvöld mæla með sölunni, dags. 18.2.1852, ásamt uppskrift. *Merkt 49 a-b.*

2(208) a-b Bréf amtmanns í Vesturamti til sýslumannsins í Dalasýslu. Varðandi beiðnir fjögurra manna úr Dalasýslu um nýbýli á Langavatnsdal, dags. 6.3.1845, ásamt uppskrift. *Merkt 50 a-b.*

2(209) a-b Bréf amtmanns í Vesturamti til Fr. Lund sýslumanns í Mýrasýslu. Varðandi beiðnir fjögurra manna úr Dalasýslu um nýbýli á Langavatnsdal, dags. 6.3.1845, ásamt uppskrift. *Merkt 51 a-b.*

2(210) a-b Bréf amtmannsins í Vesturamti til sýslumanns í Mýrasýslu varðandi beiðni Jósafats Jónssonar á Bæ í Reykhólasveit um nýbýli á Langavatnsdal. Einnig

minnst lítillega á nýbýlið sem reist var þar árið 1810, dags. 10.2.1849, ásamt uppskrift. *Merkt 52 a-c.*

2(211) a-b Bréf amtmannsins í Vesturamti til sýslumannsins í Mýrasýslu varðandi beiðni Jósafats Jónssonar á Bæ í Reykhólasveit um nýbýli á Langavatnsdal, dags. 25.3.1849, ásamt uppskrift. *Merkt 53 a-b.*

2(212) a-b Bréf amtmannsins í Vesturamti til Jósafats Jónssonar á Bæ í Reykhólasveit varðandi beiðni hans um nýbýli á Langavatnsdal. Ákveðið að útmæling fari fram 22.6.[1849] það ár og að nýbýlið verði metið sem svarar til 24 hundraða að dýrleika, dags. 25.3.1849, ásamt uppskrift. *Merkt 54 a.*

2(213) a-b Bréf landshöfðingjans yfir Íslandi til amtmannsins yfir Suður- og vesturamtinu vegna kostnaðar við fyrirhugaða útmælingu á nýbýli á Langavatnsdal fyrir Halldór Bjarnason en hann hafði hætt við áform sitt um nýbýlið á síðustu stundu þannig að útmæling fór ekki fram, dags. 13.11.1877, ásamt uppskrift. *Merkt 55 a-b.*

2(214) a-b Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu sendir reikning til amtmannsins í Vesturamti vegna fyrirhugaðrar útmælingar á nýbýli á Langavatnsdal fyrir Halldór Bjarnason, dags. 4.10.1877, ásamt uppskrift. *Merkt 56 a.*

2(215) a-b Bréf bóndans frá Litlu-Gröf til amtmannsins í Vesturamti vegna nýbýlis á Langavatnsdal. Fjallar m.a. um mótmæli Borghreppinga vegna þessarar áforma sinna, dags. 27.9.1873, ásamt uppskrift. *Merkt 57 a-b.*

2(216) a-b Bréf sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til amtmannsins í Vesturamti vegna áforma Halldórs Bjarnasonar um að reisa nýbýli á Langavatnsdal, dags. 15.9.1873, ásamt uppskrift. *Merkt 58 a-b.*

2(217) a-b Halldór Bjarnason í Litlu-Gröf til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu vegna áforma hans um að reisa nýbýli á Langavatnsdal, dags. 3.9.1873, ásamt uppskrift. *Merkt 59 a-b.*

2(222) a-b Jón Pjetursson sýslumaður skrifar amtmanni um óskir Jósafats Jónssonar að stofna nýbýli á Langavatnsdal, dags. 9.3.1849, ásamt uppskrift. *Merkt 60 a-b.*

2(223) a-b Jóasafat Jónsson skrifar amtmanni varðandi nýbýli á Langavatnsdal, dags. 8.1.1849, ásamt uppskrift. *Merkt 61 a-b.*

2(224) a-b Jón Jósafat Jónsson skrifar amtmanni um nýbýli á Langavatnsdal, dags. 13.11.1848, ásamt uppskrift. *Merkt 62.*

2(225) a-b Kristján Magnusen sýslumaður í Dalasýslu skrifar amtmanni vegna umsóknar fjögurra manna um að stofna nýbýli á Langavatnsdal, dags. 12.6.1846, ásamt uppskrift. *Merkt 63.*

2(226) a-b Kristján Magnusen sýslumaður í Dalasýslu skrifar amtmanni vegna fyrirætlanar fjögurra manna að stofna nýbýli á Langavatnsdal, dags. 6.10.1845, ásamt uppskrift. *Merkt 64 a-b.*

2(227) a-b Bréf fjórmenninga sem áforma nýbýlastofnun á Langavatnsdal til amtmanns, dags. 10.5.1845, ásamt uppskrift. *Merkt 65 a-b.*

2(228) a-b M.F. Lund sýslumaður í Dalsýslu skrifar amtmanni varðandi áform fjórmenninganna um nýbýlastofnun á Langavatnsdal, dags. 16.6.1845, ásamt uppskrift. *Merkt 66 a-d.*

2(229) a-b Fjórmenningar sækja um til amtmanns að mega stofna nýbýli á Langavatnsdal, dags. 28.1.1845, ásamt uppskrift. *Merkt 67.*

2(230) a-b Annáll amtmanns yfir tilraunir til nýbýlastofnunar á Langavatnsdal árin 1831-1841, ásamt uppskrift. *Merkt 68 a-b.*

2(231) a-b Ódagsettur miði. „Publications maade, om Nybyggeriets Optagelse foranstaltet.“ Á bakhlið er áframhald af annál sjá skjal nr. 2(230) a-b, ásamt uppskrift. *Merkt 69 a-b.*

2(232) a-b Bréf Fred. Lund sýslumanns í Mýrasýslu til amtmanns varðandi ósk Einars Jónssonar um að byggja Fornahvamm, dags. 7.12.1842, ásamt uppskrift. *Merkt 70.*

2(233) a-b Einar Jónsson skrifar amtmanni um að fá að byggja og rækta Langavatnsdal en ef það fæst ekki þá Fornahvamm, dags. 20.7.1842, ásamt uppskrift. *Merkt 72 a-*

*b.*

2(234) a-b Einar Johnssen skrifar amtmanni og óskar þess að fá að stofna nýbýli á Langavatnsdal, dags. 24.7.1841, ásamt uppskrift. *Merkt 73.*

2(235) a-b Jón Andrésson skrifar amtmanni og tilkynnir honum að hann sé fallinn frá áformum sínum um nýbýlastofnun á Langavatnsdal, dags. 27.5.1841, ásamt uppskrift. *Merkt 74.*

2(236) a-b Sýslumaður Mýrasýslu skrifar til amtmanns um nýbýlastofnun á Langavatnsdal, dags. 25.2.1841, ásamt uppskrift. *Merkt 75 a-c.*

2(237) a-b Bréf séra Th. E. Hjalmarsen í Hítardal til sýslumanns Mýrasýslu um nýbýlastofnun í Langavatnsdal, dags. 7.1.1841, ásamt uppskrift. *Merkt 76 a-b.*

2(238) a-b Afrit af bréfi biskups til Hítardalsprests, dags. 22.9.1832, ásamt uppskrift. *Merkt 77.*

2(239) a-b Bréf Hítardalsprests til biskups varðandi nýbýlastofnun á Langavatnsdal, dags. 21.8.1832, ásamt uppskrift. *Merkt 78.*

2(240) a-b Bréf Hítardalsprests til E. Sverrissonar sýslumanns í Mýrasýslu um nýbýlastofnun á Langavatnsdal, dags. 20.8. 1832, ásamt uppskrift. *Merkt 79 a-d.*

2(241) a-b Björn Guðmundsson á Hjarðarholti skrifar sýslumanni Mýrasýslu varðandi byggingu Langavatnsdals, dags. 29.1.1841, ásamt uppskrift. *Merkt 80.*

2(242) a-b Bréf O. Björnssonar á Ferjukoti til sýslumanns Mýrasýslu um nýbýli á Langavatnsdal, dags. 22.1.1841, ásamt uppskrift. *Merkt 81 a-b.*

2(243) a-b Jón Andrésson á Gröf í Breiðuvík skrifar amtmanni vegna áforma sinna um að reisa á bæ á Langavatnsdal, dags. 19.11.1840, ásamt uppskrift. *Merkt 83.*

2(244) a-b Bréf J. Sigurðssonar á Álptanesi til sýslumanns Mýrasýslu varðandi byggingu Langavatnsdals, dags. 25.1.1841, ásamt uppskrift. *Merkt 82.*

2(245) a-b Símon Bjarnason óskar eftir að sér verði byggð 30 hndr. jörð á Langavatnsdal, dags. 6.11.1840, ásamt uppskrift. *Merkt 84.*

2(246) a-b Kristján Magnusen sýslumaður í Dalasýslu sendir amtmanni bréf hreppstjóra varðandi Langavatnsdal, dags. 9.7.1833, ásamt uppskrift. *Merkt 85.*

2(247) a-b S. Jónsson á Gautastöðum til sýslumannsins í Dalasýslu um Langavatnsdal, dags. 16.6.1833, ásamt uppskrift. *Merkt 86 a-b.*

2(248) a-b Jóhannes Grímsson skrifar amtmanni um áform sín um að stofna nýbýli á Langavatnsdal, dags. 3.4.1833, ásamt uppskrift. *Merkt 87 a-d.*

2(249) a-b Bréf E. Sverrissonar sýslumanns til amtmanns vegna áforma Jóhannesar Grímssonar um að stofna nýbýli á Langavatnsdal, dags. 11.3.1833, ásamt uppskrift. *Merkt 88 a-d.*

2(250) a-b Th. E. Hjalmarsen prestur í Hítardal skrifar E. Sverrisson sýslumanni vegna fyrirhugaðar nýbyggingar á Langavatnsdal, dags. 5.11.1832, ásamt uppskrift. *Merkt 89 a-b.*

2(251) a-b Th.E. Hjalmarsen prestur í Hítardal skrifar E. Sverrisson sýslumanni vegna fyrirhugaðarar nýbýlastofnunar á Langavatnsdal, dags. 20.8.1832, ásamt uppskrift. *Merkt 90 a-c.*

2(252) a-b Afrit úr kirkjubók Hítardals, um nýbýli á Langavatnsdal, dags. 14.11.1810, ásamt uppskrift. *Merkt 91.*

2(253) a-b Jóhannes Grímsson skrifar amtmanni um útmælingu nýbýlis á Langavatnsdal, dags. 12.6.1832, ásamt uppskrift. *Merkt 92 a-c.*

2(254) a-b Jóhannes Grímsson skrifar amtmanni um nýbýlisstofnun sína á Langavatnsdal, dags. 21.4.1832, ásamt uppskrift. *Merkt 93 a-b.*

2(255) a-b E. Sverrisson sýslumaður skrifar amtmanni varðandi útmælingu nýbýlis handa Jóhannesi Grímssyni á Langavatnsdal, dags. 16.3.1832, ásamt uppskrift. *Merkt 94 a-c.*

2(256) a-b Pétur Pétursson prestur í Stafholti skrifar E. Sverrisson sýslumanni um fyrirhugaða nýbýlastofnun á Langavatnsdal, dags. 29.2.1832, ásamt uppskrift. *Merkt 95 a-h.*

2(257) a-b Páll Guðmundsson á Ánabrekku skrifar E. Sverrisson sýslumanni vegna fyrirhugaðrar nýbýlastofnunar á Langavatnsdal, dags. 12.3.1832, ásamt

uppskrift. *Merkt 96 a-e.*

2(258) a-b Magnús Jónsson á Arnarholti skrifar E. Sverrirson sýslumanni um fyrirhugaða nýbýlastofnun á Langavatnsdal, dags. 3.2.1832, ásamt uppskrift. *Merkt 97.*

2(259) a-b G. Þórðarson á Eskjuholti skrifar E. Sverrirson sýslumanni vegna fyrirhugaðrar byggingar Langavatnsdals, dags. 28.1.1832, ásamt uppskrift. *Merkt 98.*

2(260) a-b J. Sigurðsson skrifar E. Sverrirson sýslumanni vegna fyrirhugaðrar byggingar Langavatnsdals, dags. 10.2.1832, ásamt uppskrift. *Merkt 99 a-b.*

2(261) a-b Jóhannes Grímsson skrifar amtmanni vegna áforma sinna um að stofna nýbýli á Langavatnsdal, dags. 6.9.1831, ásamt uppskrift. *Merkt 100 a-b.*

2(262) a-b Vitnisburður J. Gíslasonar á Efrimúla um Jóhannes Grímsson, dags. 14.3.1831, ásamt uppskrift. *Merkt 101 a-b.*

2(263) a-b Moltke stiftamtmaður og amtmaður í suðuramti skrifar Bjarna Thorsteinssyni amtmanni í Vesturamti varðandi hugsanlegt flóttafólk úr Rangárvallasýslu vegna eldgoss en það hefur í hyggju að flytja sig á Langavatnsdal, dags. 4.10.1822, ásamt uppskrift. *Merkt 102 a-b.*

2(264) a-b Jón Jónsson á Vesturholtum í Eyjafjallasveit skrifar Moltke stiftamtmanni um að mega stofna býli í Langavatnsdal ef svo kynni að fara að jörð sín yrði óbyggileg vegna yfirstandandi eldgoss, dags. 18.9.1822, ásamt uppskrift. *Merkt 103.*

2(265) a-b Bjarni Guðmundsson á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu skrifar landfógeta um að fá að byggja býli á Langavatnsdal, dags. 29.4.1800, ásamt uppskrift. *Merkt 104 a-b.*

2(266) a-b Ólafur Stephensen amtmaður svarar bréfi rentukemmers, dags. 25.8.1789, um byggingu Langavatnsdals, dags. 4.1.1790, ásamt uppskrift. *Merkt 105.*

2(267) a-b Skýrsla Ólafs Stephensens amtmanns um margsvísleg málefni Snæfellsness- og Hnappadalssýslna, ræðir m.a. um Langavatnsdal, dags. 17.1.1789, ásamt uppskrift. *Merkt 106 a-d.*

2(268) a-b Uppkast af bréfi rentukammers til Ólafs Stephensen amtmanns varðandi byggingu Langavatnsdals, dags. 22.8.1789, ásamt uppskrift. *Merkt 107.*

2(316) a-b Amtmaður skrifar sýslumanni Dalasýslu um Langavatnsdal, dags. 20.11.1845, ásamt uppskrift. *Merkt 111 a-c.*

2(317) a-b Amtmaður skrifar sýslumanni Dalasýslu um Langavatnsdal, dags. 15.5.1832, ásamt uppskrift. *Merkt 110 a-b.*

2(318) a-b Amtmaður skrifar Jóhannesi Grímssyni um áform hans um nýbýlastofnun á Langavatnsdal, dags. 9.9.1831, ásamt uppskrift. *Merkt 109 a-b.*

2(319) a-b Amtmaður skrifar sýslumanni í Mýrasýslu um Langavatnsdal, dags. 9.9.1831, ásamt uppskrift. *Merkt 108.*

2(320) a-b Amtmaður skrifar Skúla Magnússyni sýslumanni í Dalasýslu um Langavatnsdal, dags. 25.3.1810, ásamt uppskrift. *Merkt 107.*

2(321) a-b Mótmæli séra Björns Benediktssonar í Hítardal við áformum um að setja niður byggð á Langavatnsdal þar sem Hítadalskirkja á afrétt, dags. 30.9.1800, ásamt uppskrift. *Merkt 106.*

2(322) a-b Jón Guðmundsson sendir amtmanni auglýsingu um áform sín um að byggja bæ á Langavatnsdal, dags. 2.7.1800, ásamt uppskrift. *Merkt 105.*

2(331) a-b Jón Pétursson sýslumaður skrifar amtmanni og sendir honum afrit úr dómabók Mýra- og Hnappadalssýslu varðandi útmælingargjörð nýbýlis á Langavatnsdal handa Jósafat Jónssyni ásamt reikningi, ásamt uppskrift, dags. 1.9.1849. *Merkt 112 a-b.*

2(332) a-b Kristján Magnusen sýslumaður í Dalasýslu sendir amtmanni umsókn nokkurra manna um stofnun nýbýlis á Langavatnsdal, ásamt uppskrift, dags. 28.1.1845. *Merkt 113 a-d.*

*Skjalasöfn Stjórnarráðs Íslands og dansk-íslenskrar stjórnsýslu (skjalaflokkur A.11.):*

2(49) Bréf hreppsnefndar Hraunhrepps til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Beiðni hreppsnefndar Hraunhrepps um kaup á Hítarvatn, dags. 8.7.1928, og umsagnir sóknarprests á Staðarhrauni, dags. 26.9.1929, og biskup þar um, dags. 8.11.1929.

*Merkt 2 a-c.*

2(50) Jarðalýsing og virðing á jörðinni Grísatungu 1919. Ábúandi nytjar Staðartungu, dags. 11.6.1919. *Merkt 8.*

2(51) Bréf hreppstjóra Stafholtstungnahrepps þar sem hann mótmælir fyrirhugaðri sölu jarðarinnar Grísatungu, dags. 29.8.1919. *Merkt 9 a-b.*

2(282) Afrit af afsalsbréfi (skuldabréfi) ríkissjóðs handa Borgarhreppi í Mýrasýslu fyrir hálfan Víðidal inn af Langavatnsdal, dags. 29.8.1940. *Merkt 16 a-c.*

2(283) Uppkast af afsalsbréfi landbúnaðarráðherra þar sem hann afsalar hreppsnefnd Borgarhrepps í Mýrasýslu hálfan Víðidal, ódags. *Merkt 17 a-b.*

2(284) Uppkast Dóms- og kirkjumálaráðuneytis að makaskiptum við Guðmund Daníelsson í Svignaskarði í Borgarhrepp á eign hans „hálfum Víðidal öllum“ og á landspildu nefndri Staðartungu í Stafholtstungnahreppi sem er eign ríkissjóðs, ódags. mars 1937. *Merkt 18 a-c.*

2(285) Makaskiptasamningur á milli ríkissjóðs og Guðmunds Daníelssonar í Svignaskarði í Borgarhreppi á eign hans „hálfum Víðidal öllum“ og á landspildu nefndri Staðartungu í Stafholtstungnahreppi sem er eign ríkissjóðs, dags. 20.3.1937. Leigusamningur um hálfan Víðidal allan, dags. 27.5.1939. *Merkt 19 a-c.*

2(286) Álit Páls Zóphóníassonar um makaskipti á Staðartungu og afréttarlandi Guðmundar Daníelssonar á Langavatnsdal, dags. 13.3.1937. *Merkt 20.*

2(287) Umsögn Steingríms Steinþórssonar búnaðarmálastjóra um ósk Guðmundar Daníelssonar um makaskipti hálfum Víðidal á Langavatnsdal og Staðartungu, dags. 15.3.1937. *Merkt 21.*

2(288) Guðmundur Daníelsson bóndi á Svignaskarði biður landbúnaðarráðherra um að hafa makaskipti á afréttarlandi sínu á Víðidal, austan megin Langavatnsdals, og Staðartungu sem er eign Stafholtskirkju, dags. 12.3.1937. *Merkt 22.*

2(289) Afrit af leigusamningi á milli hreppsnefndar Borgarhrepps og ríkissjóðs um að taka „hálfan Víðidal allan“ á leigu til 99 ára, dags. 27.5.1939. *Merkt 23 a-b.*

2(295) Landamerki Hvassafells, dags. 16.4.1885. *Merkt 6 a-b.*

2(297) a-b Bréf biskups til sóknarprests Staðarhraunsprestakalls um sölu Hítárvatns, dags. 21.8.1929, ásamt uppskrift. *Merkt a. 26.*

2(298) Bréf Dóms- og kirkjumálaráðuneytis til biskups varðandi sölu Hítárvatns, dags. 24.7.1928

2(323) a-b Rentukammer skrifar amtmanni m.a. um það sem hann hafði nefnt í fyrra bréfi sínu varðandi byggð á Langavatnsdal, dags. 25.8.1789, ásamt uppskrift. *Merkt 27 a-b.*

*Bréfasöfn og bréfabækur biskupa (skjalaflokkur A.12.):*

2(96) a-b Bréf Jóns Ejólfssonar til Séra Guðmundar Vigfússonar prófasts á Borg, dags. 1.12.1856. Jón óskar eftir því að prófastur útvegi sér áreiðanlega vissu fyrir ítökum Akrakirkju; Hálfir Hafursstaðir í Sandnesi og allur Kvígindisdalur, ásamt uppskrift. *Merkt 1.*

2(97) a-b Bréf Séra Guðmundar Vigfússonar prófasts á Borg til biskups, dags. 15.1.1857. Séra Guðmundur áframsendir erindi Jóns Ejólfssonar um að útveguð sé áreiðanleg vissa fyrir ítökum Akrakirkju á Hálfum Hafursstöðum í Sandnesi og öllum Kvígindisdal, ásamt uppskrift. *Merkt 2 a-b.*

2(98) a-b Svarbréf biskups við bréfi Séra Guðmundar Vigfússonar prófasts, dags. 6.3.1857. Biskup sendir Extract af máldögum Akrakirkju og tekur fram að fjárhaldsmanni Akrakirkju geti ekki verið annað en heimilt að nota þau ítök sem í máldögunum séu nefnd, ásamt uppskrift. *Merkt 3.*

2(290) a-b Jóhann Þorsteinsson, prófastur í Stafholti, skýrir biskupnum yfir Íslandi frá langtíma leigusamningi á afréttarlandinu Staðartungu til Borgarhrepps, og æskir blessunar biskupsins yfir þeim ráðahag, dags. 26.5.1910, ásamt uppskrift. *Merkt 5 a-e.*

*Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):*

2(78) Uppkast af afsali fyrir jörðunum Hróbjargarstöðum og Hítárdalsvöllum, dags. 22.5.1923. Kolbeinsstaðahreppur kaupir jarðirnar af Kirkjujarðasjóði. *Merkt 1 a-b.*

2(79) Matsgjörð á eyðijörðunum Hróbjargarstöðum og Hítárdalsvöllum vegna fyrirhugaðrar sölu jarðanna úr eigu Kirkjujarðasjóðs, dags. 15.4.1922, auk afrits af landamerkjaskrá, dags. 7.2.1885. *Merkt 2 a-c.*

2(80) Uppkast af afsali fyrir jörðinni Helgastöðum, dags. 17.5.1921. Meðfylgjandi er afrit af landamerkjaskrá dags. 1.8.1885. *Merkt 8 a-d.*

2(81) Uppkast af afsali fyrir jörðinni Svarfhóli, dags. 18.5.1921. Ábúandinn Guðjón Guðmundsson kaupir. Meðfylgjandi er afrit af landamerkjaskrá dags. 8.12.1883. *Merkt 9 a-d.*

*Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.1):*

2(54) Máldagi (Þorláks biskups) fyrir kirkju undir Hrauni (Staðarhrauni), 1185. Í.f. I. b., bls. 278-279. *Merkt 82 a-b.*

2(55) Máldagi Maríukirkju undir Hrauni (Staðarhrauni), 1354. Í.f. III. b., bls. 85. *Merkt 83.*

2(56) Máldagi Hraunskirkju á Mýrum (Staðarhrauns), 1397. Kirkjan á heimaland með gögnum gæðum og Brúarfoss allan. Í.f. IV. b., bls. 183. *Merkt 84.*

2(57) Máldagi kikjunnar á Staðarhauni, 1439. Kirkjan á heimaland allt með gögnum gæðum og Brúarfoss allan. Í.f. IV. b., bls. 593-594. *Merkt 85 a-b.*

2(58) Máldagi kikjunnar undir Hrauni (Staðarhrauni) á Mýrum, 1491-1518. Í.f. VII. b., bls. 64. *Merkt 86.*

2(59) Máldagar Gísla biskups Jónssonar. Um 1570 og síðar. Kirkjan í Hítardal á Hróbjargarstaði og afrétt í Langavatnsdal. Kirkjan á Ökrum á Kvígindisdal allan með Sandnesi. Í.f. XV. b., bls. 611-614. *Merkt 87 b, 80 a og 90 a–b.*

2(60) Máldagi Hítardalskirkju, 1354. Kirkjan á afrétt í Langavatnsdal. Í.f. III. b., bls. 84. *Merkt 88.*

2(61) [Vilchinsmáldagi]. Máldagi Hítardalskirkju, 1397. Kirkjan á m.a. afrétt í Langavatnsdal. Í.f. IV. b., bls. 184-185. *Merkt 89 a-b.*

2(62) Máldagi Stafaholtskirkju, er Steini prestur Þorvarðsson setti, um 1140. Kirkjan á afrétt í Vesturárdal, Miðdalsmúla allan, Bjarnardalur fyrir ofan Mælifellsgil. Í.f. I. b., bls. 178-180. *Merkt 28 a-c.*

2(63) Máldagi Stafholtskirkju, 1354. Kirkjan á m.a. afrétt í Vesturárdal, Bjarnardal allan fyrir ofan Mælifellsgil og afrétt í Hróðurbjargardal. Í.f. III. b., bls. 88-89. *Merkt 29 a-b.*

2(64) [Vilchinsmáldagi]. Máldagi Stafholtskirkju, 1397. Kirkjan á m.a. afrétt í Vesturárdal, Bjarnardal allan fyrir ofan Mælifellsgil og afrétt í Hróðurbjargardal. Í.f. IV. b., bls. 188-190. *Merkt 30 a-c.*

2(65) Máldagi Stafholtskirkju í Stafholtstungum, 1480. Kirkjan á m.a. afrétt í Vesturárdal, Miðdalsmúla, Bjarnardal allan fyrir framan Mælifellsgil og afrétt í Hróðurbjargardal Í.f. VI. b., bls. 268-269. *Merkt 31 a-b.*

2(66) Máldagi Stafholtskirkju í Stafholtstungum, 1491-1518. Kirkjan á m.a. Bjarnardal allan fyrir ofan Mælifellsgil, afrétt í Hróðurbjargardal á bak Jafnaskarði. Í.f. VII. b., bls. 64. *Merkt 33.*

2(67) Máldagar Gísla biskups Jónssonar. Um 1570 og síðar. Kirkjan í Stafholti á m.a. afrétt í Vesturárdal, Bjarnardal allan fyrir ofan Mælifellsgil og afrétt í Hróðurbjargardal. Í.f. XV. b., bls. 620-622. *Merkt 35 a-c.*

2(82) [Vilchinsmáldagi]. Máldagi Snóksdalskirkju, 1397. Kirkjan á m.a. Snóksdal hálfan og því meir sem er í milli Þröskuldar og Leirmúla sjónhending fram í á. Í.f. IV. b., bls. 162-163. *Merkt 92 a-b.*

2(83) Máldagi Snóksdalskirkju í Dölum. Kirkjan á m.a. Snóksdal hálfan og því meir sem er í milli Þröskuldar og Lerimúla sjónhending fram í á. Í.f. VII., b., nr. 133, bls. 67. *Merkt 93.*

2(84) Máldagi Akrakirkju á Mýrum, 1258. Kirkjan á m.a. Hafurstaði hálfa. Í.f. I. b., nr. 149, bls. 595-596. *Merkt 76 a-b.*

2(85) Máldagi Maríukirkju að Ökrum á Mýrum, 1354. Kirkjan á m.a. Hafurstaði hálfa. Í.f. III. b., nr. 48, bls. 86. *Merkt 77.*

2(86) [Vilchinsmáldagi]. Máldagi Akrakirkju á Mýrum, 1397. Kirkjan á m.a. Hafurstaði hálfa. Í.f. IV. b., bls. 185-186. *Merkt 78 a-b.*

2(87) Máldagi Akrakirkju á Mýrum, 1491-1518. Kirkjan á m.a. Kvígindisdal allan með Sandnesi og hálfa Hafurstaði. Í.f. VII. b., nr. 126, bls. 65. *Merkt 79.*

2(220) Máldagabréf Tanna og Hallfríðar um gjafir til kirkju undir Hrauni (Staðarhrauni) [um 1120]. Í.f. I. b., nr. 26, bls. 172-174. *Merkt 81 a-c.*

2(221) Skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi (Um 1200). Í.f. XII. b., bls. 1-15. *Merkt 103 a-o.*

2(294) Kaupbréf fyrir Hrafnabjörgum í Hörðudal með tilgreindum landamerkjum og kúgildabeit í Langavatnsdal, dags. 31.12.1393. Í.f. III. b., bls. 491-492.

*Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):*

2(52) Jarðatal J. Johnsen 1847, bls. 131, 138-139. *Merkt 4 og 7 a-b.*

*Alþingisbækur Íslands (skjalaflokkur B.9.):*

2(53) Bjarni Guðmundsson á Vatnsnesi tilkynnir að hann hafi ásett sér hið fyrsta að byggja bæ á eyði-plátsinu Langavatnsdal, dags. 2.2.1800. XVII. b., bls. 504. *Merkt 10.*

*Önnur prentuð frumgögn (skjalaflokkur B.11):*

2(281) a-b Ár 1821. Lýsing á kostum og gæðum Langavatnsdals sem grösugs afréttarlands en einnig vel byggilegum og með góðri veiði í vatninu. *Almenn Landaskipunarfræði*, útgefin af hinu Íslenska Bókmenntafélagi 1821, bls. 214. *Merkt d 1 a-e.*

*Landamerkjabækur (skjalaflokkur A.1.):*

4(12) Óstaðfestar uppskriftir landamerkja fyrir afréttarlandi Hraunhrepps á móti löndum Dalamanna, dags. 19.6.1923, Álfthreppinga, dags. 20.6.1923, Hnappdælinga, dags. í júlí 1923, Hítardal, Helgastöðum, Múlaseli og Svarfhóli, dags. í júlí 1923.

*Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.):*

4(37) Hrafnabjörg ytri, síða úr Realregistum yfir veðmálabókina í Dalasýslu og kaupbréfabókina í Dalasýslu. 1867.

4(38) Hrafnabjörg fremri, síða úr veðmálaskrá fyrir Dalasýslu 1929.

4(39) Hrafnabjörg ytri, síða úr veðmálaskrá fyrir Dalasýslu 1929.

4(40) Hrafnabjörg fremri, spjald úr afsals- og veðmálaskrá Dalasýslu.

4(41) Hrafnabjörg ytri, spjald úr afsals- og veðmálaskrá Dalasýslu.

4(69) Akrar I-III, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

4(70) Staðarhraun, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

4(71) Hítárdalsfjalllendi, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

4(72) Hítárdalur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

4(73) Svarfhóll, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

4(74) Múlasel, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

4(75) Ytri-Hraundalur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

4(76) Syðri-Hraundalur, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

4(77) Grímsstaðir, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
4(78) Afréttarland Álftaneshrepps við Langavatn, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
4(79) Grenjar, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
4(80) Litlafjall, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
4(81) Valbjarnarvelli, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
4(82) Staðartunga (afréttarland), síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
4(83) Grísatunga, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
4(84) Afréttarland Borgarhrepps (Beilárheiði o.fl.), síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
4(85) Galtarholt, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
4(86) Múlakot, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
4(87) Jafnaskarð, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
4(88) Hraunsnef, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
4(89) Brekka (Norðurárdal), síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
4(90) Hreðavatn, síða úr veðmálaregistri Afsals- og veðmálabókar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
4(113) Leigusamningur um Staðartungu í makaskiptum fyrir hálfan Víðidal allan, dags. 28.11.1937.
4(114) Sala við opinbert uppboð selland það, er Stafholtskirkja á í Beilárheiði ásamt Hróbjargar (Róðsbjargar) dal og hálfum Fossdal, dags. 22.12.1853.
4(115) Kaupsamningur, dags. 24.2.1902 og afsal, dags. 17.3.1903: Eigendur Akra í Hraunhreppi selja lönd þau og ítök á Langavatnsdal sem fyrr átti Akrakirkja. Hálfir Hafursstaðir, Kvígildisdalur allur, ásamt Sandnesi, sem nú er kallað Sandvatnsnes.
4(116) Sala ráðherra Íslands og afsal fyrir afréttarlandinu, fjalllendi Hítárdals, dags. 27.6.1919.
4(117) Tilkynning kirkjumálaráðherra um að Hraunhreppur hefur leyst til sín varp í hólmum Hítarvatns og veiðiréttindi í vatninu og ám þeim sem í það og úr því renna fyrir því landsvæði er hreppnum var selt þann 27.7.1919, dags. 23.7.1953.
4(118) Samningur um skógræktar- og sandgræðslugirðingu í Hítardal, dags. 25.9.1942.
4(119) Leigusamningur um um allan veiðirétt tilheyrandi Álftaneshreppi í Langavatni, ám og lækjum, er í vatnið rennur í hluta hreppsins, svo og veiðirétt í landi hreppsins að vestanverðu frá upptökum Langár að landamerkjum Grenja, dags. 6.7.1966.
4(120) Afsalsbréf. Landbúnaðarráðherra selur og afsalar hálfum Víðidal til hreppsnefndar Borgarhrepps, dags. 10.9.1940
4(121) Víðidalur. Síða úr Realregister veðmála- og kaupbréfabókar 1867-1929.

*Afsals og veðmálabækur (skjalaflokkur A.3.): Skjöl fengin frá sýslumanninum í Búðardal:*

4(91) Afsal fyrir syðri hluta fjalllandsins Víðimúla, dags. 30.12.1818.
4(92) Kaupsamningur um fjallland Hörðudalshrepps: Vesturhluti Víðimúla. Merkja getið, dags. 28.6.1918. Afsal fyrir Vesturhluta Víðimúla, dags. 22.12.1918.

4(93) Afsal, dags. 15.12.2000, fyrir m.a. Ytri-Hrafnabjörgum og fjalllendi í Víðimúla samkvæmt heimildabréfi frá 28.6.1918.
4(94) Fremri Hrafnabjörg, síður úr Realregistri yfir veðmálabókina í Dalasýslu og kaupbréfabókina í Dalasýslu 1867.
4(99) Yfirlýsing um landamerki milli Fjalllendis Munaðarness í Borgarbyggð og Sauðafells í Dalabyggð, dags. 21.12.2009.
4(100) Ytri Hrafnabjörg, síða úr realregistri yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu.
4(101) Yfirlit yfir veð í eignum og tekjum hreppanna, síða úr realregistri 1867 yfir veðmála- og kaupbréfabók Dalasýslu.
4(108) Hrafnabjörg Ytri. Spjald úr afsals- og veðmálabók Dalasýslu.
4(109) Hrafnabjörg Fremri. Spjald úr afsals- og veðmálabók Dalasýslu.

*Fornleifaskráning (skjalaflokkur A.14.):*

4(14) Menningarminjar á miðhálendi Íslands. Svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 1996, bls. 3–27, 56–59 og 115–132.

*Önnur óprentuð frumgögn (skjalaflokkur A.16.):*

4(1) Símskeyti Fossanefndar til allra sýslumanna um vatnsréttindi í afréttum, dags. 3.4.1918.
4(2) Bréf Stjórnarráðs Íslands til allra sýslumanna þar sem beðið er um skýrslu um svæði sem talin eru til almenninga eða afrétta, dags. 29.12.1919.
4(3) Svarbréf sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, dags. 8.7.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.
4(4) Svarbréf hreppstjóra Borgarhrepps til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um almenninga og afrétti, dags. 26.1.1920.
4(5) Svarbréf hreppstjóra Stafholtstungnahrepps til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um almenninga og afrétti, dags. 8.2.1920.
4(6) Svarbréf hreppstjóra Álftaneshrepps til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um almenninga og afrétti, dags. 28.7.1920.
4(7) Svarbréf hreppstjóra Hraunhrepps til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um almenninga og afrétti, dags. 31.7.1920.
4(8) Fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins til sveitarfélaga um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.
4(9) Svarbréf bæjarstjóra Borgarnesbæjar, dags. 24.5.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.
4(10) Svarbréf oddvita Borgarhrepps, dags. 6.11.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.
4(11) Svarbréf Hraunhrepps, dags. 11.3.1989, í tilefni fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins um afrétti og upprekstarrétt, dags. 20.2.1989.
4(13) Svar sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um afréttarmálefni, fjallskil o.fl, dags. 13.11.1985, ásamt afréttarskrá um afréttarlönd í Mýrasýslu, ódags. og skrá um afrétt Lunddæla og Andkílinga innan Lundarreykjadalshrepps e. Ingimund Ásgeirsson, dags. 1.6.1980.
4(123) Svarbréf sýslumanns Dalasýslu, dags. 4.9.1920, í tilefni af bréfi Stjórnarráðs Íslands, dags. 29.12.1919.

*Önnur óprentuð frumgögn: Skjöl fengin frá héraðsskjalasafni Borgarfjarðar (skjalaflokkur A.16.):*

4(42) Leigusamningur. Borgarhreppur leigir fjallland Staðartungu, dags. 28.11.1937.
4(43) Bréf hreppsnefndar Borgarhrepps til hreppsnefndar Hörðadals um ágreining vegna sveitarfélagamarka, dags. 2.3.1880.
4(44) Landamerkjaskrá fyrir afréttarlandi Borghreppinga, dags. 25.2.1892.
4(45) Leigusamningur. Hreppsfélag Borgarhrepps leigir fjalllandið Staðartungu, dags. 22.4.1930.
4(46) Bréf um leigu og leigugreiðslu á Beilárheiði og Staðartungu, dags. 23.3.1900.
4(47) Bréf Hreppsnefndar Borgarhrepps til yfirjarðamatsnefndar um eignarhald á Beilárheiði, dags. 26.8.1917.

4(48) Minnisblað um eignarhald á Beilárheiði, ódags. en mótt. 10.11.2014.
4(49) Bréf Dóms- og kirkjumálar. til oddvita Borgarhrepps þar sem beiðni um gjafsókn í máli vegna Beilárheiðar er hafnað, dags. 30.5.1932.
4(50) Úrdráttur úr máldögum Stafholtskirkju. Landamerki í kringum Beilárheiði, dags. júlí 1831.
4(51) Óskað eftir yfirlýsingu hreppsnefndar Borgarhrepps vegna ákvörðunar um að selja fjalllendið Beilárheiði, dags. 10.2.1932.
4(52) Svar frá Þjóðskjalasafni Íslands við fyrirspurn oddvita Borgarhrepps, um heimildir fyrir eignarhaldi Galtarholts fyrir Réttarmúla eða makaskipti á Réttarmúla og Beilárheiði, dags. 9.6.1922.
4(53) Útskrift úr afsals og verðbréfabók Mýra og Hnappadalssýslu. Með konunglegum úrskurði, 5.5.1852, var leyft að selja selland það er Stafholtskirkja á í Beilárheiði uppfrá heimalöndum jarðanna Grísatungu og Múlakoti ásamt aðliggjandi dölum Hróbjargardal og hálfum Fossdal. Borgarhrepps sveitarfélag var hæstbjóðandi með 79 rd og 48 sk. og var það samþykkt af stiftsyfirvöldum Íslands með bréfi af 14.9.1852, dags. 22.12.1853.
4(54) Bréf sýslumanns til Jóns Jónssonar hreppstjóra, vegna beiðni um makaskipti á Beilárheiði og Réttarmúla, dags. 12.12.1878.
4(55) Bréf sýslumanns til hreppsnefndar Borgarhrepps vegna makaskipta á fjalllendinu Beilárheiði og fjalllendinu Réttarmúla, dags. 12.1.1880.
4(56) Leigusamningur milli Hörðdælinga og Borghreppinga um afréttarlandið Víðimúla, dags. 26.2.1892.
4(57) Bréf hreppsnefndar Hörðudalshrepps til oddvita Borgarhrepps um landamerki milli Borgarhrepps og Hörðudalshrepps, dags. 15.11.1883.
4(58) Kaupsamningur milli Hörðudalshrepps og Borgarhrepps um innri hluta Víðidals inn af Langavatnsdal, dags. 27.6.1918.
4(59) Bréf safnvarðar héraðsskjalasafns Borgarfjarðar um afrétt Hraunhrepps og Hítardalsfjalllendi vegna fyrirspurnar, dags. 24.8.1976.
4(60) Veðbókarvottorð um eignarrétt Einars Friðgeirssonar á hólmunum í Langavatni, dags. 15.11.1941
4(61) Egill Einarsson býður Borgarhreppi kauprétt að hólmunum í Langavatni, 25.2.1942.
4(62) 12 menn gera 2000 kr. kauptilboð í hólmana í Langavatni í Langavatnsdal, dags. 7.3.1942.
4(63) Afsal yfir tveimur hólmum í Langavatni til Borgarhrepps, dags. 17.3.1942.
4(64) Fundargerð almenns hreppsfundar í Borgarhreppi: Samþykkt, aðsent frumvarp um breytingar á hreppamörkum milli fjalllands Borgarhrepps og Stafholtstungnahr. með ákveðnum breytingum. Samþykkt að Borgarhreppur eigi hólmana í Langavatni með 15 atkv. gegn 3, dags. 3.5.1942.
4(102) Reglugjörð um réttarhöld, fjallleitir og fjárskil í Mýra- og Hnappadalssýslu, dags. 18.3.1857, samþ. 30.3.1857.
4(103) Um byggð í Langavatnsdal 1811 – 1817, ódags. ritari ókunnur.

*Jarðabréf og máldagar og fleira úr Íslensku fornbréfasafni (skjalaflokkur B.1):*

4(122) Gjafabréf fyrir Grísatungu, dags. 18.10.1522.
4(125) Máldagi kirkjunnar í Hjörsey, frá því um 1200. Í.f. I. b., bls. 303-304.
4(126) Máldagi kirkjunnar í Hjörsey, frá 1354. Í.f. III. b., bls. 86-87.
4(127) Máldagi kirkjunnar í Hjörsey, frá. 1397. Í.f. IV. b., bls. 190-191.
4(128) Máldagi kirkjunnar í Hjörsey, frá 1439. Í.f. IV. b., bls. 594-595.
4(129) Kaupbréf fyrir Hjörsey, dags. 2.6.1478. Í.f. VI. b., bls. 133-134.
4(130) Kaupbréf fyrir Hjörsey, dags. 10.5.1480 og 27.6.1481. Í.f. VI. b., bls. 258-260.
4(131) Gjafabréf fyrir Hjörsey, dags. 9.12.1570. Í.f. VX. b., bls. 451-452.
4(132) Gíslamáldagi fyrir kirkjunni í Hjörsey, frá 1570 og síðar. Í.f. VX. b., bls. 616.
4(133) Máldagi kirkjunnar í Svignaskarði, frá 1325. Hálfur Víðidalur. Í.f. II. b., bls. 577-578.
4(134) Jarðaskiptabréf fyrir Svignaskarði, frá 1534-1539. Í.f. IX. b., bls. 717-718.

4(135) Gíslamáldagi fyrir kirkjunni í Svignaskarði, frá 1570 og síðar. Í.f. VX. b., bls. 620.
4(136) Vilchinsmáldagi fyrir Svignaskarði, frá 1397. Í.f. IV. b., bls. 186.
4(137) Vitnisburður um Svignaskarð, frá 1511. Í.f. VIII. b., bls. 363-364.
4(138) Samþykki og staðfesting á máldaga Svignaskarðs, dags. 11.7.1512. Í.f. VIII. b., bls. 397-398.
4(139) Úrskurður um kaup á Svignaskarði, dags. 23.7.1512. Í.f. VIII. b., bls. 399-401.
4(140) Minnisgreinar Gizurar Einarssonar Skálholtsbiskups um Svignaskarð, dags. 11.9.1541. Í.f. X. b., bls. 663-664.
4(141) Tylftardómur um Svignaskarð, dags. 30.6.1567. Í.f. IX. b., bls. 634-635.
4(142) Lögmannsdómur um Svignaskarð, dags. 25.8.1568. Í.f. XV. b., bls. 137-138.

*Prentuð fasteigna- og jarðamöt (skjalaflokkur B.2.):*

4(15) Ný jarðabók 1861, bls. 44-59.
4(65) Jarðatal J. Johnsens 1847, bls. 105, 114-119, 124-133 og 136-140.
4(66) Fasteignabók 1921, bls. 21, 28-41.
4(67) Fasteignabók 1932, bls. 27, 30-35
4(68) Fasteignabók 1942-1944, bls. 1-6.

*Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.):*

4(17) Fjallaskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 80/1896, B-deild, bls. 81-95.
4(18) Reglugjörð um viðauka við fjallaskilareglugjörð Borgarfjarðarsýslu, dags. 23.6.1896, nr. 74/1903, B-deild, bls. 166-169.
4(19) Fjallaskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 87/1914, B-deild, bls. 141-153.
4(20) Reglugjörð um breytingu á fjallaskilareglugjörð Borgarfjarðarsýslu frá 9.8.1920, nr. 64/1929, B-deild, bls. 184.
4(21) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugjörð Borgarfjarðarsýslu frá 9.8.1920, nr. 45/1936, B-deild, bls. 118.
4(22) Auglýsing um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu nr. 74 frá 9.8.1920, nr. 50/1939, B-deild, bls. 61.
4(23) Auglýsing um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Mýrasýslu nr. 60 frá 2.6.1921, nr. 49/1939, B-deild, bls. 61.
4(24) Fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu, nr. 174/1952, B-deild, bls. 328-339.
4(25) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð Borgarfjarðarsýslu nr. 174 frá 25.8.1952, nr. 161/1957, B-deild, bls. 283-285.
4(26) Fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 297/1973, B-deild, bls. 547-558.
4(27) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 297 frá 10.10.1973, nr. 333/1976, B-deild, bls. 618.
4(28) Fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 374/1986, B-deild, bls. 802-812.
4(29) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 374 frá 21.7.1986, nr. 396/1988, B-deild, bls. 910.
4(30) Reglugjörð um breytingar á reglugjörð fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar frá 25.7.1892, nr. 91/1912, B-deild, bls. 184.
4(31) Reglugjörð um breytingar á reglugjörðum fyrir Mýrarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar frá frá 25.7.1892 og 3.8.1912, nr. 93/1913, B-deild, bls. 156.
4(32) Reglugerð um breytingu á fjallaskilareglugerð frá 2.6.fyrir Mýrarsýslu, nr. 57/1930, B-deild, bls. 133-134.
4(33) Fjallaskilareglugerð fyrir Mýrarsýslu, nr. 175/1952, B-deild, bls. 339-351.
4(34) Fjallaskilareglugerð fyrir Mýrarsýslu, nr. 377/1975, B-deild, bls. 725-739.
4(110) Reglugjörð fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar, nr. 88/1892, B-deild, bls. 139-157.

*Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.): Gögn fengin frá sveitarfélaginu Dalabyggð:*

4(95) Fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélagið Dalabyggð, nr. 1085/2011, B-deild, dags. 22.11.2011.

4(96) Fjallskilaseðill Suður-Dala 2014.

*Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.): Gögn frá sveitarfélaginu Borgarbyggð:*

4(97) Fjallskilasamþykkt fyrir Mýrasýslu, nr. 360/1992, B-deild, dags. 4.9.1992.

4(98) Fjallskilasamþykkt fyrir Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstað, nr. 110/2006, B-deild, dags. 19.1.2006.

*Fjallskilareglugerðir (skjalaflokkur B.4.): Gögn frá Héraðsskjalasafni Borgafjarðar:*

4(104) Fjallskilagjörð fyrir Mýrasýslu, dags. 2.6.1921.

4(105) Reglugjörð um notkun afrétta, réttir, fjallskil o.fl. í Mýrasýslu 1879.

4(106) Breytingar og viðauki við reglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu 5.9.1885 um notkun afrétta o. s. frv.

4(107) Fjallskilareglugjörð fyrir Borgafjarðarsýslu, dags. 9.8.1920.

*Skjalasöfn stiftamtmanns, amtmanns og landshöfðingja ásamt Stjórnartíðindum (skjalaflokkur B.6.):*

4(35) Samþykkt fyrir girðingafjelag Ystutungu í Stafholtshreppi, dags. 15.10.1926, nr. 91/1926, B-deild, bls. 197-198.

4(36) Samþykkt fyrir Veiðifélag Hítarár, dags. 8.5.1968, nr. 125/1968, B-deild, bls. 197-198.

4(112) Lög um sölu á hálfum Víðidal inn af Langavatnsdal, dags. 12.2.1940, nr. 20/1940. A-deild, bls. 62.

*Landnáma (skjalaflokkur B.7):*

4(16) Landið og Landnáma: Vestfirðingfjórðungur, bls. 115-149, ásamt korti.

4(111) Landnámabók, fyrri hluti, (1968), bls. 70-95.

*Önnur prentuð frumgögn (skjalaflokkur B.11.):*

4(124) Auglýsing Halldórs Bjarnasonar um fyrirætlun hans um byggingu nýbýlis á Langavatnsdal, dags. 11.3.1867. Birt í Þjóðólfi, dags. 11.4.1867

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hrl. vegna Fjalllendis Álftaneshrepps (Álftaneshreppslands):**

5 Kröfulýsing, dags. 31.3.2014.

5(1) Álftaneshreppsland. Útprentun úr Fasteignaskrá Íslands, dags. 6.4.2014.

5(2) Greinargerð, ódags. en mótt. 11.7.2014.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hrl. vegna Beilárheiðar:**

6 Kröfulýsing, dags. 31.3.2014.

6(1) Borgarhreppsland. Útprentun úr Fasteignaskrá Íslands, dags. 3.4.2014.

6(2) Gjafabréf. Beilárheiði gefin Borgarhreppi, dags. 26.4.1954.

Greinargerð, sjá skjal nr. 5(2).

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hrl. vegna Fjalllendis Borgarhrepps (Borgarhreppsland):**

7 Kröfulýsing, dags. 31.3.2014.

7(1) Afsalsbréf. Landbúnaðarráðherra selur og afsalar hálfum Víðidal til hreppsnefndar Borgarhrepps, dags. 10.9.1940.

7(2) Afsal. Tveir hólmar í Langavatni seldir og afsalaðir til Borgarhrepps, dags. 17.3.1942.

7(3) Yfirlýsing vegna merkjalína umbjóðanda í máli 1/2014.

Greinargerð, sjá skjal nr. 5(2).

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hrl. vegna Fjalllendis Hraunhrepps (Hítardalsfjalllendi):**

8 Kröfulýsing, dags. 31.3.2014.

8(1) Hítardalsfjalllendi. Veðbandayfirlit, útprent frá Þjóðskrá Íslands, dags. 6.4.2014.

8(2) Hítardalsfjalllendi. Útprentun úr Fasteignaskrá Íslands, dags. 6.4.2014.

8(3) Afsal. Ráðherra Íslands selur og afsalar afréttarlandinu fjalllendi Hítardals til Hraunhrepps, dags. 27.6.1919.

8(4) Tilkynning kirkjumálaráðherra um að Hraunhreppur hafi leyst til sín varp í hólmum Hítarvatns og veiðiréttindi í vatninu, dags. 23.7.1953.

Greinargerð, sjá skjal nr. 5(2).

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hrl. vegna Staðartungu:**

9 Kröfulýsing, dags. 31.3.2014.

9(1) Staðartunga afréttarland. Veðbandayfirlit, útprent frá Þjóðskrá Íslands, dags. 6.4.2014.

9(2) Makaskiptagjörningur um hálfan Víðidal og Staðartungu, dags. 20.3.1937.

Greinargerð, sjá skjal nr. 5(2).

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hrl. vegna Svarfhóls, Fjalllendis Ytri-Hraundals og Syðri-Hraundals:**

10 Kröfulýsing, dags. 31.3.2014.

**Lagt fram af Friðbirni Garðarssyni hrl. vegna Ytri-Hrafnabjarga:**

11 Kröfulýsing, dags. 31.3.2014.

11(1) Viðbót við / leiðrétting kröfulýsingar, dags. 13.8.2015.

**Lagt fram af óbyggðanefnd:**

12 12(1) Fundargerð 1. fyrirtöku, dags. 5.5.2014.

12(2) Fundargerð 2. fyrirtöku, dags. 5.6.2014.

12(3) Fundargerð 3. fyrirtöku, dags. 8.7.2014.

12(4) Fundargerð 4. fyrirtöku, dags. 14.8.2014.

12(5) Fundargerð 5. fyrirtöku, dags. 29.9.214.

12(6) Fundargerð 6. fyrirtöku, dags. 14.10.2014.

12(7) Fundargerð 7. fyrirtöku, dags. 10.11.2014.

12(8) Fundargerð aðalmeðferðar, dags. 25.8 og 10.11.2014.

12(9) Fundargerð endurupptöku, dags. 29.8.2016.

12(10) Fundargerð endurupptöku, dags. 5.10.2016.

12(11) Fundargerð lokafyrirtöku, dags. 7.10.2016.

13 Greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands um sögu jarða og annarra landsvæða, drög, dags. 4.7.2014.

15 Um ármót Mjóadalsár og Langavatnsár út frá gögnum Veðurstofu Íslands, dags. 22.8.2016.

**Lagt fram af málsaðilum:**

14 Yfirlitskort, mælikvarði 1:50.000 í A1. Mál nr. 1/2014. Kröfulínur allra málsaðila, dags. 5.10.2016.

## Hliðsjónargögn:

**Lagt fram til hliðsjónar af Andra Árnasyni hrl. f.h. fjármála- og efnahagsráðherra:**

Ónr. Byggðir Borgarfjarðar III. b. Mýrasýsla og Borgarnes, bls. 14, 1922, 26, 30, 32-33, 36, 38-42, 46-47, 51, 57, 63, 7173, 79, 90-92, 97-98, 101-102, 104-105, 108-111, 115-117, 127, 140, 154, 158, 169, 173, 199, 209, 222, 227232, 250, 266, 272, 281, 284, 300301, 311, 323, 325, 327, 350-362, 365, 369-370, 372, 375-376, 378, 380-381, 383-385, 390, 393396, 399-401 og 407.

Ónr. Byggðir Borgarfjarðar IV. b. Ábúendatal 1880-1995. Nafnaskrár I.-IV. b., bls. 298 og 208.

Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1954, e. Harald Sigurðsson. Borgarfjarðarsýsla norðan Skarðsheiðar, bls. 96-97.

Ónr. Árbók Ferðafélags Íslands 1997, e. Guðrúnu Á. Grímsdóttur og Árna Björnsson. Í fjallhögum milli Mýra og Dala, bls. 27 og 32.

Ónr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 4. b., bls. 18, 274, 230-231, 258-265, 270, 277-292, 299-312, 315-335, 337-343, 345-349, 351-420, 422-423, 428-429 og 456-461.

Ónr. Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, e. Guðrúnu Á. Grímsdóttur og Björk Ingimundardóttur 2005. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur, bls. 50-51, 68-69, 90-91, 114-115, 128-129, 142-143, 148-149, 212-213, 238-239, 256-257, 270-271, 288-289 og 294-295.

Ónr. Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855, Einar G. Pétursson sá um útgáfu 2003. Dalasýsla, bls. 36-37.

Ónr. Langavatnsdalur og byggðin þar e. Þorstein Þorsteinsson sýslumann. Sérprentun úr Afmælisriti Ólafs Lárussonar prófessors 1955, bls. 195-204.

Ónr. Landskuld af Langavatnsdal e. Jón Helgason, líkl. 1959. Íslenskt mannlíf, bls. 166-198.

Ónr. Um sveitarfélagið Borgarbyggð af heimasíðu sveitarfélagsins, dags. 11.12.2013.

Ónr. Um landsvæði og íbúafjölda í Hvalfjarðarsveit af heimasíðu sveitarfélagsins, dags. 11.12.2013.

### Lagt fram til hliðsjónar af óbyggðanefnd:

Ónr. Vannýtt auðlind á Vesturlandi. Nýsköpunarsjóðsverkefni, september 1999, e. Hrafnhildi Hannesdóttur.

Ónr. Skýrslur í máli 1/2014 hjá óbyggðanefnd (17 bls., skrifaðar upp eftir hljóðupptöku).

Ónr. Í Hítardal. Grein e. Gunnar Finnbogason úr Lesbók Morgunblaðsins, dags. 15.8.1992, bls. 12.

Ónr. Örnefnaskrá Örnefnastofnunar fyrir Afrétti Hraunhrepps. Skráð eftir Lefi Finnbogasyn og skrásett af Hauki Jóhannessyni, dags.31.8.1982. Athugasemdir dags. 20.12.1983.

Ónr. Örnefnaskrá Örnefnastofnunar fyrir Borghreppingaafrétti. Ari Gíslason skráði, ódags.

Ónr. Örnefnaskrá Örnefnastofnunar fyrir Grísatungu. Ari Gíslason skráði, ódags.

### Lagt fram af óbyggðanefnd til upplýsinga fyrir aðila:

Ónr. Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum, dags. 22.9.2011.

Ónr. Yfirlit yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll. nr. 58/1998, með síðari breytingum, dags. 26.2.2013.

Ónr. Umsögn Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings varðandi vörslu jarðabréfa, dags. 3.9.2007, ásamt fyrirspurn Ólafs Björnssonar hrl. um hvort íslensk jarðaskjöl gætu verið varðveitt í erlendum skjalasöfnum, dags. 22.8.2007.

Ónr. Útprentun af tölvupósti Gunnars F. Guðmundssonar sagnfræðings varðandi gagnaöflun óbyggðanefndar. Ritað af tilefni greinar Einars Gunnars Péturssonar í Morgunblaðinu, dags. 5.6.2007: „Um vinnubrögð í þjóðlendumálum.“

Ónr. Efnisyfirlit Björns Teitssonar o.fl. „Heimildaskráning jarða“, fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur.